Google

This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at http://books.google.com/

FRJETTIR FRÁ

1871,

EPTIR

VALDIMAR B
STUD. THEOL.

ÚT GEFNAR

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMEN

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. EINAR

1873.

Δ

PScan 1406.15.2

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

YFIRLIT EFNISINS.

LANDSTJÓRN ..... 1.—21. bls.

MANNFJÖLGUN ..... 21.—24. —

ATVINNUVEGIR ..... 24.—35. —

MENNTUN ..... 35.—40. —

Landstjórn.

Í landstjórnarefnum hafa hvorki miklir nje margbreyttir atburðir orðið á Íslandi næstliðið ár. Eigi að síður hefur þó ýmislegt gjörzt í þeim efnum, er verða má að eigi hafi svo litla þýðingu fyrir land og lýð, þegar fram líða stundir; en með því að fljótt verður yfir að fara og eigi er ráðrúm til að gjöra grein fyrir þýðingu viðburðanna, skal hjer að eins í stuttu og þurru yfirliti getið hins helzta, er að þessu lýtur.

Þá er fyrst að segja frá **alþingi**, er haldið var næstliðið sumar; það var hið þrettánda í tölunni. Konungur kvaddi stiptamtmann Hilmar Finsen fyrir fulltrúa sinn á þinginu, en hann kvaddi aptur yfirdómara Magnús Stephensen til aðstoðar sjer. Konungsfulltrúi setti þingið í Reykjavík laugardaginn 1. dag júlímánaðar; þá voru aðalþingmenn komnir úr flestum kjördæmum; úr Húnavatnssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu komu varaþingmennirnir, en úr Norðurmúlasýslu kom hvorugur þingmannanna. Þingmaður Ísfirðinga, riddari Jón Sigurðsson, var kjörinn forseti þingsins, en hinn fimmti konungkjörni þingmaður, biskup Pjetur Pjetursson, varaforseti. Konungsfulltrúi afhenti þá forseta auglýsingu konungs til þingsins (dagsetta 22. maí 1871) um árangurinn af tillögum alþingis 1869; er það nóg að geta þess hjer, að fáar af tillögum þess höfðu verið teknar til greina af ýmsum ástæðum. Síðan afhenti konungsfulltrúi forseta lagaboð þau, er út höfðu verið gefin síðan um þinglok 1869, og verður þeirra, er út komu næstliðið ár, síðar getið. Enn fremur lagði hann fram 12 konungleg lagafrumvörp, er ræða skyldi á þessu þingi, og eitt konunglegt álitsmál (um lögleiðslu danskra lagaboða, er út höfðu komið á árunum 1869—70). Frumvörpin voru þau, er nú skal greina:

1, frumvarp til stjórnarskrár um hin sjerstaklegu málefni Íslands;
2, frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi;
3, frumvarp til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík;

4, frumvarp til tilskipunar um póstmál;
5, frumvarp til tilskipunar um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum;
6, frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna;
7, frumvarp til tilskipunar, sem hefur inni að halda nokkrar breytingar á tilskipun 13. júní 1787;
8, frumvarp til tilskipunar um síldarveiði með nót;
9, frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi;
10, frumvarp til tilskipunar um búnaðarskóla á Íslandi;
11, frumvarp til opins brjefs um kennslu heyrnar- og málleysingja;
12, frumvarp til opins brjefs um eptirlaun annars yfirdómara og dómskrifara í Íslands konunglega landsyfirrjetti, Benedikts Sveinssonar.

Í annan stað voru og úr ýmsum hjeruðum landsins komnar til þingsins margar bœnarskrár og tillögur; lutu margar þeirra að stjórnarskipun Íslands, sumar að sveitastjórn, sumar að póstmálefnum, sumar að spítalagjaldi og öðrum þeim málum, er hin konunglegu frumvörp voru um, en sumar voru annars efnis. Hjer þykir eigi þörf að geta annara en þeirra, er þingið tók til greina, og verður það gjört síðar.

Í þau 12 mál, er hin konunglegu frumvörp voru um, voru nefndir kosnar, en hið konunglega álitsmál var fellt frá nefnd. Nokkrum af bœnarskrám þjóðarinnar var vísað til nefnda þeirra, er settar höfðu verið til að ræða hin konunglegu frumvörp um sömu efni; í nokkrar þeirra voru kosnar sjerstakar nefndir; nokkrar voru felldar frá nefnd; einni var vísað forsetaveginn til stjórnarinnar og einni forsetaveginn til stiptamtmanns. Þingið tók aptur eitt innanþingsmál til meðferðar, þjóðhátíðarmálið, er síðar verður getið. Það voru alls 23 mál, er þingið setti nefndir í og tók til meðferðar; skal hjer stuttlega farið yfir þau með vísbendingu um efni þeirra í fám orðum; en með því að efni málanna er svo margbreytt og svo ósamkynja, er eigi unnt að raða þeim skipulega eptir efni.

1. Landstjórnarmálið. Konungur gat þess í auglýsingu sinni til þingsins, að hann hefði eigi sjeð sjer fært að taka tillögur alþingis 1869 um stjórnarmálið til greina, en þar á mót hefði sjer þótt brýn nauðsyn bera til þess að koma föstu skipulagi á stjórnarstöðu Íslands, og því hefði hann látið leggja

frumvarp um það mál fyrir ríkisþingið og síðan gjört það að lögum, er samþykki þess var fengið (stjórnarstöðulögin 2. jan. 1871); en hins vegar hefði hann eigi viljað gjöra frumvarp sitt til alþingis 1869 um stjórnarskráma eða hin sjerstöku mál Íslands að lögum gegn ósk þingsins, og því hefði hann með tilliti til þess að stjórnarstöðulögin voru út komin látið semja nýtt frumvarp til stjórnarskrár um hin sjerstöku mál til að leggja fyrir það þing, er nú fœri í hönd. Í frumvarpi þessu, er nú var lagt fyrir þingið, var svo ákveðið, að konungur skyldi hafa hið œðsta vald yfir hinum sjerstöku málum Íslands, og láta hlutaðeigandi ráðgjafa framkvæma það, en að hið œðsta vald innanlands skyldi á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipaði og sem skyldi hafa aðsetur sitt á Íslandi; ábyrgð ráðgjafans skyldi nákvæmar ákveðin með lögum (2. og 3. gr.). Enn fremur var þar ákveðið, að föst fjárhagsáætlun skyldi ákveðin með lögum (24. og 25. gr.). Svo var og enn ákveðið, að stjórnin gæti veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja (34. gr.). Þessi atriði úr frumvarpinu eru hjer sjerstaklega tekin fram, með því að það voru þau, er mestur ágreiningurinn varð um á þinginu.

Úr ýmsum kjördœmum landsins voru og komnar til þingsins 16 bœnarskrár, er höfðu verið samdar og undirskrifaðar á hjeraðafundum, er haldnir höfðu verið víðsvegar um land áður en þing byrjaði; fáar þeirra voru um stjórnarskipunina sjálfa eða fyrirkomulag hinnar œðstu stjórnar, en þar á mót höfðu flestar þeirra að niðurlagsatriðum áskoranir um, að þingið mótmælti stjórnarstöðulögunum 2. jan., krefðist þess, að hið fasta árgjald úr ríkissjóði Dana yrði 60000 rd., og beiddist þess, að málið um stöðu Íslands í ríkinu yrði lagt fyrir sjerstakt fulltrúaþing á Íslandi með fullu samþykktaratkvæði.

Þingið setti 9 manna nefnd til að athuga bæði frumvarp konungs og bœnarskrár þjóðarinnar. En hjer kom þegar ágreiningur fram og skiptist nefndin í tvo hluti. Meiri hluti nefndarinnar fann það að frumvarpinu til stjórnarskrárinnar 1, að hin œðsta framkvæmdarstjórn hinna sjerstöku mála Íslands væri látin vera í fjarska frá þinginu, því að löggjafarvald og fjárforræði þingsins gæti eigi komið að sönnum notum nema með rólegri samvinnu þings og stjórnar; 2, að

hin œðsta framkvæmdarstjórn skuli vera falin á hendur dönskum ráðherra, er sje ókunnugur landshag og þjóðerni Íslendinga, þ v í a ð þá sje hætt við, að stjórn og löggjöf verði bæði óhaganleg og óþjóðleg; 3, a ð landshöfðinginn á Íslandi skuli standa beinlínis undir hinum danska ráðherra með ábyrgð fyrir honum einum, þ v í a ð með því verði landshöfðinginn eigi að sönnum notum fyrir Ísland, er hann sje að eins þjónn hins danska ráðherra; 4, a ð þessi hinn danski ráðherra skuli hafa ábyrgð gjörða sinna eingöngu fyrir ríkisþingi Dana, þ v í a ð engin trygging sje fyrir því, að landstjórnin á Íslandi verði eigi gjörræði, nema hún hafi fulla ábyrgð eingöngu fyrir íslenzku þingi; 5, a ð ákveðin skuli vera föst fjárhagsáætlun, þ v í a ð með því sje skertur fjárveizlurjettur alþingis og hendur þess bundnar í fjárráðum; 6, a ð öðrum manni megi veita umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja, þ v í a ð það hlyti að draga úr áhrifum þeim, sem návist landshöfðingja ætti að hafa á þingið; 7, a ð e i g i sje gjört ráð fyrir erindisreka af Íslands hálfu við hönd konungi, þ v í a ð annars þurfi landshöfðingi sjálfur ávallt að fara úr landi til að flytja hvert mál fyrir konungi; 8, a ð e i g i sje ákveðið í stjórnarskránni, hver sjeu að minnsta kosti hin helztu sameiginleg málefni Íslands og Danmerkur, þ v í a ð um það geti orðið vafi mikill; 9, a ð e i g i sje áskilinn sjerstakur atkvæðisrjettur handa alþingi um þau gjöld, er kynnu að verða lögð á Ísland til almennra ríkismála, þ v í a ð með því sje skertur rjettur alþingis, ef það fær eigi að ákveða öll gjöld af landinu; 10, a ð e i g i sje nein ákvörðun um það, að konungur megi eigi náða landshöfðingja fyrir brot á stjórnarskránni, nema alþingi samþykki, þ v í a ð ef konungur megi skilyrðislaust náða hann, þá hverfi ábyrgð hans fyrir þinginu; 11, a ð e i g i sje í stjórnarskránni nokkur ákvörðun um landsdóm, er dœmi þau mál, er höfðuð kynnu að verða gegn landshöfðingjanum, þ v í a ð slíkt sje nauðsynlegt, ef ábyrgð eigi að verða komið fram á hendur honum.— Meiri hlutinn kvað einnig upp það álit sitt um s t j ó r n a r s t ö ð u l ö g i n, að þau gætu eigi verið skuldbindandi fyrir Ísland, þar eð þau væru r ö n g a ð f o r m i og ó h a g a n l e g a ð e f n i; það sem hann fann að forminu var það, a ð ríkisþing Dana hafi verið látið hafa algjörðan atkvæðisrjett um tilbúning laganna, þ v í a ð með því hafi verið brotinn atkvæðisrjettur alþingis, er því beri að lög-

um og eptir heitorði konungs; það sem hann fann að efninu var það, 1, að alþingi væri eigi áskilinn atkvæðisrjettur um þau gjöld, er kynnu að verða lögð á Ísland til almennra ríkismála, þ v í a ð með því væri skertur rjettur þingsins; 2, að alþingi væri eigi áskilinn atkvæðisrjettur um það, hvort eitthvert mál sje sameiginlegt eða eigi, þ v í a ð með svofelldum hætti mundi hvert mál verða talið sameiginlegt, sem eigi væri beinlínis talið upp í lögunum sem sjerstaklegt, og þá látið heyra undir ríkisþingið; 3, að eptirlaun þeirra íslenzkra embættismanna, ekkna þeirra og barna, sem hingað til hafi verið goldin úr ríkissjóði, skuli framvegis verða goldin úr hinum íslenzka landssjóði, þ v í a ð ríkissjóðurinn hafi tekið upp á sig skuldbindingu um það, og sje bundinn við hana; 4, að Íslandi sje engin trygging gefin fyrir hinu fasta árgjaldi úr ríkissjóðnum, þ v í a ð ríkisþingið geti breytt þessu, er það vill; 5, að árgjaldið sje of lítið, þ v í a ð bæði eigi Íslendingar heimting á meiru og þurfi meira með; 6, að það skipagjald, er greitt er af póstskipi því, er gengur milli Íslands og Danmerkur, skuli endurgoldið ríkissjóðnum með því að draga árlega jafnmikið fje af árgjaldinu sem gjaldi þessu nemur, þ v í a ð með þessu sjeu brotin lög á Íslendingum (lögin 15. apríl 1854).

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, gjörði meiri hlutinn ýmsar breytingar við frumvarp konungs um stjórnarskrána, einkum að því er snerti framkvæmdarvaldið og stjórnarábyrgðina, og voru helztu breytingarnar fólgnar í því, að í staðinn fyrir ráðherra hjá konungi með ábyrgð fyrir ríkisþinginu, og landshöfðingja á Íslandi með ábyrgð fyrir ráðherranum, setti hann l a n d s t j ó r a á Íslandi með ábyrgð fyrir alþingi, og e r i n d i s r e k a við hönd konungi; en jafnframt ljet hann í ljós, að þetta fyrirkomulag væri eigi hið æskilegasta, heldur hitt, að skipaður væri yfir Ísland k o n u n g l e g u r u m b o ð s m a ð u r, er væri ímynd konungdómsins á Íslandi, hefði öll konungsstörf á hendi og hefði ábyrgð gjörða sinna fyrir konungi einum, en hann tæki sjer aptur ráðherra, einn eða fleiri, sem hefðu ábyrgð stjórnarathafnanna fyrir alþingi; en til þess að fjarlægjast sem minnst frumvarpið gjörði hann þetta að varatillögu sinni, og rjeð þinginu til a ð fallast á frumvarpið með þeim breytingum, er nefndin hafði gjört við það, — og til vara, a ð æskja þess, að yfir landið yrði skipaður konunglegur umboðsmaður (jarl), er sje

búsettur á Íslandi og hafi umboð til að úrskurða og staðfesta öll þau mál, er þyrftu úrskurðar eða staðfestingar konungs. Að því er snerti stjórnarstöðulögin, þá skoraði meiri hluti nefndarinnar einnig á þingið, að mótmæla gildi þeirra eins og þau lægju fyrir, og að áskilja, að málið yrði lagt fyrir sjerstakt þing á Íslandi með fullu samþykktaratkvæði.— Minni hluti nefndarinnar komst að allt annarí niðurstöðu; að því er snerti frumvarpið, þá þótti honum fátt athugavert við það, og rjeð því þinginu að fallast á það með nokkrum smábreytingum, er hann hafði gjört við það; að því er snerti stjórnarstöðulögin, þótti honum þau rjett að formi og haganlegri að efni en það sem er, og fann enga ástæðu til að mótmæla þeim.

Jafnskjótt sem nefndin hafði lagt fram álit sitt, var undið að því að ræða málið á þinginu; fór nú sem jafnan fyrrum, er mál þetta hefur verið rætt á þingi, að mjög ólíkar skoðanir komu fram í mörgum atriðum, og skiptist þingheimur í tvo flokka. Annars vegar voru flestir þjóðkjörnir þingmenn í meiri hluta, og töluðu máli Íslendinga, en hins vegar voru binir konungkjörnu þingmenn í minni hluta, og studdu frumvarp konungs; enn voru og nokkrir þjóðkjörnir þingmenn, er vildu miðla málum og koma sættum á, en höllnðust þó fremur að minni hlutanum, er þeir hugðu, að slíkt mundi fremur draga til samkomulags; en hjer var þess eigi kostur; ágreiningsatriðin voru of mörg og of mikil til þess að slíks væri von, og það því fremur sem hvorirtveggja litu á málið frá gagnstæðu sjónarmiði og leiddu ágreiningsatriði sín af gagnstæðum rökum. Ágreiningsatriðin á þinginu voru því nær hin sömu, sem komið höfðu fram í nefndinni, og ástæður þær, er báðir hlutarnir báru fram fyrir máli sínu, einnig mjög líkar, en hvorttveggja kom nú ef til vill enn skýrara fram í ræðum þingmanna. Hjer er eigi kostur að greina frá umræðunum sjálfum, en verður að eins að geta úrslita þeirra, er mál þetta fjekk að lyktum á þinginu að þessu sinni. Þá er þingið hafði rætt málið á lögboðinn hátt, samdi það álitsskjal sitt um málið til konungs; tók það hjer fram, að hið konunglega frumvarp væri í ýmsum greinum þannig lagað, að þingið gæti eigi gengið að því fyrir hönd þjóðarinnar; benti það jafnframt á hina helztu annmarka, er á því væru, og greindi ástæður sínar fyrir því, að það væru verulegir annmarkar; en með því að annmark-

arnir og ástœðurnar voru því nær hinar sömu, er nefndin hafði bent á, er eigi þörf á að geta þeirra hjer sjerstaklega; en það sem þingið einkum tók fram var það, að ógjörandi væri, að œðsta stjórn landsins væri í fjarska frá landinu og hefði ábyrgð fyrir dönsku þingi; úr þessu kvað það mega bœta á tvennan hátt, annaðhvort með því, að landstjóri sje skipaður á Íslandi, er sje þar búsettur og hafi ábyrgð fyrir alþingi, og erindsreki sje jafnframt skipaður í Kaupmannahöfn, sem í umboði landsstjórans og á hans ábyrgð beri þau mál upp fyrir konungi, er undir hans úrskurð þurfi að koma, eða hins vegar með því, að skipaður sje yfir landið konunglegur umboðsmaður eða jarl, er hafi undir sjer einn eða fleiri ráðherra, sem hafi ábyrgð fyrir alþingi. Þó að þinginu þœtti þetta síðarnefnda fyrirkomulag œskilegast, vildi það eigi gjöra það að aðaltillögu sinni, en kaus heldur hitt, og breytti frumvarpinu samkvæmt því.

Samkvæmt því, sem hjer hefur sagt verið, beiddi þingið (meiri hlutinn) konung þess:

að staðfesta hið breytta frumvarp þingsins (samþykkt með 17 atkvæðum gegn 8),

og til vara:

að, ef hann eigi geti samþykkt þetta frumvarp þingsins, þá að skipa þann mann yfir Ísland, er hafi œðstu stjórn landsins á hendi, og stjórnarherra með lagaábyrgð fyrir alþingi, og setja ákvarðanir um það inn í stjórnarskrána (samþykkt með 16 atkvæðum gegn 9).

Jafnframt ljet þingið (meiri hlutinn) í ljós óánœgju þings og þjóðar með lögin 2. jan. 1871, með þeim ástœðum, er fyr eru greindar, og lýsti því yfir:

1, að það gæti eigi viðurkennt, að lög 2. jan. 1871 sjeu bindandi fyrir Ísland eins og þau nú liggja fyrir (samþ. með 14 atkv. gegn 10).

2, að það taki fyrir Íslands hönd á móti þeim 30000 + 20000 rd., sem eptir lögum 2. jan. 1871 eiga að greiðast úr ríkissjóði Danmerkur í hinn íslenzka landssjóð, en geti þar á mót eigi viðurkennt, að öll skuldaskipti milli ríkissjóðsins og Íslands sjeu þar með á enda kljáð (samþ. með 15 atkv. gegn 9).

3, að jafnframt og þingið geymi þannig Íslandi rjett þess ó-

skertan um framangreind atriði, ráði það til, að um þau verði leitað samkomulags við Íslendinga á sjerstöku þingi hjer á landi, er hafi fullt samþykktaratkvæði fyrir þjóðarinnar hönd (samþ. með 16 atkv. gegn 9).

Minni hluti þingsins kvað einnig upp það álit sitt, að hið konunglega frumvarp til stjórnarskrárinnar byði svo góð boð, að því væri á engan hátt hafnandi, og í annan stað, að hann væri með öllu fráhverfur því að mótmæla lögunum 2. jan. 1871; afsalaði hann sjer allri ábyrgð af því, og kvað það skyldu sína að lýsa yfir, að slíkar skoðanir, er höfðu komið fram hjá meiri hluta þingsins, væru að sínu áliti eigi samkvæmar hugsunum og vilja hinnar íslenzku þjóðar.

2. Sveitarstjórnarmálið. Í frumvarpi konungs um þetta mál er gjört ráð fyrir, að stjórn sveitarmálefna skuli falin á hendur hreppsnefnd í hverjum hrepp, sýslunefnd í hverri sýslu, og einu sameinuðu amtsráði í öllum ömtum landsins; í hreppsnefndinni eiga að vera 3—7 menn, eptir stærðum hreppanna, í sýslunefndinni 5—9, auk sýslumanns og prófasts, og í hinu sameinaða amtsráði 9 menn, það er: allir amtmenn landsins og 6 menn, er alþingi tilnefnir, 2 úr hverju af ömtum landsins; á amtsráðið að koma saman í Reykjavík annaðhvort ár. Þingið kaus nefnd til að ræða frumvarpið, og voru henni jafnframt afhentar til íhugunar 4 bœnarskrár, er lutu að sveitamálum (um sveitarstjórn, um laun hreppstjóra, um gjald til jafnaðarsjóðanna, og um vegalögin). Nefndin ræddi málið á mörgum fundum og rjeð þinginu síðan til að fallast á frumvarpið með nokkrum breytingum, sem hún hafði gjört við það; hin helzta breyting var sú, að nefndinni þótti hentugra að hafa 3 amtsráð en eitt sameinað amtsráð; bœnarskrárnar hafði hún eigi tekið til greina. Þingið ræddi málið á 2 aðalfundum og komst að sömu niðurstöðu og nefndin; í álitsskjali sínu til konungs um frumvarpið bað þingið um að löggilda það með þeim breytingum, er þingið hafði gjört við það.

3. Bœjarstjórnarmálið. Til alþingis 1869 höfðu Reykvíkingar sent bœnarskrá um að fá breyttri bœjarstjórnarreglugjörð sinni í ýmsum atriðum, er einkum lutu að fulltrúakosningum, kosningarrjetti, reikningsárinu, gjalddaga o. s. frv. Þingið hafði þá vísað málinu til stiptamtmanns, og eptir tillög-

um hans var samið frumvarp það, er konungur lagði nú fyrir þingið; var það að mörgu leyti sniðið eptir bœjarstjórnarlögum í Danmörku. Þingið kaus nefnd í málið, og rjeð hún þinginu að fallast á frumvarpið með nokkrum breytingum, er henni þóttu þurfa; þó voru nefndarmenn eigi á eitt sáttir um breytingarnar, en þær eru eigi svo vaxnar, að þörf þyki að geta þeirra hjer. Þingið ræddi síðan málið, og bað konung í álitsskjali sínu um frumvarpið, að hann löggildi það með nokkrum breytingum, er þingið hafði gjört við það.

4. Póstmálið. Í frumvarpinu um mál þetta er gjört ráð fyrir því, að stofnuð verði póstskrifstofa og póstmeistari skipaður í Reykjavík, en mest snertir frumvarpið sendingar með póstum. Þingið setti nefnd til að ræða frumvarpið, og voru henni fengnar 2 bœnarskrár um póstgöngur. Nefndin fjellst að mestu leyti á frumvarpið; og er þingið hafði rœtt málið, komst það að sömu niðurstöðu, og bað konung í álitsskjali sínu, að lögleiða frumvarpið með nokkrum smábreytingum, er þingið hafði gjört við það.

4. Brennivínstollsmálið. Tollálögur þær á vínföng, er frumvarp konungs um málið fer fram á, eiga að miða til þess að sporna við nautn áfengra drykkja, en einkum til þess að auka tekjur landsins. Í frumvarpinu er ákveðið, að 8 sk. gjald skuli leggja á hvern pott brennivíns og annars víns, er flyzt á tunnum, og jafnmikið á hverja 3 pela þess víns, er flyzt á flöskum eða brúsum. Þingið kaus nefnd í málið. Nefndin rjeð þinginu að biðja konung um að löggilda frumvarpið með nokkrum smábreytingum, og meiri hluti nefndarinnar lagði það jafnframt til, að frumvarpið yrði eigi að lögum, fyr en þingið hefði ráð á að verja gjaldinu. Þinginu þótti ísjárvert að fallast á tillögu eins þingmanns, er fór fram á það að vísa málinu frá, þar sem hjer var um það að rœða að bœta hag landssjóðsins, jafnvel þótt það hins vegar hefði eigi sjálft ráð á að verja gjaldinu að svo komnu; það fjellst því á tillögur nefndarinnar og gjörði það að niðurlagsatriði í álitsskjali sínu til konungs, að hann lögleiddi frumvarpið, en þó eigi fyr en þingið hefði fengið löggjafarvald og fjárforræði.

6. Spítalagjaldsmálið. Í frumvarpi því, er konungur lagði nú fyrir þingið um þetta mál, er tillagan um gjald-

ið sú, að a) af hverju tólfræðu hundraði af fiski, sem hertur er eða verkaður sem saltfiskur, skuli goldin 1/2 alin, b) af hverri tunnu af söltuðum fiski 1/2 alin, c) af hverri tunnu af lýsi, af hákarli eða öðrum fiski, sem eigi er gjaldskyldur eptir staflið a og b, skuli goldin ein alin. Nefnd sú, er kosin var til að ræða frumvarpið, hafði einnig fengið til íhugunar nokkrar bœnarskrár um málið, er fóru í líka stefnu og frumvarpið. Nefndin hjelt sjer við aðalstefnu frumvarpsins, en varð ásátt um ýmsar breytingar. Þingið ræddi síðan málið á lögskipaðan hátt. Þótt sú skoðun lýsti sjer hjá sumum þingmönnum, að eðlilegra og hagkvæmara væri að leggja gjaldið á fremur eptir stœrð skipanna en eptir aflaupphæðinni, þá áleit þingið þó eigi ástœðu til að raska gjaldstofninum, og beiddist því í álitsskjali sínu til konungs um málið, að frumvarpið yrði gjört að lögum með ýmsum smábreytingum þingsins.

7. Fiskiveiðamálið eða málið um breytingu á tilskipun 13. Júní 1787 (um fiskiveiðar erlendra). Nefnd sú, er þingið setti í málið, rjeð til að aðhyllast frumvarpið, nema 1. grein þess, þar sem hún gæfi enga tryggingu fyrir því að Íslendingum yrði borgið við ágangi erlendra fiskimanna fremur en er. Þingið komst að sömu niðurstöðu, og bað þess í álitsskjali sínu til konungs, að hann löggilti frumvarpið, þó svo að 1. grein væri felld úr og breytingar þingsins að öðru leyti teknar til greina.

8. Síldarveiðamálið eða málið um síldarveiði með nót. Nefndin, sem sett var í málið, rjeð þinginu að gjöra ýmsar smábreytingar við frumvarpið, en aðhyllast það í heild sinni. Þingið gjörði svo, og bað konung síðan í álitsskjali sínu, að gjöra frumvarpið að lögum með nokkrum smábreytingum þingsins.

9. Laxveiðamálið. Nefnd sú, er sett var til að ræða frumvarpið, fjekk einnig brjef um málið til íhugunar. Í frumvarpinu er meðal annars ákveðið, að eigi megi veiða lax frá 1. sept. til 20. maí, og á öðrum tíma árs eigi rúman sólarhring um hverja helgi. Nefndin fjellst á frumvarpið í heild sinni, en gjörði að eins nokkrar smábreytingar. Þingið gjörði á sömu leið, og bað konung um, að lögleiða það með breytingum þingsins.

10. Búnaðarskólamálið. Í frumvarpinu er ákveð-

ið, að stofna skuli búnaðarskóla í hverju amti, og skuli kostnaðinn við þá greiða með því, að jafna niður á allar jarðir í hverju amti 1½ skilding á hvert jarðarhundrað. Nefndin, sem kosin var í málið, rjeð þinginu að fallast á frumvarpið því nær óbreytt. Þingið gjörði svo og bað um, að lögleiða það að eins með nokkrum orðabreytingum.

11. Ómálakennslumálið eða málið um kennslu heyrnar- og málleysingja. Í frumvarpinu var foreldrum heyrnar- og málausra gjört að skyldu að annast um uppfóstur þeirra og kennslu, og ef foreldrarnir gætu eigi borgað, þá skyldi borga kostnaðinn úr jafnaðarsjóðunum. Nefnd sú, er þingið kaus til að ræða frumvarpið, breytti því nokkuð og jók það, og rjeð þinginu að aðhyllast það svo vaxið. Sömuleiðis hafði nefndin til meðferðar bœnarskrá frá formanni nefndarinnar, Páli presti Pálssyni, er fór þess á leit, að honum yrðu veitt laun sem kennara í þessari grein; nefndin mælti með því að honum yrðu veittir 200 rd. árlega úr landssjóði, með því skilyrði, að hann hagaði sjer í kennslunni eptir reglugjörð stiptsyfirvaldanna og kenndi einhverjum öðrum aðferðina á sinn kostnað. Þingið tók eigi að þessu sinni atriði bœnarskrárinnar til greina, en fjellst á frumvarpið og beiddist þess, að það yrði löggilt með nokkrum breytingum þingsins.

12. Eptirlaunamál Benedikts Sveinssonar. Í frumvarpinu var ákveðið, að yfirdómara Benedikt Sveinssyni, er hafði verið vikið frá embætti, skyldu goldnir 450 rd. úr hinum íslenzka landssjóði. Þegar nefndin, er fjekk frumvarpið til meðferðar, hafði fengið sjer ýmsar skýrslur og skýrteini um málið og rannsakað það, rjeð hún þinginu frá að fallast á frumvarpið, en lagði það til, að málið yrði lagt undir úrskurð dómstólanna, og Benedikt yrðu veitt eptirlaun eptir eptirlaunalögunum. Þingið komst að sömu niðurstöðu í álitsskjali sínu til konungs um málið.

13. Eptirlaunamál Havsteins. Þingmaður Eyfirðinga bar upp fyrir þingið bœnarskrá um ríflun á eptirlaunum Havsteins amtmanns, er hafði verið leystur frá embætti sínu með konungsúrskurði 15. sept. 1870. Úr öllum sýslum norður- og austuramtsins komu bœnarskrár um sama efni, og enn fremur bœnarskrá frá Havstein sjálfum, þar sem hann bað um full

embættislaun frá 1. nóv. 1870 til 6. júní 1871. Þingið kaus nefnd í málið, og rjeð hún þinginu að biðja um, að eptirlaun Havsteins yrðu ákveðin í rjettri tiltölu við laun hans 5 seinustu árin. Þingið fjellst á þetta, og stýlaði niðurlagsatriði bœnarskrár sinnar um málið samkvœmt því.

14. Fjárhagsáætlunarmálið. Stjórnin ljet eigi leggja fjárhagsáætlun Íslands fyrir alþingi, og var hún eigi lögð fram, fyr en þingið skoraði á konungsfulltrúa um það. Sú tillaga kom þá til þingsins frá 3 þingmönnum, er fór fram á það, að þingið kysi menn til þess að rannsaka fjárhagsáætlunina og gjöra athugasemdir sínar um fjárhagsmálið og reikninga landsins um 2 næstkomandi fjárhagsár. Þingið kaus nefnd eins og til var mælzt. Þá er hún hafði fengið þau gögn og skýrteini, er unnt var að fá í þessu máli, og rannsakað það vandlega, kvað hún upp álit sitt um það. Hið helzta, er hún fann að fjárhagsáætluninni, var það, að í henni væri ætlazt til, að hinn íslenzki landssjóður greiddi í ríkissjóðinn lestagjald það, er hann hefði tekið við af vörum þeim, er póstskipið flytti, þar sem landi kœmi eigi annað við í þessu efni en póstsendingarnar; rjeð hún því þinginu að biðja konung um leiðrjetting á þeim reikningshalla Íslandi í óhag, er af þessu leiddi; enn fremur rjeð hún að biðja um að endurskoða nákvœmar og leiðrjetta nokkur önnur atriði, er minna varða. Meiri hluti nefndarinnar rjeð enn fremur að biðja konung um að skipa nefnd manna, jafnmörgum Dönum og Íslendingum, til að rannsaka öll reikningaviðskipti beggja þjóðanna, og leggja síðan þá reikninga fyrir alþingi. Þegar þingið hafði rœtt málið, komst það að sömu niðurstöðu og nefndin, og gjörði niðurlagsatriði hennar að niðurlagsatriðum í bœnarskrá þeirri, er það sendi konungi um málið.

15. Jarðasölumálið eða málið um sölu opinberra eigna. Þingmaður Reykvíkinga hafði lagt það til við þingið, að biðja konung um að skipa svo fyrir, að engin sala nje skipti á opinberum eignum megi hjer eptir fram fara nema með ráði alþingis. Nefnd sú, er kosin var í málið, lagði hið sama til; þingið fjellst á það, og gjörði það að niðurlagsatriði í bœnarskrá sinni til konungs um málið, en undanskildi þó kirkjugózin.

16. Örreigagiptingamálið eða málið um breytingu

á tilskipun 30. apríl 1824. Bœnarskráin um þetta mál fór fram á það, að breyta 10. lið í 3. grein tilskipunar þessarar þannig, að prestinum verði gjört að skyldu, að spyrja hjónaefni í votta viðurvist, hvort þau hafi þegið óendurgoldinn sveitarstyrk, og þá að eins þurfi leyfi sveitarstjórnarinnar, ef þau játi því. Nefnd þeirri, er sett var í málið, þótti þetta eigi nóg trygging fyrir prestinn, en lagði þar á mót til, að svaramönnum yrði gjört að skyldu, að bera alla lagaábyrgð af giptingum ásamt prestinum. Þingið ræddi síðan málið, en ritaði enga bœnarskrá um það til konungs, og fjell það svo niður.

17. Stapahafnarmálið. Bœndur í Breiðuvíkurhrepp sendu þinginu bœnarskrá um að biðja um að löggilda Stapahöfn í Snæfellsnessýslu, er fyrrum hafði verið löggildur verzlunarstaður, en nú hafði verið lagður niður um hríð. Nefndin í málinu áleit það varlega gjörandi að fjölga smáverzlunarstöðum á Íslandi, er það dreifði verzlunaraflinu, en þó þóttu henni yfirgnæfandi ástæður mæla með því, að leyfa verzlun á Stapa. Þingið var á sama máli, og ritaði því konungi bœnarskrá um að nema sem fyrst úr gildi opið brjef 28. sept. 1823, er bannaði verzlun á Stapa.

18. Sjómannaskólamálið. Þingmaður Snæfellinga bar þá bœnarskrá upp við þingið, að það færi þess á leit, að stjórnin legði árlega 1000 rd. til styrktar sjómannaskóla á Íslandi, og að kennaranum í reikningi í latínuskólanum og skipstjórnarmanninum á póstskipinu yrði gjört að skyldu að prófa sjómannaefni í Reykjavík og gefa þeim vitnisburð. Nefndin, sem sett var í málið, vildi haga kennslufyrirkomulaginu þannig, að hið danska herskip, er sent er á ári hverju til Íslands, veitti móttöku nokkrum ungum Íslendingum, og að þeir fengju þar tilsögn í sjómannafræði, og yrðu síðan prófaðir í þessari grein, en að þeir, sem stæðust prófið, gætu síðan orðið stýrimenn; til þess að standast kostnað þann, er af þessu leiddi, lagði nefndin enn fremur til, að í hinni árlegu fjárhagsáætlun væri ætlað fje til þessa. Í líka stefnu og bœnarskráin og nefndin fór þingið í bœnarskrá sinni til konungs um málið.

19. Lagaskólamálið. Bœnarskrá hafði komið frá 2 þingmönnum um stofnun lagaskóla. Þingið tók hana til greina og setti nefnd í málið. Nefndin rjeð þinginu að biðja konung

um að stofna sem fyrst lagaskóla á Íslandi, en á meðan það eigi gæti komizt á, þá að skylda yfirdómendurna í yfirdómi landsins til að halda fyrirlestra fyrir lögfræðingaefnum í landslögunum, og prófa þá í þeim, er þess æskja. Þingið fjellst á þetta, og fór þess á leit í bœnarskrá sinni til konungs um málið.

20. Læknaskólamálið. Þingmaður Barðstrendinga bar fyrir þingið bœnarskrá um stofnun læknaskóla. Nefnd var sett í málið, og ljet hún í ljós það álit sitt, að brýnasta nauðsyn bæri til að koma læknaskipuninni í betra horf og fjölga læknum. Til þess að bœta úr þessu rjeð hún þinginu að biðja konung um að stofna sem fyrst læknaskóla í Reykjavík með 3 kennurum. Þetta mál varð aldrei rœtt til fullnustu á þinginu.

21. Thorchilliisjóðsmálið. Til þingsins kom bœnarskrá úr Gullbringusýslu þess efnis, að biðja um að verja nokkru af hinum svokallaða Thorchilliisjóði (gjöf skólastjóra Jóns Þorkelssonar, er dó 1759, fátœkum börnum í Kjalarnesþingi til menningar) til að styrkja fyrirhugaðan barnaskóla á Hvaleyri. Nefnd sú, er fjekk málið til meðferðar, rjeð þinginu að biðja um, að af vöxtum sjóðsins verði varið til skóla þessa fje því, sem að rjettri tiltölu ber þeim hreppum, er nota skólann. Þetta mál var alrœtt á á þinginu, en síðan var því vísað forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna.

22. Forngripasafnsmálið. Umsjónarmenn hins íslenzka forngripasafns rituðu bœnarskrá til þingsins um að útvega safninu 300 rd. styrk af fje því, er ætlað er til óvissra útgjalda Íslands á yfirstandandi fjárhagsári. Nefndin, er málið var fengið til álita, rjeð þinginu að biðja konung um að leyfa, að fyrir 2 næstu fjárhagsár mætti af fjenu til óvissra útgjalda verja 200 rd. um hvort árið fyrir sig. Þingið fjellst á þetta, og ritaði um það bœnarskrá til konungs.

23. Þjóðhátíðarmálið. Þjóðhátíðarnefndin sendi forseta þingsins brjef og skýrslu um árangurinn af starfa sínum síðan á síðasta þingi; gjörði hún grein fyrir því, að hún hefði skorað á alla hina þjóðkjörnu þingmenn að safna samskotum og senda sjer síðan skýrslu um, hvað þeim hefði orðið ágengt, en að hún ekkert svar hefði fengið frá sumum þingmönnum, og örlitlar gjafir; þar sem nú mál þetta var þannig vaxið, þá þótti nefndinni svo mikið áhugaleysi hafa lýst sjer hjá landsmönnum

í þessu máleíni, að efasamt væri, hvort haldandi væri lengra út í málið, en þó skaut hún því til ákvörðunar þingsins; nefndin skýrði enn fremur frá, að gjafir þær, er greiddar væru og heitnar, næmu til samans eigi fullum 1600 rd., og þó að safna kynni mega nokkrum hundruðum ríkisdala í viðbót, þá mundi fjeð alls eigi hrökkva til þess, að fullnægja ákvörðun þingsins 1867, að byggja alþingishús úr steini. Forseti lagði skýrslu þessa fyrir þingið, er kaus nefnd til að íhuga málið. Þingnefndin lagði það til, að skora á þá menn, er staðið höfðu fyrir samskotunum, að halda áfram starfa sínum og geyma það næsta alþingi (1873), að ákvarða, hvernig fje því skuli verja, er innheimtist. Þingið fjellst á tillögur nefndarinnar, og varð það niðurstaða þessa máls að því sinni. Þess má geta, að af tillögum þeim, er komu fram um það, hvernig fjenu skyldi verja, hneigðust þingmenn helzt að þeirri tillögu, er fór fram á, að verja fjenu til að semja sögu Íslands.

Þegar litið er yfir þau mál er þingið hafði til meðferðar að þessu sinni, þá getur það eigi dulizt, að flest þeirra eru harðla þýðingarmikil; sum þeirra lúta að því að bæta skipun á stjórn landsins, bæði í heild sinni og í sjerstökum greinum, sum að því að auka og tryggja tekjur landsins, sum að því að efla atvinnuvegina og sum að almennri þjóðmenningu og öðru því, er landi og lýð má verða til þrifa og framfara. Öllum þessum málum gat þingið eigi lokið á hinum lögákveðna tíma, og lengdi konungsfulltrúi því þingið um 3 vikur. Þinginu var slitið 22. ágúst, og hafði það þá staðið rúmar 7 vikur. Allur kostnaðurinn við þingið var hjer um bil 11200 rd.

Lög og l a g a b o ð handa Íslandi komu mjög fá út næstliðið ár, og eru þau fljótt talin:

1, Lög um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, dagsett 2. janúar. Gildi laga þessara fyrir Ísland eins og þau nú liggja fyrir hefur alþingi neitað fyrir hönd þjóðarinnar, svo sem fyr er sagt.

2, Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., dagsett 4. dag marzmánaðar. Í tilskipun þessari er boðið að byggja hegningarhús í Reykjavik, til þess að úttaka vinnuhegningar, og 7 fangelsi í landinu, til þess að framkvæma fangelsishegningar, samkvæmt hegningarlögunum 25. júní

1869, en meðan fje er eigi fengið til að byggja hús þessi, skal fylgja hinum eldri hegningarlögum í því efni.

3, Tilskipun, er hefur inni að halda viðauka við tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, dagsett 4. dag marzmánaðar.

4, Tilskipun til bráðabirgða um eptirlaun handa yfirdómara Benedikt Sveinssyni, sem vikið hefur verið frá embætti, dagsett 1. dag aprílmánaðar.

Enn fremur má geta um:

1, auglýsing lögstjórnarinnar um áætlun um tekjur og útgjöld Íslands frá 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, dagsetta 4. dag marzmánaðar, og byggða á konungsúrskurði, dagsettum sama dag, — og

2, auglýsing póstmálastjórnarinnar um að ákvörðun tilskipunar 28. marz 1871, um sendingar með póstum, verði beitt á Íslandi 1871, dagsetta 11. dag aprílmánaðar.

Um **dóma** og dómsmál á Íslandi er fátt að segja. Málaferli eru þar eigi mikil. Glæpir eru þar sjaldgæfir og sakamál því örfá; brot á móti lögreglu eru þar alltíð, en örðugt að gæta hennar, svo að lögreglumál eru þar því nær engin; deilur manna á meðal eru í meira lagi, en með því að mjög er kostnaðarsamt að reka rjettar síns, þá koma eigi mörg prívatmál til dóms og laga. Í hinum íslenzka landsyfirrjetti voru næstliðið ár dæmd 42 mál; af þeim voru 26 prívatmál, en 16 sakamál og lögreglumál.

Af málum þeim, er dæmd voru í yfirrjetti, má geta tveggja, er merkust þykja. Annað þeirra er hið svokallaða laxaveiðamál milli Ágústs Thomsens, kaupmanns í Reykjavík, og Benedikts Sveinssonar, yfirdómara á Elliðavatni. Thomsen á veiði í Elliðaánum og veiddi í þeim með þvergirðingum; Benedikt á land að ánum ofar; hlóð hann flóðgarða til að veita þeim á engi sitt og hepti með því framrás vatnsins, svo að Thomsen þóttu árnar eigi laxgengar; en er vatninu var aptur hleypt fram, varð megin þess svo mikið, að flóði yfir veiðigirðingar Thomsens, svo að lax stökk upp yfir þær; Thomsen þótti veiði sinni spillt og krafðist þess, að Benedikt yrðu bannaðar vatnsveitingarnar. Hins vegar þóttist Benedikt eiga fullan rjett á að nota árnar fyrir sínu landi, bæði til veiða og vatnsveitinga, og þótti

honum sjer rangt gjört, er hann var hvorutveggja sviptur; kvað hann og þvergirðingar Thomsens vera gegn landslögum. Hófu þeir þá mál hvor gegn öðrum; fjell málið á Thomsen fyrir hjeraðsdómi, en á Benedikt fyrir yfirdómi. Hitt málið er þannig vaxið: Sigurður prestur Sivertsen á Útskálum í Rosmhvalaneshrepp gaf konu eina, er var sveitlæg þar í hrepp, saman við mann, er var sveitlægur í Strandarhrepp (Hvalfjarðarstrandarhrepp); konan hafði áður átt börn. Nokkru síðar var hjónum þessum, ásamt börnum konunnar, vísað til sveitar í Strandarhrepp. En með því að hjónaband þetta var talið ólöglegt, þar sem konan hefði þegið sveitarstyrk og eigi endurgoldið hann (sbr. tilskipun 30. apríl 1828), þá lögsótti sveitarstjórnin í Strandarhrepp prestinn á Útskálum og krafðist bóta fyrir öll þau þyngsli, er leitt hefði og leiða mundi af ómögum þessum framvegis fyrir hrepp þeirra. Málið fjell á prestinn bæði fyrir hjeraðsdómi og yfirrjetti, og var hann skyldaður til að greiða fátækrasjóði Strandarhrepps fullar bætur (yfir 700 rd.).

Á **fjárhagsmálum** Íslands hefur sú breyting orðið næstliðið ár með stjórnarstöðulögunum 2. janúar, að fjárhagur Danmerkur og Íslands var sundur skilinn; ríkisþing Dana hefur því eigi lengur afskipti af fjárhag Íslands, svo sem áður var, heldur að eins konungur og yfirstjórn landsins, sem nú er lögstjórnin. Lögstjórnarráðherrann samdi því fjárhagsáætlun handa Íslandi fyrir fjárhagsárið 1871—72, og staðfesti konungur hana með úrskurði 4. marz 1871. Í áætlun þessari er tekjum og útgjöldum landsins þannig jafnað niður, að upphæð hvors um sig verður 92832 rd. 21 sk. Hjer er eigi kostur á að skýra frá sjerstökum tekju- eða útgjaldagreinum í áætluninni. Frá athugasemdum alþingis við áætlunina er áður skýrt stuttlega.

Um opinber gjöld næstliðið ár má geta þess, að alþingistollurinn var, að því leyti sem hann kemur niður á jarðaafgjöldunum, 3 skildingar af hverju ríkisdalsvirði í þeim. Gjald til jafnaðarsjóðanna var af hverju tíundarbæru lausafjárhundraði í suðuramtinu 16 sk., en um gjalgið í vesturamtinu og í norður- og austuramtinu er oss ókunnugt. Hver alin eptir meðalverði allra meðalverða var í

Skaptafellssýslunum . . . . . $21^{5}/_{10}$ sk.,

hinum sýslum suðuramtsins 19⁵/₁₀sk.,
Mýra- Snæfellsness-, Hnappadals- og Dalasýslum 24¼ —,
Barðastrandar-, Stranda- og Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað . . . . . 26½ —,
Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum . . . . . 23 —,
Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyrarkaupstað . . . . . 22¼ —,
Múlasýslum . . . . . 23¼ —.

Af **sveitarmálefnum** Íslands er fátt að segja. Hin miklu sveitarþyngsli, er hafa verið undanfarin ár, hafa fremur vaxið en minnkað næstliðið ár, að því er spurzt hefur; þannig var það allvíða, að bœndur þeir, er eigi tíunduðu nema nokkur hundruð, urðu að gjalda 600—700 fiska í sveitarútsvar; má slíkt að miklu leyti eigna harðindum undanfarinna ára og veikindum þeim, er víða gengu næstliðið ár og gjörðu svo marga óverkfœra, að minnsta kosti í bráð. Beiningaferðir fátœkra förumanna milli hreppa og hjeraða, er víða hafa tíðkazt á Íslandi, hafa þrátt fyrir þetta fremur farið minnkandi, þar eð sveitastjórnirnar hafa gjört sjer far um að stemma stigu fyrir slíku.

Að því er snertir **heilbrigðismál** og læknaskipun má geta þess, að síðan læknasjóðurinn og læknakennsla á Íslandi komst á, hefur læknum verið fjölgað um helming, og laun þeirra hafa verið bœtt; en þrátt fyrir það er þó læknaskipun Íslands hvergi nærri í góðu horfi enn sem komið er. Næstliðið ár hefur ekkert verið gjört til frekari bóta í þeim efnum; engum föstum lækni hefur verið við bœtt, en þar á móti var dönskum skipslækni, er settist að á Austfjörðum, veitt lækningaleyfi. Á spítalann í Reykjavík hafa margir sjúklingar gengið, og hefur hann þótt koma að góðu gagni fyrir þá, er hafa getað notað hann fyrir efnasakir. Af framkvæmdum heilbrigðisnefndanna í norður- og austuramtinu fara fáar sögur. Í aprílmánuði komu nokkrar frakkneskar fiskiskútur með bólusjúka menn til Reykjavíkur; voru skipin þegar sett í sóttvarnarhald, en sjúklingarnir lagðir á spítala í Laugarnesi; þegar í stað varið boðið, að bólusetningar skyldu fara fram um allt land, og var það víða gjört. Mikil varúð var og höfð á því, að hafa engar samgöngur við sjúklingana, svo að bólan eigi breiddist út.

Samt sem áður frjettist það til Frakklands, að bólan væri orðin landföst á Íslandi, og er Frökkum þótti það af sínum völdum orðið, sendu þeir gufuskip til Íslands með 4 lækna, 2 lyfsala og 2 skyndispítala; en er þeir komu, var flestum sjúklingunum batnað og allt um garð gengið. Þess má og geta að því er snertir heilbrigðismál, að stúdentum þeim, er lært hafa læknisfræði í Reykjavík, var gjört að skyldu að sœkja fœðingarhúsið í Kaupmannahöfn að afloknu embættisprófi sínu, og ákveðið að veita hverjum þeirra 300 rd. styrk til þessa. Ný yfirsetukvennafræði var og gefin út á íslenzku. Þess er áður getið, að læknaskólamálið á alþingi varð aldrei fullrœtt. Þingið felldi og bœnarskrá, er fór fram á, að skylda prestaefni til að læra nokkuð í læknisfræði.

Á **kirkjumálefnum** hefur mjög lítil hreifing eða breyting orðið næstliðið ár. Hin árlega prestastefna eða synodus var haldin í Reykjavík 4. júní, og voru 30 prestar á fundinum; þar var fje nokkru skipt meðal uppgjafapresta og prestaekkna. Geta skal þess, að hin endurskoðaða sálmabók, er með brjefi kirkjustjórnarinnar 28. apríl 1869 var leyft að hafa við guðsþjónustuna á Íslandi, var nú fullprentuð næstliðið ár og víða upp tekin. Sumstaðar hefur lýst sjer mikil óánœgja með bók þessa, en flestir hafa þó kannazt við, að hún fullnœgði þörfum safnaðanna betur en hin eldri sálmabók.

Á **embættaskipun** hefur sú breyting orðið á, er nú skal greina:

Amtmannsembættið í norður- og austuramtinu var veitt 13. apríl Kristjáni Kristjánssyni (Christianson) sýslumanni í Húnavatnssýslu og jústizráði.

Annars yfirdómara- og dómskrifaraembættið í landsyfirrjettinum var veitt 13. apríl Magnúsi Stephensen, kandídat í lögfrœði, er áður hafði verið settur til að gegna sama embætti.

Snæfellsnessýsla og Hnappadalssýsla voru sameinaðar og veittar 22. maí Skúla Magnússyni, kandídat í lögfrœði. Borgarfjarðarsýsla var 22. maí veitt Theodor Jónassen, kandídat í lögfrœði. Mýrasýsla var síðan sameinuð við Borgarfjarðarsýslu og veitt 11. okt. hinum sama að auki. Norðurmúlasýsla var veitt 13. apríl Böving, sýslumanni í Borgarfjarðar-

sýslu. Húnavatnssýsla var 24. júlí veitt Bjarna Magnússyni, sýslumanni í Vestmanneyjum. Í Eyjafjarðarsýslu tók Stefán Thorarensen, sýslumaður, aptur við embætti sínu. Í Barðastrandasýslu var Gunnlaugur Blöndal, er fyrrum var þar sýslumaður, aptur settur sýslumaður.

Til prófasts í Dalasýslu var Jón Guttormsson, prestur í Hjarðarholti, kvaddur 17. janúar. Til prófasts í Norður-Þingeyjarsýslu var Gunnar Gunnarsson, prestur á Svalbarði, kvaddur 20. apríl. Til prófasts í Strandasýslu var Sveinbjörn Eyjólfsson, prestur í Árnesi, kvaddur 31. ágúst.

Saurbœjarprestakall og Miklagarðsprestakall í Eyjafjarðarsýslu voru sameinuð algjörlega 28. júní, og sömuleiðis Kvennabrekkuprestakall og Miðdalaþing í Dalasýslu 30. sept. Sameinuð til bráðabirgða voru: Prestbakkaprestakall og Staðarprestakall í Hrútafirði 2. febr., Ásaprestakall í Skaptártungu og Þykkvabœjarklaustur 18. febr., Staðarprestakall í Grindavík og Vogsósaprestakall í Selvogi 28. ág., og Mosfellsprestakall og Miðdalsprestakall í Grímsnesi 27. sept. — Höskuldstaðaprestakall var veitt 22. jan. Jóni Jónssyni, presti að Mosfelli í Grímsnesi og prófasti í Árnessýslu. — Reynistaðarklaustur var veitt 17. febr. Magnúsi Thorlacius, presti í Fagranesi. — Mosfellsprestakall í Grímsnesi var veitt 8. marz prestinum þar aptur. — Höskuldstaðaprestakall var veitt 20. apríl Eggerti Briem, aðstoðarpresti að Hofi í Álptafirði. — Fljótshlíðarþing voru veitt 4. maí Hannesi Stephensen, kandídat í guðfræði. — Melstaðarprestakall var veitt 23. maí Ólafi Pálssyni, dómkirkjupresti í Reykjavík og prófasti í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dannebrogsriddara.— Ögurþing voru veitt 21. júlí Jóni Bjarnasyni, fyrrum presti á Prestbakka. — Staðarprestakall í Grindavík og Vogsósaprestakall í Selvogi voru veitt 28. ágúst Kristjáni Eldjárni Þórarinssyni, kandídat í guðfræði. — Reykjavíkurprestakall var veitt 4. sept. Hallgrími Sveinssyni, kandídat í guðfræði. — Gufudalsprestakall var veitt 11. nóv. Oddi Hallgrímssyni, aðstoðarpresti í Skarðsþingum. — Jónas Hallgrímsson, kandídat í guðfræði, var skipaður aðstoðarprestur í Hólmaprestakalli í Reyðarfirði 29. ág. — Þorvaldur

Jónsson, kandídat í guðfræði, var skipaður aðstoðarprestur í Vatnsfjarðarprestakalli 29. ág.

Kandídatarnir Kristján Eldjárn Þórarinsson, Jónas Hallgrímsson og Þorvaldur Jónsson voru prestvígðir 27. ág., en kandídatarnir Hallgrímur Sveinsson og Hannes Stephensen 8. okt.

Við árslokin voru 2 sýslur óveittar og 28 prestaköll prestalaus, en af þeim voru 13 sameinuð um sinn við önnur prestaköll.

Mannfjölgun.

Mannfjöldi á Íslandi hefur talsvert aukizt hin síðustu ár, en þó virðist fjölguninni eigi miða mikið áfram í samanburði við það, sem víða er annarstaðar, því að ef marka skal hagfræðisskýrslur, deyja þar að tiltölu fleiri en í flestum öðrum siðuðum löndum. Þessu valda hinar miklu sóttir og slysfarir, er að öllum jafnaði eru að tiltölu mannskæðari á Íslandi en víða í öðrum löndum. Bæði sóttir og slysfarir hafa og reynzt þar allskæðar næstliðið ár.

Af **sóttum** þeim, er gengu á Íslandi næstliðið ár, má fyrst nefna barnaveikina; að áliðnum vetri geisaði hún á ýmsum stöðum á norðurlandi, einkum sumstaðar í Þingeyjarsýslu; um sumarið bar víðast minna á henni, en er hausta tók, fór hún að stinga sjer víða niður og fór jafnan vaxandi allt til ársloka. Þá tók og að ganga soghósti; bar fyrst á honum til muna í Reykjavík og þaðan breiddist hann út um allt land; lagðist hann þyngst á börn, einkum þar sem hin vanalega barnaveiki gekk jafnframt; dóu þá flest börn þrevetur og þaðan af yngri í mörgum hjeruðum. — Kvefsóttin var næstliðið ár í minna lagi á Íslandi; þó varð hún allmegn á norðurlandi að áliðnum vetri og framan af sumri og aptur að áliðnu sumri og framan af vetri; lagðist hún þyngst á brjóstveikt fólk og gamalmenni, en þó dóu fáir úr henni af þeim, er aðrar sóttir lögðust

eigi á jafnframt. — Taksótt og lungnabólga var víða samfara kvefsóttinni, og auk þess allvíða annarstaðar; um vorið var hún megnust í norðurlandi, en um haustið og fyrri hluta vetrar gekk hún víða um land; hún lagðist eigi að eins á börn og gamalmenni, heldur og á fólk á öllum aldri, og varð mörgum að bana. — Hálsbólga gekk óvíða, en var ill viðureignar þar sem hún kom. — Taugaveiki nokkur var um vorið og framan af sumri, en fór hægt; í ágústmánuði kom upp illkynjuð taugaveiki í Reykjavík; fór hún mjög geist í fyrstu, en rjenaði, þegar áleið sumarið; um sömu mundir var hún í Austur-Skaptafellssýslu; um haustið og framan af vetri stakk hún sjer niður á ýmsum stöðum, en þó varð hún hvergi megn, nema sumstaðar í Skagafirði; sýki þessi ljek marga þá verst, er voru á bezta aldri, og felldi þá helzt, er hraustastir voru. — Bólgusótt gekk sumstaðar syðra um haustið; hún tók marga, en drap fáa.

Af **slysförum** á Íslandi eru drukknanirnar mannskæðastar; næstliðið ár hafa þær orðið allvíða, einkum í sjó. Skal hjer getið hinna helztu skipskaða: 7 menn drukknuðu við Svalbarðsströnd 10. jan.; 3 menn drukknuðu undir landi í Eyrarsveit 31. jan.; 2 menn drukknuðu undir Dyrhólaey 28. febr.; 12 menn drukknuðu í Bolungarvík 2. marz.; 26 menn drukknuðu undir Dyrhólaey 20 marz.; 4 menn drukknuðu við Kjalarnes 22. marz.; 4 menn drukknuðu í Súgandafirði seint í maí.; 2 menn drukknuðu í Straumfirði í miðjum júlí.; 2 menn drukknuðu í Steingrímsfirði 1. ágúst; 2 menn drukknuðu við Búlandsnes í miðjum ágúst; 2 menn drukknuðu á Breiðafirði 29. desember. Auk þeirra, sem hjer eru taldir, urðu ýmsir fleiri sjódauðir. Þeir sem í sjó fórust næstliðið ár munu hafa verið nær 90. Þeir sem drukknuðu í ám voru 6—10. Af þeim, sem fórust af öðrum slysförum, urðu 5 úti í óveðrum, eða týndust á líkan hátt, 1 fórst í snjóflóði, 3 hröpuðu fyrir björg ofan, 1 var skotinn til bana og 1 særðist til ólífis á ljá. Eptir skýrslum eru það alls 119 menn, er næstliðið ár hafa farizt af slysum á Íslandi. Margir þeirra voru hinir nýtustu og efnilegustu menn, en með því að flestir þeirra voru eigi þjóðkunnir, þá þykir eigi þörf að nafngreina þá hjer fremur en aðra, þótt þeir hafi dáið af slysum.

Afleiðingarnar af sóttunum og slysförunum hafa verið næsta hörmulegar. Sóttirnar hafa eigi að eins orðið mörgum að bana, heldur og einnig lagt enn fleiri í rúmið, og gjört þá óverkfæra langa hríð. Enn þá tilfinnanlegri hafa þó ef til vill slysfarirnar orðið, þar sem flestir þeirra, er þannig fórust, voru menn á bezta aldri, og höfðu margir þeirra fjölskyldu að annast, sem lá við vonarvöl, er þeirra missti við. Af þeim 28 mönnum úr Mýrdal og Meðallandi, er drukknuðu við Dyrhólaey næstliðinn vetur, voru þannig 18 bændur og kvæntir menn; ljetu þeir eptir sig ekkjur og fjölda barna í ómegð; sveitir þeirra voru mjög fátækar og gátu lítið liðsinnt þeim, og hefðu hjer orðið hin mestu vandræði, ef ýmsir drenglyndir og rausnarlegir menn í ýmsum áttum hefðu eigi orðið til að veita þeim liðsinni og skjóta saman handa þeim fjegjöfum; fje það, er þeim gafst þannig, var alls 800—900 rd.

Þrátt fyrir hinn mikla manndauða á Íslandi næstliðið ár hefur fólkinu þó fjölgað. Eptir skýrslum hafa á árinu dáið alls 1890 menn (1003 karlkyns en 887 kvennkyns), en fæðzt 2276 menn (1164 karlkyns en 1112 kvennkyns), og eru þá 386 fleiri fæddir en dánir. Þeir, sem hafa flutt sig inn í landið eða úr landinu, eru hvorirtveggja fáir, og mun tala þeirra því nær jafna sig upp. Fólkstalan var í árslok 70417.

Hjer virðist eiga við að geta um **lát nokkurra merkismanna**, er ljetust á Íslandi næstliðið ár. Af embættismönnum landsins ljetust að eins 4 prestar: Hinn fyrsti var Þorsteinn Erlendsson Hjálmarsen, prestur í Hítardal og fyrrum prófastur í Mýraþýslu; hann dó 18. okt., og var þá nálega 77 ára að aldri. Annar var Þorsteinn Einarsson, prestur á Kálfafellsstað; hann dó 22. okt., 62 ára að aldri. Þriðji var Jónas Bjarnarson, prestur á Ríp; hann drukknaði í Hjeraðsvötnunum 3. des., og var þá að eins 31 árs. Fjórði var Benedikt Gudmundson, prestur í Vatnsfirði; hann dó 5. des., 72 ára. Allir voru prestar þessir merkismenn, en einkum þótti mannfjón að sjera Jónasi, er var á bezta aldri og ágætur maður. Erlendis dó einn íslenzkur prestur: Þorgeir Guðmundsson í Nysted á Lálandi, hinn ágætasti maður; hann ljezt 28. jan., 76 ára að aldri. Kammerráð Kristján Skúlason Magnússen,

auðugur höfðingi vestanlands, dó 3. júlí, 70 ára. Stúdent Guðmundur Jónsson í Reykjavík dó 30. ág., 19 ára að aldri; hann var ágætlega gáfaður og vel að sjer. Tveir skólapiltar dóu: Óli Sigfússon Schulesen, 19 ára, 1. jan., og Magnús Þorláksson, 20 ára, 12. ág.; báðir voru þeir hin efnilegustu ungmenni. Meðal merkisbœnda má geta þeirra Einars Stefánssonar, klausturhaldara á Reynistað, er dó undir lok aprílmánaðar, 70 ára, Sigurðar Brynjólfssonar, fyrrum alþingismanns í Múla í Álptafirði, er dó 2. júní, 79 ára, Sturlaugs Einarssonar í Rauðseyjum, er dó 24. júní, 74 ára, Vilhjálms Hákonarsonar í Kirkjuvogi, er dó 20. sept., 59 ára, og Jóhannesar Kristjánssonar, fyrrum á Laxamýri, er dó 2. okt., 78 ára.

Atvinnuvegir.

Með því að atvinnuvegir Íslendinga fara optlega svo mjög eptir því, hvernig viðrar, þá er nauðsynlegt að skýra frá veðuráttufarinu, áður en minnzt er á atvinnuvegina sjálfa. Þegar á allt er litið, var veðuráttufar á Íslandi mjög gott næstliðið ár. Framan af vetrinum 1870—71 var víðast hlýtt veður og fannkoma lítil; hjelzt það hartnær fram að jólum; þá tók drjúgum að snjóa, og voru fannalög komin um allt land í árslok. Þegar eptir nýár tók upp snjó allan á suðurlandi, vesturlandi og um vesturhluta norðurlands, en um austurhluta norðurlands voru frost og fannkomur fram undir lok janúarmánaðar; þó hlánaði stundum dag og dag, og gjörði blota og kaföld; hlupu þá snjóflóð sumstaðar fram á norðurlandi og gjörðu tjón nokkurt á fjenaði manna og heyjum. Fyrri hluta febrúarmánaðar voru góðviðri um allt land; en er líða tók á mánuðinn, fór veðurátta mjög að spillast og gjörði nú um hríð hið óstöðugasta veður, en þó jafnan hart. Þá er kom fram í marzmánuð, harðnaði enn meir og kyngdi niður snjó miklum um allt land, en þó einkum norðanlands; þó tók yfir, er kom fram í miðjan mán-

uðinn; komu þá ákafir norðanstormar með hafróti og brimi og fylgdi þeim fannkoma mikil; gjörði þá stórhríð yfir allt norðurland og austurland; stóð hún í fjóra daga samfleytt (12.—15. marz). Þá er hríðinni ljetti af, sáu menn, að ís allmikill var kominn undir land, og var jaka þegar farið að reka inn á firði; sást nú eigi annað fyrir en hallæri; fjenað allan varð að hafa á gjöf, en hey voru víða farin að minnka; allar bjargir voru bannaðar á sjó, en mörg heimili því nær þrotin að vistum. En nú var batinn í náud; þá er leið á marzmánuð, komu vindar af landi ofan og hröktu ísinn á haf út, og varð hann brátt úr landsýn. Nú tók veður að batna um allt land, snjókomurnar að minnka, stormarnir að stillast, frostin að rjena og sólin að hækka á lopti; þá tók jörð að þiðna og gróa, og fór nú svo fram langa hríð, að sólbráð var um daga, en hœg kœla um nætur. Nú voru úti allar vetrarhörkur sunnanlands og vestan, og fór veður batnandi eptir því sem meir nálgaðist vorið. En norðanlands og austan var ein skorpan eptir. Þá er eptir var ein vika aprílmánaðar, tók veðurátta þar aptur að harðna, og gjörði frost mikil og norðanstorma; rak þá aptur hafís að landi og miklum mun meir en fyr; var sífelld ísbreiða fyrir öllu norðurlandi, allt vestan frá Horni á Hornströndum og austur að Langanesi; horfðist nú mjög óvænlega á, en hjer fór betur en á horfðist, því að ísinn náði eigi landfestu og tók þegar að reka undan landi; í öndverðum maímánuði var hann horfinn að fullu og öllu, og varð hans eigi vart síðar. Nú tók vorið við, og var það eitt hið blíðasta og gróðrarsælasta, er verið hefur á þessari öld. Á skömmum tíma leysti snjó allan úr hlíðum og grasið þaut upp í einni svipan víðsvegar um land; sunnanlands og vestan voru hlýjar vorskúrir og vætur tíðar, en norðanlands og austan voru hœgir þurrkar og sólskin um daga og döggfall um nætur. Alstaðar var hiti mikill, en þó einkum í dölunum norðanlands; seinustu daga í maí og framan af júní var hitinn þar víða allt að 30 stigum (eptir Réaumurs mæli) móti sól um hádegi, en 20 stig í forsœlu, og þegar heitast var, 15 stig undir miðnætti. Um þær mundir er sláttur byrjaði skipti nokkuð um veðuráttu, og tók nú að þorrna upp sunnan- og vestanlands, en aptur að rigna norðan- og austanlands; á suðurlandi var þurrkurinn minnstur í Skaptafellssýslu, en á Norðurlandi voru rigningar minnstar í

Húnavatnssýslu. Í lok ágústmánaðar skipti aptur um veðuráttu; tók nú að rigna sunnanlands og vestan, en þorrna upp aptur norðanlands og austan; í sláttulok var aptur þurrkur um allt land. Í sumarmánuðunum höfðu hitar verið venju fremur, en nú tók smámsaman að kólna, er að haustaði; þó mátti veðurátta heita hin bezta þar til í október; þá tóku að koma hret norðanlands með frosti og snjókomu, en þeim ljetti brátt af aptur og gjörði blíðviðri þar til seint í mánuðinum; þá gjörði enn hörð norðanveður norðanlands með brimróti miklu og fannkomu, og eyddust hagar allir; í nóvember gjörði aptur stillt veður og hæg, og stóðu þau nokkra hríð. Undir árslok tók veðurátta að harðna norðan- og austanlanda, en þar á móti var bezta tíð sunnan- og vestanlands allt til ársloka.

Þá er litið er á atvinnuvegina sjálfa, er fyrst að minnast á **jarðarræktina**; hún er raunar lítil og miðar lítt áfram, en þó er jafnan árlega nokkuð gjört að jarðabótum, svo sem þúfnasljettun, túngirðingum, vatnsveitingum o. s. frv. Af jarðabótum þeim, er gjörðar voru á Íslandi næstliðið ár, hefur vatnsveitingum mest farið fram; að tilhlutun húss- og bústjórnarfjelags suðuramtsins voru fengnir tveir vatnsveitingamenn frá Danmörku, og unnu þeir að vatnsveitingum allvíða, einkum í Borgarfirði, Kjós og Biskupstungum; hafa störf þeirra þótt bera góðan árangur; ýmsir Íslendingar hafa lært af þeim aðferðina og vinna síðan sjálfir að vatnsveitingum sínum.

Helzta uppskera Íslendinga er heyskapurinn. Það hafa sjezt merki þess, að þar sem jarðabœtur hafa verið gjörðar að mun, hefur heyaflinn aukizt stórum; en mest fer þó heyskapurinn eptir því, hvernig viðrar um gróðrartímann og uppskerutímann eða sláttinn. Þess er áður getið, að vorið var mjög gróðursælt, þar eð hvervetna voru hlýindi mikil og skin og skúrir skiptust á. Þegar í miðjum júnímánuði var grasvöxtur því nær hvervetna orðinn meiri en vanalega í miðjum júlímánuði; byrjaði sláttur því víða nær mánuði fyr en vant er; leit nú út fyrir hið bezta heyskaparsumar, en þá komu rigningar norðanlands og austanlands, og gekk mjög illa að þurrka heyið; lágu töður sumstaðar þrjár vikur á túnum og hröktust mjög; sunnanlands og vestanlands var heyþurrkur og hirðing hin bezta framan af slætti, nema í einstöku sveitum. Seinni hluta sumarsins eða á engjaslætti

gekk heyþurrkur aptur vel á norðurlandi og austurlandi, en illa á suðurlandi og vesturlandi; varð sláttur þar mjög endasleppur í mýrarsveitum, því að gras fór allt í kaf sökum rigninganna, og kom eigi aptur upp að mun, er upp þornaði; í hinum þurrlendari sveitum varð heynýting aptur góð áður en slætti lauk. Heybirgðir voru hvervetna miklar, og þegar á allt er litið, víðast allgóðar; reyndar höfðu töður nokkuð brakizt á norður- og austurlandi, og úthey á suður- og vesturlandi, en flestir voru þó að mestu áncegðir með heyafla sinn.

Kál, rófur og kartöflur sprottu einnig víðast í betra lagi og voru snemma fullþroska, en eigi varð arður af þeim að því skapi meiri én að vanda, sem heyaflinn var meiri. Þar sem sáð hafði verið höfrum og byggi, varð uppskera einnig í betra lagi; en slíkt er svo óvíða, að þess er naumlega getandi. Melurinn eða villikornið í Skaptfellssýslu spratt einnig í bezta lagi.

Þá er að minnast á **fjárræktina**; hún er í rauninni hinn helzti atvinnuvegur landsbúa, en af henni er þó œrið lítið að segja. Að því er snertir sauðfjárrœktina, má geta þess, að skepnuhöld á sauðfjenaði voru víða allgóð næstliðið ár; raunar horfðist eigi vel á með fjenaðarhöld á útmánuðunum, meðan hörkurnar voru sem mestar, en vorið bœtti úr, svo að sauðfje varð alstaðar í allgóðum holdum. Sauðburður gekk í bezta lagi. Fje fór vel úr null um vorið. Málnyta varð góð um sumarið,. þar eð hagar voru vel sprottnir og veður jafnan hlý. Fjárheimtur urðu í lakara lagi, og var þó veður bjart og blítt um göngutímann; fer svo opt, þá er vel gefur, að gangnamenn vanda þá eigi eins leitirnar. Sláturfje reyndist einnig í lakara lagi bæði að holdum og mör, þrátt fyrir það þótt beitarland væri í bezta lagi og veðurlag sömuleiðis; má vera að því hafi valdið þurrkar á afrjettum, því að þegar þurrkasamt er og og fje hefst við á örœfum eða þar, sem eigi næst til vatns, er það á sífelldum hlaupum og nær eigi að fitna. Þó að sauðfjenaðarhöld mœttu kallast góð, þegar á allt er litið, þá hafa þó ýmsar tálmanir orðið á sauðfjárrœktinni sem vandi er til. Sumstaðar var fje bitið af tóu, en þó voru eigi mikil brögð að því, enda hefur sumstaðar verið gjörð gangskör að því að eyða bítnum, bæði með því að skjóta einstakar tóur og vinna

gren þeirra, en einkum með því að eitra fyrir þær. Meiri brögð urðu að tjóni því, er fjársóttirnar unnu. Fjárkláðinn er enn eigi undir lok liðinn, og hefur hans víða orðið vart á hinu gamla kláðasvæði, þótt hann fœri nú eigi jafngeyst sem fyr. Litlar tilraunir hafa verið gjörðar af hálfu yfirvaldanna til að hepta hann, nema að því er boðið var að baða fje í sumum sveitum, og var það gjört í Grindavík; aptur á móti skáru flestir bœndur á Vatnsleysuströnd niður allt fje sitt um haustið. Svæði það, er grunað er um kláða, er því nær öll Gullbringu- og Kjósarsýsla og hjeruðin Grafningur, Ölfus og Selvogur í Árnessýslu. Árnesingar undu því illa, er kláðinn var aptur farinn að breiðast út; á fundum, er þeir hjeldu í desembermánuði, var það samþykkt, að rita stiptamti og heimta vörð settan um allt hið grunaða svæði, en ella að setja vörðinn sjálfir með styrk annara sýslna; enn fremur bundust þeir föstum samtökum um það, að láta enga sauðkind af hendi inn fyrir varðlínuna, fyr en gjöreytt væri öllu fje á hinu grunaða kláðasvæði; leituðu þeir og að fá aðrar sýslur, er vant er að reka fje úr á kláðasvæðið, til að lofa hinu sama, og var vel tekið undir það. Af öðrum sóttum á sauðfje má einkum nefna ormasýki, er víða gekk um vorið, og bráðasóttina, er gekk um haustið og framan af vetri, og varð allskœð víða, einkum norðanlands.

Um nautfjárrœktina er ekkert að segja, því að hún hefur staðið í stað, og hvorki fengið nokkrar bœtur eða nokkurn hnekki næstliðið ár, svo að nokkru muni. Þess eins má geta, að arður af kúm var veturinn 1870—71 í allgóðu lagi á norðurlandi, en lakari á suðurlandi, en þar á móti veturinn 1871—72 í allgóðu lagi á suðurlandi, en lakari á norðurlandi.

Um hesta má þess eins geta, að mikið hefur verið selt af þeim til annara landa næstliðið ár, einkum úr Borgarfirði og af Rangárvöllum, og hefur sumstaðar orðið vandræði úr hestafæð á eptir. Hrossafaraldur gekk á Suðurnesjum í janúarmánuði, en eigi urðu mikil brögð að því.

Æðarvarp var víðast í góðu meðallagi og sumstaðar í bezta lagi, og olli því vorblíðan.

Veiðiskapur er hinn arðsamasti atvinnuvegur á Íslandi, þar sem hann er stundaður og þegar hann heppnast vel, en út af því bregður optlega. Af öllum veiðiskap er fiskiaflinn

(þorsk- og ýsuafli) mest stundaður, en þar næst hákarlsaflinn. Á síðari árum hafa Íslendingar lagt kapp á að bœta skipastól sinn og veiðarfœri, og hefur það borið góðan árangur; allmörgum þiljuskipum hefur og verið komið upp á síðari tímum, einkum við Eyjafjörð, og hafa þau helzt verið höfð til hákarlaveiða. Framförum í sjómennsku hefur einnig nokkuð miðað áfram næstliðið ár. Hið eyfirzka ábyrgðarfjelag hjet 100 rd. gjöf til að koma á sjómannaskóla á norðurlandi, þar er kennd væri sjómannafrœði, siglingalist, seglagjörð o. fl. Skóli þessi var haldinn um veturinn 1870—71 á Haganesi í Fljótum, og kenndi þar sá maður, er Jón Loptsson heitir. Í skólanum voru 9 lærisveinar og voru 8 þeirra útskrifaðir í marzmánuði. Skólinn var aptur haldinn veturinn eptir. Frá afskiptum alþingis af sjómannakennslumálinu er áður sagt.

Fiskiaflinn var, þegar á allt er litið, nokkru minni næstliðið ár en undanfarin ár í flestum veiðistöðvum landsins, og gaf þó optast vel til fiskiróðra, nema framan af vetrarvertíðinni, sakir storma þeirra og óveðra, er um þær mundir gengu nálega yfir allt land. Sunnanlands hafði á haustvertíðinni 1870 aflazt mjög lítið, en þegar um nýár tók að fiskast í hinum syðri veiðistöðvum við Faxaflóa, einkum stútungur og ýsa; hjelzt það við fram að vertíðarkomu; um þær mundir er vertíð byrjaði, gjörði sjóveður ill, og varð nær hvergi róið til fiskjar í langa hríð. Þá er veðrunum ljetti seint í marzmánuði, tók aptur að fiskast allvel í hinum syðri veiðistöðvum, einkum í net, og höfðu þau þó œrið skemmzt víða sakir illviðranna. Þá er leið á vertíðina, fór aflinn vaxandi, og tók þá einnig að fiskast í hinum innri veiðistöðvum í flóanum. Í ofanverðum marzmánuði tók einnig að fiskast austanfjalls, og fiskaðist þar mætavel um hríð, einkum í hinum eystri veiðistöðvum, frá Þorlákshöfn og austur með öllu landi; mestur var aflinn um Loptsstaðasand í Flóa. Undir vertíðarlok tók aflinn hvervetna að þverra sunnanlands. Hlutir á vetrarvertíðinni höfðu víðast orðið þar í meðallagi; raunar voru þeir hvergi nærri jafnir að upphæð sem undanfarandi ár, en fiskurinn var að jafnaði vænni. Framan af vorvertíðinni fiskaðist nokkuð, en mjög lítið þegar á leið, og varð vorvertíðaraflinn í minnsta lagi. Á haustvertíðinni var afli einnig fremur lítill syðra. Undir Jökli var afli í minna lagi allar vertíðir. Við Ísa-

fjarðardjúp var allgóður afli á vetrarvertíðinni, þegar gaf til róðra; á vorvertíðinni var afli þar hinn bezti, en nokkru minni um haustið. Í Hrútafirði og Miðfirði aflaðist mjög vel að áliðnu sumri og fram á haust. Í Eyjafirði fiskaðist mjög lítið framan af árinu og allt fram í aprílmánuð; þá tók þar nokkuð að fiskast, og stóð svo um hríð; en í maímánuði hvarf aptur allur fiskur við selblaup, er kom um þær mundir, og kom eigi aptur fyr en í júlímánuði; þó fiskaðist þar lítið fyr en fyrst í september; þá tók aflinn að aukast og stóð fram á haust, en þverraði þó, er á leið haustið. Á Austfjörðum tók að fiskast í aprílmánuði og fiskaðist þar allvel um vorið og sumarið, en ágætlega um haustið.

Hákarlsafli var næstliðið ár allgóður. Sunnanlands var tveim skipum haldið til hákarlaveiða um vorið, og öfluðu þau allvel. Undir Jökli var og sœmilegur hákarlsafli, þegar róið var. Úr Eyjafirði gengu mörg skip til hákarlaveiða og öfluðu þau mætavel fram í júnímánuð, en nokkuð minna síðan. Á Austfjörðum voru og höfð úti nokkur hákarlaskip um sumarið og öfluðu þau vel.

Síldar- og upsaveiði var víða lítil næstliðið ár; þó varð upsaganga mikil í Hafnarfirði fyrsta dagana í febrúar, og nam það 1600 tunnum, er kom á land á fjórum dögum; úr hverri tunnu fengust hjer um bil 10 merkur lýsis; tunnan var seld á 64 skildinga; sóttu margir feng þennan langt að og varð að því góð björg.

Lax- og silungsveiði var í minna lagi á suðurlandi, en aptur fremur í meira lagi á norðurlandi.

Selafli var víða góður; mestur var hann kringum Eyjafjörð og við Langanes um sumarmál.

Hreindýraveiðar eru því nær hinar einu dýraveiðar á Íslandi, og eru þær þó að minnka; þó voru enn skotin nokkur hreindýr fyrir ofan Hafnarfjörð næstliðinn vetur. Á tóuveiðar er áður minnzt.

Bjargfuglaveiði var á flestum stöðum í minna lagi. Annarar fuglaveiði er eigi getandi.

Reka má einnig geta hjer, þó að þeir sjeu fremur höpp en veiðar eða afli. Hvalrekar urðu nokkrir að áliðnu sumri á Melrakkasljettu, Þistilfirði, Langanesi og í Fjörðum austur;

voru hinir stœrstu hvalirnir 40 álna að lengd. Trjárekar urðu og einnig nokkrir, einkum á Hornströndum vestra og í Skaptafellssýslu og Grindavík syðra. Strandrekar mega einnig teljast með höppum Íslendinga, þó að þá leiði af óhöppum annara; næstliðið ár höfðu Íslendingar þó mjög lítil höpp af óhöppum þessum.

Erlendir aflamenn lágu einnig við strendur Íslands næstliðið ár sem undanfarin ár. Hið frakkneska fiskiveiðafjelag sendi miklu færri skip til Íslands um vorið en vant er að vera; kom það af ófriðnum, er Frakkar höfðu þá átt; sumir skipaeigendurnir höfðu orðið að láta skip sín í herskatt, eða voru svo nauðulega staddir, að þeir gátu eigi búið þau að mönnum eða vistum. Þau skip, er komu, öfluðu vel, og barst eigi mjög á. Hið danska fiskiveiðafjelag, er undanfarin ár hefur haft skip til veiða við strendur Íslands, hafði beðið slíkt tjón á útveg sínum, að því þótti nú mál að hætta; á fundi, er fjelagsmenn hjeldu í febrúar í Kaupmannahöfn, taldist svo til, að tjónið næmi 240000 rd.; var þá fjelagið rofið og skip þess og veiðarfœri seld. Norskir síldarveiðamenn lágu fyrir Austfjörðum um sumarið, en öfluðu lítið. Hollenzkur hvalveiðamaður lá einnig fyrir landi á Austfjörðum; aflaði hann vel, og var í september búinn að fá 12 hvali; seldi hann landsmönnum rengið við góðu verði, en gaf þvestið, og varð það mörgum að björg.

Að því er snertir **námur** á Íslandi, má geta þess, að næstliðið sumar kom til Íslands prófessor einn danskur, Johnstrup að nafni, til að skoða brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu; var hann sendur að ráði lögstjórnarinnar og átti að rannsaka, hve mikill brennisteinn væri í námunum, og láta í ljósi álit sitt um það, hvernig mætti gjöra hann arðsamastan fyrir landið. Johnstrup rannsakaði námurnar vandlega og komst að þeirri niðurstöðu, að Hlíðarnámurnar væru auðugar að góðum brennisteini og gætu orðið mjög arðberandi; Fremri námur (og sömuleiðis Þeystareykjanámur) áleit hann miður arðberandi, en þó vel til vinnandi að yrkja þær; Krýflunámur ætlaði hann að eigi mundi svara kostnaði að yrkja. Johnstrup þótti ráðlegast að selja brennisteinstekjuna á leigu gegn árlegu eptirgjaldi, en þó með þeim skilyrðum, að leigumaður eigi spilli námunum.

Johnstrup skoðaði einnig silfurbergsnámurnar í Helgastaðafjalli í Reyðarfirði, og leizt vel á þær; kvað hann það ráðlegast að selja þær einnig á leigu, en gegn meira árgjaldi og með fastari takmörkunum en áður hefur verið. Kol fundust í jörð á bœ einum í Mýrasýslu næstliðið haust; hafa þau verið höfð til eldsneytis og reynzt vel; að öðru leyti er lítt kunnugt um fund þennan.

Verzlun á Íslandi hefur næstliðið ár gengið nokkuð greiðara en undanfarin ár, og hafa verzlunarfjelög landsbúa átt mikinn þátt í því. Verzlunarfjelög þessi hafa sumpart tekizt á hendur að reka sjálf verzlun sína, en sumpart að eins skuldbundið sig til að verzla við erlend verzlunarfjelög og lausakaupmenn. Af hinum íslenzku verzlunarfjelögum, er sjálf reka verzlun sína, má fyrst nefna Gránufjelagið; af framkvæmdum þess næstliðið ár er það að segja, að kaupstjóri þess, alþingismaður Tryggvi Gunnarsson, fór utan um vorið til að fá vörur; fór hann til Kaupmannahafnar og leitaði þar að fá vörurnar að láni gegn veði í skipi fjelagsins og vöruloforðum Íslendinga; gekk honum í fyrstu mjög ógreiðlega, því að hinir íslenzku kaupmenn í Kaupmannahöfn spöruðu eigi að spilla kaupunum; þó tókst honum að lokum að fá skip fjelagsins alfermt, og kom hann út með það á Akureyri í júnímánuði; gekk honum verzlunin vel og seldi hann mikið af vöru sinni, en fjekk aptur mikla innlenda vöru, er hann sendi skipið aptur með til Kaupmannahafnar um haustið; landsmenn undu vel kaupunum og lánardrottnar fjelagsins skilsemi þess. Þó að fjelagið yrði að gjalda mjög dýra leigu af vörunum, hafði það þó talsverðan ágóða af verzlun sinni. Fjelagið er nú í allmiklum uppgangi, og fjölga fjelagsmenn óðum, en það eru bæði Þingeyingar og Eyfirðingar, og enn fremur nokkrir Skagfirðingar. Fjelagið hefur keypt Oddeyri við Eyjafjörð fyrir verzlunarstað. Annað hið merkasta af þessum verzlunarfjelögum er fjelagsverzlunin við Húnaflóa, er almennt er nefnd Borðeyrarfjelagið; af framkvæmdum þessa fjelags næstliðið ár er það að segja, að kaupstjóri þess, verzlunarmaður Pjetur Eggerz, fór utan um haustið 1870 til Kaupmannahafnar og Björgvinar; tók hann skip á leigu í Björgvin, og fjekk á það vörur að láni hjá hinu íslenzka verzlunarsamlagi, er þar er, gegn veði í húsum þeim, er

fjelagið á á Borðeyri, og vöruloforðum Íslendinga; hann kom út á Borðeyri í júnímánuði, tók þegar til að verzla, og gekk það mjög greiðlega; fór hann aptur utan um sumarið með íslenzkar vörur, og ætlaði að fá vörur að nýju til haustverzlunar; fjekk hann að vísu vörurnar, en eigi skip til að flytja þær, með því að þá var orðið mjög áliðið sumars; að þessu varð nokkur hnekkir fyrir verzlunina, en eigi að síður efldist þó fjelagið mjög, því að auk Húnvetninga, sem eru í fjelaginu og eru sífellt að fjölga, hafa Skagfirðingar einnig gengið í það. Fjelagið hefur keypt tvo verzlunarstaði, Borðeyri við Hrútafjörð og Grafarós við Skagafjörð. Fjelag manna á Ísafirði gjörði einnig tilraun til að reka sjálft verzlun sína og fá vörur, en það heppnaðist eigi að svo komnu. Fjelag manna á Breiðafirði gjörði út skip og sendi til Björgvinar með farm af íslenzkri vöru, og fjekk aptur farm af útlendri vöru til að verzla með á Íslandi; gekk sú verzlun allvel. Fjelag manna í Reykjavík gjörði einnig tilraunir til færandi verzlunar, sem heppnuðust vel. Öll þessi verzlunarsamtök Íslendinga hafa borið góðan árangur, og það svo að forðu gegnir, þegar litið er til hins skamma tíma, er þau hafa staðið enn; þau hafa eigi að eins bætt mjög verðlag á vörum, og aukið þannig beinlínis efnahag landsbúa, heldur einnig rekið þá til framkvæmda og vakið hjá þeim þann fjelagsanda, þor og þrótt, er eigi hefur borið á um margar aldir.

Hið íslenzka verzlunarsamlag í Björgvin hefur haldið uppi verzlun sinni á Íslandi næstliðið ár, og verzlað í Reykjavík, Hafnarfirði og Stykkishólmi; hafa margir menn úr mörgum sveitum sótt verzlanir þessar, og þótt þær vel reynast. Enn fremur sendi fjelag þetta lausakaupmann á Seyðisfjörð til að verzla þar, eptir áskorun Austfirðinga.

Aðalverzlun Íslendinga var enn sem fyrri næstliðið ár mestmegnis við danska kaupmenn; gekk hún hvervetna í greiðara lagi, og voru verzlunarsamtök landsmanna aðalorsökin til þess. Einnig studdi það mjög verzlunina, að siglingar kaupfara gengu vel, þar eð hvorki tálmuðu ísar nje andviðri; að eins þrjú kaupför strönduðu við strendur Íslands næstliðið ár: saltskip í Grindavík 24. sept., saltskip í Vogavík 28. okt. og skip með ýmsar vörur á Grundarfirði 31. okt.; enn fremur strandaði hákarlaskip eitt, er flytja átti kornvöru frá Eski-

firði á Vopnafjörð, 12. marz; af skipum þessum týndist farmurinn að miklu leyti, en menn komust af. Eitt var það enn, er studdi verzluninа, en það var það, að vörumagn landsmanna var í mesta lagi, sökum árgœzkunnar; aptur á mót hnekkti það nokkuð verzlununni, að aðflutningar kaupmanna voru hvergi nærri að því skapi, og sumstaðar ónógir. Verðlag á innlendum og útlendum vörum var víðast í bezta lagi; að því er snertir verðlag á helztu innlendum vörum, þá var meðalverð á þeim hjer um bil á þessa leið: saltfiskur á 26 rd. skippundið, harður fiskur á 30 rd. skippundið, lýsi á 25 rd. tunnan, æðardún á 6 rd. pundið, hvít ull á 44 sk. pundið (Gránufjelagið gaf 50 sk.), mislit ull á 32 sk. pundið, tólg á 18 sk. pundið; að því er snertir verðlag á helztu útlendum vörum, þá var meðalverð á þeim hjer um bil þannig: rúgur á 10 rd. tunnan, baunir á 11 rd. tunnan, bankabygg á 12 rd. tunnan, kaffi á 32 sk. pundið, sykur á 24 sk. pundið, neftóbak á 60 sk. pundið, munntóbak á 80 sk. pundið, brennivín á 18 sk. potturinn. Vöruvöndun þótti víða miður en skyldi bæði af hálfu bœnda og kaupmanna. Vörubirgðir voru nógar af munaðarvöru, en af nauðsynjavöru reyndust þær fremur litlar er á leið haustið, en þó varð eigi mein að því til muna. Peningaekla var allmikil næstliðið ár, en þó eigi jafnmikil sem undanfarin ár. — Þar sem hjer hefur verið talað um verzlun, þá hefur eingöngu verið átt við verzlun Íslendinga við erlendar þjóðir; af innanlandsverzlun og sveitaverzlun er ekkert sögulegt að segja; á henni liggja, enn sem komið er, svo mörg höpt, að hún getur eigi blómgazt að nokkrum mun; það, sem helzt stendur henni fyrir þrifum, eru hinar örðugu og ógreiðu samgöngur, bæði á landi og sjó. Til þess að greiða nokkuð fyrir samgöngunum á landi, hafa enn sem fyrri næstliðið ár verið gjörðar nokkrar vegabœtur; hin helzta vegabót, er þá var gjörð, var viðgjörð á vegi þeim, er liggur úr Reykjavík og austur á Hellisheiði; það er þjóðvegur og tíðfarinn, og var talsvert gagn að þeirri vegabót. Til þess að greiða fyrir samgöngunum á sjó hefur í nokkur ár verið í ráði, að koma á gufuskipsferðum milli hafna á Íslandi, en engin gangskör hefur enn verið gjörð til að framkvæma þetta, með því að fje hefur eigi fengizt til þess; þó setti lögstjórnin næstliðið ár nefnd í

Kaupmannahöfn til að ráðgast um, hvernig ferðum þessum mætti verða komið á og hvernig þeim skyldi hagað, en eigi er enn kunnugt um aðgjörðir nefndar þeirrar.

Iðnaður er svo lítill á Íslandi, að hann getur naumlega talizt sem sjerstök atvinnugrein fyrir landið í heild sinni; honum hefur og mjög lítið miðað áfram næstliðið ár. Tóvinna hefur farið þverrandi. Hannyrðir hafa þar á mót farið í vöxt; það má telja framför í þeirri grein, að margar saumavjelar voru fengnar til landsins, og var farið að nota þær, en slíkt hefur varla verið teljandi áður. Smíðar, húsagjörð og skipagjörð hafa einnig tekið nokkrum framförum, þó að litlar sjeu. Það, sem einkum hnekkir iðnaði landsins, eru ónýt áhöld og verkfæri, en þau fara nú einnig smátt og smátt batnandi.

Menntun.

Frá menntun Íslendinga er fátt að segja; verkleg menntun er þar harðla lítil, og bókleg menntun stendur að minnsta kosti mjög til bóta. Þó að þjóðin sje námfús, þá kaupir hún að tiltölu færri blöð og bækur en flestar aðrar menntaðar þjóðir. Í flestum fræðigreinum vantar enn hentugar og nýtilegar bækur á íslenzkri tungu, og erlendar tungur skilja að tiltölu fáir. Tilraunir þær, er gjörðar hafa verið til að auka og bæta menntun Íslendinga, hafa þó nokkru áorkað, og þótt menntun þeirra enn megi kallast lítil, fer hún þó vaxandi.

Næstliðið ár komu út á Íslandi 4 smáblöð; af þeim voru 2 hálfsmánaðarblöð (Þjóðólfur og Norðanfari) en 2 mánaðarblöð (Gangleri og Tíminn). Nokkrir menntamenn í Reykjavík ætluðu að stofna vikublað, ef þeir fengju nóga kaupendur, en landsmönnum þótti fyrirtækið of stórkostlegt, og þorðu þeir eigi að ráðast í að kaupa það. Í blöðum þeim, er út komu næstliðið ár, voru nokkrar góðar ritgjörðir um ýmisleg efni, en að öllu samtöldu voru þau miður vönduð að efni, því að auk auglýsinga, skýrslna og skyndifrjetta voru þau mestmegnis kritur og langorðar blaðadeilur milli einstakra manna.

Af tímaritum þeim, sem eigi eru í dagblaðasniði, hafa einnig

4 komið út næstliðið ár: 1. Heilbrigðistíðindi, mánaðarrit, (1. árgangur), samin og gefin út af doktor Jóni Hjaltalín; í riti þessu eru ýmsar fróðlegar ritgjörðir, er lúta að heilbrigðisfræði, og sömuleiðis varúðarreglur handa heilum og ráð handa vanheilum. 2, Tímarit, ársrit, (1. árgangur), gefið út af yfirdómara Jóni Pjeturssyni; rit þetta skýrir frá ýmsu í fornum fræðum, fornskjölum, ættartölum, lögum o. s. frv. 3. Nýfjelagsrit, ársrit, (28. árgangur), gefin út af nokkrum Íslendingum í Kaupmannahöfn; í ritum þessum er ritgjörð um stjórnarstöðulögin 2. jan. eptir Jón Sigurðsson; leiðir hann þar mörg söguleg og lagaleg rök að því, að lög þessi geti eigi verið gild á Íslandi, og bendir enn fremur á þá agnúa á þeim, er gjöri þau óhafandi; þar er og enn fremur vel samin ritgjörð um prestakosningar, og nokkur kvæði, flest eptir hið þýzka þjóðskáld Schiller, þýdd af skáldinu Steingrími Thorsteinson. 4, Gefn, ársrit (2. árgangur), samin og gefin út af skáldinu Benedikt Gröndal; þar er meðal annars fróðleg ritgjörð um norðurfarir og ýms kvæði.

Af öðrum bókum, sem út komu á íslenzku næstliðið ár, má helzt telja þessar: 1, Sálmabók til að hafa við guðsþjónustu í kirkjum og heimahúsum (Reykjavík); þessarar bókar er fyr getið. — 2, Hugvekjur til kveldlestra frá páskum til hvítasunnu eptir doktor Pjetur Pjetursson (Kaupmannahöfn); þessar hugvekjur hafa þegar náð allmikilli útbreiðslu eins og hinar fyrri bœkur sama höfundar. — 3, Kennslubók handa yfirsetukonum eptir Levy og Stadfeldt, íslenzkuð af lækni Jónasi Jónassen (Reykjavík); þeirrar bókar er fyr minnzt. — 4. Latnesk lestrarbók handa byrjöndum, eptir skólakennarana Jón Þorkelsson og Gísla Magnússon (Reykjavík); efni hennar þykir vel valið, og vandað orðasafn fylgir henni. — 5, Brjef frá Ameríku, þýdd úr norsku af kandídat Skúla Magnússyni (Reykjavík); brjef þessi eru einkar fróðleg fyrir hvern þann, er vill kynna sjer kosti nýlendumanna í Ameríku. — 6, Um framfarir Íslands eptir bónda Einar Ásmundsson í Nesi (Kaupmannahöfn); rit þetta er gefið út og sœmt verðlaunum af hinu íslenzka bókmenntafjelagi; þykir það og betur samið en flest annað, er hingað til hefur verið ritað um það efni. — 7, Kvæði eptir sýslumann Jón Thoroddsen, gefin út af hinu íslenzka bókmenntafjelagi (Kaupmannahöfn); kvæði þessi eru víða orðin þjóð-

kunn á Íslandi, og þykja þau einkum hafa til síns ágætis, að þau eru þjóðleg, lipur og hnittileg. Auk þessara bóka, sem hjer eru taldar, hafa og verið gefin út á hinu næstliðna ári: alþingistíðindin, hin árlegu tíðindi og skýrslur bókmenntafjelagsins og ýmsar aðrar smáskýrslur og smáritlingar, er minna kveður að. Þegar litið er á bækur þessar og þess gætt, að megin þeirra er nauðsynlegar guðsorðabækur og kennslubækur, þá má furðu gegna, hve lítið bókmenntum Íslendinga miðar áfram. Að vísu bagar margt, svo sem fólksfæðin og fjeleysi landsmanna, og í annan stað örðugar samgöngur og ógreið bókasala, en aðalskerið, sem á strandar, er ef til vill sú ímyndun, sem allvíða ríkir, einkum hjá hinum ómenntuðustu, að þeir sjeu fullnuma og þurfi síst meiri menntunar við.

Í hinu íslenzka bókmenntafjelagi voru alls nálega 700 manna næstliðið ár; fjelagið átti þá nálægt 9650 rd. í vaxtasjóði sínum, og allt að 30000 rd. virði í bókum og uppdráttum og handritasafn að auki.

Af lestrarfjelögunum er lítið að segja; um flest af þeim vantar skýrslu, en svo mikið er víst, að þau fara óðum fækkandi og hnignandi; hafa þau víða verið lögð niður næstliðið ár, og bækur þeirra seldar fyrir lítið verð.

Um bókasöfn vantar einnig allar skýrslur, en að því er kunnugt er, hafa þau þó fremur farið vaxandi en minnkandi næstliðið ár.

Forngripasafnið hefur einnig aukizt um nokkra muni næstliðið ár; safn þetta hefur tekið undrunarverðum framförum á stuttum tíma, einkum fyrir kappsmuni og ötuleik Sigurðar málara Guðmundssonar. Nú á safnið 869 forngripi og marga merkilega; af þeim bættust 44 við árið sem leið. Lítla rækt hafa landsbúar sýnt safninu, því að sumpart hefur þeim eigi skilizt, að fornmenjar væru nokkurs verðar, og glatað þeim vísvitandi, en sumpart hafa þeir selt þær útlendingum; þannig fundust 2 sverð frá fornöld næstliðið ár, annað á Botnsheiði í Borgarfirði, en hitt á Hestfjarðarheiði á Vestfjörðum; úr öðru þeirra voru smíðaðir hjálr, en hitt var selt útlendingum. Mjög er safninu fjevant, en fáir styrkja það með fjegjöfum; næstliðið ár gaf Englendingur einn, að nafni Milican, safninu hálft pund (4—5 rd.), en Íslendingar ekkert.

Það er hvorttveggja að skólamenntun á Íslandi er eigi mikil, enda er einnig eigi mikið af henni að segja. Barnaskólar eru þar því nær engir, og flestum börnum er þar eigi annað kennt en það eitt í kristindómi, sem boðið er með lögum. Nú er í ráði að stofna barnaskóla í ýmsum sjávarsveitum. Af barnaskólum þeim, er haldnir voru næstliðið ár, var barnaskólinn í Reykjavík helztur, og sóttu hann hjer um bil 70 börn.

Alþýðuskólar eru engir á Íslandi; alþýðuskóli sá, er verið var að stofna á Borðeyri, hefur eigi orðið notaður sökum fjeleysis. Flestir alþýðumenn fara þannig á mis við alla menntun, þar sem þá bæði vantar bækur og kennara, og verða að eins að hlíta því, er þeir muna af hinu litla, sem þeir hafa numið í æsku. Þess má geta hjer, að nokkrir menntamenn í Reykjavík (Helgi Hálfdánarson, prestaskólakennari, Jón Þorkelsson, Halldór Guðmundsson og Páll Melsteð, latínuskólakennarar, og Helgi Helgesen, yfirkennari við barnaskólann) hjeldu fyrirlestra um ýmislegt í sögu og náttúrufræði fyrir nokkrum alþýðumönnum í Reykjavík; var það fagurt fyrirtæki, og þóttu þeir leysa það vel af hendi.

Í latínuskólanum í Reykjavík fækkaði lærisveinunum næstliðið ár; í byrjun skólaársins 1870—71 voru lærisveinar 70 að tölu; 2 þeirra dóu, 9 tóku burtfararpróf og 8 fóru úr skóla á annan hátt; aptur komu 14 í skólann á sama tímabili, svo að við árslok 1871 voru lærisveinar að eins 65. Við burtfararprófið fengu 2 fyrstu einkunn, 6 aðra einkunn og 1 þriðju einkunn.

Stúdentar þeir, sem lærðu læknisfræði í Reykjavík, voru í byrjun næstliðins árs 4; af þeim hætti 1, en 2 bættust við, svo að í árslokin voru þeir 5; enginn útskrifaðist þaðan á þessu tímabili.

Á prestaskólanum hafa stúdentar fjölgað næstliðið ár; veturinn 1870—71 voru þeir 11; af þeim tóku 7 próf í heimspeki um vorið, og fengu 5 þeirra fyrstu einkunn, en 2 aðra einkunn; 5 tóku embættispróf um sumarið, og fengu 3 þeirra fyrstu einkunn, en 2 aðra einkunn. 9 bættust um haustið við þá 6, er eptir urðu, og í lok ársins voru þar 15 stúdentar.

Nokkrir íslenzkir stúdentar hafa enn sem fyrri notið kennslu

við háskólann í Kaupmannahöfn næstliðið ár; próf í heimspeki tóku 3, og fengu allir fyrstu einkunn, en embættispróf tók enginn þar á þessu tímabili.

Að því er snertir menntun kvenna á Íslandi, þá er það kunnugt, að hún hefur mjög verið vanrækt fram að síðustu tímum; úr þessu hefur nokkuð verið bætt hin síðustu ár á ýmsan hátt, en að stofna skóla handa kvennfólki hefur eigi þótt tiltökumál; það þótti því nýlunda, er heldri konur nokkrar í Reykjavík sendu næstliðið ár ávarp til landsmanna, er fór þess á leit, að landsmenn skytu saman fje til að koma á kvennaskóla í Reykjavík, þar er kenna mætti ungum stúlkum nauðsynlegustu kvennleg störf, almennustu fræðigreinir og hvers kyns listir og háttprýði; en landsmenn sinntu þessu litlu að svo stöddu.

Næstliðið ár hefur þrifnaður farið vaxandi í ýmsum greinum, og ýmislegt verið gjört, er horfir til híbýlabóta, þó að slíkt sje allt í smáum stýl; til híbýlabóta má það telja, að húsakynni hafa á ýmsum stöðum verið bætt, teknir upp ofnar, olíulampar, klukkur og annað því um líkt, er hingað til hefur verið fátítt á Íslandi; allt slíkt hefur talsverð áhrif til bóta á menntun þjóðlífsins, og má því kalla það framför í menntunarlegu tilliti.

Enn fremur hefur fjelagsskapur allmikið aukizt og farið í vöxt; auk hinna ýmsu fjelaga, sem áður voru stofnuð, hafa enn verið stofnuð nokkur næstliðið ár; sum þeirra snúa sjer að atvinnuvegunum, svo sem búnaðarfjelög og verzlunarfjelög, en sum aptur beinlínis að menntum og íþróttum, svo sem söngfjelög, skotmannafjelög o. s. frv. Um framkvæmdir fjelaga þessara er enn lítt kunnugt, enda eru þau flest ung og óreynd; en fyrir því má gjöra ráð, að í hverja átt sem þau stefna, og hvort sem þau verða í meiri eða minni blóma, þá muni þau þó öll hafa einhver menntandi áhrif á þjóðina, hvert á sinn hátt.

Næstliðið ár hefur og ýmislegt verið gjört, er miðar til skemmtana; en eins og öllu gamni fylgir nokkur alvara, þannig hafa skemmtanir þessar eigi að eins skemmt, heldur og haft ýmisleg lífgandi og menntandi áhrif, og að því leyti jafnframt verið beinlínis nytsamar. Meðal skemmtana þessara má einkum nefna sjónarleiki þá, er leiknir voru í latínuskólan-

um í jólaleyfinu; leikir þessir voru 2, og höfðu skólapiltar samið þá, annan þeirra sá, er Ólafur Björnsson heitir, en hinn sá, er Indriði Einarsson heitir; leikir þessir voru vel leiknir og þótti hin bezta skemmtun að. Leikur Indriða, er «Nýársnótt» hjet, þótti og lýsa eigi lítilli skáldskapargáfu hjá jafnungum höfundi. Enn fremur var á Grund í Eyjafirði leikinn leikur á sumardaginn fyrsta, og hafði samið hann bóndi einn í Eyjafirði, að nafni Ari Jónsson; leik þennan sóttu margir og þótti góð skemmtun. Geta má og um álfaflutning, er stúdentar og skólapiltar ljeku á gamlárskveld á tjörninni við Reykjavík. Slíkur leikur hafði aldrei verið leikinn þar fyr, og varð hann bœjarbúum að góðri skemmtun. Að því er snertir aðrar alþjóðlegar skemmtanir, þá er ekkert af þeim að segja.

Ritað í marzmánuði 1872.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1872,

EPTIR

VALDIMAR BRIEM,
KAND. THEOL.

ÚT GEFNAR

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI.

REYKJAVÍK.
Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. EINAR ÞÓRÐARSON.
1873.

YFIRLIT EFNISINS.

—

LANDSTJÓRN ..... 1.— 8. bls.

MANNFJÖLGUN ..... 9.—10. —

ATVINNUVEGIR ..... 11.—26. —

MENNTUN ..... 26.—31. —

Landstjórn.

Landstjórnarmálefnum Íslands hefur eigi þokað mikið áfram næstliðið ár. Íslendingar hafa enn orðið að bíða stjórnarbótar þeirrar, er þeir hafa þráð svo langa hríð og barizt svo mjög fyrir, en eigi fengið; en þeir hafa þó eigi gefizt upp eða látið neitt undan í þessu máli, heldur þvert á mót harðnað og stælzt við hverja mótspyrnu, er þeir hafa orðið fyrir; aldrei hefur borið á jafnmegnri óánœgju meðal Íslendinga, bæði með allt stjórnarfyrirkomulagið og sömuleiðis með einstakar stjórnarathafnir; eins og næstliðið ár, og aldrei hafa þeir orðið jafnharðir í rœðu og riti um þessi efni; á hjeraðafundum og mannamótum hefur orðið mjög tíðrætt um gjörræði hinnar dönsku stjórnar gagnvart Íslandi, og er það örsjaldan, að nokkur hefur mælt í móti og reynt að verja aðgjörðir hennar; blöðin hafa eigi heldur þagað við þessum málum, en borið þungar sakir á stjórnina og lokið hinu harðasta áfellisatkvæði á athafnir hennar að fornu og nýju; sakargiptir þær, er Íslendingar bera á stjórnina, eru ljósast og skýrast teknar fram í ritgjörð einni eptir Jón Sigurðsson, er kom út í «Nýjum fjelagsritum» næstliðið ár, og var nefnd «prjónakoddi stjórnarinnar». Í erlendum blöðum, einkum norskum og þýzkum, hefur einnig næstliðið ár verið tekinn málstaður Íslendinga gegn hinni dönsku stjórn, en þar á mót hafa Danir reynt að bera hönd fyrir höfuð sjer og verja aðgjörðir stjórnarinnar í dönskum blöðum.

Frá því er sagt í fyrra árs frjettum, hver urðu úrslit stjórnarmálsins á síðasta alþingi. Tillögur þingsins um mál þetta voru nú eigi teknar til greina heldur en fyr, en þar á mót var nokkuð breytt hinni œðstu valdstjórnarskipun, en á annan hátt en þingið hafði lagt til. Þingið hafði lagt það til, að skipaður yrði yfir Ísland landstjóri með ábyrgð fyrir alþingi, eða þá konunglegur umboðsmaður, sem tœki sjer ráðherra, er hefðu ábyrgð fyrir alþingi. Þetta gat konungur eigi fallizt á, en eptir tillögu lögstjórnarráðherrans stofnaði hann með úrskurði

4. maí 1872 landshöfðingjadœmi yfir Íslandi, er skyldi byrja 1. apríl 1873. Í erindisbrjefi landshöfðingjans, sem út var gefið af lögstjórnarráðherranum 29. júní 1872, er svo ákveðið, að landshöfðingi skuli framkvæma hið œðsta vald yfir hinum sjerstaklegu málum Íslands undir umsjón hlutaðeigandi ráðherra í Danmörku. Samkvæmt erindisbrjefi þessu skal landshöfðingi gjöra uppástungur til hlutaðeigandi ráðherra í öllum þeim sjerstökum málum Íslands, er þurfa að koma undir úrskurð konungs eða stjórnarinnar, og sömuleiðis gjöra uppástungur um ný lög; hann skal og hafa umsjón yfir öllum embættismönnum á Íslandi og allri embættisfœrslu þeirra, annast um skil á opinberum reikningum, jafna niður alþingiskostnaði, setja umboðsmann yfir konungsjarðirnar og tiltaka við fyrir gjaldheimtum embættismanna, hafa yfirstjórn og fjárráð íslenskra póstmálefna, leggja fullnaðarúrskurð á öll sveitamál, hafa forsætið í landsyfirrjettinum, gefa út nokkur konungleg leyfisbrjef, hafa umsjón yfir landssjóðnum og umráð yfir helming þess fjár, sem ætlað er til óvissra útgjalda Íslands, skera úr ýmsum sjerstökum málum, er áður hafa komið undir úrskurð stjórnarinnar, og staðfesta brauðaveitingar þær, er konungur áður staðfesti o. s. frv. Þannig er skipað fyrir um verkaskið landshöfðingja, og er það sumpart hið sama verkasvið, sem stiptamtmaður hefur áður haft, en sumpart er það nokkuð rýmkað. Landsmenn tóku illa breytingu þessari, hæði fyrir þá sök, að hún væri svo lítil, að hún gæti eigi komið að neinum notum, en væri þó jafnframt kostnaðarsamari en hið eldra fyrirkomulag, en þó einkum fyrir þá sök, að stjórnin hefði leyft sjer að stofna nýtt embætti og leggja fram fje úr landssjóði án samþykkis alþingis.

Lög handa Íslandi hafa allmörg verið gefin út næstliðið ár. Frá því er sagt í fyrra, að konungr ljet leggja 12 lagafrumvörp fyrir síðasta alþingi; þingið ræddi þau, gjörði meiri eða minni breytingar við þau öll og sendi síðan álitsskjöl um þau til konungs. Nú eru flest af frumvörpum þessum orðin að lögum, en breytingatillögur alþingis hafa að litlu verið teknar til greina. Lögin eru þau, er hjer segir:

1, Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, dagsett 4. maí 1872. Hjer hefur verið farið eptir tillögum alþingis að því er snertir það, að hafa þrjú samtals sitt í hverju

amti í staðinn fyrir eitt sameinað amtsráð yfir öllu landinu. Tími sá, er tilskipun þessi skal komast í gildi, er ókveðinn.

2, Tilskipun um bœjarstjórn í Reykjavík, dagsett 20. apríl 1872.

3, Tilskipun um póstmál á Íslandi, dagsett 26. febrúar 1872.

4, Tilskipun um gjöld á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dagsett 26. febrúar 1872. Alþingi 1871 hafði lagt til, að gjaldið skyldi vera helmingi meira af óblönduðum spíritus en af brennivíni, en í tilskipun þessari er gjaldið gjört jafnt, þ. e. 8 skildingar af hverjum potti. Eigi hafði það heldur verið tekið til greina, er þingið bað um, að lögleiða eigi frumvarpið til tilskipunarinnar, fyr en alþingi hefði fengið löggjafarvald og sjálfsforræði.

5, Tilskipun handa Íslandi um spítalagjald af sjávarafla, dagsett 12. febrúar 1872.

6, Tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., dagsett 12. febrúar 1872.

7, Tilskipun fyrir Ísland um bilda- og upsaveiði með nót, dagsett 12. febrúar 1872.

8, Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, dagsett 12. febrúar 1872.

9, Tilskipun handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja, dagsett 26. febrúar 1872.

10, Tilskipun um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og dómaskrifara í hinum konúnglega íslenzka landsyfirrjetti, Benedikt Sveinssyni, dagsett 27. janúar 1872. Þessi tilskipun er hin sama, sem gefin var út sem bráðabirgðatilskipun 1. apríl 1871, og síðan lögð sem frumvarp fyrir síðasta alþingi; þingið rjeð frá að gjöra frumvarpið að lögum, en nú kom það út óbreytt sem lög.

Enn fremur komu þessar auglýsingar:

1, Auglýsing frá stjórnarforsetanum, dagsett 27. janúar 1872, er birtir á Íslandi lög 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo á stendur, að konungur ekki er orðinn fullveða,

eða er sjúkur eða fjarverandi, og konunglega auglýsing 18. nóvember 1871, um það, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfanum í fjarvist konungs. Lögin 11. febr. 1871, sem hjer eru birt, voru eigi sýnd síðasta alþingi nje birt nokkurstaðar á Íslandi fyr en nú.

2, Auglýsing frá lögstjórnarráðherranum, dagsett 21. febrúar 1872, um heimting á gjaldi því, sem fyrir er mælt um í tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. febr. 1872.

3, Auglýsing frá lögstjórnarráðherranum, dagsett 3. maí 1872, um póstmál á Íslandi, samkvæmt því, sem ráðgjört er í tilskipuninni um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872.

Frá **dómum** og dómsmálum á Íslandi næstliðið ár er fátt að telja til tíðinda. Mál þau, er dæmd hafa verið á þessu tímabili, virðast eigi að hafa verið mörg, og fá þeirra merkileg eða þýðingarmikil. Eigi er unnt að greina tölu þeirra mála, er dæmd hafa verið í hjeruðum; en í landsyfirrjetti voru dæmd 21 mál; af þeim voru 8 privatmál, en 13 sakamál og lögreglumál.

Meðal mála þeirra, er dæmd voru í landsyfirrjetti, eru einkum 2, sem geta má um. Annað þeirra reis af því, að fyrverandi yfirdómari Benedikt Sveinsson á Elliðavatni gaf út athugasemdir við fullnaðardóm landsyfirrjettarins í málinu milli hans sjálfs og Thomsens kaupmanns í Reykjavík um vatnsveitingar og laxveiði í Elliðaánum; í athugasemdum þessum bar hann þær sakir á dómarana í yfirrjettinum, að þeir hefðu af fávizku eða skeytingarleysi eða ásettu ráði snúið við og umhverft málinu með ósannindum, rangfærslu og afglöpum. Rjettvísin höfðaði mál gegn Benedikt fyrir sakargiptir þessar, og var hann dæmdur í 100 rd. sekt í undirrjetti; hann skaut málinu til yfirrjettar; var þá settur nýr yfirrjettur; en hann dæmdi á sömu leið og staðfesti dóm undirrjettarins[1]. Hitt málið reis af því, að ritstjóri Jón Ólafsson ljet prenta blað eitt í nýrri prentsmiðju, er yfirdómari Benedikt Sveinsson hafði stofnað á Elliðavatni, án þess að leyfi stjórnarinnar hefði verið fengið til prentunarinnar. Fyrir tiltæki þetta var mál höfðað gegn ritstjóranum, og var hann dæmdur í 100 rd. sekt, fyrst í undirrjetti og síðan í yfirrjetti[2].

---

1) Í hæstarjetti er Benedikt nú dæmdur sýkn af ákærum rjettvísinnar í máli þessu.

2) Hæstirjettur hefur nú staðfest dóm yfirrjettarins.

Á **fjárhagsmálum** Íslands hefur engin bót nje breyting verið gjörð næstliðið ár. Þess var getið í fyrra árs frjettum, að alþingi rannsakaði fjárhagsáætlun Íslands og bað konung um að leiðrjetta ýmisleg atriði í henni, og enn fremur að skipa nefnd manna til að rannsaka öll reikningaviðskipti Dana og Íslendinga að fornu og nýju, og leggja reikningana síðan fyrir alþingi. Tillögur alþingis hafa eigi verið teknar til greina, og var fjárhagsáætlunin, eða áætlunin um tekjur og útgjöld Íslands á fjárhagsárinu frá 1. apríl 1872 til 31. marz 1873, gefin út af lögstjórnarráðherranum, en staðfest af konungi 26. febrúar 1872, að mestu óbreytt frá því síðast; áætlun þessi var send til amtmanna og sýslumanna, en svo var fyrir mælt um leið, að eigi skyldi birta hana á þingum svo sem fyr hefur verið gjört. Í áætluninni er tekjum og útgjöldum jafnað þannig niður, að upphæð hvors um sig verður 99312 rd. 21 sk., en það er 6480 rd. meira en næsta fjárhagsár á undan (1871—72). Helzti tekjuaukinn er gjald af brennivíni, sem talið er að nemi 5000 rd. Til útgjalda í þarfir þeirra mála, er liggja undir lögstjórnina, eru taldir 33846 rd., í þarfir þeirra mála, er liggja undir kirkju- og kennslustjórnina, 28267 rd. 72 sk., til eptirlauna 11000 rd., og til ýmislegra óvissra útgjalda 6000 rd.; þar með eru taldir 2000 rd. til þess að framkvæma tilskipunina um póstmál á Íslandi. Þeir 20198 rd. 45 sk., sem þá eru afgangs af tekjunum, eru lagðir í viðlagasjóð.

Næstliðið ár seldi lögstjórnin brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu á leigu enskum manni, er Alfred Loch heitir, móti tillögum alþingis 1869, er fastlega hafði ráðið frá að selja námurnar á leigu að sinni; þingið hafði og lagt það til til vara, að ef svo færi, að námurnar yrðu seldar, þá skyldi eigi leigja þær um lengri tíma en 10 ár, gegn 100 punda leigu hið fyrsta ár, 200 punda annað og þriðja ár, 300 punda fjórða og fimmta ár og 400 punda hin 5 árin, og gegn 5000 punda veði; en stjórnin leigði þær þar á mót um 50 ár gegn 50 punda eptirgjaldi hið fyrsta ár, sem skyldi hækka um 10 pund árlega þar til er komið væri 100 punda eptirgjald, er skyldi standa um 44 ár; að veði krafðist stjórnin að eins 5000 ríkisdala.

Að því er snertir opinber gjöld Íslendinga næstliðið

ár, þá voru þau mjög lík og árið áður. Alþingistollurinn var, að því leyti sem þrír fjórðungar hans koma niður á jarðarafgjöldunum, 3 skildingar af hverju ríkisdalsvirði í þeim; sá fjórðungur, er kom niður á lausafjenu, var 1550 rd., en öll upphæð þess, er fyrir lá til niðurjöfnunar, var 6200 rd. Jafnaðarsjóðsgjaldið var í suðuramtinu 16 sk., af hverju tíundarhæru lausafjárhundraði; um gjaldið í hinum ömtunum er ókunnugt; með gjaldinu til jafnaðarsjóðanna var talið gjald til uppfræðingar heyrnar- og málleysingja í hverju amtinu fyrir sig. Eptir verðlagsskránum var meðalverð allra meðalverða á þessa leið:

	hundr. rd.	sk.	alin sk.
Í Skaptafellssýslunum	25	83	20,7
- hinum öðrum sýslum suðuramtsins	29	30	23,8
- Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals- og Dalasýslum	31	70	25½
- Barðastrandar- og Strandasýslum .	33	8	26½
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	34	7	27¼
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum .	29	32	23½
- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyrarkaupstað	29	31	23½
- Múlasýslunum	30	82	24¾

Um leið og getið er um fjárhagsmál á Íslandi, má einnig geta þess, að næstliðinn vetur í marzmánuði stofnuðu 12 menn í Reykjavík sparisjóð, sem er geymdur í Reykjavík, en tekur á móti samlagi úr öllu landinu; sparisjóður þessi geldur 3 af 100 í vexti á hverju ári; vextir eru útborgaðir 1.1. júní og 1.1. desember ár hvert, en þeir vextir, sem eigi eru úttekpir 1. júlí og 1. janúar, eru lagðir við höfuðstólinn og sverað af þeim renturenta. Sparisjóðurinn er einnig lánssjóður, og verður lánað úr honum gegn áreiðanlegu veði og sjálfsábyrgð. Stofnendur sjóðsins ábyrgjast hvern þann halla, er sjóðurinn kann að verða fyrir, með allt að 100 rd. hver. Ágóðanum, að frádregnum kostnaði, er haldið saman í ábyrgðarsjóð, og stjórnendur sjóðsins vinna kauplaust fyrst um sinn. Af stofnendunum voru 3 valdir stjórnendur fyrir næstliðið ár, nefnil. Árni Thorsteinson landfógeti, Halldór Guðmundsson skólakennari og Magnús Jónsson, óðalsbóndi í Bráðræði. Sjóðurinn byrjaði starfa sinn 20.

apríl 1872. Við árslok höfðu lagt inn í hann 165 menn, þar af 56 börn, alls 7626 rd. 60 sk., með 631 innbergum.

Frá sveitamálefnum, heilbrigðismálefnum og kirkjumálefnum, er stuttlega var getið í fyrra árs frjettum, er nú ekkert að segja, því að í þeim efnum hefur næstliðið ár ekkert það gjörst, er getandi sje.

Á **embættaskipun** hefur orðið nokkur breyting, og er hún á þessa leið:

Landshöfðingjadæmi yfir Íslandi var stofnað með konungsúrskurði 4. maí, svo sem fyr er sagt, og var stiptamtmaður Hilmar Finsen með öðrum úrskurði, 29. júní, skipaður landshöfðingi frá 1. apríl 1873. Landshöfðingi skal hafa sömu tign, er stiptamtmaður hefur áður haft, hann skal og hafa 4000 rd. í laun árlega og það að auki 1000 rd. til risnufjár og 1200 rd. til ritstofukostnaðar, og njóta enn fremur ýmsra hlunninda. — Skrifstofuembætti við landshöfðingjadæmið var og stofnað með úrskurði 29. júní, og skyldi það einnig byrja 1. apríl 1873. Skrifari þessi skal hafa 800 rd. laun 2 fyrstu árin, en síðan skulu laun hans aukast um 100 rd. á hverra tveggja ára fresti, þar til er þau eru orðin 1200 rd. — Suðuramtið og vesturamtið á Íslandi skal enn fremur leggja undir einn amtmann frá 1. apríl 1873, en þó skulu ömtin vera tvö eptir sem áður. Amtmaðurinn skal vera búsettur í Reykjavík og taka þátt með biskupinum í þeim störfum, sem stiptsyfirvöldin hafa á höndum. Hann skal hafa 2400 rd. í laun í fyrstu, en þau vaxa um 200 rd. fyrir hver 5 ár, þar til er þau eru orðin 3200 rd.; 300 rd. eru honum ætlaðir til ritstofukostnaðar. Með hinum sama úrskurði, 29. júní, er amtmanninum yfir vesturamtinu, Bergur Thorberg, skipaður amtmaður yfir báðum ömtunum einnig frá 1. apríl 1873.

Hið nýstofnaða póstmeistaraembætti í Reykjavík var veitt 29. júlí Óla Finsen, póstskipsafgreiðara.

Vestmannaeyjasýsla var veitt 10. febrúar Jóni Ásmundssyni Johnsen, kandídat í lögfræði. — Suðurmúlasýsla var veitt 29. júní hinum sama. — Vestmannaeyjasýsla var aptur veitt 29. júní Aagaard, kandídat í lögfræði. — Í Barðastrandarsýslu var Gunnlaugur Blöndal enn þá settur sýslumaður.

Til fjórða kennara við latínuskólann í Reykjavík var Steingrímur Thorsteinson, kandídat í málfræði, settur 14. ágúst.

Til prófasts í Húnavatnssýslu var Ólafur Pálsson, prestur á Melstað og dannebrogsriddari, kvaddur 2. marz. — Til prófasts í Gullbringu- og Kjósarsýslu var Þórarinn Böðvarsson, prestur í Görðum á Álptanesi, kvaddur 3. apríl. — Til prófasts í Suður-Þingeyjarsýslu var Benedikt Kristjánsson, prestur í Múla í Aðaldreykjadal, kvaddur 21. nóvember.

Kálfafellsstaður var veittur 8. febrúar Sigbirni Sigfússyni, presti að Sandfelli. — Klausturhólar voru veittir 2. apríl Eggerti Sigfússyni, presti á Hofi á Skagaströnd. — Ríp ur var veittur 4. apríl Guttormi Vigfússyni, kandídat í guðfræði. — Vatnsfjörður var veittur 21. maí Þórarni Kristjánssyni, presti í Reykholti og prófasti í Borgarfjarðarsýslu. — Hítardalur var veittur 3. júlí Jónasi Guðmundssyni, þriðja kennara við latínuskólann í Reykjavík. — Reykholt var veitt 30. júlí Jörgen Kröyer, presti á Helgastöðum. — Sandar í Dýrafirði voru veittir 22. ágúst Páli Sivertsen, kandídat í guðfræði. — Undirfell var veitt 12. september Sigfúsi Jónssyni, presti á Tjörn á Vatnsnesi. — Tjörn á Vatnsnesi var veitt 26. október Jóni Þorlákssyni, kandídat í guðfræði. — Saurbær í Eyjafirði var veittur 2. desember Jóni Austmann, presti á Halldórsstöðum. — Þórður Jónassen, prestur í Möðruvallaklaustri, og Jörgen Kröyer, prestur í Reykholti, höfðu brauðaskipti 25. október. — Gunnlaugur Halldórsson, kandídat í guðfræði, var 8. sept. skipaður aðstoðarprestur að Hofi í Vopnafirði.

Prestvígðir voru: kandídat Guttormur Vigfússon 16. júní, skólakennari Jónas Guðmundsson 11. ágúst, og kandídatarnir Páll Sivertsen og Gunnlaugur Halldórsson 8. september.

Í árslokin voru óveitt: skrifaraembættið við landshöfðingjadæmið og rektorsembættið við latínuskólann og enn fremur 31 prestakall, en af þeim voru 13 sameinuð til bráðabirgða við önnur prestaköll.

Mannfjölgun.

Um mannfjölgun á Íslandi næstliðið ár er fátt að segja, með því að fullkomnar skýrslur vantar enn um þau efni; eptir því, sem sjeð verður af blöðunum, þá virðist ástæða til að ætla, að fólki hafi fjölgað að mun á þessu tímabili og talsvert meira en næsta ár á undan, með því að tálmanir þær, er helzt eru vanar að hnekkja mannfjölguninni, það er að segja sóttir og slysfarir, hafa verið í minna lagi; en eptir skýrslum þeim, sem komnar eru, virðist hið gagnstæða eiga sjer stað, og að fólki hafi fremur fækkað en fjölgað næstliðið ár.

Af hinum almennustu **sóttum** má nefna barnaveiki, kvefsótt, lungnabólgu, taugaveiki o. s. frv., en allar þessar sóttir voru mjög sjaldgæfar og ómannskæðar næstliðið ár. Barnaveikin gjörði einkum vart við sig í Múlasýslum að áliðnum vetri, en var hvergi nærri eins skæð og hún var víða undanfarin ár. Kvefsótt gekk víða um land flesta tíma ársins, en víðast var hún fremur væg; á suðurlandi gekk hún helzt um vorið, á vesturlandi helzt um sumarið, á norðurlandi einkum um miðjan vetur og aptur um mitt sumar, en á austurlandi um vorið og aptur um haustið. Lungnabólga og taksótt gengu í Húnavatnssýslu og á Austfjörðum, einkum síðari hluta vetrar. Taugaveiki stakk sjer sumstaðar niður, einkum í Skagafjarðarsýslu og Austur-Skaptafellssýslu að áliðnum vetri, og á Austfjörðum að miðju sumri. Bólgusóttar varð enn fremur sumstaðar vart um haustið, einkum á vesturlandi. Soghósti eða andarteppuhósti var víða samfara kvefsóttinni og lungnabólgunni, á norðurlandi einkum um veturinn, en á austurlandi við og við á öllum árstímum. Þegar á allt er litið, má kalla, að heilsufar manna hafi verið gott um allt land, nema á Austfjörðum.

Af **slysförum** má nefna nokkrar hinar helztu, sem getið er í blöðunum, en það eru einkum drukknanir í sjó: 20. apríl drukknuðu 2 menn við Vatnsleysuströnd. Sama dag drukknuðu 4 menn við Eyrarbakka. 3. maí drukknuðu 3 menn í Njarðvík. 4. júní drukknuðu 5 menn á Hvalfirði. 13. júní drukknuðu 11 menn á Landeyjasundi. 22. september drukknuðu 10 menn á Djúpavogi. 17. október drukknuðu 3 menn við Brákarey. 16. nóvember drukknuðu 8 menn fyrir utan Stykkis-

hólm. 25. nóvember drukknuðu 2 menn við Vatnsleysuströnd. 5. desember drukknuðu 4 menn við Akranes. Enn fremur urðu og nokkrir skipskaðar, sem eigi er greint frá í blöðunum hvar eða hvenær hafa orðið. 7—10 manns drukknuðu í ám; 3—6 menn fórust í snjóflóðum; 3—4 urðu úti í óveðrum, 1 hrapaði fyrir björg, 1 var stangaður til bana, og einn skaut sig til ólífis.

Þess má geta hjer, að **utanfarir** Íslendinga hafa nokkuð farið í vöxt næstliðið ár. Flestir þeirra, er utan fóru, fluttu sig til Ameríku, og settust að í Wisconsin í norðanverðum Bandaríkjunum, eða þar í grennd. Það ár hafa utanfarirnar þó lítið dregið úr mannfjölguninni á Íslandi, með því að þeir voru að tiltölu fáir, sem þá fóru; en eigi er ólíklegt, að slíkar ferðir kunni að hafa talsverð áhrif á mannfjölgunina framvegis, ef þær fara í vöxt, eins og nú virðast allar líkur til.

Næstliðið ár hafa ýmsir **merkismenn látizt** á Íslandi, þó að hjer sje fárra getið; en þó skal nefna nokkra, er kunnugastir voru: Skúli Vigfússon Thorarensen á Móeiðarhvoli, fyrrum hjeraðslæknir í suðausturfjórðungi landsins og dannebrogsriddari, andaðist 1. apríl, 67 ára; hann var einhver hinn merkasti og duglegasti læknir, sem verið hefur á Íslandi, og mjög ástsæll af landsmönnum. Ólafur Magnússon Stephensen í Viðey, fyrrum dómsmálafærslumaður í landsyfirrjettinum og jústizráð, ljezt 14. apríl, 80 ára; hann var höfðingi mikill og göfugmenni. Jens Sigurðsson, rektor við latínuskólann í Reykjavík, andaðist 2. nóvembermánaðar, 60 ára gamall; hann var ágætur maður, samvizkusamur kennari og duganda skólastjóri. Af prestum dóu þrír: Jón Pálsson Melsteð, prestur í Klaustrhólum og fyrrum prófastur í Árnesssýslu, 13. febrúar, 42 ára, Þorlákur Stefánsson, prestur á Undirfelli, 21. júlí, 66 ára, og Jón Einarsson Thorlacíus, prestur í Saurbæ í Eyjafirði, 12. september, 56 ára. Allir þessir prestar voru meðal hinna merkustu presta landsins nú á dögum. Helgi Sigurðsson Melsteð, prestaskólastúdent í Reykjavík, ljezt 5. janúar; hann var að eins 22 ára, og hinn efnilegasti maður. Einn skólapiltur, Jónas Þórðarson Jónasson, gáfaður vel og efnilegur, dó 25. maí, 16 ára. Tveir merkiskaupmenn dóu einnig: Sveinbjörn Ólafsson í Keflavík, 15. okt., 56 ára, og Hans Sivertsen í Reykjavík, 24. okt., 50 ára.

Atvinnuvegir.

Um leið og minnzt er á atvinnuvegina, skal hjer einnig getið veðuráttufarsins. Veðuráttufar á Íslandi næstliðið ár var eitt hið bezta, er verið hefur á þessari öld; raunar voru vetrarhörkur miklar og langar í einstökum hjeruðum, en í flestum sveitum mundu menn varla að öllu samtöldu jafngóða tíð. Framan af vetrinum 1871—72 var veðurátta allgóð sunnanlands og vestan, en mjög breytileg norðanlands og austan, og svo var allt til ársloka. Eptir nýár tók veður að verða nokkuð óstilltara sunnanlands og vestanlands, en þó einkum á vesturlandi. Þó var snjófall þar mjög lítið, og sömuleiðis á norðurlandi allt austur að Yxnadalsheiði. Milli Yxnadalsheiðar að vestan og Reykjaheiðar að austan var aptur allmikil fannkoma í janúarmánuði, einkum þegar á leið mánuðinn; en er lengra kom austur, varð fannkoman minni, bæði í Norður-Þingeyjarsýslu og svo um allt austurland. Snjóflóð hlupu fram um þær mundir á nokkrum stöðum nyrðra, og ollu nokkru fjártjóni, einkum í Suður-Þingeyjarsýslu. Frostlítið var víðsvegar um land framan af janúarmánuði, en seint í mánuðinum kom kuldakast, er náði um allt land; í Reykjavík varð frostið mest 12 stig (eptir Réaumurs mæli), en 20 stig á Akureyri. Bráðum hlýnaði aptur og gjörði nú stillt veður og frostlítil víðast um land þar til seint í marzmánuði; þá kom annað kuldakast, er náði yfir allt land, en varð minnst á austurlandi; fylgdi því fannkoma og stormar; þá rak ís undir land nyrðra, fyrst fyrir Hornstrendum, en síðan austur með öllu landi og austur fyrir Langanes; þá varð hann hvergi landfastur að mun. Í miðjum aprílmánuði hörfaði ísinn aptur nokkuð frá, og brá þá veðurátt aptur mjög til batnaðar. Síðari hluta aprílmánaðar og meginið af maímánuði var allgóð tíð, einkum á suðurlandi og austurlandi; nyrðra og vestra var veðurátta nokkuð óstillt, og var einkum stormasamt á vesturlandi. Síðast í maí gjörði síðasta kastið, og var það allhart, en eigi langt; 29.—30. maí var stórbrið nálega yfir allt land. Fyrstu dagana af júnímánuði var einnig kalt og stormar miklir, en upp frá því gjörði hvervetna algjörðan bata. Allt þangað til hafði hafísbroði öðru hverju sjezt fyrir norðurlandi, en nú hvarf hann úr landsýn að fullu og öllu. Þegar á allt er litið, hafði veturinn verið ágætur

á austurlandi og suðurlandi, og sömuleiðis í betra lagi á vesturlandi og meginhluta norðurlands; að vísu hafði verið nokkuð stormasamt, en frost og fannkoma að öllu samtöldu mjög lítil. Í einum hluta landsins hafði veturinn verið bæði harður og langur, og einhver hinn lakasti, er nú hefur komið í mörg ár, en það var í Suður-Þingeyjarsýslu, eða hjeruðunum milli Vaðlaheiðar að vestan og Reykjaheiðar að austan. Frá veturnóttum og fram að nýári hafði þar verið allhart, og að jafnaði harðara en í öðrum sveitum. Eptir nýár harðnaði þar enn meir, og upp frá því máttu þar heita sífelld harðindi og megn snjóþyngsli allt fram að fardögum. Harðast var hríðaráfellið í lok maímánaðar; kyngdi þá niður feiklmiklum snjó, og fennti fje víða og lömb krókmuðu; á Höfðaströnd voru fannalögin svo mikil, að prestur gekk á skíðum á útkirkju sína 2. júní. En nú var og veturinn á förum. Frá fardögum (6. júní) og til höfuðdags (29. ág.) voru sífellidir hitar og blíðviðri um allt land, og kom varla deigur dropi úr lopti allan þann tíma. Hitinn var mestur í miðjum júlímánuði; í Reykjavík varð hann 18 stig í skugga, en 24 stig á Akureyri. Þegar leið á sumarið, tók hitinn nokkuð að þverra, en þó mátti heita veðurblíða fram í miðjan septembermánuð. Íshroða hafði orðið vart seinast í ágústmánuði fyrir utan Hornstrandir og Skagaströnd, en hann hvarf bráðum aptur. Seinast í ágúst og fyrst í september rigndi dag og dag, en þó svo lítið, að þurrviðri mátti kalla um allt land fram í miðjan mánuðinn. Eptir miðjan septembermánuð brá veðuráttu norðanlands og austan; komu þá köld norðanveður nyrðra með frosti og fannkomu, en eystra gjörði austanátt með rigningum og umhleypingum. Sunnanlands og vestan brá fyrst veðuráttu snemma í októbermánuði, og kyngdi þá niður miklum snjó í sumum sveitum. Um þær mundir harðnaði enn meir norðanlands og austan. Þó ljetti hretviðrunum bráðum af aptur víðsvegar um land, og gjörði góða tíð þar til seinast í októbermánuði; þá komu aptur hörkur og hretviðri, er stóðu yfir þangað til í miðjum nóvember. Eptir miðjan nóvembermánuð brá aptur til bata, og var tíðarfar hvervetna allgott upp frá því fram að árslokum. Undir árslokin var aptur farið að harðna; síðari hlutann af desember var stormasamt víða, en veður þurrt og kalt og hreint.

Hjer virðist einnig mega geta j a r ð s k j á l f t a n n a á norður-

landi næstliðinn vetur, en þeir urðu með þeim atburðum, er nú skal greina: 16. dag aprílmánaðar fundu menn allvíða smákippi norðanlands, en gáfu lítinn gaum að því, með því að smákippir eru þar eigi ótíðir. Að kveldi hins 17. fundust þeir aptur, og þá nokkru meiri; voru kippirnir mestir í Húsavík og í hjeruðunum þar í grennd. Klukkan 11 um kveldið varð þar svo snarpur kippur, að fólki þótti eigi ugglaust að vera í húsum inni, ef annar kœmi jafnsnarpur, enda varð þess eigi langt að bíða; kom þá hver kippurinn á eptir öðrum, og svo títt, að eigi voru nema 4—8 mínútur á milli þeirra; gekk á þessu alla nóttina; klukkan 4 að morgni hins 18. kom einn kippurinn, og svo harður, að húsin ljeku öll á skjálfi, og allt, sem laust var innanhúss, gekk úr sínum skorðum. Smábœirnir og kotin kringum kaupstaðinn skekktust þá svo mikið, að fólk flýði úr þeim, annaðhvort til timburhúsanna eða út á bersvæði. Eptir þennan skjálfta kom enginn stórkostlegur um hríð, en þó voru sífellt smákippir við og við fram að dagmálum. Klukkan 10 um daginn laust aptur á svo hörðum jarðskjálfta, að við lá, að hvert hús mundi hrynja; fjellu þá allir torfbœir í kaupstaðnum og þar í kring, nema að eins tveir, sem löskuðust mjög; timburhúsin skekktust mjög á grundvelli sínum, viðir brotnuðu, reykháfar hrundu, þökin rifnuðu og flestir munir innanhúss, sem brotnað gátu, fóru í marga parta; skemmdust þá margar vörur kaupmanna; flest húsin höfðu skemmzt svo mjög, að þau urðu lítt byggileg, og sum með öllu óbyggileg. Undir eins og kippur þessi kom, flýði allt fólk út úr búsunum, og þyrptist saman á bersvæði; mœðurnar komu með börnin á bakinu hálfnakin, og sumir mjög fáklæddir, því að bjer var um að gjöra að forða lífi sínu. Meðan fólkið var að flykkjast saman, kom hver kippurinn öðrum harðari, og það svo ótt og títt, að eigi gátu nema styrkustu menn staðið á bersvæði. Fólkið tók þá sem óðast að flýja bœinn, þar sem jarðskjálftinn var mestur, og fóru sumir út á Tjörnnes, en sumir inn í Reykjahverfi. Jarðskjálftarnir stóðu þann dag allan, og næstu daga, en snarpasti kippurinn var sá, er kom klukkan 11 fyrir miðjan dag hinn 18.; var það þá, að flest húsin hrundu, og allir hlutir gengu úr skorðum. Jörðin gekk þá öll í öldum, og sprakk víða; mesta sprungan var $1^1/_2$ alin á breidd; hún lá ofan frá Húsavíkurfjalli, og niður svo nefndan Laugardal, fyrir

norðan Húsavík; önnur lá í norðanverðum höfðanum fyrir norðan bæinn, og var hitinn svo mikill í henni, að upp úr henni rauk stöðugt í 4 sólarhringa; sumstaðar lagði bláa brennisteinsgufu upp úr sprungunum, og sumstaðar eldsloga; nokkrir lækir þornuðu upp eða hurfu niður í jörðina, en ár allar þar í grennd urðu jökullitar. Jarðskjálftar þessir fundust víða norðanlands, en hvergi ollu þeir skemmdum að mun nema á Húsavík; bæir þeir, er hrundu þar að fullu og öllu, voru 23; meir en 100 manna urðu húsvilltir, og margir höfðu þar að auki beðið mikið tjón á eigum sínum. Jarðskjálfta varð vart við og við fram eptir vorinu, en engir urðu þeir stórkostlegir og ollu enga tjóni. Um haustið varð aptur víða um land vart við kippi, en eigi svo að kvæði.

Nú er að minnast lítið eitt á atvinnuvegina, og þá er það **jarðarræktin**, sem kemur fyrst til greina. Af jarðabótum er œrið fátt að segja, og miðar þeim minna áfram en skyldi og búast mætti við, þar eð þær að svo miklu leyti eru undirstaða og skilyrði fyrir framförum í öllum landbúnaði. Eins og undanfarin ár hefur og næstliðið ár verið mest rœkt lögð við vatnsveitingar. Þess má geta sem framfara í þeirri grein, að Magnús bóndi Jónsson í Bráðræði við Reykjavík fjekk sjer vatnsveitingamylnu hjá hinu danska landbúnaðarfjelagi; reyndi hann hana á engi sínu og þótti hún bera góðan árangur.

Þrátt fyrir hinar litlu jarðabœtur, sem gjörðar hafa verið, var þó heyskapurinn hvervetna í betra lagi næstliðið ár, og sumstaðar ágœtur; olli því veðurblíðan og hið ágœta árferði. Reyndar byrjaði vorið seint í sumum sveitum, en þegar það kom, þá þaut gras upp á ókömmum tíma, og þar einna mest, er snjór hafði legið lengst yfir. Rigningaleysið dró nokkuð úr grasvextinum, en hitinn var aptur nógur, og sumstaðar jafnvel of mikill; var það eigi óvíða, að jarðvegurinn svðnaði og gras skræln aði af of miklum hita. Eigi að síður spratt harðvelli að jafnaði betur en mýrar og votlendar engjar. Sláttur byrjaði almennt í fyrra lagi. Rigningar og óþurrkar um sláttinn spilla opt góðum heyskap á Íslandi, svo að það kemur að litlu gagni, þótt jörð sje vel sprottin, en nú voru þar á móti sífelldir þurrkar megnið af slættinum, og varð því nýting á heyjum hin bezta

um allt land, einkum um túnasléttinn og sömuleiðis talsvert framan af engjasléttí. Þó varð heyskapurinn endasleppur sumstaðar, einkum austanlands, og ollu því rigningarnar og votviðrin, sem gengu síðari hluta septembermánaðar. Heybirgðir manna undir veturinn voru þrátt fyrir það í bezta lagi, eigi að eins að vöxtum, heldur og einnig að gæðum.

Kályrkja og kartöflurœkt heppnaðist víðast í bezta lagi. Hafrar og bygg sprettu einnig vel, þar sem þeim hafði verið sáð. Melurinn í Skaptafellssýslu spratt einnig vel, en eyddist af stormum.

Af **fjárræktinni** er fátt að segja. Að því er sauðfjárræktina snertir, þá gekk hún nokkuð misjafnt næstliðið ár. Sauðfjenaðarhöld reyndust allgóð á suðurlandi og austurlandi, því að bæði voru heybirgðir þar í betra lagi frá fyrra ári, enda var veturinn þar svo vægur, að því nær aldrei varð beitarskortur, og hafði fjenaðurinn því nóg fóður; á vesturlandi voru sauðfjenaðarhöld í meðallagi; á norðurlandi voru þau víðast í lakara meðallagi, en þó hvergi mjög bág nema í Suður-Þingeyjarsýslu. Heyskapur hafði gengið þar vel sumrinu áður, og þóttust menn því alivel birgir af heyjum, og settu fje á í flesta lagi; en þá kom veturinn, sem þar var bæði harður og langur, og reyndust þá heybirgðirnar býsna ónógar. Í aprílmánuði voru hey víða farin að þrjóta, og tóku menn þá að reka fje af sjer til þeirra, er hey höfðu; en þegar það var einnig þrotið, ráku menn fje sitt í fjarlægar sveitir, og setti það miklum hrakningum á þeim ferðum; sumir ráku fje sitt á fjöll fram, þar sem snjókyngjan var eigi eins mikil og í dölunum; sumir skáru fje sitt niður, en sumir ráku það út á gaddinn og krókuðu það þar ýmist eða fenntu eða fjell í hor. Sauðburður gekk vel víðast um land; lakastur var hann á norðurlandi og austurlandi; olli því hríðaráfellið seinast í maímánuði og fyrst í júnímánuði, er þar var bæði lengst og harðast; fjellu lömb þar hrönnum saman meðan kastið stóð yfir. Fje fór vel úr ull um veturinn, nema í þeim sveitum, er harðindin voru mest og fjenaður var horaður. Málnyta var eigi almennt jafngóð og undanfarið sumar, sökum hitanna og þurrkanna. Fjárheimtur voru víða í lakara lagi, einkum norðanlands. Sláturfje reyndist víðast allgott að holdum, en lakara að mör; sömuleiðis kvörtuðu margir

um, að sláturfje væri venju fremur ullarlítið. Dýrbitið fje var í færra lagi, og þykir af því mega ráða, að tóur sjen farnar að fækka, enda hefur allmikið af þeim verið drepið með eitri. Af sóttum á sauðfjenaði má fyrst nefna fjárkláðann; eigi hefur enn tekizt að útrýma honum, og helzt hann við á sínum gömlu stöðvum; hefur hans orðið vart við og við, einkum í Mosfellssveit syðra. Bændur í heilbrigðu hjeruðunum kringum kláðasvæðið hafa aptur og aptur kvartað undan vogest þessum, og skorað á yfirvöldin að gjöra gangskör að því, að útrýma honum, en yfirvöldin hafa álitið, að ótti bænda væri ástæðulaus, og að þeir ímynduðu sjer kláðann miklu meginari og saknæmari en hann í raun rjettri væri; rannar buðu þau að baða hið sjúka og grunaða fje, en það var eigi gjört nema sumstaðar. Dýralæknir hefur og verið haldinn í Reykjavík með miklum kostnaði (600 rd. launum), en bændur hafa kvartað um að kláðalækningar hans kæmu að engum notum. Tilraunir þær, er bændur í hinum heilbrigðu hjeruðum umhverfis kláðasvæðið gjörðu til að útrýma kláðanum, lutu sumpart að því, að verja sitt fje fyrir honum, en sumpart að því, að eyða honum sjálfum. Á hjeraðsfundi í Rangárþingi, er haldinn var á Stórólfshvoli í Hvolhrepp 21. maí, samþykktu Rangæingar að ganga í lið með Árnesingum og Borgfirðingum til að verjast og útrýma kláðanum, bæði með því að fá sem flesta hjeraðsbúa til þess að taka þátt í varðkostnaði, og sömuleiðis með því að fá þá til að skuldbinda sig til að láta enga sáuðkind frá sjer inn á grunaða svæðið. Á hjeraðsfundi, er Árnesingar hjeldu á Húsatóptum á Skeiðum 24. ágúst, bundust þeir að nýju samtökum um það, að láta enga kind af hendi inn fyrir varðlínuna fyr en hver kind væri skorin niður á kláðasvæðinu sjálfu; ætluðu þeir þannig að neyða eigendur hins grunaða fjár til að skera niður allt fje sitt; jafnframt skoruðu þeir á þá, að gjöreyða öllu fje sínu, og buðu þeim aptur fjárstofn með vægu verði, svo að þeir biðu sem minnst tjón af niðurskurðinum. Á fundum, er Árnesingar hjeldu síðar um sumarið, var þetta endurnýjað, og skoruðu þeir á þingmenn Gullbringusýslu, að stefna til sameiginlegs fundar til að leita samkomulags um þessi mál; hann gjörði svo, og var fundur haldinn í Hafnarfirði 7. nóvember; umboðsmenn Árnesinga hjeldu því fast fram, að niður væri skorið, en eigendur fjárins synjuðu

og sögðu þess eigi þörf, þar eð vel mætti takast að lækna hann; náðist ekkert samkomulag og stóð allt enn við hið sama. Af öðrum fjársóttum má einkum nefna bráðasóttina; veturinn 1871—72 var hún víða allskœð, en þó einkum í Eyjafirði; veturinn 1872—73 var hún í vægasta lagi hjer um bil um allt land. Auk þessara sótta á sauðfjenaði gekk einnig ormasýki og lungnabólga í sje nyrðra, einkum í Hrútafirði. Í sveitum þeim, er harðindin gengu, voru margskonar óþrif í sauðfje, og voru þau helzt kennd fóðurskorti eða illu fóðri.

Að því er snertir nautfjárrœkt, má geta þess, að málnyta úr kúm var í minna lagi veturinn 1871—72, einkum á norðurlandi, þar eð töður reyndust mjög ljettar, er á leið veturinn; veturinn 1872—73 var hún aptur hvervetna í betra lagi, þar eð töður höfðu hvergi brakizt, en náðst grœnar og óskemmdar. Um hestarœkt er ekkert að segja; á hrossaverzlunina verður minnzt síðar.

Æðarvarp gekk hvervetna í betra lagi næstliðið ár; þess má geta hjer, að ýmsir hafa gjört tilraunir til að búa til varphólma og koma upp hjá sjer æðarvarpi, og hefur það tekizt furðanlega vel; enn fremur hafa margir bœtt og aukið æðarvarp sitt að miklum mun.

Veiðiskapur Íslendinga brást að miklu leyti næstliðið ár, einkum sjávaraflinn; eigi að síður hefur þó sjómennsku talsvert farið fram, og skipastóll verið aukinn og bœttur. Þiljuskipum hefur fjölgað að mun; hefur flestum þeirra verið haldið til hákarlaveiða, en nokkrum til þorskveiða. Sjómannaskólinn á norðurlandi var einnig haldinn næstliðinn vetur. Auk þess hafa nokkrir einstakir menn kennt ungum mönnum sjómannafrœði.

Fiskiaflinn var næstliðið ár í minna lagi í öllum veiðistöðvum. Sunnanlands hafði aflazt lítið framan af vetrinum 1871. Eptir árslok tók þar víða að fiskast, einkum í hinum innri veiðistöðvum í Faxaflóa; snemma í febrúarmánuði jókst aflinn mjög, og var nú um hríð góður afli hvervetna í flóanum, og svo og í Höfnum og Grindavík, en minni í veiðistöðvunum austanfjalls. Þegar kom fram í marzmánuð, tók aflinn aptur að rjena, en mátti þó heita allgóður til mánaðarloka; eptir það tók hjer um bil fyrir allan afla hvervetna í Faxaflóa, og var þar

fiskilanst allt til vertíðarloka. Um þær mundir er hætti að fiskast í Faxaflóa, tók að fiskast austanfjalls, og fiskaðist allvel á Eyrarbakka nokkra hríð. Þegar á allt er litið, var vertíðaraflinn hvervetna fremur lítill, og enn minni en undanfarin ár, því að bæði var hlutatala minni, og fiskurinn eigi eins vænn; hvergi brást aflinn eins gjörsamlega og í Vestmannaeyjum, og voru þar að eins 60 hæst í hlut eptir vetrarvertíðina; þar á mót voru 600 hæst til hlutar á Eyrarbakka. Vorvertíðin gekk einnig í lakara lagi sunnanlands; þó aflaðist nokkuð á Seltjarnarnesi um nokkurn tíma í júnímánuði. Í ágústmánuði aflaðist um hríð í hinum syðri veiðistöðvum í Faxaflóa, en þó varð sumaraflinn að öllu samtöldu mjög lítill sunnanlands. Á haustvertíðinni var einnig lítill afli hvervetna syðra, einkum framan af; þegar á leið vertíðina, fiskaðist þó talsvert í sumum veiðistöðvum í Faxaflóa. Undir Jökli aflaðist mjög lítið framan af vetrarvertíðinni, en nokkuð þegar á leið. Um vorið og sumarið aflaðist þar fremur lítið, en afbragðsvel um tíma um haustið. Við Ísafjarðardjúp aflaðist fremur lítið allar vertíðir. Í Hrútafirði og Miðfirði fiskaðist allvel fyrri hluta sumars, og nokkuð aptur um haustið. Við Eyjafjörð var fiskiafli fremur lítill um veturinn og vorið, en allgóður um sumarið, einkum að áliðnu sumri, í ágúst og september og fram í október; upp frá því hætti þar að fiskast; þó varð þar aptur fiskivart í desembermánuði. Á Austfjörðum var afli í betra lagi meginið af árinu; einkum fiskaðist þar vel seinni hluta sumars, í ágústmánuði og fyrri hluta septembermánaðar; þá varð hlje á aflanum um hríð, en í októbermánuði tók aptur að fiskast, og var mokfiski fram í nóvember.

Hákarlsaflinn var næstliðið ár að tiltölu miklu betri en fiskiaflinn. Sunnanlands var nokkrum þiljuskipum haldið til hákarlaveiða um vorið, og öfluðu þau allvel; í Þorlákshöfn öfluðust á einum degi í aprílmánuði 360 hákarlar, og voru þeir metnir 1800 rd. virði. Undir Jökli aflaðist nokkuð af hákarli um vorið. Við Ísafjarðardjúp og fyrir Hornströndum var allgóður hákarlsafli á þiljuskipum síðari hluta sumars. Við Eyjafjörð aflaðist hákarl fremur vel um vorið og fyrri hluta sumars. Á Austfjörðum var hákarlaflinn í langminnsta lagi.

Síldarveiði var næstliðið ár í meðallagi. Í Hafnarfirði aflaðist nokkuð í janúarmánuði. Í Eyjafirði aflaðist talsvert bæði að áliðnum vetri, en þó einkum í júní og aptur um haustið. Á Austfjörðum var síldarafli hinn bezti í ágústmánuði og fram í septembermánuð.

Lax- og silungsveiði var í bezta lagi um sumarið í öllum ám, einkum á suðurlandi.

Selafli var víða í allgóðu lagi. Í maí og í júní rak mikið af sel á Hornströndum og Melrakkasljettu. 300 selir fengust í Grímsey um sumarið.

Hvalrekar urðu allvíða næstliðið ár. Í maímánuði rak hval á Melrakkasljettu og annan í Keldhverfi; í júní rak hval í Mýrdal; í ágúst rak hval á Seltjarnarnesi; að áliðnu sumri rak einnig nokkra hvali á Austfjörðum, tvo á Seyðisfirði, einn í Norðfirði, einn í Mjóafirði og einn í Reyðarfirði; um haustið rak einnig einn hval á Hjeraðsflóa.

Trjárekar voru í minna lagi á norðurlandi, en aptur í meira lagi á suðurlandi; í Skaptafellssýslu rak allmikið af stórtrjám að áliðnum vetri, einkum í Öræfum; í Grindavík rak einnig talsvert fyrri hluta sumars. Trje þau, er rak, voru flest tilhöggvin, og ætluðu menn, að þau mundu vera timburfarmur af strönduðum skipum. Annara strandreka er eigi getandi.

Bjargfuglaveiði misheppnaðist víða, einkum í Vestmannaeyjum, og ollu því mest stormar.

Erlendir aflamenn lágu einnig við strendur Íslands að vanda næstliðið ár. Hið frakkneska fiskiveiðafjelag sendi nú miklu fleiri skip til landsins en árið áður, en þó eigi svo sem þá er mest hefur verið. Þau öfluðu í minna lagi, en þó að tiltölu miklu betur en Íslendingar; þeim hlekktist og lítið á. Næstliðið ár var minna kvartað undan ójöfnuði og yfirgangi frakkneskra fiskimanna en að undanförnu. Hinir norsku síldarveiðamenn, er lágu fyrir Austfjörðum um sumarið, öfluðu lítið af síld, en mikið af fiski. Hinn hollenzki hvalveiðamaður, er í nokkur ár hefur legið fyrir Austfjörðum, aflaði mjög lítið af hval næstliðið sumar, og gjörði ráð fyrir að hætta hvalaveiðum sínum hjer við land.

Námur á Íslandi eru fáar og er fátt af þeim að segja; þó má geta þess, að kolanáma sú, er fannst í Mýrasýslu í fyrra,

hefur enn lítt verið rannsökuð; þó hafa menn komizt að því, að þar eru regluleg steinkol, en vita eigi enn, hvort þar er mikið af þeim eða lítið; náman er nokkuð langt frá sjó, svo að tvísýnt þykir, að það muni að svo komnu borga sig að vinna hana, nema kolin sjeu því meiri Postulínsjörð hefur næstliðið ár fundizt í hver einum á Reykjanesi í Gullbringusýslu og þar í grennd; hefur hún verið send til Englands og reynzt vel til postulínsgjörðar, en eigi hefur enn verið rannsakað, hve mikil hún er eða hvort það mun vel borga sig að vinna hana.

Verzlun á Íslandi hefur mjög farið fram næstliðið ár, og eru Íslendingar nú almennt farnir að sjá, að hverjum notum verzlunarfrelsið má verða. Hin innlendu verzlunarfjelög, er reka sjálf verzlun sína, hafa mjög eflzt og þróazt, og hafa margir bœndur bundizt samtökum um, annaðhvort að ganga beinlínis í þau og taka þátt í kostnaði og ágóða, eða þá að verzla eingöngu við þau að svo miklu leyti sem unnt væri, og ef þau gætu flutt nógar vörubirgðir. Gránufjelagið hefur næstliðið ár fengið talsverðan vöxt og viðgang, og verzlun þess gengið greiðlega. Fjelagar höfðu 2 skip í förum, er þeir fengu alfermd í Kaupmannahöfn með erlenda vöru, og sendu aptur þangað hlaðin af íslenzkri vöru. Bæði fjelagsmenn sjálfir og viðskiptamenn þeirra voru vel ánœgðir með kaupin. Fjelagið bœtti mjög verðlag á vörum hjá kaupmönnum, en gaf þó fjelagsmönnum betri kaup í flestu tilliti en þeir eptir sem áður. Fjelagið efldist mjög að nýjum fjelagshlutum, einkum frá Múlasýslungum, er gengu í fjelagið með 10000 rd. Fjelagið sendi skip sitt, Gránu, um sumarið til að verzla á Raufarhöfn, Þórshöfn og Seyðisfirði, og gekk sú verzlun mjög vel. Um haustið átti fjelagið eptir vöruleifar, og byrjaði því fasta verzlun í húsum sínum á Oddeyri. Fjelagsverzlunin við Húnaflóa, sem svo er kölluð, var hætt stödd um tíma næstliðið ár og lá við að fjelagið sundraðist, sökum óánœgju við kaupstjóra þess, en það lagaðist aptur. Fjelagið fjekk vörur sínar með gufuskipi því, er hið íslenzka verzlunarsamlag í Björgvin gjörði út til Íslandsferða næstliðið sumar, og var sumt af þeim lagt upp á Borðeyri, en sumt á Grafarós; gufuskip þetta fór margar ferðir og flutti vörur til fjelagsins og frá fjelaginu með hverri ferð. Verzlunin gekk alligreiðlega um sumarið, en aptur brást

fjárverzlun, sem fjelagið hafði fyrirhugað við Englendinga um haustið, sökum fjársýki, er um þær mundir kom upp á Englandi og hepti aðflutninga á fje þangað. Á aðalfundi fjelagsins á Þingeyrum 24. júní lýsti forseti fjelagsins því, að það mundi hafa 20 af hundraði í ágóða fyrir hið umliðna ár, eða 4 ríkisdali af hverjum hlut; á fundi þessum var og ákveðið að safna um sumarið 800 nýjum hlutum (20000 rd.), og enn fremur að fá bœndur til að lofa að verzla í 5 ár eingöngu við fjelagið. Báðum þessum ákvörðunum var vel tekið af bændum; hlutir fjölguðu óðum, og fjöldi manna gekk í 5 ára samning við fjelagið, og var það því mjög til eflingar. Þess má og geta hjer, að frá Kaupmannahöfn kom prentað sendibrjef til Húnvetninga og Skagfirðinga um fjelagsverzlunina, og hvatti höfundurinn þar bæði þá og aðra Íslendinga, sem unna verzlunarfrelsi, til að halda nú sem fastast fram, leggja hluti í fjelagið, ganga í 5 ára samninginn, og ryðja með því um mammonsmusterum Gyðinganna, þ. e. bola með öllu burt verzlun hinna dönsku kaupmanna. Brjef þetta er skrifað á eldfjörugu máli, og virðist það hafa haft talsverð áhrif á marga Íslendinga. Flateyjarfjelagið á Breiðafirði sendi mann til Björgvinar næstliðinn vetur til að semja við Björgvinarmenn um verzlun við þá. Björgvinarmenn fluttu fjelaginu vörur á gufuskipi íslenzka samlagsins og tóku aptur vörur í móti. Fjelagið keypti verzlunarhús í Flatey, og byrjaði fasta verzlun; verzlun þess var mjög lítil í fyrstu, en jókst brátt, en margir Dalasýslubúar gengu í fjelagið. Reykjavíkurfjelagið komst einnig í samninga við hið íslenzka verzlunarsamlag í Björgvin, fjekk vörur með gufuskipi þess, og sendi aptur vörur með því; nú hefur það ráðið að fá sjer skip, til að hafa í förum. Auk þessara verzlunarfjelaga hafa og myndazt ýms önnur verzlunarfjelög, sem minna kveður að og lítlar sögur fara af, en geta orðið stór og merk þegar fram líða stundir.

Hið íslenzka verzlunarsamlag í Björgvin hefur enn haldið áfram verzlun sinni næstliðið ár, og aukið hana talsvert. Samlagið keypti stórt gufuskip til Íslandsferða fyrir 80000 rd., og nefndi það «Jón Sigurðsson» í sœmdarskyni við hinn ótrauða forvígismann Íslendinga. Það var hvorttveggja, að skipið bar nafn þess manns, er vinsælastur er á öllu Íslandi, enda tóku Íslendingar því fegins hugar, en hinir dönsku kaupmenn litu til

þess hörðu hornauga. Skip þetta fór margar ferðir um sumarið milli Norvegs og Íslands, og fór í hverri ferð, er það kom til Íslands, kringum land milli allra þeirra staða, er samlagið hafði verzlunarviðskipti við, en þeir voru: Reykjavík, Hafnarfjörður, Stykkishólmur, Flatey, Ísafjörður, Borðeyri og Grafarós. En hjer fór eigi svo vel sem á horfðist; verzlun samlagsins gekk að ýmsu leyti ógreiðlega, og urðu gufuskipsferðirnar því œrið kostnaðarsamar; svo kom og upp ósamþykki milli samlagsmanna; allt þetta leiddi til þess, að skipið var eigi sent til Íslands um haustið svo sem ráð var fyrir gjört, og urðu bæði fulltrúar þeirra, og eins hin íslenzku verzlunarfjelög, er höfðu viðskipti við samlagið, að sitja uppi með sláturfje og aðrar vörur, sem þá átti að senda með skipinu; það varð öllum hlutaðeigendum að miklum skaða. Eigi að síður höfðu þó gufuskipsferðir Norðmanna um sumarið unnið mikið gagn að mörgu leyti, bæði með því að greiða samgöngurnar milli verzlunarstaðanna og setja líf í verzlunina; enn fremur sýndu ferðir þessar, hve mikið gagn Íslandi getur verið að því, að gufuskip gangi í kringum landið, og að þótt það sje bundið talsverðum kostnaði, þá sje það þó eigi að síður vinnandi vegur.

Þegar á allt er litið, má kalla að næstliðið ár hafi verið góðaár fyrir Ísland í tilliti til verzlunarinnar. Kaupför komu snemma að landinu og siglingar þeirra gengu greiðlega fram og aptur um sumarið sökum veðursældarinnar; að eins 4 kaupför strönduðu við landið allt árið, eitt í maímánuði í Suðursveit eystra, og þrjú í nóvember, eitt þeirra á Bíldudal, annað á Ísafirði og þriðja á Hofsós. Vörumagn landsmanna var í mesta lagi, einkum landvaran. Aðflutningar kaupmanna voru einnig í betra lagi, og var hvergi að mun kvartað um skort á vörubirgðum, svo sem að undanförnu. Verðlag á innlendum og útlendum vörum var í bezta lagi, en þó einkum á hinni innlendu vöru; verðlag á hinum vanalegu innlendu verzlunarvörum var á kauptíð hjer um bil þannig: saltfiskur á 28 rd. skippundið, harður flakur á 32 rd. skippundið, lýsi á 26 rd. tunnan, æðardún á 7 rd. pundið, hvít ull á 64 sk. (56 sk. víðast sunnanlands) pundið, mislit ull á 40 sk. pundið, tólg á 18 sk. pundið; verðlag á hinum vanalegu útlendu vörum var á kauptíð hjer um bil þannig: rúgur á 10 rd. tunnan, baunir á 12 rd. tunnan, bankabygg á 13 rd. tunnan, kaffi á 40 sk. pund-

ið, sykur á 28 sk. pundið, brennivín á 26 sk. potturinn, neftóbak á 60 sk. pundið, munntóbak á 80 sk. pundið. Þegar verðlag þetta er borið saman við verðlagið undanfarin ár, þá má sjá, að hjer er talsverður munur til bóta; raunar hefur hin útlenda vara nokkuð hækkað í verði, en hin innlenda vara hefur að tiltölu hækkað meira; þess ber og að gæta, að hin útlenda vara, sem mest hefur hækkað, er kaffi og brennivín, sem eigi er nein nauðsynjavara og hægt er að spara, en hin innlenda vara, sem mest hefur hækkað, er ullin, sem er aðalvaran hjá öllum þorra landsmanna. Það er eptirtakanlegur munur, sem var á ullarverðinu á suðurlandi og annarstaðar á landinu næstliðið ár; hann hefur að líkindum komið af því, að fyrir austan, norðan og vestan hafa verzlunarfjelögin bætt verðið, en ef til vill ekki sízt af því, að sunnlendingar hafa miður vandað ullarverkun sína.

Sala á sauðfje, nautpeningi og hestum hefur verið fremur lítil undanfarin ár, en næstliðið ár fór hún mjög í vöxt. Skozkir fjárkaupmenn og hrossakaupmenn föluðu hverveina sauðfje, naut og hesta, og hjeldu markaði við bœndur víða um land, einkum á Rangárvöllum, í Borgarfirði, Skagafirði og á Austfjörðum; buðu þeir hærra verð fyrir allan fjenað en fyr hefur heyrzt á Íslandi: 10—12 rd. fyrir fullorðinn sauð, 8—9 rd. fyrir geldar ær og 6—7 rd. fyrir veturgamalt fje; 70—80 rd. fyrir meðalnaut, 60—70 rd. fyrir kýr í lakara lagi, og 50—60 rd. fyrir tarfa og ungneyti; 70—100 rd. fyrir unga og góða hesta, 50—70 rd. fyrir miðaldra áburðarhesta og stóðmerar, og 30—40 rd. fyrir tryppi og gamla klára. Margir ljetu ginnast á hinu háa verði, einkum er peningar voru boðnir út í hönd, og seldu meira af fjenaði, en þeir máttu missa, einkum af hestum; sumstaðar var sagt að bœndur hefðu rekið alla hesta sína til markaðar, og orðið að ganga heim aptur; eptir markaði þessa varð og víða örðugt með heyföng og alla aðflutninga sökum hestafæðar; sumir seldu einnig stóðmerarnar og förguðu öllum hestastofni sínum; minni skaða gjörðu menn sjer með sauðfjársölunni og nautasölunni, með því að flestir seldu það eitt af því, er þeir máttu vera án. Eigi er hægt að segja, hversu mikið hefur verið flutt utan af fjenaði af öllu landinu, en frá Reykjavík einni til Granton á Skotlandi voru flutt nálægt 3000 sauðfjár,

allt að 400 nautgripa, og hjer um bil 3500 hrossa. Gufuskip voru á ferðinni því nær allt sumarið milli Granton og Reykjavíkur til gripaflutninga þessara, og komu þau stundum við á Austfjörðum. Þó að gripasala þessi hafi orðið einstökum mönnum og ef til vill einstökum sveitum að tjóni, þá er það ó-efað, að hún hefur orðið þeim velmegunarvegur, er seldu hyggilega, og hagur fyrir landið í heild sinni. Á peningaeklunni, sem að undanförnu hefur legið svo þungt á, hefur mikið minna borið næstliðið ár, og er það efalaust nokkuð að þakka gripasölunni, því að fyrir selda gripi hefur á árinu komið inn í landið svo hundrað þúsundum ríkisdala skiptir.

Um innanlandsverzlunina er fátt að segja. Þó má geta þess, að sauðfjársala hjeraða í milli var í minna lagi. Það hefur verið altítt, að sjávarbœndur og kaupstaðabúar á suðurlandi hafa á haustin keypt sauðfje af sveitabœndum til að leggja í bú sitt. Nú höfðu sveitabœndur þeir, er vanir voru að selja fjeð, bundizt samtökum um það, að láta enga sauðkind inn á hið grunaða kláðasvæði, en á því svæði eru margar sjávarsveitir sunnanlands og kaupstaðirnir Reykjavík, Hafnarfjörður og Keflavík. Sveitamenn hjeldu samtökin að miklu leyti, og næstliðið haust var mjög lítið um fjársölu hjá því sem vant er að vera. Fjártaka hjá kaupmönnum syðra var einnig í minnsta lagi.

Til þess að bœta samgöngur manna í milli var mjög lítið gjört næstliðið ár. Að vegabótum kvað mjög lítið; hin helzta vegabót, er gjörð var, var stígur gegnum Hafnarfjarðarhraun, er áður var mjög illt yfirferðar; þessa vegabót gjörðu Hafnfirðingar á eiginkostnað og með frjálsum samskotum. Þess má og geta hjer, að Rangvellingar og Árnesingar tóku saman ráð sín um að leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá með frjálsum samskotum landsmanna; það er stórkostlegt fyrirtœki og verður til ómetanlegs hagnaðar fyrir þá, er sœkja eiga yfir stórár þessar, ef það tekst; áætlun um kostnaðinn er enn þá eigi fengin. Samgöngur innanlands á sjó voru í greiðasta lagi, þar sem gufuskip Björgvinarmanna fór svo opt um sumarið milli margra hafna; fjöldi manna tók sjer far með hverri ferð, og sparaði það mörgum mikinn ferðakostnað, þar sem landferðir í fjarlœg hjeruð eru svo örðugar og

kostnaðarsamar; ferðir þessar ljettu og mjög fyrir öllum vöruflutningi og öðrum sendingum milli hafna þeirra, er skipið fór í milli. Það kom til orða næstliðið ár, að leggja frjettaþráð (telegraff) yfir Ísland, og í því skyni voru dönsk herskip látin kanna hafið fyrir sunnan land, og gjöra áætlun um, hvar hentugast mundi að leggja hann. Eigi er enn kunnugt, hvern árangur rannsóknir þessar höfðu, eða hvað máli þessu líður. Það er auðsætt, hve ómetanlegt gagn Íslandi yrði að slíku, ef það kœmist á, ekki sízt í verzlunarefnum, því að þá fyrst mundu Íslendingar geta rekið sjálfir verzlun sína með fullu afli; en meðan frjettaþráður kemst eigi á, þá geta þeir eigi haft nógu greið viðskipti við skiptamenn sína erlendis, og eigi nógu fljótt fengið fregnir af, hvernig verzlun hagar og verðlag breytist þar á hverjum tíma.

Þegar litið er á verzlun Íslendinga næstliðið ár, þá verður eigi annað sagt, en að hún hafi verið allblómleg, og er það ólíkt því, er var fyrir nokkrum árum; margt stendur að vísu enn til bóta í þeim efnum sem öðrum, en hjer er þó veruleg framför; á hin færandi fjelagsverzlun góðan þátt í því. Sumir Íslendingar eru mótfallnir hinni færandi fjelagsverzlun og álíta hana gagnslausa, þar eð þeir hyggja, að þegar stundir líða fram, muni sœkja í sama horf sem áður, og verzlunin komast öll í hendur einstakra manna, er þá leggi nýja einokun á; en þó að svo yrði, þá hefur þó verzlun þessi komið Íslendingum á þann rekspöl, að varla er unnt, að þeir gætu þolað slíkt til lengdar upp frá þessu.

Iðnaði landsmanna hefur nokkuð þokað áfram næstliðið ár, en varla svo, að í frásögur sje færandi. Húsagjörð, skipagjörð, smíðar, hannyrðir o. s. frv. hafa tekið nokkrum bótum. Ýms ný verkfœri og áhöld til iðnaðar hafa verið fengin frá öðrum löndum; þar til má nefna skozka ljái, er víða hafa verið fengnir og hafðir á greiðfœr tún og engjar; til þess má og telja vatnsveitingarmylnu þá, er fyr var getið. Geta má og þess, að maður einn á Austfjörðum, að nafni Jónas Símonarson, smíðaði sjálfur vatnsveitingavjel af hugviti sínu. Á hina norrœnu iðnaðarsýningu, er haldin var í Kaupmannahöfn næstliðið sumar, voru ýmsir íslenzkir munir sendir til sýningar, og þóttu margir þeirra vel vandaðir; sjer-

staklegt lofsorð fengu þó engir Íslendingar fyrir iðnað sinn, nema Helgi Magnússon, óðalsbóndi í Birtingaholti, fyrir ágæta tólgarverkun, Kristinn bóndi Magnússon í Engey fyrir ágæta æðardúnsverkun, og frú Guðrún Stephensen og fröken Þórunn Stephensen í Reykjavík fyrir fallega og vel gjörða íslenzka kvennbúninga.

Menntun.

Merkur maður hefur sagt það um Íslendinga í tilliti til menntunar þeirra, að þeir hefðu ríkan þjóðaranda, en ekki tíðaranda; þetta á mjög vel við og lýtur til þess, að menntun þeirra er í eðli sínu þjóðleg og styðst á gömlum merg, en fylgir eigi að því skapi tímanum og verður eigi fyrir jafnmiklum áhrifum af hinni nýrri heimsmenntun sem menntun margra annara þjóða. Eptir því sem samgöngurnar hafa smámsaman greiðzt og frjáls viðskipti við erlendar þjóðir farið í vöxt, eptir því hafa áhrif þessi eigi að síður orðið meiri og optast til bóta. Enn sem komið er miðar menntun Íslendinga þó svo hægt áfram, að lítils gætir á einu ári, og þó að framfarirnar sjeu jafnan nokkrar, er það fátt í þeim efnum, er sje í frásögur færandi.

Að því er snertir bókvísi Íslendinga, þá má geta þess, að einar 2 prentsmiðjur eru á öllu landinu, og er lítið prentað í báðum; þar á mót eru jafnan nokkrar íslenzkar bækur árlega prentaðar í Kaupmannahöfn. Næstliðið ár var gjörð tilraun til að stofna nýja prentsmiðju í viðbót við hinar 2, en sú tilraun fórst fyrir. Því var þannig háttað, að fyrverandi yfirdómari Benedikt Sveinsson ætlaði að setja prentsmiðju á heimili sínu að Elliðavatni; safnaði hann talsverðum samskotum til hennar, einkum í Árnessýslu. Þegar allt var fengið, er þurfti til prentsmiðjunnar, fór Benedikt sjálfur utan og setti á meðan fyrir hana ritstjóra Jón Ólafsson; Jón tók þegar að prenta og sendi út frá prentsmiðjunni blað eitt, er hann kallaði «Smávegis», en

þá lögðu yfirvöldin bann gegn prentuninni, með því að leyfi stjórnarinnar hafði eigi verið fengið til að stofna prentsmiðjuna; sat svo við það sem komið var.

Af frjettablöðum komu 4 út næstliðið ár. 3 þeirra (Þjóðólfur, Norðanfari og Tíminn) voru hin sömu og árið áður, en eitt var nýtt. Gangleri, er kom út á Akureyri undanfarið ár, hætti nú að koma út, en í hans stað byrjaði Göngu-Hrólfur að koma út í Reykjavík; ritstjóri þess blaðs er Jón Ólafsson, er fyrrum var ritstjóri Baldurs. Sú breyting varð á blaðaskipuninni, að næstliðið ár voru 3 af blöðum þessum gefin út í Reykjavík, en eitt á Akureyri, þar sem árið áður höfðu 3 blöð verið gefin út á Akureyri, en að eins eitt í Reykjavík. Öll þessi blöð eru lítil og hafa eigi marga kaupendur, en þrátt fyrir það mundu þau eigi geta unnið lítið gagn, ef efni þeirra væri betur vandað og því betur hagað eptir stærð þeirra. Það spillir og mjög gagni því, er þau gætu gjört, að sendingar þeirra ganga svo ógreiðlega og optlega með vanskilum; en nú er von, að slíkt batni, er hinar nýju póstgöngur komast á.

Tímarit þau, er út komu næstliðið ár, voru framhald af sömu ritum, sem út komu árið áður. Í Heilbrigðistíðindum doktors Jóns Hjaltalíns voru, auk skyndifrjetta um heilsufar og ýmsra ritgjörða um heilbrigðismál og lækningar, einnig nokkrar fróðlegar ritgjörðir, er lúta að náttúruvísindum. Í Tímariti yfirdómara Jóns Pjeturssonar voru ýmsar fræðandi ritgjörðir um forn skjöl, lög og dóma o. s. frv., mjög þjóðlegar, en eigi að síður nokkuð þungar fyrir alþýðu manna. Í Nýjum Fjelagsritum var ritgjörð um lagaskóla á Íslandi, eptir stúdent Björn Jónsson; sýndi höfundurinn þar með skýrum og ljósum rökum, hver nauðsyn bæri til, að koma á lagaskóla á landi hjer, og gjörði jafnframt grein fyrir, hvernig honum mætti bezt fyrir koma. Þar var og ágæt ritgjörð um verzlunarsamtök eptir Jón Sigurðsson, og ennfremur ritgjörð, er nefnd var prjónakoddi stjórnarinnar, eptir sama höfund; þeirrar ritgjörðar er fyr getið. Þar voru enn fremur kvæði eptir skáldin Matthías Jokkumsson og Steingrím Thorsteinson, sum frumkveðin, en sum þýdd eptir fræg erlend skáld. Í Gefn Benedikts Gröndals eru ýmsar fræðiritgjörðir, einkum um norræna fornfræði, og sömuleiðis ýms kvæði eptir hann sjálfan.

Af öðrum bókum, er komið hafa út á íslenzku næstliðið ár, eru fáar teljandi, en þó skal geta hinna helztu: 1, Nýja sagan, eptir Pál Melsted, (fyrri partur þriðja heptis), gefin út í Reykjavík af hinu íslenzka bókmenntafjelagi; bók þessi hefur áunnið sjer almennings lof, og þykir einkum snilldarverk að liprum frásagnarstýl og fögru máli. 2, Kennslubók í goðafræði Grikkja og Rómverja eptir Stoll, þýdd á íslenzku af Steingrími Thorsteinson og gefin út í Kaupmannahöfn af hinu íslenzka bókmenntafjelagi; þessi bók hefur fyllt skarð í bókmenntum vorum, þar sem engin goðafræði hefur áður verið til á íslenzka tungu; bók þessi hefur fengið álit erlendis, og hin íslenzka þýðing er mjög vönduð, og skarar fram úr flestum þýðingum að mállegri fegurð. 3, Varabálkur eptir Sigurð Guðmundsson frá Heiði í Skagafirði (Akureyri); bók þessi er mestmegnis heilræði í ljóðum; þau eru kveðin af gömlum bónda og þykja heldur vel kveðin. 4, Ljóðmæli Kristjáns Jónssonar (Reykjavík); mörg af kvæðum þessum eru frábær að djúpum hugsunum og næmum tilfinningum í fögrum og skáldlegum búningi, en á bak við liggur víða myrk og eyðileg lífsskoðun, er efast um allt, trúir engu, vonar einskis, skoðar lífið sem dauða, og tilveruna sem ekkert. Jafnvel þótt þessi skuggalega lífsskoðun hafi fælt margan mann frá kvæðum þessum, eru þó sum þeirra talin með hinu bezta, er kveðið hefur verið á íslenzkri tungu. 5, Nýársnóttin, leikur eptir Indriða Einarsson (Akureyri); leikur þessi hefur nýja stefnu í skáldskap Íslendinga, þar sem þjóðtrúin er þar að öllu leyti lögð til grundvallar, sem áður hefur aldrei verið í íslenzkum skáldskap. Þar er álfalífinu lýst mjög vel frá einni hlið. Frágangurinn á skáldriti þessu er miður vandaður, en margt í því ber vott um mikla skáldskaparhæfilegleika hjá höfundinum, sem er ungur maður og hefur eigi fyr látið til sín heyra. 6, Mannamunur, skáldsaga eptir Jón Mýrdal (Akureyri). Skáldsögur eru slík fágæti í íslenzkum bókmenntum, að það er meir en meðalnýlunda, þegar einhver þeirra kemur út, þótt hún sje sjálf varla í meðallagi; að því er snertir skáldsögu þessa, þá er hún að mörgu leyti vel samin og er fremur til prýði en vansa í vorum fátæku bókmenntum. — Þessar bœkur, er hjer hafa verið taldar, eru hinar helztu, er komið hafa út á íslenzku næstliðið ár, auk hinna árlegu skýrslna og tíðinda, er eigi teljast meðal bókmennta í eiginlegum skiln-

ingi. Þar að auk hafa enn fremur verið gefnir út nokkrir smákveðlingar, harðla óvandaðir að efni og sniði; þeirra er í sjálfu sjer naumlega getandi, en þó er eigi rjett að hlaupa yfir þá að öllu leyti, með því að það eru þeir, er alþýða manna helzt kaupir, helzt les og helzt leitar sjer menntunar í; slíkt er sorglegur vottur um menntunarskort og spillta fegurðartilfinningu hjá almenningi, og það því fremur sem það er einmitt þesskonar skáldskapartegund, er Íslendingar hafa helzt getað talið sjer til gildis í bókmenntum sínum gagnvart bókmenntum annara þjóða.

Hið íslenzka bókmenntafjelag hefur auk bóka þeirra, er fyr var getið, gefið út frjettaritið Skírni 1871—72 eptir Eirík Jónsson, tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1871, og skýrslur og reikninga fjelagsins. Fjelagsmenn þeir, er tillög greiða, voru 10. maí 722 og var það 29 fjelagsmönnum fleira en um sama leyti árið 1871.

Lestrarfjelög í sveitum hafa víða verið lögð niður, en aptur hafa ný verið stofnuð á einstöku stöðum.

Bókasöfn Íslendinga hafa öll nokkuð aukizt næstliðið ár, en skýrslur vantar um flest þeirra. Stiptsbókasafnið í Reykjavík jókst lítið að öðru en því, að það fjekk 500 bindi, er Þorgeir Guðmundsson, prestur í Nysted á Lálandi († 1871), hafði látið því eptir sig. Nú sem stendur er eigi unnt að segja, hve margar bækur safnið á, og eigi heldur bókasafn latínuskólans.

Forngripasafninu í Reykjavík hafa næstliðið ár bæzt 48 forngripir, og við árslok átti það að öllu samtöldu 917 gripi. Með fjegjöfum hefur safnið ekkert verið styrkt næstliðið ár.

Að því er snertir skólamenntun Íslendinga, má geta þess, að hún hefur farið vaxandi næstliðið ár. Á tveim stöðum voru stofnaðir reglulegir barnaskólar. Annar þeirra var stofnaður í Gerðum í Rosmhvalaneshrepp, fyrir tilstuðlun prestsins þar, Sigurðar Sivertsens að Útskálum, en hinn á Brunnastöðum í Strandarhrepp (Vatnsleysustrandarhrepp) fyrir tilstuðlun prestsins þar, Stefáns Thorarensens að Kálfatjörn. Á báðum þessum stöðum voru reist skólahús. Kennarar voru fengnir til skóla þessara, og kenndu þeir þar börnum um veturinn (1872—73) lestur, skript, reikning, kristindóm o. s. frv. Enn fremur hafa verið haldnir skólar nokkurn tíma vetrarins í sumum sjávarsveitum, en eigi með reglulegu skólafyrirkomulagi.

Í barnaskólanum í Reykjavík voru næstliðinn vetur yfir 90 börn. Hinn fyrirhugaði barnaskóli á Hvaleyri við Hafnarfjörð, er Þórarinn prófastur Böðvarsson í Görðum á Álptanesi hefur ætlað að stofna og gefið til jarðina Hvaleyri, hefur enn eigi komizt á sökum fjeleysis. Alþýðuskólinn á Borðeyri hefur heldur eigi orðið notaður sökum fjeleysis. Fyrirlestrar þeir fyrir alþýðu manna, er haldnir voru í Reykjavík vetrinn 1871—72, hafa nú eigi orðið haldnir aptur sökum húsnæðisleysis.

Við latínuskólann í Reykjavík varð sú breytinng næstliðið ár, að rektor skólans, Jens Sigurðsson, dó í öndverðum nóvembermánuði, en yfirkennari Jón Þorkelsson var skipaður í hans stað. Enn fremur var og kandídat Steingrímur Thorsteinson settur fastur kennari í stað Jónasar Guðmundssonar, er sótti burtu frá skólanum. Í byrjun skólaársins 1871—72 voru lærisveinar 65 að tölu; einn þeirra dó, 8 útskrifuðust, og 4 fóru úr skóla á annan hátt; aptur komu 13 í skólann á því tímabili, svo að við árslok 1872 voru lærisveinar 65 að tölu. Af þeim, sem útskrifuðust, fjekk að eins einn fyrstu einkunn, en hinir aðra einkunn.

Læknaskólakennslu í Reykjavík nutu 5 stúdentar veturinn 1871—72; af þeim tóku 3 embættispróf næstliðið sumar, og fengu þeir allir aðra einkunn; einn bættist aptur við um haustið, svo að um árslok voru þar 3 stúdentar að nema læknisfræði.

Prestaskólinn í Reykjavík hefur næstliðið ár fengið meiri aðsókn, en nokkurn tíma áður, og hafa aldrei jafnmargir stúdentar gengið á hann. Í byrjun skólaársins 1871—72 voru á honum 15 stúdentar; af þeim dó einn um veturinn, en 6 útskrifuðust um sumarið. 9 bættust við um haustið, og einn um miðjan vetur, svo að í árslok voru þar 18 stúdentar. Við embættisprófið fengu 3 af stúdentum fyrstu einkunn, en 3 aðra einkunn. 7 stúdentar tóku um vorið próf í heimspeki við prestaskólann, og fengu 4 þeirra fyrstu einkunn, en 3 aðra einkunn; einn þeirra var stúdent í læknisfræði.

Við háskólann í Kaupmannahöfn stunduðu nokkrir íslenzkir stúdentar heimspeki, guðfræði, lögfræði, læknisfræði og málfræði næstliðið ár. Próf í heimspeki tóku 2, en embættispróf í læknifræði 1.

Málefnið um stofnun kvennaskóla þess, sem um er getið í frjettum fyrra árs (1871), lá að mestu leyti í þagnargildi næstliðið ár; þó gáfu lærisveinar hins lærða skóla í Reykjavík og fáeinir aðrir menn nokkuð til þessarar fyrirhuguðu stofnunar, og var það síðan sett á vöxtu í sparisjóðinn í Reykjavík. Nú sem stendur á stofnun þessi hjer um bil 130 rd. á vöxtum. Þótt lítill áhugi hafi enn sýnt sig hjá landsmönnum á þessu fagra fyrirtæki, er vonandi, að hann vakni og sýni sig framkvæmdarsaman í verki.

Þess skal að síðustu geta, að ferðir útlendinga um Ísland hafa mjög farið í vöxt næstliðið ár. Það er vottur þess, að útlendar þjóðir eru farnar að láta sig land vort meiru skipta en lengi hefur verið, enda hefur þekking á landinu og hinum fornu þjóðháttum og bókmenntum Íslendinga mjög aukizt meðal erlendra þjóða hin síðustu ár. Ferðir þessar eru að mörgu leyti hagur fyrir Íslendinga; því að auk þess sem þær veita ýmsum góða atvinnu, þá hafa þær einnig talsverð menntandi áhrif á þjóðina, eða að minnsta kosti þá, er ferðamenn komast í kynni við og hafa viðskipti við; einnig auka þær að ýmsu leyti kunnugleik annara þjóða á landinu, þar sem ýmsir af ferðamönnum skrifa og gefa út ferðabœkur sínar, er þeir koma heim aptur; að vísu líta ýmsir þeirra margt með skökkum augum, misskilja margt og bera landi og landsbúum eigi sannar sögur, en slíkt er venjulega hrakið eða leiðrjett eptir því sem á stendur. Meðal þeirra erlendra ferðamanna, er ferðuðust um Ísland næstliðið ár, má nefna Burton kaptein, sem ferðazt hefur víðsvegar um heim og er frægur orðinn af ferðum sínum. Hann ferðaðist víða um suðurland, austurland og norðurland, og þótti lítt koma til lands og þjóðar. Þá er hann var utan farinn, ritaði hann greinir nokkrar um Ísland í enskum blöðum, og bar landsbúum illa sögunа. Eiríkur Magnússon, bókavörður í Cambrigde, ritaði í móti greinum þessum og hrakti þær, og sömuleiðis aðrir fleiri; þar á meðal enskur maður, að nafni Milne, er ferðazt hafði hjer um land um sumarið 1871. Flestir aðrir útlendinga þeirra, er hjer ferðuðust, ljetu vel yfir ferð sinni og lofuðu bæði land og lýð.

Ritað í marzmánuði 1873.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1873,

EPTIR

VALDIMAR BRIEM,

PREST AÐ HREPPHÓLUM.

ÚT GEFNAR

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. EINAR ÞÓRÐARSON.

1874

YFIRLIT EFNISINS.

LANDSTJÓRN ..... 1.—19. bls.
ATVINNUVEGIR ..... 19.—28. —
MENNTUN ..... 28.—33. —

Landstjórn.

Árið 1873 mun jafnan verða minnisstætt í stjórnarsögu landsins, bæði sökum hreyfinga þeirra, er þá komu fram hjá þjóðinni, og sömuleiðis sökum úrslita þeirra, er stjórnarmálið þá fjekk á alþingi. Raunar er enn eigi ljóst, hverja þýðingu þessir atburðir kunna að hafa fyrir land vort framvegis, en þó má ætla, að slíkt kunni að leiða til tíðinda nokkurra, þegar fram líða stundir.

Óánœgja sú, er lengi hefur ríkt hjá landsmönnum bæði yfir stjórnarfyrirkomulaginu í heild sinni og yfir einstökum stjórnarathöfnum, hefur mjög farið vaxandi nú hin síðustu ár, en aldrei hefur hún orðið jafnalmenn, jafnmegn, eða lýst sjer jafnberlega sem næstliðið ár. Það sem olli því, að óánœgja þessi hefur nú orðið meiri og komið berlegar fram en nokkru sinni fyr, virðist annars vegar hafa verið vaxandi einræði stjórnarinnar, en hins vegar vaxandi sjálfsmeðvitund þjóðarinnar. Þess er getið í fyrra árs frjettum, hversu lítinn árangur tillögur alþingis 1871 höfðu hjá stjórninni, bæði í stjórnarmálinu og öðrum málum, er þingi og þjóð þóttu miklu varða. Í stað þess, að veita landinu frjálslega stjórnarskrá, er sniðin væri eptir frumvarpi því, er alþingi hafði samið, tók stjórnin það ráð, að leggja málið fyrir, en gjörði þar á mót breytingu á umboðsvaldinu, með því að stofna nýtt landshöfðingjadœmi yfir Íslandi. Í hinum öðrum málum, er þingið hafði haft til meðferðar, fór stjórnin líkt að; þau lög, er þingið hafði ráðið frá að gefa út, voru gefin út; þau lög, er þingið hafði ráðið til að breyta, komu út að miklu leyti óbreytt; þau lög, er þingið hafði ráðið til að fresta, komu út skömmu síðar. Öllum þessum málalokum kunnu landsmenn mjög illa, og þótti þeim það œrið gjörræði af stjórninni, að meta þannig að engu vilja þings og þjóðar, en stofna ný embætti, gefa út ný lög og leggja á nýjar álögur að eins eptir eigin geðþótta. Þar við bœttust og ýmsar aðrar stjórnarathafnir, er mönnum þótti miður fara, og urðu þær til þess að auka á óánœgjuna, og það því meir, sem þær komu fleiri. Blöðin spöruðu eigi heldur að blása að kolunum og ala eldinn, með því iðulega að brýna fyrir mönnum, hversu hart og óþyrmilega þeir væru leiknir af hinni dönsku stjórn; en það var þó eigi eingöngu stjórnin, er þau ljetu bytna á reiði sína, heldur einnig ýmsir hinna œðstu embættismanna landsins, er stjórninni voru meðmæltir, einkum hinir konungkjörnu þingmenn og aðrir úr minni hluta þingsins 1871; þeim var gefið að sök, að þeir af eigingirni og öðrum illum hvötum hefðu skorizt úr leik, og gengið í lið með mótstöðumönnum þjóðarinnar, og vildu selja hana í ánauð útlendra manna. Fremstur í flokki þeirra, er slíkar sakargiptir báru fram, var Jón Ólafsson, ritstjóri blaðsins Gönguhrólfs; í blaði sínu fór hann hinum

hörðustu og hæðilegustu orðum um stjórnina, landshöfðingja og hina æðri embættismenn, og bar þeim á brýn hina verstu klæki. Svo sem við mátti búast, hófust af þessu málssóknir, en þær urðu eigi til annars en að auka æsingarnar enn meir. Einna mest kvað að æsingum þessum í Reykjavík, og var þar mikill flokkadráttur meðal bœjarbúa; hinn 1. dag aprílmánaðar, þá er hið nýja landshöfðingjadœmi fjekk gildi, og aptur hinn 8. dag hins sama mánaðar, á afmælisdag konungs, bar þar mest á æsingum þessum, og lá við óspektum; en eigi varð þó annað úr, en nokkrar ómerkilegar skrá-veifur, er sögur eru varla af gjörandi.

En miklu alvarlegar lýsti óánœgja landsmanna sjer á ýmsan annan hátt. Sú skoðun hafði nokkrum sinnum komið í ljós í blöðunum, að hjer á landi væri eigi unandi lengur sökum yfirgangs og ójafnaðar Dana, og að það mundi nú vera ráðlegast fyrir Íslendinga, að gjöra að dœmi forfeðra sinna, er stukku úr landi fyrir ofríki Haralds konungs hins hárfagra og leituðu vestur um haf. Þessi skoðun virðist hafa rutt sjer til rúms sumstaðar, einkum á norðurlandi, og hafa menn þar hópum saman tekið sig upp og flutt sig til Ameríku; margt getur annað borið til flutninga þessara en óánœgja með stjórnarhagi landsins, en margir hafa beinlínis látið það í ljós, að sjer gengi eigi annað til en óstjórn sú, er hjer sje, og ótti við afleiðingar hennar. Annar alvarlegur vottur um óá-nœgju landsmanna með aðgjörðir stjórnarinnar hefur einnig að nokkru leyti lýst sjer í bindindisfjelögum þeim, er víða hafa verið stofnuð. Þá er stjórnin var búin að gefa út lögin um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, þvert á móti tillögum alþingis, tóku menn að tala það, að nú væri snjallast að hætta öllum ölfangakaupum, þar eð stjórnin tœki annars allan tollinn, og fœri með svo sem henni sjálfri sýndist, án þess að Íslendingar fengju þar nokkru um að ráða, eða hefðu þar nokkur not af. Eitt af bindindisfjelögum þeim, er stofnuð voru, er bindindisfjelagið í Reykjavík; í lögum þess er svo fyrir mælt, að bindindi þetta skuli standa þar til er Ísland hafi fengið fjárforræði.

Það er kunnugt, að minni hluti alþingis 1871 hafði opinberlega lýst yfir við konung, að skoðanir þær, er komið höfðu fram hjá meiri hluta alþingis, að því er snerti stjórnarmálið, væru alls eigi samkvæmar vilja þjóðarinnar. Yfirlýsingu þessari undu landsmenn mjög illa, og þótti þeim nauðsyn til bera, að hrinda af þingmönnum ámæli þessu og láta skýrt og skorinort í ljós, hver væri vilji þjóðarinnar. Þetta hugðu menn að bezt mundi verða með því að halda frjálsan allsherjar þjóðfund; lá þetta þó niðri um hríð, þar til er leið að næsta þingi; þá tóku landsmenn sig saman um, að halda nú, áður en alþingi kœmi saman, almennan þjóðfund til að undirbúa hin helztu áhugamál sín, einkum stjórnarmálið, í hendur alþingi, og sýna, hver væri vilji sinn í því efni. Halldór Friðriksson skóla-kennari stefndi til fundarins í öllum hjeruðum landsins, og ákvað fundar-stað á hinum forna alþingisstað Íslendinga, á Þingvöllum við Öxará, en fundardag hinn 26. dag júnímánaðar. Í öllum hjeruðum voru haldnir

hjeraðafundir um vorið, til að ræða hin merkustu mál, og rita um þau áskoranir til þings og þjóðfundar. Fundir þessir voru alstaðar allvel sóttir, og sumstaðar mjög fjölmennir. Hið helzta, er rætt var á fundum þessum, var, sem nærri má geta, stjórnarbótarmálið, og lýsti sjer hinn mesti áhugi á því máli á öllum fundunum; mjög varð þar tíðrætt um hið bága stjórnarástand landsins og yfirgang þann, er landsmenn yrðu að þola, og svo um það, hvernig yrði ráðin bót á slíku; en allt fór þar fram með góðri reglu og stillingu, og varð eigi vart við neinar œsingar eða óspektir. Á fundum þessum kusu landsmenn tvo menn úr hjeraði hverju til að vera fulltrúar þeirra á þjóðfundinum, og seldu þeim í hendur ávörp og bœnarskrár bæði til þjóðfundarins og alþingis, viðvíkjandi stjórnarbótarmálinu og öðrum áhugamálum sínum.

Þjóðfundur Íslendinga var settur fimmtudaginn 26. dag júnímánaðar á Þingvöllum svo sem á hafði verið kveðið. Voru þar komnir 2 þjóðkjörnir fulltrúar úr flestum kjördœmum landsins; úr 3 kjördœmum kom að eins einn fulltrúi, og úr einu enginn; alls voru hinir kjörnu fundarmenn 36 að tölu. Auk þeirra voru þar við staddir margir alþingismenn og fjöldi annara manna, einkum úr Reykjavík og hinum nálœgustu sveitum. Svo er sagt, að í byrjun fundarins væru þar saman komnir nálœgt 120 manna, en þá er flest var, nær 300 manna.

Svo var um búið á fundarstaðnum, að tjald eitt mikið var reist, sunnan til á völlunum, skammt þaðan er Öxará rennur ofan úr Almannagjá; tjald þetta var gjört fyrir samskot Reykvíkinga og ætlað til fundarhalds á Þingvöllum. Meðfram tjaldveggjunum innanverðum var hlaðinn setubekkur úr grjóti, og þar fyrir innan voru reist löng borð handa fundarmönnum, en í miðju tjaldinu var eitt borð minna, handa skrifurum. Há stöng stóð upp af tjaldinu, og blakti þar á eitt af merkjum Íslands, en það var hvítur fálki á bláum feldi; mynd af fálka á hvítum feldi var og dregin upp inni í tjaldinu yfir öndvegi.

Halldór skólakennari Friðriksson, þingmaður Reykvíkinga, setti fundinn að dagmálum með tölu; fór hann þar nokkrum orðum um tilgang og ætlunarverk fundarins, og minntist þess jafnframt, að nú væru 25 ár síðan hinn fyrsti þjóðfundur Íslendinga hefði verið haldinn á Þingvöllum. Þegar er fundurinn var settur, lögðu fundarmenn fram kjörbrjef sín, og þóttu þau öll góð og gild. Þá var gengið til formannskosninga, og var Jón Guðmundsson, ritstjóri Þjóðólfs, í einu hljóði kjörinn formaður á fundinum, en Benedikt Kristjánsson, prófastur frá Múla, varaformaður. Þá voru kosnir til skrifara fundarins prestarnir Páll Pálsson frá Prestsbakka og Þorvaldur Stefánsson frá Hvammi. Því næst var því hreyft, hvern þátt ókjörnir menn, þeir er við voru staddir, gætu átt í fundargjörðunum; eptir nokkrar umrœður var svo ákveðið, að kjörnir menn einir skyldu hafa atkvæðisrjett, en allir fundarmenn málfrelsi.

Eptir það lagði formaður fram 19 bœnarskrár um stjórnarbótarmálið úr allflestum hjeruðum landsins; 8 af þeim voru stílaðar beinlínis

til fundarins, en hinar 11 til alþingis, og voru þær fengnar fundinum til álita. Allar þessar bœnarskrár lýstu megnri óánœgju yfir stjórnarástandi því, er nú er á Íslandi, og kváðu alla aðferð stjórnarinnar gagnvart Íslandi mjög óeðlilega og gagnstœða rjettindum og þörfum þjóðarinnar; einkum tóku þær fram óánœgju sína með lögin 2. jan. 1871 um stöðu Íslands í ríkinu, og sömuleiðis með hið nýstofnaða landshöfðingjadœmi, er hvorttveggja væri þvert á móti ráðum alþingis og óskum þjóðarinnar. Margar af bœnarskrám þessum skoruðu á fundinn að semja nýtt frumvarp til stjórnarskrár, og senda það konungi til staðfestingar; fóru sumar þeirra fram á það, að það yrði gjört að undirstöðuatriði í þeirri stjórnarskrá, að Íslendingar skyldu eigi standa í neinu öðru sambandi við Dani en að þeir hefðu hvorirtveggja hinn sama konung. Allar bœnarskrárnar gjörðu kröfu til fullkomins jafnrjettis við Dani, og flestar þeirra tóku fram, að ef það ekki fengist, þá skyldi biðja konung um að kveðja til þjóðfundar í landinu sjálfu með fullu samþykktaratkvæði, samkvæmt kosningarlögunum 1849, og leggja fyrir hann nýtt frumvarp til stjórnarskrár. Enn fremur ljetu sumar bœnarskrárnar í ljós þá ósk landsmanna, að þingið mótmælti öllum nýjum skatta- og tollaálögum, og eyddi sem minstum tíma og kostnaði til þingmálanna.

Til þess að rœða bœnarskrár þessar var kosin 9 manna n e f n d. Nefnd þessi kom sjer saman um að búa til n ý t t f r u m v a r p t i l s t j ó r n a r s k r á r, og afhenti hún fundinum það daginn eptir ásamt áliti sínu; rjeð hún fundinum í því 1. að biðja konung um, a ð veita frumvarpi þessu staðfestingu, 2. a ð kjósa 3 af landsmönnum til að flytja málið fyrir konungi, og 3. a ð senda eptirrit af gjörðum fundarins alþingi til álita og eptirsjónar.

N e f n d a r á l i t i ð var þegar tekið til u m r œ ð u, og mœtti það misjöfnum undirtektum af hálfu fundarmanna; sumir mæltu harðlega í móti tillögum nefndarinnar og veittu henni átölur fyrir það, að hún hefði misskilið ætlunarverk sitt og fundarins, með því að semja nýtt frumvarp til stjórnarskrár, og taka þannig fram fyrir hendur alþingis, en aptur aðrir vörðu aðgjörðir hennar í þessu efni; enn fremur varð og talsverður ágreiningur út af sjálfu frumvarpinu, einkum 1. og 2. gr. þess; í 1. gr. var svo fyrir mælt, „að Ísland standi í því einu sambandi við Dani, að það láti hinum sama konungi og þeir“, og í 2. gr., „að þau lagafrumvörp skyldu verða að lögum, er samþykkt hafa verið óbreytt á 3 alþingum, hverju eptir annað, þótt konungur hefði ekki veitt þeim samþykki sitt“. Að því er snerti hið fyrra atriðið; þá urðu ýmsir fundarmenn til að sýna fram á, að Íslendingar gætu mjög vel verið frjálst þjóðfjelag, og þjóðerni þeirra væri í engu misboðið, þótt þeir hefðu ýms sameiginleg mál við Dani; og að því er snertir hið síðara atriðið, þá þótti mörgum engin von vera til þess, að konungur mundi geta fallizt á slíka tillögu, og yrði hún að eins til þess að spilla fyrir málinu. Aptur aðrir vörðu tillögur nefndarinnar, og þreyttu menn nú rœðurnar um hríð af kappi miklu, Eptir langar umrœður komu

fram nýjar tillögur, er fóru í aðra átt en nefndin hafði farið, en fremur í þá átt, er alþingi hafði lagt til að undanförnu. Framsögumaður nefndarinnar, sjera Benedikt Kristjánsson, mælti fastlega í móti, að tillögur þessar yrðu teknar til umræðu; en er það eigi að síður var samþykkt með atkvæðagreiðslu, bar hann fram þá tillögu, að fundurinn skyldi skora á alþingi, að neita að taka stjórnarmálið til meðferðar framvegis, og á alþingismenn, að heyja eigi þing þetta sumar. Flestir fundarmenn skoruðust undan að greiða atkvæði um tillögu þessa, eins og uppástungumaður hafði krafizt; en þá gekk hann þegar af fundi, og skýrði síðan formanni skriflega frá, að hann gæti eigi lengur verið á fundinum. Í stað hans var sjera Stefán Thorarensen á Kálfatjörn kosinn varaformaður fundarins. Síðan hjelt fundurinn áfram umræðum sínum, og var nú einkum rætt um það, hvort krefjast ætti, að Íslendingar hefðu konunginn einan sameiginlegan við Dani, eða ekki. Umræður þessar stóðu langa stund, og var margt mælt bæði með og mót; en svo lauk umræðum þessum, er til atkvæða var gengið, að fleiri urðu með því, að ganga úr sambandinu við Dani, en halda að eins sambandinu við konung einn.

Fuudurinn sá sjer eigi fært og eigi þörf á, að semja nýtt frumvarp til stjórnarskrár, þar eð það heyrði fremur til alþingi, en þar á mót samdi hann nokkur undirstöðuatriði til stjórnarskrár, og voru þau á þessa leið: 1. að Íslendingar sje sjerstakt þjóðfjelag og standi í því einu sambandi við Danaveldi, að þeir lúta hinum sama konungi og það; 2. að konungur veiti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði; 3. að allt dómsvald sje hjer á landi; 4. að öll landstjórnin sje í landinu sjálfu; 5. að ekkert verði það að lögum, er alþingi ekki samþykki; 6. að konungur skipi jarl á Íslandi, er beri ábyrgð fyrir konungi einum, en jarlinn skipi stjórnarherra með ábyrgð fyrir alþingi.

Fundurinn ritaði nú ávarp til þingsins, og skoraði á það: 1. að taka enn að nýju stjórnarbótarmálið til yfirvegunar, búa til frumvarp til stjórnarskrár og senda konungi til staðfestingar, og óskaði fundurinn, að sem mest tillit yrði tekið til undirstöðuatriða þeirra til stjórnarskrár, er hjer hafa greind verið; 2. að taka ekkert annað málefni til meðferðar en stjórnarbótarmálið, eða að minsta kosti forðast að gefa nokkurt tilefni til þess, að beitt yrði slíkri aðferð í lagasetningum fyrir Íslendinga, sem höfð hafi verið í ýmsum málum hin síðustu ár.

Þá var einnig samið ávarp til konungs, og ákveðið að senda með því undirstöðuatriði þau hin sömu, er senda átti þinginu. Til þess að færa konungi ávarpið og undirstöðuatriðin voru kosnir 3 menn: riddari Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, ritstjóri Jón Guðmundsson og kaupmaður Tryggvi Gunnarsson. Jón Sigurðsson og Jón Guðmundsson skoruðust þegar undan sendiförinni, en Tryggvi var eigi við staddur. Þá var sjera Mattías Jokkúmsson kosinn til þeirrar sendifarar, og tókst hann það á hendur. Svo var til ætlazt, að sendiför þessi yrði ekki fyr en eptir þing, svo að hún einnig gæti haft á hendi umboð frá þingsins hálfu, ef það þætti hlýða.

Nokkur önnur mál en stjórnarbótarmálið voru einnig rædd á fundinum. Meðal þeirra var þjóðhátíðarmálið; að því er snerti það mál, var af ráðið, að gjöra gangskör að því, að haldin yrði guðsþjónustugjörð næsta ár á tilteknum degi um allt land í minningu þess, að landið hefði þá verið byggt í 1000 ár, og skora á bókmenntafjelagið, að stofna eitthvert fróðlegt og fagurt rit í minningu hátíðarinnar, einkum sögu landsins. Þar var og til rætt um útflutninga hjeðan af landi; þótti sumum þeir að mörgu leyti ískyggilegir, en eigi sá fundurinn sjer fært, að gjöra nokkra ráðstöfun til að koma í veg fyrir þá. Fjárkláðamálið kom einnig til umræðu, og var það ákveðið, að rita amtmanninum í suðuramtinu á þá leið, að hann sæi um, að fjárkláðalögunum yrði betur framfylgt eptirleiðis en verið hefði. Enn fremur var þar rætt um þjóðvinafjelag, bindindisfjelög, búnaðarfjelög og verzlunarfjelög, og kom öllum ásamt um, að landsmenn ættu að styrkja fjelög þessi.

Að áliðnum degi hinn 29. júní sagði fundarstjóri fundinum slitið; hafði fundurinn þá staðið nær í 4 daga. Áður en fundarmenn kvöddust, var sunginn þjóðsöngur Íslendinga: „Eldgamla Ísafold“.

Alþingi Íslendinga hið fjórtánda var sett í Reykjavík þriðjudaginn 1. dag júlímánaðar, svo sem vandi er til. Konungur hafði kvatt landshöfðingjann Hilmar Finsen fyrir fulltrúa sinn, en hann tók aptur yfirdómara Magnús Stephensen sjer til aðstoðarmanns. Konungsfulltrúi gat þess í þingsetningarræðu sinni, að konungur hefði eigi sjeð sjer fært, að taka til greina tillögur síðasta þings (1871) að því er snerti breytingar á hinu konunglega frumvarpi til stjórnarskrár um hin sjerstöku málefni Íslands, og gjörði heyrum kunnugt, að í þetta sinn mundi ekkert nýtt frumvarp um þetta mál verða lagt fyrir þingið. Þá var gengið til forsetakosninga, og var þingmaður Ísfirðinga, riddari Jón Sigurðsson, kjörinn forseti, en hinn fimmti konungkjörni þingmaður, byskup Pjetur Pjetursson vara forseti. Til skrifara þingsins voru kjörnir skólakennari Halldór Friðriksson og sjera Eiríkr Kúld. Konungsfulltrúi afhenti forseta auglýsingu konungs til þingsins, dagsetta 23. maí 1873, og lagaboð þau, er út höfðu komið síðan um síðasta þing, og enn fremur 10 ný konungleg frumvörp til laga. Frumvörp þessi voru þau, er hjer segir:

1, frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um skipströnd;
2, frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um niðurjöfnun alþingiskostnaðar;
3, frumvarp til tilskipunar um stofnun sjómannaskóla á Íslandi;
4, frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um friðun á laxi;
5, frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkurkaupstað;
6, frumvarp til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefur.
7, frumvarp til tilskipunar um mótvarnir gegn því, að bólu-

sótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands;

8, frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi.

9, frumvarp til tilskipunar um ljósmæðraskipun á Íslandi;

10, frumvarp til tilskipunar um það, að skip, sem flytja hvalkjöt til Íslands, skuli vera undanþegin lestagjaldi því, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854.

Frá hálfu þjóðarinnar komu einnig til þingsins margar bœnarskrár; flestar þeirra voru um stjórnarbótarmálið; þar á meðal var ávarp það frá þingvallafundinum, er fyr er getið, og fylgdu því hin önnur ávörp og bœnarskrár um þetta málefni; alls voru bœnarskrárnar um þetta efni 20 að tölu; 12 bœnarskrár um ýms önnur málefni voru og lagðar fyrir þingið, og að auk 2 uppástungur frá nokkrum þingmönnum.

Þegar í byrjun þingsins bar þingmaður Rangæinga, doktor Grímur Thomsen, fram þá tillögu, að eigi skyldi kjósa nefndir til að ræða hin konunglegu frumvörp, af þeirri ástœðu, að það yrði að eins til tímaspillis og kostnaðarauka, með því að það væri margreynt, að breytingatillögur þingsins væru eigi teknar til greina; út af þessu reis allsnörp umrœða, en svo lauk henni, að tillagan var felld, og það samþykkt, að nefndir skyldi kjósa í öll málin, er frumvörpin voru um, og svo var gjört. Enn fremur voru nefndir settar til að rœða 2 af málum þeim, er bœnarskrárnar voru um (stjórnarbótarmálið og lagaskólamálið) og sömuleiðis 2 uppástungur þingmanna, (um ávarp til konungs og fjárhagsáætlunina), 6 bœnarskrám var vísað forsetavegina til hlutaðeigandi yfirvalda, einni til þingnefndar, er kosin var áður, en 4 náðu eigi fram að ganga. Alls voru það 14 mál, er þingið setti nefndir í og tók til meðferðar að þessu sinni; skal hjer með nokkrum orðum segja frá hverju þeirra fyrir sig.

1. Stjórnarbótarmálið. Þess er áður getið, að ekkert frumvarp kom að þessu sinni frá konungi til alþingis um þetta mál, af þeim ástœðum, sem konungsfulltrúi tók fram í þingsetningarrœðu sinni. Í hinni konunglegu auglýsingu til þingsins var enn nákvœmlegar tekin fram skoðun stjórnarinnar á þessu efni, en hún er hin sama og verið hefur að undanförnu. En þótt ekkert frumvarp kœmi nú frá konungi og stjórn hans um þetta mál, þá komu nú því fleiri bœnarskrár frá þjóðinni sjálfri. Frá efni þeirra og áskorunum er sagt hjer að framan, þar sem skýrt er frá þjóðfundinum.

Þingið setti 7 manna nefnd til að íhuga málið enn að nýju, og fjekk henni í hendur allar bœnarskrárnar. Nefndin rœddi málið með sjer og samdi síðan álitsskjal sitt um það til þingsins. Í álitsskjali þessu fór nefndin fyrst nokkrum orðum um hina megnu óánœgju Íslendinga yfir því, að hin lögbundna ráðgjafastjórn Danakonungs hafi útvegað staðfestingu konungs á stjórnarstöðulögunum 2. jan. 1871, er heimili hinu danska ríkisþingi löggjafarvaldið yfir Íslandi í sameiginlegum málum og leggi alla stjórn

og löggjöf Íslands sjerstöku mála í hendur danskra ráðgjafa. Síðan tók hún fram, að þjóðin gæti engan veginn unað lengur við þann stjórnarhag, sem nú er, og þær stjórnarathafnir, er gjörðar hefðu verið á hinum síðustu árum, með því að þær kœmu í bága við stjórnarlög Íslands og jafnrjetti hinnar íslenzku þjóðar móts við Dani, er opt hefði verið viðurkennt, og það af konungi sjálfum. Enn fremur gat nefndin þess, að hún hefði samið nýtt frumvarp til stjórnarskrár, byggt á þeim undirstöðuatriðum, er samin og samþykkt voru á Þingvallafundinum, og lýsti yfir þeirri sannfœringu sinni, að slíkt stjórnarfyrirkomulag, sem þar væri farið fram á, mundi vera hið affarasælasta fyrir land og lýð; vildi hún því gjöra það að aðaltillögu sinni, að ráða þinginu til að fara þess á leit við konung, a ð hann veitti frumvarpi þessu gildi sem stjórnarskrá; en jafnframt lagði nefndin til, að þingið gjörði allar miðlunar- og sáttatilraunir, sem gætu staðizt með verkahring þess, og í því skyni tœki upp í álitsskjal sitt til konungs varatillögu á þá leið: 1, a ð alþingi fái nú þegar fullt löggjafarvald og fjárforræði, með lausri fjárhagsáætlun og engum gjöldum af Íslandshálfu til sameiginlegra mála; 2, a ð sjerstakur ráðgjafi sje skipaður í Kaupmannahöfn fyrir Íslands mál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum fyrir alþingi; 3, a ð þessi stjórnarskipun sje að eins til bráðabirgða, og eigi nema til næstu 6 ára eða 3 þinga, en síðan sje málið lagt í heild sinni fyrir hið löggefandi alþing að nýju, og sje þá landsrjettur Íslendinga óskertur. Enn til vara lagði nefndin það til a ð biðja konung um, að kalla saman þjóðfund með fullu samþykktaratkvæði, og leggja fyrir hann frumvarp til stjórnarskrár á líkum grundvelli sem frumvarp nefndarinnar.

Þegar nefndin hafði lagt fram álit sitt, var það tekið til u m r œ ð u á þinginu. Konungsfulltrúi tók vel undir málið, og kvað nefndina hafa valið heppilegan veg með hinni fyrri varatillögu sinni, þar sem hún rjeði þinginu til þess að biðja konung um að veita landinu svo frjálslega stjórnarskrá sem unnt væri, af konunglegri náð sinni; en hins vegar tók hann fram, að ísjárvert væri, að binda ósk sína að eins við löggjafarvald og fjárforræði, og eins hitt, að setja nokkur skilyrði, sem hœglega gætu orðið til þess, að spilla fyrir málinu í heild sinni. Þingmenn svöruðu vel máli konungsfulltrúa, og dró nú smátt og smátt til sætta með flokkum þeim, er staðið höfðu andspænis hvor öðrum í máli þessu bæði á þessu þingi og undanförnum þingum. Áður en kom til ályktunarumrœðu og atkvæðagreiðslu, báru nefndarmenn sig saman við flesta af þeim þingmönnum, er verið höfðu í minni hluta alþingis 1871, og kom þeim ásamt um, að þingið stílaði niðurlagsatriðin í bœnarskrá sinni til konungs nokkuð á aðra leið en nefndin hafði áður til lagt. Þeir báru nú þessa tillögu sína upp fyrir þingið, og var hún eptir nokkrar umrœður samþykkt með 25 samhljóða atkvæðum; en frumvarp nefndarinnar í heild sinni var samþykkt með 18 atkvæðum.

Í bœnarskrá þeirri, er þingið sendi konungi um málið, tók það fram, að bæði óánœgja landsmanna yfir stjórnarástandi landsins, og hins vegar

sú yfirlýsing konungs í auglýsingu hans til þingsins, að það væri einlægur og alvarlegur vilji hans, að veita landsmönnum þá stjórnarskipun, er gæfi þeim sama frelsi og sömu rjettindi sem samþegnum þeirra í Danmörku, hefði knúð það til að fara þennan veg, er það nú hafði farið, og kvaðst það í frumvarpi því, er það nú hefði samið, hafa gjört sjer hið mesta far um, að nema burtu allar þær tálmanir, sem fyrrum höfðu hamlað því, að máli þessu yrði farsællega ráðið til lykta. En jafnframt tók það þó fram nokkur atriði, er því virtist nauðsynleg trygging fyrir því, að stjórnarskrá þessi gæti samsvarað óskum og þörfum þjóðarinnar. Samkvæmt þessu stíladi þingið niðurlagsatriði bœnarskrár sinnar hjer um bil á þessa leið:

1, að konungur veiti frumvarpi þingsins lagagildi sem fyrst, og eigi seinna en einhvern tíma á árinu 1874;

2, til vara: að konungur veiti Íslandi næsta ár stjórnarskrá, er gefi alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði, og að öðru leyti sje lögð eptir frumvarpi þingsins sem framast má verða, einkum að því er snertir þessi atriði:

a, að stjórnarskrá þessi eigi ákveði fasta fjárhagsáætlun, heldur skuli hún fyrir 2 ár lögð fyrir alþingi til samþykkis;

b, að stjórnarskrá þessi ákveði, að sjerstakur ráðgjafi skuli skipaður fyrir Íslands mál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum fyrir alþingi;

c, að engin gjöld eða álögur verði lagðar á Ísland til sameiginlegra mála án samþykkis alþingis;

d, að endurskoðuð stjórnarskrá, byggð á óskertum landsrjettindum Íslendinga, verði lögð fyrir hið 4. þing, sem haldið verður eptir að stjórnarskráin öðlast gildi.

3, enn til vara: að þjóðfundur með samþykktaratkvæði verði saman kallaður á Íslandi árið 1874, samkvæmt kosningarlögunum 28. sept. 1849, og að fyrir þann fund verði lagt frumvarp til stjórnarskrár Íslands, byggt á sama grundvelli og frumvarp þingsins.

Mál þetta fjekk þannig að þessu sinni allt aðra niðurstöðu á þinginu en menn höfðu búizt við. Fyrir þing og framan af þingi virtist vera allmikill rígur og keppni milli beggja flokkanna, og engu minni en að undanförnu, en smámsaman dró til sætta og samkomulags, svo að þingheimur allur varð að lokum á eitt sáttur, og allir þingmenn lögðust á eitt til þess að miðla málum, og reyna þannig að ráða máli þessu til farsællegra lykta. Í þinglokarœðu sinni gaf konungsfulltrúi þinginu góðar vonir um árangur af tillögum þess, og kvað landsmenn mega vænta stjórnarbótar þeirrar, er þeir höfðu svo lengi þráð, að ári komanda. Úr því að málið fjekk þessi úrslit á alþingi, þá þótti engin þörf á sendiför þeirri, er þjóðfundurinn hafði ætlazt til, og fjell það mál því niður.

2. Þegar öndverðlega á þinginu báru 10 þingmenn fram tillögu um það, að þingið ritaði ávarp til konungs, og skýrði honum í því frá því, sem aflaga fœri í stjórn landsins, og beiddist bóta á slíku ásigkomu-

lagi. Eptir nokkrar umræður kaus þingið nefnd til að athuga tillögu þessa; hún samdi uppkast til ávarps, og lagði fyrir þingið, en byskup Pjetur Pjetursson annað; þingið hafnaði uppkasti nefndarinnar, en samþykkti þar á móti, að senda konungi ávarp það, er byskup hafði samið. Í ávarpi þessu lýsti þingið yfir trausti sínu til konungs og þeirri öruggu von sinni, að honum mætti sem allrafyrst þóknast, að af nema það ófullkomna og óeðlilega stjórnarástand, sem nú væri hjer á landi, og sem nálega allur landslýður hefði leynilega og opinberlega lýst óánægju sinni yfir, en fyrirskipa aptur þá landstjórn, sem hagfelld væri og samboðin þjóðerni Íslendinga; enn fremur tók þingið það fram, að næsta ár væru liðin 1000 ár frá byggingu landsins, og bað konung að gjöra það ár hátíðlegt, með því þá að verða við frelsisbœnum Íslendinga.

3. Frá 7 þingmönnum kom fram tillaga um, að fjárhagsáætlun fyrir Ísland 1873 og reikningsyfirlit 1872 yrði lögð fyrir alþingi. Þingið 1871 hafði farið þess á leit við konung, að nokkur atriði í fjárhagsáætlun Íslands 1871—72 væru leiðrjett, og sömuleiðis, að fjárhagsáætlunin yrði lögð fyrir hvert þing framvegis. Þessu svaraði konungr svo í auglýsingu sinni til þingsins (1873), að þau mál, er snertu fjárhagsáætlun eða fjárhag Íslands, lægju fyrir utan verkasvið alþingis, og því væri engin áætlun lögð fyrir þingið, en þar á mót væri ekkert því til fyrirstöðu, að hœfilegt tillit yrði tekið til þess, ef þingið óskaði nákvæmari skýrslu um einstök atriði í áætluninni. Í tillögu þeirra 7 þingmanna var það hins vegar tekið fram, að þingið gæti ekki notað þennan rjett, að gjöra athugasemdir við áætlunina, nema því að eins að hún væri lögð fyrir þingið, enda væri því mjög áríðandi að vita, hvernig fjárhagur landsins stœði, þar eð fyrir það væru lögð ýms málefni, er við kœmu fjárhag landsins. Þingið setti nefnd til að íhuga mál þetta; leitaði hún allra þeirra upplýsinga, er hjer var unnt að fá málinu viðvíkjandi, gjörði ýmsar athugasemdir við reikningana, og afhenti síðan þinginu álit sitt, er fór fram á það, að konungi yrði ritað bœnarskrá um málið. Þingið rœddi málið á lögskipaðan hátt, fjellst á álit nefndarinnar, og ritaði konungi bœnarskrá með líkum niðrlagsatriðum og nefndin hafði lagt til, eða hjer um bil á þessa leið: 1, að úrskurðar dómstólanna verði leitað um, hvort landssjóðnum beri að endurgjalda ríkissjóðnum lestagjaldið af póstgufuskipinu; 2, að styrktarsjóðs Íslands og annara opinberra sjóða, sem landinu við koma, verði eptirleiðis getið í fjárhagsáætlununum; 3, að slík útgjöld, sem samfara hafa verið breytingu þeirri, er orðið hefur á umboðsvaldinu í landinu, verði ekki eptirleiðis lögð á landið, þangað til þingið fær löggjafarvald og fjárforræði, 4, að útgjöldin til dýralæknis í suðuramtinu ekki verði lögð á landssjóðinn að svo komnu máli, og að kostnaður við ferð stiptamtmanns Finsens til Kaupmannahafnar í opinberu erindi verði landssjóðnum upp bœttur; 5, að kostnaður sá, sem samfara er setu konungsfulltrúa og aðstoðarmanns hans á alþingi hvorki leggist á landssjóðinn nje jafnist niður á landið; 6, að eptirstöðvar söluverðsins á Laugarnesi

og Elliðaánum sem fyrst verði kaupendum upp sagðar; 7, að samningnum um brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu við A. G. Lock verði upp sagt, nær sem löglegt tækifæri býðst; 8, að enginn nýr samningur um Helgustaðafjallsnámuna verði gjörður að þinginu fornspurðu; 9, að reikningsfærsla á fjárhagsáætlunum og reikningsyfirlitinu eptirleiðis mætti verða glöggari en áður; 10, að leigur sjeu til færðar í áætlununum af fullri upphæð fjár þess, sem á er ætlað verði í lok undanfarandi reikningsárs innstæða hjálparsjóðsins.

4. Bœnarskrá alþingis 1871 um lagaskóla hafði enga ábeyrn fengið. Nú kom aptur til þingsins bœnarskrá frá 13 námsmönnum í Kaupmannahöfn um sama efni, og fór hún fram á það, að þingið beiddi konung um 1, að stofnaður yrði hið bráðasta á landsins kostnað kennsluskóli handa íslenzkum lögfrœðingum, og 2, að engum, sem leyst hefði af hendi embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, eptir að embættispróf er haldið í fyrsta skipti við hinn íslenzka lagaskóla, skuli veitt embætti á Íslandi, nema hann gangi áður undir próf í íslenzkum lögum við lagaskólann á Íslandi. Nefnd var kosin til að íhuga bœnarskrána; hún fann hina brýnustu nauðsyn til að verða við áskorun bœnarskrárinnar, og rjeð þinginu að rita konungi enn að nýju bœnarskrá um málið. Þingið var nefndinni að öllu leyti samþykkt, og ritaði konungi bœnarskrá með hinum sömu niðurlagsatriðum, er nefndin hafði til lagt, eða þannig: 1, að konungur skipi svo fyrir, að lagaskóli handa íslenzkum lögfrœðingum komist á sem allra-fyrst; 2, að fyrirkomulag skólans verði samkvæmt undirstöðuatriðum þeim, sem um er rœtt í brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar 28. des. 1863; 3, að kostnaðuriun til skólans verði í bráð greiddur af því fje landssjóðsins, sem látið hefur verið renna í hjálparsjóðinn.

5. Hið konunglega frumvarp um skipaströnd laut einkum að því, að skipa fyrir um það, hvers bæði yfirvöld og alþýðumenn ættu að gæta, þegar vart yrði við, að skip stranda. Nefnd sú, er þingið setti til að rœða frumvarpið, kannaðist við, að það í sjálfu sjer hefði verið gott og gagnlegt, að fyrir löngu hefði verið skipað fyrir um skipaströnd, með því engin löggjöf væri til um það efni; en eigi að síður rjeð hún þó þinginu frá að aðhyllast frumvarpið, af þeim ástœðum, að enga bráða nauðsyn bœri til slíkra laga, enda væri nú hinn óhentugasti tími til að mynda nýja löggjöf, og svo væri þetta frumvarp ein staðfesting landshöfðingjadœmisins, er landsmönnum væri svo ógeðfellt; enn fremur væri frumvarp þetta í ýmsum atriðum óeðlilegt. Þingið fjellst á ráð nefndarinnar, og rjeð konungi frá að láta frumvarpið ná lagagildi.

6. Í frumvarpinu um niðurjöfnun alþingiskostnaðar var svo ákveðið, að alþingiskostnaðinum skyldi framvegis jafna niður á kaupstaðarbúa, þannig að af hverju 100 rd. virði í húseign skyldi gjalda jafnan toll og af jarðarhundraði; þó skyldi Reykjavík með tilliti til hagnaðar þess, er hún hefði af alþingishaldinu, gjalda meira að tiltölu en aðrir kaupstaðir, eða $^{1}/_{21}$ hluta af öllum alþingiskostnaðinum. Enn fremur var þar á-

kveðið, að jafna skyldi á jarðirnar eptir dýrleika þeirra, en ekki eptir leigumála. Nefnd sú, er kosin var í málið, tók það fram, að engin óánœgja væri meðal landsmanna yfir gjaldmáta þeim, sem er, enda væri bezt að fresta málinu, þangað til komin væru ný skattalög og ný landbúnaðarlög, og að því er Reykjavík snertir, þá yrði bœjarstjórn hennar fyrst að segja álit sitt. Af þessum ástœðum rjeð nefndin þinginu að ráða frá frumvarpinu; þingið var á sama máli og nefndin, og bað konung að gjöra frumvarpið eigi að lögum.

7. Í frumvarpi konungs um stofnun sjómannaskóla var gjört ráð fyrir, að stofnaður yrði í Reykjavík skóli með einum föstum kennara, og að stýrimannspróf skyldi halda tvisvar á ári, en sá, er staðizt hefði prófið, skyldi fá heimild til að vera skipstjóri eða stýrimaður á sjóferðum við Ísland, en eigi annarstaðar. Nefnd sú, er sett var í þetta mál, ljet í ljós ótta sinn um það, að kennaraembættið við skólann og sömuleiðis prófnefndin mundi verða skipuð dönskum mönnum, og að kennslan og prófið mundi því verða „danskt“; auk þessa lýsti hún yfir því, að bæði frumvarpið í heild sinni og hinar einstöku greinir þess ættu ekki við hjer á landi; rjeð hún því þinginu frá að þýðast frumvarpið. Eptir nokkrar umrœður komst þingið að sömu niðurstöðu, og rjeð konungi frá að gjöra frumvarpið að lögum.

8. Málið um friðun á laxi hafði verið rœtt á síðasta alþingi, en stjórninni þótti málið eigi nógu vandlega hugað, og sendi því konungur þessu þingi frumvarp að nýju til íhugunar. Frumvarp þetta náði hvorki samþykki nefndarinnar, sem kosin var í málið, og eigi heldur þingsins í heild sinni. Eptir ráði og tillögum nefndarinnar rjeð þingið konungi frá að gjöra frumvarpið að lögum, en bað þar á móti um, að nefnd yrði sett hjer á landi, og skipuð þeim mönnum, sem kunnugir væru laxveiðum, og einum lagamanni, er útvegaði skýrslur úr ýmsum hjeruðum, þar sem laxveiði er við höfð, og byggi síðan til frumvarp, er lagt yrði fyrir alþingi.

9. Frumvarpið til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík kvað svo á, að öllum húsum bœjarins skyldi haldið í ábyrgð, og skyldu þau, að því er snertir $^{2}/_{3}$ úr ábyrgðarverði þeirra verða tekin í brunabótafjelag kaupstaðarhúsanna í Danmörku, en Reykjavíkurkaupstaður skyldi sjálfur taka að sjer $^{1}/_{3}$ úr ábyrgðarverðinu. Nefndinni, sem kosin var, þótti það hið mesta nauðsynjamál fyrir Reykjavík, að fá slíka ábyrgð á húsum sínum, þar sem húsin annars sjeu óáreiðanleg eign, geti brunnið upp svo að ekkert verði úr, gangi ekki í veð og seljist eigi með fullu verði; fyrir því rjeð hún þinginu að aðhyllast þetta frumvarp, og gjörði þingið svo, og bað konung í álitsskjali sínu að löggilda það sem allrafyrst.

10. Frumvarpið um hegningarvald það, er stjórn hegningarhússins á Íslandi hefur, þótti nefnd þeirri, er sett var í málið, svo óaðgengilegt, að hún rjeð þinginu frá að samþykkja það. Þingið fór að ráðum nefndarinnar, og tók það fram í álitsskjali sínu til konungs, að jafnvel

þótt hið nýja hegningarhús í Reykjavík yrði eigi notað fyr en búið væri að skipa fyrir um stjórn þess með lögum, þá væru svo verulegir gallar á frumvarpinu, að það yrði að ráða konungi frá að gjöra það að lögum.

11. Ákvarðanir þær, sem gjörðar voru í frumvarpinu um mótvarnir gegn bólusótt og kólerusótt, þóttu nefndinni í því máli harðla ónógar, enda sá hún eigi ráð til að standast kostnað þann, er slíku fyrirkomulagi væri samfara. Þingið leit eins á þetta mál, og rjeð konungi frá að gjöra frumvarpið að lögum, að minnsta kosti fyr en sjúkrahús væru komin upp á þeim stöðum, er nefndir voru í 1. gr. frv. (Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði).

12. Í frumvarpinu um hlunnindi fyrir sparisjóði var svo ákveðið, að landshöfðingi mætti leyfa, að sparisjóðir tækju hærri vexti en 4 af hundraði, þó að veð væri sett í fasteign, að þeir mættu ónýta viðskiptabœkur þær, er sagðar væru glataðar, og að leyfilegt væri að leggja fje ómyndugra og alþjóðlegra stofnana í slíka sjóði. Nefndin í máli þessu rjeð þinginu að fallast á frumvarpið óbreytt. Þingið rjeð einnig konungi að lögleiða frumvarpið, en þó með nokkrum breytingum, sem einkum voru fólgnar í því, að eigi skyldi leyfa sparisjóðum að taka hærri leigur en hinum öðrum opinberu sjóðum landsins og öðrum fjáreigendum.

13. Frumvarp konungs um ljósmæðraskipun hafði þann tilgang að bœta úr hinum mikla ljósmœðraskorti, sem nú er á Íslandi, og fór því fram á, að stofna nokkur ljósmœðraembætti í hverri sýslu; laun þeirra ætlaðist frumvarpið til að væri 20 rd. árlega handa hverri í sveitunum og 30 rd. í kaupstöðunum, og að hver sýsla launaði sínum ljósmœðrum. Nefnd sú, er þingið setti til að rœða og rannsaka þetta mál, kannaðist fyllilega við hina miklu nauðsyn, er væri á slíkum umbótum, en rjeð eigi að síður frá að þekkjast frumvarpið, sökum þess, að slíkar umbœtur hefðu of mikinn kostnað í för með sjer. Þingið komst að líkri niðurstöðu, og lagði það til, að konungur frestaði að gjöra frumvarpið að lögum.

14. Frumvarpið um lestagjald af hvalkjöti fjekk og sömu afdrif; í frumvarpi þessu var það aðalatriðið, að þau skip, er flyttu hvalkjöt til landsins, skyldu vera undanþegin lestagjaldi. Þetta þótti nefnd þeirri, er sett var í málið, með öllu óþarft, þar eð hvalveiðar í kringum landið væru nú á förum, enda mundi frumvarpið verða til þess, að farið yrði í kringum verzlunarlögin. Á þinginu kom fram gagnstœð skoðun, er fór fram á það, að lög þau, er til væru um lestagjald, nœðu eigi til hvalkjöts, og frumvarpið væri því sprottið af misskilningi; en í því var þingið samþykkt nefndinni, að ráða frá, að gjöra frumvarpið að lögum.

Mál þau, er þingið að þessu sinni hafði til meðferðar, voru hvorki mörg nje þýðingarmikil, að undanskildu stjórnarbótarmálinu, fjárhagsmálinu og lagaskólamálinu, er öll voru lögð fyrir þingið af hálfu Íslendinga. Mál þau, er konungur lagði fyrir þingið, höfðu minni þýðingu, enda fengu að eins 2 þeirra samþykki þingsins; þó virðist svo sem aðalorsökin til þess, að þingið hafnaði flestum frumvörpum konungs, hafi verið sú, að láta í

ljós óánœgju sína yfir því, hversu lítið stjórnin er vön að meta tillögur þingsins, og hins vegar er það auðsætt, að þingið vildi forðast að gefa nokkurt tilefni til, að nýjar álögur yrðu lagðar á landið, meðan þingið hefði eigi löggjafarvald og fjárforræði.

Þinginu var slitið 2. dag ágústmánaðar, og hafði það þá staðið rúman mánuð; alls hjelt það 24 fundi. Þetta þing var hið stytzta, er verið hefur, og var því kostnaðurinn við það minni en nokkurn tíma áður, eða alls nálægt 8000 rd.

Hjer virðist mega geta um hið íslenzka **Þjóðvinafjelag.** Tildrög þess voru þau, að á alþingi 1869 sömdu nokkrir alþingismenn með sjer, að hafa samskot að því, að halda fram nokkrum landsrjettindum Íslendinga, og reyna að ávinna það, sem skorti til þess að þeir gætu orðið þeirra aðnjótandi. Á næsta alþingi (1871) var fjelaginu nafn gefið og lög þess samþykkt, en ákveðið, að þau skyldu að eins gilda til alþingis 1873, og skyldi fjelagið ekki gjöra þjóðkunnugt um störf sín fyrst um sinn. Fjelagi þessu var mæta vel tekið í flestum hjeruðum landsins, og töluverð samskot lögð fram. Á þjóðfundinum á Þingvöllum var til rætt um fjelag þetta, sem fyr er getið, og fjekk það þar góðan róm. Formaður fjelagsins, Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, skýrði þar frá hinum helztu atriðum, sem snertu fjárhag þess og athafnir, og gjörðust þar ýmsir fjelagsmenn og fjelagsfulltrúar. Skömmu eptir að alþing var sett, hjeldu alþingismenn þeir, er stofnað höfðu fjelagið, fund með sjer, og var þá nefnd kosin til að endurskoða lögin, semja yfirlit yfir fjárhaginn, og gjöra áætlun um framkvæmdir fjelagsins og tekjur þess og útgjöld á næstu 2 árum. Nefndin gjörði nokkrar breytingar við lögin, og voru þær samþykktar á fjelagsfundi, ásamt fjárhagsyfirliti og áætlun þeirri, er hún hafði samið. Þá var Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn kjörinn forseti fjelagsins, en Halldór Friðriksson í Reykjavík varaforseti. Auk þeirra voru kosnir í forstöðunefnd: kaupmaður Egill Egilsson í Reykjavík, ritstjóri Jón Guðmundsson í Reykjavík og sjera Stefán Thórarensen að Kálfatjörn. Nokkrir fulltrúar voru settir í hverju hjeraði, og forstöðumaður í hverri sókn. Eptir skýrslu þeirri, er fjelagið gaf út næstliðið ár, hafði fjelagið á árunum 1869—73 meðtekið í sjóð sinn 2332 rd. 92 sk. (þar af úr Ísafjarðarsýslu einni 519 rd. 24 sk.). Af sjóði þessum hafði fjelagið á sama tímabili varið hjer um bil 350 rd. til eflingar landbúnaðarins og útgáfu nytsamra rita. Aptur hafði fjelagið fengið skrifleg loforð hjá landsmönnum fyrir 2600 rd.

Hið árlega prestamót eða **synodus** var haldið í Reykjavík 4. dag júlímánaðar. Þar voru auk stiptsyfirvaldanna við staddir 5 prófastar og 14 prestar. Þar var skipt upp peningum til uppgjafapresta og prestaekkna, og hlutu 14 uppgjafaprestar 431 rd. 21 sk., og 42 prestaekkjur 588 rd. 63 sk. Ákveðið var, að 150 rd. styrk skyldi veita af vöxtum prestaekknasjóðsins á næstu synodus (eigur sjóðsins voru við áralok 1872: 5547 rd. 84 sk.). Ávarp þingvallafundarins til byskups um það, að haldin yrði guðsþjónustugjörð á þjóðhátíðinni, var lesið upp og sam-

þykkt, og fal fundurinn byskupi á hendi að bera málið undir konung. Þar var og lesin upp önnur tillaga frá Þingvallafundinum um það, að næsta ár (1874) skyldi stofna í minningu þjóðhátíðarinnar íslenzkt kristniboðsfjelag undir innlendri stjórn, og skyldi það á sínum tíma boða kristni meðal heiðinna þjóða; fundinum þótti hugsunin fögur, en treysti sjer eigi til að fá henni framgengt að svo stöddu, og áleit hitt liggja enn nær, að finna ráð til að styrkja og efla kristilega upplýsingu hjer á landi. Nokkrar umræður urðu þar enn fremur út af bœnarskrá, er námsmaður einn, er verið hafði nokkur ár í skóla, hafði ritað stiptsyfirvöldunum um það, að mega verða prestur, án þess að hafa fullnœgt þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir námi þeirra, er prestar verða. Sumir mæltu með bœnarskránni og óskuðu, að hjer yrði gjörð undantekning frá hinni almennu reglu, af ýmsum sjerstaklegum ástœðum, en aðrir töldu það ísjárvert, að fara út yfir þau takmörk, er lög fyrirskipa um þetta efni; niðurstaða málsins á fundinum varð sú, að stiptsyfirvöldin skyldu leita um það álits prestanefndarinnar. Þar var enn fremur ákveðið, að prestanefndin skyldi rita öllum prófastum og prestum í landinu, og leita álits þeirra um aðalbreytingu á prestaköllum hjer á landi.

Út af tillögu byskupsins til stjórnarinnar um guðsþjónustugjörð á þjóðhátíðinni var gefinn út konungsúrskurður 8. sept. 1873, er ákvað, að hana skyldi halda, og var í auglýsingu kirkju- og kennslustjórnarinnar 10. s. m. boðað, að hún skyldi fara fram í öllum kirkjum landsins næsta ár seint í júlí, eða snemma í ágúst, á sunnudegi þeim, er byskup ákvæði. Byskup ákvað sunnudaginn 2. dag ágústmánaðar til guðsþjónustugjörðar í aðalkirkjunum, en næstu sunnudaga á eptir í aukakirkjunum. Annað en það, er hjer hefur sagt verið, hefur eigi gjörzt næstliðið ár í kirkjulegum efnum. Geta má þó þess, að byskup vísiteraði í Mýraprófastsdœmi næstliðið sumar í ágústmánuði.

Engin lög hafa verið gefin út næstliðið ár önnur en hin nýju peningalög, gefin út 23. maí, og birt hjer á landi með auglýsingu 25. sept. Samkvæmt lögum þessum skal gull vera undirstaðan undir peningareikningi. Aðalpeningar verða slegnir úr gulli, en smápeningar úr silfri og kopar. Gullpeningarnir verða: 20 króna peningur (10 rd.), og 10 króna peningur (5 rd.). Silfurpeningarnir verða: 2 króna peningur (1 rd.), 1 krónu peningur (48 sk.), 50 aura peningur (24 sk.), 40 aura peningur (20 sk.), 25 aura peningur (12 sk.), og 10 aura peningur (5 sk.). Koparpeningarnir verða: 5 aura peningur (2 sk.), 2 aura peningur (1 sk.), og 1 eyris peningur ($\frac{1}{2}$ sk.). Nefndir gullpeningar eru orðnir gjaldgengir frá 1. janúar 1874; en þeir peningar, er nú gilda, ganga samsíða þeim þangað til 1878 (stærri peningar) og 1881 (smærri peningar).

En þótt eigi væru fleiri lög gefin út næstliðið ár, þá hafa hins vegar sumar af tilskipunum þeim, er út voru gefnar næsta ár á undan, öðlazt gildi árið sem leið. Merkust þeirra er tilskipunin um póst-

mál, er öðlaðist gildi í marzmánuði. Upp frá því komst á nýtt skipulag á póstgöngur og póstmálefni landsins, samkvæmt tilskipun þeirri, er nú var nefnd, dagsettri 26. febr. 1872, auglýsingu lögstjórnarinnar 3. maí 1872, auglýsinga stiptamtsins 30. nóv. og 1. des. des. 1872 og 22. marz 1873, og auglýsingu fjárstjórnarinnar og lögstjórnarinnar 26. sept. 1873. Samkvæmt tilskipuninni tókst landshöfðinginn á hendur yfirstjórn póstmálanna, og póstskrifstofa var stofnuð og póstmeistari settur í Reykjavík. Samkvæmt auglýsingunni 3. maí voru settir 15 póstafgreiðslustaðir, og 54 brjefhirðingarstaðir; enn fremur voru stofnaðar 3 aðalpóstgöngur (milli Reykjavíkur og Ísafjarðar yfir Stykkishólm, milli Reykjavíkur og Djúpavogs yfir Akureyri, og milli Reykjavíkur og Djúpavogs yfir Kirkjubœjarklaustur) og 11 aukapóstgöngur; svo voru og gefin út frímerki almenningi til nota. Með póstlöggjöf þessari hefur komizt miklu betri regla og skipulag á öll póstmálefni og yfir höfuð allar samgöngur í landinu, og má telja hana með hinum merkustu rjettarbótum, er gefnar hafa verið út hin síðari ár.

Af **dómum** þeim, er dœmdir hafa verið næstliðið ár, virðast engir hafa verið mjög þýðingarmiklir. Mesta eptirtekt almennings hafa vakið málaferli þau, er ritstjóri Jón Ólafsson og fyrrum yfirdómari Benedikt Sveinsson hafa verið við riðnir. — 3. febrúar staðfesti hæstirjettur dóm yfirrjettarins, er dœmdi Jón Ólafsson í 100 rd. sekt fyrir að hafa brotið gegn tilskipun 27. sept. 1799 með því að láta prenta rit í prentsmiðju, er eigi var leyfð af konungi. 3 mál voru hvort eptir annað höfðuð gegn hinum sama fyrir ástœðulausan áburð, svívirðandi sakargiptir og óscemileg og meiðandi orðatiltœki í blaði sínu Gönguhrólfi um landshöfðingja Hilmar Finsen. Öll þessi mál fjellu á Jón Ólafsson fyrir bœjarþingsdómi Reykjavíkur (19. júní og 17. júlí); í hinu fyrsta var hann sektaður um 200 rd. til landssjóðsins, í hinu öðru var hann dœmdur í sex mánaða einfalt fangelsi, og í hinu þriðja í eins árs einfalt fangelsi; auk þessa voru öll þau ummæli ritstjórans, er málin risu af, dœmd dauð og ómerk. Dómum þessum var hvorki áfrýjað nje fullnœgt, því að hinn dœmdi stökk úr landi og fór til Ameriku. — 27. janúar dœmdi hæstirjettur Benedikt Sveinsson sýknan fyrir ákæru valdstjórnarinnar í máli því, er reis af meiðyrðum hans um yfirdóminn (sem getið er í fyrra árs frjettum). Þá höfðuðu yfirdómendurnir sjálfir, Þórður Jónassen og Magnús Stephensen, sitt málið hvor á hendur Benedikt fyrir hinar sömu sakir. Fyrir aukaþingsdómi Gullbringusýslu (9. júlí) var Benedikt í hvoru málinu fyrir sig dœmdur í 100 rd. sekt til landssjóðs, og öll ummæli þau, er ákærð voru, dauð og marklaus. Dómum þessum skaut Benedikt til landsyfirrjettar; var þá settur nýr yfirrjettur, en hann dœmdi Benedikt 17. nóv. sýknan af ákærum beggja yfirdómendanna, sökum fyrningar sakarinnar.

Alls voru næstliðið ár í landsyfirrjetti dœmd 25 mál; af þeim voru 17 einkamál, en 8 sakamál og lögreglumál.

Á **fjárhagsmál** landsins er áður minnzt, þar sem sagt var frá

alþingi, og stuttlega getið athugasemda þingsins við reikningsyfirlitið frá apríl 1871 til 31. marz 1872 og fjárhagsáætlunina frá 1. apríl til 31. desember 1873. Fjárhagsáætlun þessi nær að eins yfir 9 mánuði ársins (apr.—des.), sem kemur til af því, að fjárhagsárið er flutt til og á eptirleiðis að verða frá nýári til nýárs, samkvæmt reglugjörð um reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda, 13. febr. 1873. Á þessu 9 mánaða reikningsári er ætlazt til að tekjur og útgjöld landsins verði hvort fyrir sig 89943 rd. 6 sk. Tekjuauki sá, sem fólginn er í tolli af brennivíni og áfengum drykkjum, er gjört ráð fyrir að nemi 10000 rd. Afgangurinn af tekjunum, þegar frá eru dregin öll viss og óviss útgjöld, er talinn að verða 3747 rd. 47 sk., og skal hann leggjast í viðlagasjóðinn.

Opinber gjöld landsmanna næstliðið ár voru mjög áþekk að upphæð og undanfarin ár. Alþingistollurinn var hinn sami, eða 3 skildingar af hverju ríkisdalsvirði jarðaafgjaldanna. Jafnaðarsjóðsgjaldið var í suðuramtinu 16 sk., í vesturamtinu 14 sk., og í norður- og austuramtinu 10 sk. Meðalverð allra meðalverða var eptir verðlagsskránum:

	alinin
Í Skaptafellssýslunum	24,7 sk.
- hinum öðrum sýslum suðuramtsins	25,7 —
- Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals- og Dalasýslum	29½ —
- Barðastrandar- og Strandasýslum	29½ —
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	30½ —
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum	26 —
- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyrarkaupstað	26¾ —
- Múlasýslunum	26½ —

Sparisjóðurinn í Reykjavík hefur talsvert eflzt næstliðið ár. 11. júní var tala þeirra, er áttu fé í sjóðnum, 212, og áttu þeir allir til samans í innlögðum og útteknum vöxtum 9376 rd. 40 sk.; 11. des. voru þeir, er fje áttu í sjóðnum, orðnir 274, og voru þar af börn og unglingar 91 að tölu, en eigur þeirra í sjóðnum voru til samans orðnar 14755 rd. 95 sk. Hið fyrra missiri ársins (frá 11. des. 1872 til 11. júní 1873) höfðu eigur samlagsmanna aukizt um 2571 rd. 39 sk., en hið síðara missiri (frá 11. júní til 11. des. 1873) um 5379 rd. 55 sk., eða allt árið um 7950 rd. 94 sk. Hið fyrra missiri hafði varasjóðurinn aukizt um 176 rd. 33 sk., konungleg skuldabrjef um 1300 rd., og skuldabrjef einstakra manna um 1815 rd. Hið síðara missiri hafði varasjóðurinn aukizt um 114 rd. 60 sk., konungleg skuldabrjef um 2000 rd., og skuldabrjef einstakra manna um 3875 rd. — Á aðalfundi sjóðsins 28. júlí var sú breyting gjör á samþykkt sjóðsins, að vextir samlagsmanna, er við stofnun sjóðsins voru ákveðnir að eins 3 af hundraði á ári, voru hækkaðir til 3½ af hundraði á ári, frá 11. júní 1873.

Embættaskipun landsins hefur næstliðið ár orðið á þessa leið:

Stiptamtmaður Hilmar Finsen tók 1. apríl við landshöfðingjadæminu yfir Íslandi (samkvæmt konungsúrskurði 29. júní 1872).—Sama

dag tók amtmaður Bergur Thorberg við amtmannsembættinu í suðuramtinu ásamt stiptsyfirvaldsstörfum, en hjelt þó áfram að gegna amtmannsembættinu í vestramtinu, er hann hafði áður þjónað. — Skrifaraembættið við landshöfðingjadæmið var veitt Jóni Johnsen, kandídat í lögfræði, og átti hann einnig að taka við embætti sínu 1. apríl, en kom ekki hingað til lands fyr en 29. d. sama mánaðar.

Landlæknir Jón Hjaltalín var 1. september losaður fyrst um sinn við hjeraðslæknisstörf í læknisumdæmi því, sem sameinað er landlæknisembættinu. Læknir Jónas Jónassen var aptur skipaður til að gegna hjeraðslæknisstörfum í nokkrum hluta læknisumdæmis þessa (Kjósarsýslu, er hann hafði áður verið settur í, og enn fremur Reykjavík, Seltjarnarnes- og Álptaneshreppum); þar á mót var hann losaður við hjeraðslæknisstörf í hinum öðrum hlutum læknisumdæmisins, er hann hafði áður gegnt sem settur, en þau fengin í hendur Þórði Guðmundsen, kandídat í læknisfræði.

Til prófasts í Borgarfjarðarsýslu var Þórður Jónassen, prestur í Reykholti, kvaddur 27. desember.

Lundarbrekka var veitt 18. jan. Jóni Reykjalín, presti á Þönglabakka. Hrepphólar voru veittir 21. febr. Valdimar Briem, kandídat í guðfræði. Hof á Skagaströnd var 21. marz sameinað til bráðabirgða við Höskuldsstaði. Skarðsþing voru veitt 27. marz Jóni Bjarnasyni, presti í Ögurþingum. Helgastaðir voru veittir 23. apríl Benedikt Kristjánssyni, presti á Skinnastöðum. Gunnar Gunnarsson, prestur á Svalbarði, og Jón Reykjalín, prestur á Lundarbrekku, höfðu brauðaskipti sama dag. Selárdalur var veittur 7. maí Lárusi Benediktssyni, aðstoðarpresti samastaðar. Arnarbæli var veitt 21. maí Páli Mathiesen, presti í Stokkseyrarþingum. Möðruvallaklaustur var veitt 17. júní Davíð Guðmundssyni, presti að Felli í Sljettuhlíð. Bergstaðir voru veittir 18. júlí Ísleifi Einarssyni, fyrrum presti á Stað í Grindavík. Þingeyraklaustur var veitt 14. júlí Eiríki Briem, kandídat í guðfræði. Glæsibær var veittur 28. ágúst Árna Jóhannssyni, kandídat í guðfræði. Sandfell var veitt sama dag Birni Stefánssyni, kandídat í guðfræði. Desjarmýri var veitt sama dag Stefáni Pjeturssyni, kandídat í guðfræði. Háls í Fnjóskadal var veittur 10. sept. Stefáni Árnasyni, presti á Kvíabekk. Stokkseyrarþing voru veitt 17. sept. Gísla Thorarensen, presti í Sólheimaþingum.

Aðstoðarprestar voru skipaðir: Steindór Briem að Hruna, Páll Ólafsson að Melstað, og Jens Pálsson að Arnarbæli, allir kandídatar í guðfræði.

Prestvígðir voru: kandídatarnir Jón Þorlákssson, Valdimar Briem og Steindór Briem, 27. apríl, kandídatarnir Árni Jóhannsson, Björn Stefánsson, Stefán Pjetursson og Páll Ólafsson 31. ágúst, og kandídat Jens Pálsson 2. nóvember.

Í árslokin var óveitt Gullbringusýsla (fyrir burtsókn sýslumanns Clausens), hjeraðslæknisembættið í Eyjafjarðar og

Þingeyjarsýslum (fyrir lát læknis Þórðar Tómassonar) og rektorsembættið við latínuskólann, er staðið hefir óveitt frá því 2. nóv. 1872. Enn fremur voru óveitt 33 prestaköll, en af þeim voru 10 sameinuð til bráðabirgða við önnur prestaköll.

Atvinnuvegir.

Veðuráttufar á Íslandi næstliðið ár var yfir höfuð að tala í meðallagi. Í byrjun ársins var víðast hart. Framan af janúarmánuði voru frost og fannkomur því nær um allt land; um miðjan mánuðinn komu blotar víða, en seinni hlutann spilltist aptur veðuráttan, og gjörði stórhríðar og harðindi yfir allt norðurland, austurland og svo Vestfirði; syðra var veðuráttan nokkru mildari. Um mánaðamótin brá aptur til bata, en það stóð eigi lengi, því að þá kom hafísinn undir land, og harðnaði þá enn meir en áður; ísinn var að reksst fyrir landi nokkra hríð, en hvarf aptur seint í marzmánuði. Meðan ísinn var undir landi voru hörkur allmiklar norðanlands og austan, en umhleypingar, stormar og rosar sunnanlands og vestan. Þegar ísinn var rekinn frá, batnaði mjög tíðin yfir allt land; gjörði þá hlákur, þíður og blíðviðri, og leysti víða upp snjó allan. Upp frá því mátti kalla gæðatíð víðs vegar um land það sem eptir var vetrar, og var sumstaðar kominn talsverður gróður um sumarmál. Hafís sást aptur fyrir norðan og vestan land um vorið; hann hvarf þó bráðum aptur, en vart varð hans enn við og við fram eptir sumrinu. Um vorið og framan af sumri voru kuldar og þurviðri norðan- og vestanlands, en hlýtt veður og vætusamt sunnan- og austanlands; þó komu stundum kuldahret á milli, er spilltu mjög gróðrinum, og náðu þau yfir mestan hluta landsins; harðast var hríðaráfallið, er gjörði seint í maímánuði, og kvað einkum að því á norðurlandi. Síðari hluta júnímánaðar og fyrri hluta júlímánaðar var veðuráttan víðast köld með hornriða, kólgum og krapaskúrum, en eptir miðjan júlí hlýnaði aptur, og upp frá því var optast hlýtt og blítt veður fram í miðjan september. Seinast í september gjörði stórrigningar sunnanlands, en jel og hríðir nyrðra. Þá tók veðuráttan óðum að harðna, en einkum er á leið októbermánuð. Seinustu dagana af október voru stórhríðar nálega yfir allt land með miklu frosti og fannkomu, og tók þá skjótlega fyrir haga alla; en víða var það, að fje náðist eigi, og ýmist fennti eða hrakti í vötn og sjó, einkum á Hvalfjarðarströnd syðra og í Skagafirði og Bárðardal nyrðra. Í miðjum nóvember hlýnaði aptur, og var nú um hríð allgóð tíð víða, einkum á suðurlandi; var þá hæg norðankæla um daga en stirðnandi um nætur. Framan af desember fór veðuráttan aptur kólnandi; um miðjan mánuðinn hlýnaði nokkuð, en harðnaði aptur drjúgum undir árslokin. Ís kom undir land nyrðra seint í nóvembermánuði og rak sumstaðar hroða inn á firði; en það er sjaldan, að ís kemur svo snemma vetrar.

Um leið og minnst er á tíðarfarið, og áður en horfið er að atvinnuvegunum sjálfum, þykir rjettast að geta um eldgos það, er varð næst-

liðið ár. Þess varð fyrst vart 8. dag janúarmánaðar í sumum austursveitum, en hinn 9. sama mánaðar sást það víðs vegar um land. Af stefnunum úr ýmsum áttum mátti þegar ráða, að eldgos þetta mundi vera einhvers staðar í Vatnajökli. Að morgni hins 9. áður en ljóst var orðið af degi var eldbálið harðla mikið að sjá, og tók hátt á lopt upp; þegar birti varð eldurinn daufari sýnum, en mikill reykjarmökkur sást í eldstöðunni; um ofanverðan mökkinn lagði eldbjarmann, og upp úr mekkinum skaut smátt og smátt logandi eldflaugum. Um daginn meðan fullbjart var, sást eigi annað en rauðleitur mökkurinn. Þegar kvelda tók, kom eldurinn aptur í ljós í sama stað og engu minni en fyr. Gekk svo um nokkra sólarhringa, að eldurinn sást jafnan um nætur, kveld og morgna, en að eins mökkur og mistur um daga. Mestur sýndist eldurinn vera að kveldi hins 10., og aptur að kveldi hins 12. Upp frá því tók hann að rjena, og eptir hinn 13. varð hans óvíða vart; í sumum sveitum sást hann þó stöku sinnum eptir það allt til hins 23., en hvarf með öllu síðan. Hinn fyrsta dag er eldgoss þessa varð almennt vart (hinn 9.), heyrðust sumstaðar lágir d y n k i r, og svo nóttina eptir, þá aptur (hinn 12.), en eigi upp frá því svo kunnugt sje. Hinn 10. fannst sumstaðar hægur j a r ð s k j á l f t i, og aptur snarpur kippur hinn 12. Hina fyrstu daga meðan gosið stóð yfir, lagði megna j ö k u l f ý l u víða um land, en síðan hvarf hún að mestu. Ö s k u f a l l varð allmikið í sumum sveitum; snjór var víðast á jörðu, og tók hann þegar hinn fyrsta dag að dökkna af mistri og móðu í austursveitum. Hina næstu daga tók að verða vart við öskufallið í fjarlægum hjeruðum; vindur var vestlægur, og lagði öskumökkinn austur um land; í sumum hinum eystri hjeruðum í Skaptafellssýslu varð öskufallið hinn 10. og 11. svo þjett, að sporrækt varð eptir fjenað jafnvel þar sem jörð var auð. Þá lagði mökkinn lengra austur og norður um Múlasýslur og Þingeyjarsýslu. Á fjöllum nyrðra var móðan svo mikil að morgni hins 11., að eigi tók að birta fyr en sól var upp komin, og var þá jörðin öll kolgrá af ösku; öskufallsins varð og vart enn lengra norður beggja megin Vöðluheiðar, en lítið, er vestur dró. Svo er sagt, að sumstaðar á austurlandi hafi öskulagið verið yfir þumlungs þykkt í byggðum niðri, en enn meira á fjöllum uppi. Hinn 12. var öskufallinu víðast af ljett. Eigi varð mikið mein að öskunni, með því að hún kom víðast niður í snjó, blandaðist saman við hann og skolaði svo burt með honum, þá er hlánaði. Um vorið og framan af sumri þóttust ýmsir verða varir við eld á hinum sömu stöðvum sem um veturinn, og lengi var mökk að sjá í þá átt. Í júlímánuði gjörði allmikið öskufall víða sunnanlands, einkum ofan til um Árnessýslu, og geltist þá mjög peningur, en eigi varð það að öðru leyti til tjóns, þar eð því ljetti brátt af aptur, og rigningar skoluðu burtu öskunni, sem fallið hafði. Eldgos þetta var svo fjarri byggðum, að eigi var unnt að kanna það nákvæmlega, en eptir mælingum, sem gjörðar voru, komust menn að raun um, að það hefði verið sunnan til í miðjum Vatnajökli.

Að því er snertir a t v i n n u v e g i n a sjálfa, skal hjer fyrst getið

jarðarræktarinnar, að því leyti sem af henni er nokkuð að segja. Eigi er kunnugt, hversu mikið hefur verið unnið að jarðabótum næstliðið ár, en svo er að heyra sem þær fari nú heldur vaxandi. Hús- og bústjórnarfjelag suðuramtsins, er nú hefur breytt nafni sínu og kallast búnaðarfjelagið í suðramtinu, hefur að sínu leyti stuðlað til að efla landbúnaðinn, einkum jarðarræktina, bæði með því að útvega jarðyrkjumenn og styrkja bœndur til að geta notað tilsögn og vinnu þeirra. Með þess ráði ferðaðist jarðyrkjumaður Sveinn Sveinsson, er lært hefur í Noregi, um Borgarfjörð, Mýrar, Dali og Húnavatnssýslu, til að segja bœndum til í því, er að búfræði og einkum jarðyrkju lýtur. Í Byskupstungum, Mosfellssveit, Borgarfirði, Húnavatnssýslu og víðar var talsvert unnið að vatnsveitingum; að því er suðramtið snertir, var það að nokkru leyti með tilstyrk búnaðarfjelagsins. Búnaðarfjelagið ákvað einnig að fá út hingað danskan vatnsveitingamann næsta sumar, og fjekk það til þess styrk bæði úr landssjóði og frá hinu danska landbúnaðarfjelagi.

Heyskapur landsmanna næstliðið ár var víðast í minna lagi. Vorkuldarnir á norðurlandi og vesturlandi spilltu mjög grasvextinum. Á suðurlandi og austurlandi var grasvöxturinn talsvert meiri, en þó vart í meðallagi. Af túnum fjekkst víða allt að þriðjungi og sumstaðar allt að helmingi minna en næsta ár áður, en þó voru tún og harðvelli því nær alstaðar betur sprottin að tiltölu en engjar og mýrlendi. Við grasmaðk varð víða vart í túnum, einkum nyrðra, og dró hann mjög úr grasvextinum. Sláttur byrjaði víðast á venjulegum tíma, en sumstaðar nokkru seinna. Þótt grasvöxturinn væri fremur lítill, þá bœtti það aptur úr, að nýting varð víðast góð; þrátt fyrir óþerrana, sem gengu framan af slættinum, þá voru tún að jafnaði alhirt í miðjum ágústmánuði; að eins í einstökum sveitum, svo sem á Sljettu nyrðra, hröktust töður manna; úthey náðist því nær alstaðar óhrakið, nema það, sem úti var í sláttulok, þegar brá til rigninganna og hretviðranna. Á nokkrum stöðum nyrðra varð hey úti undir snjó, og náðist aldrei. Heyafli manna varð þá um haustið yfir höfuð að tala fremur lítill, en allvíðast góður eða vel hirtur. Heyfyrningar frá undanförnum árum bœttu og úr heyskortinum hjá mörgum.

Kál, kartöflur, hafrar, bygg og aðrar sáðjurtir spruttu víðast í meðallagi.

Fátt er tíðindavert að því er **fjárræktina** snertir. Sauðfjenaðarhöld voru víðast næstliðið ár í betra lagi. Sumstaðar, einkum syðra, horfði til fóðurskorts þegar skömmu eptir nýár, en svo kom batinn bæði langur og góður, og komust flestir vel fram með skepnur sínar. Sauðburður heppnaðist víðast vel. Málnyta var aptur í lakara lagi, því að bæði var beitarland illa sprottið, og veður hryðjótt og kalsasamt um fráfœrutímann og næstu vikur á eptir. Fjárheimtur um haustið urðu í meðallagi. Af dýrbiti varð þó meira en næsta ár á undan. Sláturfje reyndist í betra lagi, bæði að holdum og mör.

Fjárkláðinn hefur enn haldizt við árið sem leið. Tilraunir þær,

er bœndur í hinum heilbrigðu hjeruðum í grennd við kláðasvæðið gjörðu árið áður til að útrýma kláðanum, misheppnuðust að mestu eða öllu leyti. Um nýár varð kláðavart í Grafningi, Mosfellssveit, Álptanesi og Reykjavík; var það fje baðað, og bar eigi á kláða upp frá því, þangað til í maímánuði, að hann kom aptur upp í Mosfellssveit. Þá fóru fram almennar fjárskoðanir í öllum hinum grunuðu hjeruðum, fyrst sunnan fjalls, í Gullbringu- og Kjósarsýslu norður að Leirvogsá, og síðan austan fjalls, í Grafningi, Ölfusi og Selvogi. Við skoðanir þessar varð því nær hvergi vart við kláða. Aptur um haustið kringum rjettir varð vart við kláða í Grindavík, Mosfellssveit og Ölfusi, og hafa engar tilraunir tekizt til að útrýma honum að fullu. Bráðasótt á sauðfjenaði gjörði víða vart við sig um haustið, og var í skæðara lagi; einkum kvað að henni sunnan lands, í Hreppum, Mosfellssveit, Kjalarnesi, Kjós og Borgarfirði. Margs konar reglur hafa verið gefnar og margskonar tilraunir gjörðar til að útrýma sótt þessari, en flestar þeirra hafa misheppnazt að mestu leyti. Bráðasótt á hestum og einkum nautum gjörði sumstaðar vart við sig, einkum í Grafningi, Borgarfirði og Hvítársíðu; drap hún nokkra gripi á stöku bæjum, og hvarf síðan.

Æðarvarp var víðast um land fremur í minna lagi næstliðið vor, einkum á austurlandi, og skemmdist það þar helzt af of miklum rigningum.

Aflabrögð landsmanna á hinu umliðna ári heppnuðust yfir höfuð í meðallagi. Fiskiaflinn var sunnan lands einkar góður bæði í Faxaflóa og austur með landi hina fyrstu mánuði ársins, eða hjer um bil fram að vetrarvertíðarbyrjun. En er vertíð var almennt byrjuð, hætti að fiskast um hríð, eða hjer um bil frá miðjum marzmánuði til miðs aprílmánaðar, einkum í hinum syðri veiðistöðvum í Faxaflóa. Frá því tók aptur að fiskast nokkuð víða hvar til vertíðarloka. Meðalhlutir í hinum syðri veiðistöðvum í Faxaflóa urðu á allri vertíðinni 90—120, og líkt á Akranesi, í Höfnum, Grindavík og Selvogi; 200 á Álptanesi, 250 á Seltjarnarnesi, 100 í Þorlákshöfn, 300 á Eyrarbakka og 250 í Vestmannaeyjum; austur með landi aflaðist enn minna. Á vorvertíðinni aflaðist víða nokkuð framan af, en minna er á leið. Um sumarið var um tíma allgóður afli á Álptanesi og Seltjarnarnesi og í hinum öðrum innri veiðistöðvum í Faxaflóa. Um haustið fiskaðist aflvel, þegar gaf að róa, en það var sjaldan nema um tíma í nóvembermánuði. Undir Jökli og á Breiðafirði aflaðist lítið um veturinn, einkum sökum gæftaleysis, aptur í góðu meðallagi um vorið, en nokkuð minna síðan. Við Ísafjarðardjúp var góður afli um veturinn og vorið, nokkur um sumarið, en lítill um haustið. Á Húnaflóa og Skagafirði var tregur afli framan af árinu, en nokkuð fiskaðist þar um sumarið. Við Eyjafjörð var aflinn góður í janúar og febrúar, hvikull í marz, en aptur meiri er á leið veturinn og svo um vorið, minni um sumarið, en aptur sæmilegur um haustið. Á Austfjörð-

um aflaðist allar árstíðir, og ágætlega um sumarið. Fiskiafli á þilskipum heppnaðist allvel víðast kringum land, einkum um sumarið.

Hákarlsafli var á vetrarvertíðinni allgóður syðra, en því nær enginn á vorvertíðinni. Á Vestfjörðum aflaðist talsvert um vorið og sumarið, en á Eyjafirði og Austfjörðum mjög lítið.

Síldarganga mikil varð á Eyjafirði í aprílmánuði, og nokkur á Austfjörðum. Um sumarið var bezta síldarveiði víðast um Austfirði, einkum á Eskifirði og Reyðarfirði.

Lax- og silungsveiði var víðast um land ágæt, einkum framan af sumri.

Selveiði var allvíða góð, einkum haustselaaflinn á Breiðafirði.

Hið frakkneska fiskiveiðafjelag sendi eptir vanda sínum fjölda skipa hingað undir land næstliðið ár; eptir því sem spurðist, fiskuðu þau í góðu meðallagi. 6 þeirra strönduðu snemma í marzmánuði í Austur-Skaptafellssýslu (4 í hornafirði, 1 í Suðursveit, 1 í Lóni), og týndu þar 58 menn lífi. Norskir og færeyskir síldarveiðamenn lágu fyrir Austfjörðum um sumarið, og öfluðu þeir lítið framan af, en allvel þegar á leið sumarið.

Rekar voru eigi miklir næstliðið ár. Einn hval rak á Sljettu í janúar, annan undir Látrakleifar við Eyjafjörð í febrúar, fjóra í Jökulfjörðum á Hornströndum um sama leyti, og einn á Austfjörðum um sumarið. — Nokkuð af trjávið rak fyrir norðan land um vorið. — Strandrekar nokkrir urðu á Hjeraðsflóa, Vopnafirði og Ströndum.

Fuglveiði í björgum var allvíðast í betra lagi, og sumstaðar, t. d. í Drangey, í bezta lagi.

Á næstliðnu ári hafa landsmenn enn nokkuð að gjört til að auka og bæta þilskipaútól sinn og annan skipaútbúnað; hafa þeir bæði smíðað skip sjálfir og eins keypt þau frá útlöndum. Sjómannakennslu hefur einnig verið haldið áfram. Kandídat Eiríkur Briem í Reykjavík kenndi manni nokkrum stýrimannsfræði, og var hann næstliðið sumar prófaður af dönskum sjóliðsforingjum, og þótti hann hafa meiri kunnáttu, en ætlazt er til af þeim, er taka hið almenna stýrimannapróf í Kaupmannahöfn.

Um **námur** hefur verið getið í frjettum af landinu undanfarin ár, en af þeim er nú eríð litið að segja. Ein ný tilraun hefur þó verið gjörð í þá átt. Fyrir nokkrum árum fannst kalksteinn í Esjunni; var hann skoðaður af fræðimönnum, og reyndist svo, að 90 hundruðustu partar hans væru hreint kalk. Eigi vita menn um, hversu langt kalksteinn þessi nær inn í fjallið, en líkindi þykja til, að hann nái í gegnum það. Næstliðið sumar gjörði kaupmaðurEgill Egilsson tilraun að brenna kalk úr steini þessum, en eigi varð enn af henni sjeð, hvort slíkt mundi svara kostnaði, eptir því sem hjer til hagar.

Verzlun Íslendinga hefur, þegar á allt er litið, gengið allsæmilega næstliðið ár. Verzlunarfjelögin, sem stofnuð höfðu verið á und-

anförnum árum, hafa enn staðið í góðu gengi, og önnur ný verið mynduð. Eptir ágizkun er fje það, sem nú er lagt í verzlunarfjelög, nálægt 150000 rd. Um framkvæmdir hinna einstöku verzlunarfjelaga skal hjer flýtt yfir farið. Gránufjelagið hefur jafnan haft bezt almenningstraust af öllum hinum innlendu verzlunarfjelögum, enda hefur verzlun þess að flestu leyti gengið ágætlega, og fjelagið allajafna staðið í beztu skilum við alla hlutaðeigendur. Fyrir næstliðið ár var fjelagsmönnum úthlutað sem ágóða 6% af eign þeirra í fjelagshlutum. Eigi að síðnr kom kurr nokkur í suma fjelagsmenn út af samningi nokkrum, er framkvæmdarstjóri fjelagsins hafði gjört við Englendinga um fjenaðarsölu. Tildrög þessa samnings voru þau, að nokkrir Þingeyingar, Eyfirðingar og Skagfirðingar höfðu fengið mann til að semja fyrir þeirra hönd við Englendinga um sölu á sauðfje, hestum og nautgripum, en hann fjekk aptur framkvæmdarstjóra Gránufjelagsins, er þá fór til Englands, umboð til þess af sinni hendi; hann tók við umboðinu, og fjekk á Englandi gjörðan samning um sölu á 200 hestum og 3000 sauðum; samning þennan gjörði hann í nafni Gránufjelagsins, með því að hann var eingöngu í þess erindum og einnig sökum þess, að fjáreigendurnir höfðu lofað talsverðum umboðslaunum, er hann ætlaðist til að fjelagið fengi. Eigi verður annað sèð, en að samningur þessi hafi verið vel viðunanlegur fyrir alla hlutaðeigendur, en eigi að síður varð hann þó að nokkru leyti til að spilla fyrir fjelaginu, þar eð verð á hestum varð seinna um sumarið miklum mun meira en framkvæmdarstjóri fjelagsins hafði getað búizt við. Svo hafði og verið um samið, að skip eitt frá Skotlandi skyldi í byrjun septembermánaðar koma á Akureyri og sækja þangað 1100 sauði; skipið kom 10 dögum seinna en ákveðið var, tók að eins 890 sauði, og ljet af þeim 190 óborgaða; 210 skildi það eptir. Þetta voru beinustu samningsrof af hálfu kaupanda, með því að hann hafði skuldbundið sig til að taka allt fjeð og greiða borgun fyrir það þá þegar; en af þessu leiddi, að Gránufjelagið gat ekki að svo komnu staðið í skilum með allt andvirði sauðanna sem eðlilegt var. Þetta notuðu óvildarmenn fjelagsins til að kasta skugga á það, en eigi er þó svo að sjá sem það hafi orðið því nokkur verulegur hnekkir, og sjálfsagt þykir, að það fái fulla uppreisn sinna mála. Gránufjelagið keypti næstliðið ár nokkur timburhús á Seyðisfirði, og flutti eitt þeirra á Oddeyri, þar sem fjelagið hefur fasta verzlun. Margir gengu enn í fjelagið, og þar á meðal einkum Austur-Skaptfellingar, er buðust til að leggja fram talsvert fje, ef fjelagið verzlaði á Papós. — Fjelagsverzlunin við Húnaflóa hefur talsvert eflzt næstliðið ár og gengið allgreiðlega. Margir gengu í 5 ára samninginn, eða hjetu því að verzla eingöngu við fjelagið í 5 ár; en eigi að síður hefur engan veginn tekizt að ná tilganginum með þessum 5 ára samningi, eða því, að bola með öllu burtu verzlun danskra kaupmanna; til þess er fjelagið, þrátt fyrir allan viðgang þess, allt of magnlítið, því að eigi hafa enn svo margir gengið í fjelagið, að það hafi getað sjeð fyrir fullnógum vörubirgðum. Auk Húnvetninga og Skagfirðinga hafa nú margir Mýramenn og Borgfirðingar

gengið í fjelag þetta og verzlað við það næstliðið sumar. — Af Flateyjarfjelaginu fara engar sögur. Þar á mót hefur nýtt fjelag verið stofnað við Breiðafjörð næstliðið ár. Það er hlutafjelag líkt og fjelag Húnvetninga; er hver hlutur 25 rd.; svo er til ætlað, að innstæðan sje 20000 rd. eða 800 hlutir, er greiðist allir á næsta ári. — Reykjavíkurfjelagið hefur breytt lögum sínum og fyrirkomulagi, og einnig gjörzt hlutafjelag, en hver hlutur er 25 rd.; hið nýja fyrirkomulag þess er einnig áþekkt fyrirkomulagi því, sem er á fjelagsverzlun Húnvetninga. Árnesingar, Rangæingar og Vestur-Skaptfellingar ætluðu einnig að stofna verzlunarfjelag, en fengu eigi svo mikil fjártillög, að þeim þætti gjörandi, að stofna sjerstakt fjelag, og gengu því í Reykjavíkurfjelagið með fje það, er þeir höfðu safnað. Nokkrir menn, sem verið höfðu í Reykjavíkurfjelaginu, áður en lögum þess var breytt, gengu nú úr fjelaginu, og gjörðu fjelag sjer með líkum hætti og Reykjavíkurfjelagið hafði áður verið. — Álptnesingar og Vatnsleysustrandarmenn stofnuðu einnig verzlunarfjelög hvorir fyrir sig; þau eru eigi hlutafjelög, en fyrirkomulag þeirra er líkt því, sem áður var í Reykjavíkurfjelaginu. Verzlunarfjelögin hafa þá næstliðið ár komizt svo langt, að þau reka verzlun sína að nokkru leyti kringum allt land. Ýmsir eru mótfallnir þessum mörgu verzlunarfjelögum, og álíta það miklu affarasælla, að hafa fjelögin heldur færri, með því að þá gætu þau einnig orðið miklu öflugri, ef þau legðu saman krapta sína, í stað þess að þau nú sem stendur draga hvert frá öðru; eigi er heldur laust við, að borið hafi sumstaðar á rig milli fjelaganna og tortryggni þeirra hvert við annað, en nái slíkt að þróast, er það hið fyrsta meðal til að kollvarpa þeim sjálfum og hnekkja allri frjálsri verzlun landsmanna.

Hið íslenzka verzlunarsamlag í Björgvin komst í þrot og varð því að hætta verzlun sinni hjer á landi; gufuskip það, er samlagið hafði haft hjer í förum, hafði reynzt of kostnaðarsamt, og var það selt fyrir hálfvirði; engar nýjar tilraunir voru gjörðar til að koma á slíkum gufuskipsferðum hjer framvegis.

Að því er snertir aðalverzlun landsmanna, þá virðist hún eigi hafa verið fullt eins hagfelld næstliðið ár eins og næsta ár á undan. Siglingar gengu vel, og örfá skip strönduðu. Vörumagn landsmanna var í allgóðu lagi. Þar á mót voru aðflutningar og vörubirgðir kaupmanna að sumu leyti harðla litlar og ónógar; eigi var þó almennt kvartað um skort á matvöru, heldur ýmsum öðrum nauðsynjavörum, svo sem steinolíu, kolum og timbri; einkum var timburekla tilfinnanleg, því að það lítið, sem kom af timbri, var víðast að mestu leyti hinn versti viður og lítt brúkandi til húsagjörðar og smíða. Verðlag á vörum var heldur hvergi nærri jafn-hagfellt Íslendingum sem árið áður. Hinar útlendu vörur voru í mjög háu verði, en innlendar vörur höfðu eigi hækkað í verði að því skapi, og aðalvörurnar, ull og fiskur, höfðu jafnvel lækkað. Verðlag á helztu innlendum vörum var í Reykjavík á kauptíð á þessa leið: saltfiskur á 25 rd. skpnd., harður fiskur á

30 rd. skippundið, lýsi á 26 rd. tunnan, hvít ull á 46 sk. pundið, mislit ull á 32 sk. pundið, tólg á 18 sk. pundið, æðardún á 8 rd. pundið. Verðlag á helztu útlendu vörum var á sama stað og tíma á þessa leið: rúgur á 10 rd. tunnan, bankabygg á 15 rd. tunnan, baunir á 12 rd. tunnan, salt á 2 rd. 64 sk. tn., steinkol á 3 rd. tunnan, kaffi á 44 sk. pundið, sykur á 26 sk. pundið, brennivín á 32 sk. potturinn. Á öðrum stöðum var verðlag á kauptíð nokkuð svipað þessu, að öðru leyti en því, að ull komst í talsvert hærra verð á norðurlandi og austfjörðum. Fjártaka hjá kaupmönnum um haustið var í meira lagi, einkum norðanlands; margir urðu til að selja fje sitt, bæði sökum skulda og eins lítils heyafla, enda seldist fjenaður við háu verði; sumir þurftu og að koma út fjenaði sínum, áður en þeir flyttust af landi brott. Verðlag á sauð fullorðnum var 8—9 rd.; lísipundið af kjöti seldist almennt á 1 rd. 48 sk., pundið af mör á 16 sk. og gæran á 1 rd. — Flestar íslenzkar vörur seldust allvel ytra um haustið.

Fjenaðarkaup Skota og Englendinga hjer á landi hjeldust enn við næstliðið sumar, einkum hrossakaupin. Víða um land voru haldnir hestamarkaðir, og seldust hestar við hærra verði en nokkru sinni fyr. Margir notuðu þetta háa verð, og seldu svo mikið af hestum sem þeir máttu án vera, og sumir jafnvel meira; þeir sem eigi seldu of mikið, höfðu af sölu þessari mikinn hag, og margir gátu, sökum hennar, komizt úr skuldum sínum. Svo er sagt, að frá suðurlandi hafi um sumarið alls verið út flutt 2653 hrossa. Af nautum og sauðfjenaði seldist eigi jafnmikið og árið áður. Á sauðfjársölu Gránufjelagsins er áður minnzt stuttlega.

Fjenaðarverzlunin hjeraða á milli var næstliðið ár eins og árið áður fremur lítil. Samtök þau, er sveitabœndur sunnanlands höfðu þá gjört til að útrýma kládanum, voru nú raunar slitin, og hömluðu eigi lengur frjálsum viðskiptum í þá átt, heldur bar nú annað til. Árnesingar gjörðu nú samtök um það, að selja enga sauðkind nema á mörkuðum innan sýslu; en sá var tilgangurinn með þeim samtökum, að af taka fjársölu í aðalrjettum, og koma þannig í veg fyrir óreglu þá og tímatöf, er af slíkri sölu leiðir, en í annan stað að koma hæganlegra og reglulegra skipulagi á söluna. Sjávarbœndur og kaupstaðarbúar álitu þar á móti, að nýbreytni þessi ætti að stuðla að því, að selja fjeð dýrara en vant væri, og sóttu því lítt markaðina; varð því fjenaðarverzlunin í þessum hjeruðum miklu minni en að vanda.

Samgöngur manna í milli voru, þrátt fyrir hið nýja fyrirkomulag á póstgöngunum, að sumu leyti hvergi nærri eins greiðar næstliðið ár sem árið fyrir, en það kom af því, að gufuskipsferðir Norðmanna kringum landið, er þá höfðu greitt svo mjög fyrir samgöngunum, voru niður lagðar. Um vegabœtur er fátt kunnugt, að eins má geta þess, að stíg þeim gegnum Hafnarfjarðarhraun, sem getið er í fyrra árs frjettum, var nú haldið áfram, og er hann að mestu fullgjör; vegur þessi er 5½ áln. breiður, rúmra 900 faðma langur; alls hefur hann kostað um 1120 rd. Til þess, er enn er ógjört við hann, mun þurfa á annað hundrað ríkisdala.

Fyrir samskotunum til vegagjörðar þessarar og svo vegagjörðinni sjálfri stóð verzlunarstjóri Kristján Zimsen í Hafnarfirði. Hjer má geta þess, að næstliðið sumar var danskur verkfræðingur, að nafni Windfeldt Hansen, fenginn hingað til að rannsaka, hvort vinnandi væri að leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, hvar væri bezt brúarstæði, og hversu mikið slíkar brýr mundu kosta. Hann kvað það vel mega takast, að gjöra brýrnar, og benti á hvar bezt væri að leggja þær, og hvernig bezt væri að koma þeim fyrir. Að því er kostnaðinn snertir, þá er sagt, að hann hafi gjört ráð fyrir, að hvor brúin fyrir sig mundi kosta 50000 rd. Miklir örðugleikar eru á því, að leggja fram jafnmikið fje sem þetta, og þótt eigi sje sjeð fyrir hvað takast má, þá er nú líklegt, að brúargjörð þessari verði frestað um sinn. Hinum sama verkfræðing, sem gjörði áætlunina um brýrnar, var af stjórninni falið á hendi, að rannsaka, hvort eigi væri gjörandi höfn við Dyrhólaey, en hann kvað það óvinnandi verk nema fyrir margar miliónir ríkisdala. Málið um frjettaþráðinn hefur næstliðið ár legið í þagnargildi.

Af iðnaði, sem hin fyrirfarandi ár hefur verið drepið á í frjettum þessum, er nú ekkert að segja.

Heilsufar fólks á Íslandi var víðast í bezta lagi næstliðið ár. Almenn kvefsótt gekk að vanda um vorið yfir allt land, en varð hvergi mögnuð. Bólgusótt gekk um veturinn og vorið í Snæfellsnes- og Dalasýslum, og varð ýmsum að bana. Taksótt, lungnabólga, taugaveiki og barnaveiki stungu sjer niður á stöku stöðum, en virðast eigi að hafa orðið mjög skæðar. Yfir höfuð virðast sóttir næstliðið ár hafa valdið bæði litlum manndauða og litlum atvinnuhnekki meðal manna.

Slysfarir voru einnig í minna lagi. Að því er sjeð verður af blöðunum, hafa alls 40—50 manns drukknað í sjó og vötnum. Stórir skipskaðar urðu engir. Nokkrir menn urðu úti í illviðrum, og einstöku maður fórst af slysum á annan hátt.

Utanfarir landsmanna til Ameríku hafa drjúgum farið í vöxt næstliðið ár. Svo er sagt, að alls hafi farið hátt á þriðja hundrað manna. Voru það sumpart einhleypir menn, en sumpart heil heimili. Flestir þeir, er fóru, voru úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslu; nokkrir voru úr Hrútafirði og Miðfirði, nokkrir af Austfjörðum, nokkrir af Eyrarbakka, nokkrir úr Reykjavik, og víðar að. Flestir fóru til Norður-Ameríku. Yfir 100 manna ætluðu að setjast að í fylkinu Ontario í Canada; en hinir aðrir ætluðu til Wisconsin í Bandaríkjunum, eða hjeraðanna þar í grennd. Fáeinir fóru til Suður-Ameríku, og ætluðu að setjast að í Brasilíu. Enn voru það meir en 200 manna, er ætluðu sjer að fara hjeðan af landi til Ameríku næstliðið ár, en hurfu frá því að þessu sinni, sumpart af því, að þeir eigi fengu hentugt far, sumpart af því, að þeir eigi gátu komið eigum sínum í peninga, og enn af ýmsum öðrum orsökum; en staðráðnir voru þeir í því, að bíða að eins eitt ár og fara síðan. Þess er

áður getið, að orsakirnar til utanfara þessara hafi að nokkru leyti átt rót sína í óánœgju með stjórnarástand landsins, en aðalorsökin mun þó naumast hafa verð sú, heldur fátœkt og atvinnuskortur þeirra, er fóru. Má það meðal annars ráða af því, að flestir fóru úr þeim hjeruðum, þar sem óáran og harðrjetti höfðu verið undanfarin ár; enda var meiri hluti þeirra, er fóru, efnalítið fólk; hinir fátœkustu úr þeim hjeruðum gátu þó eigi farið, þótt þeir vildu, með því að þá vantaði alveg efni til fararinnar. Flestir þeirra, er fóru, höfðu í hyggju að nema land í hjeruðum þeim, er þeir settust að í, og reisa þar bú, jafnskjótt sem þeir fengju efni til, en á meðan ætluðu þeir að ganga í vinnu hjá öðrum, og kynna sjer verklag og háttu manna. Misjafnar sögur ganga af velmegun Íslendinga í Ameríku, en af brjefum þeirra og öðrum fregnum, sem engin ástœða er til að efa að sjeu áreiðanlegar, er svo að sjá, að flestir þeirra komist allvel af; en hitt er eigi kyn, þótt sumir kunni að eiga þar ervitt afkomu, þar sem allflestir þeirra, er fara, eru fjelítlir menn og fákunnandi bæði í tungu Ameríkumanna og öllum landsháttum þar vestur. Fáir af vesturförum hafa verið menntaðir að nokkru, en þó nokkrir, bæði þeirra, er farið hafa undanfarin ár, og eins næstliðið ár. Meðal þeirra, er fóru næstliðið ár, voru kunnugastir: Þorlákur Jónsson, merkisbóndi frá Stórutjörnum, Jón Ólafsson, hinn alkunni ritstjóri Gönguhrólfs, og sjera Jón Bjarnason, einn af hinum beztu ungri guðfræðingum og efnilegustu ungum prestum þessa lands.

Menntun.

Af menntun og menntastofnunum Íslendinga næstliðið ár eru fá tíðindi að segja, en þó virðist rjett að drepa á hið helzta, er að slíku lýtur.

Frjettablöðin eru því nær hið eina bókiega menntunarmeðal fyrir mikinn þorra manna nú sem stendur, með því að svo lítið er gefið út og enn minna keypt og lesið af öðrum ritum. Næstliðið ár voru frjettablöðin í flesta lagi; í Reykjavík voru gefin út 4 samtals: Þjóðólfur, er nú hefur verið gefinn út í 25 ár samfleytt og er langelzt allra blaða, er verið hafa á Íslandi; Tíminn, 2. árgangur; Gönguhrólfur, 1. árgangur hálfur; hann hætti að koma út á miðju ári; Víkverji, 1. árgangur; hann byrjaði fyrst að koma út í júnímánuði. Á Akureyri var gefið út blaðið Norðanfari, 12. árgangur. Undir árslokin var þar og byrjað að gefa út blað, kallað Ameríka; átti það einkum að fræða þá, sem ætluðu til Ameríku, um landsbagi og landsháttu þar vestra, og bera mönnum frjettir af Íslendingum þeim, sem þangað hafa farið.

Tímarit þau, er ekki eru í frjettablaðasniði, voru næstliðið ár hin sömu sem að undanförnu, og efni þeirra nokkuð áþekkt og áður hefur verið. Heilbrigðistíðindi Jóns Hjaltalíns (8. ár) ræddu einkum um heilbrigðisfræði og náttúrufræði; Tímarit Jóns Pjeturssonar (4. ár) um söguleg fornvísindi; Ný fjelagsrit (30. ár) um búnaðarfræði; Gefn (4. ár) um heimspeki, bókvísi og fornfræði. Auk þessara tímarita voru gefin

út: Alþingistíðindi 1873 (14. þing), og hin venjulegu tíðindi hins íslenzka bókmenntafjelags, eða: Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1872, Skírnir 1872—73, og Frjettir af Íslandi 1871 og 1872.

Aðrar bœkur en þær, sem hjer hafa verið taldar, komu mjög fáar út næstliðið ár. Hinar helztu þeirra voru: 1, Sálmar, út lagðir úr ýmsum málum, af Helga Hálfdánarsyni; sálmar þessir eru 75 að tölu, og eru upprunalega kveðnir af hjer um bil 40 ágætum sálmaskáldum frá fyrri og síðari tímum. Þýðingin er einkar vönduð og samin með frábœrri snilld og andríki; sálmasafn þetta hefur þegar náð talsverðri útbreiðslu meðal almennings og þykir hvervetna meðal hins fegursta og ágætasta í þeirri grein, er samið hefur verið á íslenzka tungu. 2, Hin postullega trúarjátning, eptir F. G. Lisco, þýdd á íslenzku af Eiríki Briem; bók þessi hefur unnið álit og útbreiðslu erlendis sem góð kennslubók í trúarfrœði; fyrir nokkrum árum var farið að nota hana við trúarfrœðiskennsluna í latínuskólanum, og í því skyni að nota hana þar framvegis, var hún þýdd á íslenzku; þýðingin er vel vönduð. 3. Kennslubók í enskri tungu, eptir Halldór Briem; þessi kennslubók, sem er vel samin, kemur sjer sjerlega vel nú á tímum, þar sem landsmönnum er svo mikil nauðsyn á að kynna sjer enska tungu, einkum sökum hinna vaxandi viðskipta þeirra við Englendinga.

Hið íslenzka bókmenntafjelag hefur auk sinna árlegu skýrslna og tíðinda eigi gefið annað út næstliðið ár en myndir með goðafrœði þeirri, er það gaf út 1872. Fjelagsmenn þeir, er tillög greiða, voru 24. maí 786 að tölu, og var það 64 fjelagsmönnum fleira en um sama leyti 1872.

Að því er bókasöfn landsmanna snertir, þá er þess eins að geta, að styrkur sá, er bókasafni latínuskólans hefur verið veittur til bókakaupa undanfarin ár, og síðan 1852 hefur verið 500 rd., var næstliðið ár minnkaður, svo að hann nú var eigi nema 300 rd.; fyrir þessa sök hefur það á þessu tímabili aukizt minna en á undanförnum árum.

Náttúrusögusafni skólans hafa þar á mót næstliðið ár bœzt: egg 39 íslenzkra fuglategunda, gefin af verzlunarstjóra Steincke á Akureyri, 6 íslenzkir fuglar, gefnir af ýmsum, og 60 merkilegar steinategundir, gefnar af verzlunarstjóra Guðmundi Thorgrimsen á Eyrarbakka, og Hans Thorgrimsen í Ameríku.

Forngripasafninu í Reykjavík hafa á næstliðnu ári bœzt 73 forngripir; við árslok átti það samtals 990 forngripi, fyrir utan steinvopn og fleira þess háttar.

Barnaskólarnir á Gerðum í Rosmhvalaneshrepp og Brunnastöðum í Vatnsleysustrandarhrepp voru aptur haldnir næstliðinn vetur; (veturinn 1872—73 voru börnin í hinum fyrnefnda 18 að tölu, en í hinum síðara 30, þar af 22 sem nutu reglulegrar kennslu, og að auk 8, sem nutu sjerstakrar kennslu). Í barnaskólanum í Reykjavík voru veturinn 1872—73 94 börn; en veturinn 1873—74 97 börn. Auk barnaskóla þess-

ara hafa í ýmsum kaupstöðum og sjávarsveitum verið haldnir barnaskólar, þótt ekki væru þeir með föstu skipulagi.

Sunnudagaskóli var um haustið í nóvember (1873) stofnsettur í Reykjavík af handiðnamannafjelagi bœjarins; en sunnudagaskóli er hann nefndur af því, að kennslan fer fram á sunnudögum, en það kemur aptur af því, að skólinn er ætlaður verkmönnum, er eigi hafa tómstundir til náms hina virku daga. Í skóla þessum er kennt: skript, rjettritun, uppdráttarlist, reikningur, danska, enska og söngur. Við hann kenndu 6 kennarar; en þeir, er sóttu skólann, voru nálægt 90 að tölu, og komust þó eigi allir að, sem vildu, sökum húsnæðisleysis.

Við latínuskólann gegndi yfirkennarinn Jón Þorkelsson rektorsstörfum næstliðið ár, en fastur skólastjóri var eigi settur. Í stað sjera Jóns Bjarnasonar, er fór til Ameríku, voru kandídatarnir Steingrímur Johnsen og Lárus Halldórsson settir um haustið til að kenna guðfræði. Lærisveinar skólans voru í byrjun skólaársins 1872—73: 65 að tölu; af þeim útskrifuðust 11 um vorið, en 5 komu eigi í skólann um haustið; aptur komu 15 nýsveinar í skólann á sama tímabili, svo að við árslok 1873 voru lærisveinarnir alls 64 eða einum færri en árið fyrir. Af þeim, sem útskrifuðust, fengu 8 fyrstu einkunn, en 3 aðra einkunn. Auk þessa tóku burtfararpróf 2 utanskólasveinar, og fjekk annar aðra einkunn, en annar þriðju.

Við læknaskólann nutu að eins 3 stúdentar kennslu næstliðið ár, en enginn þeirra útskrifaðist.

Við prestaskólann voru stúdentar veturinn 1872—73 18 að tölu. Af þeim útskrifuðust 7 um sumarið; en aptur komu 6 í skólann um haustið, svo að veturinn 1873—74 voru lærisveinar skólans 17 að tölu, 11 í hinni eldri deild, en 6 í hinni yngri. Við embættisprófið fengu 4 stúdentar fyrstu einkunn, en 3 aðra einkunn. 13 stúdentar tóku um vorið próf í heimspeki eða forspjallsvísindum, og fengu 5 þeirra fyrstu einkunn, en 8 aðra einkunn. Nýr lestrarsalur, stór og vandaður, hefur verið gjörður handa skóla þessum næstliðið ár, í stað hins eldra, er var bæði þröngur og fornfálegur.

Við háskólann í Kaupmannahöfn tók einn íslenzkur stúdent embættispróf í guðfræði næstliðið sumar, og hlaut aðra einkunn; 3 íslenzkir stúdentar tóku þar próf í heimspeki, og fjekk einn þeirra fyrstu einkunn, en hinir aðra einkunn. Veturinn 1873—74 lásu við háskólann 11 íslenzkir stúdentar; af þeim lásu 3 heimspeki, 4 lögfræði, 2 stjórnfræði, einn læknisfræði, og einn málfræði; guðfræði las þar enginn Íslendingur.

Kvennaskólamálinu hefur drjúgum þokað áfram næstliðið ár. Í Kaupmannahöfn myndaðist um veturinn nefnd danskra manna til að styrkja málefni þetta; í nefnd þessari voru alls 17 menn, eða 12 kvennmenn og 5 karlmenn; nefndin ritaði áskoranir til landa sinna um að gefa fje til fyrirtækis þessa, eða muni, er selja mætti á bazar og koma svo í peninga. Var víða í Danmörku vel tekið undir þetta, og talsverðum gjöfum safnað bæði í peningum og munum; gjafirnar í peningum voru alls

2346 rd., en gjafirnar í munum voru verðlagðar til 1200 rd. Allar þessar gjafir voru sendar til kvennaskólanefndarinnar á Íslandi. Auk þessa var talsvert gefið til stofnunar þessarar á Skotlandi, einkum af munum. Enn fremur gafst nokkuð hjer innanlands bæði í fje og munum. Allir munir þeir, er gefizt höfðu, voru seldir á bazar í Reykjavík í júlímánuði, og andvirði þeirra, ásamt peningum þeim, sem gefizt höfðu, var sett á vöxtu í sparisjóðinn í Reykjavík. Nú um áramótin á stofnun þessi um 4000 rd. í arðberandi skuldabrjefum og á vöxtum í sparisjóði.

Saumaskóli var haldinn í Reykjavík um sumarið af nokkrum heldri kvennmönnum, er tóku sig saman um að veita stúlkubörnum tilsögn í alls konar saumum. Kennslan byrjaði með júnímánuði, og stóð fram í miðjan septembermánuð, 3 stundir á hverjum virkum degi. Börn þau, er skólann sóttu, voru flest 43, en fæst 27.

Þegar talið er það, sem horfir til menntunar, þá er enn fremur vert að telja sjónarleika þá, er haldnir voru næstliðið ár. Að afliðnu nýári byrjuðu leikar þessir í Reykjavík, og voru haldnir í stórum sal í „Glasgow“, er áður var sölubúð. Leikrit þau, er leikin voru, voru: „Nýársnóttin“ eptir Indriða Einarsson, „Útilegumennirnir“ eptir Mattías Jokkúmsson, „Sængurkonan“ eptir Holberg, þýdd á íslenzku af Jóni Ólafssyni, og „Neyddur til að giptast“ eptir Molière, sömuleiðis þýtt af Jóni Ólafssyni. „Nýársnæturinnar“ er getið í fyrra árs frjettum. „Útilegumennirnir“ var hið sama leikrit, er leikið var í Reykjavík fyrir nokkrum árum, og síðan út gefið; hafði þá þótt sjerlega mikið til leikrits þessa koma; nú var það nokkuð breytt af höfundinum, og, að því er flestum þótti, til bóta. Hin 2 síðarnefndu leikrit eru talin meðal hinna beztu eptir einhver hin frægustu leikskáld, og þýðing þeirra þótti hafa vel tekizt. Leikendurnir voru mestmegnis stúdentar af prestaskólanum og læknaskólanum, og að auk nokkrar stúlkur; flestir leikendur þóttu leika vel, og sumir enda afbragðsvel. Hvort leikrit var leikið þrisvar eða fjórum sinnum; alls var leikið í 11 kveld, og var áhorfendasalurinn fullur af fólki því nær öll kveldin, en hann rúmaði hjer um bil 200 manna. Undir árslokin tóku stúdentar prestaskólans og læknaskólans sig aptur saman um að halda sjónarleika í Reykjavík og voru þeir byrjaðir skömmu fyrir nýár, og haldnir á hinum sama stað sem fyr. Flestir af leikum þessum voru útlendir, en þýddir á íslenzku, en einn upprunalega saminn á íslenzku. Útlendu leikirnir voru: „Hrekkjabrögð Scapins“, „Læknir gegn vilja sínum“, „Neyddur til að giptast“ og „Broddlóurnar“. allir eptir Molière. Íslenzki leikurinn var „Hellismennirnir“ eptir Indriða Einarsson, höfund „Nýársnæturinnar“. Leikur þessi er að nokkru leyti byggður á íslenzkri þjóðsögu, og er mjög þjóðlegur; þótti flestum mikið til hans koma, þegar hann var leikinn. Yfir höfuð gazt mönnum mjög vel að öllum þessum sjónarleikum, bæði þeim, er leiknir voru í fyrra skiptið (í janúarmánuði 1878), og eins þeim, er nú voru aptur leiknir undir árslokin (í desembermánuði s. á.), leikritin sjálf þóttu

vol úr garði gjörð, leikendurnir þóttu leysa sitt starf vel af hendi og leiksviðið mjög vandað að tjöldum og öðrum útbúnaði; leiktjöldin sýndu heiðar, fjallahlíðar, hamra, jökla, hella, bœi að utan og stofur og baðstofur innan, o. s. frv.; enn fremur voru þar sýnd deili á birtu og veðurfari, svo sem: rökkur, sólroði á fjöllum, þoka o. s. frv. Búningar karla og kvenna í leikunum voru sniðnir og lagaðir eptir aldarsið og tízku manna í þá daga og á þeim stöðum er leikirnir áttu fram að fara. Tjöldin, búningarnir og allt, sem til leiksviðsins heyrði, var verk listamannsins Sigurðar málara Guðmundssonar; var það gjört með mikilli snilld og stuðlaði slíkt eigi alllítið að því, hvað leikirnir voru vel sóttir, enda mundi allur útbúnaður á sjónarleikum hjer á landi hafa verið mjög fátœklegur, hefði hans eigi að notið. Á Akureyri voru leiknir sjónarleikar í marz- og aprílmánuði, og þóttu þeir góð skemmtun.

Að því er aðrar íþróttir snertir, þá virðist svo sem landsmenn leggi nú orðið meiri rœkt við þær en opt að undanförnu, og hafa þeir á sumum stöðum myndað fjelög til þess að auka þær og efla. Þar til má telja söngfjelög, skotmannafjelög, og önnur þess konar fjelög sem mynduð hafa verið í Reykjavík og víðar; fjelög þessi hafa nokkrum sinnum á ári haldið samkomur til að temja sjer íþróttir þessar, og stundum boðið öðrum mönnum til að hlýða eða horfa á, og hefur það orðið að góðri skemmtan. Meðal þessara fjelaga má telja glímufjelag það, er stofnað var í Reykjavík næstliðið ár; í fjelag þetta gekk fjöldi manna; fjelagið ljet mæla sjer út flöt fyrir utan bœinn og sljetta hann og laga sem bezt fyrir glímuvöll. Í maímánuði var haldinn fjölmennur glímufundur; glímdu þar margir knálega, og voru þeir sœmdir verðlaunum, er bezt þóttu glíma.

Enn fremur má hjer að síðustu geta þess, er gjört hefur verið til siðbóta næstliðið ár; en þar til er einkum að telja bindindissamtök þau, er stofnuð voru víðs vegar um land. 1. apríl var í Reykjavík stofnað bindindisfjelag, sem fyr er getið, og var tilgangur þess sá, að sporna móti vínkaupum og allri nautn áfengra (og tollaðra) drykkja. Fjelagi þessu var víða vel tekið; gengu margir í það bœði úr Reykjavík og annarstaðar, og skuldbundu sig með því til þess hvorki að kaupa, veita eða neyta nokkurra áfengra drykkja, sumir um eitt ár, en sumir um ótákveðinn lengri tíma. Í mörgum hjeruðum var reynt að koma á slíkum samtökum, og mæltist vel fyrir; óvíða gengust menn þó undir algjört bindindi, en bundu þar á móti fastmœlum með sjer, að spara og takmarka sem mest öll vínkaup og vínveitingar. Samtök þessi virðast víða að hafa haft góðan árangur, og hefur mikið minna verið veitt og neytt af ölföngum næstliðið ár en að undanförnu.

Að lyktum skal hjer í viðbœti getið um **lát nokkurra merkismanna,** er önduðust næstliðið ár. Prestar og uppgjafaprestar þeir, er önduðust á þessu tímabili, voru samtals 9 og voru það

þeir, er hjer segir: Jón Jakobsson, prestur að Glæsibœ; hann varð úti í hríðarbyl 19. janúar, og var þá 39 ára að aldri. Guðmundur Einarsson Johnsen, prestur að Arnarbœli í Ölfusi og fyrrum prófastur í Eyjafjarðarsýslu; hann drukknaði í ísvök í ós einum við Ölfusá 28. febrúar, og var þá 60 ára að aldri. Jakob Finnbogason, prestur að Þingeyraklaustri; hann dó 20. maí, 67 ára gamall. Benedikt Björnsson á Knararnesi á Mýrum, fyrrum prestur í Hvammi í Norðurárdal; hann dó 4. júní, 76 ára. Þorsteinn Pálsson, prestur að Hálsi í Fnjóskadal; hann dó 27. júní, 67 ára. Ólafur Hjaltason Thorberg, fyrrum prestur að Breiðabólstað í Vesturhópi; hann dó 13. september, 77 ára. Gunnar Gunnarsson, prestur að Lundarbrekku, og fyrrum prófastur í Norður-Þingeyjarsýslu; hann dó 21. október, 34 ára. Hannes Jónsson, prestur að Glaumbœ; hann dó 31. október, 78 ára. Jóhann Bjarnason, fyrrum aðstoðarprestur að Helgafelli; hann dó um veturinn 79 ára. Margir af prestum þessum voru meðal hinna merkari presta landsins. Þjóðkunnastir voru sjera Þorsteinn Pálsson, einkum fyrir lækningar sínar, og sjera Gunnar Gunnarsson, er ritað hafði margt í blöðin með miklum lipurleika og heitum þjóðernisblæ. Af alþingismönnum og fyrverandi alþingismönnum dóu 3, en það voru: Páll Sigurðsson, bóndi í Árkvörn í Fljótshlíð, fyrrum þingmaður Rangæinga; hann dó 18. ágúst, 63 ára. Ólafur Jónsson bóndi á Sveinsstöðum, fyrrum þingmaður Húnvetninga; hann dó 19. október, 60 ára. Páll Friðrik Jónsson Vídalín, stúdent og bóndi í Víðidalstungu, þingmaður Húnvetninga; hann dó 20. október, 46 ára. Allir þessir þingmenn voru ágætismenn, atkvæðamenn í hjeruðum og skörungar á þingum. Enn fremur önduðust næstliðið ár: Þórður Tómasson hjeraðslæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, góður drengur og dugandi læknir; hann dó 2. nóvember, 36 ára að aldri. Halldór Kröyer á Helgastöðum, kandídat í heimspeki og fyrrum settur sýslumaður í Þingeyjarsýslu; hann dó 26. febr. 65 ára. Meðal heldri kvenna, er önduðust næstliðið ár, voru þessar: Arnbjörg Bjarnadóttir, ekkja eptir Jörgen Kerúlf, hjeraðslækni í Múlasýslum; Guðlaug Aradóttir, kona Bjarnar yfirkennara Gunnlaugssonar í Reykjavík; Guðrún Jónsdóttir, kona Sveins prófasts Níelssonar á Staðastað; Elín f. Havstein, ekkja eptir Lárus Thórarensen, sýslumann í Skagafjarðarsýslu. Margir aðrir nafnkenndir menn hafa einnig látizt á þessu tímabili, þó að þeirra sje hjer ekki getið.

Ritað í marzmánuði 1874.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1874

EPTIR

VALDIMAR BRIEM,

PREST AÐ HREPPHÓLUM.

ÚT GEFNAR

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. EINAR ÞÓRÐARSON.

1875.

YFIRLIT EFNISINS.

ÞJÓÐHÁTÍÐIN ..... 1.—29. bls.
LANDSTJÓRN ..... 29.—38. —
ATVINNUVEGIR ..... 38.—46. —
MENNTUN ..... 46.—51. —
MANNALÁT ..... 51.—52. —

Þjóðhátiðin.

Árið 1874 hefur verið eitt hið merkasta ár í sögu hinnar íslenzku þjóðar. Opt hafa Íslendingar átt betri og blíðari árum að fagna, opt hafa þeim heppnazt betur bjargræðisvegir þeirra á landi og sjó, og opt hefur búsæld þeirra verið í betra horfi, en sjaldan eða aldrei hafa þeir átt jafnmerkilegum viðburðum að fagna sem næstliðið ár. Sá viðburður, er einkum hefur gjört ár þetta svo merkilegt, er þúsund ára afmæli þjóðarinnar, því að þá voru liðin full þúsund ár frá því er Ísland var fyrst byggt; en bygging landsins er talin frá því er Ingólfur Arnarson, hinn fyrsti landnámsmaður, kom hjer við land og tók sjer hjer bólfestu (874). Það er auðsætt, að þúsund ára afmæli heillar þjóðar er harðla merkur viðburður, hvernig sem á stendur, en hjer eru sjerstök atvik, sem gjört hafa þenna viðburð enn merkilegri; það er hið fyrsta, að engri annari þjóð hefur nokkurn tíma auðnazt að halda þúsund ára afmæli sitt, svo að sögur fari af; það er hið annað, að þessi hin litla og fátœka þjóð hefur svo lengi getað staðizt þrátt fyrir allar þær hörmungar og ófögnuð, er yfir hana hefur dunið bæði af náttúrunnar og manna völdum, þar sem svo margar aðrar stœrri og voldugri þjóðir hafa á þeim tíma gengið til þurrðar og undir lok liðið; og það hið þriðja, að þjóð vor hefur um svo margar aldir geymt tungu forfeðra vorra óbreytta, og marga einkennilega siði frá fornöldinni, þar sem flestar erlendar þjóðir hafa fyrir löngu kastað tungu og háttum forfeðra sinna. Það var því eigi furða, þótt landsmenn veittu þessu þúsund ára afmæli sínu allmikla eptirtekt, og reyndu að halda það hátíðlegt eptir föngum. En það voru eigi Íslendingar einir, er minntust þessa viðburðar, heldur og margar aðrar þjóðir, einkum frændþjóðir vorar á norðurlöndum; áttum vjer næstliðið ár mörgum merkum og göfugum gestum að fagna, er sýna vildu oss þann sóma, að taka þátt í þúsund ára hátíð vorri. Meðal þeirra gesta var sjálfur konungur vor, og þótti það nýlunda og sœmd mikil, þar sem konungar vorir hafa aldrei heimsótt oss að undanförnu. Það var enn eitt, er studdi að því, að gjöra þetta afmælisár vort merkilegt og þjóðhátíð vora veglega, en það var það, að konungur gaf landinu stjórnarskrá, er veitti alþingi löggjafarvald og fjárforræði. Þannig varð næstliðið ár, enda þótt það væri hart og að ýmsu leyti óhagfelt landsmönnum, eigi að síður að sumu leyti fagnaðar og frelsisár, og mátti kalla, að það væri farsæll endir hinna liðnu þúsund ára, og vænleg byrjun nýrrar þúsund ára aldar.

Fyrir nokkrum árum fór almenningur á Íslandi að taka eptir því, að skammt væri til þess tíma, þá er landið hefði verið byggt í þúsund ár, og þótti mörgum vel hlýða, að minnast þess hátíðlega á einhvern hátt; rituðu ýmsir menn um það í blöðin, og báru þar fram tillögur sínar um

það, hvernig það mætti bezt fara; fór nú sem opt vill verða, að ýmislega litu menn á mál þetta, og fóru tillögur þeirra mjög í ýmsar áttir; en flestum kom saman um það, að vert væri að minnast viðburðar þessa og gjöra eitthvert það verk í minningu hans, er verða mætti landi og lýð til gagns og sœmdar um ókomnar aldir. Alþingi 1867 fann sjer skylt að gefa gaum máli þessu, og ákvað, að í minningu þúsund ára afmælis þjóðarinnar skyldi reisa alþingishús úr steini, svo framarlega sem fje fengist til þess, en fjeð skyldi reyna að fá með frjálsum samskotum landsmanna. Þingið kaus nefnd manna til þess að safna og taka við samskotum þessum. Nefnd sú ritaði síðan öllum þjóðkjörnum þingmönnum og skoraði á þá að safna fje til þessa, hver í sínu kjördœmi. En er hjer var komið, var áhugi sá, er landsmenn höfðu áður sýnt, farin aptur að dofna, þrátt fyrir það, þótt nú væri enn nær komið hinum merku tímamótum; tóku þeir nú dauflega undir áskoranir þingmanna, og ljetu lítið af hendi rakna; fór svo fram um hríð, og lá nú málið að mestu leyti í þagnargildi, þangað til árið 1871. Þá hreyfði þingið aptur málinu, og skýrði nefndin þá frá því, að gjafir þær, er safnazt hefðu, væru eigi fullir 1600 rd. Þingið sá þá, að eigi mundi fást nóg fje til að reisa steinhús svo veglegt, að það sœmdi alþingi eða gæti verið til minningar um svo merkan atburð, sem þúsund ára afmæli þjóðarinnar. Þá skoraði þingið á samskotanefndina, að halda áfram að safna fjenu allt til næsta þings, og kvað þá mega ákvarða að nýju, hvernig því mætti verja sem haganlegast, en ljet þó þá þegar í ljós, að bezt mundi því varið til þess að semja sögu landsins. Nú tóku landsmenn aptur smátt og smátt að vakna, og rituðu nú að nýju aptur allmargt í blöðin um þetta mál, og hvernig því yrði bezt fram komið; en enn leizt sitt hverjum og tregir voru flestir að leggja fram fje í þessu skyni, enda var þá víða nokkuð hart í ári. En það sáu menn, að eigi mátti svo búið standa, ef nokkuð ætti úr að verða; skutu þeir því málinu til þjóðfundar þess, er haldinn var á Þingvöllum frá 26. til 29. júní 1873. Þjóðfundurinn tók svo í málið, að hann skoraði á bókmenntafjelagið, að það gengist fyrir því, að samið yrði eitthvert fagurt minningarrit og gefið út næsta ár, og í annan stað ritaði hann byskupi landsins ávarp, og bað hann styðja að því, að haldin yrði guðsþjónustugjörð um allt land næsta ár til minningar um þann hátíðlega atburð, er þá yrði. Bókmenntafjelagið skoraði á landsmenn, að semja ágrip af sögu landsins, og hjet verðlaunum fyrir, en enginn hafði gefið sig fram við lok ársins 1874. Byskup bar ávarp þjóðfundarins undir synodus 1873; samþykkti synodus það og bað byskup bera málið undir konung. Byskup gjörði svo, og gaf konungur út úrskurð (8. sept. 1873), er bauð að halda guðsþjónustugjörð á öllu Íslandi næsta ár; kirkjustjórnin mælti svo fyrir, að guðsþjónustu þessa skyldi halda seint í júlí eða snemma í ágúst í öllum kirkjum landsins, og fal byskupi á hendi að taka nákvœmar til daginn eða dagana til guðsþjónustugjörðarinnar, og ákveða texta þann, er prestar skyldi hafa í rœðum sínum við þetta tækifœri. Byskup tók til 9. sunnudag eptir trinitatishátíð, sem var 2. dagur ágústmánaðar, og næstu

sunnudaga þar á eptir, þar sem prestar hefðu fleiri kirkjur, og gætu eigi lokið guðsþjónustugjörðinni hinn fyrsta sunnudag, er til var tekinn; textann valdi byskup úr hinum 90. sálmi Davíðs, 1.—4. og 12.—17. v.

Nú liðu fram stundir. Þjóðhátíðarárið gekk í garð, en eigi höfðu landsmenn þá enn ákveðið, hve nær á því eða hvar eða á hvern hátt þeir ætluðu að halda aðalþjóðhátíð sína. Þjóðfundurinn, er haldinn hafði verið sumarið áður, hafði svo margt að starfa, að hann aldrei sá sjer fært, að taka nokkra ákvörðun í því efni; og alþing, er haldið var síðar um sumarið, hafði látið sjer nægja aðgjörðir þjóðfundarins að því er kom til þessa máls, og skipti sjer eigi af því að öðru leyti en því, að það bað konung um, að gjöra þjóðhátíðarárið enn hátíðlegra með því að gefa þá landinu frjálslega stjórnarskrá. Nú var því hart nær komið í óefni með allan undirbúning undir þjóðhátíðina að sumrinu, þar sem nú var kominn hávetur, og hann mjög harður, svo að mjög erfiðlega gekk með allar samgöngur, og eigi varð haldinn nýr allsherjarfundur til þess að ákvarða nokkuð frekara um þetta mál. Þó vöknuðu menn loksins að áliðnum vetri, og varð þjóðvinafjelagið fyrst til að kveða upp tillögu sína. Eptir áskorun forseta þjóðvinafjelagsins, Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn, og nokkurra annara Íslendinga, tiltók nú forstöðunefnd fjelagsins bæði stað og stund, þá er aðalhátíðina skyldi halda; gaf varaforseti fjelagsins, Halldór Friðriksson í Reykjavík, út auglýsingu til landsmanna á þá leið, að svo væri til ætlað, að almennur fundur yrði haldinn á Þingvöllum við Öxará um sumarið, í minningu þess að landið hefði verið byggt í 10 aldir, og jafnframt til að ræða um ýms almenn umvarðandi landsmál; boðaði hann, að fundur þessi yrði haldinn dagana 5.—7. ágústmánaðar; enn fremur skoraði hann á alla fulltrúa þjóðvinafjelagsins, að gangast fyrir því, hver í sínu kjördæmi, að kosnir yrðu 2 menn til að sœkja fund þenna fyrir hönd kjördœmisins. Auglýsing þessi var rituð 13. apríl, og barst því eigi í sum hjeruð landsins fyr en seint um vorið. Í annan stað vöknuðu Norðlingar hjer um bil um sama leyti, og tiltóku annan dag til hátíðarinnar, en sá dagur var 2. júlí eða Þingmaríumessu, sá dagur, er alþing kom venjulega saman á til forna, og jafnframt er miðdagur ársins. Nokkrir af skörungum Norðlinga tóku sig nú saman og rituðu áskorun víðs vegar um land um það, að halda þjóðhátíðina 2. júlí, og jafnframt vanda allt svo til hennar sem föng væru á, svo að hún yrði landsmönnum til sannrar sœmdar og hinum merkilega atburði til verðugrar minningar. Áskorun þessi kom einnig of seint í hin fjarlægari hjeruð til þess að henni yrði gaumur gefinn að því er daginn snerti, því að Sunnlendingar höfðu þá fastákveðið, að halda hátíðina í ágúst eptir tillögum þjóðvinafjelagsins. En er hvorirtveggja, Sunnlendingar og Norðlingar, frjettu ráðagjörðir hinna, þá spannst krit nokkuð út úr því í blöðunum; horfðist nú óvænlega á, því að ekki var annað fyrir að sjá, en að þjóðhátíðarhaldið mundi tvístrast. En mál þetta miðlaðist fljótt, og varð sú niðurstaða, að aðalhátíðina skyldi halda á Þingvöllum í ágústmánuði, með því að það hafði þá þegar borizt til annara landa, að

Íslendingar ætluðu að halda hátíð sína í ágúst, og þótti því síður fært að bregða því, sem von var margra göfugra gesta frá öðrum löndum. Norðlingar, Austfirðingar og nokkrir á vesturlandi, rjeðu eigi að síður af, að halda þjóðhátíð 2. júlí heima í hjeruðum.

Nú skal skýra frá hinum helztu og stœrstu hátíðahöldum landsmanna eptir skýrslum þeim, sem föng eru á; er þá fyrst að geta hátíða þeirra, er haldnar voru í júlí, en helztar þeirra voru: á Stykkishólmi, á Þingeyrum, á Reynistað, á Oddeyri og við Atlavík í Hallormsstaðaskógi. Þá er að segja frá þjóðhátíð Reykvíkinga og aðalhátíðinni á Þingvöllum í ágústmánuði, og þar með frá konungsförinni og fundi þeim, er haldinn var á Þingvöllum á hátíðinni; og að síðustu skal stuttlega getið um önnur hátíðahöld landsmanna í ágústmánuði, og svo hlutdeild Íslendinga erlendis og útlendinga í þjóðhátíð vorri.

ÞJÓÐHÁTÍÐ SNÆFELLINGA og HNAPPDŒLA var haldin á Stykkishólmi 2. dag júlímánaðar. Var reistur veizluskáli mikill í miðjum bœnum til hátíðarhaldsins, og skreyttur utan og innan; margar merkisblæjur voru reistar ofan á veggjunum, en á mœninum blöktu 3 veifur á háum stöngum, hin danska og norska sín til hvorrar hliðar, en hin íslenzka í miðið; sú veifa var blá að lit, og dreginn á valur hvítur; að innan var skálinn allur skreyttur lauf- og blóm-vöndum, en á gafli voru 4 spjöld, og var nafn konungs ritað á hið efsta, en nöfn Ingólfs, Skallagríms og Þórólfs landnámsmanna á hin þrjú neðri; þar á bak við sáust sverð, axir og bogar, og önnur vopn með fornaldarsvip. Í skála þessum var veizla mikil haldin um daginn, og stóð hún langt fram á nótt; var þar margt til skemtunar haft, og mörg minni drukkin. Svo er sagt, að í samsæti þessu hafi verið talsvert á annað hundrað manna. Daginn eptir hjeldu nokkrir hinna helztu samsætismanna fund með sjer þar í bœnum til að ráðgast um, hvernig mætti gjöra þessa hátíð sem minnisstœðasta; komu þá fram ýmsar tillögur manna, er sumpart lutu að sœmd og gagni landsins í heild sinni, og sumpart hjeraðsins sjerstaklega. Þess skal getið, að nefndir voru kosnar til að semja reglur fyrir framkvæmd og samtökum til þess að efla framfarir í búnaði og menntun þar í hjeraðinu.

ÞJÓÐHÁTÍÐ HÚNVETNINGA var haldin á Þingeyrum 2. júlí. Hún hófst einni stundu eptir dagmál með því að skotið var 12 fallbyssuskotum, og jafnskjótt voru dregnar upp veifur þrjár, ein á turni steinhúss þess, er þar er nýreist, og var þar á dreginn fálki á flugi; önnur á austurstafni þess, hvít með rauðum krossi; og þá hin þriðja á húsabœnum með mynd af fálka sitjandi. Þá var hringt til guðsþjónustugjörðar, og gengið til kirkju; flutti Ólafur prófastur Pálsson frá Melstað þar tölu. Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn til steinhússins í skipulegri fylkingu, 4 jafnframt, karlar fyr, en konur síðar. Í steinhúsinu var svo um búið, að tvennir bekkir voru reistir umhverfis með báðum hliðum og fyrir stafni, en dúklögð borð fyrir framan þá. Skáli var tjaldaður við suðurhlið hússins, og voru þar veitingar hafðar handa hverjum, er vildi. Þá var fundur settur í stein-

húsinu, og var Bjarni sýslumaður Magnússon að Geitaskarði kjörinn fundarstjóri. Nefnd hafði áður verið kosin til að undirbúa fundarefni, og bera fram tillögur um það, hvað sýslubúar gætu gjört í minningu hátíðarinnar, fyrst fyrir sýsluna sjerstaklega og í annan stað fyrir landið í heild sinni. Nefnd þessi lagði það nú til, að til framfara fyrir sýsluna skyldi reisa samilegt fundarhús handa sýslubúum, og að til framfara fyrir landið í heild sinni skyldu sýslubúar nú þegar byrja að leggja í sjóð, er verja skyldi til þess að kaupa gufuskip fyrir, í þeirri von, að aðrar sýslur einnig styrktu til þess að sínu leyti. Tókust nú fjörugar umræður um þessi mál, og var hvortveggja tillagan samþykkt af nálega öllum fundarmönnum; greiddu allir þar atkvæði, er fulltíða voru, jafnt konur sem karlar. Eptir nokkrar umræður um önnur efni var fundi slitið. Meðan á fundinum stóð, stóðu svo margir í fundarhúsinu sem þar komust fyrir; jafnframt fóru veitingar fram í tjaldskálaṇum; og enn var söngflokkur í kirkjunni, er söng þar um daginn fyrir þá, er vildu. Nokkru eptir fundinn var slegið upp stórri veizlu og stóð hún lengi með góðum fagnaði; voru þar drukknar margar skálar og fyrir minnum mælt, og fór allt vel fram. Veizlunni stýrði Ásgeir bóndi Einarsson á Þingeyrum, og fór honum það mjög stórmannlega. Hjer um bil 500 manna tóku þátt í hátíð þessari, og var þar margt heldri manna úr hjeraðinu.

ÞJÓÐHÁTÍÐ SKAGFIRÐINGA var haldin á Reynistað 2. júlí. Þegar að morgni var fagnaðarblæja upp dregin, en hátíðin byrjaði klukkan 11 með guðsþjónustugjörð í kirkjunni, og flutti Hjörleifur prestur Einarsson frá Goðdölum þar ræðu. Eptir guðsþjónustuna tóku menn sjer hressingu, og gengu síðan til fundarskála. Skála þann hafði Eggert sýslumaður Briem, er nú býr á Reynistað, látið reisa á sinn kostnað; var tjald allmikið og haglega tilbúið reist yfir og fram af til skýlis fyrir fundarmenn; en það var gjört á kostnað allrar sýslunnar. Nú var fundur settur, og var Ólafur umboðsmaður Sigurðsson í Ási kosinn fundarstjóri. Nefnd hafði verið kosin áður, eins og hjá Húnvetningum, til þess að undirbúa þjóðhátíðarhaldið og tiltaka, hvað ræða skyldi á hátíðinni, það er verða mætti sýslunni til framfara. Hafði nefnd sú tiltekið 4 mál, fyrst verzlunarmál, þá búnaðgjörðir á 4 hættulegustu þverám í sýslunni, þá samtök í hverjum hrepp til að útvega sem flest hagvirknistól og vjelar til að flýta fyrir handiðnum, og þá um búnaðarfjelög í sýslunni og sparisjóð. Eigi urðu mál þessi fullrædd á fundinum, sökum naumleika tímans, nema verzlunarmálið; að því er það mál snerti, var það samþykkt í einu hljóði, að styðja fjelög þessi bæði með verzlun og tillögum. Síðan var fundi slitið. Að því búnu var gengið til samsætis. Veizlusalurinn var búinn hið bezta, og komst þar fyrir nær 100 manna; reis nú upp hin kostulegasta veizla. Landshöfðingi Hilmar Finsen var þá á embættisferð sinni um norðurland; sat hann að boðinu, og skipaði öndvegi; tóku Skagfirðingar honum hið bezta, og var honum flutt kvæði að fornum sið; það kvæði hafði orkt Jón skáld Árnason á Víðimýri. Þá voru mörg minni drukkin og mælt og sungið fyrir. Eptir máltíð tóku menn að skemmta sjer á ýmsan veg, svo sem með samræðum,

söng, dansi og hljóðfæraslætti, og stóð sú skemmtun langt fram á nótt með góðri glaðværð. Fyrir hátíðarhaldi þessu stóð Eggert sýslumaður Briem ásamt nefnd manna. Í veizlunni var margt heldri manna, karla og kvenna, en svo er sagt, að 300 manna hafi alls tekið þátt í hátíðinni.

ÞJÓÐHÁTÍÐ EYFIRÐINGA og ÞINGEYINGA var haldin á Oddeyri 2. júlí. Nefnd hafði verið skipuð áður til að undirbúa hátíðarhaldið og prýða samkomustaðinn. Ljet hún reisa 10 tjöld á sljettum grasvelli, 9 í röð hvert út frá öðru, en eitt til hliðar, og þó áfast hinum; fram undan því var autt svið; var það umgirt af tjöldum á þrjá vegu, en á einn veg með grindum; á grindum þessum var hátt hlið, og yfir því voru með stóru letri rituð orðin „land og þjóð“, en þar upp af var há flaggstöng; stöng var og reist upp af hverju tjaldi með marglitum veifum. Sumstaðar voru skógarviðarhríslur settar niður í smárunnum, en sumstaðar hjengu blómhringar, og var öllu mjög haganlega fyrirkomið. Nokkurn spöl frá tjöldunum var reistur ræðustóll, sveipaður hvítu líni, og skreyttur laufhríslum og blómvöndum, en há stöng var upp af með hinum danska fána. Þá var og kappreiðarbraut afmörkuð með smástaurum og strengjum í milli; hún var í hálfhring, og var nær 280 faðma að lengd. Ennfremur var og gjör danspallur, 144 álna stór að fyrhyrningsmáli, og girður lágum grindum. Þegar að morgni hátíðardagsins var veifa dregin upp á hverri stöng á Akureyri. Hið danska herskip „Fylla“ lá þar á höfninni; var það búið sem skrautlegast, og prýtt með nálega 50 veifum. Nú tók fjöldi fólks að streyma að úr öllum áttum, ýmist gangandi, ríðandi eða siglandi. Gengu allflestir þegar til tjaldanna og ljetu þar fyrir berast um hríð, því að veður var hvasst og kalt. Þá er svo margt manna var saman komið sem von gat verið á, var söngur hafinn; en að honum loknum var skipað til hátíðagöngu. Hvert sveitarfjelag gekk í flokk sjer, og hafði sitt merki og sína merkisstöng, en hver umsjónarmaður bar sína einkunn. Á undan gengu lúðurþeytarar af herskipinu og þeyttu lúðra sína, en þá hver flokkur eptir annan, og merkismenn í broddi fylkingar; en svo var fylkingum skipað, að 6 menn gengu samhliða í hverri röð. Flokkarnir námu staðar við ræðustólinn, merkismennirnir næstir með fána sína, en þá hver út frá öðrum. Þá var aptur hafinn söngur; byrjuðu hljóðfæraleikararnir á sálmi eptir Björn prófast Halldórsson í Laufási, og söng söfnuðurinn með. Þá voru nokkrar ræður haldnar. Fyrst mælti Björn prófastur Halldórsson, þá Arnljótur prestur Ólafsson frá Bægisá, þá Einar hreppstjóri Ásmundsson frá Nesi, þá Kristján amtmaður Kristjánsson frá Friðriksgáfu, og síðast Guttormur prestur Vigfússon frá Saurbæ. Milli þess er ræður þessar voru haldnar, var sungið og leikið á hljóðfæri og stundum skotið af fallbyssum, og svo var enn gjört um hríð, er ræðunum var lokið. Að því búnu var aptur gengið til tjaldanna, og sezt að veizlu; stóð hún nokkra stund með góðu gengi og margs konar skemmtun; voru þá drukknar margar skálar og margt mælt fyrir. Að lokinni veizlunni hófust kappreiðar, og síðan glímur; þótti hvorttveggja hin bezta skemmtan. Verðlaunum voru þeir sæmdir, er mest þóttu bera af öðrum í íþróttum

þessum, og hlaut Jón Jónsson frá Munkaþverá hin fyrstu kappreiðaverðlaun, en Páll Jóhannsson frá Fornhaga önnur; glímuverðlaun hlaut Jón Ólafsson frá Seljahlíð. Þá er þessum skemmtunum var lokið, var tekið að dansa, og skemmtu menn sjer það er eptir var kveldsins og svo alla nóttina með dansi og hljóðfæraslætti. Þá var hátíðinni lokið, og var hún endud með því, að skotið var 21 fallbyssuskoti. Er svo sagt, að hátíðarhald þetta hafi verið hið veglegasta allra, næst aðalhátíðinni á Þingvelli, og hafði nefnd sú, er stýrði því, og einkum oddviti hennar, Steincke verzlunarstjóri, af því sœmd mikla. Fjölmenni mikið hafði tekið þátt í hátíðinni, og er á gizkað, að þar hafi verið saman komin full 2000 manna.

ÞJÓÐHÁTÍÐ MÚLASÝSLUBÚA hvorratveggja var haldin við Atlavík í Hallormsstaðaskógi við Lagarfljót 2. júlí. Var þar fagurlega um búið í skóginum; tjöld nokkur voru reist á sljettri grund niður við víkina; mest þeirra var fundartjald Austfirðinga, er tekur 200 manna, og við hlið þess veitingabyrgi. Aðaltjaldið var skreytt innan og blæjur dregnar milli súlna, með ýmsum þýðingarmiklum merkjum. Víða voru og stengur reistar á grindinni með margs konar merkisblæjum. Hátíðin byrjaði á guðsþjónustugjörð, er haldin var í fögru rjóðri í skóginum; var fyrst sungin sálmur; þá flutti Sigurður prófastur Gunnarsson frá Hallormsstað ræðu, og að því búnu var aptur sunginn sálmur. Þá gengu menn til tjalda og fengu sjer hressingu, en eptir það voru haldnar ýmiss konar ræður og ýms þjóðleg kvæði sungin, sum forn, en sum ný; hin nýju hafði kveðið skáldið Páll Ólafsson frá Hallfreðarstöðum. Í þjóðhátíð þessari tóku þátt nokkur hundruð manna, og er hún talin meðal hinna veglegustu og stórfengustu, enda var hún fyrir 2 sýslur; en þó dró óveður það, er var um daginn, mjög úr skemtun manna.

Auk þeirra þjóðhátíðarhalda, er nú hefur verið getið, voru einnig í júlímánuði haldnar ýmsar þjóðhátíðarsamkomur fyrir einstakar sveitir, einkum á norðurlandi og austurlandi. Má þar til nefna þjóðhátíð Reykdœla að Brúum við Laxá í Aðalreykjadal, þjóðhátíð Mývetninga að Grœnavatni, báðar 2. júlí, þjóðhátíð Seyðisfirðinga 4. júlí, þjóðhátíð Mjófirðinga að Brekku 5. júlí, og þjóðhátíð Norðfirðinga á Ormsstaðasandi 11. júlí. Fóru samkomur þessar vel fram, og sumar þeirra voru allfjölmennar og hátíðlegar, en eigi þykir þörf að greina frá hverri fyrir sig sjerstaklega. Víðar voru og haldnar þjóðhátíðarsamkomur um þessar mundir, þó þeirra sjáist hvergi getið.

Áður en lengra er haldið áfram í þjóðhátíðarsögunni, verður að segja frá KOMU KONUNGS. Það hafði frjezt hingað til lands, að konungsson hinn elzti mundi koma hingað til þjóðhátíðarinnar, en eigi bjuggust menn við, að konungur sjálfur mundi takast þá för á hendur, svo sem þó varð raunin á. Konungi höfðu verið send 2 þakkarávörp fyrir stjórnarskrá þá, er hann hafði nýveitt landsmönnum, annað frá Reykvíkingum, en hitt frá íbúum suðurhluta Gullbringusýslu. Um leið og konungur lýsti ánœgju sinni yfir ávörpum þessum, ljet hann einnig birta, að það væri ósk hans

og von, svo framarlega sem aðrar stjórnarannir ekki bönnuðu, að sœkja Ísland heim um sumarið, til að taka sjálfur þátt í fögnuði þjóðarinnar yfir minningu hins umliðna og vonum hins ókomna tíma. Eigi gat konungur þess þó, hve nær helzt á sumrinu hann mundi koma, en bráðum frjettist það með fullum rökum, að hann mundi koma síðast í júlímánuði og vera viðstaddur við aðalhátíðina fyrstu dagana í ágústmánuði, fyrst í Reykjavík, og svo á Þingvöllum. Var nú tekið að búa um sem veglegast á hvorumtveggja staðnum eptir því sem bezt voru föng á, og sömuleiðis að gjöra við vegu þá, er konungur átti um að fara.

Að áliðnum júlímánuði lagði Kristján konungur hinn níundi af stað áleiðis til Íslands; hafði hann herskip tvö mikil og fríð: hjet hið stœrra „Jylland“, en hið minna „Heimdal“; konungur sjálfur var á stœrra skipinu, og flest hans föruneyti; bæði voru skipin vel búin að mönnum og öllum tygjum, og voru þar á ýms stórmenni. Þessir voru helztir höfðingjar og merkismenn í fylgd konungs: Valdimar prinz, hinn yngsti sonur konungs; Klein lögstjórnar- eða dómsmála-ráðherra, er þá var og nýskipaður ráðherra fyrir Ísland; Trap, geheimeetazráð, kabínetsritari konungs; Holten ofursti, stallari konungs; Oddgeir Stephensen, forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn; Steenstrup prófessor, nafnfrægur náttúrufræðingur; Sörensen prófessor, nafnkendur málari og listamaður; Karl Andersen skáld, er hafði alizt upp á Íslandi, og doktor Rosenberg, nafnkunnur danskur vísindamaður; hafði hann stýrt blaði einu í Kaupmannahöfn, og mjög verið þar fylgjandi máli Íslendinga. Þeim konungi byrjaði vel, og komu þeir við Færeyjar 25. júlí. Tóku Færeyingar einkarvel á móti konungi sínum, og föruneyti hans. Í Þórshöfn á Færeyjum dvaldist konungur 2 daga, og hjelt þaðan aptur 27. júlí vestur um haf; gekk ferðin allgreiðlega, og eptir þriggja daga siglingu sáu skipverjar Ísland. Með ensku ferðamannaskipi, er Albian hjet, hafði frjetzt til Reykjavíkur um ferð konungs að heiman, og það, hve nær hann hefði komið til Færeyja. Herskipið Fylla var þá á Reykjavíkurhöfn, og er það spurðist, hvað konungsskipunum leið, lagði hún út á móti þeim með hafnsögumann um morguninn hinn 30. júlí.

Þá er leið að hádegi þenna sama dag, sáu Reykvíkingar þrjú herskip stór leggjast undir land, og kenndu að þar voru konungsskipin, og svo Fylla; tóku þeir þá að hraða sjer, að ljúka við viðbúnað þann, er hafa skyldi til viðtöku konungi. Allur bœrinn var skreyttur fánum og flöggum, og blakti veifa af nálega hverju íbúðarhúsi, og svo af hæðum beggja megin bœjarins. Landtökubryggjan, þar er konungur og sveit hans skyldi á land ganga, var öll yfirklædd, en stengur margar voru reistar beggja megin bryggjunnar, og fáni dreginn á hverja. Við bryggjusporðinn var reistur veglegur tignarbogi, sveipaður rauðum dúki, en yfir bogann var sett kóróna gullin. Um tignarbogann og stengurnar fram með bryggjunni og svo milli þeirra var slöngvað lyngfljettingum og blómvöndum, er konur og meyjar bœjarins höfðu gjört með miklum hagleik og prýði.

Þá lágu mörg skip á Reykjavíkurhöfn, bæði stór og smá, og voru mörg þeirra gufuskip. Herskip voru þar fimm, eitt sœnskt, eitt norskt, eitt þýzkt og tvö frakknesk. Hið sœnska skip hjet Norrköping; var það sent af Svíakonungi til að fagna Danakonungi hjer við land og sýna Íslendingum sœmd á þjóðhátíðinni; þar var á admirall sœnskur, að nafni Lagerkranz, en skipsforingi hjet Ankarkrona. Hið norska skip hjet Nordstjernen og foringi þess Smith. Hið þýzka hjet Niobe og foringi þess Bremer. Hin frakknesku herskip voru Indre og Beaumanoir. Flest hinna skipanna voru dönsk og sum ensk, og enn nokkur frá öðrum þjóðum. Öll höfðu þau viðbúnað þann, er fegurstur mátti verða, einkum herskipin; voru þau alskreytt flöggum, og rár allar og rengur skipaðar mönnum. Aðmiralskipið var þeirra skrautlegast; hafði það konungsfánann hinn danska efst á siglutoppi, en aðmiralsflagg á aptanstafni.

Nú renndu konungsskipin inn á höfnina, fyrst Jylland, það er konungur var sjálfur á, þá Heimdal og síðast Fylla, öll með jöfnu millibili. Þá hóf hið sœnska aðmiralskip skothríð til fagnaðar konungi, og síðan hin herskipin öll, en konungsskipin svöruðu aptur á sama hátt. En er Jylland renndi fram hjá hinum skipunum, var á þeim öllum lostið upp fagnaðarópi, svo að glöggt mátti heyra til lands. Hafði mikill mannfjöldi af bœjarbúum þyrpzt saman við landtökubryggjuna, og biðu þeir þess, er konungur kœmi í land.

Það var um hádegisbil, að konungsskipin vörpuðu akkerum. Veður hafði verið myrkt og skúrasamt um daginn, það er af var, en nú tók að ljetta til og sól skein yfir bœinn, og svo höfnina; en regnbogi skær og fagur hvelfdist yfir höfninni, og var næsta tignarleg sjón. Þá lögðu margir bátar frá hinum stœrstu skipum og renndu þeir allir að skipi því, er konungur var á; voru það foringjar skipanna, er fóru að fagna konungi. Landshöfðinginn yfir Íslandi, Hilmar Finsen, lagði þá og frá landi og fór á konungsfund. Innan stundar kom hann aptur í land með þann boðskap að konungur mundi stíga á land klukkan 2, og bað menn svo við búast. Þusti þá enn mikill fjöldi manna niður að bryggjunni, og skipuðu þeir sjer í raðir báðum megin hennar; en gluggar allir, þeir er að höfninni vissu, voru og fullir af fólki. Kvennfólk flest hafði skipað sjer á pall við efri bryggjusporðinn. Allir voru þar búnir hátíðabúnaði, og embættismenn einkunnarklæðum sínum.

Svo sem ráð var fyrir gjört, kom konungur í land klukkan tvö, og lagði að landtökubryggjunni. Þar voru fyrir hinir œðstu embættismenn, konsúlar og bœjarstjórar til að fagna honum. Gekk landshöfðinginn þá fram úr flokkinum, og mælti til konungs á þessa leið: „Um leið og yðar hátign stígur fœti á strönd Íslands — hinn fyrsti konungur, sem í þau þúsund ár, er land þetta hefur verið byggt, hefur hingað komið — sje mjer leyft í nafni alls landsins og sjer í lagi jafnframt í nafni Reykjavíkurkaupstaðar að biðja af hjarta yðar hátign vel komna“. Þá gat hann þess, að þótt Ísland væri land fátækt að mörgu, þá væri það þó auðugt að

tryggð og ást til konungs. Enn fremur þakkaði hann konungi fyrir stjórnarskrána, og þá gleði, er hann veitti landsmönnum með komu sinni, lauk hann máli sínu með því að óska blessunar yfir konung og ætt hans, og biðja honum langra lífdaga. Tók mannfjöldinn undir það með fagnaðarópi. Konungur svaraði aptur blíðlega með nokkrum orðum; kvað hann það lengi hafa verið ósk sína að geta heimsótt hina tryggu þegna sína á Íslandi, og að nú væri sjer það því meiri gleði, þar sem það væri á svo helgri og hátíðlegri minningarstund. Var þá aptur lostið upp fagnaðarópi, og tóku karlmenn allir undir, en konur veifuðu hvítum blæjum. Þá gekk konungur og Valdimar sonur hans og aðrir höfðingjar upp í beinn, til húss landshöfðingja; en þar var konungi ætlað að búa, meðan hann dveldist í bænum. Um kveldið flutti söngflokkur einn í bœnum konungi kvæði; voru það einkum handiðnamenn, og fyrir þeim var Jónas Helgason járnsmiður; en kvæðið hafði ort skáldið Mattías Jokkumsson. Þakkaði konungur hvorttveggja, kvæðið og sönginn, og bað að syngja meira fyrir sjer, helzt með íslenzku lagi. Gjörði söngflokkurinn svo, og söng Ingólfs minni eptir hið sama skáld, með lagi eptir Jónas smið. Geðjaðist konungi vel að, og þakkaði aptur með nokkrum fögrum orðum.

Hina næstu daga þar á eptir ljet konungur fyrir berast í húsi landshöfðingja, en notaði skólahúsið til veizluhalda; hafði hann bœjarbúa marga þar í boði sínu á hverjum degi, og veitti hið ríkulegasta. Hinn 1. ágúst veitti hann viðtal hverjum er vildi, og talaði við þá um það, er þeim var helzt hugleikið. Optar átti hann og tal við menn, og ávarpaði stundum þá, er hann hitti, er hann var á gangi um bœinn eða þar í grennd; gjörði hann sjer í því lítinn mannamun, og fór að öllu hið ljúfmannlegasta.

Nú er að segja frá ÞJÓÐHÁTÍÐ REYKVÍKINGA, en hún var haldin 2. dag ágústmánaðar. Hátíðin byrjaði þegar um morguninn með guðsþjónustugjörð í dómkirkjunni kl. 8—9½, en önnur guðsþjónustugjörð var haldin kl. 10½—12, og hin þriðja kl. 1—2½. Dómkirkjan var prýdd hið skrautlegasta og öll ljósum ljómuð. Á háaltarinu brunnu ljós sem vanalega, en í kórnum utanverðum voru reistar 2 háar kertastikur, sín hvorum megin við skírnarfontinn, klæddar grœnum dúkum og vafðar blómhringum, og aðrar 2 með sama umbúnaði fyrir neðan kórtröppurnar. Kringum altaristöfluna voru dregnar laufgjarðir og blómskraut hið fegursta, og líkt fram með báðum loptsvölunum. Stóll landshöfðingja var ætlaður konungi; var rauðum tjöldum slegið upp báðum megin við stólinn, og með þeim lágu laufgjarðir og blómsveigar, er var mjög haglega fyrir komið. Konur og meyjar bœjarins, þær er skreytt höfðu konungsbryggjuna, höfðu einnig hjer um búið, og gjörðu útlendir menn mjög orð á, hve það hefði tekizt snilldarlega. Konungur sjálfur og son hans og flest annað stórmenni var við hámessuna, en það var sú, er haldin var í miðið, kl. 10½—12. Hjer um bil kl. 9½ kom sveit hermanna frá konungsskipinu Jylland og gekk við hljóðfœrablástur upp að dómkirkjunni, og nam þar staðar. Nokkru síðar kom sveit kadetta eða sjóforingjaefna frá Heimdal, og gekk einnig

til kirkju; var þeim raðað í kirkjunni í tvær raðir innan frá kór og fram að kirkjudyrum, beggja megin við göngin, þar sem konungur átti um að ganga. Nú tók fólk óðum að flykkjast í kirkjuna, en lögreglustjóri var þar staddur með lögregluþjónum til að sjá um, að eigi yrði troðningar og allt færi fram sem skipulegast. Lítilli stundu síðar, eða kl. 10½ kvað við lúðrablástur fyrir utan kirkjuna; kom nú konungur með mikla sveit manna og gekk í kirkju, en sveitir hermanna höfðu skipað sjer til beggja handa meðfram kirkjunni. Byskup var þegar áður til kirkju genginn, og var skrýddur fullum byskupsskrúða; en er konungur kom, gekk hann til móts við hann fram í kirkjudyr; ávarpaði hann konung þar með nokkrum orðum, og fylgdi honum síðan inn að kór. Gekk þá konungur til sætis síns og svo prinzinn í stól landshöfðingjans innanvert á loptsvölunum öðrum megin; en þar utar af sátu admírallinn og yfirforingjar allra herskipanna; í innstu bekkjunum niðri var skipað hinum göfgustu þjóðhátíðargestum og svo öðrum höfðingjum; en þar utar frá var múgurinn, og var kirkjan meir en alskipuð fólki. Þá hófst guðsþjónustugjörðin, og fór hún fram á líkan hátt og vant er, nema með enn meiri viðhöfn. Byskup landsins, doktor Pjetur Pjetursson, flutti tölurna. Söngurinn fór fram hið hátíðlegasta með organslætti, en fyrir honum stóð organisti dómkirkjunnar, hinn ágæti söngmeistari Pjetur Guðjohnsen. Nýir sálmar voru sungnir, og voru þeir allir orktir af hinu lipra sálmaskáldi prestaskólakennara Helga Hálfdánarsyni, en einn lofsöngur var eptir þjóðskáldið Matthías Jokkumsson, með lagi eptir hið unga, íslenzka tónaskáld, Sveinbjörn Sveinbjörnsen, organista í Edinburgh. Þá er guðsþjónustugjörðinni var lokið, gullu aptur við lúðrar, fyrir utan kirkjuna, og gekk þá konungur og sveit hans úr kirkju með hinni sömu skipan sem fyr, en síðan mannfjöldinn. Hinar messurnar, sú um morguninn og sú, er haldin var síðar um daginn, fóru fram á líkan hátt, en með nokkuð minni viðhöfn. Dómkirkjupresturinn, Hallgrímur Sveinsson, flutti þær báðar. Allar þrjár messurnar fóru fram á íslenzku, en þótt margir hinna erlendu þjóðhátíðargesta eigi skildu þá tungu, ljetu þeir allir sjer mjög um finnast, hve þær hefðu verið veglegar og hátíðlegar.

Síðar um daginn, kl. 3½, safnaðist mikill múgur manna saman á Austurvelli. Voru þar komnir flestir bæjarbúar af öllum stjettum, karlar, konur og börn, allir í hátíðabúningi; þar var og fjöldi manna úr grenndinni og nokkrir úr fjarlægum hjeruðum; enn fremur voru þar erlendir menn margir frá ýmsum þjóðum: Danir, Norðmenn, Svíar, Þjóðverjar, Englendingar, Frakkar, Ameríkumenn, og enn nokkrir úr öðrum löndum. Þá er allt fólkið var saman komið, var því fylkt til hátíðagöngu, og voru sex menn skipaðir í hverja röð. Síðan gengu menn þaðan, upp úr bænum, og til Öskjuhlíðar fyrir austan bæinn. Þar var fyrirbúinn þjóðhátíðarstaður Reykvíkinga. Hafði þar verið rudd skjetta mikil og prýdd eptir föngum. Tjöld voru þar reist og svo sölubyrgi til veitinga. Ræðustóll var þar og reistur, og stengur í kring með dönskum veifum á. Bæjarfógetinn, Lárus

Sveinbjörnsen, stje fyrstur í ræðustólinn, og lýsti yfir því, að hátíðahald þetta væri sett og eptir það mælti hann fyrir minni konungs. Þá mælti yfirkennari latínuskólans, Halldór Friðriksson, fyrir minni Íslands, og þá yfirkennari barnaskólans, Helgi Helgesen, fyrir minni Danmerkur, og síðan hver af öðrum fyrir ýmsum minnum; en kvæði voru jafnan sungin á milli, eptir þjóðskáldin Mattías Jokkumsson og Steingrím Thorsteinsson. Það var kl. 4, að hátíðarhald þetta var byrjað. Konungur hafði jafnframt boð mikið um daginn, og voru í boði hans flestir hinir tignari höfðingjar, innlendir og útlendir. Borðsalur konungs var salur einn langur í skólahúsinu; höfðu konungsmenn tjaldað hann allan dýrum tjöldum, og búið fánum og skjaldarmerkjum. Konungur sat á stóli fyrir miðju borði, og þar út í frá prinzinn og aðrir höfðingjar á báðar hendur; gegnt konungi sat stallarinn, og hafði, svo sem títt er, umsjón alla. Borðbúnaður allur var úr gulli og silfri, og að öllu var veizlan hin dýrlegasta. Voru þar ýms minni drukkin, og þá er konungur mælti fyrir minni Íslands, dundu 101 skot frá herskipunum á höfninni. Að lokinni veizlu þessari gekk konungur og með honum margt tiginna manna til hátíðarstaðarins á Öskjuhlíð. Skömmu eptir að hátíðin hafði verið sett þar á hlíðinni, tók veður mjög að hvessa og gjörði norðanrok, en þar með fylgdi moldryk svo mikið, að lítt þótti við vært, og hörfuðu margir aptur niður í bœinn. En um það leyti er konungur kom til hátíðarstaðarins, fór veðrið að kyrra, og gjörði gott veður; var þá fagurt að sjá þaðan af hæðinni út yfir nesin og vogana og skipin öll, er lágu á höfninni, prúðbúin sem mest mátti verða með marglitum fánum og öðru skipaskrauti; en hins vegar blöstu fjöllin fagurlega við í kveldsólinni. Konungi var fagnað með skothríð stórri og margföldu fagnaðarópi. Landfógeti Árni Thorsteinsson mælti þá til hans nokkrum orðum og bað hann velkominn, og eptir það var honum flutt kvæði eptir Mattías Jokkumsson. Þá er hljóð fjekkst, tók konungur til máls og þakkaði fyrir viðtökur þær, er honum væru veittar, lýsti hann og gleði sinni yfir landi og þjóð, og kvað sjer næsta kært, að geta sjálfur tekið þátt í þúsund ára hátíð þjóðarinnar; enn fremur minntist hann á hina íslenzku stjórnarskrá, og ljet í ljós þá von sína, að hún mundi verða til blessunar og heilla; og að síðustu mælti hann: „Lifi Ísland! lifi hin íslenzka þjóð“. Kváðu þá að nýju við fagnaðaróp. Eptir það tókust ræður fjörugar. Fyrst mælti skáldið síra Mattías Jokkumsson fyrir minni Norðmanna, en því svaraði skáldið Nordal Rolfsen frá Norvegi. Þá mælti rektor Jón Þorkelsson fyrir minni Svía, en því svaraði aðmírall Lagerkranz. Þá mælti Eiríkur Magnússon, bókavörður frá Cambridge, fyrir minni Ameríkumanna, en því svaraði skáldið Bayard Taylor frá Ameríku. Þá mælti yfirkennari Helgi Helgesen fyrir minni Kleins ráðherra, en Klein svaraði aptur. Síðast mælti skólakennari Gísli Magnússon fyrir minni kvenna, og þá var sungið minni allra gestanna. Eptir það var konungi boðið inn í tjald, er reist hafði verið handa honum þar á hæðinni; neytti hann þar nokkurra hressinga, og gekk burt síðan með sveit sína; fylgdu honum fagnaðaróp fundarmanna.

Þá er konungur var farinn, söng söngflokkurinn enn nokkur kvæði, og var dansað nokkra hríð. Síðan er á leið kveldið fór fólk smátt og smátt að fara burt; en þó voru enn nokkrir, er skemmtu sjer með söngum og samræðum fram undir miðnætti, en þá var hátíðinni lokið. Svo hafði verið ætlað til, að flugeldar miklir skyldu fara fram í hátíðarlokin, en eigi varð af því fyrir slys, er til bar. Hermenn 2 danskir, er flugeldunum áttu að stýra, höfðu af vangá skotið af sjer vinstri hendurnar í skothríð þeirri, er gjör var konungi til fagnaðar, er hann kom á hátíðarstaðinn. Menn þessir voru þegar fluttir á spítala bæjarins, og síðan græddir; þágu þeir allmikið fje af konungi og bæjarbúum í sárabætur.

Þessu næst er að segja frá FERÐ KONUNGS TIL ÞINGVALLA OG GEYSIS. Það hafði frjetzt nokkru áður en konungur kom til landsins, hvernig hann ætlaði að haga hjer ferðum sínum. Yfirvöldin tóku sig þá til og ljetu ryðja og laga þjóðveg þann, er konungur átti yfir að fara, en hann var áður víða illfær. Bændur tókust þar á mót á hendur að sjá konungi fyrir hestum, svo mörgum sem hann við þyrfti, og að ljá honum þá ókeypis. Í sýslum þeim, er næst liggja Reykjavík: Gullbringusýslu, Borgarfjarðarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu var safnað fjölda hesta, og voru þeir sendir til Reykjavíkur með öllum nauðsynlegum tygjum og áhöldum, en einn bóndi fylgdi með úr hverri sveit, til að sjá um hestana og veita konungi þjónustu þá, er hann þyrfti á ferð hans. Allir hestarnir og mennirnir voru komnir til Reykjavíkur í tæka tíð, og voru þeir þá miklu fleiri en konungur þurfti með, og hafði hann þó allmikinn farangur og förumeyti.

Daginn eptir þjóðhátíð Reykvíkinga, eða hinn 3. dag ágústmánaðar lagði konungur af stað úr Reykjavík, að aflíðandi hádegi. Var þá í för með honum Valdimar prinz, Lagerkranz aðmírall, landshöfðingi Hilmar Finsen, landlæknirinn, doktor Jón Hjaltalín, og fleira stórmenni, auk þjóna konungs og sveina. Riðu þeir um daginn yfir Mosfellsheiði, og komu um kveldið til Þingvalla við Öxará. Tóku þeir konungur sjer þar náttstað. Þeir slógu tjöldum á túni, og ljet fylgdarlið konungs þar fyrir berast um nóttina, en konungur sjálfur og sonur hans sváfu í kirkju. Morguninn eptir voru menn snemma á fótum. Gekk konungur þá til lögbergs og litaðist um þaðan. Veður var gott og bjart; roðaði á fjöll og var fagurt yfir að líta: í suður sá Þingvallavatn; í vestur blasti við hin mikla hamragirðing, er myndar vesturbrún Almannagjár, og fossinn í Öxará, þar sem hún rennur ofan í gjána; í norður var að sjá velli þá, er staðurinn er við kenndur, og þar á bak við Ármannsfell og Skjaldbreið; en í austur mátti sjá Þingvallahraun, sem er skógi vaxið, og þar á bak við austurbrún Hrafnagjár. Fannst konungi og sveit hans mjög um þenna kynjastað, og þóttust margir þeirra aldrei jafn-svipmikinn og tignarlegan stað sjeð hafa. Þá er konungur hafði dvalið þar litla hríð, tók hann sig upp með förumeyti sínu og hjelt áfram áleiðis til Geysis. Riðu þeir konungur nú austur yfir Þingvallahraun og Lyngdalsheiði, og þá austur um Laugardal og

Byskupstungur; en svo er landslagi háttað þar, að skógi vaxnar hlíðar eru að norðanverðu við veginn, en undirlendi mikið, sljett og grösugt, með ám og stöðuvötnum að sunnanverðu; eru þau hjeruð einhver hin fegurstu á suðurlandi. Ferðuðust þeir nú þann dag allan, en að kveldi komu þeir á hverasandana við Geysi; slógu þeir þar tjöldum sínum og sváfu af um nóttina. Daginn eptir hjelt konungur þar kyrru fyrir og föruneyti hans. Dáðust þeir og mjög að þessum undrastað, og þótti harðla mikils vert um þau kynjabrigði og furðuverk náttúrunnar, er þar gaf að líta. Skemmti konungur og menn hans sjer um daginn með því að ganga þar um sandana og skoða hverina, sem eru furðu margir og fjölbreytilegir. Merkastur hver er þar Geysir, er frægur er orðinn um heim allan af gosum sínum; hann hafði gosið rjett áður en konungur kom, en nú lá hann niðri, og ljet eigi sjá býsn sín. Annar merkastur hver er þar Strokkur; má láta hann gjósa þá er menn vilja, með því að bera ofan í hann hnausa. Þetta notuðu menn sjer nú sem optar, og ljetu hann gjósa opt um daginn; þótti vatnsstafur hans furðu hár og fagur. Um daginn meðan konungur dvaldist þar við hverina, komu ýmsir úr nágrenninu í þeim erindum að sjá konung sinn; veitti konungur ýmsum viðtal, og fannst þeim mikið um kurteisi hans og lítilæti.

Að morgni hins næsta dags 6. ágúst, hjelt konungur aptur frá Geysi, og mátti hann eigi bíða þess að sjá hann gjósa; en Strokkur gaus aptur um morguninn áður en konungur fór. Hjeldu þeir síðan hina sömu leið til baka áleiðis til Þingvalla. Á leiðinni komu þeir við á bæ einum í Byskupstungum, er Múli heitir; þar býr gildur bóndi, að nafni Egill Pálsson. Konungur gekk í bæinn, skoðaði híbýli og búsföng bónda og gazt vel að. Síðan hjelt konungur og menn hans áfram leiðar sinnar, og segir ekki af ferð þeirra, fyr en þeir komu í nánd við Þingvöll um kveldið, en þess mun síðar getið.

AÐALÞJÓÐHÁTÍÐ ÍSLENDINGA í minningu þúsund ára byggingar landsins var haldin á hinum frægu Þingstað forfeðranna, Þingvöllum við Öxará, frá 5. til 7. dags ágústmánaðar. Var það flestra manna mál, að enginn staður á Íslandi væri jafnvel fallinn til slíkrar samkomu sökum legu sinnar, náttúrufegurðar og fornrar frægðar. Staður þessi er þó nú eigi að öllu jafnveglegur sem fyrrum. Mannvirki höfðu þar raunar aldrei mikil verið, en þó nú minni en fyr, og sjást að eins tóptir eptir og lítlar rústir nokkurra fornra búða; en tign náttúrunnar og svipmikill fornaldarblær hvílir enn yfir hjeraðinu. Þenna stað höfðu landsmenn nú prýtt til hátíðahaldsins eptir sinnar aldar sið, með föngum þeim, er fyrir hendi voru. Breið brú var gjör sunnan frá túni því, er húsabær prestsins og kirkjan stendur á, og norður á vellina; en þar voru áður klungur og gjár, og mjög ógreitt yfirferðar; enn fremur voru brýr gjörvar yfir sumar kvíslarnar í Öxará, og borðviðir voru lagðir yfir meginána, svo að ganga mátti þurrum fótum yfir ána austan frá lögbergi og völlunum og vestur í gjána. Aðalhátíðarstaðurinn var fyrirbúinn norðar á völlunum, þar sem áin steyp-

ist úr gjánni. Þar voru reist tjöld mörg. Eitt var þeirra stœrst, og var það ætlað til fundarhalds og til að veita þar í viðtökur konungi. Það tjald tók hátt á annað hundrað manna. Yfir því miðju gnæfði blátt merki, og voru þar á mörkuð orðin: „Þjóðhátíð Íslendinga 1874“. Miðhluti tjaldsins var keilumyndaður, prýddur blómsveigum og íslenzkum skjaldarmerkjum. Báðum megin við þetta aðaltjald voru reistar upp 2 tjaldbúðir, er voru áfastar við það. Þar út frá voru reist nokkur stórtjöld í röð; stœrst þeirra var tjald Reykvíkinga, þá tjald stúdenta, þá tjald iðnaðarmanna o. fl. Fyrir aptan þessi tjöld var ætlað svið öðrum tjöldum handa landsmönnum, er þeir kœmu til hátíðarinnar. Rœðustóll var reistur úr trje á hól einum skammt frá aðaltjaldinu; var hann prýddur veifum og lyngfjettingum, en þar út frá til beggja handa voru sett á háum stöngum merki fimm þjóða: Dana, Norðmanna, Svía, Þjóðverja, Englendinga og Bandaríkjamanna úr Vesturheimi, en andspœnis yfir á hrauninu gnæfði dannebrogsfáninn. Þessi var hinn hæzti viðbúnaður, er gjörður var til hátíðahaldsins á Þingvöllum; var hann reyndur eigi mikill nje viðhafnarlegur sem vert hefði verið við slíkt tœkifœri, en mjög var öllu haganlega og snilldarlega fyrir komið. Fyrir viðbúnaði þessum stóð Sigfús ljósmyndari Eymundarson með aðstoð hins ágæta listamanns og fornfrœðings, Sigurðar málara Guðmundssonar; höfðu þeir viljað gjöra allan fyrirbúnaðinn miklu veglegri og stórkostlegri, en fje til þess fjekkst ekki, og fyrir þá sök fórst það fyrir.

Svo hafði áður verið ráð fyrir gjört, er boðað var til hátíðar þessarar, að um leið væri haldinn allsherjarþjóðfundur til að rœða ýms mikilsvarðandi mál. Í þessu skini höfðu 2 menn verið kosnir úr kjördœmi hverju; voru þeir nú flestir komnir að Þingvöllum að kveldi hins 4. ágústm., ásamt fjölda annara þjóðhátíðargesta; tjölduðu þeir á völlunum, en sumir í gjánni eða þá í hrauninu fyrir austan vellina. Daginn eptir dreif enn að fjöldi fólks úr öllum áttum og tjaldaði hjá hinum. Að hádegi þenna dag (6. ágúst) setti forseti þjóðvinafjelagsins, Halldór yfirkennari Friðriksson, þjóðfundinn og ljet þegar kjósa menn til að mœta á fundinum fyrir þau hjeruð, er kjörnir menn eigi höfðu komið úr; urðu hinir kjörnu menn þá 38 að tölu. Fyrst var það gjört að umrœðum, hverir eiga skyldu atkvæðisrjett á fundinum, og var það samþykkt að hann skyldu þeir einir eiga, er kjörnir væru, en allur þingheimur skyldi þar á mót hafa fullt málfrelsi. Þá var Halldór Friðriksson kjörinn fundarstjóri.

Hið fyrsta mál, er rœtt var á fundi þessum, var um ávarp til konungs. Þótti öllum fundarmönnum það einkar vel hlýða, að varpa kveðju á konung í nafni allrar þjóðarinnar, er hann kœmi á Þingvöll, og þakka honum sóma þann, er hann sýndi Íslendingum með komu sinni; en eigi urðu menn á eitt sáttir um það, hvort minnast skyldi á stjórnarskrána í ávarpi þessu eða ekki; töldu sumir bezt að minnast hennar alls ekki, því að bæði hefði hún svo marga galla, að hún væri lítilla þakka verð, og þar að auk hefðu landsmenn svo mikið orðið að berjast til hennar, að varla mætti hana gjöf kalla. Flestir könnuðust reyndar við að svo væri, en þótti

það ókurteisi við konung, að láta ógetið þessa bezta verks hans við Íslendinga, að gefa þeim löggjafarvald og fjárráð, enda mundi þess ef til vill enn hafa orðið lengi að bíða, ef góðvildar konungs hefði eigi að notið, svo mundu og gallar stjórnarskrárinnar eigi vera konungi að kenna, heldur ráðgjafa þeim, er hann þar hefði haft til ráðaneytis. Á þetta fjellust flestir fundarmenn, og var 9 manna nefnd kosin til að semja ávarpið. Frumvarp það, er nefnd sú samdi til ávarpsins, var samþykkt með litlum orðabreytingum, fyrst af öllum hinum kjörnu fundarmönnum, en síðan af öllum þingheimi. Jón málaflutningsmaður Guðmundsson hreyfði því, að bætt yrði inn í ávarpið ósk um það, að Íslendingar fengju fullt jafnrjetti við samþegna sína í Danmörku; en fundarmenn töldu það óþarft, með því að rjettindi landsins væru skýrlega tekin fram í ávarpinu. Þá lagði Jón Guðmundsson það til, að rita ráðgjafa Íslands sjerstakt ávarp, og segja þar afdráttarlaust, hvað væri að stjórnarskránni; en fundarmenn mæltu á móti því, af þeim ástæðum, að þjóðin hefði eigi enn fengið nokkra löglega birtingu um það, að hún hefði neinn ráðgjafa, og þar að auk ætti það eigi við, að fara hjer að semja um stjórnarmál. Hvarf Jón þá frá tillögum sínum og ritaði undir ávarpið með öðrum. Þá var rætt um þjóðhátíðarhaldið á Þingvöllum, og nefnd kosin til að stýra því og ráða allri tilhögun þess. — Þá var og rætt um gufuskipsferðir meðfram ströndum landsins. Stúdentar í Reykjavík höfðu látið boðsbrjef út ganga til samskota í því skini; hafði því sumstaðar verið tekið með allmiklum áhuga og jafnvel verið lofað nokkrum samskotum til þess. En hjer kom það fram, að margir örvæntu um, að unnt væri að koma slíkum ferðum á með frjálsum samskotum, og töldu enda tvísýnt, að það mundi geta borgað sig. Þó kom fundarmönnum saman um að fella ekki málið en fela það á hendi alþingi að koma því áleiðis; var nefnd síðan kosin til þess að búa málið undir þing, og leita enn frjálsra samskota. — Þessu næst var rætt um það, að stofna fjelag til að efla og bæta atvinnuvegi landsins, eptir tillögu Jakobs Hálfdánarsonar frá Grímsstöðum. Fundarmönnum þótti hugsunin fögur og fyrirtækið þarft, en gátu ekki gert sjer greinilega hugmynd um, hvernig slíku fjelagi skyldi haga; því fjekk þetta fjelag eigi nógu öflugar undirtektir, og lyktaði með því, að tillagan var tekin aptur að sinni. — Enn fremur var rætt um það, að stofna menntunarskóla handa alþýðu, eptir tillögu Þórarins prófasts Böðvarssonar í Görðum, er gefið hafði fje til slíkrar stofnanar; varð það niðurstaða þess máls, að nefnd var kosin til að koma því lengra áleiðis. Þá var að lyktum rætt um það, að senda frá fundinum ávarp til Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn í þakklætisskini fyrir baráttu hans fyrir þjóðmálefnum landsins, og var það samþykkt í einu hljóði.

Meðan á fundi þessum stóð (5.—6. ágúst) voru þjóðhátíðargestirnir sífellt að fjölga, og miðjan dag hinn 6. ágúst var þar saman kominn mikill manngrúi úr því nær öllum hjeruðum landsins og allmargir úr öðrum löndum, sumir harðla langt að komnir. Þótti mönnum nú eigi hlýða að

draga lengur að byrja hátíðarhaldið, enda var nú flestum fundarmálefnum að mestu leyti lokið. Hjer um bil kl. 5 eptir miðjan dag safnaðist allur þingheimur saman norður á völlunum, kringum ræðustól þann, sem fyr er getið. Jón Sigurðsson frá Gautlöndum stje þá fyrstur í ræðustólinn, og lýsti yfir því, að hátíðarhald þetta væri sett. Þá fór hann nokkrúm orðum um tilefni og þýðingu hátíðar þessarar, og tók einkum fram þrennt er gjörði hana svo merkilega, fyrst endurminningu hinna liðnu þúsund ára, þá komu konungs, og síðast hina nýfengnu stjórnarbót. Þá er hann hafði lokið tölu sinni, tók norskur lögfræðingur, að nafni Birgir Kildal, til máls, og bar fram kveðjusendingu frá norskum stúdentum. Þá flutti skáldið Kristófer Janson ávarp frá Vestmannalaginu í Björgvin, og annað frá bœndum í Þrœndalögum. Þessum ávörpum svaraði Þorvaldur prestur Bjarnarson frá Reynivöllum. Þá flutti Arpi stúdent frá Uppsölum ávarp frá Uppsalastúdentum; en síðan hjelt skáldið Nordal Rolfsen mikla tölu um bókmenntir Íslands og þýðingu þeirra fyrir þjóðlíf Norðurlandabúa; þeirri ræðu svaraði bókavörður Eiríkur Magnússon með tölu til Norðmanna.

Þá er hjer var komið ræðum manna komu þau tíðindi, að konungur væri þegar kominn í nánd; hættu menn þá um hríð ræðunum og tóku að búa sig undir að fagna honum. Fundarmenn vissu áður, hvað ferðum konungs leið, og að hans væri von að Þingvöllum um kvöldið; höfðu þeir sent á móti honum 12 gilda og röskva bœndur til að flytja honum kveðju fundarins og bjóða honum til hátíðarinnar. Bœndur þessir hittu konung og föruneyti hans nálægt Skógarkoti, skammt fyrir vestan Hrafnagjá. Kvöddu þeir konung virðulega og báru honum erindi fundarins; en Tryggvi alþingismaður Gunnarsson hafði orð fyrir bœndum. Konungur tók vel kveðju þeirra og kvaðst þakksamlega mundu þiggja boðið. Sneru þá bœndur við og riðu undan til Þingvalla, en konungur og sveit hans á eptir. Það var nær miðaptni, að konungur kom á Þingvöll. Allir karlmenn höfðu fylkt sjer í tvær raðir langar, báðum megin vegarins, en kvennafylking stóð sjer þeim megin, er vissi að Almannagjá. Sendiboðar fundarins stigu nú af baki hestum sínum, og hjeldu hestunum í röð til hliðar, þar sem mannþröngin byrjaði. Reið nú konungur fram og menn hans eptir. Þá gekk fundarstjórinn, Halldór Friðriksson, fram úr mannfjöldanum, og ávarpaði konung með nokkrum orðum; flutti hann konungi fagnaðarkveðju frá öllum þingheimi og bað hann velkominn til landsins og sjerstaklega til þessa staðar, hins forna aðseturs frelsis og drengskapar; vottaði hann enn fremur konungi hollustu landsmanna og þakklátsemi þeirra fyrir komu hans; og að síðustu bað hann konung að geyma í vinlegri endurminningu ábrif þau, er landið hefði haft á hann og gleyma eigi heldur tjöldunum á Þingvöllum. Þá var lostið upp fagnaðarópi, og stráðu konur blómum á veginn. Konungur svaraði mildilega og þakkaði fyrir allar hinar góðu viðtökur, er honum væru veittar, bæði á þessum stað og öðrum, síðan hann hefði stigið hjer fœti á land. Þá var kvæði sungið konungi til fagnaðar, en það hafði enn ort skáldið Mattías Jokkumsson. Síðan reið konungur

með sveit sinni gegnum mannþyrpinguna milli beggja fylkinganna, og kváðu þá aptur við fagnaðaróp. Tjöldum konungs var skipað á þingvallatúni, og þangað reið konungur með sveit sína. Tóku þeir sjer þar enn náttból svo sem í hið fyrra skiptið. Nú var tekið að rökkva, og gengu flestir þjóðhátíðargestir til tjalda sinna, og skemmtu sjer á ýmsan hátt það er eptir var kveldsins, en tóku síðan á sig náðir, sváfu menn nú af um nóttina.

Daginn eptir, hinn 7. ágúst, skyldi hæst standa hátíðin. Veður var gott og blítt um morguninn, en lopt nokkuð þungbúið. Voru flestir snemma á fótum, og tóku menn nú að búa sig til að fagna konungi. Klukkan 10 kom konungur á hátíðarstaðinn með sveit sinni, og var allur mannfjöldinn þar fyrir; fremstir stóðu menn þeir, er færa skyldu konungi ávarp fundarins, þeir doktor Grímur Thomsen frá Bessastöðum, síra Stefán Þórarensen frá Kálfatjörn, og bœndurnir Tryggvi Gunnarsson, Jón Sigurðsson og Torfi Einarsson. Gengu þeir fyrir konung, og las Grímur honum ávarpið í heyranda hljóði. Í ávarpi þessu buðu fundarmenn í nafni allrar þjóðarinnar konung velkominn á þenna frœga, fornhelga stað á þessari þúsund ára afmælishátíð hennar, hinn fyrsta konung, er heimsótt hefði Ísland í þau þúsund ár, er landið hefði verið byggt. Þá var nokkuð minnzt á þrautir þær, er þjóðin hefði orðið að þola á liðnum öldum, en jafnframt lýst yfir því, að nú renndu landsmenn vonaraugum fram á skeið ókominna tíma og biðu þess að geta notið frelsis síns, er konungur þetta ár hefði veitt þeim með því að veita alþingi löggjafarvald og að miklu leyti fjárforræði; var þar enn farið nokkrum orðum um stjórnarskrána, og þess getið, að hún hefði í sjer geymdan góðan vísi til eflingar framfara landi og lýð, og þó að landsmenn óskuðu bóta og breytinga á nokkrum greinum hennar, þá bæru þeir það fullt traust til konungs, að hann mundi láta þá verða aðnjótandi þeirra gœða, er tími og reynsla sýndi að væri þeim til hags og heilla. Konungur svaraði ávarpinu með nokkrum mildilegum orðum, en þingheimur heilsaði honum með fagnaðarópum. Síðan hjelt konungur áfram norður eptir völlunum milli fylkinganna, er skipað höfðu sjer líkt og daginn áður; heilsaði hann ástúðlega til beggja handa og varpaði orðum á ýmsa, er næstir voru; en eptir það staðnæmdist hann gagnvart rœðustólnum, og skipaði þingheimur sjer í hvirfing kringum hann. Þá voru lesnar upp nokkrar kveðjusendingar. Fyrst flutti skáldið Karl Andersen ávarp frá hinum dönsku stúdentum, og annað frá fornfrœðafjelaginu í Kaupmannahöfn: þá Bærentsen kapteinn ávarp frá Færeyingum, þá Lagerkrantz admírall ávarp frá stúdentum í Lundi, og enn fremur Eiríkur Magnússon ávarp frá Ameríkumönnum. Þegar þessu hafði fram farið nokkra hríð, gekk konungur þaðan og reikaði til og frá um vellina; gekk hann einnig upp á gjáarbarminn hjá fossinum, þar sem áin steypist niður úr gjánni, og fannst mikið um tignarsvip staðarins, eigi síður en hið fyrra sinnið; en nú ríkti eigi þögul kyrrð yfir hjeraðinu, svo sem þá er konungur kom á þingvöll áður. Allt var nú enn á ferð og flugi og alstaðar var fullt af fólki, bæði á völlunum, lögbergi, í hrauninu og gjánni. Niðri á

völlunum hjá tjölduuum fóru leikar fram, einkum glímur, og glímdu þar margir allknálega. Þar var og sungið og leikið á hljóðfæri, og ómaði bergmálið í hömrunum og gjánni. Þá gekk konungur aptur niður á völluna, og var nú búið til veizlu í stórtjaldinu og hliðartjöldunum. Til þeirrar veizlu hafði konungi verið boðið ásamt syni hans og öðrum stórmennum, í. þeirri veizlu mátti og hver þjóðhátíðargestur sitja, er vildi. Þá er konungur kom að tjalddyrunum, var þar fyrir söngflokkur, og söng honum aptur kvæði það, er honum hafði verið fagnað með kveldinu áður, þá er hann kom til hátíðarinnar. Þakkaði konungur formanni söngflokksins, Jónasi Helgasyni, fyrir sönginn, og skáldinu fyrir hinn fagra kveðskap hans. Þá var til borða gengið, og konungi skipað í öndvegi; yfir sæti hans var merki Danakonunga, 9 hjörtu og 3 ljón, en með öllum tjaldveggjunum voru forn skjaldarmerki íslenzkra höfðingja. Út frá konungi var skipað hinum tignustu mönnum á báðar hendur, en þá öðrum. Alls sátu þar að borðhaldinu í senn 160 manna. Meðan borðhaldið fór fram, voru haldnar ræður margar fyrir ýmsum minnum. Fyrst mælti Grímur Thomsen fyrir minni konungs. Hann minnti á hina fornu sögu um Harald Gormsson Danakonung, er ætlaði að fara herferð til Íslands, og sendi því fjölkunnugan mann þangað hamförum, en hann komst hvergi að fyrir landvættum; nú hefði Danakonungur, mælti hann, aptur farið ferð til Íslands, en nú yrðu landvættir allar að hörfa, því að eins og konungur hefði hjörtu í merki sínu, þannig hefði hann unnið hjörtu allra Íslendinga. Konungur þakkaði minni þetta með fögrum orðum, og ljet í ljós gleði sína yfir því, að hafa kynnzt þeirri þjóð, er hefði svo heit hjörtu, þótt land hennar væri þakið ísi og snævi. Þá mælti Jón Guðmundsson úr Reykjavík fyrir minni drottningar og Eiríkur Magnússon frá Cambridge fyrir minni konungsættarinnar: Fyrir þau minni þakkaði konungur einnig, og gat hann þá þess um leið, að hann skyldi sjá um að krónprinzinum og öðrum börnum sínum yrði kennd íslenzk tunga. Þessu hjet konungur optar, og kvað sjer leitt þykja, að hann hefði eigi sjálfur numið hana. Veizla þessi stóð til kl. 12 með góðri skemmtun, ræðum og hljóðfæraslætti, og allri þeirri viðhöfn, er konungi sæmdi, að því er við mátti koma. Eptir borðhald þetta skemmtu menn sjer á völlunum á ýmsan hátt. Gekk konungur þá enn nokkra hríð milli tjaldanna, horfði á glímur manna og aðrar skemtanir og ljet vel yfir. Þá talaði hann og við ýmsa menn, er hann vildi sjá eður honum voru sýndir, og gazt öllum vel að máli hans. Síðan gekk hann með sveit sinni heim til tjalda sinna, og bjóst til brottferðar. Kl. 1 lagði hann af stað af Þingvelli. Beið allur þingheimurinn hans í Almannagjá og fylkti sjer beggja megin götunnar; þögðu menn, meðan konungur og sveit hans fóru fram hjá, svo að hestarnir skyldu eigi fælast bergmálið; en er konungur og sveit hans var að hverfa upp úr gjánni, kváðu við köll og óp; kallaði þá allur þingheimur í einu hljóði, bað konung vel fara og árnaði honum allra heilla; en gjáin dunaði og hamrabeltin endurkváðu heillakveðjurnar með jötnalegum rómi.

Nú hurfu menn aptur til tjaldanna. Veður hafði verið gott fram yfir hádegi, en nú var tekið nokkuð að rigna. Fóru þá sumir að búast til brottfarar, enda þótti þeim sem hin mesta hátíð væri um garð gengin, er konungur var farinn. Riðu margir burt þaðan um daginn. Þó var enn margt manna eptir og eigi slitnaði hátíðarhaldið. Með því að rigning var, ljetu flestir fyrirberast í tjöldunum, og hófu samdrykkju. Voru þá drukkin minni mörg, svo sem minni hinna útlenzku gesta, minni skáldanna og minni kvenna; var ýmist mælt eða sungið fyrir. Þá var sungin þjóðhátíðarsöngur eptir Steingrím Thorsteinsson og Íslands minni eptir Mattías Jokkumsson. Margt var þá og fleira sungið; söngnum stýrði Jónas Helgason, og fór hann fram hið bezta. Stóð skemmtun þessi til kvelds og fram á nótt með góðum fagnaði.

Um morguninn eptir, hinn 8. ágúst, tóku fundarmenn aptur til starfa, þar sem þeir fyr höfðu frá horfið, en nokkrir þeirra voru farnir, og þar á meðal fundarstjóri; stýrði því varafundarstjórinn Jón Sigurðsson frá Gautlöndum fundinum eptir það. Hið helzta mál, er þá var rætt, var um það, að breyta aðalmerki Íslands, leggja niður hinn flatta, höfuðlausa þorsk, en taka í hans stað aptur upp fálka; þótti fundarmönnum sú breyting æskileg og miklu veglegra að hafa fálka en þorsk í merki landsins; en eigi að síður varð ekkert afráðið til fullnustu um þetta, með því að það var auðsætt, að slíkri breytingu yrði eigi komið á nema með samþykki allra ríkisþinganna á norðurlöndum, þar sem ríkismerki Dana með þorskinum í er á hinum nýju peningum, sem jafn-gjaldgengir eru um öll norðurlönd (Ísland, Danmörk, Norveg og Svíaríki). Niðurstaða þessa máls varð þá sú að skjóta því til alþingis. — Þá var og rætt um kostnað þann, er leitt hefði af hátíðarhaldi þessu og viðbúnaðinum til þess, en hann var talinn hátt á annað þúsund ríkisdala. Skutu fundarmenn þegar saman nokkru fje, og sumir höfðu samskotafje með sjer heiman úr hjeraði; nam það allt nær 300 ríkisdala; en hitt ætluðust þeir til að fengist af þjóðfje. — Öll þau mál, er hjer hefur verið frá skýrt, voru rædd í heyranda hljóði, en auk þess áttu hinir kjörnu fundarmenn tvisvar fund með sjer að luktum dyrum. Fundi þessum var slitið um miðjan dag laugardaginn hinn 8. ágúst, og hafði hann þá staðið nær í 4 daga. Nú bjuggust menn þegar í brott og voru flestir farnir um kveldið. En yfir hinum frægu, fornhelga hátíðarstað, er nú um stund hafði verið kvikur af fólki og glumið af gleðilátum og háreysti, hvíldi nú aptur þögul kyrrð og alvarleg ró sem fyr.

Þannig lauk þá þessari minnilegu hátíð á Þingvöllum. Mátti kalla, að hún hefði farið fram hið bezta, eða að minnsta kosti betur en við mátti búast eptir erfiðleikum þeim, er við var að stríða. Raunar var skraut allt og viðhöfn lítil í samanburði við það er títt er í hinum auðugri löndum við slík hátíðleg tækifæri, en tign og frægð staðarins bætti það margfalt upp, og þótt hátíðin væri haldin að miklu leyti undir berum himni, þá sakaði það eigi, heldur var hún þvert á móti fyrir þá sök mun hátíðlegri, þar eð veður var fagurt og blítt því nær alla þá stund, er hún stóð yfir. Hjer

var og eigi farið eptir smásmuglegum þvingunarreglum, er svo opt hepta góða gleði, heldur gekk allt til svo frjálslega sem verða mátti, flestir voru með glöðu skapi og fullir fjörs og áhuga; horfðu menn með þakklátlegri endurminningu yfir fornöld sína, og með öruggri von fram á ókominn tíma. Eigi er fullkunnugt, hve margir tóku þátt í hátíð þessari, því að fólk var sífellt að koma og fara; flest var fólk .aðalhátíðisdaginn (hinn 7. ág.) og skipti þá þúsundum. Er svo sagt, að jafn-fjölmenn samkoma hafi eigi verið á þingvelli síðan á dögum Jóns byskups Arasonar.

Þá er að segja af BURTFÖR KONUNGS hjeðan af landi. Þar var fyr horfið frá, er konungur reið af þingvelli og þingheimur kvaddi hann í Almannagjá. Kom konungur aptur til Reykjavíkur um kveldið að náttmálum, og hafði ekkert borið til tíðinda í för hans um daginn. Næsta dag (hinn 8. ág.) hafði hann boð mikið. Daginn þar eptir, er var sunnudagur, gekk hann í kirkju og hlýddi messu danskri; hafði hann þá aptur boð þann dag, og var það hið síðasta, er hann hafði hjer. Um kveldið hjeldu bœjarbúar dansleik í skólahúsinu, og buðu þar til konungi og sveit hans, og svo hinum helztu foringjum herskipanna. Stóð sá dansleikur fram á nótt með góðri skemmtan. Daginn eptir (10. ág.) kvaddi konungur Reykjavík og fór þaðan alfari. Það var nær kl. 4, að konungur gekk til strandar með fylgd sinni og fleiri höfðingjum. Beið þar mikill múgur manna fyrir við konungsbryggjuna, er var skreytt á hinn sama hátt og þá er konungur kom í land. Landshöfðingi kvaddi hann þá í nafni allrar þjóðarinnar með fögrum orðum; tjáði hann honum hollustu og ást allra Íslendinga og þakklæti þeirra fyrir komu hans og alla konunglega ljúfmennsku; tók hann meðal annars svo til orða, að hans hátign hefði komið og sjeð og unnið hjörtu allra Íslendinga, og nú fylgdu þau honum yfir hafið með blessunaróskum og brennheitum bœnum um heill og hamingju honum til handa um langan aldur. Konungur svaraði aptur blíðlega, þakkaði fyrir ást landsmanna og hollustu, og kvaðst geyma Ísland í hjarta sínu. Loksins mælti hann: „Guð varðveiti land þetta og lýð! Far vel!“ Eptir það stje konungur í bátinn. Kváðu þá við kveðjuóp mannfjöldans, er stóð á ströndinni, og báðu allir hann vel fara og lengi lifa. En er konungur lagði frá landi, heilsaði herflotinn honum með dynjandi skothríð og fagnaðarópum, höfðu öll skipin búizt hið skrautlegasta, og alskipað mönnum rár og reiða sem þá er konungur kom fyrst inn á höfnina. Um kveldið ljet konungur aptur stíga dans fram á skipi sínu, og bauð mörgum úr bœnum. Drakk konungur sjálfur þá minni kvenna, og mælti fyrir; gekk hann með bikar sinn fyrir hverja eina af þeim, er í boðinu voru; og er hann gekk frá danaleiknum, kvaddi hann þær allar með handabandi. Klukkan 2 um morguninn hinn 11. ág. fór boðsfólkið í land, enda var þá flotinn búinn til brottlögu. Glóðu þá öll skipin af ljósum og logum og loptið af flugeldum. Kl. 3 lagði konungsskipið út úr höfninni og með því allur flotinn. Voru skipin í dögun um morguninn komin út úr Faxaflóa. Veður var bjart um daginn, er konungsskipin sigldu með landi fram og landsýn hin fegursta.

Síðan lögðu þau í haf; byrjaði þeim vel og komu þau við Skotland eptir skamma útivist. Í Edinburgh var konungi tekið með miklum virktum. Þar var fyrir Alexandra kona Edwards prinz af Wales og dóttir konungs. Fylgdist hún með konungi til Kaupmannahafnar; tóku Danir við honum með mikilli viðhöfn og feginleik.

Við Íslandsför þessa hafði mjög vaxið vegur og vinsældir Kristjáns konungs bæði hjá þegnum hans í Danmörku og þá eigi síður á Íslandi. Reyndar hafa Íslendingar ávallt þótt góðir konungamenn, þótt þeir sjeu af fornum frelsishetjum komnir og gleymi aldrei hinni fornu gullöld frelsisins, og þótt frjáls stjórnarlögun eigi efalaust bezt við skaplyndi þeirra; í deilum þeim, er þeir undanfarin ár hafa átt við Dani út af stjórnarskipun landsins og fjármálum, hafa þeir aldrei vikið einu styggðar- eða óvirðingar-orði til konunganna, heldur jafnan talað um þá vel og virðulega. En enginn konungur hefur þó orðið jafn-vinsæll af Íslendingum, sem Kristján konungur hinn níundi nú varð, bæði sakir þess frelsis, er hann veitti þeim með stjórnarskránni, og þó einkum sakir þess, að hann heimsótti þá á fagnaðarhátíð þeirra. Það voru því eigi öfgar eða tóm fagurmæli, er landshöfðingi mælti til konungs að skilnaði, að hann hefði komið og sjeð og unnið hjörtu Íslendinga.

Nú er aptur að víkja til þjóðhátíðarinnar, og er þá að geta um ÞJÓÐHÁTÍÐARHÖLDIN VÍÐS VEGAR UM LAND. Sunnudaginn 2. dag ágústmánaðar var haldin guðsþjónustugjörð um allt land í minningu hátíðarinnar, svo sem fyrir var skipað. Prestar þeir, er höfðu fleiri en eina kirkju, messuðu á tveimur eða þremur kirkjum sama daginn, þar sem því varð við komið; en sumstaðar fluttu tveir söfnuðir saman í eina kirkju, þar sem það var hægt eða svo til hagaði, að vel fór á því. Aptur var sumstaðar guðsþjónustugjörðin haldin næsta dag eptir, eða þá næsta sunnudag eptir. Messur þessar fóru fram með nokkru meiri viðhöfn en venjulegt er, þar sem það var unnt, bæði að því er söng snertir og annað; þannig voru t. d. á einum stað (Hruna) haldnar þrjár hátíðarræður í messunni. Eptir að messum var lokið, voru víða haldin samsæti þá þegar um kveldið, en sumstaðar daginn eptir eða næstu daga, og enn sumstaðar seinna í mánuðinum. Samsæti þessi voru víða haldin á kirkjustöðum, en sumstaðar á öðrum hentugum stöðum í hjeraði, ýmist í vel hýstum bæjum eða tjöldum eða þá hvorutveggja; sumstaðar voru hátíðarhöld þessi fyrir eina sókn, en sumstaðar fyrir einn hrepp eða þá eitt prestakall, og enn sumstaðar fyrir tvo eða fleiri hreppa eða prestaköll. Má hjer nefna nokkur hin helztu þeirra, er frjetzt hefur af. Þar til má telja: þjóðhátíðarhöldin í Kleifahrepp, Leiðvallahrepp og Dyrhólahrepp í Skaptafellssýslu (2. ág.), þjóðhátíðina í Vestmannaeyjum (2. ág.), þjóðhátíð Hreppamanna í Árnessýslu að Hruna og Stóranúpi (2. ág.), þjóðhátíð Suðurnesinga í Gullbringusýslu að Kotvogi, Gerðakoti og á Skaga (2. ág.), þjóðhátíð fyrir allan suðurhluta Gullbringusýslu að Njarðvik (15. ág.), þjóðhátíð Hafnfirðinga að Hvaleyri (22. ág.), þjóðhátíð Seltjerninga í Nesi við Seltjörn (3. ág.), aðra

Þjóðhátíð Reykvíkinga (30. ág.), þjóðhátíð Mosfellinga og Kjalnesinga að Kollafirði (2. ág.), þjóðhátíð Akurnesinga á Skipaskaga (2. ág.), þjóðhátíð Borghreppinga að Svignaskarði (2. ág.), þjóðhátíð að Setbergi (2. ág.), þjóðhátíðina á Skógarströnd (2. ág.), þjóðhátíðina að Reykhólum (2. ág.), þjóðhátíðarhöld á Ströndum vestur (2. ág.), þjóðhátíð Svarfdœla (3. ág.), þjóðhátíð Fáskrúðsfirðinga að Kolfreyjustað (2. ág.), og þjóðhátíð Reyðfirðinga að Eskifirði (6. ág.). Þessi voru hin helztu þjóðhátíðarhöld í ágústmánuði, sem kunnugt er um; má vera, að þau hafi verið miklu víðar, þó eigi fari sögur af, en víst er það, að í sumum sveitum og jafnvel stórum og fjölmennum hjeruðum voru engin hátíðabrigði gjör í minningu þúsundárahátíðarinnar, önnur en messurnar, sem fyrirskipaðar voru, nema ef til vill einhver smávegis tilbreytni á heimilum. Þjóðhátíðarhöld þau, sem hjer voru talin, hafa, að því er spurzt hefur, öll farið fram hið bezta, með meiri og minni viðhöfn, eptir því sem til hagaði og föng voru á á hverjum stað. Víðast voru hátíðahöld þessi fólgin í því, að haldnar voru veizlur, og skemmtu menn sjer þar með samræðum, skáladrykkju, söng, dansi, og hljóðfæraslætti, og öðru því er menn venjulega hafa til skemmtana; en einkennilegt var það við flest eða öll samkvæmi þessi, að í þeim voru gjörð ýmisleg samtök um að gjöra eitthvert þarft fyrirtæki í minningu hátíðarinnar, og sumstaðar var heitið samskotum til slíkra fyrirtækja. Voru hátíðarhöld þessi því eigi stundarskemmtun tóm, heldur eru líkindi til, að nokkuð gott kunni að leiða af þeim síðar. Það yrði of mikil málalenging og enda með öllu óþarft að lýsa hjer hverju þessu þjóðhátíðarhaldi fyrir sig, þar sem þau voru hvert öðru lík og öll meira eða minna svipuð þjóðhátíðarhöldum þeim, sem lýst er hjer að framan. En vert er með fám orðum að minnast tveggja þeirra sjerstaklega; annað þeirra er þjóðhátíðarhald Reykvíkinga hið síðara, er svo sem við er að búast fór fram með mestri viðhöfn, en hitt er þjóðhátíðarhald Svarfdœla, er öðrum fremur hafði einkennilegan, þjóðlegan blæ.

Þjóðhátíð Reykvíkinga hin síðari var haldin 30. dag ágústmánaðar; en því var hún haldin aptur, að bœjarbúum þótti þjóðhátíðin 2. ágúst hafa heppnazt miður en skyldi, með því að hátíðarstaðurinn þá hefði verið illa valinn, og stormurinn spillt skemmtun manna. Nú var hátíðarstaðurinn settur á sljettum grasvelli fyrir vestan bœinn, og veður var hið bezta. Kl. 4½ eptir miðjan dag komu menn saman á Austurvelli. Söng þá söngfjelag bœjarins fyrsta og síðasta erindið af þjóðsöngnum „Eldgamla Ísafold“. Að því búnu gengu menn í fylkingum á hátíðarstaðinn. Á hæð einni lítilli var þar reistur rœðustóll með veifum, og stengur tvær þar út í frá, sín til hvorrar handar, einnig með veifum. Nokkru neðar var danspallur lagður úr borðviðum; 4 háar stengur voru reistar á 4 hornum hans, og aðrar 4 lægri á milli þeirra til hliða. Umhverfis danspallinn lágu blómfljettingar á miðjum stöngunum, en yfir honum voru reistar 4 krossgrindur, vafðar blómhringum, og þar upp af stöng há með fána. Lampar hjengu á 4 hornstöngum danssviðsins, og rúm 20 ljós önnur með

ýmsum litum ljómuðu upp danssviðið. 8 tjöld stóðu þar í röð skammt frá ræðustólnum. Hátíðarhaldið sjálft byrjaði kl. 5. Var fyrst sungið minni Ingólfs landnámsmanns, eptir skáldið Steingrím Thorsteinsson. Því næst mælti skáldið Mattias Jokkumsson fyrir konungsminni, þá Steingrímur Thorsteinsson fyrir minni Íslands, og þá ritstjóri Björn Jónsson fyrir minni Ingólfs. Þá var aptur sungið. Enn hjeldu menn ýmsar ræður, og þar á meðal hinn danski Íslendinga vinur, doktor Rosenberg, er hjelt tölu til hinnar íslenzku þjóðar. Kl. 7 hófst dansinn; en kl. 10 byrjuðu flugeldar og stóðu þeir lengi. Skemmtu menn sjer ágætlega alla nóttina ýmist með dansi, söng, ræðum eða samdrykkju, og var samkomunni eigi lokið fyr en kl. 6 morguninn eptir. Í hátíðarhaldi þessu tók þátt mikill fjöldi manna, innlendir og útlendir, og varð eigi tölu á komið. Hátíðarhaldinu stýrði handiðnamannafjelagið í Reykjavík, einkum Sigfús ljósmyndari Eymundarson, og þótti hafa tekizt það prýðilega.

Þjóðhátíð Svarfdœla var haldin 3. ágúst á sljettri gróinni grund fyrir neðan Hofsá þar í dalnum; er þar einkar fagurt. Þar voru reist tjöld mörg, og eitt þeirra mest; það var 24 álna langt og 6 álna breitt. Skammt þaðan var ræðustóll reistur, sveipaður hvítu líni. Þegar um morguninn fór fólk að drífa að, og um hádegi var þar saman kominn mikill mannfjöldi. Þá var byrjuð hátíðin; voru fánar dregnir upp og klukkum hringt. Þá skipuðu menn sjer í fjórsettar raðir, hver sókn sjer, og hófu hátíðargöngu. Fyrstir gengu Stœrri-Árskógssóknarmenn, en fyrir þeim gekk merkismaður með stöng, og hjekk þar á hvít blæja með rauðum krossi í miðju; næst þeim gengu Vallasóknarmenn; bar merkismaður þeirra stöng með grœnni blæju, og var fálki á dreginn; þá komu Urðasóknarmenn, og var fyrir þeim borin hvít blæja með fálkamynd; þá gengu Tjarnarsóknarmenn, en fyrir þeim var borin rauð blæja með fálka á; þá komu síðastir Upsasóknarmenn, og bar merkismaður þeirra stöng fyrir þeim með himinblárri blæju. Þá er fólkið hóf göngu sína, hætti hringingin, en byrjaðir hljóðfœraleikar, og var leikið meðan gengið var. Fólkið nam staðar hjá ræðustólnum, og skipaði sjer í hálfhring kringum hann, en merkismennirnir hjeldu uppi merkjum sínum. Þá var sálmur sunginn, og að því búnu haldnar ræður. Fyrstu ræðuna hjelt Hjörleifur prestur Guttormsson frá Tjörn, en þá Páll prestur Jónsson frá Völlum, og þá Sófónías stúdent Halldórsson frá Brekku tvær. Milli þess er ræðurnar voru fluttar, var sungið, leikið á hljóðfœri og skotið. Þá flutti Þorkell Þorsteinsson frá Uppsölum enn tölu og Jónas Jónsson frá Brekku kvæði. Að því búnu var aptur sunginn sálmur, og skotið á eptir. Varð nú hlje á um stund, og gengu menn til tjaldanna að fá sjer hressingu. Eptir það var byrjað að mæla fyrir skálum. Fyrst var minni Íslands, þá minni konungs, þá minni dalsins, þá landshöfðingja, þá Jóns Sigurðssonar, þá allra merkustu manna landsins að fornu og nýju, þá Þorsteins Svarvaðar, þá Klaufa, fornhetju dalsins, þá gamalla manna og þá ungra o. s. frv. Síðan var sungið um hríð. Eptir það stigu menn dans á afgirtu svæði þar á grundinni; en er

menn höfðu dansað nokkra stund, hófust glímur, og glímdu menn lengi af miklu kappi unz dimma tók. En er hálfdimmt var orðið, slógu menn eldi í viðarköst mikinn, er borinn hafði verið saman þar á vellinum, og gjörðu stóra brennu. Og er brennan var þrotin og almyrkt orðið, voru teknir upp álfaleikir. Fyrir ofan grindina er klettagil stórt og foss í. Ofan úr gili þessu undan fossinum komu nú ljósálfar tveir niður á völlinn, og höfðu stökur nokkrar fyrir munni sjer, særandi burtu svart myrkur, en laðandi fram ljós. Síðan hurfu þeir aptur upp í gilið. Nú var kyrrt og hljótt um hríð. Þá heyrðu menn að lítilli stundu liðinni söng mikinn upp í gilið, fyrst í fjarska, en síðan færðist hann smámsaman nær og nær. Sjá menn hvar hópur huldumanna fer niður úr gilinu og kemur niður á grundina; en er þeir eru komnir allnærri tjöldunum, þagnar söngurinn. Álfasveinar tveir leiddu huldukarl á milli sín og settu á stól nálægt dans-sviðinu; báðu þeir orlofs af honum að mega leika; leyfði karl það, en þó nokkuð treglega í fyrstu. Slógu þá álfarnir allir hring á dans-sviðinu og tóku að syngja og dansa. Þegar því hafði farið fram nokkra stund, reis karl á fætur með stuðningi, og lýsti heillum yfir landi og lýð, en allt huldufólkið tók undir. Eptir það þokaðist það út af dans-sviðinu út á grundina, og söng þar fornkvæði með miklum gleðilátum. Að því búnu hvarf það aptur upp í gilið, og sást eigi síðan. Þá var komið fast að miðnætti. Voru þá enn nokkrar skálar drukknar að skilnaði, og eptir það lyktaði hátíðin með hringingum. Þeir, er sóttu hátíð þessa, voru nær hálft sjetta hundrað, og voru flestir þeirra úr tveim hreppum. Fyrir hátíðahaldi þessu rjeðu Sófónías stúdent Halldórsson og Jóhann bóndi Jónsson á Ytra-hvarfi, og tókst það svo vel, að almælt er, að hátíð þessi hafi að flestu leyti verið hin skemmtilegasta, er haldin var í minningu 1000 ára byggingar landsins.

Þá er að geta um ÞJÓÐHÁTÍÐ ÍSLENDINGA ERLENDIS. Svo sem við var að búast, voru það eigi að eins þeir einir Íslendingar, er heima á Íslandi búa, sem minntust þess á hátíðlegan hátt, að Ísland hefði verið byggt í 1000 ár, heldur einnig þeir Íslendingar, er búa í öðrum löndum. Þar sem þeir búa á víð og dreif eða einir sjer, hefur þess, sem eðlilegt er, eigi gætt, heldur að eins þar sem þeir eru nokkrir saman; en það er að eins á tveimur stöðum: í Kaupmannahöfn og í Bandaríkjunum í Vesturheimi; skal hjer stuttlega sagt frá þjóðhátíðarhaldinu á þeim tveim stöðum.

Þjóðhátíð Íslendinga í Kaupmannahöfn var haldin 7. dag ágústmánaðar, þann dag, er hátíðin stóð sem hæst á Þingvöllum. Hátíðarhald þetta var einkum fólgið í því, að haldið var samsæti í skothúsi Kaupmannahafnar; tóku þátt í því allir þeir Íslendingar, er þá voru í Kaupmannahöfn, og þar að auk nokkrir kaupmenn danskir, er verzlun eiga á Íslandi. Voru samsætismenn í allt nálægt 40. Þar voru mörg minni drukkin, fyrst konunga, þá Íslands, þá Danmerkur, þá Noregs, þá Svíaríkis, þá Jóns Sigurðssonar, þá Rasks o. fl. Tölur voru haldnar fyrir flestum þessum minnum, og kvæði fylgdu sumum; hafði skáldið Gísli Brynjúlfsson kveðið fyrir

konungsminni, en skáldið Benedikt Gröndal fyrir minni Íslands og Jóns Sigurðssonar. Jón Sigurðsson sat sjálfur að veizlunni, og skipaði öndvegi. Veizla þessi fór fram hið bezta; en er hún stóð sem hæst, kom hraðfrjettarkveðja á íslenzku frá Friðriki krónprinz, er nú stýrði ríkinu heima í Danmörku, meðan Kristján konungur faðir hans var í Íslandsför sinni. Kveðja prinzins var á þá leið: „Þar eð samgöngur við Ísland eru því miður svo erviðar, að jeg get ekki sent kveðju mína þangað í dag til hinna mörgu, sem þar eru nú saman komnir í nafni hátíðarinnar, verð jeg að láta mjer nœgja, að senda þeim Íslendingum, sem hjer eru, og halda 1000 ára hátíðina, mínar beztu óskir í tilefni hennar, í þeirri von, að böndin milli Danmerkur og Íslands megi nú eflast og styrkjast við það, að hans hátign konungurinn faðir minn er staddur á þinvelli í dag“. Þá var skál prinzins drukkin með miklum fagnaði. Nefnd sú, er stýrði veizlunni (Ólafur Sigvaldason læknir, Júlíus Havstein kandidat og Páll Sigfásson stúdent), var þá valin til þess að votta prinzinum munnlega þakkir og hollustu Íslendinga í Kaupmannahöfn, og gjörði hún það daginn eptir. Önnur hraðfrjett kom þá og frá Kristíaníu með heillaóskir til veizlugestanna, og með sjerstakri kveðju Íslendingavinarins, hins nafnkunna myndsmiðs Norðmanna, Brynjúlfs Bergsliens. Fleira bar eigi til tíðinda í hátíðarhaldi þessu.

Þjóðhátíð Íslendinga í Vesturheimi fór fram í borginni Milwaukee í ríkinu Wisconsin 2. dag ágústmánaðar. Voru þar saman komnir nærfellt 70 Íslendingar. Þjóðhátíðarhald þetta byrjaði með íslenzkri guðsþjónustugjörð, og hófst hún stundu eptir hádegi í kirkju einni þar í borginni, er til heyrði lúterskum söfnuði norskum. Jón prestur Bjarnason, sem er einn merkastur Íslendingur þar vestur, flutti messuna; var það hin fyrsta íslenzka messugjörð í Vesturheimi, og hlýddi henni auk Íslendinga mikill fjöldi manna, einkum af Norðmönnum. Eptir messu söfnuðust Íslendingar saman fyrir kirkjudyrum, og gengu þaðan í hátíðagöngu, tveir og tveir samsíða, út fyrir borgina. Þeir tveir karlmenn, er gengu í broddi fylkingar, báru hver sitt merki, annar stjörnufána Bandaríkjanna, en hinn fálka íslenzkan á blám feldi; þeir voru báðir í fornum íslenzkum þjóðbúningi. Kvennfólk gekk sjer á eptir, og bar margt þeirra íslenzkan þjóðbúning. Á eptir fylgdi fjölmennur hópur af fólki því, er verið hafði í kirkjunni. Nú var staðar numið í grasgarði einum miklum með skógarrunnum í og lundum á milli. Ræðustóll hafði verið reistur í lundi einum milli trjánna þar í garðinum; voru fánarnir settir beggja megin hans. Hátíðarhald þetta var sett með langri ræðu, er Jón Ólafsson, fyrrum ritstjóri blaðsins Gönguhrólfs, hjelt fyrir minni Íslands. Að henni lokinni var Íslandi óskað heilla með margföldu fagnaðarópi. Þá voru sungin nokkur íslenzk þjóðkvæði, Eptir það mælti Ólafur Ólafsson, bóndi frá Espihóli, fyrir minni Íslendinga í Vesturheimi, og þá Páli Þorlákssyni stúdent fyrir minni Bandaríkjanna og sjer í lagi Norðmanna þar vestur; þá ræða þakkaði Gelmuyden, norskur prestur í Milwaukee. Eptir það mælti Jón prestur Bjarnason nokkur áminningarorð til Íslendinga um að geyma vel tunga

feðra sinna. Síðast hjelt Jón Ólafsson tölu til heiðurs þeim mönnum innan Bandaríkja, er mestan sóma og velvild hafa sýnt Íslandi; nefndi hann þar til einkum tvo: prófessor Willard Fiske við Cornell-háskóla í Íþöku, bæ einum í ríkinu New York, og annan prófessor Rasmus Anderson við háskólann í Madison í Wisconsin, er báðir hafa mjög út breitt sóma Íslands og þekkingu á íslenzkum bókmenntum í Vesturheimi. Báðum þessum mönnum hafði verið boðið til þjóðhátíðarinnar í Milwaukee, en hvorugur gat komið. Litlu eptir það að þessi ræða var haldin, var samkomunni slitið. Veður hafði verið gott um daginn, en nokkuð heitt, og höfðu menn veitingaskála með víni og svalandi drykkjum handa hverjum er vildi, en allt fór þar fram með siðsemi, og fór hver heim til sín glaður í skapi.

Að lyktum er vert að minnast á HLUTDEILD ERLENDRA ÞJÓÐA Í ÞÚSUND-ÁRA-HÁTÍÐ ÍSLANDS, að því leyti sem eigi er áður frá því skýrt fullkomlega. Þessi hlutdeild kom fram á margs konar hátt: fyrst með hátíðarhöldum erlendis, þá með komu útlendinga til þjóðhátíðarinnar á Íslandi, þá með ávörpum og kveðjusendingum úr ýmsum áttum, þá með gjöfum í minningu hátíðarinnar, og þá með ýmsum ritum í minningu hennar.

Hátíðahöld í minningu þjóðhátíðar Íslands fóru fram á öllum Norðurlöndum 7. dag ágústmánaðar. Í Kaupmannahöfn og mörgum öðrum bæjum í Danmörku var flaggað þenna dag, og önnur viðhöfn höfð til hátíðabrigða; víða voru og samsæti haldin í þessu skini, og þótti mest kveða að því, er ekkjudrottningin, ekkja Kristjáns konungs hins áttunda, hjelt í höll sinni Sorgenfri. — Í Kristjaníu hjelt einnig hin sænska ekkjudrottning, ekkja Óskars fyrsta, veglega veizlu í þessa minningu, þá hjelt og iðnaðarmannafjelag bæjarins og hinn norræni skólafundur, er þá var þar saman kominn, hátíðarveizlur Íslandi til heiðurs, slíkt hið sama var gjört í Björgvin, á Fjölum, í Þrándheimi, Stavangri, og víðar í Norvegi. — Í Stokkhólmi var og þann hinn sama dag haldin dýrðleg hátíðarveizla í sama skini af fornfræðingum þeim, er þar voru þá saman komnir frá ýmsum löndum á fornfræðafund; einnig var Íslands minnzt þann dag í Uppsölum, Lundi og Gautaborg, og enn víðar í Svíaríki. — Í Chicago í Norður-Ameriku minntust enn fremur ýmsir Skandinavar, helzt Danir, þúsund-ára-byggðar Íslands með allveglegu hátíðarhaldi 2. ágúst.

Af ferðamönnum þeim, er komu frá öðrum löndum til Íslands til þess að taka þátt í þjóðhátíðinni, má nefna nokkra hina helztu: Frá konungi er áður sagt og þeim höfðingjum og vísindamönnum, er í hans för voru. Frá Noregi komu: Kristofer Janson og Nordal Rolfsen, skáld tvö, Birgir Kildal, formaður stúdentafjelagsins í Kristjaníu, Gústav Storm, sögufræðingur, og Nygård, vísindamaður. Frá Svíþjóð: Lagerkranz aðmíráll, sendur af Óskari Svíakonungi til þjóðhátíðarinnar svo sem fyr er getið, og margt annað stórmenni í hans för; enn fremur var úr Svíþjóð Arpi stúdent frá Uppsölum. Úr Vesturheimi voru: Cyrus Field frá New-York, einn af þeim skörungum, er komið hefur

frjettaþráðum yfir Atlantshaf; dr. Hays frá New-York, frægur maður af heimskautaferðum sínum; Bayard Taylor frá New-York, frægur rithöfundur og skáld; Halstead úr Cincinnati, Kneeland frá Boston, Stewart frá Michigan o. fl. Frá Bretlandi komu meðal annara: Browning skáld, heiðurssekreteri listafjelagsins í London, Gladstone, sonur hins nafnfræga stjórnvitrings með því nafni, enn fremur Prior og Kent frá London, Mac Carthy frá Birmingham, Harrison frá Wolverhamton og Burns frá Inverness o. fl. Enn fremur má nefna: Max Nordau frá Ungaralandi, Davíð Ker úr Mið-Asíu, og Leitner, formann stjórnarháskólans í Lahore á Indlandi. Þá voru og enn ýmsir úr Frakklandi, Þjóðverjalandi, Rússlandi og enn víðar að, sem oflangt yrði hjer upp að telja. Sumir af ferðamönnum þeim er hjer hafa verið taldir, komu sinna eigin erinda, til þess að taka sjálfir þátt í hátíð þjóðarinnar, en aðrir voru sendir af erlendum fjelögum og vísindastofnunum til að flytja heillakveðju, eða þá af ritstjórum frægra útlenzkra tímarita, til að skrásetja það er hjer gjörðist á hátíðinni. Flestum gesta þessara fannst mikið koma til lands og þjóðar, og sýndu þeir landsmönnum bæði velvild og heiður, enda tóku landsmenn svo vel við þeim sem auðið varð og vel mátti sæma.

Af kveðjusendingum þeim, er komu úr öðrum löndum til þjóðhátíðarinnar, má fyrst nefna þær, er komu frá þeim fjórum háskólum Norðurlanda: í Kaupmannahöfn, Kristjaníu, Uppsölum og Lundi; en auk þeirra komu og kveðjusendingar frá stúdentum eða stúdentafjelögum við hina sömu háskóla. Þá komu og kveðjur frá fornfræðafjelaginu í Kaupmannahöfn, bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn, stórþingi Norðmanna í Kristjaníu, Vestmannalaginu í Björgvin, þjóðfundi í Þrándheimi, frá Útþrændum, frá Færeyingum o. s. frv. Öll lýsa ávörp þessi staklegri virðingu, og bezta bróðurlyndi og ástarþokka til hinnar íslenzku þjóðar, og bera þess ljósan vott, hversu innilega hlutdeild allar frændþjóðir vorar á Norðurlöndum hafa tekið í þessari hátíð Íslendinga; láta þau fullkomlega á sannast ágæti hinnar íslenzku þjóðar að fornu og nýju, og viðurkenna, hversu mikið öll Norðurlönd eigi Islandi að þakka í vísindalegum efnum, eins og þau að hinu leytinu óska heilla og hamingju yfir land og lýð um ókomnar aldir.

Þá er að geta um heiðursgjafir þær, er Íslandi hlotnuðust á þúsundára-afmæli þess, og bera þær eigi sízt vott um virðingu og ást Íslandi til handa, eins og þær hins vegar eru vottur um veglyndi gefandanna. Fyrst má telja stórgjöf þá, er Kaupmannahöfn, höfuðborg Danmerkur, gaf Íslandi, en það var líkneski Bertels Thorvaldsens, hins heimfræga myndsmiðs, sem, eins og kunnugt er, átti íslenzkan föður og var í þann legg kominn af gamalli íslenzkri ætt; líkneski þetta var steypt úr bronze, og er ætlað til, að það verði sett á Austurvöll í Reykjavík. Þá má nefna gjöf þá, er gripasafnið í Gautaborg sendi stiptisbókasafninu í Reykjavík, en það var smilldarverkið Fjölnissaga. Enn fremur sendi háskólinn í Lundi stiptisbókasafninu 166 merkileg fræðirit, og eru sum þeirra í

mörgum bindum, svo og háskólinn í Oxford skólabókasafninu margar dýrar og ágætar bœkur. Stœrst var bókagjöf sú, er send var til stiptisbókasafnsins frá háskólum, fjelögum og einstökum mönnum í Ameríku, einkum fyrir tilstuðlun og milligöngu prófessors Fiskes, sem fyr er getið. Yfir þær bœkur, er stiptisbókasafninu hafa verið gefnar í minning þjóðhátíðarinnar, hefir verið prentuð skýrsla (Reykjavík 1874). Prófessor Fiske sendi einnig á ýmsa staði á Islandi 11 Maríumyndir, gjörðar eptir hinu heimfrœga snilldarverki Rafaels: „madonna di San Sisto“. — Þess er enn að geta, að áður en konungur fór úr landi, gaf hann landinu 4000 rd. í minningu þjóðhátíðarinnar og komu sinnar, og mælti hann svo fyrir, að vöxtunum skyldi verja til eflingar atvinnuvegum landsins.

Þá má og enn geta þess, að ýmsir útlendir rithöfundar hafa nœstliðið ár gefið út ýms merkileg rit í minningu þjóðhátíðarinnar. Af þeim ritum er það merkast, er hinn alkunni, ágœti Íslandsvinur doktor Konráð Maurer í München, gaf út, en sú bók heitir: „Ísland, frá því er það fyrst var fundið og þar til er þjóðveldið leið undir lok“.

Á þjóðhátíðarrit landsmanna sjálfra skal stuttlega minnast síðar í þættinum um bókmenntir.

Nú hefur verið sagt nokkuð hið helzta af þúsundáraþjóðhátíð Íslendinga 1874, og öðru því, er hana snerti. Margt hefur borið til tíðinda á hátíð þessari, sem óvenjulegt er á Íslandi, og hefur það eitt með öðru stutt að því að gjöra hana sem minnilegasta. Þegar á allt er litið, virðist hátíðin hafa farið vel fram, og að minnsta kosti svo vel sem framast mátti verða af litlum efnum og með litlum fyrirbúnaði. Það má telja víst, að þetta afmœli þjóðarinnar hefur orðið einn merkastur atburður í hinni nýrri sögu hennar, og er eigi ólíklegt, að menjar þess muni ná langt fram á ókomnar aldir. Það sem hjer hefur verið frá sagt er það, sem mest hefur á borið; en það sem mest ber á, er engan veginn hið þýðingarmesta, heldur hitt, sem er andlegs eðlis og því verður síður í frásögur fœrt. Það er einkum gjörir þjóðhátíðina þýðingarmikla fyrir ókominn tíma, er það, hversu mjög hún hefur vakið eptirtekt erlendra þjóða á Íslendingum, og þá eigi síður hitt, hversu mjög hún hefur vakið sjálfsmeðvitund landsmanna og glœtt þjóðlífið meir en nokkur annar viðburður á síðari öldum.

Landstjórn.

Nœstliðið ár hefur, eins og áður er á vikið, eigi að eins orðið merkilegt fyrir Ísland sökum þjóðhátíðarinnar, komu konungs og annara þeirra stórtíðinda, er sagt hefur verið frá hjer að framan, heldur einnig sökum hinna miklu breytinga, er urðu þá á allsherjar stjórnarskipun landsins. Frá því er sagt í fyrra árs frjettum, hver urðu lok stjórnarskipunarmálsins á síðasta alþingi. Þingið hafði sent konungi bæði bœnarskrá og ávarp um þetta mál, og fjekk nú hvorttveggja áheyrn að miklu leyti. Raunar

gat konungur eigi aðhyllzt aðaltillögu þingsins, er fór fram á það, að hann staðfesti frumvarp það til stjórnarskrár, er þingið ljet fylgja bœnarskránni, en þar á mótl aðhylltist hann varatillögu þess, og gaf landinu stjórnarskrá, er veitti alþingi löggjafarvald og fjárforræði, með nokkrum öðrum rjettindum, er landsmenn höfðu óskað og áskilið sjer.

STJÓRNARSKRÁIN var gefin út 5. dag janúarmánaðar, en öðlaðist gildi 1. dag ágústmánaðar. Frá aðalefni þessara merkilegu laga skal hjer skýrt stuttlega.

Í öllum þeim málum, er Ísland varða sjerstaklega, hefur landið sína stjórn og löggjöf út af fyrir sig. Löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, en framkvæmdarvaldið hjá konungi eingöngu. Meðan enginn þingmaður frá Íslands hálfu á fulltrúasæti á ríkisþingi Dana, tekur Ísland engan þátt í löggjafarvaldinu, að því er snertir almenn málefni ríkisins, en þarf eigi heldur á meðan að leggja neitt til almennra ríkisþarfa.

Konungur neytir framkvæmdarvalds þess, er hann hefur, á þessa leið: Hann skipar sjerstakan ráðgjafa fyrir Ísland í Kaupmannahöfn, og landshöfðingja yfir Ísland, er búsettur skal vera í landinu sjálfu. Ráðgjafinn skal hafa œðstu yfirstjórn Íslands mála og bera ábyrgð á því fyrir alþingi, að stjórnarskránni sje framfylgt. Landshöfðingi á að hafa hið œðsta vald innanlands og stjórna á ábyrgð ráðgjafans. Konungur veitir þau embætti, er hann hefur veitt áður, og hefur rjett á að víkja þeim úr embætti, er hann hefur veitt það, eða flytja þá úr einu embætti í annað. Konungur stefnir saman hinu reglulega alþingi; hann hefur rjett á að lengja þingtímann, kveðja til aukaþings, fresta þingi, rjúfa þing o. s. frv. Konungur staðfestir lagafrumvörp þingsins eða fellir þau; hann getur lagt fyrir þingið frumvörp til laga, og þegar brýn nauðsyn ber til, gefið út bráðabirgðarlög milli þinga. Konungur náðar menn, veitir almenna uppgjöf á sökum og undanþágu frá lögum.

Á alþingi eiga sæti 36 menn; 30 þeirra eru þjóðkjörnir, en 6 konungkjörnir. Kosning þingmanna gildir um 6 ára tímabil. Þinginu er skipt í tvær deildir, efri og neðri; í efri deildinni eru 12 þingmenn, eða allir hinir konungkjörnu og 6 þjóðkjörnir, en í neðri deildinni eru 24, allir þjóðkjörnir. Kosningarrjett til alþingis hafa allir bœndur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta, kaupstaðarborgarar, er gjalda að minnsta kosti 8 krónur til sveitar, þurrabúðarmenn, er gjalda minnst 12 krónur til sveitar, embættismenn allir og kandidatar; þar að auk verður hver sá, sem kosningarrjett hefur, að vera fullra 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, hafa verið eitt ár í kjördœminu, vera fjár síns ráðandi og eigi skuldugur um sveitarstyrk. Kjörgengur til alþingis er hver sem hefur kosningarrjett, ef hann ekki er þegn annars ríkis, hefur verið 5 síðustu ár innanríkis, og er fullra 30 ára að aldri. — Alþingi kemur saman annaðhvert ár, jafnaðarlega í Reykjavík, fyrst í júlímánuði; reglulegur þingtími er 6 vikur. — Hvor þingdeild hefur rjett á að stinga upp á laga-

boðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti, en áður verða þau að vera þrisvar rædd í hvorri deild. Náist eigi samþykki beggja þingdeilda á einhverju lagaboði, er önnur deildin hefur samþykkt, ganga þær báðar saman í eina málstofu, og ráða málinu til lykta, en til þess að gjörð verði fullnaðarályktun, þurfa tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni að vera á fundi og taka þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði, en tvo þriðjunga atkvæða þarf til þess, að lagaboðið verði samþykkt í heild sinni. Eigi má skatt á leggja nje breyta, nje lán taka upp á landið, nje þjóðeignir selja nema með lagaboði, og ekkert gjald greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fyrir hvert reglulegt alþingi skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer, en útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar landsins og fulltrúastjórnarinnar á þinginu eru áður dregin frá og greidd af tillaginu úr ríkissjóðnum, eptir því sem konungur ákveður, og fær þingið þar engu um að ráða. Þingið kýs yfirskoðunarmenn til að gagnskoða reikninga landsins, en þeir eru síðan lagðir fyrir þingið, og samþykktir með lagaboði. Landshöfðingi má vera á þingi og taka þátt í umræðum, en einnig getur stjórnin veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið Landshöfðingja. Fundir alþingis skulu jafnaðarlega haldnir í heyranda hljóði.

Dómsvaldið er hjá dómöndunum, og skulu þeir jafnan í dómum sínum fara einungis eptir lögunum. Rjett eiga dómendur á, að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Eigi má víkja dómöndunum úr embætti nema með dómi, nema því að eins að þeir hafi jafnframt umboðsstörf á hendi, eða sjeu orðnir fullra 65 ára að aldri.

Að því er snertir trúarmálefni, þá er það ákveðið, að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi. Þó mega landsmenn stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins, ef ekkert það er kennt eða framið, sem gagnstætt er góðu siðferði og allsherjarreglu. Enginn skal neins í missa af þjóðlegum rjettindum sakir trúarbragða sinna, en enginn má heldur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enn fremur ákveður stjórnarskráin ýms almenn borgaraleg og þjóðleg rjettindi, svo sem friðhelgi heimilisins og eignarrjettarins, atvinnufrelsi, framfœrsluarjettindi öreiga af almenningsfje, prentfrelsi, fjelagafrelsi, fundafrelsi o. s. frv., en þar á móti eru öll sjerstakleg nafnbótarjettindi af tekin. Skyldar skal hver vopnfœr maður að taka þátt í vörn landsins.

Í niðurlagi stjórnarskrárinnar er svo ákveðið, að tillögur um breytingar eða viðauka á stjórnarskránni megi bera upp á alþingi; nái slík tillaga samþykki beggja þingdeilda, skal rjúfa þingið og stefna til nýrra kosninga; samþykki þá hið nýkosna þing aptur breytinguna, skal hún gilda, ef konungur samþykkir.

Þeirri töku hinna þjóðkjörnu alþingismanna, er áður er sagt frá, er

þannig skipt niður fyrst um sinn, að Gullbringu- og Kjósar-sýsla, Árnes-, Rangárvalla-, Skaptafells-, Ísafjarðar- ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- ásamt Akureyrarkaupstað, Þingeyjar- og Norður-múla- og Suðurmúla-sýslur skulu kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur og Reykjavík 1 þingmann hver. — Hin eldri kosningarlög gilda fyrst um sinn; ný þingsköp skulu ákveðin með lagaboði, en konungur ákveður þau til bráðabirgðar.

Þá er konungur hafði gefið út stjórnarskrána, gaf hann einnig út konunglega auglýsingu til Íslendinga, dagsetta 14. febrúar. Í auglýsingu þessari boðaði konungur, að nú hefði hann orðið við frelsisbœnum Íslendinga með því að gefa þeim frjálslega stjórnnarskrá, er að mestu leyti væri byggð á frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga, sem lagt hefði verið fyrir alþingi 1871, en jafnframt hefði þó verið tekið sjerstaklegt tillit til þeirra atriða, er bœnarskrá alþingis 1873 hefði lagt mesta áherzlu á, og yfir höfuð til allra þeirra óska, er komið hefðu frá Íslands hálfu að svo miklu leyti sem þær hefðu getað samrýmzt við allsherjar stjórnarskipun ríkisins. Jafnframt ljet hann í ljós ánœgju sína yfir því, að stjórnarskipunarverk þetta, er svo lengi hefði verið starfað að, væri nú til lykta leitt, og þakkaði fyrir traust það, er þingmenn hefðu sýnt sjer, með því að fela það fyrirhyggju sinni að gjöra út um málið. Enn fremur kvaðst hann vona, að stjórnarskrá þessi mætti verða landi og lýð til heillaríkra framfara, ef stjórn og lýður legðist á eitt með að vinna að framförum landsins í eindrœgni, og frelsið væri notað hyggilega.

Stjórnarskráin og þessi auglýsing konungs komu til Íslands í marzmánuði með hinni fyrstu vor-póstskipsferð. Hvorttveggja var þegar prentað í öllum blöðum og kunngjört víðs vegar um land; þótti öllum þetta mikil tíðindi, og mörgum góð. Reykvíkingar sömdu þegar þakkarávarp til konungs og sendu honum, og alíkt hið sama gjörðu íbúar suðurhluta Gullbringusýslu. Eigi gjörðu menn það í fleiri hjeruðum, enda þótt þeir ljetu sjer vel líka, þar sem nú var komið. Hins vegar fór það mjög að líkindum, að eigi þóttust allir himin höndum tekið hafa, og mjög urðu misjafnir dómar manna um stjórnarskrána, þótt eigi bœri mikið á, og blöðin hefðu hljótt um sig. Eigi urðu menn á eitt sáttir um það, hvernig stjórnarskráin væri undir komin; kölluðu sumir, að hún væri valdboðin, en aðrir kváðu hana vera náðargjöf konungs. Það er auðsætt, að það er engan veginn þýðingarlaust, hvernig lög eru til orðin, en hitt skiptir þó meiru, hvernig þau eru sjálf, eins og þau liggja fyrir. Um það atriði höfðu menn einnig nokkuð misjafnar skoðanir, að því er stjórnarskráin snerti; sumir lofuðu hana mjög, en aptur aðrir fundu á henni ýmsa annmarka. Það þótti flestum eða öllum hennar bezti kostur, að hún veitti alþingi Íslendinga löggjafarvald og fjárforrœði, en hitt þótti mörgum að, hversu bœði löggjafarvaldið og fjárforrœðið væri takmarkað, löggjafarvaldið með því, að hinir konungkjörnu þingmenn gætu ónýtt hvert mál með því að ganga af þingi, er til atkvæðagreiðslu kœmi, og fjárforrœðið með því, að gjöldin til

hinnar cðstu innanlandsstjórnar væru dregin undan yfirráðum þingsins; enn fremur þótti mönnum það eigi alllítill annmarki, að öll aðalstjórn landsins skyldi enn verða erlendis, og svo það, hversu stjórnarábyrgð ráðgjafans og einkum landshöfðingjans er hæpin og óákveðin. Annmarkar þeir, er landsmenn hafa fundið á stjórnarskránni, eru skarpast teknir fram í ritgjörð eptir Jón Sigurðsson í Andvara, tímariti hins íslenzka þjóðvinafjelags. En þrátt fyrir þessa annmarka, er landsmenn óska afnumna, hafa þó flestir viðurkennt, að stjórnarskráin sje sú undirstaða, sem vert sje að byggja á framfarir landsins eptirleiðis, og geti hún eptir ósk konungs orðið landi og lýð til hinna mestu nota, sje vel með hana farið. Það má ætla, að skoðun alls almennings á stjórnarskránni og stjórnarbótinni sje sú, sem kom fram í ávarpinu til konungs á þjóðhátíðinni á Þingvöllum, og sem áður er á vikið.

Önnur LÖG en stjórnarskráin komu mjög fá út næstliðið ár. Þau voru:

1. Tilskipun um það, að landshöfðinginn geti ákveðið hegningu fyrir minni háttar yfirsjónir, sem fangar þeir, er dæmdir eru í hegningarhúsið í Reykjavík, verða sekir í, dagsett 5. janúar.
2. Tilskipun um hlunnindi fyrir sparisjóði á Íslandi, dagsett 5. janúar. Tilskipun þessi er að mestu samkvæm frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir síðasta þing (sbr. frjettir fyrra árs bls. 13).
3. Tilskipun um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík, dagsett 14. febrúar, að öllu leyti samkvæm frumvarpi stjórnarinnar um þetta mál á síðasta þingi (sbr. frjettir fyrra árs bls. 12).
4. Tilskipun um það, að öll hegningarvinna, sem menn eru dæmdir í samkvæmt hegningarlögunum 25. júní 1869, skuli frá 15. degi ágústmánaðar 1874, úttekin í hegningarhúsinu í Reykjavík, dagsett 28. febr.
5. Tilskipun um, hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík, dagsett 28. febrúar.

Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, gefin út 4. maí 1872, hefur næstliðið ár öðlazt gildi, og hefur verið byrjað að koma henni í verk. Um allt land hefur verið kosið í hreppsnefndir og sýslunefndir, og hafa þær þegar tekið til starfa að nokkru leyti, en fullkomlega hefur hin nýja sveitaskipun eigi komizt á enn.

Hinir nýju peningar, er slegnir voru samkvæmt peningalögunum 23. maí 1873, hafa næstliðið ár orðið gjaldgengir á Íslandi; var sent til landsins talsvert af gullpeningum, hinum minni silfurpeningum, og svo koparpeningum, og hafa þeir þegar tekið að breiðast út meðal manna.

Eptir tillögum lögstjórnarráðherrans og landshöfðingjans yfir Íslandi hefur konungur ákvarðað, að frá 1. ágúst 1874 skyldi gefa út tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, að tilhlutun stjórnarinnar og á kostnað landssjóðsins. Á hinum tiltekna tíma var byrjað að gefa út tíðindi þessi, og skiptast þau í tvær deildir. Fyrri deildin er lagatíðindi, og inniheldur lög og tilskipanir á íslenzku og dönsku. Síðari deildin er stjórnartíðindi, og eru teknir í hana ýmsir konungs- og stjórnarúrskurðir,

stjórnarbrjef, úrskurðir og brjef innanlandsstjórnarinnar, er varða almenning, ágrip af reikningum opinberra sjóða og stofnana, verðlagsskrár, embættaskipanir, ýmsar skýrslur, og þar á meðal ágrip af landhagsskýrslum Íslands; öll síðari deildin er eingöngu á íslenzku. Af stjórnarráðstöfunum þeim, er birtar hafa verið í þessum tíðindum, er fátt þess eðlis, að hjer þurfi að geta þess sjerstaklega.

DÓMAR þeir, er næstliðið ár hafa verið dæmdir í íslenzkum málum, virðast engir að hafa verið sjerlega þýðingarmiklir, og eigi heldur vakið alþýðu eptirtekt hjá almenningi. Þess eins má geta, að annað af málum þeim, sem minnst var á í fjettunum fyrir 1871, var nú dæmt í hæstarjetti, en það var mál það, er höfðað var gegn prestinum að Útskálum, Sigurði Sívertsen, út af giptingu, er talin var ólögmæt. Presturinn hafði tapað máli þessu bæði við hjeraðsdóm og landsyfirrjett, en nú vann hann það við hæstarjett.

Í landsyfirrjetti voru næstliðið ár dæmd 19 mál; af þeim voru 14 einkamál, en 5 sakamál og lögreglumál.

Um FJÁRHAGSMÁL Íslands næstliðið ár er ekki margt að segja. Í fyrra árs fjettum er þess getið, að í fjárhagsáætlun frá 1. apríl til 31. des. 1873 voru tekjur og útgjöld landsins hvort fyrir sig talin að nema 85943 rd. 6 sk. Nú kom, 6. nóv. 1874, út reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld landsins fyrir það tímabil. Reyndist þá svo, að tekjurnar höfðu orðið 99085 rd. 82 sk., en útgjöldin að eins 69736 rd. 57 sk. Mismunurinn eða 29,349 rd. 25 sk. hafði þá landið sparað á þessu tímabili, og kom til góða viðlagasjóðnum. Í fjárhagsáætluninni fyrir árið 1874 var ætlað til, að tekjur og útgjöld landsins hvort um sig yrðu alls 106,886 rd. 6 sk. Af útgjöldunum voru 40111 rd. 64 sk. ætlaðir til þeirra þarfa, er snerta dómsmálastjórnina, 27090 rd. 72 sk. til þess, er snertir kirkju- og kennslumálastjórnina, 11000 rd. til eptirlauna, og 4000 rd. til óvissra útgjalda. Þeir 24,190 rd. 62 sk., sem þá voru afgangs, skyldu leggjast í viðlaga- eða hjálparsjóð.

Á greiðslu opinberra gjalda hefur sú breyting orðið næstliðið ár, að með konungsúrskurði 6. nóv. var manntalsbókargjaldi í Gullbringusýslu og Reykjavíkurkaupstað breytt úr harðfiskisverði í meðalverð allra meðalverða. — Alþingistollurinn var nú að eins 1,$_{6}$ sk. af hverju ríkisdalsvirði jarðaafgjaldanna, og lentu þá hjer um bil 3000 rd. á jarðaafgjöldunum; en því var alþingistollurinn nú svo lágur, að kostnaðurinn til síðasta alþingis (1873) var svo miklu minni en að vanda, og einnig sökum þess, að alþingistollurinn árið áður var 350 rd. meiri en á hafði verið ætlað. Sá hluti alþingiskostnaðarins, er lenti á lausafjenu, var hjer um bil 1000 rd. — Jafnaðarsjóðsgjaldið var nú aptur í hæsta lagi. Það var í suðuramtinu 18 sk., en í vesturamtinu 16 sk. af hverju tíundarhæru lausafjárhundraði. — Meðalverð allra meðalverða var eptir verðlagsskránum fyrir árið 1874—75 á þessa leið:

	alin
í Skaptafellssýslunum	23,$_{7}$ sk.

	alinin
í hinum öðrum sýslum suðuramtsins	26,1 sk.
- Mýra- Snæfellsness- Hnappadals- og Dala-sýslum	29,8 -
- Barðastrandar- og Stranda-sýslum	29,1 -
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	30,5 -
- Húnavatns- og Skagafjarðar-sýslum	27,25 -
- Eyjafjarðar- og Þingeyjar-sýslum og Akureyrarkaupstað	27,0 -
- Múlasýslunum	27,0 -

Sparisjóðir landsmanna hafa næstliðið ár talsvert eflzt. Landshöfðingjinn hefur veitt sparisjóðnum í Reykjavík um 10 ára tímabil öll þau hlunnindi, sem talin eru í tilskipun 5. jan., sem getið er hjer að framan. Hin sömu hlunnindi hefur hann einnig veitt sparisjóðnum á Siglufirði um 5 ára tímabil.

Af KIRKJUMÁLUM er œrið fátt tíðinda. Þess er þó að geta, að eptir ákvörðun synodusar 1873 ritaði prestanefndin eða synodusnefndin öllum próföstum á landinu, til að leita álits um, hverjar aðalbreytingar á prestaköllum þœtti hagfelldar. Prófastar rituðu aptur prestum um þetta mál, og leituðu álits þeirra, sumpart með því að biðja um brjeflega atkvæði, en sumpart með því að kveðja þá til prestafunda, ásamt nokkrum leikmönnum. Árangurinn af þessu varð sá, að stungið var upp á ýmsum breytingum við prestaköllin, sem víða eru hartnær svo óskipuleg sem verða má. Prófastar sendu prestanefndinni tillögur þessar, og bar hún nokkrar þeirra sem sýnishorn upp fyrir synodus 1874, sem haldin var í Reykjavík 4. júlí. Synodus gat að þessu sinni ekkert fengizt við þetta mál, en fal nefndinni á hendur að halda fram starfa sínum og íhuga nákvæmlega allar þær breytingar, er fram kœmu hjer að lútandi. Annað var ekki gjört á þessari synodus, nema það sem vandi er til, en það er að skipta upp peningum milli uppgjafapresta og prestaekkna. — Byskup landsins vísiteraði efra hluta Árnessýslu í júlímánuði.

Þess er áður getið, að með stjórnarskránni er Íslendingum veitt trúarbragðafrelsi. Það er í sjálfu sjer einhver hin fegurstu og náttúrlegustu rjettindi, en eigi eru líkindi til að það í bráð fái nokkra verulega þýðingu hjer á landi, með því að landsmönnum er til annars gjarnara en að bregða eða breyta út af trú sinni. Þó hefur næstliðið ár brytt á Mormónavillu í Vestmannaeyjum.

Breyting á EMBÆTTASKIPUN landsins næstliðið ár hefur orðið á þessa leið:

Með konungsúrskurði 14. júlí var stofnað sjerstakt stjórnarráð fyrir Ísland samkvæmt stjórnarskránni. Öll þau íslenzk mál, sem áður hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, er heyrði undir dómsmálastjórnina, og að því er snertir kirkju- og skólamál undir kirkju- og kennslustjórnina, voru lögð undir þetta nýja stjórnarráð, og eiga að afgreiðast þar eptirleiðis. Endurskoðun íslenzkra reikninga skal þó fyrst um sinn, eins og hingað til, heyra undir fyrstu reikningastjórnardeild fjár-

hagsstjórnarinnar. Hið nýja íslenzka stjórnarráð byrjaði 1. dag ágústmánaðar, hinn sama dag sem stjórnarskráin fjekk gildi.

Með öðrum konungsúrskurði, 16. júlí, var dómsmála- eða lögstjórnarráðgjafi Kristján Sophus Klein jafnframt skipaður ráðgjafi fyrir Ísland, og tók hann við embætti þessu 1. ágúst.

Með konungsúrskurði 31. janúar voru landfógetaembættið á Íslandi og bæjarfógetaembættið í Reykjavík sundurskilin frá 1. júlí, en bæjarfógetaembættið aptur frá sama degi sameinað sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þetta sameinaða bæjarfógeta og sýslumannsembætti var veitt 14. marz Lárusi Sveinbjörnsen, sýslumanni í Þingeyjarsýslu.

Í sýslumannsembættið í Þingeyjarsýslu var fyrrum yfirdómari Benedikt Sveinsson settur um eins árs tíma, 8. ágúst. — Sýslumannsembættið í Barðastrandarsýslu var 16. október veitt Gunnlaugi Blöndal, er um nokkur ár hefur verið settur þar sýslumaður.

Til prófasts í Árnessýslu var Sæmundur Jónsson, prestur að Hraungerði, kvaddur 19. desember.

Prestaköll þessi hafa verið veitt eða gjörð einhver ný skipun á þeim: Kjalarnesþing voru 3. febrúar sameinuð til bráðabirgðar við Mosfell í Mosfellssveit og Reynivelli. Glaumbær var veittur 14. marz Jóni Hallssyni, presti að Miklabæ og prófasti í Skagafjarðarsýslu. Til aðstoðarprests í Saurbæ í Eyjafirði var Guttormur Vigfússon, prestur á Ríp, kvaddur 23. marz. Mývatnsþing voru veitt 25. marz kandídat Jóni Þorsteinssyni. Skeggjastaðir voru veittir 25. marz Gunnlaugi Halldórssyni, aðstoðarpresti að Hofi í Vopnafirði. Sólheimaþing voru veitt 8. apríl kandídat Oddgeiri Gudmundsen. Holt undir Eyjafjöllum var veitt 26. maí Sveinbirni Guðmundssyni, presti í Krossþingum. Kolfreyjustaður var veittur 26. maí Stefáni Jónssyni, presti að Presthólum. Miklibær í Blönduhlíð var veittur 18. júní Jakobi Benediktssyni, presti á Hjaltastað. Krossþing voru veitt 11. ágúst Guðjóni Hálfdánarsyni, presti að Dvergasteini. Hjaltastaður og Eiðar voru veittir 12. ágúst kandídat Birni Þorlákssyni. Garpsdalur var veittur 27. ágúst kandídat Steingrími Jónssyni. Skinnastaðir með Garði í Kelduhverfi voru veittir 27. ágúst kandídat Stefáni Sigfússyni. Rípur var veittur 27. ágúst kandídat Ólafi Bjarnarsyni. Lundarbrekka var veitt 28. ágúst kandídat Magnúsi Jósefssyni. Ás í Fellum var veittur 7. september Bergi Jónssyni, presti í Bjarnarnesi og prófasti í Austur-Skaptafellssýslu. Dvergasteinn var veittur 24. september kandídat Stefáni Halldórssyni. Kálfafellsstaður var veittur 6. október Jóhanni Benediktssyni, presti að Einholti. Bjarnarnes var veitt 28. október kandídat Jóni Jónssyni. Staðastaður var veittur 6. nóvember Þorkeli Eyjólfssyni, presti að Borg. Aðstoðarprestur að Hofi í Vopnafirði var skipaður kandídat Jón Halldórsson.

Rektorsembættið við hinn lærða skóla í Reykjavík var 12. marz veitt yfirkennara og settum rektor Jóni Þorkelssyni. Yfirkennaraem-

bættið við sama skóla var 26. maí veitt skólakennara Halldóri Friðriksyni. Kennaraembætti við skólann var veitt 18. febrúar Steingrími Thorsteinsen, settum kennara og kandídat í málfræði. Í kennaraembætti við skólann var enn fremur settur 14. september Benedikt Gröndal kandídat magisterií. — Í nýstofnað kennaraembætti í sögu Íslands og bókmenntum við háskólann í Kaupmannahöfn var Gísli Brynjólfsson, kandídat í heimspeki, skipaður 24. apríl.

Læknisembættið í Múlasýslunum var 14. marz veitt Fritz Zenthen, er þar var áður settur læknir. Læknisembættið í Eyjafjarðarsýslu og austurhluta Skagafjarðarsýslu var veitt 14. marz Þorgrími Johnsen, lækni í Árnes- Rangárvalla- og Skaptafellssýslum. Það embætti var aptur veitt 9. júlí Tómasi Hallgrímssyni, kandídat í læknisfræði. Í nýstofnað læknisembætti í Þingeyjarsýslu var Júlíus Halldórsson, kandídat í læknisfræði, skipaður 12. september.

Vígðir til presta voru kandídatarnir: Eiríkur Briem og Jón Þorsteinsson 3. maí, og kandídatarnir Oddgeir Gudmundsen, Björn Þorláksson, Jón Halldórsson, Steingrímur Jónsson, Stefán Sigfússon og Ólafur Bjarnarson 30. ágúst.

Sú breyting var með konungsúrskurði 20. maí gjör á metorðum embættismanna, að byskup og háyfirdómari voru teknir upp í 2. flokk svo nefndra tignarmanna, yfirdómarar í 3. flokk, sýslumenn, prófastar, rektor latínuskólans, og landlæknir í 4. flokk, yfirkennari latínuskólans í 5. flokk o. s. frv.

Heiðursmerkjum voru þessir menn sæmdir af konungi 2. og 10. ágúst:

Með stórkrossi dannebrogsmanna Klein ráðherra Íslands og lögstjórnarráðherra.

Með kommandörkrossi dannebrogsorðunnar af fyrsta flokki Hilmar Finsen landshöfðingi og Oddgeir Stephensen stjórnardeildarforingi og af öðrum flokki Pjetur Pjetursson byskup.

Með riddarakrossi dannebrogsorðunnar Kristján Kristjánsson amtmaður, Jón Pjetursson yfirdómari, Árni Thorsteinsson landfógeti, prófastarnir Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað, Jóhann Briem í Hruna, Þórarinn Böðvarsson í Görðum, Þórarinn Kristjánsson í Vatnsfirði og Daníel Halldórsson á Akureyri, prestarnir Einar Hjörleifsson í Vallanesi, Sigurður Sívertsen að Útskálum og Hallgrímur Sveinsson í Reykjavík; enn fremur Halldór Friðriksson yfirkennari, Jósef Skaptason læknir, Guðmundur Thorgrímsen verzlunarstjóri, Árni Thorlacius umboðsmaður og Randrup konsúll.

Með heiðursmerki dannebrogsmanna: Þórður Jónassen háyfirdómari, Bergur Thorberg amtmaður, Jón Hjaltalín landlæknir og Ásmundur Jónsson prófastur að Odda, allir áður riddarar; enn fremur hreppstjórarnir: Stefán Eiríksson í Bjarnarneshrepp, Sigurður Magnússon í Vestmannaeyjahrepp, Þorkell Jónsson í Grímsneshrepp, Björn Þórðarson í Fells-

hrepp, Sigurður Sveinsson í Öngulstaðahrepp; enn fremur: umboðsmaður Stefán Jónsson á Steinsstöðum, sáttamaður Gísli Bjarnason á Árnúla, bændurnir Magnús Jónsson í Bráðræði, Daníel Jónsson á Þóroddsstöðum, Benedikt Blöndal í Hvammi, Einar Ásmundsson í Nesi, Ingjaldur Jónsson á Mýrum, Björn Gíslason á Hauksstöðum, Hafliði Eyjúlfsson í Svefneyjum og Daníel Jónsson á Fróðastöðum, Geir Zoëga borgari og Teitur Finnbogason dýralæknir.

Með heiðurspeningum úr gulli: Pjetur Guðjohnsen organisti, Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri, Jóhannes Ólsen bæjarstjórnarmaður í Reykjavík, Jónas Helgason járnsmiður og Jón Oddsson hafnsögumaður samastaðar.

Atvinnuvegir.

Veðuráttufar á Íslandi árið 1874 var í kaldasta lagi, einkum um veturinn framan af árinu. Þegar fyrir nýár voru hörkur miklar komnar víðs vegar um land, en eptir nýárið fóru þær mjög vaxandi. Þó mátti skaplegt veður kallast hina fyrstu viku ársins, enda þótt bylsaq hart væri, en eptir það brá til hríða og illviðra, og kynngdi niður snjó miklum víða. Yfir tók þó fyrst um miðjan janúarmánuð. Íshroði hafði verið að rekast fyrir landi frá því í nóvembermánuði, og stundum komið inn á firði fyrir norðan land, en aldrei orðið reglulega landfastur; þar á móti voru frost svo mikil, að víða lagði víkur og firði. En um miðjan janúarmánuð lagðist hafísinn fast að landinu og varð samfrosta við lagnaðarísinn; urðu þá hafþök af ísi fyrir miklum hluta norðurlands. Meðan hafísinn var að leggjast að landinu og fyrst eptir það, voru harðindin mest. 11. og 12. janúar gjörði stórhríð nálega yfir allt land, einkum norðurland og Austfirði; þar með fylgdi stormur ofsalegur; í einni þeirri svipan tók upp timburkirkjur 2 á Austfjörðum (Berunesi og Berufirði) og brotnuðu báðar; margt varð þá fleira fyrir tjóni. Þessa daga var og grimmdarfrost mikið; í Reykjavík var frostið yfir 18 stig (Réaumur), en víða norðanlands 24—26 stig. Hinn 13. jan. ljetti upp stórhríðinni, en eigi ljetti enn af harðindatíðinni; því nær til mánaðarloka voru stöðugar kólgur og kafaldsbyljir, frost og fannkomur; svelladög og fannfergja voru yfir allt land og jarðbönn fyrir allar skepnur. Tóku þá bændur víða að sjá sitt óvænna með fjenað sinn, þar sem harðindin voru svo samfelld, að aldrei mátti beita, en alkan penning varð að hafa á stöðugri gjöf; var nú eigi annað ráð fyrir hendi en að fækka fjenaði svo sem mátti, og skáru menn í mörgum sveitum með þorrakomu. Síðustu dagana í janúar og fyrstu dagana í febrúar gjörði hláku, en þá komu aptur kalsahríðir og snjógangur með blotum á milli. Undir miðjan mánuðinn kom aptur hláka og talsverð leysing; losnaði þá um hafísinn og hörfaði hann frá um stund, en jörð kom enn eigi upp til muna. Síðari hluta mánaðarins var veðurlag víða óstöðugt, en eigi mjög hart. Í marz kom hafísinn aptur að landi og harðnaði þá um hríð, einkum á norðurlandi; í sumum sveitum, svo sem víða í Þingeyjarsýslu voru hin verstu

harðindi þann mánuð allan og fram í apríl. Aptur fóru sumstaðar að koma upp hagar, sjer í lagi á suðurlandi, en lítt urðu þeir þó enn notaðir, því að umhleypingasamt var og opt illt ástöðuveður. Í apríl vár veðurátta lík, nema nokkru mildari; um miðjan þann mánuð (14.—17.) voru ofsaveður mikil sunnanlands; hröktu þá skip víða, net eyddust og nokkrir menn týndust. Upp frá þessu fór veður batnandi, og má telja, að með vetrarlokum hafi harðindin verið úti. Svo hafa margir gamlir menn sagt, að eigi myndu þeir annan vetur, er hefði verið jafnharður og jafnlangur yfir allt land sem þessi; er það almæli, að hann hafi verið einhver hinn harðasti á allri þessari öld, og með hinum harðari vetrum, er getið er í annálum, þótt afleiðingar hans yrðu eigi jafn-hörmulegar sem margra vetra fyrrum. Nöfn hafa menn gefið þessum vetri eins og mörgum hinum fyrri harðindavetrum; hafa sumir kallað hann „Hreggviðr stóra“, en aðrir „svellavetur hinn mikla“; má hvorttveggja heita sann-nefni, því að bæði var hann mjög hreggviðrasamur, og eins voru svell og ísalög þá í mesta lagi. — Með sumarkomunni brá veðuráttu mjög til batnaðar því nær alstaðar um land, og tók nú snjó og svell upp að mestu leyti á fáum dögum. Enn lá hafísinn þó fyrir mestöllu norðurlandi og allt þangað til seint í maímánuði; þá losnaði hann loksins frá landi og rak til hafs; hafði hann þá verið landfastur því nær samfellt í 18 vikur. Meðan ísinn var við land, var sífellt nokkuð kalsasamt nyrðra og vestra, en upp frá því voru hlýindi mikil það sem eptir var maímánaðar og fyrra hluta júnímánaðar; aptur var að tiltölu kaldara um þenna tíma syðra og eystra. Í miðjum júní kom hafísinn enn að landi fyrir Ströndum og var þar að hrekjast fram og aptur því nær mánaðartíma; eptir það hörfaði hann frá til hafs, en var þó nærri landi lengi fram eptir sumri. Síðara hluta júnímánaðar og nokkuð framan af júlí voru kuldahret víð og við nyrðra, vestra og eystra með krapaskúrum og snjó ofan í byggð. 9. júlí snjóaði lítið eitt víða um land í byggðum. Miðsumarmánuðirnir voru víðast hvar kaldir, en fremur þurrviðrasamir, nema í stöku sveitum syðra og vestra. Að áliðnu sumri tók mjög að kólna, en allgóð tíð mátti þó kallast þar til síðast í september. Þá gjörði illviðrakafla mikinn og ofsaveður, er stóð til hins 5. október, og kvað einkum ramt að því á norðurlandi. Skip slitu upp, hús fuku, hey fauk og hrakti, fje hrakti og fennti; þá voru fjárrekstrar miklir á fjöllum, er ofviðrið dundi yfir, og týndist talsvert af fje; hafðist sumt aptur, en sumt ekki. Það sem eptir var af október og þó einkum framan af nóvember var mjög óstöðugt veður og umhleypingasamt, en sjaldan frost mikið. Eptir það var svalt veður en stillt fram í desember, en síðan að mestu þítt og hlýtt, en nokkuð vindasamt allt til ársloka.

JARÐARRÆKT landsmanna og annað, er þar að lýtur, hefur enn sem fyrri tekið nokkrum umbótum næstliðið ár, en þó fara þar svo litlar sögur af, að varla eru gjörandi af tíðindi. Búnaðarfjelag suðuramtsins útvegaði enn danskan vatnsveitingamann hjá hinu danska landbúnaðarfjelagi til þess að vinna að vatnsveitingum í suðuramtinu. Vatnsveitinga-

maður þessi var hjer mikinn hluta sumars, og vann að því, ásamt mörgum innlendum mönnum, að þurrka upp hinar svo nefndu Arnarbœlisforir í Ölfusi; en það er eitt hið mesta stórvirki. Hinn íslenzki jarðyrkjumaður Sveinn Sveinsson hefur enn næstliðið ár, sem árið áður, ferðazt um landið, einkum um vesturland, til þess að veita mönnum tilsögn í ýmsum búnaði. Þess er vert að geta, að hið næstliðna ár voru víða endurreist búnaðarfjelög og jarðabótafjelög þau, er áður hafa verið, en síðan lagzt niður; og aptur voru sumstaðar stofnuð ný, sumpart fyrir heilar sýslur, en sumpart að eins fyrir einstakar sveitir. Þetta var víðast einkum gjört í minningu þjóðhátíðarársins, en vonandi er, að ávöxtur þess nái til margra ára. Þess er fyr getið, er konungur gaf 4000 rd. til eflingar atvinnuveganna, en þess er einnig vert að geta hjer, að verzlunarhúsið Örum og Wulf gaf 1500 rd. til eflingar landbúnaði í Múla- og Þingeyjarsýslum.

Heyskapur varð víða fremur lítill síðast liðið sumar, og allvíða enn minni en sumarið áður. Framan af vorinu virtist svo sem grasvöxtur mundi verða góður, þar sem jarðvegur var óskemdur af kali, en þá komu kuldanæðingar með ísnum, er hann rak aptur að landinu í miðjum júní, og komu kyrkingi í grasvöxtinn, svo að lítið spratt úr því. Lakast voru tún sprottin og annað harðlendi, og þar á ofan bœttist það, að víða voru stór svæði í túnum kalin eptir veturinn, og á stöku stað skemmdust þau einnig af grasmaðki. Engjar og votlendi voru að tiltölu betur sprottin, og þó óvíða vel. Svo er að sjá sem grasvöxtur hafi yfir höfuð að tala verið betri á norðurlandi og austurlandi en á suðurlandi og vesturlandi. En þótt grasvöxturinn væri hvervetna í minna lagi, þá var heynýtingin aptur góð víðast mestan hluta sumars. Heyaflinn að haustinu varð þannig lítill, en góður, eins og árið áður, en nú voru heyfirningarnar frá fyrra ári langtum minni, og sumstaðar engar eða því nær. Þó að nokkrir heyskaðar yrðu í illviðrakastinu um haustið, gætti þessa eigi allmikið fyrir almenning. Heybrunar voru einnig mjög óvíða.

Kál, rófur, kartöplur, hafrar og bygg spruttu í meðallagi; melurinn í Skaptafellssýslu í betra lagi, fjallagrös í lakara lagi.

FJÁRRŒKT landsmanna virðist að ýmsu leyti að hafa gengið í heldur lakara lagi næstliðið ár. Sökum þess að heyaflinn var fremur lítill árið áður, en veturinn aptur harður og langur, þá urðu öll fjenaðarhöld nokkru miður en í meðallagi hjá allmörgum. Flestir voru haustið áður birgir með hey til að mœta meðalvetri, en fáir þar fram yfir; en nú er veturinn lagðist svo snemma að, og þegar um veturnœtur (1873) varð að taka mestallan pening á gjöf, þá tóku menn að sjá, að þeir hefðu ofsett á hey sín; tóku þá sumir vænsta ráðið, en það var að fækka þegar í stað fjenaði sínum, áður en skaðinn við það yrði meiri; aptur aðrir þrauk-uðu enn í voninni um bata, en er hann kom ekki, skáru margir nokkuð af fjenaði sínum, einkum lömb og kýr, um jól og nýár og allt fram að þorra; ætluðu menn nú almennt svo á, að þeir yrðu heybirgir, þótt sífellt þyrfti að gefa öllum fjenaði til sumarmála; það stóð hjer um bil heima,

því að batinn kom um sumarmál. Fáir munu því hafa fellt fjenað sinn úr hor, en allvíða var fjenaður magur fram eptir vorinu. Sauðburður gekk víðast vel, því um þann tíma var allgóð tíð. Málnyta var aptur fremur í minna lagi. Fjárheimtur um haustið voru sagðar misjafnar. Fjárskaðar urðu sumstaðar allmiklir um haustið í ofviðrunum, svo sem fyr er á vikið. Sláturfje reyndist víðast í lakasta lagi, bæði að mör og holdum.

Lítið hefur næstliðið ár verið kvartað undan almennum óþrifakvillum í fjenaði, en þar á móti hafa drepsóttirnar, fjárkláðinn og bráðasóttin haldizt við, og víða gjört allmikið tjón. Að því er fjárkláðann snertir, þá hafa menn lengi búizt við, að honum mundi verða gjöreytt þá og þegar, en það hefur reynzt öðru nær, og nú hefur hann enn að nýju breiðzt út með nýjum krapti. Í byrjun ársins var kláði í Grindavík og Krýsivík; dýralæknir var sendur þangað, og bauð hann, að baðanir skyldu fram fara. Þrátt fyrir þetta breiddist kláðinn lengra austur á við, í Selvog, og þaðan í Ölfus; fór svo fram mestan hluta ársins, að stundum var fje talið heilbrigt í öllum þessum hjeruðum, en aptur annað veifið kláðasjúkt, og er eigi gott að henda reiður á, hvað satt er í þeim efnum, en víst er það, að kláði var þar jafnan öðru hverju. Í Mosfellssveit og sumum öðrum sveitum suður með sjó var slíkt hið sama. Svo er að sjá sem kláðasjúku fje úr sumum hinum sýktu sveitum hafi verið sleppt á afrjett um sumarið, og lofað að ganga saman við heilbrigt fje úr öðrum hjeruðum; við það hefur hið heilbrigða fje sýkzt, og borið sýkina aptur með sjer í þau hjeruð, er heilbrigt fje var í; varð sú raunin á um haustið eptir að fje kom af afrjetti, að kláðinn kom upp í sveitum á báðar hendur við kláðasvíðið, svo sem í Þingvallasveit og Grímsnesi að austan, en Borgarfirði að vestan. Tilraunir hafa verið gjörðar til þess að lækna kláðann með böðunum, en hvorttveggja var, að baðmeðöl vantaði að mestu, enda reyndust lækningar mjög kostnaðarsamar, en þó eigi nægilega áreiðanlegar. Þar við stóð um árslok. Dýralæknir fjekk litla áorkað og yfirvöldin sömuleiðis; höfðu þau lítinn ótta af kláðanum sem fyr, en bændur mikinn, einkum í hinum ósýktu hjeruðum í grennd við kláðasvíðið. Bráðasóttin á sauðfjenaði varð allskæð víða um haustið, einkum á suðurlandi; einna skæðust virðist hún hafa verið á Skeiðum, í Grímsnesi og í Borgarfirði; misstu sumir bændur úr henni allt að 100 fjár. Ekkert ráð hefur enn fundizt við sýki þessari, það er einhlítt sje, því að það hefur öðrum misheppnazt, er öðrum hefur dugað. Helzt hafa menn komizt að þeirri niðurstöðu, að bezta ráðið við henni sje það, að taka að hýsa fje þegar á haustnóttum, þótt nægir hagar sjeu, en í fæstum sveitum hagar svo til, að mögulegt sje að halda sauðfje með þeim kostum, nema örfátt, og því hefur það þótt langt frá að vera tilvinnandi. Bráðasótt á hestum og nautum, eða miltissýki, hefur enn sem nokkur undanfarin ár gjört vart við sig, svo sem á Álptanesi og í Laugardal syðra og í Miðdölum vestra, en bæld hefur hún aptur orðið niður, áður en hún næði að breiðast út.

Litlar tilraunir hafa menn gjört til að efla fjárræktina með því að

bœta fjárkynið, nema einstöku dugandi bóndi í einstöku sveit. Þar á móti hafa menn víða lagt meiri rœkt en áður við að vanda hýsingu á fjenaði, og að koma betra skipulagi á heygjöf. Samtök hafa myndazt í ýmsum sveitum til þess að setja forsjállegar fje á hey sín en víða hefur tíðkazt að undanförnu.

Æðarvarp og dúntekja nœstliðið vor hefur að sögn heppnazt í meðallagi.

AFLABRÖGÐ landsmanna nœstliðið ár reyndust nokkuð misjöfn, en þó munu þau hafa verið vel í meðallagi, ef miðað er við nokkur undanfarin ár. Fiskiaflinn í Faxaflóa, sem er ein hin helzta veiðistöð landsins, einkum að sunnanverðu, var því nær enginn þrjá hina fyrstu mánuði ársins, nema nokkur í Garðsjó og Leirusjó. Til forna var aflinn í flóanum mjög mikill því nær árlega, en hefur mjög farið þverrandi á síðari árum; hafa margir kennt það hinum miklu netalögnum, er tíðkast hafa hin síðari ár, og þó einkum því, hvað netin eru lögð snemma vetrar. Fyrir þessa sök bannaði landshöfðinginn nú að leggja net í flóanum, einkum í Garðsjó og Strandarsjó fyr en eptir 14. marz (samkvæmt konungsbrjefi 18. sept. 1793). Í apríl tók að fiskast í öllum veiðistöðvum í flóanum bæði í net og á færi, og sumstaðar mœta vel, þegar róa gaf, en gæftir voru mjög stopular um þann tíma. Í maí bötnuðu gæftirnar, og fiskaðist þá enn betur. Þó varð vertíðaraflinn eptir vetrinn víðast í minna lagi (mest fimm hundruð hlutir); bestur varð aflinn á Akranesi. Um vorvertíðina aflaðist allvel, og svo um sumarið, þar sem sumarveiði var stunduð. Um haustvertíðina var enn góður afli, en gæftir þó misjafnar. Í veiðistöðvunum austanfjalls fiskaðist talsvert framan af vetrarvertíðinni, en minna eptir það. Undir Jökli var afli allgóður um veturinn og fram á sumar, þegar gæftaleysi eigi hamlaði. Líkt var kringum Breiðafjörð. Við Ísafjarðardjúp og annars staðar um Vestfjörðu aflaðist lítið um veturinn, einkum sökum ísanna; aptur um sumarið var þar talsverður afli. Í fjörðunum norðanlands varð vetraraflinn einnig lítill sökum íss; þó aflaðist nokkuð upp um ís, einkum á Eyjafirði; aflinn var þar í meðallagi aðrar árstíðir. Á Austfjörðum aflaðist allvel meira hluta ársins, þegar eigi meinuðu ógæftir.

Hákarlsafli var allgóður fyrir sunnan land um veturinn og vorið, og á Austfjörðum síðara hluta sumars. Fyrir norðan og vestan land var hann nokkuð hviklyndi, en virðist þó að öllu samtöldu hafa verið allt að því í meðallagi.

Síldarveiðar var hvergi getið, nema lítið eitt á Austfjörðum um sumarið.

Lax- og silungsveiði var víða í betra lagi, einkum á suðurlandi framan af sumri.

Selveiði var nokkur á Austfjörðum um vorið. Hausteselaflinn á Breiðafirði misheppnaðist að nokkru leyti. Af selveiðinni á öðrum stöðum fóru engar sögur.

Hin frakknesku fiskiskip öfluðu allvel, og barst þeim lítið á; sífellt er kvartað undan því, að þau fari inn yfir þau takmörk, sem þeim eru sett, og ætla margir, að þau með því spilli eigi alllítið veiði landsmanna. Ensk fiskiskip lágu allmörg fyrir Austfjörðum um sumarið, og þótta þau einnig ganga nokkuð nærri landsmönnum. 4 færeysk skip lágu einnig fyrir Austfjörðum lengi sumars; þau öfluðu vel, einkum síld og heilagfiski.

Rekar urðu næsta litlir næsthliðið ár. Hvali tvo rak í Skaptafellssýslu um sumarið. Höfrunga marga rak undan ís undir land við Langanes og Kolduhverfi, og voru þar kröðaðir inni. Trjáreki nokkur en eigi mikill kom með fönum sumstaðar fyrir norðan land.

Hvítabirnir nokkrir komu á land um veturinn, bæði á Ströndum nyrðra og á Austfjörðum; voru flestir þeirra unnir.

Bjargfuglaveiðin var víðast í meðallagi.

VERZLUNIN var að mörgu leyti næsta óhagfelld landsmönnum næsthliðið ár, eða að minnsta kosti talsvert óhagfelldari en nokkur undanfarin ár. Siglingar kaupfara gengu reyndar allsæmilega, þótt ísarnir fyrir norðan land og vestan gerðu þar nokkra töf á, og eigi hlekktist kaupförum á til muna. Vörumagn landsmanna virðist hafa verið fullkomlega í meðallagi, og engu minna en árið áður. Vörubirgðir kaupmanna voru lítlar og ónógar, en þó er svo að sjá sem þær hafi eigi verið minni en að vanda. En það sem einkum olli því, að verzlunin var nú svo óhagfelld var það, að flestar helztu útlendar vörur voru í mjög háu verði, en helztu innlendar vörur aptur í lágu verði til móts við hinar útlendu, og í samanburði við það verðlag á innlendum vörum, er landsmenn hafa átt að venjast hin síðari ár. Verðlag á helztu innlendum vörum var í Reykjavík á kauptíð hjer um bil á þessa leið: saltfiskur 22 rd. skippundið (árið áður 25 rd.), harðfiskur 45 rd. skippundið (árið áður 50 rd.), lýsi 25 rd. tunnan, hvít ull 42 sk. pundið, mislit ull 30 sk. pundið, tólg á 18 sk. pundið, æðardún á 8 rd. pundið. Verðlag á helztu útlendum vörum á sama stað og tíma var: rúgur á 11 rd. tunnan, bánkabygg á 18 rd. tunnan, baunir á 13 rd. tunnan, salt á 2 rd 64 sk. tunnan, steinkol á 3 rd. tunnan, steinolía á 20 sk. potturinn, brennivín á 32 sk. potturinn, kaffi á 48 sk. pundið, sykur á 24 sk. pundið. Verðlag á vörum annars staðar var áþekkt þessu; helzt munaði í því tilliti, að ull og saltfiskur var víða annars staðar í nokkuð hærra verði. Fjártaka í kaupstöðum um haustið var allmikil víða; verðlag á fje og fjenaðarvörum var mjög áþekkt því, er verið hafði haustið áður. Fjenaðarverzlun hjeraða í milli um haustið gekk greiðlega, og tálmuðu nú engin höpt af mannavöldum. Þar á móti gjörðu fjárskaðar þeir, er urðu í hausthríðunum, talsverðan hnekki á henni. — Næsthliðið sumar varð ekkert af hestaverzlun Skota og Englendinga, og munu þeir eigi hafa þótzt hafa hag af þeirri verzlun hjer um land.

Af hinum innlendu verzlunarfjelögum er nú fátt að segja. Þau

þykja nú eigi lengur nýung, og er það síður gjört að tíðindum, er þau snertir, en verið hefur nokkur undanfarin ár; að minnsta kosti hafa blöðin næstliðið ár borið litlar sögur af þeim. Þó virðist svo sem þau hafi fremur magnazt og blómgazt, einkum Gránufjelagið á norður- og austurlandi; hefur það nú fengið fasta verzlun við Seyðisfjörð. Fjelagsverzlunin við Húnaflóa beið talsverðan hnekki af því, að eitt af skipum þess brotnaði við Melrakkasljettu í ofviðrunum síðast í september. Engin ný verzlunarfjelög hafa myndazt á árinu að því er kunnugt sje.

Samgöngur manna í milli hafa lítt verið auknar eða bættar næstliðið ár, nema með smávegis vegabótum í einstökum sveitum. Hin helzta vegabót, sem kunnugt er um, var á vegi þeim, er konungur fór frá Reykjavík til Geysis; en með því að konungur átti eigi víðar leið um, gat för hans eigi víðar orðið vegabótunum að góðu. Mjög hafa menn næstliðið ár rætt um nauðsyn þá, sem á því er, að koma reglulegum gufuskipsferðum kringum landið; kom það sumstaðar svo langt, að nokkru fje var skotið saman til þessa fyrirtækis, svo sem fyr er á vikið; en engin von er þó til þess enn sem komið er, að svo kostnaðarsamt fyrirtæki verði framkvæmt með frjálsum samskotum eingöngu.

Af framförum í iðnaði, og af námagrefti eru engin tíðindi að segja.

HEILSUFAR landsmanna næstliðið ár var yfir höfuð að tala í bezta lagi svo sem árið áður, og beið atvinna manna mjög lítinn hnekki af kvillum og sóttum. Kvefsóttin, er gengur árlega, var í allra vægasta lagi. Taugaveiki stakk sjer niður á stöku stað eptir nýár, einkum í Reykjavík og á Ísafirði, og síðar um veturinn í Skagafirði og Þingeyjarsýslu. Þá gekk og bólgusótt sumstaðar, og varð ýmsum að bana, einkum á Austfjörðum. Barnaveikin stakk sjer víða niður að vanda, en hvergi varð hún mjög skæð, nema í Skaptafellssýslu í ágústmánuði; dó þar í sumum sveitum fjöldi barna á örskömmum tíma.

SLYSFARIR urðu talsverðar. Flestir þeirra, er á þann hátt fórust, drukknuðu í sjó og vötnum, einkum í sjó fyrir sunnan land um veturinn. Allmargir urðu og úti í vetrarhríðunum, flestir á norðausturfjöllum landsins. Nokkrir týndust einnig á annan hátt og fáeinir urðu sjálfum sjer að bana. En eigi verður skýrt frá tölu þeirra, er af slysum fórust, með því að engar áreiðanlegar skýrslur eru fyrir hendi um það efni.

Annars konar slys bar og til næstliðið ár. Um nóttina milli hins 20. og 21. marz brann Friðriksgáfa, hús amtmannsins á Möðruvöllum, til kaldra kola. Allt fólk var í fasta svefni, og varð eigi vart við, fyr en eldurinn hafði læst sig um allt húsið; komst það þó út óskaddað með mestu naumindum, nema karl einn vitfirrtur, er inni brann. Þar brann húsbúnaður allur og margir fjemætir hlutir, sömuleiðis flest embættisskjöl, er amtinu til heyrðu; járnskápur sá, er peningar og peningaskjöl amtsins voru geymd í, fannst í rústunum óskemmdur. Jarðskjálfti lítill hafði orðið um nóttina; ætla menn, að við hristinginn hafi skekkzt ofn í skrif-

stofunni, og glæður, er lifðu í honum, hafi fallið ofan á gólfið, og valdið eldinum.

AMERÍKUFERÐIR Íslendinga hafa enn orðið allmiklar næstliðið ár. Stjórnin í Canada í Norðurameriku hafði boðið þeim Íslendingum, er þangað vildu flytja, land ókeypis, 200 ekrur hverjum hjónum, og 100 ekrur hverjum einhleypum, og þar að auk nokkurn styrk til fararinnar. Á þetta boð runnu margir, einkum á norðurlandi, þar sem harðæri, fatækt og ýmsar aðrar orsakir knúðu menn til að gjöra breytingu á högum sínum, ef verða mætti til batnaðar. Guðmundur kaupmaður Lambertsen í Reykjavík var umboðsmaður Canadastjórnar í því efni, og hafði pantað skip til fararinnar. Svo var til ætlað, að skip þetta kæmi á Sauðárkrók í Skagafirði í miðjum júlímánuði. Á hinum ákveðna degi, er skipsins var von þangað, var þar saman kominn mikill fjöldi manna, er ætluðu að fa sjer far; en skipið kom ekki. Urðu Vesturfarar að bíða þar langa hríð atvinnulausir um hinn arðsamasta atvinnutíma ársins eða um háslátttinn, og hlutust af því ýmisleg vandræði. Var nú eigi annað ráð en að senda utan sem skjótast, að reka á eptir skipinu, og dugði það, þótt œrið seint væri. Skipið kom loksins snemma í september. Hinn 10. sept. lagði það af stað frá Sauðárkrók, og fóru með því 375 manna; þar af voru 300 fullorðinna, en 75 unglingar yngri en 12 ára og börn. Flestir Vesturfara þessara voru úr öllum sýslum norðurlandsins, nokkrir úr Strandasýslu og úr Breiðafjarðardölum. Mestur hluti þeirra settist að í Ontario, en sumir í Nýju Brúnsvík.

Af Íslendingum þeim, er árið áður fóru til Canada, fóru litlar sögur næstliðið ár. Þar á mót veittí Íslendingum í Bandaríkjunum fremur ervitt að sumu leyti. Peningaþröng mikil kom upp í New York, og breiddist þaðan út um öll Bandaríkin, en þar af leiddi hinn mesta atvinnuskort fyrir verkmenn; kom hann mjög hart niður á Íslendingum eigi síður en öðrum, einkum þeim, er bjuggu í bœjunum. Flestir Íslendingar í Bandaríkjunum höfðu sezt að í Milvaukee, höfuðborginni í Wisconsin; en er atvinnuskorturinn kom, hurfu þeir flestir þaðan og dreifðust víðs vegar um Wisconsin: settust sumir þeirra að norður i Shawanahjeraði, og stofnuðu þar íslenzka nýlendu, en sumir þeirra settust að á Washingtoney norður í Michiganvatni, þar sem ýmsir Íslendingar höfðu áður tekið sjer bólfestu. Enn aðrir fóru til Nebraska vestan til í Bandaríkjunum; leizt þeim þar vel á landkosti og hugðu gott til nýbýlis handa Íslendingum. Þrír Íslendingar fóru þó þessa lengst, eða allt norður til Alaska; en það er eyðiskagi mikill, nyrzt og vestast í Vesturheimsbyggðum, milli Kyrrahafsins og Íshafsins nyrðra; er þar strjálbyggt af Skrælingjum og rauðum mönnum. Þeir, er þessa för fóru, voru Jón Ólafsson, fyrrum ritstjóri Göngu-Hrólfs, Ólafur Ólafsson frá Espihóli og Páll Bjarnarson úr Múlasýslu; ætluðu þeir að kynna sjer landkosti norður þar og vita, hvort þar væri haganlegur bústaður fyrir Íslendinga; fengu þeir ferðakostnað ókeypis hjá stjórn Bandaríkjanna. Þeir lögðu af stað úr Bandaríkjunum

um sumarið, en eigi voru þeir aptur komnir þá er síðast frjettist. Frá hlutdeild þeirri, er Íslendingar í Bandaríkjunum tóku í þúsundárahátíð Íslands, er áður sagt. Af Íslendingum í Brasilíu hefur ekkert frjetzt það er tíðindum gegni.

Menntun.

Þótt menntun almennings á Íslandi sje enn í mörgum greinum mjög ábótavant, þá miðar henni þó nokkuð áfram ár frá ári, eptir því sem fleiri nytileg rit eru út gefin, og landsmenn fá meiri kynni af öðrum þjóðum. Nú er og svo komið, að landsmenn sjálfir eru almennt farnir að sjá, að sjer sje þörf á að leita sjer meiri menntunar en þeir hafa átt kost á að undanförnu, og leiðtogar lýðsins eru teknir að leggja meiri rækt við uppfræðing alþýðu en áður hefur verið. Næstliðið ár virðist framför í menntunarefnum hafa verið í meira lagi, og studdi hreyfing sú, er þjóðhátíðarhaldið olli, meðal annars eigi all-lítið að því að sínu leyti. Þó er fátt í þessum efnum, er tíðindum sæti.

Að því er BÓKLEG FRÆÐI snertir, er fyrst að minnast á frjettablöðin. Raunar heyra þau eigi til bókvísi í eiginlegum skilningi, en allt um það hafa þau talsverða þýðingu fyrir menntun alþýðu, þar sem margir alþýðumenn að minnsta kosti allt til þessa eigi hafa lesið annað en þau af nýjum fræðandi ritum. Á frjettablöðunum varð talsverð breyting næstliðið ár. Jón Guðmundsson málaflutningsmaður, er lengi hefur verið ritstjóri Þjóðólfs, sleppti nú ritstjórn þessa blaðs, og gjörðist kaupstjóri verzlunarfjelags, en skáldið sira Matthías Jokkumsson tók aptur við ritstjórninni. Tíminn hætti að koma út undir árslokin, er hinum þriðja árgangi hans var lokið. Vikverji hætti að koma út á miðju ári, en í stað hans var byrjað að gefa út annað blað, er nefnist Ísafold, og gjörðist kandídat Björn Jónsson ritstjóri þess blaðs. Af Norðanfara kom út hinn 13. árgangur. Af Ameríku, sem getið er í fyrra árs frjettum, komu að eins út nokkur blöð. Enn fremur var stofnað nýtt blað, er nefnist Sæmundur fróði, gefið út og mestmegnis ritað af doktor Jóni Hjaltalín. Af blöðum þessum var að eins Vikverji vikublað; Þjóðólfur, Ísafold og Norðanfari voru að mestu hálfmánaðarblöð, en Tíminn, Ameríka og Sæmundur fróði mánaðarblöð. Öll þessi blöð hafa auk skyndifrjetta og auglýsinga haft ýmsar ritgjörðir meðferðis um hin helztu almennings mál, og sum þeirra jafnframt ýmsan fróðleik og skemmtigreinir fyrir alþýðu; flest blaðanna hafa einnig flutt talsvert af ljóðmælum, mörg misjöfn, en sum ágæt, einkum Þjóðólfur, eptir að skáldið tók við ritstjórninni.

Flest hinna íslenzku tímarita, er komið hafa út undanfarin ár, komu nú eigi út næstliðið ár, en það voru: Heilbrigðistíðindi Jóns Hjaltalíns, Tímarit Jóns Pjeturssonar og Ný fjelagsrit. Ný fjelagsrit höfðu þá komið út í samfellt 30 ár, og í mörgu þótt eitt hið ágætasta rit; höfðu þau haft allmikil áhrif á stjórnarbaráttu Íslendinga, einkum framan af, og mjög

stutt að því að vekja sjálfsmeðvitund manna og glæða þjóðlífið; einnig höfðu þau haft margar og merkilegar ritgjörðir um landsins gagn og nauðsynjar, mörg ágæt kvæði eptir ýms hin helztu íslenzku skáld á þessari öld, og annað fleira. Hið íslenzka þjóðvinafjelag tók nú aptur að gefa út ársrit, er nefndist Andvari; hefur það að öllu leyti hina sömu stefnu og snið sem fjelagsritin höfðu; hinn fyrsti árgangur hafði meðferðis ritgjörð eptir Jón Sigurðsson um stjórnarskrána, ýmislegt er snertir búnaðarfræði, og nokkur fögur kvæði eptir skáldin Steingrím Thorsteinsson og Matthías Jokkumsson, o. fl. Einnig gaf þjóðvinafjelagið út almanak, með ýmsu smávegis aptan við. Af Gefn, tímariti Benedikts Gröndals, kom eitt hepti með einni ritgjörð (um náttúru Íslands). Fyrir nokkrum árum var gefið út tímarit, er nefndist Kristileg smárit, en það fjell niður aptur. Nú tók byskup Pjetur Pjetursson aptur að gefa út tímarit líks efnis, er hann nefndi Ný kristileg smárit; höfðu þau meðferðis frásögur úr kirkjusögunni og andlegar hugleiðingar og sálma, er miða til að glæða kristilegt líf og uppfræðingu.

Hinar helztu aðrar bækur, er út komu næstliðið ár, voru þær er hjer segir: 1, Hin nýju stjórnarlög Íslands (stjórnarstöðulögin 2. jan. 1871, stjórnarskráin 5. jan. 1874, og auglýsing konungs til Íslendinga 14. febr. 1874) með eptirmála eptir Gísla Brynjúlfsson. 2, Lestrarbók handa alþýðu á Íslandi eptir Þórarin Böðvarsson, einhver hin þarfasta og nýtasta bók fyrir unglinga og alþýðu manna. Efni hennar er mjög fjölbreytt og fróðlegt. Þar eru í stuttu ágripi hin helztu atriði úr stjörnufræði, jarðfræði, náttúrusögu, eðlisfræði, efnafræði, landafræði og mannkynssögu, og sjerstaklega úr landafræði og sögu Íslands; enn fremur hin almennustu undirstöðuatriði heilbrigðisfræði, lögfræði, trúarfræði, siðafræði og sálarfræði; þar er og lærdómsrík ritgjörð um „krapt sjálfra vor", ýms heilræði og spakmæli, alvarlegar og gamansamar smásögur, skáldsögur, þjóðleg og fögur kvæði o. fl. Þess konar bók hafa landsmenn lengi þráð og þurft að fá, með því að hingað til hefur verið skortur á flestum alþýðlegum fræðibókum á íslenzka tungu. Lestrarbók þessi, er hefur svo fjölbreytt efni, bætti talsvert úr þessum skorti; og þótt eigi yrði í slíkri lestrarbók sagt nema stuttlega frá hverri fræðigrein fyrir sig, og á stöku stöðum sje ónákvæmni, getur hún eigi að síður orðið að miklum notum, og það því fremur sem efnið er einkar vel valið, tekið að eins hið verulegasta og svo skipulega fyrir komið sem þörf er á. Svo sem við mátti búast, tóku landsmenn við þessari bók tveim höndum, og hefur hún þegar náð allmikilli útbreiðslu meðal almennings; í sumum prestaköllum hefur hún komizt á hvert heimili, og má af henni vænta hinna beztu ávaxta í tilliti til uppfræðingar alþýðu, sem er eitt hið helzta skilyrði fyrir framförum landsins. 3, Um náttúru Íslands eptir Benedikt Gröndal (í tímaritinu Gefn). Rit þetta er stutt, en mesta efnismikið og fróðlegt, þar sem höfundurinn skýrir í því frá öllum kunnugum tegundum hins íslenzka náttúruríkis, og skipar þeim í flokka á vísindalegan hátt; er rit þetta því

merkilegra, sem hartnær ekkert hefur verið ritað áður á íslenzku um það efni. 4, Macbeth, sorgarleikur eptir Shakspeare, þýddar á íslenzku af Mattíasi Jokkumssyni. Þessi sorgarleikur eptir eitt af heimsins mestu og frægustu skáldum hefur meðal flestra menntaðra þjóða þótt eitt hið ágætasta snilldarverk að skáldlegri tign og háum og djúpum hugsunum. Hin íslenzka þýðing er og talin ágætisverk, enda er þýðandinn kunnur að lipurleik sínum í því efni og frægur orðinn erlendis fyrir þýðingu sína á Friðþjófssögu. 5, Grýla, eptir Jón Mýrdal. Það eru nokkur kvæði og skáldsaga, er nefnist „Vinirnir“. Kvæðin þykja nokkuð misjöfn að kostum, og skáldsagan nokkru miður en „Mannamunur“ eptir sama höfund. 6, Ágrip af söngreglum eptir Jónas Helgason; kemur það sjer einkar vel nú á tímum, þar sem landsmenn eru nú farnir að leggja talsverða stund á sönglist og hafa fátt við að styðjast í þeim efnum. 7, Athugasemdir um íslenzkar málmyndir eptir Jón Þorkelsson (prentaðar aptan við skólaskýrslu), skarpviturlegar og nákvæmar, eins og allar málfræðisritgjörðir þessa ágæta vísindamanns.

Margt hefur verið samið og prentað næstliðið ár í minningu eða tiltilefni af þjóðhátíðinni. Þar til má telja Þjóðhátíðarræður byskups Pjeturs Pjeturssonar og síra Jóns Bjarnasonar í Ameríku, Þjóðhátíðarsálma Helga Hálfdánarsonar, sem fyr er getið; enn fremur ýms þjóðleg kvæði og minni eptir þjóðskáldin Mattías Jokkumsson, Steingrím Thorsteinsson, Benedikt Gröndal, sömuleiðis skáldin Brynjólf Jónsson, Pál Ólafsson, Jón Hinriksson, Jónas Jónsson, Jón Árnason, Brynjólf Oddsson o. fl. Hjer er og vert að geta um Minningarbrjef um þúsundára byggingu Íslands eptir Benedikt Gröndal; það er mynd, dregin upp með miklu hugviti og hagleik. Á myndinni er sýnd steinbygging með hvelfdu hliði og 2 súlum; á súlum þessum eru nöfn 32 helztu landnámsmanna, en efst á hverri súlu stendur skál, er þrír laufgaðir kvistir sprotta upp úr, og eru á laufunum mörkuð nöfn ýmsra íslenzkra merkismanna að fornu og nýju; inn um hliðið sjest fjallkonan sitjandi á jökli, og fyrir neðan hana er uppdráttur Íslands, umgirtur af landvættum hinna fjögra fjórðunga, en upp yfir er Grœnland markað öðrum megin og Vínland hinum megin, til minningar um það, að Íslendingar fundu Ameríku fyrstir manna; neðst á myndinni sjest Ísland í landsýn með fjöllum og hamrabeltum, fossum og jöklum fyrir miðjunni, skínandi geislum upprennandi sólar, og Heklu og Geysi sínu til hvorrar handar. Mynd þessari fylgja skýringar, og kvæði um Ísland.

Um leið og minnst er á bókmenntir Íslands er vert að geta þess, að hin ágæta íslenzka skáldsaga Piltur og stúlka eptir Jón Thoroddsen var næstliðið ár þýdd á dönsku af Kålund, dönskum fræðimanni, er dvalið hefur á Íslandi hina 2 síðustu vetur.

Hið íslenzka bókmenntafjelag hefur ekkert gefið út næstliðið ár annað en hinar venjulegu skýrslur og tíðindi. Fjelagsmenn þeir, er til-

lög greiða, voru 18. júlí 760 að tölu, og var það 15 fjelagsmönnum fleira en um sama leyti árið áður.

VÍSINDALEG SÖFN landsmanna hafa talsvert aukizt næstliðið ár, einkum bókasöfnin, fyrir hinar miklu og ágætu bókagjafir Ameríkumanna, Svía, Dana o. fl. í minningu þúsundára byggingar landsins sem áður er á vikið. Mest af þessum gjöfum hlaut stiptsbókasafnið í Reykjavík, en þar næst bókasafn Norðlinga á Akureyri. Náttúrusögusafni latínuskólans bættust nokkrir munir, hamir og egg fugla. Forngripasafni landsins bættust 33 forngripir; af þeim gaf verzlunarstjóri B. Steincke á Akureyri 8, og eru þeir úr silfri; um árslok átti safnið nokkuð yfir 1000 forngripi. Af landssjóði voru safninu veittir 100 rd. Mikinn hnekki hefur safn þetta beðið næstliðið sumar við fráfall hins árvakra forstöðumanns þess, Sigurðar málara Guðmundssonar, er landsmenn áttu að mestu leyti vöxt og viðgang safns þessa að þakka.

SKÓLAMENNTUN á Íslandi fer fremur í vöxt og gengur til batnaðar að því leyti sem hún smátt og smátt verður þjóðlegri og betur samsvarandi þörfum þessara tíma, þótt margt standi enn til bóta í þeim efnum. Við háskólann í Kaupmannahöfn hafa Íslendingar fækkað hin síðari ár, því að flestir íslenzkir stúdentar, er nema guðfræði og læknisfræði, hafa látið sjer nægja að ganga á prestaskólann og læknaskólann í Reykjavík. Slíkt mætti reyndar sýnast apturför, en varla er það svo í raun rjettri, því að þótt háskólamenntunin sje yfirgripsmeiri, þá er hin innlenda sams konar menntun þeim mun notalegri og þjóðlegri, og þyrfti eigi að verða miklu óheilladrjúgari en hin, þar eð það, sem annars verður lært af bókum, má jafnt læra hvar sem er; ef um einhverja apturför í því efni væri að tala, þá væri hún helzt fólgin í því, að færri hafa siglt til útlanda, og því fengið ófullkomnari kynni af háttum og siðum annara þjóða. Við háskólann lásu um árslokin 1874 16 íslenzkir stúdentar. — Við prestaskólann voru stúdentar veturinn 1873—74 17 að tölu, 11 í hinni eldri deild, en 6 í hinni yngri. Af þeim útskrifuðust 9 um sumarið, en 2 gengu frá; aptur bættust 5 við um haustið, svo að veturinn 1874—75 voru stúdentar í skólanum að eins 11 að tölu, 6 í hinni eldri deild og 5 í hinni yngri. Af þeim, sem útskrifuðust, fengu að eins 2 fyrstu einkunn, en hinir 7 aðra einkunn. Próf í forspjallsvísindum tóku 7 og fengu 2 þeirra fyrstu einkunn, en 5 aðra einkunn. Við læknaskólann voru að eins 3 stúdentar veturinn 1873—74. Af þeim útskrifuðust 2 um sumarið, báðir með fyrstu einkunn, en 2 komu aptur í skólann um haustið, svo að næsta vetur voru þar aptur 3 lærisveinar. — Við latínuskólann voru veturinn 1873—74 lærisveinarnir 64 að tölu. Af þeim útskrifuðust 10 um vorið, en 10 nýsveinar komu aptur í skólann og einn eldri lærisveinn, svo að veturinn 1874—75 voru lærisveinar skólans 65 að tölu eða einum fleiri en veturinn áður. Af þeim, sem útskrifuðust, fengu 5 fyrstu einkunn, en 5 aðra einkunn.

Að því er aðra skóla snertir má geta þess, að víða voru barnaskól-

ar haldnir næstliðið ár; sumir, sem áður hafa verið, en sumir nýir. Af hinum eldri má nefna barnaskólann í Reykjavík, á Eyrarbakka og Akureyri, er allir, að sögn, hafa verið fjölsóttir; sömuleiðis barnaskólana á Brunnastöðum og Gerðum, sem getið er í fyrra árs frjettum. Af nýjum barnaskólum er einkum að nefna barnaskóla á Ísafirði, er Sass stórkaupmaður gaf allmikið fje til að stofna. Af skólum þessum er ekkert sjerstaklegt að segja, enda vantar skýrslur um þá flesta. — Sunnudagaskóli sá, er sagt er frá í fyrra árs frjettum, var aptur haldinn í Reykjavík veturinn 1874—75, og var allvel sóttur. Kvennaskólinn, er lengi hefur verið í ráði að stofna, var nú fyrst haldinn veturinn 1874—75 í Reykjavík, og byrjaði með októbermánuði. Sökum húsrúmsleysis gátu eigi nema 10 stúlkur fengið aðgang að skóla þessum þetta hið fyrsta ár. Kennslugreinir voru: skript, rjettritun, reikningur, saga, landafræði og danska, og enn fremur ýmsar hannyrðir, svo sem klæða- og ljereptssaumur, baldýring, bródering, skattering, heklan og ýmislegur prjónaskapur. Kennslan var veitt ókeypis, og svo húsrúm, ljós og eldiviður til hita, en að öðru leyti kostuðu stúlkurnar sig sjálfar. Heyrnar- og málleysingjaskóli sá, er nokkur undanfarin ár hefur verið haldin á Prestsbakka á Síðu, var einnig haldinn næstliðið ár, og nutu 5 unglingar þar tilsagnar í bókmáli, beygingamáli og fingramáli, kristilegum fræðum, biblíusögum, tímatali, einfaldri tölvísi og hinu einfaldasta í dýrafræði; enn fremur voru þeir vandir við alls konar venjulega sveitavinnu.

Af ÍÞRÓTTUM er eigi margt að segja. Í fyrra árs frjettum er stuttlega sagt frá sjónleikum þeim, er stúdentar í Reykjavík hjeldu um og eptir nýárið, en upp frá því hafa slíkir leikar eigi verið leiknir í Reykjavík, og eigi heldur annars staðar, svo kunnugt sje. Þar á mót hafa ýmsar aðrar íþróttir tíðkazt og farið í vöxt, svo sem söngvar, dansleikar, sundleikar, skotleikar, glímur og kappreiðir; fór margt af þess konar leikum fram við þjóðhátíðarhöldin víða um land, svo sem fyr er getið.

Áður en lokið er þætti þessum, skal stuttlega geta um JÖKLAKÖNNUN þá, er gjörð var næstliðið sumar. Englendingur einn, að nafni Watts, er víða hefur kannað fjöll og óbyggðir erlendis, tók sjer fyrir hendur að kanna Vatnajökul, og reyna að finna hin síðustu eldsupptök þar í jöklinum. 10. dag ágústmánaðar lagði Watts upp frá Núpstað, og daginn eptir gekk hann á jökulinn með 3 röskum Íslendingum; stefndu þeir í landnorður. Veður var heitt, en ófærð mikil, og veitti þeim ervitt um ganginn, einkum þar eð þeir urðu að bera farangur sinn allan; tóku þeir þá það ráð, að gjöra sleða úr skíðum, og drógu á honum farangurinn; gekk þá ferðin betur. Um miðnætti voru þeir komnir 3500 fet yfir sjávarmál; gjörðu þeir sjer þá djúpa snjógröf, og sváfu þar það er eptir var nætur. Um morguninn hjeldu þeir áfram í sömu átt, og gekk ferðin þá greiðlega, því að frosið hafði um nóttina. Þá eygðu þeir fjall eitt í landnorður, líkt húsmæni að ofan; nefndu þeir það Vatnajökulshús. Annað fjall sáu þeir nokkru austar, er Watts nefndi Pálsfjall eptir einum fjelaga sinna;

það var 4500 feta hátt yfir sjávarflöt; voru þar eldgýgir miklir og merkilegir, og margar fágætar steinategundir. Þá hjeldu þeir enn lengra norður, og áðu um kveldið á hæð einni 5750 feta yfir sjávarmál; var þá áttavitinn orðinn ruglaður, og ljek segulnálin á sífelldu hringli; þó tókst þeim nokkurn veginn að átta sig, og gjörði Watts uppdrátt af sjóndeildarhringnum. Af þessum stað mátti sjá tindana á fjöllunum Birni og Blæng; en í austurátt eygðu þeir fjall eitt ókennt, og nefndi Watts það Segulfell. Eptir það hjeldu þeir enn áleiðis nokkra stund, og fóru fram hjá eldgýgum tveim; fundu þeir þá megnan brennisteinsþef úr norðurátt. Um nóttina ljetu þeir aptur fyrir berast í snjóholu, og ætluðu að halda áfram að morgni; en um morguninn var kominn dimmur snjóbylur, svo að varla sá handa skil. Var þá eigi annar kostur en að snúa aptur, með því og að áttavitinn var ónýtur orðinn og vistir teknar að þverra. Það var á hájöklinum, 5950 fet yfir sjávarmál, að þeir sneru aptur; reistu þeir þar stöng í snjónum með flaggi Englands á. Á leiðinni til byggða fengu þeir veður hið versta, en þó komust þeir slysalaust aptur niður að Núpstað hinn 14. ágúst, eptir 5 daga burtuveru. Svo sagði Watts, að jökullinn væri að utan hásljetta ein, snævi þakin, með mörgum eldgýgum, er sumir væru sígjósandi, en sumir fullir af brennisteinsefnum. Eigi fann hann að þessu sinni nein nýleg eldsupptök, en ráð gjörði hann fyrir að kanna jökulinn betur síðar.

Mannalát.

Af merkismönnum þeim íslenzkum, er ljetust næstliðið ár, voru eigi margir þjóðkunnugir. Þjóðkunnastur var Sigurður Guðmundsson málari, er andaðist í Reykjavík 7. september, 40 ára að aldri; hann var nafntogaður gáfumaður og listamaður og einhver mestur fornfræðingur á Norðurlöndum. Hann stofnaði að mestu leyti hið merkilega íslenzka forngripasafn, safnaði til þess, skipaði því niður, og stýrði því með mikilli snilld, fyrir alls engin laun. Hann kom aptur á hinum fornu og frægu íslenzku kvennbúningum. Hann myndaði nýtt íslenzkt leiksvið í Reykjavík, eg efldi það mjög með ágætum leiktjöldum og alls konar búningum. Yfir höfuð studdi hann að mjög mörgum fögrum og þjóðlegum fyrirtækjum með miklum áhuga, en litlum þökkum og engum launum. Hinn 6. júlí andaðist í Kaupmannahöfn Páll Sveinsson, bókbindari, hniginn á efra aldur; hann var einkum kunnugur fyrir það, að hann gaf út margar merkilegar íslenzkar bœkur, einkum skáldskaparrit. Hinn 11. desember ljezt Páll Magnússon á Akureyri, fyrrum varaþingmaður Eyfirðinga, gáfumaður góður, en einkum kunnugur fyrir afskipti sín af Vesturheimsflutningum; hann var 41 árs að aldri. Af prestum þeim, er embættum gegndu, ljetust 4, en það voru: Björn Þorvaldsson, prestur að Holti undir Eyjafjöllum; hann dó 7. febrúar 69 ára að aldri, Vigfús Guttormsson, prestur að Ási í Fellum; hann dó á spítala í Kaupmannahöfn, 18. marz,

61 ára. Sigbjörn Sigfússon, prestur á Kálfafellsstað; hann dó 27. júní 53 ára. Gísli Sigurðsson Thorarensen, prestur í Stokkseyrarþingum; hann varð bráðkvaddur á jóladaginn, er hann ætlaði að ganga í kirkju og var þá 56 ára að aldri. Uppgjafaprestar önduðust 2: Sigurður Gíslason, fyrrum prestur á Stað í Steingrímsfirði, og Guðlaugur Sveinbjarnarson, fyrrum prestur í Hvammi í Norðurárdal. Allir voru prestar þessir merkismenn; nafnkenndastur þeirra var Gísli Thorarensen, skáld gott og gáfumaður mikill. Meðal þeirra merkiskvenna, er önduðust næstliðið ár, voru einkum kunnugar: Kirsten Sveinbjörnsen, ekkja yfirdómsforseta Þórðar Sveinbjarnarsonar, dáin 8. janúar, 60 ára; Ólöf Björnsdóttir, yfirkennara Gunnlaugssonar, ekkja rektors Jens Sigurðssonar, dáin 7. des. 44 ára, og Rannveig Hallgrímsdóttir, kona Stefáns alþingismanns Jónssonar á Steinsstöðum, en systir þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar; hún dó 15. des., 72 ára.

Ritað í marz og apríl 1875.

Leiðrjetting.

45:11: Shawanahjeradi les Shawanohjeradi.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1875

EPTIR

VALDIMAR BRIEM,

PREST AÐ HREPPHÓLUM.

ÚT GEFNAR

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. EINAR ÞÓRÐARSON.

1876.

YFIRLIT EFNISINS.

ELDGOSIN ..... 1.—15.bls.
FÖRIN YFIR VATNAJÖKUL ..... 15.—16. —
LANDSTJÓRN ..... 16.—41. —
ATVINNUVEGIR ..... 42.—50. —
MENNTUN ..... 50.—56. —
MANNALÁT ..... 56.—57. —

Eldgosin.

Í fyrra var í „frjettum frá Íslandi“ fyrst skýrt frá þjóðhátíð Íslendinga, er var merkastur viðburður árið 1874. Nú skal þar á mót fyrst skýra frá eldgosum þeim, er dundu yfir norðausturhluta landsins; en þau má telja merkastan viðburð á Íslandi árið 1875. En hjer er um tvennt ólíkt að ræða. Þá (1874) voru það hreyfingar þjóðarinnar, er sættu mestum tíðindum; en nú (1875) voru það byltingar og umbrot náttúrunnar. Þá var glaumur og gleði á ferðum og allflestir horfðu fram á komandi tíð með beztu vonum; en nú vofði voði og skelfing yfir og margir kviðu komandi dögum. Þá voru það mennirnir, er ljeku gleðileikum; nú var það náttúran sjálf, er fór í stórkostlegan risaleik. Svo ólíkir eru aðalviðburðir þessara tveggja ára. En þótt hvorttveggja sje merkilegur viðburður í sinni röð, þá er þess eigi að synja, að þjóðhátíðarhaldið og öll sú viðhöfn, er því var samfara, eins og hjaðnar og hverfur sem önnur mannvirki, þegar náttúran beitir sínu ógnarafli, og lætur svo stórlega til sín taka.

Eldgos eru, svo sem kunnugt er, engin ný eða óvenjuleg tíðindi á Íslandi; en þó hafa þau verið nokkuð strjál á þessari öld. Raunar hefur um nokkur undanfarin ár orðið vart við eldsumbrot í norður- og austurhluta landsins. Þar til má telja jarðskjálftana í Húsavík og víðar nyrðra að áliðnum vetri 1872, og eldgosið í Vatnajökli í byrjun ársins 1873. Sá eldur virðist hafa verið afarmikill; en með því að hann var svo mjög fjarri byggðum og gosið bar til um hávetur, þá varð hann eigi kannaður, enda gjörði hann lítið tjón, — og hversu mikill sem hann hefur verið, þá er fátt sögulegt af honum að segja. Upp frá því er þessi eldur hvarf seint í janúarmánuði 1873, og þar til er eldgosið hófst í janúarmánuði 1875, bar lítið á jarðeldum. Í ýmsum sveitum þóttust menn reyndar stundum sjá eldmistur á lopti og öskufall á jörð, finna jökulfýlu og heyra eldbresti; en eigi er fullsannað, hvort allar slíkar sögur, er hafa borizt í munnmælum, eru áreiðanlegar. Raunar er eigi ólíklegt, að jarðeldar kunni að hafa verið uppi við og við einhvers staðar í óbyggðum, en það þykir mega telja víst, að engir stóreldar hafi uppi verið á þessu tveggja ára tímabili (jan. 1873 til jan. 1875).

Nokkru fyrir jól 1874 fór að bera á jarðskjálftum víða norðanlands og austan, en einkum vestan til í Þingeyjarsýslu, og fóru þeir vaxandi eptir því sem nær leið árslokum. Mest bar á jarðskjálftum þessum til dala og fjalla, en hvergi urðu þeir jafnmegnir sem í Möðrudal á Fjöllum og þar í grennd. Jarðskjálftarnir voru óvíða mjög harðir og eigi

heldur langir, en svo tiðir, að eigi varð tölu á komið. Þegar eptir nýár, eða hinn 2. dag janúarmánaðar, voru mest brögð að jarðskjálftunum; voru kippirnir þá svo margir og harðir og þjettir, að kalla mátti, að væri einn jarðskjálfti allan daginn frá morgni til kvelds. Skulfu þá hús og brakaði i hverju trje, en allt ljek á hringli, sem laust var í húsum. Er svo sagt, að í Möðrudal og víðar hafi húsum þá legið við hruni; en eigi er þess getið, að jarðskjálftar þessir hafi nokkurs staðar valdið tjóni til muna.

Næsta dag, eða hinn 3. dag janúarmánaðar, laust eldinum upp, skömmu fyrir birtingu um morguninn. Sást hann úr nokkrum sveitum nyrðra, einna glöggvast úr Mývatnssveit. Þaðan var hann að sjá litlu austar en í hásuður. Lagði logann hátt á lopt upp, og allbreiður var hann að sjá, einkum niður við sjóndeildarhringinn. En ekki sást bálið lengi í það sinn, því að ský dró fyrir. Næstu daga var dimmviðri á lopti, og sást eigi eldurinn, en það vissu menn, að hann var uppi lengst af, eins og síðar reyndist. Þegar er eldurinn var upp kominn, urðu jarðskjálftarnir vægari, unz þeir hurfu að mestu um sinn.

Eigi vissu menn gjörla, hvar eldur þessi mundi vera, en ýmsir gátu þess til, að hann mundi vera í Vatnajökli, nokkru vestar en eldstöðvarnar 1867, eptir stefnunni að ráða. En bráðum sáu menn af ýmsum líkum, að eldstöðvarnar mundu vera norðar en svo, að þær gætu verið í Vatnajökli, og bráðum varð það augljóst, að eldsupptökin mundu vera einhvers staðar í Dyngjufjöllum. En til þess að fá fulla vissu í þessu efni, voru 4 menn gjörðir út úr Mývatnssveit til að leita að eldsupptökunum. Þeir lögðu af stað 15. dag febrúarmánaðar. Hjeldu þeir beina leið suður eptir endilöngu Ódáðahrauni, og stefndu á Dyngjufjöll hin syðri. Þeir fengu gott og bjart veður, og gekk þeim greiðlega förin. En er þeir voru komnir hjer um bil hálfa leið suður undir fjöllin, fóru þeir að heyra dunur miklar, og fundu megna eldlykt; óx hvorttveggja því meir sem nær dró fjöllunum; og er þeir komu lengra suður, sáu þeir glöggt reykjarmökkinn bera við lopt vestan undir fjöllunum. Eptir harða sólarhringsgöngu komust leitarmenn alla leið suður að Dyngjufjöllum, og fundu þar eldsupptökin í fjalli því, er Askja heitir. Það er þríhyrnt fjall, nálægt 3000 feta yfir sjávarflöt, rúmlega mila að lengd, en tæplega míla að breidd. Fjall þetta er umgirt á alla vegu, nema að norðaustan, af hálfhringlausum fjallahring; það eru Dyngjufjöll hin syðri; hafa sum þeirra gosið í fyrri daga, og hraunflóðið úr þeim runnið í Ódáðahraun. Aðalgýgurinn var nú í suðurhorni Öskju, vestan undir eystri fjallgarðinum. Kastaði hann grjóti og leireðju mörg hundruð feta i lopt upp. Ekki gátu leitarmenn fyrir grjótkastinu komizt nær gýgnum en sem svaraði 60—70 föðmum. Fleiri eldgýgi minni sáu þeir þar í grennd, og vall úr sumum þeirra vatnsflóð, er myndaði tjörn þar í hraunina, en eigi gátu þeir heldur komið þar nærri fyrir vikurkasti. Allt í kring var hraunið umhverft og sundur rifið, með stórum gjám og sprungum, en sums staðar var það niður sigið. Gjör gátu leitarmenn ekki rannsakað eldvirki þessi, og sneru aptur til byggða.

En líkindi voru til, að gosið hjeldi áfram, því að lengi eptir þetta sást reykjarmökkurinn úr byggð í sömu átt, og engu minni en fyr. Fundust þá og kippir nokkrir við og við, en engir stórir.

En nú kom eldur upp á öðrum stöðvum, en það var á Mývatnsöræfum; svo nefnist sljetta sú, er liggur á milli Mývatnssveitar að vestan, en Jökulsár á Fjöllum að austan. Eldur þessi kom upp 18. dag febrúarmánaðar. Þann dag voru menn á ferð austur yfir öræfin; sáu þeir allt í einu þjóta upp ákaflega mikinn reykjarmökk á hægri hönd við sig, og rjett á eptir sáu þeir eld gjósa upp á sama stað. Að kveldi hins sama dags sást eldur þessi frá Grímsstöðum á Fjöllum; var þaðan að sjá sem eldurinn kæmi upp á mörgum stöðum, en rynni síðan saman í eitt mikið bál. Nokkrum dögum síðar fóru nokkrir menn úr Mývatnssveit að rannsaka gos þetta, og fundu þeir eldsupptökin vestanvert við gjá þá á öræfunum, er nefnd er Sveinagjá. Þá er þeir komu þangað, var þar hvergi eldur uppi, en svo virtist sem loginn væri nýlega hættur, því að hraun það, er myndazt hafði við gosið, var á sumum stöðum enn þá vellandi heitt. Jón alþingismaður Sigurðsson á Gautlöndum, er var einn í flokki þeirra Mývetninga, er fóru að leita eldstöðvanna, lýsir vegsummerkjum eptir gosið á þessa leið: „Eldurinn hefur auðsjáanlega haft upptök sín á tíu stöðum, og myndað marga gýga, suma stóra en suma litla. Upp úr sumum gýgunum hefur oltið hálfstorkið hraun, og myndað háar borgir eða hraunhryggi kringum þá. En úr sumum gýgunum hefur komið bráðin hraunleðja, sem runnið hefur áfram og myndað flatt hraun. Voru allir gýgarnir nú hættir störfum sínum, og voru sumir þeirra tilbyrgðir af hraunvikri því, er oltið hafði aptur ofan í þá, en sumir voru opnir, og sá í botnlausar gjárnar í botni þeirra. Úr flestum þeirra rauk enn heit gufa. Stærstu gýgarnir höfðu kastað upp óbræddum steinum, og voru sumir allt að því manntak að þyngd. Höfðu þeir eigi komizt nema upp á gýgbarmana, en hinir minni — samt hraun og vikur — höfðu kastazt 30 til 40 faðma frá, og komið niður á sumum stöðum í snjóinn og brætt hann undan sjer. Ekki sáust nein merki til þess, að aska nje leir hefði fylgt eldgosi þessu. Hraun það, sem komið hefur úr öllum gýgunum til samans, er allt að hálfri bæjarleið á lengd, og 3—4 hundruð faðmar á breidd, þar sem það er breiðast. Það hefur fyllt upp dæld nokkra, sem legið hefur skammt frá eldsupptökunum, og er því býsna þykkt á sumum stöðum. Nú var hraunið farið að storkna allt að ofan, en í gegnum hraunsprungurnar sá víða í eldinn hvítglóandi undir, og mun skorpan hafa verið orðin 2—4 feta á þykkt. Var eigi hættulaust að ganga þar um, því hraunið þoldi illa mannsþungann. Skór okkar og sokkar skemmdust einnig af hitanum. Á tveim eða þrem stöðum höfðu myndazt smáborgir úr bráðinni hraunleðju, holar innan, og á stærð við 2—4 tunna ílát. Var ein þeirra minst, en mjög fögur ásýndum, og líktist hún hinu fegursta og smágjörvasta járnsteypusmíði. Mundi hún kölluð kjörgripur, ef hún væri í konungahöllum". — Þetta eldgos, sem hjer hefur verið frá sagt, var

hið fyrsta gos á Mývatnsöræfum; en þar komu fleiri á eptir, og voru flest þeirra meiri en hið fyrsta.

Að kveldi hins 10. dags marzmánaðar kom aptur eldur upp hjer um bil á sömu stöðvum og eldgosið 18. febr., eða litlu norðar. Eldur þessi sást úr Mývatnssveit þegar um kveldið, er hann kom upp, en daginn eptir var hann hulinn af ógurlegum reykjarmekki og stórum skýjabólstrum. Daginn þar eptir, eða hinn 12., fóru 3 Mývetningar austur á öræfin að skoða gosið; virtist eldurinn þá vera nokkuð í rjenun, en þó var hann enn uppi, nálægt 700 til 800 föðmum norðar en hraun það, er komið hafði úr fyrra gosinu (18. febr.). Voru þar nú komnir 14—16 eldgýgar, stærri og smærri, í beinni línu frá suðri til norðurs á hjer um bil 200 faðma löngu svæði, Gusu þeir glóandi hraunleðju hátt á lopt upp með geysilegum hraða og grenjandi hljóði og hvellum; en eigi fór gosið þá lengra en 10 faðma frá gýgunum. Mátti sjá merki þess, að gosið hefði dagana á undan farið miklu lengra, því að hraunmöl úr gosinu fannst í 300 faðma fjarska frá gýgunum. Annað merki þess, hve gos þetta hefur verið mikið, var hraun-malarkambur, 5—60 feta hár, er myndazt hafði vestanvert við gýgana, þar sem áður var sljetta eða jafnvel dæld. Allt í kring um gýgana hafði hraunflóð runnið, en mest þó í norður; var það orðið hjer um bil 500 faðmar að breidd að sunnanverðu, en allt að mílu að lengd. Jakob bóndi Hálfdánarson á Grímsstöðum við Mývatn, er var einn í förinni, og skýrt hefur frá gosi þessu, lýsir hrauninu þannig: „Skorpið var það og svart sem önnur hraun, en andir því var að ólga fram og færast út hvítglóandi leðja, líkust gjalli; svo var hún brennandi, þegar hún kom í ljós út úr hraunröðinni, að við þoldum ekki nema með mesta hraða að seilast til hennar með göngustöfunum, en innan 2 mínútna var komin svört skorpa á þetta . . . Yfir öllu hrauninu lá hvítblá gufa, til að sjá með hristing, líkt því sem vjer nefnum landöldu, en sumir nefna tíðbrá, nema hvað þetta var þeim mun meira, að fjöll þau, er við blasa hins vegar við hraunið, sýndust sem í gagnsærri þoku, en svo er gufa þessi smágjör, að við sáum hana ekki innan 60 faðma fjarlægðar, þegar við stóðum við hraunið. Til að reyna að sjá sem bezt yfir, gengum við upp á hraunmalarkambinn norðast, og var þá hvervetna yfir hraunið að líta sem í kolagröf, þegar loginn er í þann veginn að brjótast upp úr kurlinu“ . . . Á heimleiðinni, þegar myrkt var orðið, sýndust eldskoðunarmönnum gosin til að sjá sem bál, en áður en það hvarf þeim, var komið upp nýtt gos norðan til við hraunröðina; þar höfðu þeir opt um daginn sjeð gufukúfa koma og hverfa. Gos þetta virðist hafa staðið um nóttina og svo daginn eptir, og það kveld sýndist þeim, er til sáu, það hafa aukizt.

Nú bar lítið á gosunum í nokkra daga, þangað til 18. marz. Þá um kveldið í heiðskíru veðri, litlu fyrir sólsetur, þutu upp á svipstundu 4 eða 5 reykjarstólpar með litlu millibili, nokkru sunnar en fyr. Það var fyrir sunnan allt haglendið á öræfunum suður undir Ódáðahrauni, í beinni stefnu milli eldstöðvanna í Dyngjufjöllum og eldstöðvanna á Mývatnsöræf-

um. Þessu gosi fylgdu dunur miklar og dynkir. „Þegar kveldaði, gjörði reykurinn þeku- eða skýjaband fyrir ofan fjallabrúnir, sem náði yfir ¼ hluta sjóndeildarhrings, en uppkomukúfarnir urðu glóandi rauðir stólpar; var það allmerkileg sjón“. Næsta dag fóru 2 menn að skoða þetta gos; komust þeir ekki nær því en hjer um bil í 150 faðma fjarlægð, því að eigi þótti þeim árennilegt lengra að fara fyrir óhljóðum, hita og birtu.

Nú hjeldu gosin áfram í nokkra daga, og voru lítil hlje á milli. En eigi voru þau mjög stórkostleg, þangað til 23. marz. Þá kom upp eldur nokkru norðar en fyr, eða rjett um þjóðveginn, er liggur yfir öræfin vestan úr Mývatnssveit og austur í Múlasýslur. Er svo talið, að þar sem eldur sá kom upp, sjeu nær 4 mílur vegar að Reykjahlíð, en tæpar 2 mílur að Grímastöðum á Fjöllum. Þenna dag kom og eldur upp miklu viðar þar í grennd, og svo er sagt, að þá hafi 40 eldar sjezt uppi, stœrri og smærri. — Það þykir einsætt, að þessi tvö stórgos, er síðast eru nefnd (18. og 23. marz), hafi verið með hinum mestu gosum á öræfunum, en eigi verður hjer sagt gjör frá þeim, með því að nákvæmari skýrslur um þau eru ekki fyrir hendi.

Þá víkur sögunni aptur til eldgossins í Dyngjufjöllum. Meðan þau undur gjörðust, er hjer hefur verið sagt frá að framan, rauk að kalla í sífellu úr Dyngjufjöllum; fór reykurinn æ vaxandi og bar því hærra á lopt sem nær leið vorinu; en ógjörla vissu menn, hvað þeim eldgangi leið frá því í febrúar, að Mývetningar gengu suður, og þangað til hinn 29. dag marzmánaðar, er var annar dagur páska. Þenna dag þegar um morguninn heyrðust dynkir miklir, brestir og hvellir víðs vegar um norðurland, austurland og suðurland; og um sama leyti sáust úr sumum sveitum nyrðra ógurlegir reykjarbólstrar þjóta upp á suðurlopt. Það voru Dyngjufjöllin, er þá voru að gjósa. Þeyttu þau upp úr sjer feikilegri kyngju af vikri og ösku. Vindur var vestlægur, og lagði vikurmökkinn austur yfir landið. Fylgdi mekkinum ógurlegt myrkur þar sem hann bar yfir, og öskufall svo mikið að fá eru dœmi til annars eins. Mest fjell askan yfir þessar sveitir (taldar eptir öskumegninu, er þar fjell): Jökuldal, Fell, Fljótsdal, Skóga, Velli, Eiðaþinghá, Skriðdal, Fram-Tungu og Hjaltastaðaþinghá. Þá fjell og nokkur aska í Borgarfjörð (austur), Loðmundarfjörð, Seyðisfjörð, Mjóafjörð, Norðfjörð, Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð, og lítið eitt í Stöðvarfjörð og Breiðdal innst. — Naumast er unnt að lýsa þessu öskufalli betur en Sigurður prófastur Gunnarsson á Hallormsstað gjörir, en hann segir meðal annars svo í skýrslu sinni um það: „Lopt var þykkt og kolsvart til norðurs og norðaustura. Jeg var staddur að þingmúla í Skriðdal, þegar þetta var, og var þar logn. Um dagmálabil fór að rigna ofan úr loptinu hvítgráum vikri stórgerðum — kornin á digurð við grjón, en mikið lengri. Sortinn ytra fœrðist inn eptir, og var alla tíð að dimma og vikurregnið jókst. Rúmri stundu fyrir hádegi varð að kveikja ljós í húsum. Þá sá jeg eigi lengur á bók. Þegar leið að hádegi, var orðið svo dimmt úti sem í gluggalausu húsi, og sá enginn á hendur sjer (úti) fáa þumlunga frá aug-

um. Þetta niðamyrkur hið svartasta hjelst rúma stund. Þá urðu allir glergluggar þeim að skuggsjám, er inni voru við ljósin, eins og kvikasilfur væri utan á glerinu. Alls voru það um 4 stundir, er ljós varð að hafa. Heima hjá mjer, rúmri mílu norðar, var niðamyrkrið 2 stundir. Meðan á því stóð, hrundi vikuraskan úr loptinu, og var á utan gola hæg. Þá gekk lengi, svo lítið bil var á milli, á eldingum og þrumu-dunreiðum miklum, svo allt fannst skjálfa við. Loptið var hlaðið rafmagni, svo að logaði á turnatoppum og stafabroddum, sem upp var snúið — stundum og á höndum manna, er menn rjettu upp. — Dunreiðarnar, sem fylgdu með reglulegu bili eldingunum, voru nokkuð ólíkar þrumuðskri — því hjer var loptið hlaðið ösku, og mótspyrnan meiri en í auðu lopti; — var sem hvellur tæki við af hvell yfir þveran himin. Þegar mesti myrkvinn leið af og öskufallið minnkaði, færðist mökkurinn inn til dala, og sýndist standa þar kyrr, því goluandvarj kom þar móti og færði mökkinn aptur hægt og hægt út yfir dalinn. Þá fjell smáaska enn úr honum, og varð skuggsýnt". Þannig er lýst öskufallinu í Skriðdal, og líkt mun það hafa verið í hinum öðrum sveitum, nema að því leyti, að meiri eða minni undur gengu á, eptir því hvað öskumegnið, sem fjell, var misjafnt og veðurfar og veðurstaða mismunandi. Mest kvað að býsnum þessum á Jökuldal ofanverðum; þar var myrkrið lengst, dunurnar mestar og askan mest. Er svo sagt, að öskulagið hafi þar orðið 4 til 8 þumlunga að þykkt og vikurinn þar stærstur: allt að 2 hnefa að stærð stærstu molarnir. Þar var og askan glóðheit, er hún fyrst kom niður. Í Fellum og á Völlum var öskulagið hjer um bil 3 þuml. þykkt, í Fljótsdal rúmir 2 þuml., í Skriðdal $1^1/_2$ þuml., í fjörðunum víðast enn þynnra, og þar voru vikurkornin minst. Fyrst þá er askan fjell, fylgdi henni megn brennisteinsfýla, en síðan hvarf hún. Lítið bragð var að öskunni, en þó virtist svo sem saltbragð og járnkeimur væri að minstu kornunum. Jörð var öll auð í byggðum á undan öskufallinu, og hagar góðir, en er öskufallið dundi yfir, færðist fjenaðurinn, og hljóp sem hamstola; mátti í nokkra daga engin skepna úr húsum koma. Askan lá logndauð í 3 daga, en síðan kom hvass vindur, og feykti henni í stóra skafla, er sumir voru 1—2 álnir að þykkt, en eigi reif svo vel, að hagar hreinsuðust. Þegar askan var svo mikil í byggð, sem hjer hefur sagt verið, þá má nærri geta, hversu mikil hún hefur verið á fjöllum uppi, nærri eldstöðvunum, en slíkt varð eigi kannað. Svo mikið vikurhlaup kom í Jökulsá á Fjöllum við gos þetta, að hún varð óferjandi í nokkra daga fyrir vikurburði; var það líkt því er ísrek og krapaburður er mestur á haustum; flóði áin yfir bakka sína og bar upp á land nokkuð af vikri, en eigi til stórskemmda. Sums staðar rak vikurinn á land úr sjó, svo sem fyrir Kelduhverfi, Núpasveit, Sljettu, og víðar vestur með landi. Eigi er annt að segja, hversu mikið öskumegn hefur streymt upp úr eldgýgnum í Dyngjufjöllum þenna dag, en svo hefur verið talið til, að öskulagið hafi verið 3 þumlunga þykkt að jafnaði á 100 ferhyrningsmílna svæði, og öskumegnið verið nálægt 3840 miljóna tunna. En hjer við bætist það, að talsvert af

vikurösku feyktist austur um haf, og hefur því mikið lent í sjó. Það eru fádœmi, að aska hafi borizt jafnlangt sem þessi aska úr Dyngjufjöllum, og það á svo stuttum tíma. Að kveldi hins sama dags, sem gosið hófst (29. marz), varð vart við öskufall víða í Norvegi, einkum á Sunnmœri, og um morguninn eptir, er menn voru á fótum, var jörð þakin grárri móðu eða hjelu. Nokkur vikurkorn voru þegar send til Kristjaníu; rannsökuðu efnafrœðingar þau visindalega, og fundu, að þau voru samkynja vikri úr Heklu. Var það þegar einsætt, að askan mundi komin frá Íslandi, enda mátti það og ráða af veðurstöðunni. Nokkuð af öskunni barst austur á landamæri Norvegs og Svíþjóðar. Hefur mönnum reiknazt svo, að askan hafi farið í loptinu 10 mílur á hverri klukkustund. — Af afleiðingum öskufalls þessa, og tjóni því, er það olli í byggðum eystra, skal nokkuð sagt síðar.

Meðan á gosi þessu stóð og lengi eptir það, kom enginn maður nærri gosgýgnum eða upptökum þessara fádœma. En lengi um vorið og sumarið rauk í sífellu úr sama stað, og bjuggust menn við, að þá og þegar mundu aptur einhver ósköp yfir dynja, en ekki varð af því. Það var fyrst um sumarið í júlímánuði, að menn komu að upptökum gossins. Það voru þeir Watts hinn enski, jöklafari, og fjelagar hans. Sáu þeir engan annan eldgýg í Dyngjufjöllum, en eldgýginn í suðurhorni Öskju, þann er Mývetningar fundu um veturinn. Hafði þar, sem líklegt var, nokkuð umbreytzt frá því er þeir voru á ferðinni. Watts lýsir upptökum þessa merkilega goss hjer um bil á þessa leið: „Aðalgýgurinn lítur út eins og þríhyrnd dœld eða gjá, og sjást glöggt niðri á botni skálarinnar 3 raðir af sprungum og ójöfnum glufum, sem ganga út frá miðjunni á skálinni, ein til suðurs, önnur til landnorðurs, og ein í útnorður. Úr þeim rauk og gaus enn (í júlí) bæði svæla, vatn og leðja, og fylgdi því ódœma dunur og dynkir. Norðurbarmur gjárinnar er hraunveggur, sem myndar allbratta hlíð, nálægt 200 feta háa ofan eptir skálinni, en síðan smáminnkar hallinn, unz að botninum kemur. Að austan og vestan er gjáin lukt fellum, og ná toppar hinna hæstu 1000 fet yfir Öskju sjálfa. Þau eru eins og klippt eða skorin þeim megin sem inn snýr — svo eru þau brennd af gosunum — svört, þvergnípt og fjallhá. Úr þeim björgum hrynur sí og æ grjót og skriður, svo ekki skiptir mínútum í milli. Að eins í einum stað virtist mega komast niður eptir einni vikurskriðunni; en ofan á botn í skálinni verður ekki komizt, því að neðst tekur við hvöss brún eða flug allt umhverfis botninn“. Þannig var umhorfs í gini því, er gosið hafði úr sjer öskunni miklu.

Nú er þar aptur til að taka, að eldur hófst að nýju á Mývatnsöræfum. Það var 4. dag aprílmánaðar um kveldið. Eldurinn hafði nú komið upp suður og austur af fjalli því, er Búrfell heitir, milli þess og Jökulsár. Annan dag eptir fóru nokkrir menn að skoða eldinn. Á leiðinni þangað heyrðu þeir dunur svo miklar og þungar, að þeim þótti líkast því sem margir stórfossar steyptust af fjallsbrún fram. Þá er þeir

komu á eldstöðvarnar, sáu þeir, að eldurinn kom upp úr 3 hraunborgum, er voru hver suður af annari, og hafði eldurinn hlaðið þær útan um sig af jafnaljettu. 50 til 80 faðma vestur af borgum þessum hafði við eldsumbrotin myndazt jarðsprunga mikil, og land þar sokkið hjer um bil 3 mannhæðir; hallaðist hið sokkna land upp á við til austurs. Um kvos þessa hafði eldhraunið runnið suður og austur af borgunum, en nú er þessir menn voru á ferðinni, rann það til suðurs og vesturs, og sáu þeir, hvernig eldstraumurinn þokaðist áfram. Af eldborgunum var sú hin nyrzta stœrst, og var aflöng að lögun. Í henni voru eldgýgarnir svo margir og þjettir, að eldarnir upp úr þeim sýndust sem eitt bál á 300 faðma löngum spöl. Einn af ferðamönnum þeim, er gos þetta skoðuðu, segir svo frá, að eldstöplar hafi staðið jafnt og þjett upp úr borginni, og að sjóðandi hraunið hafi spýtzt hjer um bil 200—300 fet í lopt upp í samanhangandi stöpli, líkt og þá er hver gýs. Gosinu lýsir hann þannig: „Toppurinn á stöplinum breiðist út og fellur niður í smápörtum eins og dropar úr vatnsgosi, og dökknuðu þeir jafnharðan og þeir losnuðu við stöpulinn og klofnuðu í marga parta, og sprungu æ meir og meir, eptir því sem þeir kólnuðu, en þó voru þeir svo bráðnir, er þeir komu niður á barminn, að úr þeim skvettist eða þeir flöttust út líkt og vatni hefði verið skvett“. Slíka eldstöpla sáu þeir marga koma upp úr eldborginni, helzt til endanna, og gátu þeir stundum talið milli 20 og 30. Bláa gufu lagði upp af gosi þessu; varð hún því þynnri og ljósleitari sem ofar dró; en svo var mikið afl í henni, að hana lagði beint í lopt upp mörg hundruð faðma, þótt hvass vindur væri. Miklar dunur voru niðri í borginni af hinum vellanda eldi, en stundum heyrðust hvellir svo miklir, sem skotið væri af fallbyssum. Líkt var gosið í hinum syðri borgunum, en nokkru minna.

Að kveldi hins 8. dags aprílm. og fyrra hluta nætur bar mikið á eldgangi nálægt hinum sömu stöðvum. Lagði eldrauðan bjarma hátt á lopt upp, og úr vesturs veitum var útsýni til austurloptsins hið skrautlegasta, og með fjölbreyttum litum eptir skýjalögum. Sást þá eldurinn víðs vegar um norðurland, og var víða bjart í húsum inni sem af tunglsljósi. Þótt það kveld bæri einna mest á eldinum, þá ætla menn það eigi hafa komið af því, að eldur væri þá uppi í mesta lagi, heldur af því, að loptslagi var svo háttað, að skýin á austurloptinu fyrir austan eldinn köstuðu eldbjarmanum til baka vestur yfir sveitir.

Hinn 10. apríl kom enn eldur upp nálægt þeim stöðvum. er eldarnir höfðu komið upp 18. febrúar og 10. marz. Sá eldur var allmikill; en hann datt snögglega niður næsta dag, og lá niðri nokkra daga, þar til er hann aptur kom upp á sama stað 20. apríl. Þá voru eldsumbrotin og dunurnar meiri að heyra en nokkru sinni fyr. Á fyrsta sumardag fóru 4 menn að skoða það, er hjer hafði gjörzt, og var það eigi lítið. Þar sem áður höfðu verið fagrar, grasi grónar sljettur, var nú að sjá hrikalegur fjallahryggur, með mörgum eldgýgum. Í þremur þeirra voru dunur fjarska-

og hvellir miklir á milli; hristist jörðin svo sem allt ætlaði um koll keyra. Gýgarnir spúðu í sífellu bæði grjóti og gjalli hátt í loft upp. stu steinarnir voru 45 sekúndur á niðurleiðinni, en gjallið og sindrið svo hátt, að áhorfendur misstu sjónar á því, þar til er það kom aptur r langar leiðir þaðan eins og hríðardrífa. Hvítglóandi eldá rann vest- ur gýgunum, og hefur mönnum svo sagzt frá, að voðalegt hefði verið, já hana vella og heyra hana grenja á jafnfögru landi. Þetta eldgos í 4 daga, eða til 24. apríl. Þá datt það niður aptur, og upp frá því lengi kyrrt þar á öræfunum.

Mikil vegsummerki voru orðin á öræfunum eptir öll þessi gos og sumrót. Hraunið, sem myndazt hafði, var talið hátt á 3. mílu að lengd, misbreitt; þar sem það var breiðast, var það yfir 1000 faðma, en þar a það var mjóst, nálægt 500 faðma. Mjög var hraunið kömbótt, óslijett laust í sjer, svo að illfært var yfir það bæði mönnum og skepnum. Yfir líta var hraunið hvítflekkótt, sem virtist vera af gufu, er lá yfir því, en ns staðar var brennisteinslitur á. Upp úr hraunina stóðu víða eldborgir, as og smáfell í stórum þyrpingum. Voru þær skeifumyndaðar, og að því rti óllkar hinum fornu eldborgum í Mývatnshrauni, sem eru eins og koll- t fell eða hólar með skál í miðju. Þá höfðu og víða í hinu nýja hrauni yndazt gjár, jarðföll og sprungur; höfðu sumar þeirra horfið aptur undir raunið, en sumar stóðu eptir; voru þær sums staðar 3 álna breiðar, en ms staðar hafði jörð sigið öðrum megin við sprungurnar, og þannig mynd- st gjáveggir, fullar 2 mannhæðir. Þannig voru hin helztu vegsummerki ptir eldganginn á öræfunum um veturinn og vorið, en síðar varð þó enn okkur breyting á, því að eigi var eldsumbrotum þar enn með öllu lokið.

Eptir öll þau umbrot og býsn, sem hjer hefur verið sagt frá að raman, varð nú langt hlje, svo að hvergi urðu menn elds varir. 1. og 2. áli sögðu menn aptur kominn upp eld á Mývatnsöræfum, nokkru austar en á hinum fyrri stöðvum, en sú sögn var síðar borin aptur, og virðist eigi mikið hafa kveðið að þeim eldgangi. Nú leið og beið enn nokkra hríð, þangað til hinn 15. dag ágústmánaðar. Þá kom enn upp stóreldur á Mývatnsöræfum, og er hann talinn mestur allra þeirra elda, er þar höfðu verið uppi. Milli dagmála og hádegis þann dag fannst á Grímastöðum á Fjöllum snöggur kippur af jarðskjálfta, og því nær í sömu svipan sáu menn víðs vegar úr sveitum nyrðra mikla reykjarstróka þjóta upp af Mý- vatnsöræfum, og að því búnu eldgos mikið á hinum sömu stöðvum, sem gosin höfðu verið um vorið. Watts jöklafari var þá staddur á Stóruvöll- um í Bárðardal; og er hann sá, hvað gjörðist, brá hann skjótt við og lagði af stað til að skoða gosið, en varð veðurtepptur einn dag. Hinn 17. ágúst lagði hann austur á öræfin við annan mann. Þegar þar var komið, sáu þeir 20 reykjarstróka í sömu línu. Við norðurenda þeirra voru 2 þjettar þyrpingar af svörtum hólum. Upp úr syðsta hólnum stóðu 2 svartir reyk- jarstöplar, en þeir kæfðust aptur niður af veðri og þykku vikurmistri, er lá yfir hrauninu. Í norðanverðum hólaklasanum gaus upp strókur miklu

meiri. Þar var aðalgýgurinn, og spýtti hann upp úr sjer grjóti, ösku og mistri. Stóð svo nokkra stund, en þá herti aptur á gosinu, og lýsir Watts þeim atburðum þannig: „Skyndilega heyrðist vobrestur mikill, og allt varð í ljósum loga í kringum gýginn; skot reið af eptir skot, en logandi bjórg flugu í lopt upp og hurfu okkur upp í hin þykku gufutjöld í loptinu; en jörðin, sem við stóðum á, og klettarnir í kring hristust sem á þræði ljeku. Því næst vallt hraunflóð ofan af norðurbarmi gýgsins, en hinn hái eldstólpi hvarf, og tómir steinar og sindur flaug nú upp úr gjánni. Þetta grjótgos breytti ýmislega lagi og stærð; stundum liktist það býflugnassveim að sjá innan í reyknum, vart hærra en 100 fet yfir gýgnum, en stundum skaut upp heljarmiklum strók með skothörðu kasti, meðan brast við og gnast í grjótmölinni, er hún dundi út um loptið. Þá kom stundarhlje; en er minnst varði, kom hvellur mikill; rifnaði þá norðurhlið hraunketilsins, og vall þar fram hvítglóandi hraunflóð, sem ólgaði og steyptist eins og fossfall niður yfir hið dökkva hraun frá í vor; fylgdi flóðinu þykk svæla og smellir og brestir, en bjórg og steinar brustu og sundurleystust; og loks varð flóðið að ljósrauðri, seigri eldleðju, sem fyllti gjótur eldra hraunsins, og myndaði palla, sem lýstu fyrst um stund, en sortnuðu smámsaman og hurfu niður í hraunið". Að miðaptni var rokkið; svo var eldmóðan mikil; en kringum gosið sjálft var bjart af eldinum. Fóru þeir Watts þá svo nærri gosinu sem fært var fyrir hita og háska, og litnðust um. Gosið hafði komið upp úr svörtum hraunborgum, er allar til samans mynduðu óreglulega keilu. Í keilu þessari hafði í fyrri gosunum opnazt mikill gýgur, en norðurbarmur hans sprungið frá við gosin. Upp úr miðri skál þess gýgs stóð aptur önnur keila, og það var hún, er nú var að gjósa. Norðurbrúnin var hjer einnig brostin, og vall þar út hraunglóð mikil. Upp úr hinni nýju keilu stóð nú þykkur stólpi rauðglóandi, en gegnum allar glufur á hliðunum skein í logandi glóðir, svo bjartar, að keilan sýndist öll eldi vafin. Við norðurrætur eldgýgsins var minni gýgur, og annar litlu norðar upp úr sjálfu hrauninu. Niðri í þessum gýgum heyrðist mikið brak og brestir við og við, en upp úr þeim lagði bjarta loga, og hraunflóð mikið vall úr þeim yfir sandana þar í kring. Nótt var komin, þá er þeir Watts hurfu aptur frá eldunum til tjalds síns, og tók Watts þá að skinaði glóandi hraunmola og kveikti með honum í tóbakspípu sinni. Frá tjaldinu horfðu þeir enn lengi á eldana. Logaði upp úr gýgunum alla nóttina, en niðri fyrir dundi og drundi með voðalegum gný og ógnarbraki. Um morguninn eptir kannaði Watts aptur hinar rjúkandi hraunborgir. Hafði aðalgosborgin hækkað hjer um bil um 50 til 60 fet um nóttina; en þá var gosið í rjenun. Fyrir sunnan aðalborgina voru nú komnir 3 gýgir; gusu 2 þeirra þjettum reyk, en upp úr einum þeirra lagði ljósgula brennisteinsgufu. Meðfram endilangri gjá þeirri hinni miklu, er myndazt hafði í fyrri gosunum; stóðu hjer og hvar hraunborgir misstórar, og rauk meira og minna úr þeim öllum, en mest úr þeirri mestu, Dæld mikil, er sums staðar var meir en hálf míla að breidd, hafði myndazt umhverfis gjárnar

orgirnar, og djúpar sprungur voru víða um sandana; sneru þær allar og hraunlínan sjálf, en dýpkuðu og víðkuðu eptir því sem nær dró inni, og er að henni kom, hurfu þær allar í eitt óskapnaðarumrót. úr öllum þessum sprungum hafði gosið, og enduðu þær allar í mörgmárifum, er voru hvítar um barmana af brennisteini. Ekki gat ts kannað gosið og vegsummerkin eptir það eins nákvæmlega og hann sökum hitans og goslopts þess, er lagði upp úr hraunínu mörg hundruta frá aðalgosinu.

Þetta gos, sem hjer hefur verið frá sagt, var hið mesta og síðasta os á Mývatnsöræfum. Úr öllum gosunum á öræfunum hafði komið ngrýti, sindur og aska, en enginn reglulegur vikur. Þar á mót hafði yngjufjallagosinu mestmegnis komið vikur og vikuraska, og jafnframt ifloð nokkuð. En þó að þessi mismunur hafi verið á gosunum, er ólíklegt, að þau kunni eigi að síður að hafa staðið í einhverju sambi hvort við annað, og ein eldæð hafi legið í jörðu niðri milli hvorraja aðaleldstöðvanna, allt sunnan úr Dyngjufjöllum og norður á Mýöræfi. Á hvorugum stöðunum komu stóreldar upp eptir þetta, eða niðjum ágústmánuði og allt til ársloka. Á síðasta sumardag kom þó eldur talsverður upp á Mývatnsöræfum, en datt snögglega niður aptLengi sást eptir það rjúka á báðum aðaleldstöðvunum við og við; og þótti mönnum auðsætt, að ekki mundi eldurinn vera slokknaður um kin.

Þá er að geta um tjón það, er leiddi af gosum þessum. — Tjón er leiddi af gosunum á Mývatnsöræfum, var furðanlega lítið, eða að ta kosti miklu minna en við mátti búast, svo nærri sem eldstöðar voru mannabyggðum. Þess er áður getið, að eldhraunið rann yfir veg þann, er liggur yfir öræfin. Þetta olli því, að þjóðvegurinn varð að norður fyrir hrauntaglið, en það var eigi mjög langur spölur, og varð krókurinn á leiðinni ekki mikill. Meira tjón gjörði hraunflóðið með ið spilla afrjettarlöndum Mývetninga. Á svæði því, er hraunið rann voru hagleysur að sunnanverðu, en undir því norðanverðu varð gott arland. Víðar skemmdist og afrjettur, en þar sem hraunið sjálft lagðfir, því að nokkuð af hraunmölinni þeyttist langar leiðir, og kom r sums staðar á góð haglendi. Þá voru og hættur miklar búnar fjennanna, er gengur þar um öræfin, af sprungum þeim og jarðföllum, yndazt höfðu í hrauninu og þar í kring; en talin er það bót í máli, jár þessar sjeu víða svo óárennilegar, einkum í hrauninu sjálfu, að n skepna leggi sjálfráð út á þær á auðri jörð; en meiri hættuvon er r á vetrardag, þá er snjór liggur yfir. Eigi hefur þess þó heyrzt getð af þessu hafi leitt fjártjón til muna. Það má telja allmerkilegt, og anlega hlífð, að ekkert manntjón varð af gosum þessum, svo djarft margir fóru, er þeir voru að skoða gosin; því að það bar nokkrum um til, að þar sem menn höfðu staðið um stund, og þótzt óhultir,

brast jörðin rjett á eptir sundur eða seig niður, eða eldur kom þar upp, og hraunflóð vall yfir.

Af eldgosinu í Dyngjufjöllum, er liggja miklu fjær mannabyggðum en Mývatnsöræfi, varð þar á mót, svo sem kunnugt er, tjón mjög mikið. Það var á annan dag páska, er fjöllin spýttu hinum ógurlega vikurðskumekki austur yfir landið, svo sem fyr er sagt. Í sveitum þeim, er askan fjell yfir og fyr eru upp taldar, varð þegar alveg haglaust fyrir allan fjenað; svo þykkt lá öskulagið yfir jörðinni. Raunar reif öskuna víða af þúfum eptir nokkra daga, en skán eða skóf sat þó eptir í grasrótinni. Sums staðar feykti öskunni aptur yfir, þar sem áður hafði af rifið. Hjer var því í bráð fullkomið bjargarbann, og var eigi annað fyrir hendi fyrir bændur, en að koma því af fjenaði, er eigi var fóður fyrir, burt í þær sveitirnar, er öskulaust var í. Sumir fóru með allt sauðfje sitt og hesta, einkum af Efra-Jökuldal, og sömuleiðis margir úr Fljótsdal, Skógum, Fellum, Völlum og Eiðaþinghá; aðrir fóru með geldfje allt og margt af hestum. Miklu var rekið af fjenaði í Vopnafjörð, Hlíð, Tungu og Hjaltastaðaþinghá og einnig talsvert í hinar syðri öskulausu sveitir. Brugðust menn alls staðar við hið bezta að greiða úr vandræðum öskusveitanna, og var þó ærinn þungi að taka við svo miklum fjenaði. Sums staðar fylgdi og nokkuð af fólki til að gæta fjenaðarins. Nokkuð af afrjettarlöndum öskusveitanna var öskulítið, einkum afrjettir Skriðdæla og Fljótsdæla. Ráku þeir þangað mörg þúsund fjár, en ekki voru hagar þar hreinir, og var ervitt að halda þar svo mörgu fje, sem þar var saman komið. Af öllum öskusveitunum var Jökuldalur hinn efri verst farinn, og var talið víst, að þar mundu 20 býli leggjast í eyði, að minsta kosti eitt ár, og sum sjálfsagt lengur, ef ekki fyrir fullt og allt. Margir gjörðu þá og í öðrum sveitum ráð fyrir að ganga frá jörðum sínum. En hinir hyggnari og gætnari menn voru þess mjög letjandi; sáu þeir sem var, að ef menn flýðu jarðir sínar, þá mundu þeir hinir sömu því fyr verða bjargþrota, og auk þess ofþyngja hinum öskulausu sveitunum svo, að þær eigi gætu risið undir því, og af þessu öllu saman mundi leiða hin mestu vandræði. Lögðu því flestir bestu menn það til, að menn skyldu reyna að bjargast á jörðum sínum heima, svo framarlega sem þess væri nokkur kostur. Svo var og víðast gjört, nema á Efra-Jökuldal. Þaðan flýðu flestir bóendur með allt sitt, flestallir í Vopnafjörð. Er svo sagt, að að eins ein fátæk ekkja hafi ærzt að vera eptir í dalnum með búslóð sína. Óvænlega horfðist mjög á í öllum öskusveitunum með heyskap og haga að sumrinu; en nokkru fór þó betur en á horfðist. Hvassviðri komu endur og sinnum um vorið, er feyktu öskunni af þúfum og bökum. Seint í maímánuði komu og stórrigningar í fjörðunum og víðar, og rigndi þá hið smæsta af öskunni niður í grasrótina. Um fardaga var farið að láta kýr út alls staðar, til að ljetta gjöfina, en sums staðar var þá alhætt að gefa þeim. Hrossahagar voru þá og nokkrir komnir, og sömuleiðis sauðhagar. Téku þá margir að reka heim aptur geldfje sitt, það er þeir höfðu geymt í öskulausu sveitunum, og allmargir

ær sínar. Gróður allur var gisinn mjög, en furðu kjarngóður. Svo
ia sem unnt var, tóku menn að hreinsa tún sín. Þar sem vatni
eitt á tánin, varð hreinsunin miklu auðveldari, því að askan skolað-
tur burt með vatninu; þá færðu menn og öskuna í gryfjur, er til þess
jörvar í lágum í túnunum, og báru þar yfir torf og mold og hroða.
eykti öaku yfir aptur þar sem hreinsað hafði verið, en þá var hreins-
tur. Í hreinsanir þessar gengu nær allar voryrkjur; er gjört orð á
ive kappsamlega menn hafi gengið að þessu verki, enda hafði það
árangur, að tánin urðu ekki ónýt það sumar. Jafnvel leit svo út
n af sumri sem allgóður grasvöxtur mundi verða á túnum, en þá
hitar miklir og langvinnir, svo að jörðin varð of þurr og sums staðar
rennd, einkum á bölum og hólum. Af hinum hreinsuðu túnum fjekkst
m bil helmingur af töðu móti því sem er í meðalári, en sums stað-
kkru meira. Af engjum fjekkst enn minna að tiltölu, sums staðar
ngur móts við í meðalári, sums staðar allt að sjöttungi, sums staðar
neitt, einkum á þurrlendum jörðum. Víða höfðu menn raunar reynt
einsa engjarnar eins og túnin, en fáir fengu annað því svo sem þörf

Var grasið því sums staðar svo gisið upp úr öskuskófinni, að
maðurinn sló ekki nema á 1 hest á dag, eða jafnvel enn minna. Það
og nokkuð um, hvað lítið fjekkst af engjum, að engjasláttur byrjaði
asta lagi, sökum þess hvað seint gekk að slá túnin. Alls staðar
igbeitt mjög, einkum á öllu harðlendi. Það fór að líkindum, að eigi
t menn í að setja jafnmargt fje á vetur sem að undanförnu, og
ðu margir fje sínu til muna, sumu heima hjá sjer, en sumt ljetu
kaupstaði fyrir korn handa því fje, er eptir var og sett var á vetur.
ar óvenjulega feitt á hold, í meðallagi mörvað, en ullarlítið. Ekki
ikið á veikindum í fjenaði, en víða voru kindur klaufsárar, og margt
gu fje var meira eða minna tanngallað. Því var helzt lógað, en hið
ina sett á, og lifði rúmur helmingur af því hjá flestum, en hjá sum-
llir tveir þriðjungar og þar yfir. Um sumarið og haustið komu
r rifveður, er feyktu öskunni og dreifðu; rauk þá nokkuð á hinar
æsu sveitir, en eigi til skemmda. Á mýrum og mosum sat askan
, og var þar enn undir árslok eins til þriggja þumlunga þykkt ösku-
Þó var askan þá yfir höfuð mikið farin að þverra.

Það er ómögulegt að telja til skaða þann allan, er öskufall þetta
gjört bjeruðum þeim, er urðu fyrir því, og þá því síður að meta
til nokkurs verða, en víst er það, að tjónið varð mjög mikið. Svo
gt, að 16 bæir á Efra-Jökuldal hafi alveg lagzt í eyði um sinn, en
eða minni skemmdir hafi orðið á undir 200 jörðum öðrum. Raunar
ð talið víst, að flestar þessar jarðir nái sjer aptur þegar fram líða
ir, og sumar þeirra að líkindum innan skamms. Einnig þykir lík-
að jarðir þær, er í eyði lögðust, muni aptur verða byggilegar með
um, en þó óvíst, að sumar þeirra bíði nokkurn tíma fullar bætur.
r talið mjög misráðið, að fólk flýði af jörðum þessum og reyndi eigi

að hreinsa túnin, og fyrir þá sök ætla menn, að jarðirnar verði miklu lengur að ná sjer aptur; en þó var mönnum það vorkunnarmál, því að eigi var fyrirsjáanlegt annað en að skemmdirnar yrðu miklu meiri en þær þó urðu að lokum. Það hefur mörgum þótt einna hörmulegast við áfall þetta, að fyrir urðu þær sveitir, er sumar hverjar eru taldar hinar bestu á landinu, en á annan veg skoðað má þó fremur kalla það happ en óhapp, úr því sem gjöra var, að þær urðu heldur fyrir því en aðrar fátækari sveitir, því margar ljelegar og fátækar sveitir hefðu engan veginn getað risið undir slíku áfalli og algjörlega hlotið að leggjast í auðn. En afleiðingarnar hljóta einnig hjer að verða mjög hörmulegar, svo sem þegar hefur raun á orðið, og þó hyggja menn, að meiri vandræði og bjargræðisleysi muni hjer af leiða á næstu árum en orðið hefur þetta hið fyrsta ár. Eitt gott vona menn þó að hjer af leiði, en það er það, að askan verði með tímanum að áburði, því að í henni sjeu nokkur gróðurefni; en jörð er hjer sem annars staðar mjög þrotin af frjófgunarefnum og áburðarþurfi.

Að lyktum er hjer vert að geta þess, hvað gjört var af öðrum út í frá til þess að bœta nokkuð úr bágindum öskusveitanna. Þess er áður getið, að búendur í hinum öskulausu sveitum í grennd við öskusveitirnar brugðust vel við, að taka á móti fjenaði úr öskusveitunum, þá er þar varð bjargarlaust um vorið, og auk þess liðsinntu þeir þeim á ýmsan hátt. En nú voru einnig samskot hafin. Jafnskjótt sem ótíðindin spurðust til Danmerkur, tóku menn sig þar saman um að safna fjegjöfum. Konungur sjálfur gaf 1000 krónur, krónprinzinn 500 krónur, sömuleiðis börn konungs og aðrir ættingjar sinn skerf. Þá gáfu og íslenzkir kaupmenn í Kaupmannahöfn og Íslendingar þeir, er þar búa, og margir aðrir, sumir allríflega. Alls voru 10,000 krónur sendar frá Kaupmannahöfn til landshöfðingjans í Reykjavík með hinni þriðju póstskipsferð. Í Norvegi voru einnig samskot gjörð, og safnaðist þar nálægt 11,000 krónur. Mest urðu samskotin í Englandi. Er svo sagt, að samskotin hafi þar orðið rúmar 40,000 krónur. Sem við var að búast voru einnig gjörð samskot á Íslandi sjálfu. Í Reykjavík myndaðist nefnd manna í því skini (riddari Jón Sigurðsson, ritari Jón Jónsson, ritstjórarnir Björn Jónsson og Matthías Jochumsson og alþingismaður Tryggvi Gunnarsson). Nefnd þessi sendi áskoranir og boðsbrjef víða um sveitir, og jafnframt skrifaði byskup prófastum til presta, en amtmenn sýslumönnum til hreppsnefnda, að hvetja til samskota handa öskusveitunum. Var þessu víða eða alls staðar vel tekið, og fjöldi manna lagði nokkurn skerf fram í þessu skini; safnaðist á þenna hátt allmikið fje, en eigi er enn fullkunnug upphæð samskota þessara. Eigi er heldur enn kunnugt nema að nokkru leyti, hvernig samskotafjenu var ráðstafað. Þær 10,000 krónur, sem fyr eru nefndar, að komið hafi frá Danmörku, sendi landshöfðingi til sýslumannanna í Múlasýslum, 5000 kr. í hvora sýslu, og þótti það skipt nærri lagi, eptir því tjóni sem hver sýslan hafði beðið. Var þessum gjafapeningum skipt manna í milli í Norður-

sýslu þegar um sumarið, en í Suður-Múlasýslu um haustið. Fyrir kotafje það, er safnazt hafði í Englandi, rjeð samskotanefndin þar það kaupa fóðurkorn handa öskusveitunum. Um haustið var sent gufuskip Austfjarða með 150 tons af gripafóðurkorni, nefnilega 2000 tíu fjórðsekki af maís, 500 sekki af byggi og 500 sekki af höfrum. Eiríkur nússon, bókavörður í Cambridge, er verið hafði öflugur hvatamaður að kotunum á Englandi, hafði keypt korn þetta og kom nú sjálfur með nu. Lagði hann það til, að fóðurkorn þetta lenti einkum í þeim öskuuum, er eingöngu hafa við fjenað að bjargast, og svo varð. Kornng þessi kom sjer einkarvel, og er svo talið, að fyrir hana megi halda 6000 fjár fleira en ella. Skipið tók aptur 700 skurðarfjár, og guldu endingar 10—17 krónur fyrir kindina. — Allar þessar gjafir hafa talsrjett við hag margra nauðstaddra í öskusveitunum, þótt langt sje frá llbœttur sje skaðinn. En það er von manna, að þetta dugi þó til að ráða úr neyðinni í bráðina, og gjöra þessum sveitum hœgra með etta við aptur, sem menn ætla að ekki verði mjög langt að bíða, ef ekki mœta neinum áföllum.

Áður en skilizt er við þenna frjettakáttt, er flest sögulegt í hefur fram á fjöllum uppi, virðist eiga við að geta um förina yfir najökul. Frá því er sagt í fyrra árs frjettum, að hinn enski jökla-Watts gekk á jökulinn, en varð aptur að hverfa sökum illviðra. Nú hann aptur, og vildi nú láta til skarar skríða, og komast, ef verða i, alla leið yfir jökulinn. 24. dag júnímánaðar lagði hann upp frá tað við 10. mann. Í för hans var Páll Pálsson úr Vestmannaeyjum, fylgt hafði honum árið áður, og Pálsfjall var við kennt, en hinir voru tfellingar; voru þeir allir hinir vöskustu menn. Þeir lögðu upp á jökí landnorður frá Kálfafellsstað. Farangur sinn allan (nesti, tjald, poka o. fl.) bundu þeir á tvo skíðasleða, og drógu yfir jökulinn; en sína sendu þeir austur yfir sveitir allt norður á Vopnafjörð. Þegar ir komu upp á jökulinn, hrepptu þeir óveður og ófœrð mikla, en var litið, og hlóðst snjór fyrir sleðana, svo að opt varð að bera farinn. Eptir einn dag og tvær nætur komu þeir að Pálsfjalli. Þá Watts fjóra af fjelögum sínum aptur suður til byggða, og voru þeir ptir sex saman. Í tvo daga urðu þeir að vera kyrrir við Pálsfjall a ófœrðar, en eptir það hjeldu þeir áfram norður eptir jöklinum. En leið á löngu, áður en skall á þá harðasti hríðarbylur, með gaddfrosti. þeir þá staddir 6000 feta hátt yfir sjávarflöt. Þá var eigi fœrt að lengur áfram um sinn, og tjölduðu þeir þar á jökulhrygg einum, er 150 feta hár. Þar ætlar Watts jökulinn hæstan. Í tjaldinu urðu að láta fyrirberast í þrjá sólarhringa, því að sífellt stóð bylurinn, og var jafnaðarlega 25 stig (eptir Réaumurs mæli). Áttu þeir mjög ; með, að verja sig frosti og fönnum. Á 7. dœgri sán þeir sjer þar lengur við vært, með því líka að vistir þeirra voru að þrotum komn-

ar. Um morguninn, hinn 6. júlí tóku þeir sig upp, og hjeldu norður á leið, en litlð sáu þeir, hvað þeir fóru, því snjóburður var og dimmviðri. Frost var þá í mesta lagi, eða frá 25 til 30 stiga. Þó hjeldu þeir áfram þann dag allan, og villtust eigi, þó að bylurinn væri. Um kveldið rýmdi til í lopti, svo að sá til fjalla norðanvert við jökulinn. Þau fjöll voru Dyngjufjöll, Kistufell og Skjaldbreið. Um miðjan dag hinn 7. júlí komu þeir norður af jöklinum, austan undir Kistufelli. Þar skildu þeir eptir sleðana, og það af farangri sínum, er missast mátti og byrðarauki var í. Þaðan fóru þeir um kveldið; hjeldu þeir norður Ódáðahraun, og komu loks að Grímsstöðum á Fjöllum snemma dags 10. júlí; höfðu þeir þá verið matarlausir nálega tvo sólarhringa. — Þessi för var hin fyrsta, er farin hefur verið alla leið yfir þveran Vatnajökul, og urðu þeir Watts mjög frægir af förinni, er bæði var hættuför og þrekraun mikil. — Eigi gat Watts kannað jökulinn svo sem hann vildi, sökum illviðra þeirra, er hann hreppti. Kvaðst hann eigi geta annað um hann sagt, en að hann sje einn jökulfláki, er hvíli á eldfjallaklasa, og meeni toppar margra þeirra upp úr snjónum. Eld þann, er uppi var vorið 1872, hugði hann hafa verið í Kverkfjöllum, og þar sá hann nú og rjúka, en eigi gat hann kannað það gjör. Milli Kverkfjalla og Kistufells sagði hann að sigið hefði ofan jökultunga mikil, og að í tungu þeirri væru upptök Jökulsár á Fjöllum, en eigi undir Kistufelli, svo sem menn hafa áður ætlað. Hinn 13. júlí fór Watts aptur upp til fjalla, að skoða Skjaldbreið og Dyngjufjöll. Frá lýsing hans á eldsupptökunum í Dyngjufjöllum er áður sagt, og sömuleiðis lýsing hans á gosinu á Mývatnsöræfum, 15. dag ágústmánaðar.

Landstjórn.

Nú víkur sögunni aptur til almennra tíðinda; og er þá fyrst að segja frá alþingi, er var hið 15. þing, en hið 1. löggjafarþing. Þingsetutími þeirra alþingismanna, er átt höfðu setu á síðustu þingum, var nú útliðinn, og ný þingskipun var komin á með stjórnarskránni, er meðal annars breytti tölu þingmanna. Kosningar til hins nýja þings fóru víða í hjeruðum fram um haustið 1874, en sums staðar var þeim frestað til vors 1875. Áður en kosningar fóru fram, virtist vera allmikill áhugi í mönnum, að vanda nú kosningarnar sem mest mætti verða, og var tíðrætt um það í ræðum og ritum manna. Kjörfundir voru og víða samtlega sóttir, einkum norðanlands, og sums staðar varð talsverð keppni um það, hverjir kosnir yrðu. Aptur á mót voru kjörfundir sums staðar linlega sóttir, og þótti það lýsa litlum áhuga, en að nokkru leyti virðist það hafa komið af því, að kjörfundirnir voru sums staðar settir á óhentugum tíma, og kosningar dregnar fram á vetur, svo að óveður og ófærð meinaði mönnum að sækja fundina.

Konungur kvaddi til þingsetu þá hina sömu menn, er áður höfðu verið konungkjörnir á hinum síðustu þingum, en það voru þeir:

Þórður Jónassen, forstjóri landsyfirdómsins,
Þjetur Þjetursson, byskup landsins,
Bergur Thorberg, amtmaður í suður- og vesturamtinu,
Jón Þjetursson, dómari í landsyfirdómnum,
Jón Hjaltalín, landlæknir,
Ólafur Pálsson, prófastur á Melstað.

Þjóðkjörnir alþingismenn urðu þeir, er hjer segir:

Fyrir Skaptafellssýslu:
Páll Pálsson, prestur á Prestbakka,
Stefán Eiríksson, hreppstjóri í Árnanesi.

Fyrir Vestmannaeyjasýslu:
Þorsteinn Jónsson, hreppstjóri í Vestmannaeyjum.

Fyrir Rangárvallasýslu:
Ísleifur Gíslason, prestur á Kirkjubæ,
Sighvatur Árnason, hreppstjóri í Eyvindarholti.

Fyrir Árnessýslu:
Benidikt Sveinsson, settur sýslumaður að Ljósavatni.
Þorlákur Guðmundsson, hreppstjóri í Hvammkoti.

Fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu:
Grímur Thomsen, doktor philos. á Bessastöðum,
Þórarinn Böðvarsson, prófastur í Görðum.

Fyrir Reykjavik:
Halldór Friðriksson, yfirkennari við lærða skólann.

Fyrir Borgarfjarðarsýslu:
Guðmundur Ólafsson, bóndi á Fitjum.

Fyrir Mýrasýslu:
Hjálmur Þjetursson, bóndi á Hamri.

Fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:
Þórður Þórðarson, hreppstjóri á Rauðkollsstöðum.

Fyrir Dalasýslu:
Guðmundur Einarsson, prófastur á Breiðabólstað.

Fyrir Barðastrandarsýslu:
Eiríkur Kúld, prófastur í Stykkishólmi.

Fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað:
Jón Sigurðsson, skjalavörður í Kaupmannahöfn,
Stefán Stephensen, prófastur í Holti.

Fyrir Strandasýslu:
Torfi Einarsson, bóndi á Kleifum.

Fyrir Húnavatnssýslu:
Ásgeir Einarsson, bóndi á Þingeyrum,
Páll Pálsson, bóndi í Dælum.

Fyrir Skagafjarðarsýslu:
Jón Blöndal, verzlunarstjóri að Grafarósi,
Einar Guðmundsson, bóndi á Hraunum.

Fyrir Eyjafjarðarsýslu:
Einar Ásmundsson, hreppstjóri í Nesi,
Snorri Pálsson, verzlunarstjóri á Siglufirði.
Fyrir Þingeyjarsýslu:
Benidikt Kristjánsson, prófastur í Múla,
Jón Sigurðsson, hreppstjóri á Gautlöndum.
Fyrir Norðurmúlasýslu:
Páll Ólafsson, umboðsmaður á Hallfreðarstöðum,
Eggert Gunnarsson, umboðsmaður á Eyjhóli.
Fyrir Suðurmúlasýslu:
Tryggvi Gunnarsson, verzlunarstjóri í Kaupmannahöfn,
Einar Gíslason, hreppstjóri á Höskuldsstöðum.

Þingið var sett í Reykjavik venjulegan dag, eða 1. dag júlímánaðar. Voru þar komnir allir þessir þingmenn, nema Jón Blöndal, hinn fyrri þingmaður Skagfirðinga; hann kom eigi til þessa þings. Landshöfðingi Hilmar Finsen setti þingið að konungsboði, og birti þinginu boðskap konungs. Í boðskap sínum minntist konungur á stjórnarskrána, er veitti fulltrúum þjóðarinnar fullnaðaratkvæði í löggjöf og fjárstjórn landsins, og kvað hagsæld landsins nú að miklu leyti vera komna undir þingmönnum. Þá gat hann og um nokkur hinna helztu frumvarpa, er hann ætlaði að leggja fyrir þingið, og skýrði stuttlega frá þýðingu þeirra. Enn fremur minntist hann á ferð sína til Íslands árið áður, og hörmungar þær, er nú hefðu dunið yfir nokkurn hluta landsins af eldgosunum.

Konungur hafði gefið út þingsköp til bráðabirgða, eins og ákveðið var í stjórnarskránni, og var þeim fylgt á þessu þingi. Þingsköp þessi voru frábrugðin hinum eldri þingsköpum einkum að því leyti, sem fyrirkomulag þingsins nú var annað en áður hafði verið. Samkvæmt þingsköpunum unnu nú allir þingmenn eið að stjórnarskránni. Þá skipti og þingið sjer í 2 deildir eða málstofur. Í efri þingdeildina gengu hinir 6 konungkjörnu þingmenn og aðrir 6 þjóðkjörnir, er þingið kaus til þess, en það voru þeir: Eiríkur Kúld, Ásgeir Einarsson, Benidikt Kristjánsson, Torfi Einarsson, Sighvatur Árnason og Stefán Eiríksson. Í hinni neðri þingdeild voru hinir aðrir þjóðkjörnu þingmenn. Forseti hins sameinaða alþingis var kosinn Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, en varaforseti Bergur Thorberg; þingskrifarar voru kosnir Halldór Friðriksson og Eiríkur Kúld. Forseti í efri deild þingsins var kosinn Pjetur Pjetursson, en varaforseti Eiríkur Kúld; skrifarar voru kosnir Ólafur Pálsson og Bergur Thorberg. Forseti í neðri deildinni var kosinn Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, en varaforseti Jón Sigurðsson frá Gautlöndum; skrifarar voru kosnir Halldór Friðriksson og Guðmundur Einarsson. Þá var og stofnuð skrifstofa, sameiginleg fyrir báðar þingdeildirnar, og til forstjóra hennar var tekinn utanþingsmaður, yfirdómari Magnús Stephensen. Landshöfðingi Hilmar Finsen var á þingi, samkvæmt heimild þeirri, er landshöfð-

er veitt til þess í stjórnarskránni, og tók hann þátt í umræðunum á hinu sameinaða alþingi og í báðum þingdeildum.

Konungur ljet leggja fyrir þingið 16 frumvörp til laga, en þau voru:

frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1876 og 1877;

frumvarp til laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna, o. fl.;

frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, o. fl.;

frumvarp til laga um sölu á fjórða parti þeim í silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, sem er eign hins íslenzka landsjóðs, o. fl.;

frumvarp til laga um að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum þeim, sem fluttar eru til Íslands með póstgufuskipinu;

frumvarp til laga um breyting á póstgjöldum frá ríkismynt í krónumynt;

frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur;

frumvarp til laga um kosningar til alþingis;

frumvarp til laga fyrir Ísland um skipaströnd;

frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi;

frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands;

frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga;

frumvarp til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið um birting laga og tilskipana á Íslandi;

frumvarp til laga um breytingar á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872;

frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík;

frumvarp til laga um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

Landshöfðingi lagði þau 8 frumvörp, er fyr voru talin, fyrst fyrir neðri deild þingsins, en hin 8 fyrst fyrir efri deildina. Þannig var t verkum með þingdeildunum; meðan önnur deildin fjekkst við eitt starfaði hin deildin að öðru, og þegar hver deild hafði rætt sitt mál ulls, sendi hún það hinni. En í annan stað voru nú einnig mörg mál fyrir þingið af hálfu þjóðarinnar. Þau voru nú eigi borin fram sem arskrár eins og áður hafði gjört verið, heldur sem tillögur eða uppágur frá þingmönnum sjálfum. Þessar tillögur komu fram smátt og tt um þingtímann, og var þeim, er teknar voru til greina, skipt á milli deildanna á líkan hátt og frumvörpunum. Það voru alls um 80 mál, ingið að þessu sinni tók til meðferðar. Af þeim voru 53 lagafrum-; 16 þeirra voru frá stjórninni, og hafa þau verið hjer talin, en hin voru frá þingmönnum sjálfum. Af þessum 53 frumvörpum voru 26 full-

rædd og afgreidd af þinginu sem lög; þar af voru 11 stjórnarfrumvörp, en 15 frá þingmönnum. 24 frumvörp voru felld; þar af voru 5 stjórnarfrumvörp, en 19 frá þingmönnum. 3 frumvörp frá þingmönnum voru eigi fullrædd, þegar þingi var slitið.

Hjer skal stuttlega skýrt frá úrslitum hinna helztu mála, er fram náðu að ganga, og að lögum urðu:

1. F j á r h a g s m á l i ð var hið umfangsmesta og erviðasta mál, sem fjallað var um á þessu þingi. Raunar var fjárupphæð sú, er um var að gjöra, eigi mikil í samanburði við það, sem tíðkast í flestum öðrum löndum, en þó voru erviðleikarnir miklir; kom það af því, að hjer á landi hefur að undanförnu öll reikningsfærsla og gjaldgreiðsla verið svo flókin og margbrotin, að eigi er gott að grynna í henni; í annan stað var mál þetta nú fyrir alþingi í fyrsta sinn á þenna hátt eða þannig vaxið; og enn fremur vantaði mikið af skýrslum, er nauðsynlegar voru ýmist til þess, að ýmsar greinir gætu skilizt, og ýmist til þess, að sjeð yrði, hvort sumar greinir væru rjettar eða nauðsynlegar. Nefnd sú, er neðri deild alþingis setti til að rannsaka þetta mál, hafði því mjög vandasaman starfa á hendi, og varð að verja til þess miklu af þingtímanum; hún gat því eigi orðið búin með álit sitt fyr en seint á þingi, enda tafði það hana mjög, að verða að leita margs konar skýrslna og skýrteina málinu viðkomandi hjá ýmsum embættismönnum, og sumar slíkar skýrslur gátu þó eigi fengizt. Þegar nú nefndin var búin með álit sitt, þá var eptir að ræða það í báðum deildum, en tíminn var nú orðinn svo naumur, að við sjálft lá, að málið yrði eigi fullrætt, áður en þingi væri slitið, og það því fremur sem talsverður ágreiningur var milli sumra þingmanna og landshöfðingja um einstök atriði málsins, einkum að því er snerti nokkrar útgjaldagreinir. Þó lögðust þingmenn og landshöfðingi á eitt með það, að flýta svo fyrir málinu sem unnt var, svo að það varð fullrætt í báðum deildum og útkljáð í þinglok.

Í frumvarpi stjórnarinnar var svo áætlað, að t e k j u r landsins yrðu 481967 kr. 46 aurar fyrir bæði árin 1876 og 1877. Þingið breytti þessari tölu, og ákvað, að tekjurnar yrðu 579593 kr. 46 aurar. Þessi hækkun var fólgin í því, 1. a ð þingið bætti tekjum póstsjóðsins, er töldust 15000 kr., við tekju megin, en í frumvarpi stjórnarinnar höfðu þær verið taldar útgjalda megin; 2. a ð það hækkaði gjaldið af brennivíni um 87600 kr., eða úr 78400 kr. í 160000 kr.; 3. a ð það færði vexti viðlagasjóðsins upp um 1826 kr., eða úr 5556 kr. í 6782 kr. Þar á mót færði þingið tekjur af nafnbótaskatti niður um 200 kr., eða úr 600 kr. í 400 kr. Tekjur póstsjóðsins færði þingið yfir í tekjudálkinn, af því að því þótti það skipulegri reikningsfærsla; en þá voru útgjöldin aptur hækkuð með hinni sömu upphæð. Gjaldið af brennivíni hækkaði þingið svo mjög, af því að það bjóst við, að aðflutningar á brennivíni mundu aukast hin næstu ár.

Í frumvarpi stjórnarinnar var svo áætlað, að ú t g j ö l d landsins fyrir 2 næstu ár mundu verða 481967 kr. 46 aurar; þar af voru 67606 kr. 9 aur.

aðar til þess að leggjast í hjálparsjóð sem afgangur, svo að hin beinu öld voru áætluð 414361 kr. 37 aurar. Þingið ákvað útgjöldin þar á 451895 kr. 71 eyri. Breyting þessi var fólgin í ýmsum atriðum. Þingið kaði upphæðina á fje því, er ætlað var að gengi til hegningarhúss- í Reykjavík um 1085 kr., eða úr 3588 kr. í 2503 kr. um árið, sömu- s upphæðina á fje því, er ætlað var til útgáfu stjórnartíðind- a um 100 kr. eða úr 1140 kr. í 1040 kr. um árið, og fje því, er ætlað til útgáfu lagasafns fyrir Ísland (á dönsku) um helming, með að veita 1866 kr. 66 aura fyrir bæði árin í staðinn fyrir hvert ár fyrir

Þá af nam það og alveg 29330 kr., er stjórnin hafði ætlað til að- rðar dómkirkjunni í Reykjavik, og sömuleiðis 192 kr., er verið i styrkur til fyrrum landseta á konungsjörðum í Gullbringu- a, í stað Gufunesspítala. Aptur á mót breytti þingið 600 kr., sem ætl- voru til garðarœktar, í 2400 kr., sem verja skyldi til jarðabóta höfuð. Sömuleiðis veitti það 15000 kr. til vegabóta, og 30000 kr. til uskipsferða kringum landið. — Fje það, er gengur til naskipunarinnar, lækkaði þingið um 800 kr., eður úr 38810 64 a. í 38010 kr. 64 a.; en þar á mót hækkaði það fje til póst- órnarinnar um 400 kr. eða úr 26400 kr. í 26800 kr. — Fje til ju- og kennslustjórnarinnar færði þingið upp úr 111706 kr. 33 a. í 91 kr. 33 a. Þar af voru áður veittar til fátœkustu brauða kr. 50 a., en þingið færði það upp í 2000 kr. Til prestaekkna arna og uppgjafapresta hafði stjórnin áætlað 1800 kr., en ið færði það upp í 2600 kr. Laun til prestaskólans voru á- ð 20600 kr., en þingið færði þau upp í 21200 kr.; önnur útgjöld til taskólans færði það niður. Fje til lærðaskólans færði þingið úr 8 kr. um árið í 13008 kr. um árið. Þar á mót veitti það 10000 kr. t til undirbúnings gagnfræðisskóla-stofnunar á Möðruvöllum í gárdal; til stiptsbókasafnsins 400 kr., til amtsbóka- nsins á Akureyri 200 kr., til kvennaskólans í Reykjavík 200 til forngripasafnsins 500 kr., öllum árlega 1876 og 1877. — tirlauna- og styrktarfje hafði stjórnin áætlað 40000 kr. bæði , en þingið færði þá upphæð upp um 1000 kr., sem skyldi vera styrk- eitt skipti til ekkju málaflutningsmanns Jóns Guðmundssonar. — Til sra útgjalda hafði stjórnin ætlað 20000 kr., en þingið liðaði þetta ig í sundur, að 10000 kr. væru veittar til vísindalegra og verklegra tœkja, en 10000 kr. til óvísra útgjalda.

Afgangurinn af tekjunum gjörði þingið ráð fyrir að verða mundi 97 kr. 75 a., sem ákveðið var að renna skyldi í viðlagasjóðinn. En ar þessi upphæð óvís, og afgangurinn í rauninni kominn undir því, t ýms önnur lög, sem þingið samdi, fengju staðfestingu konungs eða

Sum af þessum lögum (t. d. um tóbakstoll og brennivínsgjald) kuðu upphæðina, því að þau miðuðu til að auka tekjur landsins, en r önnur lög (t. d. lögin um afnám alþingistollsins, launalögin, lækna-

skipunarlögin o. fl.) heimtuðu útgjöld, og lækkuðu því upphæð afgangsins. Á meðan ekki er víst, hvort öll þessi lög öðlast gildi, er eigi heldur víst, hve mikill afgangurinn til viðlagasjóðsins verður í raun rjettri, en líkindi eru til, að hann verði eigi fullar 100000 krónur.

Þannig samdi þá hið fyrsta löggefandi alþing Íslendinga hin fyrstu reglulegu fjárlög fyrir landið (1876 og 1877), og staðfesti konungur þau 15. okt. Auk hinna ýmsu breytinga á tekju- og gjaldagreinum, er þingið gjörði, er einkum athugavert, að þingið veitti með lögum þessum fje til ýmissra fyrirtækja og framfara, er eigi hefur verið áður veitt; þar til má telja styrkinn til gufuskipaferða, vegabóta og jarðabóta, styrkinn til undirbúnings gagnfræðisskóla og styrkinn til annara skóla og safna. Fje það, er til þessa gengur, er yfir 100000 krónur, eða rúmar 50000 kr. á ári. Það er vítaskuld, að fje þetta nær ekkmmt, en nokkuð má þó með því gjöra, og hefur þingið með þessari fjárveitingu gjört kost á, að byrja ýmsar framkvæmdir, sem að líkindum hefði mátt bíða nokkuð eptir ella.

Eigi hefur orðið skýrt í svo stuttu máli svo greinilega frá fjárhagsmáli þessu sem skyldi, enda er málið í eðli sínu mjög ógreinilegt, eins og nú hagar til. En til frekari skýringa skal hjer að lyktum sett stutt ágrip af fjárlögunum fyrir bæði árin, 1876 og 1877:

		kr.	aur.
	A. tekjur:		
1.	Skattar og gjöld	303876	6
2.	Tekjur af fasteignum landssjóðsins	54452	„
3.	Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn	22184	40
4.	Endurgjald lána	3057	„
5.	Árgjald úr ríkissjóði	196024	„
		579593	46
	B. Útgjöld.		
1.	Til hinnar æðstu innlendu stjórnar	26800	„
2.	Til kostnaðar við alþingi 1877	32000	„
3.	Til útgjalda við umboðsstjórn, gjaldheimtur, reikningsmál, dómgæzlu, lögreglustjórn o. fl.	144893	74
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	38010	64
5.	Til útgjalda við póststjórnina	26800	„
6.	Til kirkju- og kennslumála	122391	33
7.	Til eptirlauna og styrktarfjár	41000	„
8.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	10000	„
9.	Til óvissra útgjalda	10000	„
		451895	71

2. Launamálið var einnig eitt af hinum helztu málum, sem fyrir komu á þingi, og stóð að því leyti í sambandi við fjárhagsmálið sem snerti útgjöldin. Engin almenn lög hafa hingað til verið um laun íslenzkra embættismanna, heldur hafa laun þeirra verið ákveðin í fjárlögunum og áætlunum um tekjur og útgjöld Íslands, og verið breytingum undirorpin. Með lögum 19. jan. 1863 var ýmsum embættismönnum landsins veitt launa-

ót til bráðabirgða, en hún stóð enn, og auk þess höfðu nýjar launa-
ar bœzt við. Sumt var og úrelt í hinum eldri ákvörðunum, og sum-
þótti stjórninni laun embættismanna of lág. Hún lagði því frumvarp
almennra launalaga fyrir þingið og notaði tækifœrið til að hækka laun-
en um það urðu eigi allir ásáttir, er til þings komu. Nokkrum þing-
num þóttu laun þau, er um stund hafa verið veitt flestum þeim em-
tismönnum, er frumvarpið átti við, fullhá, og þótti það illa eiga við,
hækka laun þeirra, er mest laun hefðu áður, meðan eigi væri sinnt, að
a laun þeirra, er minst laun hefðu; enn fremur þótti þeim það skylda
sins að fara eptir efnum landsins; þar eð efnin væru lítil, gætu laun-
sem af þeim væru tekin, eigi heldur orðið mikil, enda væri nú ráð-
a að fara sparlega í byrjun búskaparins, er þingið hefði nýfengið fjár-
áðin; en gæti þingið lagt fje það fram, sem til þess þyrfti að hækka
in, þá stœði margt nær, sem gjöra þyrfti með fjárstyrk af landsins
u. Aptur þótti öðrum þingmönnum eins og stjórninni laun embættis-
na þessara allt of lág, og álitu landinu bæði skylt og fœrt að launa
n betur, enda væri það óráðlegt, að hafna frumvarpi stjórnarinnar, eða
a launin svo lág, að konungur samþykkti eigi lögin, því að það mundi
a til þess, að engin lögun kœmist á launamálið, ef til vildi í mörg ár,
ef þingið fengist bráðlega við það aptur, þá yrði það að eins tímatöf,
enginn ávinningur. Þeir urðu fleiri, er hölluðust að líkri skoðun, og
ust að miklu leyti á frumvarpið. Samdi því þingið ný launalög, og
hjer skýrt frá aðalefni þeirra:

Í almennum ákvörðunum laga þessara er svo ákveðið: Embættismenn
aldi embættisbýlum sínum á sinn kostnað og gjaldi af þeim alla skatta
álögur. Þeir verða að sætta sig við breytingar þær, er verða kunna
ðar á embættisstörfum þeirra. Sá, sem gegnir tveim embættum í
n, missir ½ af minni laununum, en sjeu launin jafnhá, ¼ af þeim
anlögðum. Sá sem er settur um stund í eðri stöðu í sömu stjórnar-
in og hann er í, á ekki tilkall til hærri launanna; en sje hann settur
nað embætti og geti ekki gegnt sínu embætti, fær hann öll launin, ef
n sleppir sínum; en gegni hann báðum embættunum, fær hann auk
a eigin launa þóknun, allt að helmingi af launum hins embættisins;
embættislaus maður, sem settur er í embætti, nýtur allra launanna, ef
n eigi hefur biðlaun eða eptirlaun. Metorðaskattur greiðist einungis af
rri tign, sem er æðri embættinu sjálfu. Veitingabrjefagjöld falla burtu.
naviðbót um stundar sakir og eptir aldri fellur burt. En sá, sem eptir
ri ákvörðunum á rjett til að fá meiri laun, en í lögunum eru ákveðin,
inskis í að missa. — Laun embættismanna eru þannig ákveðin: Byskup
í laun 7000 kr., amtmenn 6000 kr. hvor, yfirdómsstjórinn 5800, yfirdóm-
r 4000, landfógetinn 4000, forstöðumaður prestaskólans 4600, 1. kenn-
2400, 2. kennari 2000, rektor lærða skólans 4200 auk leigulausa bú-
ðar, yfirkennarinn 3200, 1. og 2. kennari 2400, 3. og 4. kennari 2000 hvor,
tmeistarinn 1700. (Embætti landshöfðingjaritarans var ætlast til að fjelli

skipunarlögin o. fl.) heimtuðu útgjöld, og lækkuðu því upphæð afgangsins. Á meðan ekki er víst, hvort öll þessi lög öðlast gildi, er eigi heldur víst, hve mikill afgangurinn til viðlagasjóðsins verður í raun rjettri, en líkindi eru til, að hann verði eigi fullar 100000 krónur.

Þannig samdi þá hið fyrsta löggefandi alþing Íslendinga hin fyrstu reglulegu fjárlög fyrir landið (1876 og 1877), og staðfesti konungur þau 15. okt. Auk hinna ýmsu breytinga á tekju- og gjaldagreinum, er þingið gjörði, er einkum athugavert, að þingið veitti með lögum þessum fje til ýmissa fyrirtækja og framfara, er eigi hefur verið áður veitt; þar til má telja styrkinn til gufuskipsferða, vegabóta og jarðabóta, styrkinn til undirbúnings gagnfræðisskóla og styrkinn til annara skóla og safna. Fje það, er til þessa gengur, er yfir 100000 krónur, eða rúmar 50000 kr. á ári. Það er vitaskuld, að fje þetta nær skammt, en nokkuð má þó með því gjöra, og hefur þingið með þessari fjárveitingu gjört kost á, að byrja ýmsar framkvæmdir, sem að líkindum hefði mátt bíða nokkuð eptir enn.

Eigi hefur orðið skýrt í svo stuttu máli svo greinilega frá fjárhagsmáli þessu sem skyldi, enda er málið í eðli sínu mjög ógreinilegt, eins og nú hagar til. En til frekari skýringa skal hjer að lyktum sett stutt ágrip af fjárlögunum fyrir bæði árin, 1876 og 1877:

	A. tekjur:	kr.	aur.
1.	Skattar og gjöld	303876	6
2.	Tekjur af fasteignum landssjóðsins	54452	„
3.	Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn	22184	40
4.	Endurgjald lána	3057	„
5.	Árgjald úr ríkissjóði	196024	„
		579593	46

B. Útgjöld.

1.	Til hinnar æðstu innlendu stjórnar	26800	„
2.	Til kostnaðar við alþingi 1877	32000	„
3.	Til útgjalda við umboðsstjórn, gjaldheimtur, reikningsmál, dómgæzlu, lögreglustjórn o. fl.	144893	74
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	38010	64
5.	Til útgjalda við póststjórnina	26800	„
6.	Til kirkju- og kennslumála	122391	33
7.	Til eptirlauna og styrktarfjár	41000	„
8.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	10000	„
9.	Til óvissra útgjalda	10000	„
		451895	71

2. Launamálið var einnig eitt af hinum helztu málum, sem fyrir komu á þingi, og stóð að því leyti í sambandi við fjárhagsmálið sem snerti útgjöldin. Engin almenn lög hafa hingað til verið um laun íslenzkra embættismanna, heldur hafa laun þeirra verið ákveðin í fjárlögunum og ástæðunum um tekjur og útgjöld Íslands, og verið breytingum undirorpin. Með lögum 19. jan. 1863 var ýmsum embættismönnum landsins veitt launa-

viðbót til bráðabirgða, en hán stóð enn, og auk þess höfðu nýjar launabætur bezt við. Sumt var og úrelt í hinum eldri ákvörðunum, og sumpart þótti stjórninni laun embættismanna of lág. Hún lagði því frumvarp til almennra launalaga fyrir þingið og notaði tækifærið til að hækka launin; en um það urðu eigi allir ásáttir, er til þings komu. Nokkrum þingmönnum þóttu laun þau, er um stund hafa verið veitt flestum þeim embættismönnum, er frumvarpið átti við, fullhá, og þótti það illa eiga við, að hækka laun þeirra, er mest laun hefðu áður, meðan eigi væri sinnt, að bæta laun þeirra, er minst laun hefðu; enn fremur þótti þeim það skylda þingsins að fara eptir efnum landsins; þar eð efnin væru lítil, gætu launin, sem af þeim væru tekin, eigi heldur orðið mikil, enda væri nú ráðlegra að fara sparlega í byrjun búskaparins, er þingið hefði nýfengið fjárforráðin; en gæti þingið lagt fje það fram, sem til þess þyrfti að hækka launin, þá stæði margt nær, sem gjöra þyrfti með fjárstyrk af landsins hálfu. Aptur þótti öðrum þingmönnum eins og stjórninni laun embættismanna þessara allt of lág, og álitu landinu bæði skylt og fært að launa þeim betur, enda væri það óráðlegt, að hafna frumvarpi stjórnarinnar, eða setja launin svo lág, að konungur samþykkti eigi lögin, því að það mundi leiða til þess, að engin lögun kæmist á launamálið, ef til vildi í mörg ár, eða ef þingið fengist bráðlega við það aptur, þá yrði það að eins tímatöf, en enginn ávinningur. Þeir urðu fleiri, er hölluðust að líkri skoðun, og fjellust að miklu leyti á frumvarpið. Samdi því þingið ný launalög, og skal hjer skýrt frá aðalefni þeirra:

Í almennum ákvörðunum laga þessara er svo ákveðið: Embættismenn viðhaldi embættisbýlum sínum á sinn kostnað og gjaldi af þeim alla skatta og álögur. Þeir verða að sætta sig við breytingar þær, er verða kunna gjörðar á embættisstörfum þeirra. Sá, sem gegnir tveim embættum í senn, missir $^1/_2$ af minni launununum, en sjeu launin jafnhá, $^1/_4$ af þeim samanlögðum. Sá sem er settur um stund í eðri stöðu í sömu stjórnargrein og hann er í, á ekki tilkall til hærri launanna; en sje hann settur í annað embætti og geti ekki gegnt sínu embætti, fær hann öll launin, ef hann sleppir sínum; en gegni hann báðum embættunum, fær hann auk sinna eigin launa þóknun, allt að helmingi af launum hins embættisins; en embættislaus maður, sem settur er í embætti, nýtur allra launanna, ef hann eigi hefur biðlaun eða eptirlaun. Meðgjafaskattur greiðist einungis af þeirri tign, sem er æðri embættinu sjálfu. Veitingabrjefagjöld falla burtu. Launaviðbót um stundar sakir og eptir aldri fellur burt. En sá, sem eptir eldri ákvörðunum á rjett til að fá meiri laun, en í lögunum eru ákveðin, á einskis í að missa. — Laun embættismanna eru þannig ákveðin: Byskup fær í laun 7000 kr., amtmenn 6000 kr. hvor, yfirdómsforsetinn 5800, yfirdómarar 4000, landfógetinn 4000, forstöðumaður prestaskólans 4600, 1. kennari 2400, 2. kennari 2000, rektor lærða skólans 4200 auk leigulauss bústaðar, yfirkennarinn 3200, 1. og 2. kennari 2400, 3. og 4. kennari 2000 hvor, póstmeistarinn 1700. (Embætti landshöfðingjaritarans var ætlast til að fjelli

niður). Auk þessa fær byskup í skrifstofufje 1000 kr., amtmaðurinn í suðtr- og vesturamtinu 400, í norður- og austuramtinu 1000, landfógetinn 1000, póstmeistarinn 600.

Konungur staðfesti þessi lög 15. okt. En eigi hafa þau að öllu leyti verið skilin á einn veg. Landshöfðinginn hefur álitið, að hver embættismaður, sem lögin snerta, eigi kost á að kjósa, hvort hann vilji heldur þiggja laun sín eptirleiðis eptir þessum lögum eða eptir eldri lögum. En ráðgjafi Íslands hefur álitið, að þeir, sem nú eru í embættunum, skuli halda rjetti sínum til launahækkunar eptir embættisaldri, enda þótt þeir taki laun sín eptir nýju lögunum; en til þess virðist þingið eigi hafa ætlazt, heldur hina, er landshöfðingi hefur álitið.

3. Læknaskipunarmálið var hið þriðja höfuðmál, er stjórnin lagði fyrir þingið. Það er alkunnugt, hve mjög læknaskipun á Íslandi hefur verið ábótavant allt til þessa. Reyndar hefur á seinni árum verið reynt að ráða nokkra bót á þessu, með því að fjölga læknaefnum, og skipa ný læknahjeruð á sumum stöðum; en margar sveitir hafa þó eigi að síður verið læknislausar, eða átt svo langt að sækja þá, að það hefur orðið óvinnandi. Nú gjörði stjórnin svo ráð fyrir, að landinu skyldi skipta í 17 læknahjeruð. Þingið tók vel undir þetta mál, en gjörði þó ýmsar breytingar við frumvarpið, og þar á meðal þá breytingu, að læknahjeruðin skyldu vera 20, og tók það að sjer að skipta hjeruðunum, en þó þannig, að landshöfðingi gæti gjört breytingar á takmörkunum, eptir að álits hlutaðeigandi sýslunefndar hefði verið leitað um það.

Í lögum þeim, er þingið samdi um þetta mál, voru læknahjeruðin ákveðin þessi: 1. Reykjavíkursókn, Kjósarsýsla og Garðaprestakall í Gullbringusýslu. 2. Hinn annar hluti Gullbringusýslu. 3. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. 4. Snæfellsness- Hnappadals- og Dalasýsla og Flateyjarsókn í Barðastrandarsýslu. 5. Barðastrandarsýsla að undanskildri Flateyjarsókn, Garpsdals- og Staðarprestaköllum. 6. Ísafjarðarsýsla. 7. Strandasýsla og Garpsdals- og Staðarprestaköll í Barðastrandarsýslu. 8. Húnavatnssýsla fyrir vestan Blöndu. 9. Húnavatnssýsla fyrir austan Blöndu og Skagafjarðarsýsla, að fráskildum Fells-, Barðs- og Knappstaðaprestaköllum. 10. Þau 3 prestaköll í Skagafjarðarsýslu, er nú voru nefnd, og Hvanneyrar-, Kvíabekkjar- og Miðgarðsprestakall í Eyjafjarðarsýslu. 11. Hinn annar hluti Eyjafjarðarsýslu og Svalbarðssókn, Laufás- Höfða- og Hálsprestaköll í Þingeyjarsýslu. 12. Hinn annar hluti Þingeyjarsýslu, að undanskildum Svalbarðs- og Sauðanessprestaköllum. 12. Þau 2 prestaköll í Þingeyjarsýslu, er nú voru talin, og Skeggjastaða- og Hofsprestaköll í Norður-múlasýslu. 14. Öll önnur prestaköll í Norður-múlasýslu og Vallaness og Hallormsstaðaprestaköll í Suðurmúlasýslu. 15. Hinn annar hluti Suðurmúlasýslu suður að Berufirði. 16. Hofsprestakall í Suðurmúlasýslu og öll Austurskaptafellssýsla. 17. Vesturskaptafellssýsla. 18. Rangárvallasýsla. 19. Árnessýsla. 20. Vestmannaeyjar.

Allir hjeraðslæknar þeir, er mega búa til sveita, skulu fá í laun úr

landsjóði 1500 kr., en þeir sem sitja eiga í Reykjavik, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði 1900 kr. Allir læknar fá 4 kr. í dagpeninga á ferðum sínum, en sá sem vitjar þeirra, skal annaðhvort leggja þeim til reiðhesta, eða báta, ef á sjó er farið, eða endurgjalda þeim kostnaðinn. Hjá hverjum, er leitar ráða hjá þeim heima, án þess að sœkja þá, fá þeir 25 aura. Enn fremur er í lögum þessum ákveðin borgun fyrir nokkur aukaverk lækna. Lög þessi staðfesti konungur 15. okt., og skyldu þau öðlast gildi um nýár 1876.

4. Útflutningamálið var sprottið af því, að stjórninni þótti ástœða til, að hafa tilsjón með útflutningum manna af landi burt í aðrar heimsálfur, líkt og tíðkast í öðrum löndum norðurálfunnar, þar sem útflutningar eru að mun; átti tilsjón þessi einkum að koma í veg fyrir svik og pretti, sem hætt væri við, að þeir yrðu fyrir, er úr landi flyttust. Frumvarp það, er stjórnin nú lagði fyrir þingið um þetta mál, miðaði í þessa átt. Nefnd þeirri, er þingið setti í málið, þótti frumvarp stjórnarinnar eigi sem frjálslegast, og bjó því til nýtt frumvarp, er henni þótti frjálslegra, en þingið hallaðist heldur að frumvarpi stjórnarinnar en frumvarpi nefndarinnar, og bjó til lög um þetta efni, er að miklu leyti voru samhljóða stjórnarfrumvarpinu.

Aðalatriðin í lögum þessum eru: Enginn má koma fram sem útflutningsstjóri, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi til þess, en slíkt leyfi veitir landshöfðingi, ef flutningurinn af landi burt í aðrar heimsálfur á að vera beina leið, en annars lögreglustjórinn á þeim stað, þar sem útfari býr. Landshöfðingi og lögreglustjórar geta krafizt af útflutningsstjórum allra nauðsynlegra skýrslna viðkomandi útflutningi þeirra, sett þeim skilyrði og heimtað veð til tryggingar. Öll skip, er útfara flytja til Norðurálfu (nema póstgufuskipið) standa undir umsjón lögreglustjórnarinnar, er annast um, að farið sje í öllu eptir fyrirmælum laga þessara; en í lögunum eru meðal annars ýmsar ákvarðanir um útbúnað skipanna. Útflutningastjóri einn, eða hans löglegur umboðsmaður, má gjöra samning við útfara, en hann er líka skyldur að gjöra það. Þessi samningur skal vera skriflegur, og skal í honum skýrt frá stað þeim, er fara skal frá, og stað þeim, er fara skal til, sömuleiðis frá flutningskaupi, tölu útfara, nafni, aldri, heimili og stjett hvers þeirra; enn fremur skal skýrt frá leiðinni, fargögnum, burtferðartímanum, flutningnum sjálfum og ferðakosti, eins og ætlazt er til að það verði, þá og frá því, hver sje skipsútgjörðarmaður, hvað skipið heitir, hvort það sje seglskip eða gufuskip o. fl. Lög þessi staðfesti konungur 14. jan. 1876.

5. Skipstrandamálið kom fyrir á alþingi 1873, og hafði stjórnin þá borið fram frumvarp um það, en þingið hratt þá því frumvarpi, eins og mörgum öðrum stjórnarfrumvörpum það ár. En með því að engin lög hafa verið til á Íslandi um þetta efni, og skipströnd bera þar þó allopt að, þótti stjórninni full ástœða til, að hefja nú aptur máls á þessu, og lagði því aptur nýtt frumvarp fyrir þetta þing, og var það frumvarp að efninu líkt hinu fyrra. Þingið tók nú betur undir málið, en

þó varð um það nokkur ágreiningur á þingi, og voru nefndir kosnar í það í báðum deildum. Loks varð þingið ásátt um lög um þetta mál, og voru þau að efninu til áþekk frumvarpi stjórnarinnar, nema að því leyti að ýmsu var breytt eptir því sem sjerstaklega hagar til á Íslandi. Annars eru lög þessi mestmegnis almennar ákvarðanir, er ákveða skyldur lögreglustjórnarinnar og alþýðu, þegar skip strandar eða strandgóðs rekur, segja fyrir um, hvernig björgun skal fram fara sem reglulegast, og hvernig um bjarglaun skal semja, og fleira, er þar að lýtur. En eigi þykir þörf að skýra frekara frá lögum þessum. Lög þessi staðfesti konungur 14. jan. 1876.

6. Yfirsetukvennamálið var sömuleiðis fyrir alþingi 1873, eptir fyrirlagi stjórnarinnar, en þá var frumvarpi stjórnarinnar einnig hrundið. Sams konar frumvarp lagði stjórnin nú aptur fyrir þingið, og fjekk það nú betri undirtektir, með því líka að þingið viðurkenndi, að nauðsyn bæri til, að koma einhverri betri lögun á þetta mál, gjöra reglulegri skipun á umdæmum yfirsetukvenna og launa þeim sæmilegar en áður hefði verið gjört. Þingið samdi því eptir nokkurn rekstur milli beggja þingdeilda lög um þetta efni, og var aðalefni þeirra á þessa leið:

Sjerhverri sýslu landsins skal skipt í yfirsetukvennaumdæmi; ákveður amtsráðið tölu og takmörk þeirra eptir tillögum sýslunefndarinnar. Hver kaupstaður skal og hafa eina eða fleiri yfirsetukonur, eptir því sem bæjarstjórnin ákveður. Allar skipaðar yfirsetukonur skulu hafa notið kennslu, og gengið undir próf annaðhvort á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, eða hjá landlæknirum í Reykjavík, eða hjeraðslæknunum á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði. Laun þeirra um árið eru í Reykjavík 100 kr., í hinum kaupstöðunum og Vestmannaeyjum 60 kr., í sveitunum 40 kr. Eptir 10 ára góða þjónustu má veita þeim 20 kr. viðbót á ári. Enn fremur má veita þeim eptirlaun. Kostnað þann, er af launum leiðir, skal greiða úr hlutaðeigandi sýslusjóði eða bæjarsjóði, en kostnaðinn við kennslu þeirra, og þau ferðalög, er til þess ganga, og til að útvega þeim áhöld, skal greiða úr landssjóði. Lög þessi staðfesti konungur 17. des.

7. Sóttvarnarmálið var eitt af þeim málum, er rædd voru á alþingi 1873, en frumvarp stjórnarinnar þar að lútandi var þá fellt, einkum fyrir þá sök, að svo mikinn kostnað mundi leiða af því, ef slíkum sóttvörnum yrði komið á. En nú fjellst þingið á frumvarp stjórnarinnar með nokkrum breytingum, og samdi lög um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flyttust til Íslands.

Lög þessi skipa svo fyrir, að þegar skip kemur frá einhverjum þeim stað, sem samkvæmt auglýsing ráðherra Íslands eða landshöfðingjans er álitinn sýktur af næmum sóttum, þá megi engan mann á því landsetja, fyr en læknir hefur gjört rannsókn á skipinu. Í þessu skini skal öllum skipum frá slíkum stöðum boðið, að koma við á höfnum í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, áður en

landgöngur eru hafðar, til þess að læknisrannsókn verði látin fram fara. Á þessum stöðum skulu vera til hæfileg hús, til að veita móttöku í sjúklinganum. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði. Lög þessi staðfesti konungur 17. des.

8. Þingskapamálið. Sökum hinnar nýju skipunar, sem komin var með stjórnarskránni á landstjórn og þing, var nauðsynlegt, að semja ný þingsköp handa alþingi. Eins og fyr er sagt, hafði konungur gefið út lög um þingsköp til bráðabirgða, er fylgt var á þessu þingi; en nú ljet hann einnig leggja frumvarp um málið fyrir þingið, og var það að mestu leyti samhljóða bráðabirgðalögunum. Þingið gjörði nokkrar breytingar við frumvarpið, og samdi lög um þingsköp handa komandi þingum.

Lög þessi innihalda fyrirskipanir og reglur um prófun kjörbrjefa, eið þingmanna, forsetana, skrifarana, skipun og setning þingdeilda, nefndir, lagafrumvörp, álit yfirskoðunarmanna, uppástungur, breytingaratkvæði, fyrirspurnir, apturköllun, utanþingsmálefni, umræðurnar, dagskrá, atkvæðagreiðslu, kosningar, burtvísun áheyranda, burtfararleyfi, og afbrigði frá þingsköpunum. Við þessi einstöku atriði þingskapanna er fátt sjerlega athugavert. Prófun kjörbrjefa fer fram á þann hátt, að þingmenn skiptast í 3 deildir, er hver fyrir sig rannsakar kjörbrjef þingmanna í einni hinna deildanna. Kosningar forsetanna eru jafnaðarlega óbundnar, en bundnar, ef eigi næst kosning eptir 2 atkvæðagreiðslur. Kosningar þjóðkjörinna þingmanna í efri deild þingsins eru óbundnar. Forsetar stjórna umræðum, taka við skýrslum, afgreiða málin, standa fyrir reikningum þingsins, ráða mean til þingstarfa o. s. frv. Lagafrumvörp skulu samin í lagaformi, hvort heldur þau eru frá stjórninni eða einstökum þingmanni; þau skal ræða þrisvar í hvorri þingdeild, áður en þau eru samþykkt. Sjerstakar uppástungur þingmanna skulu vera í ályktunarformi. Frumvörp og uppástungur má taka aptur, meðan á umræðum stendur. Hvorug þingdeild má taka við nokkru utanþingsmálefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings. Við atkvæðagreiðsluna er það einkum athugavert, að ef einhver þingmaður greiðir eigi atkvæði, skal álíta, að hann greiði atkvæði með meiri hlutanum, nema þingið eða þingdeildin taki gildar ástæður hans fyrir því. Allir þingmenn eru skyldir að mæta á fundum þingsins, nema þeir hafi forföll, er þeir þá verða að tilkynna forseta; sömuleiðis geta þeir fengið burtfararleyfi. Afbrigði frá þingsköpunum má landshöfðingi leyfa, nema það komi í bága við stjórnarskrána. Lög þessi staðfesti konungur 7. apríl 1876.

9. Fiskiveiðamálið kom fyrir á alþingi 1871, og 12. febrúar 1872 var gefin út tilskipun þar að lútandi, eða um fiskiveiðar útlendra við Ísland. Nú lagði stjórnin aptur frumvarp til breytinga á lögum þessum fyrir þetta þing, en það kom af því, að hinn frakkneski sendiherra í Kaupmannahöfn hafði kvartað undan tímatöf þeirri og kostnaði, er leiddi af því að skipstjórnarmaður á fiskiskipi, er í neyð leitaði hafnar á Íslandi, yrði optsinnis að ferðast margar mílur til að tilkynna yfirvaldinu orsökina til

þess, að hann hefði lagzt við akkeri, o. fl. Þingið samdi lög um þetta, er bættu úr vandkvæðum þeim, er undan var kvartað, einkum með því, að tilkynna mætti hreppstjóra skipskomuna í stað lögreglustjóra, ef hann byggi fjarri. Lög þessi skyldu koma í staðinn fyrir 3. gr. tilskipunar 12. febr. 1872, og voru þau staðfest 17. des.

10. Brunamál í Reykjavík varð engin umræða um á þingi og var frumvarp stjórnarinnar, er áður hafði verið borið undir bæjarstjórn Reykjavíkur, samþykkt sem lög, og staðfesti konungur þau 15. okt. Lög þessi eru nákvæmar varúðarreglur gegn eldsvoða í bænum, og fyrirmæli um þar að lútandi skyldu bæjarbúa; voru þau staðfest 15. okt.

11. Úttektamálið var eitt af hinum minni háttar málum, er stjórnin nú lagði fyrir þingið. Í lögum þeim, er þingið samdi þar um, var svo ákveðið, að þegar úttektir þær á brauðum, sem getið er um í tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og presta á Íslandi og því sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, fara fram, þá skuli það vera undir prófastinum komið, hvort og að hverju leyti gjörðin skuli ná til ljensjarðanna og kirkjujarðanna, en þó skuli presturinn, sem við tekur, hafa rjett á að heimta úttekt. Við úttektir skulu prófastar fá 3 kr. um daginn í fæðispeninga, en skoðunarmenn 2 kr. Þessi lög voru staðfest 17. des.

Hjer hafa verið talin þau mál, er lögð voru fyrir þingið af stjórninni, og sem fullrædd urðu á þinginu og afgreidd sem lög, en nú skal einnig skýrt frá þeim málum, er þingmenn báru upp, og sem framgang fengu. Hið mesta áhugamál af öllum þeim málum var

12. Fjárkláðamálið. Úr mörgum hjeruðum landsins, sýktum, grunuðum og heilbrigðum, komu til þingsins bænarskrár og ávörp um þetta mál. Fóru margar af bænarskrám þessum fram á, að þingið gjörði nú gangskör að því, að sýki þessari yrði nú gjörsamlega útrýmt, með algjörðum niðurskurði á öllu hinu sjúka og grunaða fje þegar þá um haustið, og jafnframt fóru einnig nokkrar þeirra fram á, að rannsókn yrði hafin á aðgjörðum yfirvaldanna í þessu máli að undanförnu. Málið var fyrst rætt í neðri deild alþingis, og var þar sett 7 manna nefnd í málið, til að safna skýrslum um, hvernig hinum gildandi lögum um fjárkláða hefði verið framfylgt, og til að endurskoða lög þessi, og stinga upp á breytingum á þeim, ef þurfa þætti. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um útrýmingu kláðans. Í frumvarpi því var svo ráð fyrir gjört, að á svæði því, sem verður fyrir sunnan línu þá, er dregin er úr Hafnarfirði austur í Ölfusá fyrir norðan Hjallahverfi, og eins í Reykjavíkurumdæmi skyldi lóga öllu fje fyrir árslok 1875; $^2/_3$ af mismuninum á gangverði fjárins og frálagsverði þess skyldu bætast eigöndum af öllum landsmönnum. Í öðrum sveitum milli Hvítánna skyldi drepin hver kind, er kláðavart yrði í, er hálfur mánuður væri af vetri, en síðan til ársloka skyldi lóga öllum þeim fjárflokki, er kláðakind fyndist í, og bætt fyrir á sama hátt. Eptir það skyldi rjettdræpt bótalaust allt það fje, er kláðakind fyndist í. Enn fremur var ákveðið, að sóttnæmi skyldi rýmt úr húsum, fjárflutningar bannaðir úr

heilbrigðum hjeruðum til veturnótta 1876, skoðanir og baðanir gjörðar á því fje, er á væri sett í hinum grunnðu sveitum o. s. frv. Og að lyktum fór frumvarpið fram á það, að framkvæmdarvaldið í fjárkláðamálinu, er eptir hinum eldri kláðalögum heyrði undir sýslumann og amtmann, yrði fengið í hendur þriggja manna, er konungur skipaði. Lög þessi var ætlazt til að fengju gildi um haustið.

Þegar frumvarpið kom til umræðu í neðri þingdeildinni, komu þegar fram mjög misjafnar skoðanir manna, og varð um málið allsnörp deila. Landshöfðingi kvað það athugavert, þegar slík frumvörp væru samin, hvort valdstjórnin gæti fallizt á þau og framfylgt þeim sem lögum, en það mundi eigi verða um þetta frumvarp; í annan stað mundi frumvarpið, ef það yrði að lögum, leiða til svo mikils niðurskurðar, að af því hlyti að leiða sá kostnaður, sem eigi væri fram úr kljúfandi, með því að fjártalan væri eptir skýralum 37000 á svæðinu milli Hvítánna, en þá tölu mundi mega tvöfalda eða þrefalda; yrðu því skaðabœturnar svo miklar, að landið eigi gæti borið þær Enn fremur kvað hann dráp fjárins geta komið í bága við stjórnarskrána, þar sem hún friðhelgar eignarrjettinn. Þetta mál studdu sumir þingmenn, einkum forseti. En framsögumaður nefndarinnar (Benedikt Sveinsson) varði aðgjörðir nefndarinnar röggsamlega, og benti til þess, er 20 ára reynsla hefði sýnt, að lækningar væru eigi einhlítar, en niðurskurður hefði vel gefizt. Eptir nokkrar umræður varð sú niðurstaðan fyrst um sinn, að nefndin hjet að reyna að koma sjer saman við landshöfðingja um málið. En þetta samkomulag náðist ekki nema að nokkru leyti; landshöfðingi fjellst á þá tillögu nefndarinnar, að setja 3 manna framkvæmdarstjórn í kláðamálinu, en að öðru leyti gat hann ekki fallizt á aðalstefnu frumvarpsins, er fór fram á niðurskurð, og bœtur af almenningsfje. Nú ljet nokkur hluti nefndarinnar undan síga, en aðrir stóðu þjettir fyrir og vildu eigi til slaka. Klofnaði nú nefndin, og tók þá að vandast málið. Þannig gekk málið til annarar umræðu. Eptir ýmsa vafninga tók neðri deildin það til bragðs, að rita konungi, og biðja hann að skipa 3 manna framkvæmdarstjórn í málinu, en það ráð fórst fyrir, því að þá er til atkvæða átti að ganga, gengu nokkrir þingmenn af fundi, svo að eigi varð þingfœrt; eigi varð þetta atriði málsins aptur upptekið, því að póstskipið, er flytja átti konungi ósk þingsins, var þá á förum. Deildin gjörði þá svo miklar breytingar við frumvarpið, að það mátti kalla nýtt frumvarp til kláðalaga; fór það fram á allt annað en hið fyrra. Í þessu frumvarpi var horfið frá niðurskurði á tilteknu svæði, en svo til ætlazt, að í hverri þeirri sveit, sem fjárkláðans yrði vart að haustlagi, skyldi öllu fje lógað, svo sjúku sem heilbrigðu, ef ekki væri fyrir það nœgilegt húsrúm og heyfóður að minnsta kosti í 3 mánuði. Þœtti yfirvöldunum ástœða til að lóga meiru, skyldi fjáreigöndum það endurgoldið. Ef skaðabœtur þær, er þannig kœmu fram, yrðu eigi meiri en 2000 kr. á ári fyrir hverja sýslu, skyldi greiða helming þeirra úr sýslusjóði, en helming úr amtssjóði, en yrðu þær meiri en 2000 kr., þá skyldi greiða það, sem fram

yfir yrði, úr landssjóði. Ef kláði kœmi upp eptir miðjan vetur, skyldi öllu því fje lógað skaðabótalaust. Enn gjörði deildin talsverðar efnisbreytingar, svo að enn kom fram nýtt frumvarp, og gekk málið þannig fyrir efri deildina; en eigi þótti það enn nœgilega í garðinn búið; gjörði efri deildin breytingar, og sendi svo frumvarpið aptur neðri deild, og nádist eigi samkomulag. Gengu þá þingdeildirnar að lyktum saman, og bjó hið sameinaða alþingi loksins til lög um málið. Í þeim lögum var svo ákveðið, að þar sem kláðinn kœmi upp, skyldi öllu því fje lógað skaðabótalaust, sem ekki væri nœgilegt hús og hey fyrir. Allir aðrir, sem kláðasjúkt eða grunað fje ættu, skyldu baða það svo opt sem yfirvaldið ákvæði, ella skera það niður skaðabótalaust. Ef kláði kœmi upp eptir 8 víkur frá birtingu laganna, skyldi einnig skaðabótalaust lóga öllu fje þess búanda eða fjáreiganda, er kláði kœmi upp hjá, og því haldið áfram, þar til er kláðanum væri útrýmt. Framkvæmdarstjórnin skyldi vera hin sama og að undanförnu.

Jafnframt ritaði þingið konungi á v a r p um fjárkláðann, og tók fram tjón það, er af honum hefði leitt, og hættu þá, er af honum væri búin. Enn fremur kvað það hin eldri lög um kláðann hafa verið of lin, og framkvæmdarvaldið hafa skort nœgilegt afl til að framfylgja þeim. Nú hefði þingið komizt að þeirri niðurstöðu, að skerpa þyrfti hin eldri kláðalög, og því hefði það samið ný lög um útrýmingu kláðans, er það mæltist til að konungur vildi samþykkja svo snemma, að þau öðluðust fullt gildi öndverðan næsta vetur, og kœmu eigi seinna en með seinustu póstskipsferð.

Þannig lauk þessu máli á þessu þingi, og mæltist ýmislega fyrir. Sumum þótti of linlega að gengið, en sumum aptur of harðlega. En það kom fyrir sama, því að lögin náðu eigi staðfestingu konungs. Ráðherra Íslands birti ástœður stjórnarinnar fyrir synjun þessari, og kvað lögin svo úr garði gjörð bæði að formi og efni, að eigi gæti komið til mála að samþykkja þau. Tók hann það meðal annars einkum fram, að þau kœmu í bága við stjórnarskrána og almenna rjettarmeðvitund manna. Sumir höfðu búizt við þessum málalokum, og þótti þeim eðlilegt, að svo færi; en aptur kom öðrum þessi synjun að óvörum, og þótti þeim hún spilla áliti stjórnarskrárinnar og rýra löggjafarvald alþingis i almenningsaugum, með því að hið fyrsta löggjafarþing hefði ekki fengið framgengt sínu mesta áhugamáli.

13. L a x v e i ð a m á l i ð hafði verið rœtt á síðustu þingum, en eigi komizt svo langt, að lög yrðu þar um samin og staðfest. Nú tók þingið málið enn fyrir, og bjó til viðaukalög við Jónsb. landsleigubálk 26. kap. um friðun á laxi. Eptir þeim lögum er lax gjörður friðhelgur frá 1. sept. til 20. maí ár hvert, bannað að þvergirða kvíslar og leggja veiðivjelar lengra en út á miðjar ár, bannað að leggja veiðivjelar í ósaminnum, og fæla lax frá að ganga í vötn eða ár. Enn fremur er bannað að veiða smálax, og í því skini er boðið, að hafa möskva í riðnum veiðarfœrum eigi minni en 9 þuml. ummáls, og þar sem grindur eru hafðar fyrir veiði-

vjelar, skal vera svo mikið bil milli rima, að 9 þuml. gildur lax geti smogið þar á milli. Eptir tillögum hreppsnefnda og sýslunefnda má amtsráðið gjöra undantekningar frá reglum þessum, ef eigi er haggað grundvallarreglunum um friðun og frjálsa göngu laxins. 10 til 50 kr. sekt er við lögð fyrir ólöglega veiði, og að auk 2 kr. sekt fyrir hvern lax, sem þannig er veiddur; ólögleg veiðiáhöld eru upptæk og óhelg. Sá, sem spillir veiði, bæti hlutaðeigöndum skaðann eptir óvilhallra manna mati. Uppljóstrarmaður á þriðjung sekta og andvirðis upptækra veiðivjela, en sveitarsjóður tvo þriðjunga.

14. Þorskanetamálið var þannig vaxið: Þorskveiðin í Faxaflóa hafði rýrnað á síðari árum, og var það kennt hinum miklu netalögnum, er tíðkaðar hafa verið, eða einkum því, hve snemma vetrarnetin hafa verið lögð. Til þess að ráða bætur á þessu, hafði landshöfðinginn endurnýjað gamlan konungsúrskurð frá 1793, og bannað að leggja netin fyrir 14. marz; en bann þetta náði eigi nema yfir nokkurn hluta Faxaflóa, og þótti hlutaðeigöndum ósanngjarnt, að eitt skyldi ekki yfir alla ganga kringum flóann; sendu þeir því þinginu bœnarskrár þar að lútandi. Þingið tók þetta til greina, og bjó til lög, er bönnuðu að leggja þorskanet í Faxaflóa öllum fyrir 14. marz ár hvert. Net og afli skal upptækur fyrir þeim, sem út af brýtur. Á sá aflann, er upp tekur, en andvirði veiðarfœranna sveitarsjóðurinn þar, sem hinn seki á heima. Lög þessi staðfesti konungur 12. nóv.

15. Vegamálið var sprottið af því, að vegalög þau, sem verið hafa að undanförnu, eða tilskipun 15. marz 1861, hafa þótt í ýmsu óhagfelld, og afleiðingin orðið sú allvíða, að þeim hefur að litlu verið skeytt, og vegirnir verið í mestu óhirðu. Það sem einkum þótti að vegalöggjöfinni, var það, að á fjallvegum og byggðavegum var eigi gjörður aðskilnaður, heldur voru þeir til samans kallaðir þjóðvegir, og til þeirra ætlað vegabótagjald, er reyndist langtum of lítið; og í annan stað var skylduvinna ákveðin að aukavegum, sem þótti óeðlileg kvöð, enda var henni óvíða skeytt. Til þess að fá bætur á þessu, komu nú til þingsins bœnarskrár. Þingið tók þessu máli greiðlega, og bjó til ný vegalög, er koma skyldu í staðinn fyrir nokkrar greinir í hinum eldri vegalögum.

Eptir hinum nýju vegalögum þingsins, skal öllum vegum skipt í fjallvegi og byggðavegi. Þeir vegir eru fjallvegir, sem liggja milli landsfjórðunga og sýslna, og ákveður landshöfðingi þá eptir tillögum amtsráða. Fje til fjallvega greiðist úr landssjóði. Byggðavegir skiptast í sýsluvegi og hreppavegi. Sýsluvegir liggja sýslna í milli, og til tekur amtsráð þá, eptir tillögum sýslunefnda. Til þeirra skal ganga þjóðvegagjald það, sem til tekið er í hinum eldri vegalögum. Hreppavegir kallast aðrir vegir um sveitir, og til tekur sýslunefndin þá eptir tillögum hreppanefnda. Gjöld til hreppavega greiðist þannig, að fyrir hvern verkfœran mann 20 til 60 ára greiðist hálft dagsverk eptir verðlagsskrá; en heimilt er mönnum að vinna það af sjer. Þar sem sýsluvegur liggur yfir hrepp, má sýslunefndin

taka allt að helmingi af vegabótagjaldi þess hrepps til vegabóta í öðrum hreppum, þar sem mikið er að gjöra að vegabótum, enda sje þar ekki sýsluvegur. Lög þessi staðfesti konungur 15. okt.

16. Póstmálið var fólgið í því, að gjöra breytingu á póstmálatilskipuninni 26. febr. 1872; en breytingin var helzt breyting á burðareyri. Burðareyririnn hafði áður verið talinn til skildinga, en sakir hinna nýju peninga þurfti nú að breyta honum í aura. Þingið samdi nú lög hjer að lútandi, er konungur staðfesti 15. okt. Í lögum þessum var póstgjald þetta hækkað, til þess að aurar skyldu standa á tugum. Þannig á að borga undir einfalt brjef 10 aura í stað 4 sk., undir tvöfalt brjef 20 aura í stað 8 sk. o. s. frv.

17. Alþingistollsmálið á þessu þingi var sprottið af því, að 14 þingmenn báru fram þá tillögu, að afnema toll þenna sem sjerstakt gjald. Landshöfðingja og nokkrum þingmönnum þótti þetta mál of snemma upp borið, og álitu, að það ætti að bíða þess, að skattamálið kœmist í kring; en fleiri þingmenn urðu á því, að afnema hann nú þegar, með því að bezt væri, að svo óeðlilegu og óhagfelldu gjaldi afljetti sem fyrst, enda þyrfti hann að takast af, áður en ný skattalöggjöf kœmist á, svo að hann yrði eigi tekinn með í grundvöllinn undir hinum nýja skatti. Þingið samdi því lög um að afnema alþingistollinn sem sjerstakt gjald til landssjóðs, og að allan kostnað við alþingi skyldi eptirleiðis greiða úr landssjóði. Lög þessi staðfesti konungur 11. febr. 1876.

18. Brennivínstollsmálið var eitt af þeim málum, er voru fyrir alþingi 1872, og hafði síðan verið gefin út tilskipun þar að lútandi, 26. febr. 1872. Í tilskipun þessari hafði tollurinn verið ákveðinn 8 sk. á hvern pott brennivíns, er eigi væri flutt á flöskum, og þá miðað við, að brennivínið væri 8 stiga sterkt. Nú var sú raun á orðin síðan, að kaupmenn höfðu hætt að flytja til landsins 8 stiga brennivín, en þar á mót flutt 16 stiga vínanda, og úr hverjum potti hans gjört að minnsta kosti 2 potta brennivíns. Tollurinn hafði þannig orðið helmingi minni, en til var ætlazt með tilskipuninni, eins og þingið 1871 hafði sjeð fram á; en tillögur þess um það höfðu þó eigi verið teknar til greina. Nú komu á þessu þingi fram nokkrar tillögur um breytingu á tolli þessum, til að koma betri lögun á. Þingið fjellst að mestu á tillögur þessar, og samdi lög, er koma skyldu í staðinn fyrir 1. grein tilskipunar um brennivínsgjald o. fl., 26. febr. 1872.

Lög þessi ná eigi að eins til brennivíns, heldur til allra áfengra drykkja. Þannig ákveða þau, að af alls konar öli, sem til landsins sje flutt, skuli greiðast 5 aurar fyrir hvern pott; af hverjum potti af brennivíni með 8 stiga styrkleika eða minna 20 aurar, með 8—12 stiga styrkleika 30 aurar, með yfir 12 stiga styrkleika 40 aurar; af hverjum potti af rauðavíni og messuvíni 15 aurar; af öðrum vínföngum í stœrri ílátum 30 aurar. Gjaldið rennur í landssjóð. Á tollskrám og vöruskrám skipanna skal tilgreindur styrkleiki vínfanganna. Ef vínföng spillast eða fara niður

á leiðinni, svo sannað verði, greiðist enginn tollur af því, sem þannig hefur farizt. Lög þessi staðfesti konungur 11. febr. 1876.

19. Tóbakstollsmálið. Það nýmæli var borið upp á þinginu, að leggja einnig toll á tóbak, og gjörði þingið það að lögum, að af hverju tóbakspundi skyldi gjalda 10 aura aðflutningsgjald, en 25 aura af hverjum 100 vindlum. Nýmæli þetta staðfesti konungur 11. febr. 1876.

20. Prentsmiðjumálið. Þingið bjó til lög, er gáfu ráðgjafanum fyrir Ísland heimild til að selja landsprentsmiðjuna ásamt áhöldum hennar, bókaleifum þeim og útistandandi bókaskuldum, sem voru 1. jan. 1875, fyrir ekki minna en 20,000 kr. Lög þessi staðfesti konungur 15. okt..

21. Launamál Jóns Sigurðssonar. Þingið gjörði það að lögum, að frá nýári 1876 skyldi árlega greiða Jóni Sigurðssyni, alþingismanni Ísfirðinga, 3200 kr. sem heiðurslaun úr landssjóði. Lög þessi staðfesti konungur 15. okt..

22. Læknaskólamálið var enn þá rætt á þessu þingi. Áður hafði það opt komið til orða, en aldrei komizt á það regluleg, föst skipun. Nú samdi þingið lög, er komu reglulegri skipun á þetta mál. Kveða þau svo á, að í Reykjavík skuli stofnaður læknaskóli, og forstöðumaður hans jafnframt vera landlæknir, og hafa alls í laun 4800 kr. á ári hverju. Skipaður skal einn fastur kennari með 1800 kr. launum. Auk þess skal hjeraðslæknirinn í Reykjavík skyldur að gegna læknakennslu í einni eða fleiri vísindagreinum, og hafa fyrir það árlega 800 kr. þóknun. Ráðgjafinn semur reglugjörð fyrir skólann. Þeir sem útskrifast úr skóla þessum, geta orðið hjeraðslæknar, með því skilyrði, að þeir hafi gengið hinn ákveðna tíma á fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn, og að minsta kosti eitt missiri á spítalana þar. Lög þessi staðfesti konungur 11. febr. 1876.

23. Barnaskólamál á Ísafirði. Lög þingsins um þetta mál skipa svo fyrir, að á Ísafirði skuli stofna barnaskóla, og kostnaðinn til hans greiða úr bæjarsjóði. Landshöfðinginn skipar fyrir um fyrirkomulag skólans með ráði byskups og hlutaðeigandi amtmanns og bæjarstjórnar. Lög þessi voru staðfest af konungi 11. febr. 1876.

24. Málið um skatt af útmældum lóðum á Ísafirði. Í skatt þenna ákvað þingið að greiða skyldi 1—2 aura af hverjum 6 ferhyrningsálnum, auk gjalds þess, er ræðir um í reglugjörð 26. jan. 1866. Bæjarstjórnin til tekur árlega upphæð gjaldsins fyrir hvert komandi ár. Gjaldið rennur í bæjarsjóð. Konungur staðfesti lög þessi 11. febr. 1876.

25. og 26. Málin um nýja verzlunarstaði. Þingið hafði verið beðið um að löggilda nokkra staði sem verzlunarstaði, en það löggilti að eins 2 þeirra: við Blönduós og á Vestdalseyri við Seyðisfjörð. Konungur staðfesti þessi lög 15. okt. og 12. nóv.

Þá eru talin öll þau 26 mál, er þingið að þessu sinni fullræddi og afgreiddi sem lög. Sum af þessum lögum eru allmerkileg, og geta orðið að talsverðum rjettarbótum, ef þau koma að tilætluðum notum. Sum

þeirra miða til þess að auka tekjur landsins, svo sem tollalögin, sum til þess að vernda og bœta atvinnuvegina, svo sem laxveiða- og þorskanetalögin, og lögin um hina nýju verzlunarstaði, sum til að greiða fyrir samgöngum, svo sem vegalögin, sum til að vernda heilbrigði manna, svo sem sóttvarnarlögin, læknaskóla- og læknaskipunarlögin og yfirsetukvennalögin. Þá veittu og fjárlögin fje til ýmiss konar endurbóta, svo sem fyr var á vikið. Aptur á mót hafa ýms laga þessara, sem eðlilegt er, talsverð útgjöld í för með sjer, svo sem launalögin, læknaskipunarlögin, sóttvarnarlögin o. fl., auk fjárlaganna sjálfra.

Mörg hinna annara mála, er þingið hafði til meðferðar, og fjekk ekki fullrætt, eða felldi fyrst um sinn, voru einnig að ýmsu leyti allmerkileg. En til þess að gjöra ekki of mikla málalengingu í frjettunum, skal hjer að eins nefna þau, og virðist þess því síður þörf að skýra frekara frá þeim, sem líkindi eru til, að þau, eða að minsta kosti hin helztu þeirra, verði tekin upp aptur á næstu þingum.

Þau mál, er þingið felldi, voru: af frumvörpum stjórnarinnar: 1. málið um sölu á fjórða parti silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli; 2. um aðflutningagjald af vörum með póstskipinu; 3. um breytingu á póstgjöldum; 4. um kosningar til alþingis; 5. um birtingu laga og tilskipana. Af frumvörpum þingmanna: 6. mál um 3 ölmusur úr landssjóði handa prestaskólanum; 7. um laun póstafgreiðanda og brjefhirðingarmanna; 8. um friðun á fuglum; 9. um breytingu á landskuldargjaldinu á Vestmannaeyjum; 10. um breytingu á konungsúrskurði 5. okt. 1866 um Thorchilliisjóðinn (vísað til landshöfðingja); 11. um breytingu á lóðargjöldum í Reykjavík; 12. um vitagjald af skipum, sem leita til hafnar milli Reykjaness við Faxaflóa og Horns á Hornströndum; 13. um kvaðir á utanhreppsábúð; 14. um breytingu á yfirdóminum; 15. um stofnun dýralæknisembættis; 16. um kaup á silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli; 17. um einkarjett á Íslandi. 18. um stofnun lagaskóla; 19. um viðauka við tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra þjóða (vísað til stjórnarinnar); 20. um eptirlaun handa Hólmfríði Þorvaldsdóttur (ekkju málaflutningsmanns Jóns Guðmundssonar); 21. um tilsjón sveitarstjórnarmanna með þeim, sem þiggja af sveit; 22. um heimild lausakaupmanna til uppsiglingar á Fjallahöfn í Þingeyjarsýslu; 23. um löggilding verzlunarstaðar í Þorlákshöfn; 24. um löggilding verzlunarstaðar við Kópaskersvog.

Þau mál, er eigi voru fullrædd á þinginu, voru: 1. um búsetu fastakaupmanna; 2. um lausaverzlun lausakaupmanna; 3. um forboð gegn útflutningi á kalksteinum, silfurbergi, sementsteinum og beinum.

Nokkrar uppástungur, sem fram komu á þingi, voru felldar, en nokkrar teknar aptur. Þær, sem felldar voru, voru: um notkun silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli; um samninga um vitagjald; um aðskilnað bœjarfógetaembættisins í Reykjavík og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þær, sem voru teknar aptur, voru: um endur-

skoðun jarðamatsins; um að nema úr gildi konungsúrskurð 18. sept. 1793 um Gufunesspítala; um framkvæmdarnefnd í fjárkláðamálinu.

Þá gjörðu og nokkrir þingmenn fyrirspurnir um ýms atriði. Þannig gjörði Jón Sigurðsson, þingmaður Þingeyinga, fyrirspurnir um nefnd í skattamálinu, og um löggjafarvald alþingis í tilliti til fiskiveiða kringum strendur Íslands; Halldór Friðriksson, þingmaður Reykvíkinga, um aðskilnað bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og sýslumannsembættisins í Gullbringusýslu, um stjórnarherra Íslands, og um reikningaviðskipti Dana og Íslendinga; Benedikt Sveinsson, 1. þingm. Árnesinga, um sæti ráðherra Íslands í ríkisráði Dana; Sighvatur Árnason, 1. þingm. Rangæinga, um aðgjörðir nefndarinnar í landbúnaðarmálinu. Sumar af fyrirspurnum þessum eru alleptirtektaverðar, einkum þær um reikningaviðskipti Dana og Íslendinga, og um setu ráðherra Íslands í ríkisráði Dana. Lýsa þær því, að þótt þingið að þessu sinni eigi hreyfði við stjórnarmálum, þá mundi það þó eptir rjetti sínum í því efni; en eigi komu fyrirspurnir þessar fyrir mikið, að því leyti sem fullnœgjandi svör upp á þær var ekki að fá.

Enn fremur er þess að geta, að þingið gjörði ýmsar ályktanir, er sumpart voru afgreiddar til stjórnarinnar, en sumpart voru viðvíkjandi nefndakosningum. Af þeim, er gengu til stjórnarinnar, má fyrst nefna ávörp til konungs frá báðum deildum; þá gengu og sömu leið ályktanir um skólamálefni landsins, um skattamál, um gufuskipsferðir meðfram ströndum landsins, um komustaði póstgufuskipsins, um vitabyggingu á Reykjanesi, um birtingu lagafrumvarpa, um að vísa bœnarskrám um útskýringu sveitarstjórnarlaganna til landshöfðingja, um fjárkláðamálið. Ályktanir um nefndarkosningar voru viðvíkjandi skólamálum, skattamálum, tollmálum, gufuskipsferðum, lagaskóla og fjárkláðanum.

Að því er snerti skólamál og skattamál landsins, komst þingið að þeirri niðurstöðu, að í þeim efnum þyrfti mikilla umbóta, en með því að þau mál eigi voru nœgilega undirbúin, lagði það til, að settar yrðu nefndir milli þinga til að undirbúa þau mál betur. Að því er snerti gufuskipsferðirnar meðfram ströndum landsins, þá komst þingið að þeirri niðurstöðu, að eigi væri að svo stöddu nœgilegt fje fyrir hendi til að kosta þær af landssjóði, enda þótt eigi væri keypt skip til þeirra ferða, heldur að eins tekið á leigu. Leigukostnaðurinn gjörði þingið ráð fyrir að eigi mundi verða minni en 20,000 kr. árlega, en sá ekki fært, að landssjóðurinn mundi geta lagt til meira en 15000 kr. á ári, eða 30,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Í annan stað virtist þinginu hin danska póststjórn eigi fullnœgja þeirri skyldu, sem lögð er á ríkissjóðinn með lögum 2. jan. 1871. Þar er gjört ráð fyrir póstferðum milli Kaupmannahafnar og Íslands, en póstferðir þessar ná að eins á einn stað á landinu (Reykjavík), og þaðan eru aptur engar samgöngur við aðrar hafnir á landinu, nema landveg, og þær mjög ófullkomnar. Fyrir því fór þingið þess á leit við konung, að hin danska póststjórn tœki þátt í kostnaði þeim, er leiddi af gufuskips-

ferðum meðfram ströndum landsins, að því leyti sem alþingi eigi veitti fje til þess.

Á v ö r p beggja þingdeildanna t i l k o n u n g s voru svar upp á boðskap konungs til þingsins; vottuðu þau konungi þakklæti og hollustu þings og þjóðar. En jafnframt var í ávörpunum minnzt á stjórnarmál landsins. Tóku báðar deildir það fram, að þær væntu endurbótar á stjórnarskránni, ef reynzlan kynni að sýna, að henni í sumum greinum væri ábótavant. (takmörkuninni á fjárforræðinu og ábyrgð landstjórnarinnar). Enn fremur minntust báðar deildir á það, að þeim þætti isjárvert, að ráðherra Íslands væri svo háður Dönum, að hann þyrfti að víkja úr sessi fyrir það, að hann eigi væri á sömu skoðun um dönsk, Íslandi óviðkomandi mál, sem meiri hluti hinna dönsku þjóðfulltrúa, þótt hann hefði bæði traust konungs og Íslendinga í öllum íslenzkum málum.

Þá hefur verið sagt nokkuð af hinu helzta, er gjörðist á alþingi 1875. Þinginu var slitið 26. ágúst, og hafði það þá staðið yfir í 8 vikur. Þetta fyrsta löggjafarþing Íslendinga hafði œrið að starfa sem við var að búast, því að mörgu þurfti í lag að kippa, en menn voru bráðlátir eptir bótunum, og bárust því málin svo mörg að þinginu. Ef öll frumvörpin til laga, bæði frá stjórn og þingmönnum, allar uppástungur, ávörp, ályktanir og fyrirspurnir eru talin sjerstök mál hvert fyrir sig, þá hafa málin orðið um 80, eins og áður er á vikið. En þess er gætandi, að sumt af þessu var samkynja, og því í rauninni sama mál. Ef talið er eptir því, verða málin raunar nokkuð færri, en þó má furðu gegna, hve mörg þau voru eigi að síður, og hve miklu þingið hefur afkastað á jafnskömmum tíma. Raunar náðu mörg málanna eigi fram að ganga, en mikið var þó eigi að síður haft fyrir sumum þeirra, og komust þau langt á leið í báðum deildum, áður en þau fjellu. Sum af þingmálunum voru mjög einföld og auðveld, svo að þau þurftu eigi mikið að tefja fyrir, en aptur voru mörg vandamál, og sum mjög svo ógreið og umfangsmikil, eins og fjárhagsmálið og fjárkláðamálið, er eyddu miklum tíma fyrir þinginu, hið síðarnefnda að öllu leyti til einskis, sem síðar varð raun á. Því höfðu margir spáð, að tvískipting þingsins mundi valda mikilli tímatöf, en þótt svo kunni að hafa verið að nokkru leyti, þá þótti hún þó yfir höfuð vel gefast að ýmsu. Samvinnan milli deildanna gekk að mestu greiðlega, og samkomulagið á þingi var vonum fremur í flestum málum.

Konungur hefur nú (í lok aprílm. 1876) staðfest öll lög alþingis, nema fjárkláðalögin og laxveiðalögin. Nokkrum ávörpum og ályktunum þingsins hefur þegar verið gaumur gefinn, og nefndir hafa verið settar eptir tillögum þess til að undirbúa mál milli þinga.

Með konungsúrskurði 29. okt. var ákveðið, að setja skyldi 5 manna nefnd til að hugleiða kennslu- og s k ó l a m á l e f n i landsins, og semja frumvarp til laga um skipun þessara mála. Í nefnd þessa voru skipaðir: byskup landsins Pjetur Pjetursson, prófastur Þórarinn Böðvarsson í Görð-

um, rektor Jón Þorkelsson, doktor Grímur Thomsen á Bessastöðum og barnaskólakennari Helgi Helgasen.

Þá um leið var 3 manna nefnd sett til að semja ný skattalög fyrir landið, og hugleiða ýms önnur atriði, er standa í sambandi við þau, og stinga upp á breytingum þar að lútandi. Í þessa nefnd voru skipaðir yfirdómari Magnús Stephensen, yfirkennari Halldór Friðriksson og alþingismaður Jón Sigurðsson á Gautlöndum.

Að því er snerti gufuskipsferðirnar kringum landið, og vitabygginguna á Reykjanesi, þá tók stjórnin einnig vel í þau mál, og ráðherra landsins tók þegar að semja um þau við innanríkisstjórnina og flotastjórn ríkisins.

Á póstferðunum var gjörð nokkur breyting, bæði sjóferðum og landferðum. Póstskipinu, er gengur milli Íslands og Danmerkur, er ætlað að hætta að koma við á Berufirði, en leggja í þess stað inn á Seyðisfjörð í 3 miðferðunum, ef veður og sjór leyfa. Auk þess var ákveðið, að það á sömu ferðum skyldi fara aukaferð til Stykkishólms fram og aptur. Breytingarnar á póstgöngunum á landi eru minni háttar. Hin helzta breyting þar að lútandi er sú, að vesturlandspósturinn skal fara beina leið milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, en koma eigi við í Stykkishólmi, heldur skal aukapóstur ganga þangað. Ráðgjört var og að stofna nýja póstferð um landið á miðjum vetri, einkum til þess að flytja brjef og minni sendingar. Þá voru gjörðar nokkrar breytingar á póstafgreiðslustöðum og brjefhirðingarstöðum.

Peningabreytingin hefur smátt og smátt verið að komast í kring. Með auglýsingu fjármálaráðherra ríkisins 24. febr. voru birt lög um bann gegn því, að hafa Slesvík-holsteinska spesíumynt sem gjaldgenga peninga frá 1. jan. 1875, en með tilliti til Íslands var leyft að taka við þessum peningum í jarðabókarsjóð landsins allt til 1. ágúst sama ár. Með tilskipun 24. marz voru einnig innkallaðir allir smápeningar úr silfri, eiri og kopar, sem hingað til hafa gjaldgengir verið, allt frá hálfskildingum til tveggja marka peninga. Tilskipunin ákvað, að þeir eigi skyldu vera gjaldgengir frá 1. nóv. 1875, en leyft var, að þeir mættu á Íslandi vera gjaldgengir, þangað til 6 mánuðir voru liðnir frá því, að tilskipunin hefði verið þar reglulega birt. Sökum þess hve ógreiðar samgöngur eru á Íslandi, varð þó að lengja frestinn. Af hinum gömlu peningum kom allmikið upp í landinu, og það svo, að furðu þótti gegna, þegar litið er til peningaeklu þeirrar, sem opt hefur verið kvartað yfir undanfarin ár. Af hinum nýslegnu peningum komu aptur talsverðar birgðir til landsins.

Sparisjóðir landsmanna hafa drjúgum aukizt. Sparisjóðurinn í Reykjavík hækkaði vexti af innstæðu samlagsmanna úr $3^1/_4$ af hundraði í $3^2/_{25}$ af hundraði frá 11. júní að reikna.

Af opinberum gjöldum var alþingistollurinn ákveðinn 3 aurar af hverju krónuvirði í jarðarafgjöldum, en jafnaðarsjóðsgjaldið af hverju gjaldskyldu hundraði 40 aurar í suðuramtinu, 25 aur-

ar í vesturamtinu, og 20 aurar í norður- og austuramtinu. — Meðalverð allra meðalverða var eptir verðlagsskránum: alinin.

Í Skaptafellssýslu	48,9	aurar
- hinum sýslum suðuramtsins	53,9	—
- Mýra- Snæfellsnes- Hnappadals- og Dalasýslu	61	—
- Barðastrandar- og Strandasýslu	58,8	—
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	62,9	—
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu	59	—
- Eyjafjarðar- og Þingeyjars. og Akureyrarkaupst.	56	—
- Múlasýslum báðum	57	—

Hin nýja sveitastjórnarskipun er nú að mestu komin á, en þó eru enn óglögg ýms atriði, er þar að lúta. Hreppanefndir og sýslunefndir voru kosnar árið 1874, en amtsráðin eigi fyr en nú (1875). Í amtsráðunum fengu sæti auk amtmanna:

Í suðuramtinu:

doktor Grímur Thomsen á Bessastöðum,
prófastur Jón Jónsson á Mosfelli;

Í vesturamtinu:

prófastur Guðmundur Einarsson á Breiðabólstað,
sýslumaður Sigurður Sverrissen;

Í norður- og austuramtinu:

alþingismaður Jón Sigurðsson á Gautlöndum,
alþingismaður Einar Ásmundsson í Nesi.

Af fundum amtsráðanna er ekkert sögulegt að segja. Störf þeirra lutu helzt að því, er sveitastjórnarlögin gjöra ráð fyrir, svo sem að yfirskoða gjörðir sýslunefnda, rannsaka ástand sjóða þeirra, er ömtunum tilheyra, og semja áætlanir um gjöld og tekjur þeirra. Þá gjörðu og amtsráðin ýmsar breytingar á vegum og póstgöngum, að því leyti sem það er á þeirra valdi. Sjerstaklegt umræðuefni á amtsráðsfundum var fjárkláðamálið, og voru gjörðar ýmsar ráðstafanir þar að lútandi. Að því er þessar ráðstafanir snertir, er einkum að geta þess, að samþykkt var, að veita fje úr jafnaðarsjóðum til kostnaðar við verðina, bæði með Hvítá í Borgarfirði, og Hvítá og Brúará í Árnessýslu. Þess má enn geta, að amtsráð suðuramtsins ákvað, að hætta skyldi að greiða dýralækni Snorra Jónssyni laun úr jafnaðarsjóði amtsins svo fljótt sem orðið gæti.

Ef minnst skal á kirkjuleg efni, þá má þess geta, að byskup landsins vísiteraði í júnímánuði suðurhluta Gullbringusýslu. Á synodus, er haldin var 5. júlí í Reykjavík, gjörðist ekkert markvert. Á Vestmannaeyjum hefur enn sem stundum fyrri brytt á mormónatrú, en eigi voru mikil brögð að því. Eptir skýrslu sóknarprestsins á eyjunum voru þar 14 mormónar í júlímánuði af alls 550 manns, sem eiga þar heimili. Þá komu og til landsins 2 íslenzkir mormónar úr mormónaríkinu Utah í Ameríku, og hugðust að boða hjer trú sína; flökkuðu þeir víðs vegar um suðurland, en ljetu lítið til sín taka, og varð ekkert ágengt.

Mormónahjú ein í Vestmannaeyjum, er vildu giptast saman, sóttu til konungs um leyfi til að mega ganga í borgaralegt hjónaband, með því að þau höfðu eigi rjett á að fá vígslu þjóðkirkjunnar, en stjórnarskráin mælir svo fyrir, að enginn megi neins í missa af borgaralegum rjettindum, sakir trúarbragða sinna. Þetta leyfi var veitt með konungsúrskurði 25. okt., og var sýslumanninum í Vestmannaeyjum boðið að vígja hjú þessi saman í þinghúsi lögsagnarumdæmisins fyrir opnum dyrum í votta viðurvist, og rita gjörðina í hina venjulegu þingbók. Með því að engin íslenzk lög eru til um borgaralegt hjónaband, voru reglurnar um vígsluna teknar eptir dönskum lögum um það efni, 13. apr. 1851, en jafnframt var sýslumanninum boðið að gæta skyldna þeirra, sem hvíla á prestum, er gipta hjón, samkvæmt tilskipun 30. apr. 1824. Þetta hjónaband er hið fyrsta borgaralegt hjónaband á Íslandi.

Á embættaskipun landsins varð allmikil breyting. Þar til er fyrst að telja ráðgjafaskiptin. Í júnímánuði skipti konungur um ráðuneyti, og varð þá Klein, Íslands ráðherra, að fara frá stjórninni, með því að hann var einnig dómsmála- eða lögstjórnarráðherra ríkisins. Í stað hans skipaði konungur Nellemann, kennara í lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, fyrir dómsmálaráðherra og ráðherra Íslands. Íslendingar kunnu illa ráðgjafaskiptum þessum, með því að ráðherra sá, sem frá fór, hafði traust þeirra, ekki sízt í fjárkláðamálinu, er þá var einna mest áhugamál landsmanna; og yfir höfuð virtist það mjög óeðlilegt og ósanngjarnt, að Íslandsráðherrann skyldi vera nokkuð háður þingþrasi Dana, eins og alþingi hafði látið á sjer skilja, bæði í ávörpum til konungs og fyrirspurnum til landshöfðingja, svo sem fyr er á vikið.

Þá var og önnur tilhögun gjörð á landshöfðingjadæminu. Í stað erindisbrjefs þess, er landshöfðingja var sett 29. júní 1872, var nú gefin út auglýsing um verksvið landshöfðingja, 22. febrúar. Verksvið það, er honum með þessari auglýsingu er markað, er að miklu leyti hið sama sem hann áður hafði eptir erindisbrjefinu, nema að því leyti sem breytingar þær, er síðan eru orðnar á stjórnarhag og löggjöf landsins, gefa tilefni til að breyta störfum hans. Sjerstaklega er það athugandi, að veitingarvaldið á prestaköllum er tekið frá stiptsyfirvöldunum og fengið í hendur landshöfðingja, svo að hann veitir hjer eptir, eptir tillögum byskups, öll þau prestaköll, er konungur eigi sjálfur veitir.

Engin breyting varð á amtmanna, sýslumanna og dómaraembættum. Þó varð sú nýbreytni, að landshöfðinginn skipaði 9. sept. Jón ritara Jónsson til að gegna um haustið og veturinn eptir störfum þeim viðvíkjandi uppræting fjárkláðans í suðurhluta Gullbringusýslu og í Selvogshrepp og úthluta Ölfushrepps í Árnessýslu, sem annars bera undir hlutaðeigandi sýslumann; og 13. okt. rýmkaði landshöfðinginn svæði það, er ritarinn var þannig settur yfir, með því einnig að gjöra hann að lögreglustjóra í kláðamálinu í Álptanes- og Seltjarnarneshreppum í Gullbringusýslu, Reykjavík, Kjósarsýslu og öllum þeim hreppum í Árnessýslu, sem eru fyrir utan

Hvítá. 28. júlí lengdi landshöfðinginn embættistíma fyrrum yfirdómara Benedikts Sveinssonar sem setts sýslumanns í Þingeyjarsýslu til fardaga 1876.

Nýir prófastar voru skipaðir: Eiríkur Kúld á Helgafelli fyrir Snæfellsnessýslu 26. jan. og Vigfús Sigurðsson á Sauðanesi fyrir Norður-Þingeyjarsýslu 23. marz.

Þessi prestaköll voru veitt á árinu: Borg á Mýrum 11. janúar Guðmundi Bjarnasyni, presti á Melum í Borgarfjarðarsýslu; Fagranes 15. febrúar Ólafi Ólafssyni, fyrrum presti að Hvammi í Skagafirði; Melar 9. marz Helga Sigurðssyni, presti að Setbergi; Torfastaðir í Árnessýslu s. d. Jakobi Björnssyni, presti að Staðarhrauni; Þönglabakki 17. apríl Jóni Reykjalín, presti á Svalbarði; Setberg 24. apríl Bjarna Sigvaldasyni, presti á Lundi í Borgarfirði, og aptur 8. maí Þorvaldi Jónssyni, aðstoðarpresti að Gilsbakka; Meðallandsþing (og Ásar í Skaptártungu um 3 ár) 26. apríl kandídat Brynjólfi Jónssyni; Nesþing 5. maí Jens Vigfússyni Hjaltalín, settum presti; Ögurþing 8. maí Páli Einarssyni Sívertsen, presti á Söndum í Dýrafirði; Stokkseyri 25. maí Brynjólfi Jónssyni, presti í Vestmannaeyjum, og aptur 14. ágúst Jóni Björnssyni, presti í Hítarnesi; Hestþing 16. júní Páli Ólafssyni, aðstoðarpresti á Melstað; Hvammur í Skagafirði 12. júlí ísleifi Einarssyni, presti á Bergstöðum; Staður í Steingrímsfirði 22. júlí Bjarna Sigvaldasyni, presti á Lundi; Vestmannaeyjar 14. ágúst prestinum þar, Brynjólfi Jónssyni; Kálfafell á Síðu 31. ágúst kandídat Sveini Eiríkssyni; Stærri-Árskógur s. d. kandídat Tómasi Hallgrímssyni; Lundur í Borgarfirði 3. sept. kandídat Oddi Gíslasyni; Hítarnesþing 19. okt. Snorra Jónssyni Norðfjörð, presti í Reynisþingum; Þóroddsstaður 25. nóv. kandídat Stefáni Jónssyni. — Aðstoðarprestur að Útskálum var skipaður kandídat Brynjólfur Gunnarsson.

Á skipun prestakallanna var gjör lítil breyting. Skálholtssókn, er heyrt hefur til Torfastaðaprestakalli, var 1. maí lögð til Ólafsvallaprestakalls fyrst um sinn, og s. d. var Úthlíðarsókn í Miðdalsprestakalli aptur lögð til Torfastaðaprestakalls. Með konungsúrskurði 11. ágúst voru Hítardals og Staðarhrauns prestaköll sameinuð í eitt prestakall, og er prestinum ætlað að búa á Staðarhrauni; 2 af kirkjujörðum Hítardals leggjast til Ingjaldshólsþinga. Hið sameinaða Hítardals og Staðarhraunsprestakall er þá metið 2471 kr. 95 aura, en Ingjaldshólsþing 966 kr. 12 aurar.

Vígðir til presta voru: kandídatarnir Jón Jónsson, Magnús Jósefsson, Stefán Halldórsson og Brynjólfur Jónsson 9. maí, kandídatarnir Tómas Hallgrímsson og Sveinn Eiríksson 5. sept., og kandídatarnir Oddur Gíslason og Brynjólfur Gunnarsson 28. nóv.

Kennaraembætti við latínuskólann í Reykjavík var 10. sept. veitt kand. mag. Benedikt Gröndal, er þar var fyr settur kennari. 18. nóv. var aptur prestaskólakennara Hannesi Árnasyni veitt lausn frá kennara-

störfum hans við latínuskólann, með því skilyrði, að þessum kennarastörfum yrði gegnt af öðrum kennara án sjerstakrar borgunar.

Um hina nýju læknaskipun hefur áður verið getið, þar sem sagt var frá alþingi. Einn nýr læknir var settur í embætti á árinu: kandídat Þorvarður Andrjesson Kjerúlf í læknisumdœmið í Húnavatnssýslu (fyrir vestan Blöndu).

Heiðursmerki voru færri veitt en árið áður. Einn maður var sœmdur heiðursmerki dannebrogsmanna, Níels Sigurðsson, fyrverandi póstur. Eyjólfur bóndi Sigurðsson á Horni í Austur-Skaptafellssýslu fjekk frá Frakkastjórn heiðurspening úr gulli fyrir að hafa tekið vel á móti frakkneskum skipbrotsmönnum vorið 1873.

Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs 9. í minningu þúsundárahátíðar Íslands, veitti landshöfðinginn 31. ágúst sýslunefndarmanni Eggert Helgasyni á Helguhvammi í Húnavatnssýslu 200 kr., og bóndanum Símoni Sigurðssyni á Kvikstöðum í Borgarfjarðarsýslu 120 kr., báðum fyrir framúrskarandi jarðabœtur.

Af dómsmálum er eigi margt að segja. Þess er getið í frjettunum árið 1873, að Jón Ólafsson, þá verandi ritstjóri blaðsins Göngu-Hrólfs, var dœmdur sekur við hjeraðsdóm í 3 meiðyrðamálum við Hilmar Finsen landshöfðingja, í einu í 200 rd. sekt, í öðru í 6 mánaða fangelsi, og í hinu þriðja í eins árs fangelsi. Jón fór þá til Ameríku, áður en dómum þessum var fullnœgt. Nú kom Jón aptur, og átti þá að taka til óspilltra mála og fullnœgja dómunum, en hann fjekk leyfi til að áfrýja þeim til yfirrjettar. En eigi varð þó meira úr þessu að svo komnu, því að Jón fór burt aptur.

Í landsyfirrjetti voru á árinu alls dœmd 22 mál. Af þeim voru 7 einkamál, en 14 sakamál, og eitt opinbert lögreglumál. Meðal einkamálanna var 2 vísað frá yfirdómi, og 2 frá undirrjetti, en í 3 kveðinn upp fullnaðardómur. Eitt af þeim var milli Miklaholtskirkju og Arnarstapaumboðs út af selveri, annað milli kaupmanns í Liverpool og Magnúsar bónda Jónssonar í Bráðræði út af saltfarmi, og hið þriðja milli Egils kaupmanns Egilssonar í Reykjavík og hinnar íslenzku samlagsverzlunar í Bjórgvin út af verzlunarviðskiptum. Meðal sakamálanna var 2 vísað frá yfirdómi, en í 12 var kveðinn upp fullnaðardómur. Af þessum 12 málum voru 5 þjófnaðarmál, 1 nauðgunarmál, 1 út af dularfœðingu og barnsmorði, 2 út af ólögmætri meðferð á fundnum fjármunum, 1 út af ofbeldi við hreppstjóra, 1 út af skammaryrðum við hreppstjóra, og 1 út af illri meðferð á skepnum.

Í hæstarjetti var nú loksins dœmt hið mikla laxveiðamál eða Elliðaármál milli Benedikts yfirdómara Sveinssonar og Thomsens kaupmanns. Landsyfirrjettardómsins hefur áður verið getið í frjettunum (1871), en nú var hann staðfestur og vann Thomsen málið.

Atvinnuvegir.

Veðuráttufar á Íslandi 1875 var yfir höfuð að tala eitthvert hið bezta, sem verið hefur á þessari öld, og það nokkurn veginn jafnmilt allt árið í kring. Veturinn var þó fyrir sitt leyti mildastur og var hann næsta ólíkur vetrinum á undan; þann vetur kölluðu gamlir menn harðastan hafa verið í sinni tíð, en þenna vetur kváðu margir hinn blíðasta í manna minnum. Þó var veðurfar nokkuð mismunandi eptir landslegu og landsháttum. Á suðurlandi var allra mildast. Í sjávarsveitum þar voru að sögn einir 8 frostdagar á vetrinum allt frá nýári, og meðalfrost aldrei meira en 8 stig (R). Á norðurlandi var nokkru kaldara, en þó eigi að mun, enda voru nú hafísar engir. Þó að hlýviðri væru, var úrkoma jafnan fremur lítil. Mestur snjór fjell á austurlandi, en mestar rigningar voru í Skaptafellssýslu. Vorið var að sínu leyti hin kaldasta árstíð. Þó voru blíðviðri mikil framan af vorinu nokkuð fram yfir sumarmál, en þá tók að kólna og snúast til hrakviðra og rigninga. Í miðjum maímánuði gjörði kuldakast með hretum og hríðum á norðurlandi og Vestfjörðum, og aptur annað enn meira í lok mánaðarins; urðu þá skip víða norðanlands fyrir hrakningum, og 3 þilskip týndust. Upp frá því snerist aptur til batnaðar. Sumarið var milt og hægviðrasamt víðast. Á suðurlandi voru opt molluveður, þerrilítið en rigningalítið. 10. júlí gjörði í ofanverðum Byskupstungum dæmafáa haglhríð í hitaveðri. Haglkornin voru á stærð við titlingsegg, og mörg 3 föst saman. Á 2 stundum huldu þau alla jörð, svo að varla sá í gras, og var fönnin svo hörð, að varla markaði spor. Hríðinni fylgdi ofsastormur með ógurlegum þrumum og eldingum, og töldu menn allt að 100. Hríðin stóð í 3 stundir. Ekki kom hún yfir nema lítið svæði, en gjörði þar talsverðar skemmdir. Kál barðist niður í görðum, gras sligaðist og brotnaði, lauf barðist af skógum o. fl. Á vesturlandi var veðurátt nokkuð óstöðugri. Á norðurlandi og austurlandi voru miklir þurrkar og hitar meiri hluta sumars, einkum framan af. Vart varð við hafís fyrir Ströndum vestur um sumarið, en hann hvarf bráðum aptur. Um haustið var víða óstöðug veðurátt framan af. Snemma í október gjörði hríðaráfelli víða um land með nokkurri fannkomu, en brátt blíðkaði aptur. Þó var á vesturlandi víða kalsasamt og hryðjusamt allt til ársloka. Á suðurlandi voru lengstum þíður og rosar um haustið og fyrri hluta vetrar, en á norðurlandi og austurlandi voru lengstum stillingar og blíðviðri.

Heyskapurinn varð víða um land í góðu meðallagi. Gróðurinn kom mjög snemma eptir hinn góða vetur, og um sumarmál var jörð víða orðin svo gróin sem endrarnær um fardaga. En þá komu vorkuldarnir, og kipptu úr grasvextinum, svo að í sláttarbyrjun var hann eigi meiri en í meðallagi í flestum sveitum. Þó voru tún, einkum á suðurlandi, betur sprottin en í meðalári, en útengi miður, einkum mýrar og votlendi. Lakastur grasvöxtur var yfir höfuð á vesturlandi, og þar varð nýting einnig að tiltölu lakari en annars staðar. Þó að þerrilítið væri á suðurlandi, nýtt-

ist heyskapur þar vel, helzt til sveita, en nokkru miður við sjávarsíðu. Á norðurlandi og austurlandi varð nýting bezt. Heybirgðir manna að haustinu urðu víðast allgóðar, með því líka að talsverðar heyfyrningar höfðu orðið hjá flestum eptir veturinn áður. Af heyafla Austfirðinga í öskusveitunum er áður sagt, þar sem skýrt var frá afleiðingunum af eldgosunum.—Þess má geta hjer, að við slátt hafa nú mjög tekið að tíðkast nýir ljáir útlendir, einkum frá Skotlandi, og hafa þeir þótt bitbetri en hinir venjulegu innlendu ljáir, og þar að auk hafa þeir sparað tímatöf og kolaeyðslu, með því að þá þarf eigi að dengja. Jarðyrkjumaður Torfi Bjarnason hefur fundið upp nýtt lag á ljáum þessum og tekið einkaleyfi upp á þá. Útbreiddust þeir víða um land næstliðið ár. Mörgum þóttu þeir reynast ótraustir þannig lagaðir, en að öðru leyti góðir.

Af jarðræktinni er að öðru leyti lítið að segja. Jarðabœtur hafa talsvert aukizt á sama hátt og fyr, með túnasljettun, túngarðahleðslu, áburðaraukningu, og einkum vatnsveitingum. Jarðabótafjelög landsmanna hafa nokkuð eflzt og starfað venju fremur. Búnaðarfjelag suðuramtsins hefur átt góðan þátt í ýmsum jarðabótum; álit þess hefur aukizt, og tala fjelagsmanna farið fjölgandi. Búfræðingur Sveinn Sveinsson hefur víða ferðazt um sunnanlands og veitt bœndum tilsögn í búnaðarháttum.

Fjárrœkt landsmanna miðar minna áfram en jarðrœktinni, þó að framfarirnar þar sjeu engan veginn miklar. Fjenaðarhöld manna voru í bezta lagi um vorið, en það má öllu fremur þakka hinu ágæta tíðarfari en fyrirhyggju manna með ásetning fjenaðar á hey, þó að nokkrar bœtur virðist hafa orðið í þeim efnum. Fje fór vel úr ull. Sauðburður gekk í meðallagi. Málnyta var í lakara lagi. Fjárheimtur urðu allgóðar víðast, og fjárskaðar litlir. Sláturfje reyndist yfir höfuð vel, í góðu meðallagi að mör, en í bezta lagi á hold. Beztan skurð var getið um við Mývatn og í Breiðafjarðareyjum.

En þótt fátt sje að segja af fjárrœktinni og öðru, er þar til heyrir, þá má aptur margt segja af fjárkláðanum, og gæti þar af orðið löng saga og leiðinleg. En hjer skal fljótt yfir sögu fara. Á svæðinu á milli Hvítár í Borgarfirði að vestan og Hvítár (Ölfusár) og Brúarár í Árnessýslu að austan var meiri eða minni kláði um veturinn, og þótt hann sums staðar yrði bœldur niður um stund, þá kom hann óðara upp aptur, stundum á sama stað, stundum á öðrum stöðum. Allt þetta svæði var því í heild sinni grunað um kláða, og stóð íbúum nálœgra sveita hin mesta ógn af því, að hann kynni að breiðast út til þeirra að sumrinu. Að vestan lá allt vesturamtið opið fyrir kláðanum, að undanskildum Vestfjörðum, og svo vesturhluti norðuramtsins, en að austan einkum austurhluti Árnessýslu og Rangárvallasýslu, Nú tóku menn í sveitum báðum megin við hið kláðagrunaða svæði að hefja samtök til að varna útbreiðslu kláðans að sumrinu, en það ætluðu þeir alþingi, er kœmi saman um sumarið, að finna ráð til að útrýma honum algjörlega um haustið. Borgfirðingar, Mýramenn, Dalamenn og Norðlingar nokkrir áttu fund með sjer í Borgarfirði, og af-

rjeðu að setja vörð úr Botnsvogum upp til fjalla, en skera fyrir kláðann, hvar sem hann kynni að koma upp í Borgarfirði milli Botnsvoga og Hvítár, og hafa þar stranga heimagæzlu um sumarið. En þetta ráð fyrirfórst að nokkru leyti, því að eigi gat orðið grunlaust um kláða á þessu svíði, og varð það úr, að vörður var settur með Hvítá í Borgarfirði; var hann settur af amtmanni og að nokkru leyti kostaður af almenningi. En auk þess settu Borgfirðingar einnig vörð úr Botnsvogum á sinn kostnað, með því að þeir hugðust kláðalausir fyrir sumarið. Í annan stað hjeldu Árnesingar og Rangæingar fundi með sjer og ákváðu vörð meðfram Hvítá (Ölfusá) og Brúará úr fjöllum í sjó fram, og fengu þeir því áorkað, að amtmaður skipaði vörðinn á þessari línu. Verðir þessir voru þjettskipaðir og vandað til þeirra sem varð, enda komu þeir að tilætluðum notum, nema Botnsvogavörðurinn, því að kláði kom upp um haustið í Borgarfirði. Margt kláðasjúkt fje sótti á verðina, einkum þann að austanverðu, og var þar margt slíkt fje, einkum úr suðurhluta Gullbringusýslu, handsamað og drepið. Nokkrar kindur náðu þó að sleppa yfir verðina, en til allrar hamingju voru þær kláðalausar, og varð eigi mein að því. Kláðinn komst því eigi út yfir sín fyrri takmörk að þessu sinni, en hefðu eigi verðirnir verið, virðist efalaust, að hann hefði dreifzt út yfir fleiri sýslur. Þá var og rekstrarbann lagt á hinar stærstu ár í grend við kláðasvíðið, en bæði var nokkuð úr því dregið af hálfu yfirvaldanna, og þar að auk var út af því brugðið, en þó eigi svo, að til skaða kæmi. Þetta voru þær ráðstafanir, sem gjörðar voru til að varna útbreiðslu kláðans, og mátti kalla, að þær yrðu að góðu; en ver fóru tilraunir þær, er gjörðar voru til þess að útrýma honum. Eins og að undanförnu var verið að smábaða hjer og hvar, þar sem kláði kom upp, en kláðinn fór á undan í flæmingi, og lækningamennirnir á eptir. En það sáu margir, að ekki dugði mikið slíkur eltingaleikur, og það því síður sem hann hafði staðið í nærfellt 20 ár, og ekki áunnizt það, sem til var ætlazt, að yfirbuga kláðann. Var það auðsætt, að hjer þurfti alvarlegri ráða, ef ætti að útrýma honum. Norðlendingar voru hjer hvatir til framgöngu sem optar, og rituðu ráðherra Íslands, sem þá var, og báðu hann að gjöra nú gangskör að því að vinna á kláðanum. Ráðherrann svaraði vel máli þeirra, og fal landshöfðingja að gjöra ýmsar ráðstafanir til bráðabirgða, en að öðru leyti skaut hann málinu til alþingis, ef með þyrfti. Öll von manna í þessu var nú þar sem þingið var, og rituðu menn úr mörgum hjeruðum bœnarskrár til þingsins þar að lútandi, og skoruðu fastlega á þingmenn, að neyta nú löggjafarvaldsins og semja nú lög, sem dygðu. En hjer risu mótspyrnur, er eigi varð við ráðið. Frá því er áður sagt, hversu óhappalega tókst til með málið á alþingi, og hve hraparleg afdrif málið fjekk að lokum. Nú stóð þá enn allt við sama, og einkis var framar að vænta úr þeirri átt. Landshöfðinginn og yfirvöldin hjeldu nú áfram að beita hinum eldri kláðalögum, og voru nú fyrirskipaðar skoðanir, baðanir og þess konar ráðstafanir, sem tíðkaðar hafa verið að undanförnu, og enn fremur var bannað að setja meira fje á,

en hús og hey væri fyrir, en eins fór sem fyr, að sumum þessum skipunum var sljólega fylgt, og sumpart alls ekki skeytt, enda var eigi í öllu unnt að fara eptir þeim, því að þegar átti að fara að baða, þá vantaði baðmeðölin, og varð fyrst að fá þau erlendis; á meðan björguðust sumir við ýmiss konar kák, en sumir við alls ekkert. Loks komu meðölin, og átti þá til skarar að skríða; en hætt var við, að sækja mundi í sama horf, og allt verða til einskis. Tók landshöfðingi þá það happaráð, meðfram eptir tillögum amtmanns, að setja nýjan lögreglustjóra í kláðamálinu, og fjekk honum síðan öll umráð þessa máls á öllu kláðasvæðinu fyrir sunnan Botnsvoga, að því leyti sem þau heyra undir sýslumann. Til þessa starfa kvaddi landshöfðingi ritara sinn, Jón Jónsson, einbeittan mann og ötulan. Tók hann þegar að ferðast fram og aptur um hjerað sitt, og gekk ríkt eptir, að fylgt væri ráðstöfunum yfirvaldanna, að því leyti sem unnt var; varð honum að mun meira ágengt en að undanförnu hafði orðið, en svæði það, er hann hafði til umráða, var svo stórt, að enn gátu margir undan skotizt. Tók hann það þá til bragðs, sem margir höfðu lengi þráð, en það var það, að hann fjekk fram niðurskurðarsamtök í suðurhluta Gullbringusýslu, sem var hættulegasti hluti kláðasvæðisins, og lengi hefur verið grunaður um að hafa geymt kláða undanfarin ár. Þessa niðurskurðarsamþykkt ljet hann gjöra fyrir rjettri, svo að eigi varð með góðu hægt að rjúfa hana. Þó gjörðu 2 bændur á svæði þessu sig líklega til að rjúfa samþykktina, en lögreglustjórinn ljet taka fje þeirra með valdi og lóga því. Nú var alhreinsaður versti hluti kláðasvæðisins, svo að þaðan var eigi lengur neitt að óttast um sinn, er þar var sauðlaust orðið. En annars staðar lifði þó kláðinn eptir. Þá tók lögreglustjórinn það ráð, að fá menn til að lofa að allækna fyrir vissan dag, en skera ella; tókst það á sumum stöðum, og varð að góðu, en sums staðar varð engu við komið, nema hinum venjulegu lækningatilraunum, en þær urðu erviðar, þar sem fje var margt, og því ekki var fækkað. Skerpti lögreglustjórinn þá skipanir sínar, bauð stranga heimagæzlu, skoðanir og baðanir, setti skoðunarmenn, umsjónarmenn og baðstjóra og annað þess konar, en þessum skipunum var misjafnlega fylgt; og þrátt fyrir fylgi lögreglustjórans og atorku, var kláðinn enn óupprættur um árslok, og var öðru hverju að koma upp aptur og aptur víða á hinu gamla kláðasvæði. Enn einu sinni urðu þá spár og loforð lækningamanna og sumra yfirvalda, um að útrýma kláðanum á yfirstandandi ári, allsendis að engu. Hversu sem skipast framvegis, verður þó framhald kláðasögunnar að koma síðar. — Bráðafár á sauðfje gjörði víða mikið tjón um haustið, einkum í Kjós, Borgarfirði, á Mýrum og í Skagafirði. — Bráðafaraldur á nautgripum gjörði og enn vart við sig; þannig gjöreyddust kýr á bæ einum í Flóa.

Æðarvarp misheppnaðist víða um vorið, og dúntekja var í minna lagi.

Aflabrögð af sjó voru orðið misjöfn, en þó mátti kalla þau allgóð, er á allt er litið. Í Faxaflóa fór þegar að fiskast eptir nýár, einkum við

sunnanverðan flóann. Alla vetrarvertíðina var þar hinn bezti fiskiafli; því nær sem ekkert aflaðist þó í net, en því nær allt á færi; fiskurinn var fremur smár og magur, en mergðin bœtti það upp og urðu hlutir í hæsta lagi. Varð að þessu hin bezta björg, en mjög spillti það til, að kaupstaðir voru því nær saltlausir, en illa gekk að herða fiskinn sökum óþerra og votviðra, og varð því nokkuð af fiskinum eigi gjaldgeng vara, og ljelegt búsílag. Austur með landi, í Grindavík og Selvogi aflaðist aptur lítið. Á Eyrarbakka var afli góður, nokkur í Landeyjum, lítill í Skaptafellssýslu og því nær enginn í Vestmannaeyjum. Á vorvertíðinni aflaðist lítið í flestum veiðistöðum sunnanlands, og um sumarið og haustið var þar því nær fiskilaust. Undir Jökli aflaðist allvel um vetrarvertíðina, og nokkuð aptur að áliðnu sumri, þegar róa gaf. Kringum Breiðafjörð var góður afli um veturinn, en lítill um sumarið og haustið. Við Ísafjarðardjúp aflaðist vel um tíma á vetrarvertíðinni, en lítið aðra hluta árs. Kringum Húnaflóa og víða annars staðar fyrir norðan land var góður afli eptir nýárið, en minna síðan þangað til aptur að áliðnu sumri og um haustið, að þar aflaðist víða einkar vel. Á Austfjörðum var aflasælt flesta tíma árs, einkum fyrri hluta sumars. Síldarveiði var allgóð á Seyðisfirði um sumarið. Mikið síldarhlaup kom einnig á Hrútafjörð um sumarið, en með því að það var þar óvenjulegt, var þar lítill viðbúnaður, svo að fyrir þá sök varð happið minna en ella. — Hákallsafli á þilskipum var allgóður allt í kring um land, þar sem hann var stundaður að mun. — Selveiði var víða lítil; þó aflaðist talsvert af sel á Breiðafirði um haustið. — Lax- og silungsveiði í ám og vötnum var sögð í meðallagi. — Rekar urðu því nær engir. — Erlendir fiskimenn voru að vanda kring um landið, og aflaðist þeim vel. — Í orð komst að stofna íslenzkt fiskifjelag við Faxaflóa, en með því að eigi fengust nógu margir til að ganga í það, þá fórst það ráð fyrir.

Verzlunin virðist að hafa verið landsmönnum nokkru hagstæðari þetta ár en árið áður, en þó var hún eigi sem hagfelldust. Siglingar til landsins gengu hið greiðasta því nær allt árið, og varð enginn farartálmi að ísnum, og lítill af andviðrum. Eitt skip með saltfarm og fleira strandaði á Eyrarbakka um haustið, en með því þá varð eigi náð öðru skipi í bráð, varð að því allmikill bagi. Vörumagn landsmanna var fullkomlega í meðallagi, landvaran lík því að undanförnu, en sjóvara víða að mun meiri. En þrátt fyrir það að siglingar gengu svo vel og venju fremur var nokkuð fyrir útlendar vörur að láta, þá birgðu kaupmenn þó illa kaupstaðina, og víða var kvartað undan því, að skortur væri á ýmsum nauðsynjavörum nema meðan stóð á hálestum. Um hið mikla saltleysi syðra, er kom sjer svo bagalega, þá er fór að aflast um veturinn, er áður getið. Víða var og skortur á matbjörg í kaupstöðum, er varð einkum tilfinnanlegt á þeim stöðum og þeim tímum, er eigi fiskaðist. Vöruskort þenna kenna kaupmenn skuldum landsmanna, og er eðlilegt, að hann meðfram hafi komið af því, en aðrir telja það aðalorsökina, hve lítið afl og fjör er í verzluninni yfir höfuð. Að því er verðlag á vörum snertir, þá var það að öllu sam-

töldu nokkuð áþekkt og árið áður. Af innlendum vörum hafði aðallandvaran (ull) heldur hækkað í verði, en aðalsjóvaran (fiskur) heldur lækkað. Af útlendum vörum hafði aðalvaran (korn) heldur lækkað. Verðlagið var í Reykjavik á hálestum hjer um bil þannig á þessum vörutegundum: hvít ull 1 kr. pundið, mislit ull 75 aurar pundið, tólg 37 aurar pundið, saltfiskur 40 kr. skippundið, harður fiskur 50 kr. skippundið, lýsi 40—44 kr. tunnan; — rúgur 20 kr. tunnan, bankabygg 30—32 kr. tunnan, baunir 28—30 kr. tunnan, grjón 30—36 kr. tunnan, brennivín 66—70 aurar potturinn, neftóbak 1 kr. 35 aurar pundið, munntóbak 2 kr. pundið, kaffi 1 kr. pundið, sykur 50 aurar pundið, salt allt að 6 kr. tunnan, steinkol allt að 5 kr. tunnan, 12 feta málsborð 14 kr. Verðlag á öðrum verzlunarstöðum var þessu nokkuð líkt um þann tíma árs, en þó allvíða nokkuð betra landsmönnum, einkum í verzlunarfjelögunum, og á þeim stöðum, þar sem þau hafa nokkurn krapt til muna, svo að þau hafa áhrif á verðlagið. Á haustlestum var verðlagið nokkru lakara. Fjártaka í kaupstöðum um haustið var víða allmikil. Á suðurlandi hepti raunar rekstrarbannið á ánum fjársölu úr sumum sveitum, en aptur á mót varð fjársalan þeim mun meiri úr sveitunum á kláðasvæðinu, er sumar gjörfelldu fjenað sinn, en sumar fækkuðu fje venju fremur sökum kláðans. Sölufje var í allgóðu verði framan af hausti, en fjell óðum þá er mikið fór að berast að verzlununum.

Verzlunarfjelögin innlendu hafa sífellt verið að eflast, einkum hin stærstu. Gránufjelagið, er verzlar mest fyrir norðan og austan land, hefur nú keypt þar nokkra verzlunarstaði, og náð allmiklum þroska. Fjelagið hafði þetta ár mörg skip í förum, og er svo sagt, að það hafi flutt vörur út úr landinu fyrir 300,000 kr. Verzlun þess gekk yfir höfuð greiðlega; efnahagur þess og álit hefur enn farið vaxandi, og fjelagshlutir fjölgað. Annað hið mesta af fjelögum þessum er fjelagsverzlunin við Húnaflóa. Fjelag þetta var orðið svo yfirgripsmikið, og stjórn þess svo ervið og kostnaðarsöm, að ráðið var að skipta því í tvö fjelög. Í því skini hjeldu Skagfirðingar, Húnvetningar, Strandamenn, Mýramenn og Borgfirðingar, er allir áttu hlut að máli, fund með sjer í febrúarmánuði að Stóruborg í Húnavatnssýslu. Komu þeir sjer saman um, að gjöra 2 fjelögin úr einu, og skyldi skiptingin verða um miðja Húnavatnssýslu. Höfuðstóll fjelagsins skiptist með þessum hætti í 2 jafna parta, og fjekk hvort hinna nýju fjelaga sinn helming. Hið vestara fjelagið hafði aðalstöð sína á Borðeyri, og var við það kennt og nefnt Borðeyrarfjelag. Eystra fjelagið hafði þar á mót einkum verzlun við Grafarós og á Sauðárkrók; er það nefnt Grafarósfjelag. Hvortveggja fjelögin breyttu fjelagsskipun þeirri, er áður var, sömdu sjer ný fjelagslög og komu á annan hátt fyrir stjórn sinni. Fjelagsskipting þessi hefur verið talin einkar haganleg fyrir hlutaðeigendur, og síðan hún varð, hafa fjelögin mjög eflzt að efnum og verzlunarkrapti; hlutir í verzlununum hafa stórum fjölgað, og sumpart hafa ýmsir efnamenn gengið í ábyrgð fyrir lánum fjelögunum til

eflingar. Fjelög þessi, ásamt fjelögum Breiðfirðinga og Eyhreppinga, fengu sjer um haustið gufuskip til milliflutninga. Skipið var frá Björgvin í Noregi, og kom þaðan hlaðið af alls konar vörum; það kom við á Grafarósi, Borðeyri, Flatey og Stykkishólmi. Síðan fór það til Englands með sauði og hesta, en kom aptur á hinar sömu hafnir til að taka kjöt. Haustverzlunin var hin fjörugasta á þessum stöðum, og fjártaka afarmikil. Verðið á kjöti var 14—18 aurar pundið, á mör 28 aurar pundið, en gæran var 2—3 kr. Fullorðinn sauður var að jafnaði 18 kr., en hestur 100 kr. — Verzlunarfjelög Sunnlendinga voru með miklu minna fjöri, enda hafa þau afl miklu minna.

Hrossaverzlunin við Englendinga tókst nú aptur upp, og varð allmikil. Hestamarkaðir voru haldnir víða, einkum í Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Borgarfirði syðra, og í Húnavatnssýslu, Skagafirði og Eyjafirði nyrðra, Hestarnir seldust til jafnaðar frá 70 til 100 kr. hver. Frá Reykjavík einni voru flutt utan nálægt 1000 hrossa fyrir hjer um bil 80,000 kr. Talið er, að alls hafi komið inn í landið fyrir hesta talsvert á annað hundrað þúsund króna.

Til framfara í iðnaði má telja nýja prjónavjel, er Ólafur bóndi Sigurðsson í Ási í Hegranesi útvegaði. Með henni mátti vinna margfalt við það, sem venjulega er gjört, og þótti hún gefa mikinn ágóða. Á hina nýju ljái er áður minnzt.

Af námum er enn fátt að segja. Lock, er tekið hefur brennisteinsnámurnar við Mývatn á leigu, sendi nú menn til að skoða þær og gjöra áætlun um arðsvonina af þeim; er svo sagt, að þeir hafi látið líklega með, að það mundi borga sig að vinna námur þessar, en eigi hefur að öðru leyti frjetzt af skoðun þeirra, og eigi hefur enn verið byrjað að vinna þær. Við brennisteinsnámurnar í Krísivík, postulínsnámurnar á Reykjanesi, kalknámuna í Esjunni og kolanámuna á Hreðavatni í Mýrasýslu hefur því nær ekkert verið gjört. Á Grímsey í Steingrímsfirði hafa fundizt merkileg jarðlög; þóttu líkur til, að undir þeim mundi vera steinkolalag, en eigi varð það að svo stöddu kannað til hlítar, með því að eigi voru nóg verkfæri til þess fyrir hendi.

Atvinnuvegir landsmanna virðast yfir höfuð að tala hafa gengið í meðallagi næstliðið ár. Þó hefur stórkostlegur atvinnuhnekkir orðið sums staðar, eins og sagt hefur verið hjer að framan, þar sem skýrt var frá afleiðingum öskufallsins á Austfjörðum og fjárkláðanum á Suðurlandi. Þótt þessi tvö áfelli sjeu hvort öðru ólík, eru þau þó í því lík, að þau hafa hvortveggja kostað landsmenn ógrynni fjár og spillt velmegun fjölda manna svo mjög, að eigi er unnt til verðs að meta. Á nokkrum öðrum stöðum varð og hnekkir á atvinnu manna, þar sem verzlunin var erviðust eða brást heyskapur eða fiskiafli. Þó hefur hvergi heyrzt getið um hallæri, nema á Vestmannaeyjum; þar horfði um hríð til hallæris, sökum fiskileysis og skorts á kornföngum í verzluninni, en úr því greiddist nokkuð, og varð eigi stórmein að.

Heilsufar almennings var yfir höfuð að tala með bezta móti allt árið. Barnaveiki stakk sjer þó víða niður að vanda, einkum á norðurlandi og Vestfjörðum, og varð sums staðar allskœð. Taugaveiki og bólgasóttar varð og sums staðar vart, mest á Vestfjörðum og Austfjörðum. Hin almenna kvefsótt var víðast hvar í vægasta lagi.

Slysfarir urðu litlar á landi. Svo er sagt, að að eins 1 eða 2 menn hafi orðið úti í illviðrum allan veturinn, og eru það fádœmi, að eigi verði meira af þess konar slysförum. Þar á mót er sagt, að nær 60 manns hafi drukknað í sjó, og urðu þó fáir stórir skipskaðar.

Á Vesturheimsferðum hefur verið nokkuð hlje árið sem leið, og hefur þó ekki vantað ýmsar tilraunir af hálfu Vesturheimsmanna og umboðsmanna þeirra hjer á landi, til að fá Íslendinga til þeirra ferða, og nóg hafa þeim boðizt hjeruðin þar vestur til að setjast að í. Frá því er sagt í fyrra árs frjettum, að Jón Ólafsson og 2 aðrir Íslendingar í Bandaríkjunum fóru til Alaska á útnorðurskaga Vesturheims til að kanna þar landið og finna hentugan bústað handa Íslendingum. Þeim leizt allvel á landkosti þar, en þó langbezt á eyju einni þar vestur af; sú ey heitir Kadiak. Voru þar að sögn þeirra alls konar landkostir, sem bezt mátti verða, og fiskisælt svo að undrum gegndi. Jón Ólafsson fór þegar um haustið aptur til Bandaríkja, en þeir fjelagar hans urðu eptir á Kadíak til vetursetu. Jón gaf út ritling á íslenzku um Alaskaför þessa, og lofaði þar mjög landið. Með þenna ritling fór hann til Íslands um vorið, og útbýtti honum þar gefins, svo að sem flestir gætu kynnt sjer hið fyrirheitna landið. Í ritinu fýsti hann mjög til Alaskaferða, en að öðru leyti lagði hann sig lítið fram um að fá fólk til að fara, enda varð enginn til að reyna það. Lakari sögur fóru og bráðum að koma þaðan að vestan; þeir fjelagar Jóns komu aptur frá Alaska til Bandaríkja um sumarið; ljetu þeir lítt yfir vetursetu sinni, og höfðu þeir reynt hinn harðasta vetur. Stjórn Bandaríkjanna hvarf og frá að styrkja nokkuð til Alaskaferða. Stjórnin í Canada ljet þar á mót eigi af að bjóða Íslendingum bólfestu í löndum sínum, og sendi til Íslands erindsreka í því skini. Ferðuðust þeir víða um land, einkum nyrðra, hjeldu fundi með mönnum og hvöttu til vesturfara, en lítið varð þeim ágengt, og fáir fóru vestur að tilvísun þeirra. Yfirvöldin komu og sums staðar með tálmanir, einkum í Þingeyjarsýslu. Hinn setti sýslumaður, Benidikt yfirdómari Sveinsson, kom á einn vesturfarafund og heimtaði eptir fyrirlagi amtmanns af erindsreka Kanadastjórnar, að hann sýndi sjer samninga þá, er hann gjörði við vesturfara, og seldi sjer í hendur veð fyrir því, að samningarnir væru haldnir, ella lagði hann þvert hann fyrir slíka fundi. Við það ljetti vesturfarafýsn um sinn um þær stöðvar. Canadastjórn hjelt þó áfram að bjóða til vesturfara, og sendi enn að nýju erindsreka sína til Íslands. Hún hafði látið afmarka landshluta einn í Kanada, er hún nefndi Nýja Ísland; ljet hún nú prenta lýsingu á því á íslenzku, og útbýta ritinu meðal Íslendinga; sem vita mátti, var landinu lýst hið bezta. Nú fór aptur að koma hreyfing á nyrðra, og

talsverður vesturfarahugur í marga, hugðust þeir að fara á næsta ári. Þó að vesturfarirnar hafi þannig orðið því nær engar næstliðið ár, þá var þó á árinu gjörður margs konar undirbúningur undir vesturfarir framvegis, hvað sem úr þeim verður. — Af Íslendingum í Vesturheimi hafa farið litlar sögur árið sem leið, en þær sögur, sem farið hafa af þeim, hniga flestar að því, að þeir hafi átt ervitt uppdráttar, einkum þeir er tekið höfðu sjer bólfestu í Canadalöndum; þar var árferði hart, og segir sagan, að Íslendingar þar hafi rekizt í mikil vandræði. Í Bandaríkjunum var einnig nokkuð hart um atvinnu, og urðu Íslendingar á því að kenna eigi síður en aðrir. Af Íslendingum þeim, er undanfarin ár hafa farið til Vesturheims, í því skini að afla sjer þar fjár og frama, hafa nokkrir komið aptur alfarnir til Íslands, jafnnær og þeir fóru. Sagt er og, að aðrir vilji aptur koma, en geti eigi fyrir efnaleysi. Einstaka Íslendingur hefur aptur á mót hafizt þar til nokkurs vegs. Má þar til nefna Jón prest Bjarnason og Pál stúdent Þorláksson, báða ágæta námsmenn og í miklu áliti. Jón hefur verið kennari þar við skóla, en Páll gengið á prestaskóla, og er nú orðinn prestur í norskum söfnuði.

Mjög er misjafnt álit manna á Íslandi á Vesturheimsferðum. Alþingi, landsstjórnin, embættismenn flestir, ritstjórar blaðanna og allur þorri málsmetandi manna á Íslandi eru hjer nálega á einu máli um það, að hafa ýmugust á ferðum þessum, og eru sumir þeim svo fráhverfir, að þeir álíta þær ganga næst landráðum, en flestir aðrir telja þær sprottnar af heimsku eða framhleypni. En þótt vesturfarir eigi fáa formælendur þar sem nokkur styrkur er, vinnst þó erindsrekum Vesturheimsmanna furðanlega að telja fólk til slíkra ferða, einkum á norðurlandi, og nokkuð vestanlands og austan. Sunnlendingar eru spaklátari, og láta lítið bæra á óróa og burtfararhug. — Af afskiptum þings og stjórnar af útflutningum er áður sagt.

Menntun.

Hjer er enn sem optar fátt til frásagna, en þó er vert að fara hjer um nokkrum orðum, og það því fremur sem bæði menntunarfýsn virðist allt af vera að aukast og meira menningarmark sýnist nú vera orðið á ýmsu en áður hefur verið.

Að undanförnu hafa að eins 2 prentsmiðjur verið á Íslandi; var önnur þeirra þjóðeign og stóð því undir umsjón stiptsyfirvaldanna. Opt hafði verið áður kvartað undan því, að þessi prentsmiðja, sem hefur verið í Reykjavík, væri of háð stjórninni með þessu fyrirkomulagi, og vildu margir láta selja hana, en af því hefur eigi orðið allt til þessa; en nú gaf alþingi út lög, er veitti ráðgjafanum fyrir Ísland umboð til að selja hana. Hin önnur prentsmiðja hefur verið á Akureyri, og verið kölluð prentsmiðja norður- og austuramtsins. Hún hefur verið leigð ritstjórum, og á síðustu árum hefur þar lítið verið prentað annað en frjettablöð. Ritstjóri Norð-

anfara, er hin síðustu ár hefur haft hana til leigu, sleppti nú leigunni, er annar bauð hærri leigu, en fjekk aptur leyfi konungs til að stofna nýja prentsmiðju á Akureyri, og hjelt hann þar áfram blaði sínu.

Frjettablöð komu 5 út á árinu. Af þeim komu 3 út í Reykjavík, en 2 á Akureyri. Reykjavíkurblöðin voru: Þjóðólfur (27. ár) undir ritstjórn Mattíasar Jokkumssonar, Ísafold (2. ár) undir ritstjórn Björns Jónssonar, og Íslendingur (fyrsta og síðasta ár) undir ritstjórn Páls Eyjólfssonar. Akureyrarblöðin voru: Norðanfari (14. ár) undir ritstjórn Björns Jónssonar, og Norðlingur (1. ár) undir ritstjórn Skapta Jósefssonar. Öll blöð þessi höfðu meðferðis ýmsar leiðbeinandi ritgjörðir um almenn mál, og sum þeirra þar að auk ýmsan fróðleik, og svo sögur og kvæði. Að því leyti sem blöð hafa meðferðis ritgjörðir um almenn innanlandsmál, þá er það venjulegt, að þau hafi einhverja vissa stefnu. Og þar sem svo hagar til, að þjóðin og stjórnin eru ekki á einu máli, þá er það títt, að sum hallast að stjórninni og eru kölluð stjórnarblöð, en sum taka fram vilja þjóðarinnar, og nefnast þjóðblöð. Af þessum íslenzku blöðum hafa Ísafold, Norðanfari og Norðlingur verið talin eindregin þjóðblöð, Þjóðólfur hvorttveggja, en Íslendingur hvorugt.

Af öðrum tímaritum má einkum nefna Andvara, tímarit hins íslenzka þjóðvinafjelags (2. ár). Hann hafði meðferðis langa ritgjörð eptir Jón Sigurðsson um fjárhag og reikninga Íslands, nokkur kvæði o. fl. Þjóðvinafjelagið gaf nú aptur út almanak, fyrir árið 1876. Viðbætir fylgdi því sem í fyrra með ýmsu smávegis, en nokkuð stærri. Nokkurs konar tímarit eru einnig Alþingistíðindin, Stjórnartíðindin, Stjórnarmálatíðindi bókmenntafjelagsins, Landhagsskýrslur, Skírnir, Frjettir frá Íslandi, Skýrslur og reikningar bókmenntafjelagsins, Skólaskýrsla o. fl. Aptan við skólaskýrsluna 1875 er prentaður fyrri partur af „viðbœti við íslenzkar orðabœkur“ eptir rektor Jón Þorkelsson; það eru íslenzk orð með danskri þýðingu og er hvervetna jafnframt vitnað í fornrit þau, er orðin eru tekin úr.

Af öðrum bókum, er út komu, eru einkum teljandi: 1. Manfred, sorgarleikur eptir Byron lávarð, þýddur á íslenzku af Mattíasi Jokkumssyni, (þýðanda Macbeths og Friðþjófssögu). Skáldrit þetta er talið eitt af ágætustu skáldskaparritum síðari tíma, og frægt um allan hinn menntaða heim. Hin íslenzka þýðing þykir og snilldarverk í sinni röð. En með því að sorgarleikur þessi er mjög dularfullur og sums staðar torskilinn, þá hefur hann eigi orðið við alþýðuhæfi. Aptan við ritið eru prentuð nokkur kvæði eptir hið sama höfuðskáld, flest þýdd af Mattíasi Jokkumssyni, en eitt þeirra af öðrum. 2. Presturinn á Vökuvöllum, skáldsaga þýdd úr ensku (eptir Oliver Goldsmith) af Davíð presti Guðmundssyni. Þessi skáldsaga hefur erlendis áunnið sjer mikla frægð fram yfir flestar aðrar skáldsögur, og hefur hún verið þýdd á margar tungur, og opt á sumar. Þýðingin er vönduð. 3. Söngvar og kvæði, gefin út af söngfjelagi því í Reykjavík, er Harpa heitir. Ljóðmæli þessi eru sumpart

frumkveðin, en sumpart þýdd. Öll eru þau kveðin undir fögrum sönglögum og sett á nótur með mörgum röddum. Þessi bók er hin fyrsta íslenzka söngbók veraldlegs efnis og með mörgum röddum, og er það vottur þess, að sönglistin er á Íslandi komin á nokkurt framfaraskeið. Af lögunum í bók þessari eru nokkur eptir íslenzkan lagsmið, Jónas Helgason, járnsmið i Reykjavík, og formann söngfjelagsins Hörpu. 4. Bœnir eptir Ólaf Johnsen, prófast á Stað á Reykjanesi; þær eru 50 að tölu, og ætlaðar til lestra um föstutímann. Þær hafa fengið orð á sig fyrir að vera guðrœkilegar og hjartnæmar. 5. Minningarrit eptir Sigurð Guðmundsson málara. Það er ágrip af æfisögu hans, eptir barnaskólakennara Helga Helgesen; húskveðja, eptir Mattías Jokkumsson, og erfiljóð, eptir Steingrím Thorsteinsson, Mattías Jokkumsson, Brynjúlf Jónsson og Jón Ólafsson. Það er fagurt minningarrit og einkennilegt. 6. Nýja sagan eptir Pál Melsteð. Það er eitt hepti, er nær yfir sögu Norðurlanda frá 1718 til 1792 og sögu Bandaríkjanna í Norðurameríku á sama tíma; er þá komin sagan öll aptur að stjórnarbyltingunni miklu. Þetta hepti er eins snilldarlega samið eins og hin fyrri. 7. Fjárhagur og reikningar Íslands eptir Jón Sigurðsson (úr tímaritinu Andvara). Það eru ýmsar skarplegar athugasemdir um fjárhagsáætlanir og reikningsyfirlit Íslands á árunum 1871—1873 og fjárhagsáætlanirnar 1874 og 1875. 8. Yfirlit yfir fátœkralöggjöf Íslands, eptir Bjarna Magnússon, sýslumann Húnvetninga. Þessi ritlingur er til skýringar og leiðbeiningar í ýmsum óglöggum stöðum í fátœkralöggjöfinni og öðrum sveitarmálum, og er því einkar hentug handbók fyrir þá, er um þau mál fjalla, einkum sveitastjórnir. 9. Leiðarvísir til að þekkja og búa til landbúnaðarverkfœri, með mörgum uppdráttum, eptir Svein Sveinsson. Þessi leiðarvísir, sem er glöggur og skýr, er gefinn út af þjóðvinafjelaginu.

Meðal eldri íslenzkra bóka, er gefnar voru út að nýju næstliðið ár, voru tvö hin ágætustu fornrit Íslendinga: Edda Snorra Sturlusonar og Njála. Edda var gefin út af Þorleifi stúdent Jónssyni með tilstyrk nokkurra fróðra manna, en Njála var gefin út af hinu norrœna fornfrœðafjelagi, og handritið undirbúið af prófessor Konráði Gíslasyni. Útgáfurnar á báðum þessum bókum eru einkar vandaðar, og sjer í lagi er Njála gefin út með sjerlegri nákvæmni. Hún er gefin út í tvennu lagi, bæði sagan sjálf sjer, og í öðru lagi sagan með orða- og stafabreytingum handritanna.

Bœkur þær, er bókmenntafjelagið hefur gefið út árið sem leið, eru þegar taldar. Brytt hefur á því sums staðar, að menn eru eigi að öllu leyti ánœgðir með ýmsa tilhögun stofnunar þessarar. Hafa menn einkum fundið að því, að mest afl og framkvæmd fjelagsins er í Kaupmannahöfn, og óska eptir, að fjelagsdeildirnar verði sameinaðar í eitt, og fjelagið sje að öllu leyti á Íslandi. Í annan stað hafa sumir kvartað yfir, að fjelagsbœkurnar væru eigi svo fróðlegar sem skyldi fyrir alþýðu, og óskað eptir, að fjelagið gæfi heldur út ódýrar alþýðuútgáfur af fornritum

Íslendinga og ýms ný rit til menntunar alþýðu. Á tveimur bókmenntafjelagsfundum, sem haldnir voru í Reykjavík í júlímánuði, urðu allkappsamlegar umræður um þessi atriði, og var nefnd kosin til að íhuga nákvæmar tilhögun fjelagsins, en engin breyting hefur verið gjörð á fjelaginu að svo komnu. Fjelagsmenn þeir, er tillög greiða, voru í maímán. 789 að tölu, og var það 29 fjelagsmönnum fleira en í júlímánuði árið áður, og hjer um bil 15 fleira en þá er flest hefur verið.

Á v í s i n d a l e g s ö f n er lítið að minnast. Bókasöfn landsmanna hafa enn nokkuð aukizt, fornagripasafnið lítið, og náttúrusögusafnið ekkert. Nokkrir menn hafa ritað áskoranir til Íslendinga um að skjóta fje saman til þess að reisa fyrir hæfilegt hús handa forngripasafninu, en svo er að sjá, sem áskoranir þessar hafi enn sem komið er borið lítinn árangur.

Á s k ó l a m á l Íslands er komin talsverð hreyfing. Hin síðari ár hefur borið á ýmiss konar óánægju með skólafyrirkomulag það, er nú er á Íslandi, eigi af því, að skólarnir sjeu nú í lakara horfi en áður hefur verið, heldur af hinu, að mönnum hafa þótt þeir helzt til ónógir, og að sumu leyti eigi fylgja nógu vel tímanum. Ýmsar bœnarskrár um þetta efni komu nú til síðasta alþingis, og fóru þær fram á það, ýmist að breytt yrði allri skólaskipan þeirri, er nú er, og ýmist að nýir skólar yrðu stofnaðir og menntunin með því aukin. Þingið tók þannig í þetta mál, að það veitti fje til að stofna nýjan gagnfræðisskóla o. fl., en að öðru leyti lagði það til, að sett yrði nefnd til að íhuga skólaskipun landsins, og gjörði stjórnin svo, eins og fyr er sagt. Enn fremur er þess áður getið, að þingið gaf út lög um að stofna nýjan læknaskóla og einn barnaskóla (á Ísafirði). Í annan stað hafa landsmenn fyrirfarandi ár komið á ýmiss konar skólum með frjálsum samskotum. Þannig hafa myndazt barnaskólar á ýmsum stöðum, sunnudagaskólinn í Reykjavík, kvennaskólinn í Reykjavík o. fl. Þessir skólar hafa flestir haldið áfram og blómgazt meira eða minna. Af b a r n a s k ó l u n u m er barnaskólinn í Reykjavík mestur. Haustið 1875 var kennslueyririnn við þenna skóla hækkaður, en þar af kom kurr í bœjarbúa, og leiddi það til þess, að þegar skólinn byrjaði, komu ekki full 30 börn í skólann, í staðinn fyrir að börn hafa þar áður verið allt að 100. En þetta jafnaðist nokkuð síðar. Í flestum öðrum barnaskólum hafa börn fjölgað, og auk þess hefur víða verið tekin upp barnakennsla, er eigi er með reglulegri skólaskipun. S u n n u d a g a s k ó l i n n í Reykjavík var enn haldinn, og slíkt hið sama k v e n n a s k ó l i n n. Á kvennaskólann gengu alls 11 stúlkur 1875—76, og voru kennslugreinir þar hinar sömu og árið áður. Eyfirðingar hafa ráðið, að stofna hjá sjer kvennaskóla, og eru í óða önn að undirbúa allt til hans. — Við l a t í n u s k ó l a n n í Reykjavík voru í byrjun skólaársins 1874—75: 65 lærisveinar. Af þeim útskrifuðust 9 um vorið, en 2 fóru úr skóla á annan hátt. Aptur komu 16 nýsveinar í skólann, svo að í byrjun skólaársins 1875—76 voru lærisveinar skólans 70. Af þeim, sem útskrifuðust, fengu 3 fyrstu einkunn, en 6 aðra einkunn. Auk þess tók einn utanskólasveinn burtfararpróf, og

fjekk fyrstu einkunn. Af stúdentum fóru 4 á læknaskólann, 3 á prestaskólann, og 3 á háskólann. — Við læknaskólann eða læknakennsluna í Reykjavík voru stúdentar 3 veturiun 1874—75. Af þeim útskrifaðist 1 um sumarið, og fjekk aðra einkunn, en 4 bættust aptur við um haustið. — Við prestaskólann voru stúdentar um veturinn 1874—75 11 að tölu. Af þeim útskrifuðust 6 um sumarið, en 3 komu aptur í skólann um haustið, svo að nú urðu þar að eins 8 stúdentar, eða meir en helmingi færri en fyrir 2 árum. Þessi fækkun er engan veginn sprottin af því, að álit skólans hafi í neinu rýrnað, heldur virðist hún fremur sprottin af hinu, að mikill hluti prestaembættanna er svo miklu ver launaður en öll önnur embætti, og kjósa stúdentar því heldur, að ganga þann veg, er betur borgar sig. Þannig gengu nú fleiri á læknaskólann, eptir að læknaembættunum var fjölgað. Vitnisburður á prestaskólanum var nú og í lakara lagi. Af þeim 6, sem útskrifuðust, fengu 4 að eins aðra einkunn, en 2 þriðju einkunn. Auk þeirra tók einn síðar embættispróf í guðfræði, og fjekk þriðju einkunn. Próf í forspjallsvísindum tóku 5 stúdentar. Af þeim fengu 3 fyrstu einkunn, en 2 aðra einkunn. — Við háskólann í Kaupmannahöfn tóku 5 Íslendingar próf í forspjallsvísindum; fengu 4 þeirra fyrstu einkunn, en 1 aðra einkunn. Próf í almennri lögfræði tóku þar 2 Íslendingar, annar með fyrstu, en hinn með annari einkunn. Próf í dönskum lögum tók 1 með fyrri einkunn.

Ýmiss konar ný fjelög hafa landsmeun enn stofnað til framfara og menningar. Hafa þau margs konar snið og stefnu, en öll hafa þau, hvert á sinn hátt, stuðlað til einhverrar menntunar og aukið fjör og fjelagsanda. Flest af fjelögum þessum eru á norðurlandi. Á suðurlandi er merkast sjómannafjelagið í Reykjavík. Það var stofnað í nóvembermánuði, einkum í því skini að veita hinni fjölmennu sjómannastjett í Reykjavík hollan griðastað til menntunar og skemmtunar, þá er þeir væru í landi og hefðu lítið að starfa; en jafnframt var hverjum öðrum, er vildi, gefinn kostur á að ganga í fjelagið. Í fjelag þetta gekk þegar fjöldi manna af öllum stjettum, og var stór salur í „Glasgow“ fenginn fyrir samkomustað fjelagsmanna. Salur þessi var prýddur á ýmsan hátt og alskipaður bekkjum fyrir 200 manna, en hálfu fleiri höfðu þar rúm standandi. Stofnendur og stjórnendur fjelagsins voru þeir Árni Thorsteinson landfógeti, Mattías Jokkumsson ritstjóri, og Þorlákur Ó. Johnson og Egill Egilsson, verzlunarmenn. Á samkomukveldum voru stundum haldnir fyrirlestrar um ýmisleg fræðandi og skemmtandi efni. Á hverju sunnudagskveldi og öðrum helgum kveldum voru þar haldnar andlegar ræður af ýmsum guðfræðingum. Annaðhvert laugardagskveld var haldinn dansleikur. Auk þessa skemmtu menn sjer á ýmsan annan hátt, svo sem með samræðum, söng, tafli o. fl. Bækur og blöð voru og til fengin handa mönnum að lesa, til fróðleiks og skemmtunar. Samkomur þessar voru mjög fjölsóttar, og þóttu bæði nytsamar og skemmtilegar.

Af annars konar skemmtunum má einkum nefna sjónarleika þá, er skólapiltar í Reykjavík ljeku í jólaleyfi sínu. Buðu þeir til þessarar skemmtunar ýmsum bœjarbúum. Leikarnir voru Þjóðviljinn, nýr íslenzkur forleikur eptir Mattías Jokkumsson, Könnusteyparinn (den politiske kandestöber) eptir Holberg, Tímaleysinginn (den stundesløse) eptir Holberg, og Vonbiðillinn (supplicanten) eptir Heiberg. Hinir dönsku leikar voru leiknir eptir íslenzkri þýðingu. Alls var leikið 4 kveld milli jóla og nýárs. Vel þótti leikið, og skemmtun hin bezta.

Ýmisleg hátíðahöld voru höfð á merkisdögum, svo sem á þrettánda, afmælisdag konungs (8. apríl), sumardaginn fyrsta, þjóðhátíðardaginn 2. ágúst o. s. frv. Hátíðahöld þessi fóru fram með samdrykkjum, söngvum, dansleikum, og stundum jafnframt skrauteldum og blysförum. Viðhöfnin við slík tækifœri er sífellt að aukast. Mest kvað að slíkum hátíðahöldum í Reykjavík, en þar næst á Akureyri.

Thorvaldsenshátíðin í Reykjavík var merkust allra slíkra hátiða. Þess er getið í fyrra árs frjettum, að Kaupmannahöfn gaf Íslandi líkneskju Thorvaldsens í minningu þjóðhátíðarinnar. Nú um haustið var líkneskja þessi send til Reykjavíkur, og með henni verkmeistari danskur Dandtzer að nafni, er átti að koma myndinni fyrir á sinn stað. Myndinni var markað svið á miðju torgi bœjarins, Austurvelli, og þar var hún sett upp. Kring um hana voru ramgjörvar járngrindur greyptar niður í granítklöpp. Allur völlurinn var sljettaður, og markaður í sundur í 4 jafna ferhyrnda hluti, en milli þeirra voru gjörðar sandgötur, út frá myndinni á alla vegu. Umhverfis allan völlinn var settur steindur skíðgarður. Þessi umbúnaður á vellinum var gjörður á kostnað bœjarins með umsjón bœjarstjórnarinnar. Fyrst eptir það að myndin var sett upp, var hún hulin. Til þess að afhjúpa hana var valinn 19. dagur nóvembermánaðar, er var fœðingardagur Thorvaldsens, en frá fœðingu hans voru þá liðin 105 ár. Þessi dagur var hátíðlegur haldinn með mikilli viðhöfn. Austurvöllur var þannig prýddur, að umhverfis með öllum girðingunum voru stengur reistar, og aðrar kringum líkneskjuna sjálfa. Utan um stengurnar var slöngvað lyngfljettum, og blómhringar festir á þær, en blæjur og fánar blöktu á hverri stöng og húsunum í kring. Um kveldið var allur Austurvöllur ljómaður marglitum ljósum. Afhjúpun myndarinnar fór fram um miðjan dag. Var þá fjölmenni mikið komið saman á Austurvelli, svo að þakinn var allur völlurinn. Klukkan 12 byrjaði hátíðarhaldið með því að hringingar dundu frá dómkirkjunni. Þá hófst söngur og var fyrst sungið eitt vers af kvæði, er Steingrímur Thorsteinson hafði ort í minningu tœkifœrisins. Þá stje byskup Pjetur Pjetursson í rœðustól, er reistur hafði verið þar á vellinum, og hjelt fagra rœðu um þýðingu gjafarinnar og myndarinnar. Því næst var sungið það er eptir var kvæðisins. Þá stje landshöfðingi Hilmar Finsen í rœðustólinn og afhenti myndina fyrir hönd gefandanna bœjarstjórninni í Reykjavík, og fal henni

hana til umsjár og varðveizlu eptirleiðis. Meðan hann mælti, var hjúpurinn dreginn af myndinni, og laust mannfjöldinn þá upp fagnaðarópi. Eptir það stje landfógeti Árni Thorsteinson í stólinn, og þakkaði í nafni lands og bœjar fyrir hina fögru gjöf. Að lyktum var œpt heillaópum fyrir geföndunum og konungi. Síðar um daginn voru haldin ýms samsæti með drykkjum og dansi, skálum og minnum, og allri þeirri skemmtun og viðhöfn, er föng voru á. Þar voru haldnar tölur snjallar og sungin fögur kvæði, er skáldin höfðu ort í minningu þessa tœkifœris, og margt var þar fleira til gleði. — Líkneskja Thorvaldsens stendur nú á miðjum Austurvelli og snýr til suðurs. Fótstallurinn undir henni er úr skyggðum grantsteini. Sunnan á stallinn eru letruð þessi orð: „Bertel Thorvaldsen, fæddur 19. dag nóvemberm. 1770, dáinn 24. dag marzm. 1844, mestur listamaður norðurlanda, að faðerni kominn af gömlum íslenzkum ættum“. Á norðanverðan stallinn er þetta letrað: „Þessa mynd, sem er steypt eptir frumsmíði Thorvaldsens sjálfs, gaf Kaupannahöfn, fœðingarstaður Thorvaldsens og erfingi, Íslandi á þúsundárahátíð þess 1874“. Myndin sjálf er nokkuð meir en í fullri mannstœrð; hún er steypt úr eirmálmi, og er gyllt að sjá. Myndsmiðurinn Thorvaldsen stendur þar berhöfðaður og ber niður á brjóst, klæddur verkkyrtli sínum og belti gyrtur; í hœgri hendi heldur hann á smíðahamri sínum, en í vinstri hendi á meitli; hinni vinstri hendi styður hann á lítið kvenlíkneski; það á að tákna vonina. — Enga gjöf gátu Danir betur valið Íslandi til handa í minningu þjóðhátíðarinnar, en þessa mynd Thorvaldsens, er var sonur beggja landa og jafnframt frœgastur maður af báðum þjóðum. Þessi gjöf getur því í vissum skilningi tengt saman tvær brœðraþjóðir, og er fagur og einkennilegur vottur þess, að hversu ólíkar sem skoðanir kunna að vera í stjórnarmálum og öðru slíku, þá er þó íþróttin eius fyrir alla.

Mannalát.

Meðal merkismanna þeirra, er ljetust nœstliðið ár, voru einkum 3 þjóðkunnir. Einn þeirra var Jón Guðmundsson, (f. $^{15}/_{12}$ 1807), málaflutningsmaður við landsyfirdóminn og verzlunarfjelagsstjóri. Hann hafði lengi verið ritstjóri Þjóðólfs, og barizt í blaði sínu með miklu kappi og dugnaði fyrir stjórnfrelsi Íslands og öðru því, er þjóðlegt var. Blað það, er hann stýrði, hefur lengur staðið en nokkurt annað blað á Íslandi, og var um tíma í miklu áliti. Jón var jafnframt lengi alþingismaður, og barðist hann eigi síður á þingum fyrir sjálfsforrœði þjóðar sinnar, enda var vegur hans um þœr mundir svo mikill, að hann optar en einu sinni var kjörinn forseti alþingis. Nú var hann enn að nýju kosinn alþingismaður (fyrir Vestmannaeyjar), en eigi auðnaðist honum að sitja á löggjafarþingi, því að hann dó 31. maí, eður mánuði áður en þingið kom saman. Annar var Jörgen Pjetur Havstein, (f. $^{16}/_{3}$ 1812), fyrrum amtmaður yfir norður- og austuramtinu. Hann var einhver atkvœðamest-

ur maður á Íslandi á þessari öld og mjög þjóðhollur; hann þótti bera af flestum mönnum að atorku og embættisdugnaði og var jafnvel talinn eitt hið ötulasta og stjórnsamasta yfirvald, sem Ísland nokkurn tíma hefur átt. Hann var ríkur í lund og stórráður, og ljet aldrei bugast af neinum mótspyrnum, er urðu fyrir honum. Framgöngu hans þakka margir það, að fjárkláðinn eigi hefur breiðzt út um allt norðurland. Havsteini var vikið frá embætti fyrir nokkrum árum, og upp frá því lifði hann í kyrrð, þar til er hann dó 24. júní á 64. ári. Hinn þriðji var Jósef Skaptason, (f. $^{20}/_{5}$ 1802), hjeraðslæknir í Húnavatnssýslu, kansellíráð og riddari. Hann var einhver mestur þjóðhöfðingi norðanlands og var rausn hans og höfðingskap víða við brugðið. Hann hafði lengi afskipti mikil af almennum málum og þótti jafnan koma þar fram vel og þjóðlega. Læknisstörfum sínum gegndi hann með miklum dugnaði allt fram á elliár, eða til þess er hann dó 30. júní; var hann þá 73 ára. — Af prestum þeim, er dóu á árinu, voru 2 merkastir. Annar þeirra var Páll Jónsson (f. $^{3}/_{9}$ 1843), prestur í Hestþingum, einhver efnilegastur og ágætastur af yngri prestum landsins, prúðmenni mikið og mjög vinsæll. Hann dó 15. apríl, á 32. aldurs ári. Hinn var Magnús Hákonarson (f. $^{16}/_{8}$ 1812), síðast prestur á Stað í Steingrímsfirði, nafnkenndur gáfumaður og skáld. Hann dó í maí 63 ára. Enn fremur dóu: Guðmundur Guðmundsson, prestur í Nesþingum, 29. janúar (f. $^{11}/_{8}$ 1807), og uppgjafapresturinn Jörgen Jóhannson Krøjer, 26. marz, á 74. ári (f. $^{8}/_{8}$ 1801). Einn íslenzkur stúdent dó í Kaupmannahöfn, er hjet Jóhann Meilbye; hann var hinn efnilegasti og háttprúðasti maður, og námsmaður ágætur. — Í ágústmánuði dó skáldið Hjálmar Jónsson, er venjulega var kallaður Bólu-Hjálmar. Hann var þjóðkunnur af kveðlingum sínum, sem margir eru mjög einkennilegir og lýsa forneskjulegum gáfum og ríkum skapsmunum. Einkum voru það háðs- og ádeilukvæði, og eru flest enn óprentuð. Hjálmar varð 85 ára. Af merkisbœndum má nefna Guðmund Arnljótsson á Guðlaugsstöðum, er dó 2. febr., 73 ára. Hann var fyrrum varaþingmaður Húnvetninga og átti setu á alþingi 1845. — Meðal þeirra merkiskvenna, er dóu á árinu, voru nafnkenndastar tvær: Önnur þeirra var Sigríður Þorláksdóttir Johnsen, kona Ólafs prófasts Johnsens á Stað á Reykjanesi; hún dó 26. maí, 59 ára. Hin var Halldóra Þorsteinsdóttir, prests að Hálsi, kona alþingismanns Tryggva Gunnarssonar; hún dó í Kaupmannahöfn 7. marz, 36 ára að aldri.

Ritað í marz og apríl 1876.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1876

EPTIR

VALDIMAR BRIEM,

PREST AÐ HREPPHÓLUM.

ÚT GEFNAR

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU EINARS ÞÓRÐARSONAR.

1877.

YFIRLIT EFNISINS.

LANDSTJÓRN ..... 1.—24. bls.

ATVINNUVEGIR ..... 24.—40. —

MENNTUN ..... 40.—49. —

MANNALÁT ..... 49.—51. —

Landstjórn.

Frjettir frá Íslandi 1876 verða eigi langar og því síður fróðlegar, því að á þessu ári hefur fátt það við borið, er tíðindum sæti, og allra sízt nokkuð það, er sögulegt sje og gott til frásagna; flest það, er við hefur borið, hefur farið fram á venjulegan hátt og kyrrlátlega. Þetta á einkum og ekki sízt heima um allt það, er að landstjórnarmálum lýtur. Hin mikla stjórnarbarátta, er var fyrir nokkrum árum, bæði hjá þjóð og þingi, hefur nú um hríð að kalla engin verið, síðan stjórnarskráin kom og bætti nokkuð úr ýmsum stjórnarháttum; þó er einsætt, að barátta þessi er alls eigi undir lok liðin að fullu, heldur að eins orðið hlje á, og að landsmenn bíða betra tækifæris til þess að ná full-

um landsrjettindum og algjörðu sjálfsforræði. Á því ári, sem hjer er um að ræða, hafa fáar raddir látið til sín heyra um þetta efni; þar á mót hafa menn fremur snúið rœðum sínum og ritum að sjerstökum málum, er miklu varða, sumpart land allt, en sumpart einstök hjeruð. Af málum þeim, er á þessu ári var mest um fjallað, og varða landið allt í heild sinni, má sjerstaklega nefna skattamálið, landbúnaðarmálið og skólamálið. Eins og kunnugt er, voru nefndir settar milli þinga til að undirbúa þessi mál undir alþingi. Landbúnaðarmálið hafði lengi verið í smíðum og nefnd skipuð í það fyrir löngu, en í skattamálið og skólamálið höfðu nefndirnar verið settar 1875, svo sem segir í þess árs frjettum. Nefndir þessar allar komu saman í Reykjavík að áliðnum vetri 1876 og höfðu allar lokið störfum sínum í byrjun októbermánaðar og samið álitsskjöl sín og frumvörp til nýrra laga og reglugjörða um þessi efni. Þegar hjer var komið og enda fyr, tók marga að fýsa að fá að vita, hvernig nefndirnar höfðu tekið í málin. Ritstjórar blaðanna skoruðu á nefndirnar eða landshöfðingja, að birta nefndarálitin almenningi, svo að þjóðin öll eða hver sem vildi fengi því betra tækifæri til að láta í ljós álit sitt um málin og þau yrði þannig

enn ítarlegar búin undir alþingi. Slíkt hið sama gjörði og Þingvallafundur, sá er haldinn var 2 júlí. En hvorki áskoranirnar í blöðunum nje heldur áskorun fundarins hrifu, og jók það eigi allítið tortryggni manna. Loksins tóku nokkrir alþingismenn sig saman nyrðra og gjörðu enn að nýju áskorun, og þá leyfði ráðherra Íslands um síðir, að frumvörpin yrði prentuð, og var það gjört um árslokin. Á mál þessi mun nokkuð minnzt síðar sjerstaklega. Þá var og fjárkláðamálið eitt aðalmál, er mikið var um fjallað á þessu ári; varð það nú enn sem fyrr mikið þrætumál og vandræðamál, og eigi varð það enn leitt til fullra lykta. Á það mun og stuttlega minnzt síðar.

Árið 1876 var ekki þingár, svo að þaðan er eigi tíðinda að vænta. Af Þingvallafundi, þeim er á var minnzt, er og lítið að segja; því að bæði var hann mjög svo fámennur og stóð skammt, enda hafði hann og mestmegnis eitt mál til meðferðar, en það var fjárkláðamálið, og varð eigi heldur þar við það ráðið. Hjer verður því einkum að minnast á ýms einstök atriði, sem standa í meira eða minna sambandi við stjórn landsins.

Lög, þau er alþingi 1875 samdi, voru flest það sama ár samþykkt af konungi. Nokkur þeirra voru eigi samþykkt fyr en 1876, og skal þeirra hjer getið:

1. Lög um skipströnd, samþykkt 14. jan.
2. Lög um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, samþ. 14. jan.
3. Lög um stofnun læknaskóla í Reykjavík, samþ. 11. febr.
4. Lög um stofnuu barnaskóla á Ísafirði, samþ. 11. febr.
5. Lög um að leggja skatt á útmældar lóðir á Ísafirði, samþ. 11. febr.
6. Lög um að afnema alþingistollinn, samþ. 11. febr.
7. Lög um breyting á tilskipun um gjald á brenniviní og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. 1872, samþ. 11. febr.
8. Lög um aðflutningsgjald á tóbaki, samþ. 11. febr.
9. Lög um þingsköp handa alþingi Íslendinga, samþ. 7. apríl.
10. Viðaukalög við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapítula, um friðun á laxi samþ. 11. maí.

Þá voru staðfest öll lög alþingis 1875, nema fjárkláðalögin, er konungur synjaði samþykkis síns. Frá efni þeirra laga, er hjer voru talin, er stuttlega sagt í fyrra árs frjettum, að því leyti sem það þótti nokkru varða og rúmið leyfði.

Peningabreytingin, er nokkur undanfarin ár hefur verið að komast í kring, komst nú að mestu algjörlega á. 17. dag marzm. gaf konungur út tilskipun um það, áð hinir fyrri silfurpengar, sem verið hafa gjaldgengir á Íslandi, en voru þó enn í gildi, skyldu eigi vera gjaldgengir frá 1. okt. 1876. Með þessari tilskipun voru úr lögum numnar þær spesíumyntir, sem getið er í tilskipun 31. júli 1818: $^2/_3$, $^1/_2$ og $^1/_3$ úr spesíu (áttmörk, hálfar spesíur og fjögur mörk), aðrar en hinar slesvík-holsteinsku spesíur, er áður voru úr lögum numnar; sömuleiðis allar spesíur, spesíudalir, tveggja ríkisdala peningar, ríkisdalir og hálfir ríkisdalir. Þó áttu þessir peningar að vera gjaldgengir á Íslandi (og Færeyjum) þangað til 6 mánuðir væri liðnir frá þeim degi, að tilskipun þessi væri birt almenningi á venjulegan hátt. Voru þá úr lögum teknir allir hinir eldri silfurpeningar, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og svo manna í milli. En með því að frestur sá, er gefinn var til að koma þeim frá sjer, þótti of skammur, gaf konungur eptir tillögum fjárhagsstjórnarinnar 7. ágúst úrskurð á þá leið, að ríkissjóðurinn, að því er Ísland snerti, skyldi taka við hinum eldri silfurpeningum, er fyr voru nefndir, þangað til 28. febr. 1877, og innleysa þá fyrir krónumynt, samkvæmt peningalögunum 23. maí 1873. Áður, eða 25. apríl, hafði og konungur gefið út auglýsingu um það, að allir seðlar, sem útgefnir eru af þjóðbankanum og ganga manna í milli, og miðaðir eru við 100 ríkisbankadali, 100 ríkisdali, 50 ríkisbankadali, 50 ríkisdali, 20 ríkisbankadali, 10 ríkisdali og 5 ríkisdali, skuli innkallaðir fyrir árslok 1876. Seðlar þeir, er hjer um ræðir, hafa lítið verið á gangi á Íslandi, og enda mjög sjaldgætir þar, og er því líklegt, að eigi hafi verið ervitt að fá þeim skipt í tæka tíð. Hins vegar gekk allt örðugra að fá skipti á hinum eldri og nýrri peningum, þrátt fyrir það þótt fresturinn væri lengdur; því að hvorki höfðu kaupmenn almennt nógar birgðir af hinum nýrri peningum, þó að þeirra væri leitað, nje heldur sýslumenn, en ervitt var fyrir flesta að

ná beinlínis til landssjóðsins, svo að það kom eigi að fullum tilætluðum notum að frestur var lengdur. Í annan stað mun sumum þeim, er peninga höfðu undir höndum, eigi hafa verið fullkunnugt um peningabreytinguna, einkum að því er frestinn snerti, sem eðlilega leiðir af hinum mjög ófullkomna birtingarhætti laga á Íslandi. En þar við bættist, að sumir, sem þó vissu af breytingunni og frestinum, og fengu auðveldlega skipt peningum, voru hirðulitlir um að koma þeim frá sjer nógu snemma, eða áttu bágt með að skilja þá við sig. Að líkindum hafa því eigi allir hinir eldri peningar komið fram í tæka tíð. Peningabreytingu þessa alla saman má efalaust telja talsverða rjettarbót, með því að hún bæði gjörir hægri flutning á peningum, sökum gullsins, og í annan stað gjörir hún allan peningareikning auðveldari, sökum tugakerfisins í hinum nýja peningareikningi. Þar á mót hefur peningabreytingin haft nokkur áhrif á verzlunina, sem landsmönnum hafa verið miður hagfelld. Kaupmenn hafa nefnilega allvíða notað tækifærið, og um leið og þeir hafa breytt skildingum í aura, hafa þeir í viðskiptareikningum og verzlunarbókum sínum hækkað verðlag á ýmsum vörum upp í heilan tug eða hálfan, þar sem eigi stóð svo á, að jafnt varð því, er áður var. Er það þeim bæði hagnaður og hægðarauki, en skiptavinum þeirra skaði. Raunar hefur eigi komið til þessa nema á smávörum, þeim er kosta minna en krónu, eða þar sem verðlag eigi stendur rjett á krónu; munar það og lítið hvern einstakan, en landið allt eigi svo lítið. Á breytingn þá í póstgjöldum og burðareyri undir brjef, sem leitt hefur af peningabreytingunni, var minnzt í fyrra árs frjettum. Enn má og geta þess, að peningabreytingin hefur sums staðar leitt til nokkurs misskilnings á skattgjöldum, er miðuð voru við hina eldri peningamynt.

Fjárhagsmál eru jafnan talin með helztu málum sjerhverrar þjóðar, en optast nær eru þau harðla margbrotin, svo að örðugt er að gjöra af þeim frjettir, ef vera skal í fám orðum, og enda mjög ervitt að komast niður í þeim til nokkurrar hlítar, nema með ítarlegum og kostnaðarmiklum rannsóknum, Þar að auk verður ekki, eins og hjer á stendur, skýrt frá fjárhag landsins fyrir hvert ár jafnóðum, þar sem reikningstímabilið nær

yfir tvö ár. Það árið, sem eigi er þingár, eru fjárlögin komin árið á undan, en reikningsyfirlitið kemur fyrst síðar meir. Frá fjárlögunum fyrir árin 1876—77 var stuttlega skýrt í frjettum fyrra árs. Aptur var þetta ár (1876) 14. jan. gefið út reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld landsins 1874; er þar talið afgangs útgjöldum 42654 rd. 82 sk. Hvernig varið hafi verið á næstliðnu ári fje því, er veitt var í fjárlögunum 15. okt. 1875, er sumpart eigi enn fullkunnugt, en sumpart eigi þess eðlis, að það sje efni almennra tíðinda eða og þörf sje að skýra frá því á þessum stað, en þar á mót má minnast á ýms önnur atriði, þau er standa beinlínis eða óbeinlínis í sambandi við fjárhagsmál.

Út af tilmælum, er upp voru borin á alþingi 1875, lagði landshöfðingi það til við ráðgjafann, að sjer yrði veitt vald til þess að lána út fje það, er árlega er borgað upp í það, sem viðlagasjóðurinn á í láni, sem er bæði það, er hinn fyrverandi íslenzki dómsmálasjóður og læknasjóðurinn hafa átt hjá einstökum mönnum, (að upphæð um 18000—50000 kr.) og í annan stað það, sem sveitarfjelögum hafði verið lánað í ýmsar þarfir (að upphæð um 70000 kr.). Taldi landshöfðingi þetta æskilegt, bæði til þess, að fje það, er þannig yrði endurborgað, yrði sem fyrst aptur ávaxtað landsjóðnum, og svo til þess, að einstakir menn gæti fengið lán til að koma fram ýmsum þarflegum fyrirtækjum; en slík lán væri örðugt að fá á annan hátt, sökum peningaeklu í landinu og af því að þar vantar lánsstofnanir. Ráðgjafinn áleit þar á mót, að landssjóðurinn eigi mætti missa fje það, er endurborgað yrði árlega, af lánum til sveitarfjelaganna, einkum nú eptir að alþingistollurinn hefði verið afnuminn, en laun embættismanna hækkuð; og svo væri það ísjárvert að hafa talsverðan hluta landssjóðsins í lánum, er ekki yrði auðnáð. En þar á mót leyfði ráðgjafinn með brjefi 28. febr. að veita lán einstökum mönnum af eignum dómsmálasjóðsins og læknasjóðsins gegn veði og með venjulegum lánsskilmálum. Í sambandi við þetta má geta þess — þó að það eigi snerti almenn fjárhagsmál — að sparisjóðir hafa enn verið stofnaðir á nokkrum stöðum (Hafnarfirði, Ísafirði og Akureyri), og hafa þeir

gjört mörgum greiðara fyrir, bæði með að fá lán og eins með að koma fje sínu á vöxtu.

Á það var minnzt í frjettunum í fyrra, að landshöfðingja og ráðgjafa Íslands hefði greint á um skilning á launalögunum 15. okt. 1875. Út af þessu spunnust nokkrar brjefaskriptir milli þeirra. Landshöfðingi áleit, að þá er lögin öðluðust gildi, skyldi hverjum embættismanni fyrir sig í sjálfsvald sett, hvort hann vildi heldur þiggja laun sín eptirleiðis eptir launa-reglum þeim, er staðið hafa að undanförnu, eða eptir lögunum, og taldi þá tilætlun alþingis með þessari reglu, að lögin gjörðu launahagi embættismanna þeirra, er nú eru í embættum, hvorki betri nje lakari en þeirra, er í embættin koma, eptir að lögin öðlast gildi; skírskotaði hann í því efni til umræðnanna á alþingi. En ráðgjafinn fann þar eigi slíkan skilning, heldur kvað það samhljóða bókstaf laganna, að laun embættismanna hækkuðu með embættisaldri þeirra, þó að þau væri greidd eptir hinum nýju lögum. Samkvæmt þessu voru þeim þá goldin laun sín.

Endurskoðun allra þeirra reikninga frá Íslandi, sem að undanförnu hafa legið undir endurskoðun erlendis, var nú breytt þannig, að hún skyldi fara fram eptirleiðis hjer á landi, og var landfógetanum gegn 1200 króna árlegri þóknun ætlað að endurskoða reikninga þessa. Reikningarnir fyrir 1874 voru samkvæmt þessu fluttir frá 1. reikningarannsóknardeild ríkisins hingað til lands, ásamt fylgiskjölum og nokkrum eldri reikningum. Lagði landshöfðingi og svo fyrir, að dráttur sá, sem að undanförnu hefur verið á endurskoðuninni, yrði afnuminn, en reikningarnir þegar teknir til skoðunar, er þeir koma frá þeim, er samið hafa. Í annan stað brýndi landshöfðingi með umburðarbrjefi 16. maí það fyrir öllum bæjarfógetum, sýslumönnum og umboðsmönnum, að fara nákvæmlega og stranglega eptir reglugjörðinni 13. febr. 1873 um gjaldheimtur og reikningsskil, og gaf þeim enn nokkrar reglur þar að lútandi.

Samkvæmt tillögum ráðgjafans úrskurðaði konungur 21. febrúar, að skylda sú, sem samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867 hefur hvílt á jafnaðarsjóðunum, að greiða læknasjóðnum 400 kr. árlega úr hverjum sjóði, skyldi falla niður frá 1. janúar 1876.

Samkvæmt tillögum landshöfðingja ákvað ráðgjafi Íslands 26. maí að taka læknasjóðinn undan umsjón stiptsyfirvaldanna og leggja hann undir stjórn landshöfðingja, og jafnframt það, að tekjurnar af spítalagjaldi, því er sjóðnum ber, og af jörðum hans, verði greiddar beinlínis í jarðabókarsjóðinn, og gjöld þau, er á læknasjóðnum hvíla, aptur verði greidd úr jarðabókarsjóði. Breyting þessi öðlaðist gildi 1. júlí, og afhentu stiptsyfirvöldin þá landshöfðingja sjóðinn.

Samskotasjóður Jóns Eiríkssonar handa prestum í Hólabyskupsdœmi var einnig, sökum breytingar þeirrar er orðin var á stjórn landsins, tekinn undan umsjón háskólagjaldkerans í Kaupmannahöfn, og lagður undir stjórn landshöfðingja. Sjóðurinn átti þá 13400 kr. á vöxtum og 402 kr. í peningum.

Með lögum 15. okt. 1875 hafði alþingi gefið ráðgjafanum heimild til að selja landsprentsmiðjuna með öllu, er henni heyrði til, fyrir eigi minna en 20000 kr. Í umboði ráðgjafans seldi nú landshöfðingi hana 29. des. fyrverandi forstöðumanni hennar, Einari Þórðarsyni, fyrir 21000 kr., og voru eignarumráð hans yfir henni talin frá 1. jan. 1876, eins og hún hefði þá seld verið. Kaupinu fylgdu allar eignir prentsmiðjunnar: hús, áhöld, bókaleifar og útistandandi skuldir, o. fl., en aptur heldur landsjóðurinn eptir forlagsrjetti á bókum, þeim er prentsmiðjan átti. Þriðjungur söluverðsins var greiddur þegar er kaupin gjörðust, en hitt skal gjalda smámsaman, 1000 kr. árlega.

Um opinber gjöld má þess geta, að jafnaðarsjóðsgjaldið var nú af hverju lausafjár-hundraði í suðuramtinu 40 aurar, í vesturamtinu 60 aurar, í norður- og austuramtinu 20 aurar. Meðalverð meðalverða eptir verðlagsskránum var: alinin

í Skaptafellssýslu	47	a.
- hinum sýslum suðuramtsins	57	-
- Mýra- Snæfellsnes- Hnappadals- og Dalasýslu	61	-
- Barðastrandar- og Strandasýslu	59	-
- Ísafjarðarsýslu og kaupstað	63	-
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu	58	-
- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyri	55½	-
- Múlasýslum	56	-

Tollmál mega heita ný á Íslandi, í þeim skilningi, sem

nú er venjulega talað um toll, nl. gjald, sem lagt er á verzlunina. Þó er enn að eins að talạ um aðflutningsgjald af ölföngum og tóbaki. Gjaldið af ölföngunum var fyrst í lög leitt með tilskipun 26. febr. 1872, en brátt reyndust ýmsir agnúar á þeirri tilskipun og var henni aptur breytt með lögum 11. febr. 1876. Þá var og aðflutningsgjald af tóbaki í lög leitt sama dag, og nokkru síðar (16. febr.) gaf ráðgjafi Íslands út auglýsingu um það, hvernig framfylgja skyldi þeim lögum, með því að lögin sjálf ekki höfðu tekið það fram. Með því að hjer er engin regluleg tollgæzla, veitir ervitt að sjá um, að tollalögum þessum sje fyllilega hlýtt og að eigi sje farið í kringum þau, einkum meðan þeir eru óvanir, sem um eiga að sjá, og sumt í lögunum ekki fullskýrt. Í fyrsta sinn gjörði og birting laganna nokkurn rugling. Svo virðist sem sums staðar hafi þau verið þinglesin á fyrstu þingum, en aptur annars staðar hafi verið hyllzt til, að þinglesa þau sem síðast. Hvort rjettara hafi verið, getur menn greint á um, en þessi mismunur, eða það, að þau urðu eigi birt alls staðar jafnsnemma, leiddi til þess, að skip með tollaðar vörur, er áttu að fara á þann stað, er búið var að þinglýsa lögunum, fóru fyr á annan stað þar nærri, þar sem lögin voru óþinglesin, og lögðu þar upp vörurnar; en að því er ölfangatollinn snertir, þá er í tilskipun 26. febr. 1872 til tekið, að þar skuli greiða toll af öllum farminum, er skipsskjölin eru sýnd eða sýna skal, en eigi þar sem affermt er, sje það annars staðar. Sífelldar kvartanir hafa komið frá kaupmönnum, ýmist yfir því að tollur væri ranglega tekinn, eða yfir því, að hinar tollskyldu vörur hafi rýrnað eða skemmzt, svo að endurgjalda þyrfti tollinn eða nokkurn hluta hans; hafa þær sumar reynzt á rökum byggðar, en sumar ekki. Misjafnlega vinsæl eru þessi tollalög hjá landsmönnum; sumir líta mest á hag landssjóðsins, og gróða þann, er hann hefur af lögum þessum; aptur aðrir á það, að gjöldin komi maklega niður á óhófsmönnunum; og enn aðrir, að þau eyði óhófi, með því að minna sje keypt, er dýrara verði; en sumum þykja allir tollar óeðlilegt hapt á verzluninni. Það hefur og nokkuð spillt fyrir tollinum, að hinar tollskyldu vörur hafa sums staðar verið hækkaðar meira í verði en tollinum hefur numið, um leið og tollhækkunin komst

á; en sú verðhækkun er líklega af líkum rótum runnin og verðhækkunin við peningabreytinguna, sem minnzt var á hjer að framan.

Skattamál landsíns hafa lengi verið í miklu ólagi. Skattarnir hafa verið margir og margbrotnir, sumir að eins í einstökum hjeruðum, og þá sumir hinna, er náðu yfir land allt, teknir eptir mismunandi reglum í ýmsum hjeruðum. Sumir af sköttunum voru og eigi til komnir með lögum, heldur byggðir á fornri venju. Þar við bættist, að ranglæti sumra skattgreinanna var orðið bersýnilegt, og komið mjög í bága við rjettarmeðvitund manna á þessum tímum, og þó að sumir skattarnir væri upphaflega rjettlátir, þá var með tímanum komin svo mikil ringulreið á þetta mál, og það svo óljóst, að varla vissu bændur, hvað þeim bar að gjalda á þing. Enn fremur voru ýmsar undanþágur og gjaldfrelsi á sjerstökum eignum og stjettum, sem enn meir olli ójafnaði og ósamkvæmni. Það mátti því furðu gegna, að máli þessu ekki var fyrir löngu komið í viðunanlegra horf. Stjórnin hafði raunar fyrir löngu sjeð, að hjer þurfti lagfæringar, og áður skipað nefnd til að rannsaka og undirbúa málið. Það var og gjört rækilega; en síðan datt málið í dá, hvað sem því hefur valdið, þangað til hin nýja nefnd var skipuð haustið 1875 eptir tillögum þings og stjórnar, og skyldi nú loksins til skarar skríða.

Nefnd þessi rannsakaði málið allt frá rótum, og samdi síðan frumvörp til nýrra laga viðvíkjandi skattgjöldunum. Frumvörp þessi voru fjögur alls, og voru þrjú þeirra um nýja skatta.

Hið fyrsta frumvarp var um skatt á jarðir og lausafje. Þar var það fyrst lagt til, að afnumin yrði öll þau manntalsbókargjöld, sem nú eru, og sem eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur. Í stað þessara fornu gjalda lagði nefndin til að tekið yrði upp eitt nýtt skattgjald, er leggist jafnt á allar jarðir, hverju nafni sem nefnast, og á allt tíundarbært lausafje; ætlaðist nefndin til, að ein alin af hverju hundraði hvors um sig mundi nægja og vera hæfilega hátt gjald. Gjaldið af jörðunum skyldi ábúandi greiða, en ekki eigandi. Allt skattgjaldið, bæði af jörðunum og lausafjenu, skyldi greiða á manntalsþingum ár hvert í peningum, eptir með-

alverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. En sökum þess, að búast mætti við peningaeklu, lagði nefndin það til, að greiða mætti gjaldið í nokkrum tilteknum landaurum, en þá skyldi gjalda sjettungi meira, og rynni sá sjettungur til innheimtumanns. Gjaldfrelsi sjerstakra stjetta og eigna skyldi afnumið, en þó skyldu þeir menn, sem nú hafa það, hafa það framvegis, meðan þeir eru í sama embætti.

Hið annað frumvarp var um tekjuskatt. Sá skattur var gjört ráð fyrir að yrði tvenns konar: skattur af eign, og skattur af atvinnu. Eignarskatturinnn skyldi vera 5 krónur af hverjum 100 krónum, sem tekjurnar nema, hvort sem þær eru heldur af jarðeignum, skuldabrjefum eða öðrum arðberandi höfuðstóli, þó að frádregnum kostnaði, en frá skatti þessum skyldu þeir undanþegnir, er eigi hafa 100 krónur í árstekjur. Atvinnuskatturinn skyldi vera 1 til 5 af hverju hundraði króna í tekjunum, þá er þær nema meira en 1000 krónum, þó svo, að ekkert sje greitt af hinum fyrstu 1000 krónum, en síðan fari skatturinn vaxandi eptir því sem tekjurnar hækka, og aukist um hálfan af hundraði á hverri þúsund, allt að 5 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar eru yfir 9000 krónur. Þenna skatt skyldi greiða af allri atvinnu, nema landbúnaði og sjávarútveg (sem sjerstaklegt gjald liggur á), en þó að frádregnum kostnaði, þeim er gengur til að reka atvinnuna. Undanþegnir undan þessum skatti skyldu allir opinberir sjóðar, kirkjur, sveitarfjelög, og önnur fjelög og sjóðar til almennra þarfa. Gjört var og ráð fyrir að stofna skattanefndir í hverri sveit, og yfirskattanefndir í hverri sýslu, til þess að annast um greiðslu skattsins. Skatt þenna skyldi og greiða í peningum á hverju manntalsþingi.

Hið þriðja frumvarp var um húsaskatt, eða skatt af öllum timburhúsum og steinhúsum, sem eigi fylgja jörð, er metin er til dýrleika, nje heldur eru þjóðeignir eða til opinberra þarfa. Skattur þessi ætlaðist nefndin til að yrði 2 krónur af hverjum 1000 krónum í virðingarverði húsanna.

Hið fjórða frumvarp nefndarinnar var um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Lagði nefndin það til, að þeir skyldi allir eptirleiðis fá föst laun úr landssjóði, en tekjur, þær er þeir hingað til hafa haft, aptur renna í landssjóðinn, að frádregnum inn-

heimtulaunum á tollum og svo ritlaunum, er þeir skyldu halda. Þá skyldu og afnumin lögþingisskrifaralaun og lögrjettumanna, svo og hundraðsfiskur (á Vestmannaeyjum). Sýslunum skyldi skipt í 3 flokka í launalegu tilliti. Í 1. flokki skyldu vera 4 sýslur með 4000 króna árslaunum, í 2. flokki 9 sýslur með 3200 króna launum, og í 3. flokki 4 sýslur með 2400 króna launum, Bœjarfógetaembættinu í Reykjavík skyldi fylgja 4000 króna laun, en hinum (á Akureyri og Ísafirði) 600 króna laun árlega.

Enn fremur lagði nefndin það til, að jarðamatið yrði sem fyrst endurskoðað og lagfœrt, svo að það gæti orðið rjettlát undirstaða undir hið nýja skattgjald, er á jörðum skal hvíla. Nefndin ætlaðist til, að öll þessi rjettarbót á skattgjöldum yrði komin í kring á manntalsþingum 1879, og virðist hún hafa undirbúið málið svo rœkilega, að það geti orðið, þó að sumt kunni að verða nokkuð á annan veg en nefndin hefur hugsað sjer. Svo sem við er að búast, líta menn misjafnlega á þetta mál, og kemur hagfrœðingum og skattfrœðingum vorum ekki saman um ýms veruleg atriði, en allir virðast á einu máli um það, að mál sje komið, að koma fram einhverri stórri endurbót í þessu efni, og hefur öll þjóðin gjört þetta mál að áhugamáli sínu, enda þótt það ekki að svo komnu nái nema yfir nokkurn hluta skattgjaldanna, eða gjöldin til landssjóðs.

Landbúnaðarmálið var hið annað höfuðmál, er nú var í undirbúningi. Var það að því leyti umsvifaminna en skattamálið, að eigi þurfti eins mikið að lagfœra, en aptur voru það miklu fleiri atriði, sem hjer koma til íhugunar. Lög þau, er hingað til hafa gilt í þessum efnum, eru mestmegnis Jónsbókarlög, og svo nokkrar síðari ákvarðanir; en um ýmisleg atriði hefur algjörlega vantað ákvarðanir. Til þess að semja ný lög um þetta efni, var því skipuð nefnd, og Jóni landsyfirrjettardómara Pjeturssyni, er var einn í nefndinni og talinn þessum málum kunnugastur allra manna, var falið á hendi að semja frumvarp til laganna, er nefndin síðar gæti lagt til grundvallar, er hún kœmi saman. Þetta gjörði hann og, og var að miklu leyti búinn með frumvarp sitt, er nefndin kom saman. En hinir 2 nefndarmennirnir: Bergur amtmaður Thorberg og Jón alþingismaður Sigurðsson frá Gautlöndum gátu ekki aðhyllzt frumvarp

þetta, eins og það lá fyrir, og þótti þeim það meðal annars allt of yfirgripsmikið, er það náði yfir allt það, er hjer að lýtur, en sem þeir vildu heldur hafa í sjerstökum lögum, svo sem nánari ákvarðanir um veiði, reka, o. fl. Þeir bjuggu því til nýtt frumvarp, miklu styttra en frumvarp Jóns Pjeturssónar, en þó að nokkru leyti byggt á því.

Frumvarp meiri hluta nefndarinnar er í 13 kapítulum. Fyrst eru nokkrar almennar ákvarðanir um fasteignir, t. d. hvað til þess útheimtist, að geta átt fasteignir hjer á landi, um skipti á fasteignum m. m. Þá eru ákvarðanir um almenn landsrjettindi: hvað landi fylgi, hvort sem eru almennar landsnytjar eða annað, og í sambandi við það almennar ákvarðanir um reka og veiði, að því leyti sem það fylgir landi. Þá er um sameiginleg rjettindi jarða, svo sem um notkun vatns, er skilur lönd manna eða rennur gegnum lönd fleiri en einnar jarðar, um veiði í slíkum vötnum, og um reka á landamerkjum. Þá er um lögkvaðir á jörðum, þá um ítök og notkun þeirra, þá um brot á landsrjettindum, svo sem skemmdir og ólögleg afnot af annara manna landi. Síðar koma nokkrar ákvarðanir um afsal fasteigna til nýrra eiganda, og eptir það ákvarðanir um bygging jarða og skyldur og rjettindi landsdrottna og leiguliða; þessar ákvarðanir eru einkum um skyldu eiganda til að byggja jarðir sínar, og hvað til þess þurfi, að jörð sje leigufær, um leigutímann, um byggingarbrjef, um fardaga leiguliða, um sambandið milli fráfaranda og viðtakanda jarðar og rjett þeirra hvors um sig, um leiguliðanot, um reka á leigujörð, um skyldur leiguliða að viðhalda jörðinni að húsum og öðru, um jarðabœtur og rjett leiguliða til endurgjalds fyrir þær, um niðurníðslu jarða, um skattskyldu leiguliða, um skemmdir á leiguhúsum eða leigujörð af náttúrunnar völdum, um afgjald jarða, um brot á leigumála og útbyggingu o. fl. Eptir þessar ákvarðanir, er nefndin telur hinn mest áríðanda kafla í landbúnaðarlögum, koma nokkrar ákvarðanir um úttektir jarða og svo byggingarnefndir, sem gjört er ráð fyrir að verði stofnaðar til að hafa eptirlit með byggingum og húsaskipan allri í sveitum. Þá koma almennar ákvarðanir um afrjetti, fjallskil, fjármörk, refaveiðar, o. fl.; en sjerstakar reglur hjer að lútandi er sýslunefndunum ætlað að semja fyrir hvert

byggðarlag, eptir því sem til hagar á hverjum stað. Þá er um nýbýli, einkum um stofnun þess, rjettindi nýbýlings og sambandið milli hans og landeiganda. Þá er og enn ýmislegt um búnaðarmálefni, svo sem um byggingarráð á jörðu, sem er sameign, um skipti á landi jarðar og húsum, um fjársamgöngur, um fleirbýli á jörðum, um skipti á landi heimajarðar og hjáleigu, um meðferð á skógi, um það er hey berst á annars manns land, um götur heim að bæjum, um friðun fugla, um leigupening, um fóðurpening o. fl. Að lyktum eru nokkrar ákvarðanir um rjettarfarið í málum, sem rísa af brotum gegn landbúnaðarlögum.

Á þessu yfirliti, sem tekið er mestmegnis úr athugasemdum meiri hluta nefndarinnar við frumvarpið, en nokkuð stytt, má sjá, hvað er efni hinna fyrirhuguðu landbúnaðarlaga, eða um hvað þau muni verða, en það hafa allflestir ekki áður haft ljósa hugmynd um. Á jafnstuttu yfirliti sem þessu og þannig löguðu verður raunar eigi eða að minsta kosti lítið sjeð, hvað farið er fram á eða lagt til í einstökum atriðum, en bæði er það, að slikt yrði hjer of langt mál, þar sem þessi atriði eru svo afarmörg, enda er og nær að láta það heldur bíða, þangað til lögin eru komin í kring, því að að því má ganga vísu, að frumvarpinu kunni að verða í sumu breytt, er til þings kemur. Þótt málið sje vel og ítarlega undirbúið, er það þó svo yfirgripsmikið, að skoðanir um sumt hljóta að verða mismunandi. Annars er frumvarp þetta eigi að því leyti nýtt, að margar ákvarðanir þess eru teknar að nokkru leyti eptir Jónsbók, einkum úr landsleigubálki og rekabálki; sumt er og samkvæmt síðari ákvörðunum, og sumt tekið eptir landsvenju. En hjer er því öllu komið í eina heild svo skipulega sem kostur er á, eptir hinu venjulega lagaformi. Mart í frumvarpinu er og nýmæli, og sumt af því mikilsvarðandi. Hjer má því vænta merkilegrar rjettarbótar. Þess má geta, að Jón Pjetursson eigi þýddist frumvarpið þannig lagað, en gjörði þó ei við það neinar breytingaruppástungur. Frumvarp sitt hefur hann eigi látið koma fyrir almenningssjónir.

Skólamálið var hið þriðja merkismál, er nefnd var sett í milli þinga, og skal því einnig geta þess um leið, þótt það

sje hinum tveimur málunum óskylt og allt annars eðlis, þar sem þau bæði snerta hagfræði, en þetta menntun og upplýsingu. Á siðari árum hafa úr ýmsum áttum, bæði frá lærðum og leikum, komið kvartanir yfir því, að skólamenntun vor væri að ýmsu leyti ófullkomin. Raunar hafa skólar þeir, er verið hafa (prestaskólinn og latínuskólinn) haft álit á sjer að mörgu leyti, en bæði er það, að fyrirkomulag þeirra hefur í ýmsu ekki þótt samsvara þörfum þessara tíma, og í annan stað hefur það verið tilfinnanlegt, að skóla- eða menntunarstofnanir hefur alveg vantað í öðrum greinum, þar sem þessir skólar hafa ekki náð til. Fyrir því þótti alþingi 1875 eigi mega lengur svo búið standa, og eptir tillögum þess skipaði stjórnin nefnd til að rannsaka skólamálin í heild sinni, svo sem segir í fyrra árs frjettum. Skólanefnd þessi sneri sjer þó helzt að skólum þeim, er verið hafa, og samdi frumvörp til reglugjörða fyrir prestaskólann og latínuskólann. Reglugjörðir nefndarinnar eru að mestu leyti sniðnar eptir hinum eldri reglugjörðum þessara skóla, er báðar voru gefnar út 30. júlí 1850, en auk þess hefur verið, að því er latínuskólann snertir, jafnframt höfð nokkur hliðsjón af nýlegum dönskum lagaboðum um sama efni.

Hinar helztu breytingar, er nefndin hefur lagt til um prestaskólann, eru þær: að skólatíminn verði lengdur um nær því eitt ár (þrjú ár í stað tveggja), að skólaárið byrji hálfum mánuði fyr en verið hefur (15. sept.) og endi sömuleiðis hálfum mánuði fyr (14. júní), að skerpt verði eptirlitið með siðferði og reglusemi stúdenta, og að lítið eitt verði aukið við þær kennslugreinir, er hin eldri reglugjörð getur um, sem einnig sumpart hefur verið gjört þar hin síðari ár.

Hinar helztu breytingar, er nefndin hefur lagt til um latínuskólann, eru þær, að skólaárið verði fært fram um hálfan mánuð, á sama hátt og prestaskólaárið, og að kennslunni í sumum tungumálum verði hagað nokkuð á annan veg. Þannig hefur hún lagt það til, að í latínu skuli hraðlesa nokkuð meira en áður hefur gjört verið, en aptur minnka iðkanir í latínskum stíl allt að helmingi. Enska og frakkneska tungu ætlast hún til að kenna skuli sem skyldugreinir, en þar á mót skuli þýzka eigi framar vera skyldugrein. Þá skal og nokkuð breytt til um ein-

kunnagefningu við prófin. Það má sjá, að nefndin býst við að svonefndur gagnfræðis- eða realskóli verði innan skamms stofnaður samhliða latínuskólanum, en hún hefur þó að öðru leyti engar ákveðnar bendingar gefið um það efni.

Þá hefur og nefndin gjört uppástungu um stofnun þjóðskóla á norðurlandi, eða skóla þess, er alþingi 1875 ætlaðist til að stofnaður yrði á Möðruvöllum í Hörgárdal, og veitti fje til í fjárlögunum. Hefur nefndin hugsað sjer, að eigi ætti við, eptir því sem hjer til hagar, að skóli þessi yrði realskóli í venjulegum skilningi, heldur miklu fremur skóli í verklegri kunnáttu, eða með öðrum orðum búnaðarskóli.

Skólanefndin hefur þannig kveðið upp álit sitt um þessa 3 skóla, er hjer hafa verið nefndir, en eigi hefur hún tekið með lagaskólann og læknaskólann, nje heldur alþýðuskóla yfir höfuð og barnaskóla. Svo hefur hún og látið ótalað um skólamál landsins í heild sinni, og aðra menntunarvegi.

Læknaskóli með fastri skipun var nú loksins stofnaður með lögunum 11. febr. sem fyr er sagt. Frá efni þessara laga er stuttlega greint í frjettum fyrra árs, þar sem sagt var frá alþingi. Samkvæmt lögunum samdi ráðgjafi Íslands reglugjörð fyrir skóla þenna, og var hún gefin út 9. ágúst. Þar er gjört ráð fyrir, að kennslutíminn verði 4 ár, og að skólaárið verði hið sama, sem að undanförnu hefur verið við prestaskólann og latínuskólann. Kennslugreinirnar eru: líkskurðarfræði, líffærafræði, efnafræði, grasafræði, lyfjafræði, almenn veikindafræði og lækningafræði, sjerstakleg kírúrgisk veikindafræði og lækningafræði, sjerstakleg medisínsk veikindafræði og lækningafræði, lagaleg læknisfræði, heilbrigðisfræði og yfirsetufræði. Einkum skal þó leiða athygli að þeim atvikum, sem einkennileg eru fyrir Ísland. Iðka skal lærisveina í þekkingu og lækningu sjúkdóma bæði á spítalanum í Reykjavík og utan spítala. Fyrir ofdrykkju eða aðra óreglu skal lærisveinum vísað burt úr skólanum, ef þeir skipast ekki við áminning forstöðumanns í þriðja skipti. Til þess að hafa vakandi auga með iðni þeirra og framförum, skulu kennararnir halda próf að minsta kosti tveim sinnum á skólamissiri.

Kirkjumál landsins er varla að minnast á. Synodusar

er að engu getandi, og nefnd sú, er við synodus er kennd, og sem meðal annars hefur á hendi það starf, að stinga upp á betri skipun prestakalla og hagfelldari kjörum presta, fær engu til vegar komið. Hinn mikli ójöfnuður og glundur, sem er á skipun prestakallanna, launahögum presta, og gjöldum landsmanna til presta og kirkna, er af stjórnarinnar hálfu enn látið liggja í þagnargildi. Þar sem í ráði er, að koma á nýrri skattgjaldaskipun, eins og áður hefur verið um getið, þá nær það að eins til gjalda þeirra, er í landssjóð renna, sem virðist benda til þess, að landssjóðurinn sje fremur hafður í huga en það, að firra landsmenn óeðlilegum og ósamkvæmum gjöldum, því að þau mega þeir enn bera á ýmsan hátt, meðan hin forna skipun helzt á gjöldum til presta og kirkna. Alþingi 1875, er bjó til launalögin og læknalögin, ætlaði í fjárlögunum 2000 kr. til uppbótar fátækustu brauðum, en þau eru talin um 70. Af þeirri fjárupphæð bætti landshöfðingi eptir tillögum byskups upp fáein brauð: Stað í Súgandafirði og Stað í Aðalvík með 300 kr. hvort, en Kvíabekk, Presthóla, Svalbarð, Reynisþing og Bergstaði með 200 kr. hvert. Enn fremur var og nokkrum öðrum prestaköllum veittur nokkurra króna fjárstyrkur eða ölmusa, sem varla er teljandi sjer í lagi.

Í fyrra var í frjettum þessum minnzt á 2 Mormóna, er hingað höfðu komið til að boða trú sína. Þeir höfðu vetursetu í Reykjavík, en ljetu eigi mikið á sjer bera. Þó prjedikuðu þeir þar eitt sinn fyrir fólki úti á víðavangi, með því að ekki fengu þeir húsrúm til þess. Hvorki þá nje endranær varð þeim nokkuð ágengt, að því er spurzt hefur; og er voraði, hurfu þeir aptur hjeðan vestur um haf til trúarbræðra sinna í Utah í Norðurameriku. Mormónavillunni í Vestmannaeyjum varð lítið úr, og Mormónahjón þau, er þar höfðu gengið í borgarlegt hjónaband, köstuðu trú sinni skömmu síðar.

Hinn frakkneski, katólski prestur Baudoin, er dvalið hefur nokkur undanfarin ár í Reykjavík, andaðist á kynnisferð í Frakklandi haustið 1875. Hann hafði, að því er menn hugðu, upphaflega sezt hjer að, í því skini að boða hjer katólskan trúarlærdóm. En litlar tilraunir virðist hann hafa gjört til þess, enda ávannst honum ekkert. Annars var hann maður vel lærð-

ur og vel látinn. Enginn hefur komið í stað hans sem katólskur trúboði.

Sveitarstjórnarskipunin nýja virðist nú að fullu komin á, en eigi er hún enn svo reynd, að marka megi fullkomlega, hver rjettarbót hún er. Þó virðist hún í flestu betur gefast en hinar eldri ákvarðanir, að því leyti sem hún er frjálslegri. Yfir sumum atriðum í sveitarstjórnarlögunum hefur þó verið kvartað, og ýmist þótt óljóst eða óhagfellt. Tvær slíkar umkvartanir komu til síðasta alþingis, en þingið vísaði þeim frá sjer til landshöfðingja; gaf landshöfðingi almenningi nokkrar skýringar þar að lútandi í brjefi 24. apríl. Einkum hefur verið kvartað yfir því. að ervitt væri að semja fjárhagsáætlanir hreppanna, og sömuleiðis niðurjöfnunarskrár aukaútsvarsins fyrir fardaga, og eru það einkum þessi atriði og annað, er stendur í sambandi við það, sem skýringar landshöfðingja eru um. Það hefur og þótt óljóst, hverjir væri gjaldskyldir til sveitar, en landshöfðingi hefur skýrt það svo, að það væri allir, sem til þess væri færir, án tillits til stöðu þeirra, tíundar eða annars sjerstaklegs. Þá hefur það og sums staðar þótt óhagfelld tilhögun, að ekki skyldi jafnan sýslunefndarmaður úr hverjum hrepp eiga setu á hverjum sýslunefndarfundi.

Af fundum og aðgjörðum sýslunefnda hafa víðast hvar farið litlar sögur. Þar á mót má af fundaskýrslum amtsráðanna sjá, hvað þau hafa starfað, en fæst af því er sjerlega markvert eða sögulegt. Af fjárkláðanum eða vörðum gegn honum höfðu ráðin þetta ár eigi mikil afskipti. Helzt er þess að geta, að ráðin stungu upp á vegum, þeim er skyldu vera fjallvegir. Sjerstaklega má og geta þess, að amtsráðið í suðuramtinu leyfði sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eptir ítrekaða beiðni, að taka lán handa sýslunni, er nemi 250 tunnum af rúgi, með því skilyrði að lánið yrði að fullu endurborgað innan ársloka 1878. Um leyfi til lántöku þessarar hafði verið beðið til að afstýra hallæri í sýslunni, einkum í Vatnsleysustrandar- og Álptaneshreppum. Sömuleiðis lagði ráðið samþykki sitt á, að sýslunefndinni í Vestmannaeyjum hafði verið veitt 1000 króna lán, til að afstýra hallæri þar í eyjunum.

Um sveitastjórn má enn geta þess, að tveimur hreppum

var eptir ósk hlutaðeiganda skipt í sundur. Annar þeirra var Torfastaðahreppur í Húnavatnssýslu, er skipt var í ytri og fremri Torfastaðahrepp, en hinn var Bjarnaneshreppur í Austur-Skaptafellssýslu, er einnig var skipt í 2 hreppa: Mýrahrepp og Nesjahrepp.

Vegamál landsins hafði verið tekið fyrir á alþingi 1875 og breyting verið gjörð á hinni eldri vegalöggjöf. Lög þau, er þingið samdi um þetta efni, staðfesti konungur 15. okt. sama ár, og er þeirra getið í frjettunum í fyrra. Samkvæmt lögum þessum ákvað landshöfðingi og birti með auglýsingu 9. nóv. 1876, hverjir vegir skyldi vera fjallvegir á Íslandi, milli sýslna og landsfjórðunga; voru þeir að mestu ákveðnir eptir tillögum amtsráðanna.

Fjallvegir skulu liggja yfir: 1. Grímstungnaheiði og Kaldadal, 2. Stórasand, 3. Kjalhraun og Vatnahjalla, 4. Sprengisand, 5. Mývatnsöræfi og Dimmafjallgarð, 6. Hallgilsstaðaheiði milli Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, 7. Vestdalsheiði milli Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu, 8. Lónsheiði milli Suðurmúlasýslu og Austur-Skaptafellssýslu, 9. Mælifellssand milli Skaptafellssýslna og Rangárvallasýslu (Goðalands- eða Fjallabaksvegur), 10. Grindaskörð, 11. Lágaskarð, 12. Hellisheiði og 13. Mosfellsheiði, allir fjórir vegir milli Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, 14. fyrir Ok milli Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu, 15. Holtavörðuheiði milli Mýrasýslu og Strandasýslu, 16. Bröttubrekku milli Mýrasýslu og Dalasýslu, 17. Rauðamelsheiði milli Hnappadalssýslu og Dalasýslu, 18. Haukadalsskarð og 19. Laxárdalsheiði, 20. Snartartunguheiði, allir þrír vegir milli Dalasýslu og Strandasýslu, 21. Steingrímsfjarðarheiði milli Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu, 22. Þorskafjarðarheiði milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu, 23. Vatnsskarð og 24. Gönguskörð, báðir milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, 25. Öxnadalsheiði, 26. Heljardalsheiði og 27. Siglufjarðarskarð, allir þrír milli Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu.

Póstgöngur hafa drjúgum aukizt. Í viðbót við þær sjö landpóstferðir, er að undanförnu hafa verið, síðan hin nýja póstskipun komst á, var nú tekin upp hin áttunda; hún var látin vera um miðjan vetur, og byrja nokkru eptir nýár; var hún

einkum ætluð fyrir brjef og minni sendingar. Nokkrar smábreytingar voru gjörðar á póstleiðum og póststöðvum. Ráð var og gjört fyrir því, að aðalpóststöðvarnar á Austfjörðum skyldi eptirleiðis verða á Seyðisfirði, en eigi á Djúpavogi, sem hingað til hefur verið.

Meiri framförum tóku þó póstferðirnar á sjó, því að nú komust loksins á reglulegar gufuskipsferðir kringum landið, sem menn hafa svo lengi þráð eptir. Alþingi 1875 hafði í fjárlögunum veitt 15000 kr. árlega til gufuskipsferða þessara, en þótti fje vanta til þess að standast kostnaðinn allan, og var þó eigi gjört ráð fyrir honum meiri en 20000 kr. á ári. Þingið fór því þess á leit, að ríkissjóðurinn bætti til það, sem á vantaði, með því líka að þingið taldi það skyldu hans, samkvæmt stöðulögunum 2. jan. 1871. Stjórnin þyddist raunar eigi þenna skilning laganna, en varð þó vel við og studdi að því, að fjeð fengist, með því að það væri að öðru leyti hagfellt að póstgöngur þessar kœmist á. Mælt er og, að konungur sjálfur hafi verið þessu máli vel fylgjandi. Fjeð fjekkst því nœgilegt, og var nú ráðið, að stofna 3 gufuskipsferðir á ári hverju meðfram ströndum landsins; en sökum þess, að áliðið var orðið vors, er þessi ráðabreytni var algjörlega komin í kring, gátu strandferðirnar eigi orðið nema tvær í fyrsta sinn. Fyrir strandsiglingaskip var fengið gufuskip, það er kallað er Díana, er fyr hefur verið herskip, en nú síðast áður póstskip milli Íslands og Danmerkur. Fyrirliði skipsins var Wandel sjóliðsforingi. Skipið lagði í fyrri ferðinni af stað frá Kaupmannahöfn 11. júní, kom á leiðinni við í Granton á Skotlandi og Þórshöfn á Færeyjum, en tók hjer fyrst land við Seyðisfjörð; þaðan hjelt það eptir stutta dvöl norður og vestur um land áleiðis til Reykjavíkur; á þeirri leið kom það við á Raufarhöfn, Akureyri, Skagaströnd, Ísafirði og Stykkishólmi. Ætlaður komudagur þess til Reykjavíkur var 30. júní. Frá Reykjavík hjelt það aptur vestur og norður um land 11. júlí, og kom þá við á hinum sömu stöðum, nema Raufarhöfn; þar gat það ekki legið sökum grynninga. Frá Seyðisfirði hjelt það aptur til Kaupmannahafnar, og lagði þá sem fyr leið sína um Þórshöfn og Granton. Síðari ferðin hófst 11. ágúst, og var henni hagað á sama hátt sem hinni fyrri að

því er komustaði snerti, nema að því, að á leiðinni frá Reykjavík til Kaupmannahafnar var skipið eigi látið koma við á Skagaströnd (nje á Raufarhöfn). Viðstaðan í Reykjavík átti í hvert skipti að vera rúmir 10 dagar, en á millistöðvunum 12 stundir á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði, en að eins 6 stundir á Stykkishólmi, og 3 á Skagaströnd og Raufarhöfn. Farargjald er ákveðið ýmislega, eptir því hvort farþegi býr í 1. eða 2. lyptingu eða á þilfari, og eptir því, hve löng er ferðin. Þannig er t. d. farargjald milli Reykjavíkur og Akureyrar 27 kr. í 1. lyptingu, 18. kr. í 2. lyptingu, en 12 kr. á þilfari. Fyrir börn frá 2—12 ára greiðist hálft farargjald, fyrir yngri börn ekkert. Hver fullorðinn farþegi má ókeypis hafa með sjer 100 punda þunga, en börn 10 punda; en borga skal, er meira er flutt. Fæði kostar fyrir fullorðinn mann í 1. lyptingu 4 kr. 66 aura, í 2. lyptingu 2 kr. Þessar fyrstu ferðir skipsins gengu að mestu greiðlega, og urðu að talsverðum notum. Í fyrri ferðinni til Reykjavíkur var þó lítið bæði um farþega og vöruflutninga, er virðist einkum hafa komið af því, að ferðaáætlun skipsins var þá eigi fullkunnug orðin, enda hafði og skipstjóri sums staðar af ofurkappi eða misskilningi tekið sig upp fyr en til stóð. Aptur voru í ferðinni frá Reykjavík margir farþegar. Í síðari ferðinni voru farþegar fjölda margir báðar leiðir, svo að skipið hafði varla rúm fyrir þá. Aðbúnaður á skipinu þótti góður, en fæðið óþarflega dýrt. Það hafa menn helzt fundið að póstferðum þessum, að skipið skyldi eigi vera látið koma við Norveg, þar sem Norðmenn eiga nú orðið nokkur verzlunarviðskipti við landsmenn og kunningsskapur milli þeirra og Íslendinga er að fara í vöxt. Aptur hefur sumum þótt minni nauðsyn á, að láta skipið koma við Skotland. Hinar venjulegu 7 póstferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur hjeldust sem áður, en sú breyting varð að eins á því, að gufuskipafjelagið í Kaupmannahöfn tók þær að sjer fyrir 5 ára tíma, gegn 40000 króna gjaldi úr ríkissjóði. Ekki þótti póstskip þetta fylgja vel áætlun sinni, og brá það út af því að koma á Seyðisfjörð, sem til var ætlazt. Til stendur og að leggja þá ferð niður, og sömuleiðis ferð þess til Stykkishólms.

Embættaskipunin var á þessa leið:

Tvær sýslur voru veittar á árinu: Þingeyjarsýsla

13. maí hinum setta sýslumanni þar, Benedikt Sveinssyni, fyrrum dómara í landsyfirrjettinum, og Húnavatnssýsla 2. nóv. Eggert Briem, sýslumanni í Skagafjarðarsýslu, er gegnt hafði Húnavatnssýslu mestan hluta ársins, ásamt sinni sýslu. Enn fremur setti landshöfðingi 15. apríl samkvæmt tilmælum amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu Jón ritara Jónsson, til fyrst um sinn að gegna sem lögreglustjóra með dóms- og framkvæmdarvaldi á svæðinu milli Hvítánna í Borgarfirði og Árnessýslu öllum þeim störfum til upprætingar fjárkláðans, sem sýslumennirnir í Borgarfjarðar- Kjósar- Gullbringu- og Árnessýslum annars ætti að hafa á hendi. Jón ritari hafði árið áður fengið þetta starf á hendur, en þá var það eigi skýrt tekið fram, að hann hefði dómsvald, og synjaði landsyfirrjetturinn honum þess. En nú var það skýrt tekið fram, og til frekari staðfestingar gaf konungur sjálfur honum umboðsskrá 26. sept. til að gegna öllum þeim dómarastörfum, framkvæmdarstörfum og fógetastörfum viðvíkjandi fjárkláðanum, sem annars hvíla á lögreglustjórum, bæði í þeim hjeruðum, sem sýkinnar hefur orðið vart, og hvar sem hún síðar kynni upp að koma. — 13. febr. setti ráðgjafi Íslands examinatus juris Guðmund Pálsson til þess fyrst um sinn að hafa á hendi málaflutningsstörf við yfirdóm landsins (í stað Jóns Guðmundssonar). — 4. apríl setti landshöfðingi yfirdómara Magnús Stephensen til að endurskoða hina árlegu jarðabókarsjóðsreikninga, gegn 400 kr. þóknun, sem veitt er með fjárlögunum.

Prófastar voru settir í þrjú hjeruð: í Austur-Skaptafellssýslu Jón Jónsson, prestur að Bjarnanesi 28. apríl; í Eyjafjarðarsýslu Davíð Guðmundsson, prestur að Möðruvallaklaustri, og í Suðurmúlasýslu Þorsteinn Þórarinsson, prestur að Berufirði, báðir 8. maí.

Þessi prestaköll voru veitt á árinu: Grenjaðarstaður 21. febr. Magnúsi Jónssyni, presti á Skorrastað; 13. maí var honum leyft að sitja kyrrum í embætti sínu á Skorrastað, og Grenjaðarstaður aptur veittur s. d. Benedikt Kristjánssyni, presti á Helgastöðum. Reynisþing voru veitt 28. marz Brynjólfi Jónssyni, presti í Meðallandsþingum; Svalbarð s. d. Guttormi Vigfússyni, aðstoðarpresti í Saurbæ í Eyjafirði; Bergstaðir

s. d. kandidat Stefáni Magnúsi Jónssyni; Undirfell 15. maí Hjörleifi Einarssyni, presti í Goðdölum; Staður í Súgandafirði 27. júlí Einari Vernharðssyni, presti að Stað í Grunnavík; Goðdalir 1. sept. kandídat Sófóníasi Halldórssyni; Kvíabekkur s. d. kandídat Jónasi Bjarnarsyni; Hestþing s. d. kandídat Janusi Jónssyni; Staður í Aðalvík 9. sept. Páli Einarssyni Sivertsen, presti í Ögurþingum; Kálfholt 30. nóv. Guðmundi Jónssyni, presti á Stóruvöllum. — Þingmúli var 21. marz sameinaður um 3 ár við Hallormsstað, og Hof á Skagaströnd sömuleiðis um 3 ár við Höskuldsstaði. 12. maí var endurnýjuð sameining Kjalarnesþinga um 2 ár við Mosfell og Reynivelli. — Aðstoðarprestar urðu: að Melstað Páll Ólafsson, prestur í Hestþingum, og að Hrafnagili kandídat Guðmundur Helgason. — Vígðir til presta voru: Stefán Jónsson og Stefán Magnús Jónsson 21. maí, en Sófónías Halldórsson, Jónas Bjarnarson, Janus Jónsson og Guðmundur Helgason 3. september.

Á læknaskipuninni varð talsverð breyting. Forstöðumannsembættið við hinn nýstofnaða læknaskóla í Reykjavík var 21. febr. veitt landlækninum, doktor Jóni Hjaltalín, en honum jafnframt veitt lausn frá hjeraðslæknisstörfum, þeim er hann hefur áður haft. Kennaraembætti við sama skóla var 24. maí veitt Tómasi Hallgrímssyni, hjeraðslækni í eystra læknishjeraði suðurumdœmisins. — 21. febr. var 1. læknishjerað (eða Reykjavíkursókn, Kjósarsýsla og Garðaprestakall í Gullbringusýslu veitt settum hjeraðslækni Jónasi Jónassen. 14. ágúst voru veitt: 2. læknishjerað (Gullbringusýsla að undanskildu Garðaprestakalli) settum hjeraðslækni Þórði Guðmundsen; 3. læknishjerað (Borgarfjarðar- og Mýrasýsla) settum hjeraðslækni Páli Blöndal; 7. læknishjerað (Strandasýsla ásamt Garpsdals- og Staðarprestaköllum í Barðastrandarsýslu) settum hjeraðslækni Ólafi Sigvaldasyni, og honum falið að gegna fyrst um sinn 5. læknishjeraði (hinum hluta Barðastrandarsýslu að fráskilinni Flatey); 8. læknishjerað (Húnavatnssýsla vestan Blöndu) settum hjeraðslækni Júlíusi Halldórssyni; 9. læknishjerað (Húnavatnssýsla austan Blöndu og Skagafjarðarsýsla að undanskildum Fells- Barðs- og Knappstaðaprestaköllum) settum hjeraðslækni Boga Pjeturssyni, og var

honum fyrst um sinn falið að gegna nokkrum hluta 10. læknishjeraðs (eða þeim 3 prestaköllum í Skagafjarðarsýslu, er getið var); 13. læknishjerað (Svalbarðs- og Sauðanesprestaköll í Þingeyjarsýslu og Skeggjastaða og Hofsprestaköll í Norðurmúlasýslu) kandídat Einari Guðjohnsen; 14. læknishjerað (hinn hluti Norðurmúlasýslu og Vallaness- og Hallormstaðarprestaköll í Suðurmúlasýslu) settum hjeraðslækni Þorvarði Kerúlf; 17. læknishjerað (Vestur-Skaptafellsýsla) settum hjeraðslækni Sigurði Ólafssyni, og var honum einnig falið á hendi að gegna fyrst um sinn hjeraðslæknisstörfum í 18. og 19. læknishjeraði (Rangárvallasýslu og Árnessýslu). Skyldi hann til skiptis dvelja í Hörgsdal á Síðu í Vestur-Skaptafellssýslu og á Eyrarbakka í Árnessýslu, en milli þess vera á ferðalagi um Rangárvallasýslu. En með því að það var auðsætt, að þessi tilhögun var með öllu ónóg og mundi koma að litlum notum, þar sem um var að gjöra svo víðáttumikið hjerað með mörgum stórvötnum, var »praktiserandi» læknir A. Tegner fenginn til að gegna hjeraðslæknisstörfunum í Árnessýslu, og skyldi hann taka við af hinum um nýár 1877.

Lögtignan í 2. flokki var veitt amtmönnum á Íslandi, og forstöðumanni prestaskólans í 4. flokki. — Heiðursmerki kommandöra í 2. flokki orðu Ólafs helga var byskupi landsins, doktor Pjetri Pjeturssyni, veitt af konungi Norðmanna og Svía. — Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda voru veittar Helga Magnússyni, sýslunefndarmanni og sjálfseignar bónda í Birtingaholti fyrir 25 ára ágætan búskap, og Jakobi Guðmundssyni, presti að Sauðafelli í Dölum, fyrir mjög vandaðar og miklar húsa- og jarðabœtur á ábúðarjörð sinni 2 síðustu ár, — 160 krónur hvorum þeirra.

Um dómsmál og annað, er þar að lýtur, er fátt til frásagna. Síðan dómasafnið hætti að koma út og blöðin hættu að birta flesta dóma landsyfirrjettarins, er fátt kunnugt um þesskonar öðrum en þeim, er eitthvað hafa verið við málin riðnir, eða sökum stöðu sinnar hafa haft færi á að kynna sjer þau. Nú er í ráði, að farið verði að gefa út nýtt dómasafn, og annist landsyfirrjetturinn sjálfur um útgáfu þess. — Í landsyfirrjetti voru nú alls dœmd 43 mál. Af þeim voru 24 einka-

mál, en 19 sakamál og opinber lögreglumál. Eigi er kunnugt, að nein þeirra hafi verið sjerlega þýðingarmikil. Mesta eptirtekt manna virðast hafa vakið málin um dómsvald lögreglustjórans í fjárkláðamálinu, Jóns ritara Jónssonar. Mál þessi risu af því, að lögreglustjórinn sektaði yfirkennara Halldór Friðriksson með smásektum fyrir óhlýðni við nokkrar fyrirskipanir hans í kláðamálinu. Þetta gjörðist fyrst tvisvar, og var í hvorttveggja skipti skotið fyrir landsyfirrjett, en rjetturinn ónýtti málin í bæði skiptin með því að dœma, að undirdómarinn (lögreglustjórinn) hefði eigi haft dómsvald, og honum hefði eigi verið gefið það með skipunarbrjefi hans sem lögreglustjóra. En nú gaf landshöfðingi lögreglustjóranum nýtt skipunarbrjef (15. apr.), þar sem það var tekið skýrt fram, að hann skyldi hafa dómsvald. Þá dœmdi lögreglustjórinn enn sama mann fyrir sams konar brot, en hann skaut því enn til yfirrjettar, og dœmdi yfirrjettur þá, að það lægi fyrir utan verksvið landshöfðingja, að gefa þvílíkt dómsvald, og hefði því undirdómarinn eigi heldur nú haft dómsvald. Þannig ónýtti rjetturinn málið í þriðja sinn. Önnur mál, er nú voru dœmd í yfirrjetti, vöktu og eptirtekt; það voru meiðyrðamál Hilmars Finsens landshöfðingja gegn Jóni Ólafssyni, ritstjóra Gönguhrólfs. Málin voru 3, og er hjeraðsdómanna í þeim öllum getið í frjettunum fyrir 1873 og 75. Yfirrjettur dœmdi nú, að Jón skyldi greiða sektir: 200 kr. í einu málinu, 400 kr. í öðru, og 600 kr. í hinu þriðja, auk málskostnaðar, og svo meiðyrðin ómerk. — Í hæstarjetti voru nú dœmd meiðyrðamál þeirra Þórðar Jónassens yfirdómsstjóra og Magnúsar Stephensens yfirdómara gegn Benedikt Sveinssyni, fyrrum yfirdómara, á þann hátt að Benedikt skyldi greiða 200 kr. sekt í hvoru málinu, auk málskostnaðar, og svo meiðyrðin ómerk.

Atvinnuvegir.

Veðuráttufar var fyrri hluta ársins fremur stirt, en síðari hluta ársins ágætt, svo að þá er á allt árið er litið, má telja það með meðalárum að veðurgœðum. Frá nýári og fram í miðjan febrúar var mjög hrakviðrasamt víða, einkum sunnan-

lands og vestan, og stundum ofsastormar. Mestir urðu stormar aðfaranótt hins 3. janúar, og ollu þeir víða syðra stórskemmdum á heyjum manna og róðrarskipum. Frá miðjum febrúar og fram í miðjan marz voru lengstum hreinviðri, en sjaldan frost mikil, og optast nokkrir hagar. Þá gjörði um miðjan mánuðinn stórhríð nálega yfir allt land, með miklu frosti og fannkomu. Um þær mundir rak hafísinn að landinu, fyrst að útnesjum, en síðan inn á firði; hann hörfaði þó frá um hríð, en kom skjótt aptur og lagðist þá fyrir allt norðurland og rak jafnvel langt suður með landinu austanverðu. Þar við stóð þangað til í öndverðum maímánuði; þá rak ísinn aptur til hafs. Meðan ísinn var landfastur, voru lengst af illviðri og hörkur, einkum nyrðra og eystra, og um sumarmál voru harðar norðankólgur um allt land. Sunnanlands voru lengi þurrkar miklir, og urðu sums staðar stórskemdir af sandfoki, einkum á Rangárvöllum. Snemma í maí kom batinn loksins, og var þá mörgum orðið mál á honum. Um þær mundir urðu sums staðar skemmdir á jörðum í Húnavatnssýslu af vatnavöxtum og skriðum. Vorið var kalt víðast fram að sólstöðum enda var ís nærri; þá voru nokkrir hitadagar, en síðan brá aptur til kalsa, er stóð fram á mitt sumar. Síðari hluta júlímánaðar var víða kalsasamt og úrkomur tíðar. Upp frá því voru blíðviðri, hitar og þurrkar allt fram á haust. Haustið var eitt hið bezta. Framan af vetri og allt til ársloka voru lengstum þíður, en nokkuð vindasamt

Heyskapurinn varð í betra lagi. Grasvöxtur var í meðallagi á túnum, í lakara lagi á harðvelli utan túns, en beztur á mýrlendu engi. Töður hröktust sums staðar, þar sem snemma var tekið til sláttar, en að öðru leyti varð nýting á heyjum einhver hin bezta í flestum sveitum allt til sláttuloka. Þó að grasvöxturinn eigi væri nema í meðallagi að öllu samtöldu, varð þó víða sökum nýtingarinnar afbragðs- heyskapur. Kálgarða- og jarðeplagarðarækt virðist hafa heppnazt í góðu meðallagi.

Í öskusveitunum austanlands var gróður í bezta lagi að mörgu leyti, en þó nokkuð á annan hátt en annars staðar. Tún spruttu þar víða ágætlega; vorkuldarnir virðast hafa gjört þar minna til meins en annars staðar, með því að askan niðri í rót-

inni hefur verið grasinu til skýlis, meðan það var að vaxa. Sumir hugðu, að í öskunni kynnu að vera einhver áburðarefni, með því að gras það, er upp úr öskunni spratt, þótti bæði frjótt og kostagott. Til þess að fá vissu um þetta, ljet Eiríkur Magnússon, bókvörður í Cambridge, rannsaka öskuefnið á efnafræðilegan hátt, og reyndist það þá, að í því var örlitið frjófgunarefni, og ekkert það, er á svo stuttum tíma gæti veitt nokkra frjófgun. Var því einsætt, að að öskunni varð eigi annað gagn en skjól fyrir grasrótina, en það gagn varð líka mikið, þar sem askan var eigi of mikil. Þetta kemur og vel heim við það, að tún eða það land, sem bezt var hreinsað, spratt bezt. Utantúns harðvelli spratt þar næst, en grasvöxtur var þar gisinn. Gisnast og lakast sprottið reyndist gras á mýrlendi, — sem annars staðar var bezt sprottið — en það virðist hafa komið af því, að sú jörð varð sízt hreinsuð, og öskuskánin hefur verið þar of mikil. Askan hefur þetta ár töluvert rjenað og borizt burt, bæði af vindi og vatnsrensli, en þó sjást enn sums staðar miklar menjar hennar. Á sumum jörðum, þeim er í eyði lögðust á Efra Jökuldal, hefur aptur verið tekin upp byggð, en sumar eru enn óbyggðar og óbyggilegar.

Jarðabœtur hafa drjúgum aukizt, og hefur víða sjezt vottur um framfarahug og nýja framtakssemi í þessari grein, er lengi hefur verið lítill gaumur gefinn. Einkum hafa menn lagt hug á vatnsveitingar og starfað að þeim, þar sem þeim verður við komið. Voryrkjur gengu raunar tregt, með því að þeli fór seint úr jörð, og margir þurftu venju fremur að sinna fjenaði, sökum illra fjárhalda. En haustyrkjurnar urðu því meiri og margur notaði hina góðu tíð, og það, að jörð var svo lengi þíð, til að vinna að jarðabótum fram á vetur.

Fjenaðarhöld á sauðfje urðu víða í lakasta lagi. Farið var sums staðar að brydda á heyskorti um vorið, áður en batinn kom, og voru sumir þá komnir á heljarþröm með hey sín, ekki sízt í öskusveitunum, sem vorkunn var; mjög hjálpuðu þó kornbirgðirnar þeim, þær er þeir höfðu fengið að gjöf af Englendingum, og á því komu þeir fram miklu meiri fjenaði en ella mundi hafa orðið. En þó að heytæpt væri víða, björguðust þó flestir, og eigi virðist fóðurskortur hafa valdið því, að fjenaðar-

höldin urðu hjá mörgum svo bág sem þau urðu, heldur fremur hitt, að hey var ljett og óhollt frá árinu áður, og að minsta kosti sums staðar jörðin óholl til beitar af langvinnum þyrkingum, þar sem hún var ber. Fje fjell sums staðar um vorið, eigi síður þó feitt væri en magurt, úr einhvers konar doðasótt, og sums staðar úr lungnaveiki. Lökust virðast fjenaðarhöldin hafa verið í kringum Jökul vestrà, en í Austur-Skaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu eystra. Þar á mót er svo að sjá, sem fjenaðarhöld hafi að tiltölu orðið bezt á kláðasvæðinu syðra, sem þakkað var hinum tíðu böðunum og þar af leiðandi nánari fjárhirðingu, og sömuleiðis í öskusveitunum eystra, sem þakkað var því, að askan hafði skýlt grasinu í uppvextinum og með því varðveitt fóðurmagn þess. Þar gekk og sauðburður vel og málnyta kúpenings var furðanlega mikil, en víða annars staðar var hvorttveggja þetta í lakara lagi. Sláturfje reyndist að haustinu vel á hold, en var mörlítið.

Fjárkláðinn var enn uppi, og þótt hann eigi færi geyst og væri nú orðinn hvergi nærri eins skæður og á sínum fyrri árum, gjörði hann nú enn að vanda mikið mein; því að bæði eyddi hann að fje fjársælustu hjeruð, en bakaði einnig öðrum hjeruðum óreiknandi kostnað, bæði þeim, er sjúkt eða grunað fje var í, og sömuleiðis þeim, er þurftu að verja sig honum. Allar þær skoðanir, baðanir og verðir, er af honum hafa leitt, hafa gjört mörgum œrið tilfinnanlegt tjón; en hitt er þó verra, að af honum hefur víða leitt ósamlyndi og úlfúð milli hjeraða og einstakra manna, málaþras milli sumra, óhlýðni við yfirvöld, stríð við bœndur o. s. frv. Frá því er sagt í fyrra árs frjettum, að lögreglustjóranum í kláðamálinu, Jóni Jónssyni ritara, tókst með niðurskurði, er hlutaðeigendur samþykktu, að hreinsa þann hluta kláðasvæðisins, er mönnum lengst stóð ótti af, en það voru suðurhjeruðin í Gullbringusýslu. Með valdi varð þó að skera hjá tveim fjáreigöndum, er fje áttu síðast eptir, og risu af því nokkur málaferli, að eigi þótti rjett að öllu farið. Nú varð eptir þetta þessum hjeruðum eigi lengur um kennt, og hugðu nú margir, að kláðinn mundi þegar á förum; en eigi varð sú raunin á. Eptir nýár varð enn vart við kláðavott í Ölvusi, Grímsnesi, Kjós og einkum í Borgarfirði. Alls staðar

þar sem kláðavottur fannst, voru baðanir skipaðar, og var það alls staðar gjört tregðulítið, nema í Borgarfirði. Borgfirðingar hafa lengi haft óbeit á böðunum öllum, og fóru þeir því þess á leit við amtið, að fá undanþágu frá böðununum, með því skilyrði, að hver hreppur, sem kláði kæmi upp í, skuldbyndi sig til að skera allt sitt kláðasjúka fje endurgjaldslaust af hálfu hins opinbera; en amtið synjaði, og herti enn að nýju á baðskipununum; bauð það fyrst, að láta baða allt á þeim stöðum, sem kláðavart hefði orðið á síðan um haustið eða yrði framvegis, og jafnframt, að láta eitt almennt bað fara fram um alla sýsluna fyrir sumarmál. Jón ritari, er nú var einnig orðinn lögreglustjóri í þessu máli fyrir Borgarfjarðarsýslu, brýndi þetta nú fyrir Borgfirðingum, en það tjáði eigi, og báðu þeir sig enn að nýju undanþegna frá því að láta almennt bað ganga yfir hjeraðið, fyr en sauðburður væri afstaðinn og fje komið úr ull. Það var einsætt, að Borgfirðingar ætluðu sjer ekki að láta undan með góðu, en yfirvöldin sáu, að örðugt mundi að koma fram valdboði, og slökuðu því til í þessu efni. Meðan stóð á þessu þrefi, var haldinn kláðafundur mikill að Stóru Borg í Húnavatnssýslu, er sóttur var eigi að eins úr Húnavatnssýslu, heldur einnig úr sýslunum vestan við kláðasvæðið og svo úr Borgarfirði. Var þar rætt um útrýming fjárkláðans og varnir við honum. Borgfirðingar buðu fram til skurðar geldfje sitt í 4 efstu hreppum sýslunnar, gegn skaðabótum frá Norðlendingum og Vestfirðingum; þágu fundarmenn boðið, og lofuðu að reyna að útvega þeim skaðabœtur. Í annan stað vildu þeir hafa vörð, frá efri enda Skorradalsvatns upp í jökla, eptirlit með Hvítá og heimagæzlu þess fjár, er þar var fyrir ofan, sem mundi og auðveldara, er geldfjenu væri búið að lóga. Eptir þetta skáru Borgfirðingar geldfje sitt á hinu tiltekna svæði, og mun það eitt með öðru hafa stutt að því, að þeir fengu hinu almenna boði frestað til vorsins, því að þá þurfti eigi lengur að óttast, að sauðir slyppi á fjall óbaðaðir. Þá hjeldu og einnig Eyfirðingar og Þingeyingar fund á Akureyri um kláðamálið; meðal annars sömdu þeir frumvarp til bráðabirgðarlaga um vörð til að varna útbreiðslu fjárkláðans; þetta frumvarp sendu þeir landshöfðingja áleiðis til konungs og jafnframt því sendi landshöfðingi sjálfur annað frum-

varp til bráðabirgðar viðaukalaga við hin eldri kláðalög, en ráðgjafi Íslands synjaði að bera þessi frumvörp upp fyrir konungi, og fjell það mál svo niður. Margir fundir voru enn haldnir um veturinn og framan af sumrinu um þetta mál bæði á kláðasvæðinu sjálfu og í kringum það, en hjer skal að eins getið um Þingvallafundinn 2. júlí, er hafði nú þetta mál fyrir aðalumræðuefni sitt. Fundinn sóttu eigi nema 10 kjörnir menn úr ýmsum hjeruðum, og auk þeirra nokkrir aðrir. En með því að hjer verður sem fljótast yfir söguna að fara, skal að eins getið úrslita málsins á fundinum, en þau voru, að vörð skyldi setja svo sem Stóru-Borgarfundurinn hafði tilætlazt, og, sem áður er umgetið, að reyna skyldi að fá alla fjáreigendur í efra hluta Borgarfjarðarsýslu til að skera allt fje sitt um haustið, gegn skaðabótum, ef kláði kæmi þar upp fyrir jólaföstu, að reyna skyldi að útvega skaðabæturnar, og enn fremur, að fara þess á leit við yfirvöldin, að skurðarfje fengist rekið yfir varðlínurnar, bæði að austan og vestan. Sumt af öllum þessum fundaályktunum fórst fyrir af ýmsum orsökum, en sumt gekk aptur svo sem til var ætlazt. Skoðanir höfðu farið fram allan veturinn með öruggu fylgi lögreglustjórans, en eigi fannst um vorið neinn kláði nema á þremur bæjum, sínum í hverri sveitinni: í Grímsnesi, Kjós og Kjalarnesi. Hið almenna bað, er boðið hafði verið, fór alls staðar á kláðasvæðinu fram um vorið, en þó misvandlega. Til þess að varna því, að kláðinn breiddist út fyrir takmörk sín, var fyrirskipuð heimagæzla sú á fje í Borgarfjarðarsýslu, er gjört hafði verið ráð fyrir, og jafnframt settur eptirlitsvörður meðfram Hvítá í Borgarfirði, að nokkru leyti á kostnað vesturamtsins. Þá var og vörður settur meðfram Andakílsá upp í Skorradalsvatn og frá enda þess suður í Botnsvoga. Einnig var eptir ósk Rangæinga og Árnesinga austan Hvítár settur vörður meðfram Brúará á austurtakmörkum kláðasvæðisins. Rekstrarbann það, er árið áður hafði verið lagt á árnar kringum kláðasvæðið, hafði nú aptur um veturinn verið enn lengt um óákveðinn tíma Um haustið var bann þetta leyst á þann hátt, að reka mætti skurðarfje úr hinum heilbrigðu hjeruðum inn á kláðasvæðið, þó með vissum, tilteknum skilyrðum og ströngu eptirliti. Í haustrjettum varð hvergi vart við kláða,

nema á einni kind í Fossárrjett í Kjós; voru ráðstafanir þá gjörðar til að baða allt fjeð, sem heimtist í rjettinni, það er eigi var skorið, og það fje, sem líkindi voru til að hefði haft nokkur samgöng við það. Lögreglustjórinn var sjálfur í rjettum, þar sem hann fjekk því við komið. Síðan hjelt hann fundi marga við bœndur hvervetna á kláðasvæðinu, og brýndi fyrir þeim fyrirskipanir sínar. Var nú aptur tekið til óspilltra mála með skoðanir, er fara skyldu fram fyrst um sinn á hverjum hálfum mánuði, en síðan mánaðarlega. Þá var og boðið, að enn skyldi eitt almennt bað fram fara fyrir árslok, en Borgfirðingar báðu sig enn að nýju undanþegna þessu baði, með því að kláðalaust hefði verið hjá þeim nær heilt ár, en lofuðu aptur að baða um vorið, er fje væri úr ull. Við skoðanir þær, er fram fóru fyrra hluta vetrarins, fannst sums staðar nokkur kláðavottur í fje, en óglöggt þótti, hvort það væri óþrif eða hinn sóttnæmi drepkláði, og þó öllu líklegra, að eigi væri nema óþrif. Um árslokin var það því óvíst, hvort kláðinn væri lengur til eða ekki. Þess má enn geta, að í stað baðlyfja þeirra, er að undanförnu hafa verið tíðkuð, var nú um haustið sums staðar tekið upp nýtt baðlyf, er kallað var olíusœta, og talið bezta baðlyf í heimi, til að eyða alls konar óþrifum.

Bráðafár í sauðfje var veturinn 1875—76 víða með skœðasta móti, en aptur veturinn 1876—77 á mjög vœgu stígi móti því sem opt er vant að vera, sem þakkað var hinni ágætu tíð, er lengst af var um haustið og framan af vetri.

Faraldur á stórgripum var nú með minna móti. Þó varð vart við bólu á kúm, eða hina venjulegu kúabólu, sums staðar syðra um samarið, en eigi varð til muna mein að henni, og hjaðnaði hún og hvarf bráðum aptur, víðast án þess að lækningar væri reyndar.

Landbúnaðurinn virðist, þá er á allt er litið, að hafa gengið í heldur betra lagi það ár, sem hjer er um að rœða; því að þótt fjenaðarhöldin yrði víða um vorið mjög bág, og bráða pest og fjárkláði gjörði mörgum eigi lítinn búnaðarhnekki, þá varð heyaflinn aptur víða einkar góður og árgœzkan yfir höfuð mikil síðari hluta ársins. Búnaðarhættir manna hafa og smámsaman lagazt að ýmsu leyti, betri húsaskipun verið upp tekin, jarðir

endurbœttar, og ýms ný aðferð verið inn leidd í sumum greinum búskaparins, o. s. frv. Búnaðarfjelög þau, er sums staðar hafa myndazt, hafa meðfram stutt að þessu, og ekki sízt búnaðarfjelag suðuramtsins. Búfræðingur Sveinn Sveinsson hefur og allmikið gagn gjört, þar sem hann hefur ferðazt um. Í þetta sinn ferðaðist hann um sumarið um Rangárvalla- og Árnessýslur; á þessari yfirferð sinni leitaði hann að mó á mörgum jörðum og fann víða, þar sem menn höfðu eigi áður af honum vitað; þá sagði hann og bœndum til með vatnsveitingar á tún og engi, meðferð á áburði, lögun fjósa, meðferð mjólkur, ostgjörð og ýmislegt fleira, sem allt gat komið að góðum notum, þar sem hvorki vantaði frumkvæmd nje efni til að fara eptir fyrirmælum hans. Þá ritaði hann og margt þarft í blöðin um ýmislegt, er búnað snerti. Eitt af því var um moðsuðu, eða aðferð til þess að geyma sjóðandi mat í moðbing, þar til er maturinn væri fullsoðinn; var sú aðferð sums staðar upptekin, og varð til sparnaðar, bæði á verkatíma og eldivið. Anna Pálsdóttir Melsteð úr Reykjavík, er lært hafði meðferð mjólkur, ostgjörð og smjörgjörð á mjólkurbúi erlendis, veitti og tilsögn í þessum greinum á nokkrum stöðum með góðum árangri. Nú tók það og að tíðkast, sem gjört hefur verið stöku sinnum fyr, að senda unga og efnilega menn til búnaðarskólanna í Norvegi. Fje því, er í fjárlögunum 1875 var veitt til jarðabóta, var sumpart varið til að styrkja sveina þessa til náms, sumpart til launa handa Sveini búfræðingi, sumpart til styrktar fyrir búnaðarfjelög og jarðbótafjelög, þau er mest kvað að, sumpart til verðlauna fyrir gjörðar jarðabœtur o. fl.

Ritlingar um ýmislegt, er landbúnað snertir, voru nokkrir gefnir út á árinu. Þar til má telja: Um jarðrœkt og garðyrkju á Íslandi eptir Alfred Lock, þýtt úr ensku af Jóni Hjaltalín í Edinborg, og gefið út af Þjóðvinafjelaginu; um meðferð mjólkur og smjörs og um ostatilbúning eptir Svein búfræðing Sveinsson, prentað í tímaritinu Andvara, og einnig sjerstaklega gefið út af Þjóðvinafjelaginu. Lýsing fjárkláðans, eptir Snorra dýralækni Jónsson. Um óþrif á sauðfje, eptir sama; um bráðapestina, eptir Guðmund prófast Ein-

tillögum landshöfðingja til að greiða úr þessu. — Frakkar voru og hjer við land að vanda á mörgum fiskiskipum; aflaðist þeim og vel. Eitt af skipum þeirra strandaði um veturinn á Suðurnesjum. Áleitnir þóttu Frakkar enn með að fara inn á fiskimið landsbúa, og veittu sums staðar usla og yfirgang sem fyr. Eitt dæmi bar þó ljósastan vott um yfirgang þeirra. Þilskip eitt úr Vestmannaeyjum, að nafni Olga, lá fyrir hákalk suður af Ingólfshöfða aðfaranótt hins 10. marz. Voru 7 manns á skipi. Lopt var heiðskírt og tunglskin bjart, en sjór nokkuð úfinn. Um miðnætti sáu skipverjar skip koma siglandi af hafi, og stefna beint á Olgu. Olgumenn gátu eigi snúið skipi sínu frá, en kölluðu til hinna að þeir gætti sín, en þeir skeyttu því ekki, og sigldu á Olgu flata með fullri ferð, svo að hún brotnaði. Skipverjar gátu með naumindum bjargað sjer upp í hið aðkomandi skip. Það var frakknesk fiskiskúta. Höfðu Olgumenn þar hinn versta aðbúnað, og með naumindum fengu þeir að vera í skipinu. Tvisvar ætluðu Frakkar að losast við þá, með því að skjóta þeim út í bát í dimmviðri og veltubrimi, þar sem trauðlega var unnt að komast í land, en fyrir fortölur eins hinna frakknesku skipverja var því þó frestað. Loksins var þeim hinn 17. marz skotið út í bát 1½ mílu austur af Vestmannaeyjum, í úfnum sjó og með vindi á móti. Tjáði engin bón, og urðu þeir að fara. Komust þeir til lands með mesta lífsháska. Mjög hafa þeir við brugðið ómannúð og ódrengskap hinna frakknesku skipverja, einkum skipstjóra, bæði í aðferð þeirra við þá og svo í öðru athœfi þeirra, er þeir sáu á skipinu. Tvísýnt þykir, að þeir, er hjer voru svo hart leiknir, fái nokkra uppreisn mála sinna, því ervitt hefur Íslendingum gengið að ná rjetti sínum hjá hinni frakknesku stjórn að undanförnu, þá er líkt hefur að borið; og nú fyrir skemmstu hefur Frakkastjórn látið hin íslenzku stjórnarvöld vita, að hún eigi vildi láta ómaka sig út af smámunum; hjer sýnist nú raunar eigi vera um neina smámuni að gjöra, en vera má, að hinum erlendu stjórnarvöldum sýnist þó svo, og að hinir minni máttar verði enn sem optar að líta í lægra haldi.

Það hefur opt borið við hjer við land, þá er fiskur hefur verið fyrir, að hinir erlendu fiskimenn á þilskipum sínum hafa

hlaðið, þar sem hinir íslenzku fiskimenn á smábátum sínum hafa varla orðið varir. Og þá er fiskur hefur verið á djúpmiðum, hafa þeir, sem báta hafa eingöngu eða smáskip íslenzk, opt eigi komizt þangað, en þilskipin hafa þá aflað vel. Sömuleiðis hafa þilskipin ein komizt í aðrar veiðistöður, þar sem afli hefur verið góður, og aflað vel á þann hátt, þar sem ekkert var að hafa heima fyrir. Svo var nú, þá er fiskilaust var í Faxaflóa; þá voru þilskip þaðan send austur fyrir land, þar sem fiskimergð var, og aflaðist þar ágætlega, en fæstir höfðu þilskip og gátu því eigi notið þessa. Þó er þilskipum allt af að smáfjölga, og önnur sjómennska tekur að því skapi nokkrum framförum. Málið um sjómannaskóla hefur þó farizt fyrir til þessa. Þar á mót hafa nokkrir lært sjómannafræði á annan hátt. Nú tók Íslendingur einn, Jón Bjarnason að nafni, próf í sjómannafræði við farmannaskólann í Kaupmannahöfn, og fjekk þar einn hinn ágætasta vitnisburð, sem þar hefur gefinn verið, eptir rúmlega eins árs nám.

Verzlunin gekk nú nokkuð misjafnlega. Aðalverzlunin í kauptíð var þó víða fremur dauf, einkum í Reykjavík, þar sem þó mætti virðast að fjör og keppni væri mest í verzluninni, er Reykjavík er stærsti verzlunarstaður á landinu, og liggur flestum stöðum fremur hjer í landi vel við verzlun. Það sem hjer hefur spillt fyrir, virðist einkum vera samtök, þau er kaupmenn hafa um verðlag á vörum, þó að þau sje misjafnlega haldin. Í þetta skipti hefur og óáran það, sem gekk í mörgum hjeruðum þar í kring, nokkuð gjört til. Af fiskileysinu í Faxaflóa leiddi það, að sjóvara öll var mjög lítil, en í helztu landvörunni, eða ullinni, virtist þá eigi mikill fengur, með því að hún var þá í lágu verði erlendis, og auk þess var töluvert af henni skemmt af hinum iðulegu böðunum fjárins á kláðasvæðinu. Ull var í kauptíð í Reykjavík metin 80 aura pundið (baðull minna); hún seldist illa erlendis, en er hún var nær uppseld, hækkaði hún þar aptur í verði að mun, svo að í reikningum kaupmanna varð hún á 90 aura pundið. Fiskur var nú aptur í háu verði, einkum saltfiskur; í Reykjavík seldist hann almennt á 60 krónur skippundið, en harðfiskur 80 kr. Að því er aðrar íslenzkar vörur snertir, má geta þess, að mislit ull var á 60 aura pund-

ið, smjör á 70 aura pundið, tólg á 35 aura pundið. Á útlendum vörum var verðlag hjer um bil sama og árið áður, en kornvara var þó heldur í lægra verði, einkum í lausakaupum gegn peningum. Annars staðar á landinu virðist hafa verið nokkuð meira fjör í verzluninni. Raunar töfðu ísar nokkuð fyrir um vorið nyrðra og eystra, en eigi varð þó mein að því til muna, því að skip sluppu gegnum ísinn, og náðu sum höfnum áður en hann varð landfastur. Á kauptíð mun verðlag á vörum víðast hafa verið líkt því í Reykjavík, og þó öllu betra. Þannig komst ull þá þegar í kaupstöðum norðanlands á 90 aura pundið, eða jafnvel hærra; og saltfiskur á Ísafirði komst upp í 75 krónur skippundið. Haustverzlunin varð allfjörug víða, og fjártaka mikil, einkum í Stykkishólmi vestanlands, í flestum kaupstöðum nyrðra og á Austfjörðum. Þangað sendu Englendingar 2 eða 3 skip til að sœkja sláturfje, hjeldu fjármarkaði og borguðu sauðinn með 18 til 20 krónum. — Hrossaverzlun sinni hjeldu Englendingar og Skotar áfram, og hjeldu hrossamarkaði víða, bæði á suðurlandi og norðurlandi. Meðalverð á meðalhestum var nálægt 80 krónum. Frá Reykjavík einni voru fluttir 3 skipsfarmar eða um 1100 hesta.

Af verzlunarfjelögunum má einkum nefna Gránufjelagið, sem sífellt er í miklum uppgangi og blóma. Nú hefur það keypt 4 verzlunarstaði: Vestdalseyri, Raufarhöfn, Oddeyri og nú síðast Siglufjörð. Fjelagshlutir munu uú hafa orðið nær 2 þúsundum; flestir þeirra voru í Múlasýslum, Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. Hver fjelagshlutur, er upphaflega var 50 krónur, var nú stiginn upp í 80 krónur, þrátt fyrir hinn háa arð (6%), er fjelagið hefur gefið eigöndum hlutabrjefanna; má af því marka vöxt og álit fjelagsins. Fjelagið hafði að þessu sinni fleiri skip í förum en nokkru sinni fyr, og flutti vörur í milli fyrir svo hundruðum þúsunda króna skipti. Þessi mikli uppgangur fjelagsins á svo fáum árum er að miklu leyti að þakka hinum staka dugnaði og ósjerplœgni framkvæmdarstjóra þess, Tryggva Gunnarssonar. Nú lagði hann það sjálfur til af eiginhvötum, að laun sín væri lækkuð, og er slíkt nálega einsdœmi á þessari öld. — Af hinum öðrum verzlunarfjelögum hafa að þessu sinni litlar sögur farið.

Námur voru nú unnar á tveimur stöðum, kalknáman í Esjunni og brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu. — Doktor Jón Hjaltalín, er manna fróðastur er um jarðlög landsins, hafði sannfært menn um, að kalk væri í Esjunni, og eptir hvötum hans tókst Egill kaupmaður Egilsson í Reykjavík á hendur, að gjöra þar kalknám. Tók hann þar því land á leigu, og byrjaði að vinna námuna, en hin fyrsta tilraun misheppnaðist. Nú var aptur gjör ný tilraun, er tókst ágætlega. Stór kalkbrennsluofn var reistur í Reykjavík, kalkið flutt þangað og brennt, hátt á annað hundrað tunnur í einu. Þegar farið var að reyna kalkið, gafst það svo vel, að helmingi minna þurfti af því en útlendu kalki, því er hingað til lands hefur flutzt að undanförnu; svo var límingarafl þess mikið. Tunnan af því var seld á 6 krónur, eins og útlent kalk. Það þótti líklegt, að náma þessi mundi vera því nær óþrjótandi, en örðugt var að vinna hana og flytja kalksteininn til Reykjavíkur. Landshöfðingi veitti, meðfram eptir tillögum alþingis, 400 kr. af fje því til óvísra útgjalda, er hann hefur til umráða, fyrirtæki þessu til styrktar. Með fyrirtæki þessu er stofnuð ný atvinnugrein, er líklegt er að verði til mikilla nota fyrir land og lýð, þá er fram líða stundir. — Alfred Lock, sá er tekið hefur á leigu brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu, sendi nú son sinn hingað til að vinna brennisteininn í Þeistareykjanámum; hafði hann þar um sumarið 12—16 manna við brennisteinsnámið undir forustu Páls Pálssonar Vatnajökulsfara. Brennisteinninn var fluttur á hestum til Húsavíkur, langan veg og erviðan. Þangað kom skip um haustið frá Englandi til að sækja brennisteininn, og flutti það einnig nokkuð sláturfje. Skáli var reistur við námurnar handa nokkrum mönnum, er halda skyldu áfram náminu um veturinn. Brennisteinsnám þetta varð mörgum innlendum til hagnaðar, með því að veita þeim góða atvinnu o. fl.

Þess má hjer enn geta, að Þingeyingar brúuðu Laxá í Aðalreykjadal við Brúafossa. Brúin er í tvennu lagi, því að áin rennur þar í tveim kvíslum. Hún er gjör úr trje með öflugum steinstöplum undir. Annar hluti hennar er 10—12 álnir að lengd, en hinn 20 álnir; 3 álnir er hún að breidd. Öll brúin er talin kosta 5—6 þúsundir króna, er að nokkru leyti voru

greiddar af frjálsum samskotum, er lofað hafði verið á þjóðhátíðinni 1874. Fyrir brúargjörð þessari gekkst einkum Júlíus læknir Halldórsson. Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði ráðið, að brúa 5 smáár í sýslunni, er verstar væri yfirferðar, og var nú byrjað á þessum brúargjörðum. Enn má geta þess, að ákveðið var að brúa Skjálfandafljót í Þingeyjarsýslu og Elliðaárnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Að öðru leyti hafa eigi sögur farið af brúargjörðum eða öðrum stórkostlegum vegabótum.

Heilsufar landsmanna var yfir höfuð að tala gott árið um kring. Þó gengu sóttir nokkrar að vanda. Þannig gekk megnt kvef víðs vegar um suðurland og vesturland fyrstu mánuði ársins, og um sama leyti gekk taugaveiki og lungnabólga á nokkrum stöðum nyrðra. Barnsfararsótt gekk um sumarið í Borgarfirði suður; þó dóu að eins að sögn 2 konur af 12, er sýktust. Barnaveiki stakk sjer hjer og hvar niður alla tíma ársins, og sömuleiðis hin svo nefnda bólgusótt. Hettusótt gekk á Austfjörðum um haustið.

Slysfarir virðast og að hafa verið í minna lagi. Talið er, að drukknað hafi rúmlega 40 manns, flestir í sjó. Af þeim drukknuðu 6 undir Jökli, 5 við Seltjarnarnes, 4 á Skerjafirði, 7 við Höfðaströnd. Þessir skipskaðar á sjó urðu mestir. Enn fremur fórst bátur með 6 mönnum í Þykkvabæjarvötnum í Holtasveit í Rangárvallasýslu. 2 hröpuðu til bana í Yxnadal, aðrir 2 í Vestmannaeyjum og 1 í Fljótshlíð (Páll Pálsson, alþingismanns frá Árkvörn). Nokkrir urðu og úti í illviðrum, einkum norðanlands og austan. Enn nokkrir aðrir týndust á annan hátt.

Vesturheimsferðirnar hjeðan af landi urðu nú meiri en nokkru sinni fyr. Þær má telja einn aðalviðburð ársins og tíðindi svo mikil, að vel mætti gjöra af þeim frjettablátt sjer í lagi, ef nægar skýrslur um þær væri fyrir hendi, en þær er eigi unnt að fá, og verður því að eins minnzt á ferðir þessar lauslega. Stjórnin í Canada í Norður-Ameríku hafði hjer erindsreka tvo: Sigtrygg Jónasson og Krieger nokkurn, danskan mann. Sigtryggur ferðaðist víða um landið fyrir norðan og austan, og skráði fólk til vesturfarar. Er svo sagt, að hann eigi hafi verið mjög eggjandi ferða þessara, enda þurftu menn nú sízt eggjun-

ar við; svo mikill óróa- og burtfararhugur var nú kominn í marga, hvað sem því hefur valdið. En svo er að sjá, sem eigi hafi það verið fátæktin ein, því að eigi allfáir efnamenn tóku sig nú upp, og sumir þeirra með allt sitt hyski. Svo er sagt, að þetta ár hafi farið hjeðan vestur á fjórtánda hundrað manna, og hugðu flestir þeirra að taka sjer bólfestu í Nýja-Íslandi í Canada. Flestir þeirra, er fóru, voru af norðurlandi og austurlandi, en eigi er fullkunnugt, hversu margir fóru úr hverju hjeraði. Úr Múlasýslum og úr Skagafirði fóru flestir, og þá úr Eyjafjarðar og Húnavatnssýslum. Af vesturlandi fóru flestir úr Dalasýslu, og þá nokkrir úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslum. Af suðurlandi fóru fæstir, en þó nokkrir, helzt úr Reykjavík og þar í grennd, og enn nokkrir úr Mýrdal í Skaptafellssýslu. Vesturflutningafjelag það á Skotlandi, er Allanfjelag kallast, tókst á hendur að annast nú um útflutninga hjeðan af landi. Seint í júnímánuði sendi það afarstórt gufuskip til norðurlands að sækja Vesturfara. Kom það við á Borðeyri, Sauðárkrók og Akureyri, og tók við fólki á öllum þessum stöðum; frá Akureyri lagði það 2. júlí með nálægt 800 manna. Nokkrum dögum síðar kom útflutningaskipið aptur við Seyðisfjörð, og tók þar við nálægt 400 manna. Fargjaldið (til Quebec) fyrir hvern fullorðinn mann var rúmar 120 krónur, og allur aðbúnaður á skipinu var í allgóðu lagi og betri en verið hafði að undanförnu. Til þess að fara með fólkinu vestur, og vera leiðtogi þess og túlkur, var fenginn kandid. Halldór Briem. Ferðin gekk vel. Fyrst var numið staðar nokkra hríð í Glasgow á Skotlandi. Þaðan lagði vesturfaraskipið vestur um haf 20. júlí, og kom til Quebec í Canada 31. júlí. Voru þá eptir 2000 mílur enskar til Nýja-Íslands, þangað er fólkið ætlaði. Margir voru nokkuð þrekaðir af sjóferðinni, er þeir komu í land, og með því líka að um þær mundir voru þar hitar miklir, sýktust margir, en hresstust þó fljótt við aptur. Var nú ferðinni haldið viðstöðulaust áfram, ýmist landveg á gufuvögnum eða sjóleið með gufubátum, þar til er komið var til Nýja-Íslands. Þangað voru allir vesturfararnir, er voru í þessum flota, komnir 26. ágúst, en þeir voru um 1200. Voru þar fyrir nokkrir Íslendingar, þeir er áður höfðu numið landið, og myndað þar íslenzka nýlendu. Nýlenda þessi, er nefnd hefur verið Nýja-Ís-

land, liggur við Winnipegvatn, vestanvert í Canadalöndum, hjer um bil í miðri Norður-Ameriku. Eru þar sagðir landkostir góðir; landið er skógi vaxið, en þó vel fallið til akuryrkju. Vatnið er og talið mjög fiskisælt. Loptslag er venjulega þurrt og heitt á sumrum, en veturnir kaldir og þá staðviðri mikil. Íslendingar, þeir er farið höfðu árið áður, höfðu hitt á fremur illt ár, og átt mjög ervitt uppdráttar í fyrstu, en nú var hagur þeirra farinn að batna, og kváðu þeir sig eigi langa heim til Íslands aptur, til að búa þar að staðaldri. Margir, þeir er nú komu þangað vestur, voru fjelitlir til að byrja þar búskap, en stjórnin veitti þeim, er þurftu, lán til lífsuppeldis; skyldi það endurborgast á 10 árum, og vera leigulaust 4 fyrstu árin. Svo ætlaði stjórnin að láta leggja veg yfir nýlenduna um veturinn, og bjuggust Íslendingar við að fá þar góða atvinnu. Nýlenda þessi liggur vel við verzlun og viðskiptum, og að eins sex mílum fyrir norðan línu þá, sem í ráði er að leggja járnbraut á yfir Canadalönd austan frá Atlantshafi vestur til Kyrrahafs. Landnám Íslendinga í Nýja-Íslandi er 40 mílur enskar að lengd, en 10—12 mílur að breidd. Höfuðbólið þar heitir á Gimli. Þá er Íslendingar, þeir er nú fóru, voru þangað komnir, sýktust nokkrir, en sumir dóu. Alls er talið, að dáið hafi af flokki þeirra, bæði á leiðinni, og er þeir voru nýkomnir, 40—50 manns, flest ungbörn. Páll Þorláksson, prestur Norðmanna og Íslendinga í Wisconsin í Bandaríkjum, kom norður að Gimli, skömmu eptir að fólkið var komið þangað, jarðaði hina dánu, skírði nokkur börn og flutti messugjörðir þrisvar. Síðan hjelt hann aptur suður til Wisconsin, og fór Halldór Briem, er stutt hafði vestur faraflokk þenna með ráði og dáð, suður með honum; ætlaði hann sjer að dvelja vetrarlangt í Bandaríkjunum. Frá Íslendingum þar í Bandaríkjunum hafa að þessu sinni farið litlar sögur. Jón prestur Bjarnason hafði nú tekið þar við ritstjórn á blaði einu skandínavisku, sem er í miklu áliti, og þykir sú staða þar einhver hin mikilsverðasta.

Menntun.

Af bókfræði landsmanna er enn eigi margt til tíðinda,

og má þó segja, að hún sómi sjer vel, það sem hún nær, hjá svo lítilli þjóð; og sífellt fer vaxandi álit hennar meðal erlendra þjóða. Hefur bókmenntafjelagið átt góðan þátt í því, og þó að það eigi hafi annað því, að gefa út svo margar íslenzkar fræðibœkur handa alþýðu, sem œskilegt væri, hefur það þó á þenna hátt stundað gagn og sóma landsins. Tala fjelagsmanna, þeirra er tillög greiða, var í júnímánuði 771, og var það 18 færra en árið áður.

Hinar helztu bœkur, er út hafa verið gefnar á árinu, voru: 1. Diplomatarium Islandicum, eða íslenzkt fornbrjefasafn. Það er fjórða og síðasta hepti fyrsta bindis; það inniheldur þrjú eptirrit af sáttmálunum 1263 við Hákon gamla og Magnús lagabœti, nokkrar rjettarbœtur Hákonar gamla, mörg eptirrit af gamla sáttmála við Magnús lagabœti, og enn nokkur brjef og skrár frá því fyrir 1264. Hepti þessu fylgja viðaukar við fyrsta bindið allt og nafnaskrár, enn fremur formáli, röð og efni brjefanna, og skrá yfir handrit, þau er fornbrjefin í fyrsta bindi eru rituð eptir. Þetta merkilega rit er búið til prentunar af Jóni Sigurðssyni í Kaupmannahöfn, og gefið út af bókmenntafjelaginu. Framhaldsins er von síðar. — 2. Viðbœtir við íslenzkar orðbœkur (Supplement til islandske Ordbøger), eptir rektor Jón Þorkelsson, merkilegt rit í málfræðinni, og einkar vandlega samið; það er gefið út með skólaskýrslum 1874—75 og 1875—76. 3. Nýja sagan, eptir Pál Melsteð. Það er að eins eitt lítið hepti, og gefið út af bókmenntafjelaginu. Þetta áframhald þessa ágæta sagnarits nær yfir sögu hinnar frakknesku stjórnarbyltingar aptur að árinu 1794. — 4. Maður og kona, skáldsaga, eptir Jón Thoroddsen, gefin út af bókmenntafjelaginu. Saga þessi, sem bæði er skáldleg og skemmtileg, er einnig að því leyti fróðleg, að hún lýsir mörgum siðum og háttum manna hjer á landi á 18. öld. En merkust er hún þó fyrir það, hversu heppilega skáldinu hefur tekizt að lýsa skaplyndi einstakra manna, sem koma fyrir í sögunni, ekki sízt því, sem eitthvað kýmilegt er við. Aptur er gangur sögunnar fremur einfaldur. Saga þessi er að eins brot, því að höfundinum entist eigi aldur til að ljúka við hana. En efniságrip af því, er vantar, er prentað aptan við, eptir því sem

höfundurinn hafði hugsað sjer það. Bókinni fylgir æfiágrip skáldsins. — 5. Skuggsjá og ráðgáta, hugmynd um guð og verk hans, dregin af tilsvörun hins einstaka til hins gjörvalla, heimspekilegt kvæði eptir Brynjólf Jónsson frá Minna Núpi. Þetta kvæði lýsir djúpri og reglubundinni hugsun, sem hvervetna er sjálfri sjer samkvæm í öllu kvæðinu; og hvort sem menn þýðast hinar dulspekilegu hugmyndir höfundarins eða ekki, eru þær þó vottur frábærra vitsmuna og jafnframt stakrar menntunar hjá ólærðum leikmanni. Aptan við kvæði þetta eru prentuð nokkur minni kvæði eptir sama höfund, sum ágæt og öll vel kveðin. — 6. För pílagrímsins frá þessum heimi til hins ókomna, eptir John Bunyan, þýdd úr ensku af Eiríki Magnússyni í Cambridge. Það er saga, sem lýsir mannlegu trúar- og siðferðislífi í orðum og athöfnum ímyndaðra manna, og er talin einhver hin bezta líkingasaga trúarlegs efnis. Hún hefur áunnið sjer lofstír svo mikinn, að hún hefur optar verið gefin út og optar þýdd, en nokkur önnur ensk bók frumritin. Þessi íslenzka útgáfa er vönduð að þýðingu og öllum frágangi, og prýdd litmyndum. Bók þessi hefur áður verið þýdd á íslenzku af Oddi Gíslasyni, og var þá nefnd Krossgangan. — 7. Saga hinna tíu ráðgjafa, úr 1001 nótt, skáldleg saga og þýdd með snilld af Steingrími Thorsteinson. — 8. Smásögur, er byskup Pjetur Pjetursson hefur safnað og íslenzkað til ágóða fyrir prestaekknasjóðinn. Sögusafn þetta er vel valið og vel lagað fyrir unglinga, með því að sögurnar eru ýmist skemmtandi eða glæðandi góðar tilfinningar. — 9. Sagan af Holta-Þóri, sögubáttur úr fornöld Íslands, sem eigi hefur áður verið prentaður. — 10. Reikningsbók Eiríks Briems, 2. útgáfa. Þessi reikningsbók, sem hefur áunnið sjer maklegt lof fyrir glöggleika sinn og nákvæmni, þurfti nú aptur að yngjast upp, sökum hins nýja peningareiknings, sem kominn er, síðan hin eldri útgáfa kom út, enda mun hún og hafa verið uppseld. Þessi útgáfa er ekki síður vönduð en hin fyrri. — Á búnaðarritlingana er áður minnzt.

Af tímaritum má einkum nefna Andvara, tímarit þjóðvinafjelagsins, 3. árgang, er nú hafði meðferðis ritgjörð um þjóðvinafjelagið eptir Jón Sigurðsson; um rjett íslenzkrar tungu;

um Gylfastrauminn og lönd þau er að honum liggja, eptir Þorvald Thoroddsen; um mjólk, smjör og osta, eptir Svein Sveinsson (líka prentað sjer og fyr minnzt); þá nokkur kvæði, forn og ný; brjef Eggerts Ólafssonar og hæstarjettardómar. Þá gaf og þjóðvinafjelagið út almanak sitt með viðbœti sem fyrri. Önnur tímarit, er út komu, voru frjettarit bókmenntafjelagsins og stjórnartíðindin.

Frjettablöðin voru flest hin sömu og árið áður, og ritstjórarnir hinir sömu. Að eins má geta þess, að Íslendingur hætti að koma út, en aptur var gefið út nýtt blað í Reykjavík, er nefndist Útsynningur. Af þessu blaði voru að eins gefin út 4 tölublöð á árinu, og var þeim sumpart útbýtt ókeypis. Blað þetta var gefið út af verzlunarmanni Þorláki Johnson.

Prentsmiðjurnar hjer á landi voru nú 3 eins og árið áður. Norðlenzku prentsmiðjurnar prentuðu fátt annað en frjettablöðin. Það af bókum, sem eigi var prentað erlendis, var því prentað í landsprentsmiðjunni í Reykjavík. Þess er áður getið, að hún var undir árslokin seld einstökum manni, og hugðu menn hana þar betur komna en undir umsjón stiptsyfirvaldanna. Tveir menn fengu á árinu konunglegt leyfi til þess að stofna prentsmiðjur. Annar þeirra var Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, en hinn alþingismaður Páll Ólafsson á Hallfreðarstöðum í Norður-Múlasýslu. Hvorugur þeirra notaði þó leyfið að svo komnu.

Um vísindaleg söfn er fátt kunnugt. Bókasöfnin hafa enn nokkuð aukizt, sumpart fyrir gjafir, en sumpart fyrir styrk þann, er þeim er veittur af opinberu fje. Um forngripasafnið má hið sama segja. Eptir fráfall Sigurðar málara Guðmundssonar hefur Jón Árnason, umsjónarmaður í latínuskólanum, veitt því forstöðu. Fornleifar nokkrar fundust nú um sumarið í Byskupstungum. Það voru spjótsoddar tveir, annar stœrri en hinn minni, axarblað, skjaldarbóla, hverfisteinn einn lítill, hnöttóttur steinn með hvítum og rauðum rósum greyptum, og voru fjórir steinar með sljettum hliðum og ýmislega litir greyptir inn í hann á fjóra vega. Þar voru og nokkur smærri steinabrot einkennileg, og smátölur silfraðar. Mannsbein fundust einnig á sama stað, nokkuð sundurlaus; yfir höfuðskelinni

lá skjaldarbólan. Fornleifar þessar virtust vera úr heiðni. Í Þjórsárdal fundust smáplötur úr blýi á þeim stað, sem menn hyggja að Hjalti Skeggjason hafi búið, og hafa sumir getið til, að blýplötur þessar hafi verið úr þaki á kirkju hans. — Náttúrusögusafni latínuskólans bættust nú 2 fuglshamir og egg nokkurra fuglategunda úr ýmsum löndum, og sömuleiðis nokkrar steinategundir bæði hjeðan af landi og frá Sandwichseyjum.

Á skólana hefur verið minnzt hjer að framan, þar sem getið var um skólanefndina og stofnun læknaskólans. Skólamálin eru þá komin í þá hreyfing, að vænta má af því nokkurra tíðinda á næstu árum, en að svo komnu er ekkert frekara um það að segja. Hjer er að eins að geta stuttlega um skóla þá sem eru. Við háskólann í Kaupmannahöfn lásu veturinn 1875—76: 15 stúdentar íslenzkir. Af þeim lásu 4 lögfræði, 3 guðfræði, 3 læknisfræði, 1 náttúrufræði, 1 tölvísi, 2 málfræði og 1 stjórnfræði. — Við prestaskólann voru stúdentar 8 að tölu veturinn 1875—76. Af þeim útskrifuðust 5 um sumarið, en 5 bættust við um haustið, svo að veturinn 1876—77 urðu stúdentarnir aptur 8, 3 í hinni eldri deild, en 5 í hinni yngri. Þeir sem útskrifuðust voru: Guðmundur Helgason, Janus Jónsson, Sófónías Halldórsson, Jónas Bjarnarson og Sigurður Jensson, og fengu þeir allir fyrstu einkunn. Próf í forspjallsvísindum eða heimspeki tóku 5 stúdentar í júnímán., 2 með fyrstu, en 3 með annari einkunn. — Við læknaskólann voru stúdentar 5 veturinn 1876—77. Einn hafði útskrifazt um sumarið, Guðmundur Guðmundsson, og fjekk hann fyrstu einkunn. — Við latínuskólann voru 70 lærisveinar í byrjun skólaársins 1875—76, en 78 í sama mund veturinn eptir. Af þeim, sem voru fyrri veturinn, dó einn í febrúar (Gísli Bjarnarson frá Holti), 2 fóru úr skóla, en 7 útskrifuðust: Einar Jónsson og Guðlaugur Guðmundsson, báðir með fyrstu einkunn, og Jón Jensson, Sigurður Þórðarson, Sigurður Ólafsson, Davíð Scheving og Þorsteinn Benediktsson, allir með annari einkunn. Auk þeirra tók einn utanskólasveinn, Ólafur Ólafsson, burtfararpróf, með annari einkunn. — Barnaskólar voru nú haldnir allvíða, eigi að eins í Reykjavík og hinum helztu kaupstöðum öðrum, heldur og á nokkrum stöðum í sjóbyggðum, einkum á suðurlandi.

Á barnaskólana á Brunnastöðum á Vatnsleysuströnd og Gerðum í Garði hefur verið minnzt í frjettum fyrri ára, og voru þeir nú komnir í allmikinn blóma. Auk þeirra voru og barnaskólar haldnir í Njarðvíkum, í Hafnarfirði, á Seltjarnarnesi, Akranesi o. v. Kvennaskólinn í Reykjavík gekk með sama hætti og fyr, og voru þar jafnmargar stúlkur og áður. Kvennaskóli Norðlendinga var enn eigi fullkomlega stofnaður.

Ýmisleg fjelög hafa enn verið stofnuð til skemmtunar, fróðleiks eða nytsamra fyrirtækja. Meðal fjelaga þessara má nefna bindindis- og lestrar-fjelag Saurbœinga, er ýmsir ungir menn hafa stofnað. Hjetu þeir 30 króna verðlaunum fyrir hina beztu frumrituðu grein um bindindisfjelög. Verðlaun þessi vann Alexander Bjarnason á Þóroddsstöðum í Hrútafirði, og var ritgjörð hans prentuð í «Þjóðólfi».

Þess má enn geta, að í söng og einkum í kirkjusöng hefur talsverð framför orðið, og hafa á árinu verið tekin upp orgel í 5 eða 6 kirkjum.

Leikar og hátíðahöld ýmiss konar voru haldin norðanlands. Á Akureyri, Grund í Eyjafirði og Reynistað voru leiknir sjónarleikar nokkrum sinnum um veturinn og vorið, sumir frumsamdir á íslenzku, en sumir þýddir úr dönsku. Áhorfendur voru jafnan margir; þótti vel leikið, og skemmtun góð. — Eyfirðingar hjeldu þjóðhátíð 2. júlí á Akureyri. Fór hún vel fram, og að flestu líkt því sem þjóðhátíð þeirra 1874, en með nokkru minni viðhöfn. Hátíð þessa sóttu um 650 manna. Slíka þjóðhátíð hafa Eyfirðingar ráðið að halda árlega hinn sama dag. — Í Reykjavík voru nú engir sjónleikar leiknir nje nokkur hátíðahöld framin, er að kvæði til muna. Þó má geta þess sjerstaklega, að milli jóla og nýárs hjeldu ýmsar konur og yngismeyjar bœjarins yfir 100 fátœkum börnum jólagleði með jólatrjám, jólagjöfum, söng, hljóðfœraslætti, dansi o. s. frv.

Að lyktum skal hjer getið um fjallaskoðanir; jarðfræðilegar rannsóknir og ferðir vísindamanna. Þess er þá fyrst að geta, að Skapti Jósefsson, ritstjóri Norðlings, sendi tvo vaska menn til að skoða eldstöðvarnar í Dyngjufjöllum, því að þar sást löngum rjúka, og stundum býsna mikið. Sendimenn þessir voru Jón bóndi Þorkelsson í Víðikeri og Sig-

urður Kráksson frá sama bœ. Þeir lögðu upp frá Svartárkoti í Bárðardal að morgni hins 7. febrúar í góðu veðri, og stefndu beint á Dyngjufjöll. Um kveldið komu þeir upp að fjöllunum vestanverðum, og hjeldu þar upp í skarð nokkurt milli hamra; það nefndu þeir Vonarskarð. Þá tók veður óðum að versna, og gjörði á þá ofsastorm með sandhríð og grjótflugi. Þó hjeldu þeir fram ferð sinni, þar til er aldimmt var orðið; klifruðust þeir þá upp á klett einn, er þeir nefndu Vegklett, og grófu sig þar í fönn um nóttina. Um morguninn eptir var veður gott; sáu þeir þá glöggt til eldstöðvanna, og rauk þar mikið. Komu þeir þá að Öskju og litu hið mikla eldsvæði í suðausturhorni hennar í kverkmyndaðri fjallaþröng; virtist þeim það yfir mílu ummáls, en hafa töluvert umbreyzt frá því er Watts jöklafari kannaði það síðast um sumarið áður. Það hafði sokkið niður við gosin um 400—500 faðma, og myndaði ógurlega mikla gjá; var hún umgirt af afarháum klettum á þrjá vega, en sandbrekka brött var að norðanverðu niður í djúpið. Þar rjeðu sendimenn til niðurgöngu, og urðu að vaðbera sig víða; var það hin mesta hættuför, því að sums staðar urðu þeir að stökkva yfir vellandi gjár, en sums staðar lá þeim við að festast í sandleðju. Niðri á botni eldsvæðisins var stórt vatn og snarpheitt; gengu þeir með því að norðan og austan og var þar allt þakið af gosbrunnum, rjúkandi gjám og vellandi lækjum og hverum. Sums staðar var hraunið svo veikt undir fótum þeirra, að þeir urðu að skríða, en sums staðar svo heitt, að þeir brenndu skó sína. Suður af vatninu voru hitagígirnir flestir og mestir, drundi hátt í þeim og ullu úr þeim sjóðandi lækir niður í vatnið; milli þeirra voru örmjóir sandhryggir, en sums staðar stórir klettar, og virtist fjallið þar eins og tætt í sundur. Norðvestan við vatnið voru standbjörg há með ýmislega litum lögum, en þangað fengu þeir eigi komizt. Nokkru fyrir norðan hið niðurfallna eldsvæði sáu þeir gíg mikinn rjúkandi; þaut mjög í honum, en jörðin skalf í kring. Gátu þeir skriðið að honum og sjeð niður í hann; virtist þeim sem hann mundi vera 100 faðmar að þvermáli og 100 faðmar að dýpt niður að hinum vellandi soðkatli neðst á botninum. Fleira gjörðist ekki sögulegt í för þeirra, og komust þeir á einu dœgri aptur til byggða.

Í annan stað er frá því að segja, að stjórnin sendi hingað hinn nafnkennda náttúrufræðing, Johnstrup prófessór, til þess að rannsaka eldstöðvarnar í Dyngjufjöllum og á Mývatnsöræfum. Hafði ríkisþingið veitt fjárstyrk nokkurn til þessa. Johnstrup hafði áður fyrir nokkrum árum ferðazt hjer um, er stjórnin sendi hann til að skoða brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu, og var hjer að góðu kunnur. Hann kom nú út í júnímánuði í Reykjavík, og voru í för hans Caroc sjóliðsforingi, er aðstoða skyldi hann við mælingar, og stúdentar tveir: Þorvaldur Thóroddsen og annar danskur, Howitz að nafni. Frá Reykjavík hjeldu þeir fjelagar sjóleið til Akureyrar, en lögðu þaðan landveg áleiðis upp til Dyngjufjalla. Var Björn bóndi Björnsson frá Breiðabólstöðum í för með þeim. Þeir lögðu upp frá Svartárkoti í Bárðardal 30. júní, og fóru hinn sama veg, er þeir Jón í Víðikeri höfðu farið um veturinn. Þá er þeir komu upp í fjöllin, varð fyrir þeim Vonarskarð, og nefndi Johnstrup það Jónsskarð, eptir þeim er fyrstur fann; það er rúmlega 4000 feta hátt yfir sjávarmál. Þá tók Askja við, og tjölduðu þeir undir norðurbrún hennar. Höfðu þeir þá verið 12 stundir úr byggðinni, og var þó vegurinn að mestu ógreiður. Fylgdarmennirnir sneru nú aptur til byggða, en þeir Johnstrup og Caroc ljetu fyrirberast þar í fjöllunum nokkra daga, og könnuðu eldstöðvarnar, þá er þeir komust úr tjöldunum fyrir illviðrum. Eptir það sneru þeir aptur ofan í Bárðardal. Síðan hjeldu þeir norður til Reykjahlíðar við Mývatn, og könnuðu þaðan Mývatnsöræfin eða hinar nyrðri eldstöðvarnar. Eptir það skildu þeir fjelagar, og sneri Caroc heim í leið, og annar stúdentinn (Howits) var sendur með skipi frá Húsavík til Kaupmannahafnar með steinasafn mikið, er þeir höfðu fengið á eldstöðvunum. Síðan fór Johnstrup að kanna fjöllin kringum Mývatn og hraun það, er runnið hefur úr Leirhnúksgígunum öndverðlega á 18. öld. Þaðan fór hann til Húsavíkur og út að Hjeðinshöfða til að skoða Hallbjarnarstaðakamb og surtarbrandslögin við Skúfá. Þá hafði hann lokið rannsóknum sínum, og sneri aptur til Akureyrar. Þaðan fór hann með strandapóstskipinu Díönu til Reykjavíkur 30. ágúst, og hjelt þaðan heimleiðis til Kaupmannahafnar skömmu síðar. Áður en hann fór úr Reykjavík, hjelt hann þar þrjá fyr-

irlestra um eldstöðvarnar, myndun þeirra, og jafnframt jarðmyndun og jarðlög landsins í heild sinni. Voru þeir fyrirlestrar mjög fjölsóttir, og þóttu einkar fróðlegir. Eldstöðvunum lýsti hann líkt og þeir, er áður höfðu kannað þær, en enn nákvæmar og vísindalegar, og með ýmsum mælingum. sem hjer yrði of langt mál að skýra frá. Þess skal hjer að eins getið, að hina miklu kvos eða jarðfall í Öskju og stöðuvatnið í kvosinni hugði hann fremur hafa myndazt í eldri gosum, þótt það eigi hefði fundizt fyr en eptir síðasta gosið. Úr gíg þeim hinum mikla, er liggur norðan við kvosina, kvað hann öskuhríðina hafa komið 29. marz árið áður, og markaði hann það á því, að jörðin var þar í kring alþakin vikri. Við gosin á Mývatnsöræfum hafði aptur myndazt regluleg hraunleðja. Þenna mismun taldi hann komin af hæðarmun eldstöðvanna; kvað hann þær í Dyngjufjöllum vera 3600 fet, en á Mývatnsöræfum 1250—1400 fet yfir sjávarflöt. Hann taldi það líklegt, að gosunum á hvorumtveggju eldstöðvunum mundi nú afljett um sinn, enda væri gufuhverarnir í Dyngjufjöllunum ólokaðir, og á meðan svo væri, mundi eigi þurfa að óttast ný eldgos. Raunar þóttust menn í ýmsum hjeruðum og nokkrum sinnum á árinu sjá og heyra merki þess, að eldur væri uppi, en að líkindum hefur það þó ekki verið, að minsta kosti eigi á þessum eldstöðvum. Um jarðefni landsins gat Johnstrup þess, að þar væri enga málma að finna, þá er að notum mætti verða, og leiddi það af jarðmyndun landsins. Járni kvað hann þó vera nóg af, en eigi borga sig að vinna það. Surtarbrandinn og mókol þau, er hjer finnast, kvað hann hálfsköpuð steinkol og lítt nýt. Kalk og silfurberg taldi hann hjer nýtilegustu jarðtegundir.

Af öðrum erlendum vísindamönnum, er nú ferðuðust hjer um land, má nefna Grönlund grasfræðing, danskan mann, er ferðaðist á eiginkostnað fyrir fróðleiks sakir; fór hann víða um, og komst einnig norður á Mývatnsöræfi. Þá ferðaðist hjer og um danskur jarðbótafræðingur, Feilberg að nafni. Hann var sendur af hinu danska landhúnaðarfjelagi, og skyldi kynna sjer hjer landkosti. Hann ferðaðist að eins um nokkur hjeruð sunnanlands og fór fljótt yfir. Að því er sjeð varð á svo hraðri ferð, leizt honum land það, er hann fór yfir (Rangárvalla- og

Árnessýslur) mundu geta tekið miklum bótum, en með miklum kostnaði. Hann fór bráðlega burt aptur, en ráðgjörði að koma síðar. — Enn fremur komu hjer við land norskir vísindamenn, er stjórn Norðmanna hafði sent á ríkiskostnað á gufuskipi til vísindalegra rannsókna og mælinga í norðurhöfunum. Í förinni voru þrír nafntogaðir náttúrufræðingar: Mohn veðurfræðingur, oddviti fararinnar, og Sars dýrfræðingur frá Kristjaníu, og Danielsen, yfirlæknir frá Björgvin. Þeir komu við Vestmannaeyjar, tepptust þar nokkra daga í óveðri, og skoðuðu á meðan eyjarnar. Eptir það hjeldu þeir til Reykjavíkur, og dvöldu þar rúma viku. Eigi ferðuðust þeir á landi þaðan annað en til Þingvalla. 3. ágúst fóru þeir frá Reykjavík og sneru þá aptur heimleiðis til Norvegs. Eigi er hjer kunnugt um hinn vísindalega árangur af ferð þeirra.

Mannalát.

Af merkismönnum þeim íslenzkum, er ljetust á árinu, skulu nokkrir taldir. Fyrstur og fremstur þeirra var Björn Gunnlaugsson, fyrrum yfirkennari við latínuskólann. Hann andaðist 17. marz, og var þá 88 ára að aldri (f. $^{28}/_{9}$ 1788). Hann var frægastur allra íslenzkra manna, þeirra er honum voru samtíða, og nafn hans hvervetna í heiðri haft meðal ágætustu vísindamanna. Einkum fór orð af hinni dœmafáu djúpskyggni hans í tölvísi, mælingafræði og stjörnufræði, og hefur hann ritað nokkrar merkilegar ritgjörðir þar að lútandi. Einnig gjörði hann merkilegar vísindalegar uppgötvanir. En það, sem einkum hefur borið orðstír hans til annara landa, er hinn mikli Íslandsuppdráttur hans, sem bókmenntafjelagið gaf út og hlaut verðlaun fyrir á landfræðingafundinum í París 1875. Enn fremur lagði hann stund á heimspeki og skáldskap, og kemur þetta hvorttveggja fagurlega fram í kvæðinu «Njólu». Í stuttu máli: hann var spekingur að viti, en barn í lund, og virtur og elskaður sem fáir aðrir. — Annar frægastur íslenzkur maður, er ljezt þetta ár, var Bjarni Thorsteinson, fyrrum amtmaður í vesturamt-

inu. Hann dó 3. nóv., og var þá orðinn 95 ára gamall (f. $^{31}/_{8}$ 1781); hafði hann þá verið blindur nálægt 30 árum. Hann var talinn einhver mestur vitsmunamaður á sinni öld, og lögfræðingur afbragðsgóður. Hann unni mjög bókmenntum, og var einn af stofnöndum bókmenntafjelagsins. — Hinn þriðji var Ólafur Pálsson, fyrrum dómkirkjuprestur í Reykjavík, en síðast prestur að Melstað og prófastur í Húnavatnsþingi. Hann dó 4. ágúst, 62 ára (f. $^{7}/_{8}$ 1814). Hann var gáfumaður góður og vel lærður; embætti sitt stundaði hann með hinni mestu alúð, og kom hvervetna fram sem mikið prúðmenni, ljúfmenni og valmenni. — Húnvetningar misstu einnig sýslumann sinn, er var Bjarni Einar Magnússon. Hann varð bráðkvaddur á uppstigningardag 25. maí, og var þá að eins 45 ára (f. 1831). Hann þótti stjórnsamt yfirvald og var vel látinn höfðingi. — 9. marz dó Sigfús Jónsson, prestur að Undirfelli, 61 árs (f. $^{21}/_{10}$ 1815). Hann var afbragðs lipurmenni og snillingur um marga hluti. — 12. okt. andaðist Jón Ingjaldsson, prestur í Húsavík, 77 ára (f. $^{7}/_{1}$ 1799). Hann var fróðleiksmaður mikill, og lagði einkum stund á fornfræði. — 12. marz drukknaði í Hjeraðsvötnum Jón Árnason, bóndi á Víðimýri, miðaldra. Hann var mikill gáfumaður og fjörmaður, skáld gott og vel að sjer um margt. — 4. júlí dó Magnús Einarsson, bóndi í Skáleyjum, rúml. 80 ára. Hann var einkum kunnur fyrir guðfræðisiðkanir sínar, en var einnig að öðru merkur maður. — 31. ág. ljezt Ari Sæmundsen, fyrrum umboðsmaður, á Akureyri, 79 ára. Hann þótti með fróðustu leikmönnum sjer samtíða, og lagði stund á margt, þar á meðal söngfræði, er um þær mundir var hjer lítt kunn. Hann hafði mörgum störfum að gegna, og leysti þau vel af hendi. — Í Stykkishólmi dóu tveir merkir menn úr Kaupmannastjett: Benedikt Bogason Benediktsen 14. sept., 78 ára, og Páll Pálsson Hjaltalín 5. okt., 70 ára. Um jólin dó búfræðingur Ólafur Sveinsson, tæplega miðaldra, og þótti að honum mannskaði. — Meðal þeirra merkiskvenna, er nú ljetuzt, voru þær Þórunn Stephensen ekkja Hannesar prófasts Stephensens á Ytra Hólmi, en dóttir Magnúsar konferenzráðs, og Hólmfríður Þor-

valdsdóttir prófasts í Holti, ekkja málaflutningsmanns Jóns **Guðmundssonar.** Hin fyrri dó 16. júní, 83 ára, en hin síðari **25.** nóv., **63** ára.

Ritað í marz 1877.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1877

EPTIR

VALDIMAR BRIEM,

PREST AÐ HREPPHÓLUM.

ÚT GEFNAR

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU EINARS ÞÓRÐARSONAR.

1878.

YFIRLIT EFNISINS.

LANDSTJÓRN ..... 1.—14. bls.
ATVINNUVEGIR ..... 14.—28. —
MENNTUN ..... 28.—37. —
MANNALÁT ..... 37.—39. —
FRÁ ÍSLENDINGUM Í VESTURHEIMI ... 39.—42. —
UM ELDGOSIÐ ..... 43.—50. —

Landstjórn.

Nú á síðari árum eru Íslendingar mjög farnir að láta til sín taka um stjórnarmálefni, og hreifa við mörgu því, er um mörg ár og jafnvel um margar aldir hefur legið í þagnargildi, og er fáum hefur til hugar komið að breyta þyrfti eða breytt yrði. Af þessum rótum var stjórnarskráin runnin. Síðan hún kom út 1874, hafa hreifingar þessar farið fram með meiri kyrrð en hin næstu ár á undan, og eigi borið jafnmikið á afskiptum landsmanna á stjórnarmálum. Sumum áhugamönnum hefur þótt þetta vottur um deyfð og apturför, en svo er í rauninni ekki; má það marka af blöðunum, er nú eigi síður en áður hafa almenn þjóðmál að umtalsefni, og sömuleiðis af fundahöldum manna, er að minnsta kosti sumstaðar fremur munu fara í vöxt en minnka, og ekki sízt af hinum mikla sæg af bœnarskrám og tillögum, er komið hafa til tveggja hinna fyrstu löggjafarþinga, einkum til síðasta þings; því að þótt margt af því hafi verið smámál, og sum þeirra ef til vill óþörf eða í ótíma upp borin, þá bera þau þó vott um það, að landsmenn eru teknir að hafa mikinn hug á umbótum og alla viðleitni til að nota sjer stjórnfrelsi það, er þeim er veitt með stjórnarskránni.

Frá því er sagt í landstjórnarbálkinum í fyrra árs frjettum, að þá voru þrjú stórmál á dagskránni, en það voru skattamálið, landbúnaðarmálið og skólamálið. Þótti landsmönnum miklu varða um þessi mál, hversu þau mundu fara, og fýsti mjög að vita, hverjar viðtökur þau mundu fá, er til stjórnar og þings kœmi. Nú varð sú raunin á, að af þeim kom eigi nema skattamálið eitt til þings að þessu sinni; landbúnaðarmálið var enn látið bíða þingsatkvæða, en skólamálinu rjeð stjórnin sjálf til lykta að nokkru leyti, án þess að þingið fengi þar nokkru um að ráða, og mun nokkuð sagt af því síðar. Auk þessara þriggja mála höfðu landsmenn nú í undirbúningi mörg önnur mál, meiri og minni; voru mörg þeirra gjörð að blaðamálum.

Um vorið voru víða í hjeruðum haldnir fundir, til að búa málin undir alþingi, er halda átti að sumrinu. Bezt voru fundir þessir sóttir norðanlands, enda er Norðlingum, enn sem komið er, bezt sýnt um öll fundarhöld og annan fjelagsskap í almennum málum.

Í einu kjördæmi landsins varð nú autt þingmannssæti; það var í Norður-Múlasýslu; hafði annar þingmaðurinn þar, Páll Ólafsson á Hallfreðarstöðum, sagt af sjer þingmennsku, og var í hans stað kjörinn Arnljótur prestur Ólafsson að Bægisá. Sömuleiðis höfðu orðið tvö skörð í sess hinna konungkjörnu þingmanna, þar sem Þórður Jónassen háyfirdómari þág af konungi lausn frá þingmannsstörfum fyrir ellisakir, 14. maí, en Ólafur prófastur Pálsson var dáinn 4. ágúst árið áður. Í stað þeirra kvaddi konungur aptur til þingsetu Magnús Stephensen yfirdómara og Árna Thorsteinson landfógeta, 14. maí.

Alþingi var sett í Reykjavík 2. dag júlímánaðar. Það var hið 16. þing, en 2. löggjafarþing. Á þessu þingi voru allir alþingismenn, 36 að tölu. Skiptust þeir svo í þingdeildirnar, sem verið hafði á næsta þingi á undan. Forseti hins sameinaða þings var kosinn Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, en varaforseti Halldór Friðriksson; þingskrifarar urðu Eiríkur Kúld og Ísleifur Gíslason. Forseti í efri þingdeildinni varð Pjetur biskup Pjetursson, en varaforseti Eiríkur Kúld; skrifarar: Benidikt Kristjánsson og Magnús Stephensen. Forseti í neðri deildinni varð Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, en varaforseti Jón Sigurðsson frá Gautlöndum; skrifarar: Halldór Friðriksson og Ísleifur Gíslason. Fyrir skrifstofustjóra var tekinn utanþingsmaður: Kristján Jónsson, kandídat í lögfræði. — Landshöfðingi Hilmar Finsen var á þingi af hálfu konungs og stjórnar. Hann setti þingið og lagði fyrir deildirnar frumvörp stjórnarinnar. Þau voru 19 að tölu, og voru 10 þeirra lögð fyrst fyrir efri þingdeildina, en 9 fyrir neðri þingdeildina.

Af frumvörpum stjórnarinnar náðu þessi fram að ganga á þinginu:

1, frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, staðfest af konungi sem lög 19. dag októbermán. 1877;

2, frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, staðfest af konungi sem lög 14. dag desembermán. s. á.;
3, —— — laga um tekjuskatt, staðfest af konungi sem lög s. d.;
4, —— — laga um húsaskatt, staðfest af konungi sem lög s. d.;
5, —— — laga um laun sýslumanna og bœjarfógeta, staðfest af konungi sem lög s. d.;
6, —— — laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, staðfest af konungi sem lög 12. dag aprílmán. 1878;
7, —— — laga um kosningar til alþingis, staðfest af konungi sem lög 14. dag septembermán. 1877;
8, —— — laga um birtingu laga og tilskipana, staðfest af konungi sem lög 24. dag ágústmán. s. á.;
9, —— — laga um bœjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, staðfest af konungi sem lög 19. októbermán. s. á.;
10, —— — laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti, staðfest af konungi sem lög 24. dag ágústm. s. á.;
11, —— — laga um breytingu á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum, staðfest af konungi sem lög s. d.;

Af hinum frumvörpum stjórnarinnar voru þessi felld af þingins:

1, frumvarp til laga um breyting á fátœkratíundargjaldi;

2, frumvarp til laga um lögsókn og hegningu fyrir rangt tíundarframtal;
3, —— — laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861;
4, —— — laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar hvorttveggja foreldranna hefur eigi trú þjóðkirkjunnar;
5, —— — laga um skipun dýralækna á Íslandi;
6, —— — fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.

Þessi urðu eigi út rædd:

1, frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi;
2, —— — laga um leysingu á sóknarsambandi.

Í annan stað kom frá landsmönnum mikill fjöldi af bœnarskrám, uppástungum og frumvörpum; sumt af því tóku einstakir þingmenn að sjer til flutnings; sumt var fengið í hendur nefndum, sem settar voru á þinginu í samkynja málum, en sumu var ekki gaumur gefinn. Alls komu til umræðu á þinginu 82 mál, sem borin voru upp af þingmönnum, sem sje 66 lagafrumvörp, 14 uppástungur til þingsályktana og 2 fyrirspurnir.

Af frumvörpunum náðu þessi fram að ganga á þinginu:

1, frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar í Þorlákshöfn í Árnessýslu, staðfest af konungi sem lög 24. dag ágústmán. 1877;
2, —— — laga um verzlun á Geirseyri við Patreksfjörð, staðfest af konungi sem lög s. d.;
3, —— — laga um breyting á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum, staðfest af konungi sem lög 2. dag nóvembermán. s. á.;
4, —— — laga um afnám ákvarðana um styrk úr landssjóði til útbýtingar á gjafameðulum, staðfest af konungi sem lög s. d.;
5, —— — laga um skattgjöld á Vestmannaeyj-

um, staðfest af konungi sem lög 14. dag desembermán. s. á.;

6, frumvarp til laga um, að launum lögregluþjóna í Reykjavíkur kaupstað sje ljett af landssjóði, staðfest af konungi sem lög s. d.;

7, —— — laga um rjettindi Ábœjarkirkju í Skagafirði, staðfest af konungi sem lög s. d.;

8, —— — laga um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, staðfest af konungi sem lög s. d.;

9, —— — laga um að selja kornvörur og kol eptir vigt, staðfest af konungi sem lög s. d.;

10, —— — laga um gagnfræðaskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal, staðfest af konungi sem lög s. d.;

11, —— — laga um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu, hvorri um sig, í tvö sýslufjelög, staðfest af konungi sem lög s. d.;

12, —— — laga um kirkjutíund í Reykjavíkur lögsagnarumdœmi, staðfest af konungi sem lög 27. dag febrúarmán. 1878;

13, —— — laga um afnám konungsúrskurðar 13. marz 1833 (um húsaleigustyrk lyfsalans í Reykjavík), staðfest af konungi sem lög s. d.;

14, —— — laga um fiskiveiðar þegna Danakonungs, þeirra er eigi eru búsettir á Íslandi, þá er þeir veiða í landhelgi frá skipi;

15, —— — laga um lausafjártíund;

16, —— — laga um einkarjett;

17, —— — laga um rjettindi hjerlendra kaupmanna og kaupfjelaga;

18, —— — laga um gjafsóknir;

19, —— — laga um vitagjald af skipum, staðfest af konungi sem lög, 12. dag aprílmán. 1878.

Af hinum frumvörpunum voru 23 felld, 13 tekin aptur, en 11 urðu ekki út rædd.

Þingið samþykkti 7 uppástungur til ályktana, sem sje:

1, þingsályktun viðvíkjandi prestaköllum og kirkjum;
2, —— um amtmannaembættin:
3, —— um bygging og ábúð þjóðjarða;
4, —— viðvíkjandi gufuskipsferðum með fram ströndum landsins;
5, ályktun efri deildar alþingis um kosningu yfirskoðunarmanns á reikningum landsins;
6, — neðri deildar um sama efni;
7, — sömu deildar um lán úr landssjóði til brúargjörðar yfir Skjálfandafljót í Þingeyjarsýslu.

Af hinum 7 uppástungunum, sem bornar voru upp úr þingmönnum, voru 5 felldar, en 2 urðu ekki útræddar.

Fyrirspurnirnar voru: önnur frá Arnljóti Ólafssyni, 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, um danskar messur í Reykjavík, en hin frá Halldóri Friðrikssyni, þingmanni Reykvíkinga, um hina nýju skólareglugjörð.

Að lyktum skal þess getið, að þingið kaus tvo menn samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar, sín deildin hvorn, til að yfirskoða landsreikningana fyrir árin 1876 og 1877. Þessa kosningu hlutu þeir Magnús Stephensen og Grímr Thomsen, og skyldu þeir hvor um sig hafa 1000 kr. þóknun fyrir þennan starfa sinn.

Alþingi var slitið 30. dag ágústmánaðar; hafði það þá staðið í 60 daga alls, eða 52 virka daga. Í neðri deildinni voru haldnir 60 fundir, í efri deildinni 52, og í sameinuðu þingi 3. Þingið hafði til meðferðar rúmt 100 mála, ef talið er eptir formi, en nokkru færri, ef talið er eptir efni. Sum málanna voru mjög umfangsmikil og tóku upp mikinn tíma fyrir þinginu; má einkum til þess nefna fjárhagsmálið og skattamálið. Óneitanlega hefur þingið afkastað miklu að vöxtum. Kostirnir eru á annara dómi, en sagan eða reynslan verður optast í þessum efnum bezt dómari.

Í lok alþingis fólu þingmenn Jóni Sigurðssyni forseta, að flytja konungi þegnlegar kveðjur og heillaóskir frá þinginu, og gjörði hann svo, er hann kom til Kaupmannahafnar. Tók hann

um leið fram við konung þau atriði, er Íslendingum væru nú mest áhugamál, og nefndi hann einkum til þess fyrirkomulag gufuskipsferðanna kringum strendur landsins. Konungur tók því máli vel, og kvaðst mundu fús að styðja að því, að leiða það mál til heppilegra lykta. Og jafnframt lýst hann í ljósi hlýjan hug til Íslendinga og umhyggjusemi fyrir framförum og velferð lands og lýðs í öllum greinum.

Samkvæmt ályktun alþingis um presta- og kirknamálið gaf konungur út úrskurð 5. des., er bauð að setja 5 manna nefnd, til að semja frumvörp um nýja brauðaskipun og kirknaskipun og gjöld til prests og kirkju. Í nefnd þessa skipaði landshöfðingi í umboði ráðherrans skiptsyfirvöld Íslands: Berg amtmann Thorberg og Pjetur biskup Pjetursson, eins og alþingi hafði gjört ráð fyrir, og auk þeirra Þórarinn prófast Böðvarsson, doktor Grím Thomsen og Einar alþingismann Ásmundsson. Skyldi amtmaður vera formaður nefndarinnar. Jafnframt var boðið, að láta fara fram nýtt brauðamat; skyldu stiptsyfirvöldin byggja á því tillögur sínar um málið, og leggja þær fyrir hjeraðafundi þá, er gjört var ráð fyrir í þingsályktuninni, og sem fyr er getið.

Út af þingsályktuninni um bygging og ábúð þjóðjarða, og brjefi ráðherra Íslands 22. maí 1877 gjörði landshöfðinginn ráðstafanir til þess að útvega allar skýrslur þessu máli viðkomandi, svo sem um ástand jarðanna, hlunnindi, áföll, jarðabœtur og leigumála, og leitaði jafnframt álits amtmanna og umboðsmanna, í hverjum aurum og eptir hvaða reglum eptirgjaldið skyldi greiða, og sjerstaklega um það, hvort hentugt mundi vera að bjóða þjóðjarðir til ábúðar upp á uppboðsþingi. Að því er Vestmannaeyjar snertir, var farið eptir því, sem þingsályktunin mælti fyrir, og í nefnd þá, er þar er gjört ráð fyrir, kaus landshöfðingi þá Sighvat alþingismann Árnason, Sigurð dannebrogsmann Magnússon á Skúmstöðum og Skúla bónda Þorvarðsson á Fitjamýri.

Með tilliti til þess, að frumvarpið til landbúnaðarlaganna var eigi lagt fyrir þingið, skýrði ráðgjafinn frá því, að eigi hefði verið tími til að yfirvega þetta mikilvæga og umfangsmikla mál svo ítarlega sem þyrfti, til þess að það yrði lagt

fyrir þingið, enda mundí eigi þinginu vinnast tími til að koma því af sökum annara anna.

Aptur gekk stjórnin fram hjá þinginu með skólamálið, sem fyr er getið, þar sem ráðgjafinn gaf út nýja skólareglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík, 12. júlí, að miklu leyti byggða á frumvarpi skólanefndarinnar. Hins helzta úr efni hennar verður getið í menntaþættinum síðar. Þar á mót frestaði stjórnin að gefa út reglugjörð fyrir prestaskólann, og við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum vildi hún eigi fást að svo komnu, heldur leita frekari upplýsinga; en þingið tók hjer í strenginn sem fyr er sagt.

Eptir bendingu þingsins var nú með konungsúrskurði 7. nóv. af tekin þóknun sú (500 kr. á ári), er fyrri dómarinn í landsyfirrjettinum hefur haft fyrir það, að snúa á dönsku dómsgjörðum í opinberum málum og gjafsóknarmálum, er skotið hefur verið til hæstarjettar.

Þar sem þingið hafnaði frumvarpinu til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877, komst stjórnin í nokkurn vanda, er hún var búin að útborga nokkurn hluta af fje því, er hún nú vildi fá veitt með fjáraukalögum. Það var viðbótin við skrifstofukostnað amtmanna. Úr þessu rjeð stjórnin þannig, að hún bauð, að halda eptir jafnmiklu af launum amtmanna, sem næmi þeirri upphæð, er útborguð hefði verið um of.

Út af fyrirspurn frá Ágúst Thomsen kaupmanni, eiganda Elliðaánna, um það, hvort laxveiðalögin 11. maí 1876 meinuðu honum að hafa þvergirðingar í þessum ám, svaraði ráðherrann því, að lögin ekki meinuðu þetta. Hjelt Thomsen því áfram að veiða lax með þvergirðingum eptir sem áður. En þetta vakti megna óánœgju hjá mörgum, með því að þeim þótti hjer gjörð ólögleg undantekning frá almennum lögum. Málið komst fyrir þing sem uppástunga til þingsályktunar um að skora á landshöfðingja að hlutast til um, að lögreglustjórnin tœki upp þvergirðingarnar í Elliðaánum; en þingið vatt því af sjer, með því að það væri dómsmál. En svo var óánœgjan megn með þessa veiðiaðferð, að hafa varð vörð við laxakisturnar um nœtur; en eigi að síður komust þó nokkrir bœndur að kistunum eitt sinn, og rufu þær. Annars hafa laxveiðalög þessi valdið

talsverðri óánœgju hjá mörgum í sumum greinum, sjer í lagi að því leyti sem þau banna haustveiði, sem sumstaðar er aðalveiðin, og kalla sig með þessu svipta eignarrjetti gagnstœtt stjórnarskránni. Sögur hafa og farið af því, að lögum þessum hafi verið alllítið skeytt sumstaðar, ekki síður en hinum eldri veiðilögum.

Ráðgjafi Íslands hefur úr landssjóði veitt hinu konunglega danska landbúnaðarfjelagi 500 kr. styrk upp í kostnað þann, er leiddi af því, að það ljet Feilberg jarðabótafrœðing gjöra búfrœðislegar rannsóknir á Íslandi sunnanverðu sumarið 1876. Sami maður ferðaðist nú um Norðurland í sama skyni fyrir sama fjelag, og hjet ráðgjafinn að greiða helming kostnaðarins, þó ekki fram úr 1000 kr. Um árangur ferða þessara er ekki kunnugt.

Vegabœtur á fjallvegum voru nú gjörðar á nokkrum stöðum, svo sem á Öxnadalsheiði, Vatnsskarði, Holtavörðuheiði og á veginum yfir Svínahraun á Hellisheiðarveginum. Á þessum vegi, er síðast var nefndur, var reist sæluhús úr steini á Kolviðarhóli undir Hellisskarði. Sæluhús þetta var að mestu gjört af samskotafje, er safnazt hafði úr sveitum þeim, er helzt hafa gagn af veginum. Af stórkostlegum brúagjörðum hafa ekki farið sögur, og því síður er nokkurs að geta um minni háttar vegabœtur í byggðum.

Á póstgöngunum á landi varð nú enn að vanda nokkur breyting, svo og á póstafgreiðslustöðum og brjefhirðingastöðum, en engin af þessum breytingum var svo þýðingarmikil, að taka þyki að greina frá því. Kvartað hefur verið um vanskil, og einkum mjög sein skil á brjefum og póstsendingum ásamt annari óreglu, einkum á póstleiðinni suðaustan til á landinu (milli Prestsbakka og Seyðisfjarðar). Póstferðirnar á sjó eða gufuskipsferðirnar umhverfis landið hafa menn og að ýmsu leyti verið miður ánœgðir með, og þóttu þær koma að minni notum en til var ætlazt og við var búizt, einkum sakir þess, að ferðum strandsiglinga-skipsins var hagað á óhentugan hátt fyrir landsbúa. Það er fundið hefur verið að ferðaáætluninni, er fleira en skýrt verði frá í fám orðum, en aðalatriðið var það, að fardagar skipsins væru á óhentugum tíma fyrir al-

þingismenn, skólapilta og kaupafólk, en það eru þeir farþegar, sem sjer í lagi eru bundnir við vissan tíma. Svo hafa og bæði fardagar og komustaðir skipsins þótt óhagkvæmir fyrir innanlandsverzlunina. Þar á móti er svo að sjá sem dönskum kaupmönnum, er verzla á Íslandi, hafi þótt ferðaáætlunin haganleg. Íslendingar í Kaupmannahöfn kvörtuðu yfir henni við stjórnina, og reyndu að fá ráðna bót á henni, en þá spilltu kaupmenn fyrir málinu, og töldu svo um fyrir stjórninni, að hún ljet allt sitja við sama, og það þrátt fyrir það, þótt landshöfðingi væri meðmæltur breytingunni. Sömuleiðis hefur það verið fundið að því skipi, sem til ferðanna var haft (Díönu), að það væri kolafrekara en svaraði farmrúmi þess. Hin dýrari lypting hefur þótt óþarflega stór, en hin ódýrari of lítil. Fargjald og farartbeini hefur og þótt óþarflega dýr, og það svo, að t. d. kaupafólki væri varla tilvinnandi að ferðast með því, með því að mikill hluti kaupgjaldsins gengi í kostnað. Þrátt fyrir alla þessa galla notuðu þó margir skipið til milliferða, bæði kaupafólk og aðrir, er fóru milli hafna, ýmist í erindagjörðir eða skemmtiferðir. Þar á móti var vöruflutningur hafna á milli eigi mikill. Helzt er þess að geta, að talsverður fiskur var fluttur frá Norðurlandi á Suðurland, þar sem fiskileysið hefur verið.

Peningabreytingin hafði eigi algjörlega komizt í kring árið 1876, því að enn var nokkuð eptir af hinum eldri peningum; var frestur inn til að veita þeim móttöku því enn lengdur til nóvemberloka 1877.

Jafnaðarsjóðsgjaldið var nú í suðuramtinu 38 aurar, í vesturamtinu 42 aurar, í norður- og austuramtinu 20 aurar. Meðalverð allra meðalverða var eptir verðlagsskránni:

	alnin
í Skaptafellssýslu	50 aur.
- hinum sýslum suðuramtsins	59 —
- Mýra- Snæfellsness- Hnappadals og Dalasýslum . .	62 —
- Barðastrandar- og Strandasýslum	60 —
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	66 —
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum	56 —
- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyrarkaupstað	54 —
- Múlasýslunum	58 —

Amtsráðin hafa nú ákveðið yfirsetukvennahjeruð á öllu landinu. Árið 1876 hafði það verið gjört í norður- og austuramtinu, en nú var það gjört í hinum ömtunum. Yfirsetukvennahjeruðin eru: í Skaptafellssýslu 11, í Vestmannaeyjum 1, í Rangárvallasýslu 11, í Árnessýslu 15, í Gullbringu- og Kjósarsýslu 11, í Borgarfjarðarsýslu 6, í Mýrasýslu 5, í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 9, í Dalasýslu 4, í Strandasýslu 4, í Barðastrandarsýslu 7, í Ísafjarðarsýslu 11, í Húnavatnssýslu 9, í Skagafjarðarsýslu 9, í Eyjafjarðarsýslu 11, í Þingeyjarsýslu 14, í Norður-Múlasýslu 10, í Suður-Múlasýslu 10. Landshöfðinginn gaf nú 15. nóv. út nýja yfirsetukvennareglugjörð, er landlæknirinn hafði samið.

Af fje því, er alþingi 1875 hafði veitt til fátækustu brauða fyrir árið 1877 veitti landshöfðingi í apríl nokkrum prestaköllum nokkrar krónur hverju (46—20 kr.), og auk þess Stað í Súgandafirði 300 kr. og Presthólum 200 kr., báðum með því skilyrði, að um þau brauð yrði sótt fyrir 31. ág. Nú var það ekki gjört, og þar að auk losnaði Kvíabekkjarprestakall, er áður hafði fengið uppbót. Fje því, er þannig varð afgangs var aptur skipt í september. Mývatnsþing fengu 200 kr., Álptamýri og Flatey 100 kr. hvort, og nokkur önnur minni upphæðir (60—20 kr.).

Skipun embættismanna var á þessa leið:

Landshöfðingi Hilmar Finsen fór utan um vorið fyrir þing. Í fjarvist hans gegndi amtmaður Bergur Thorberg landshöfðingjadæminu (frá 26. marz til 7. júní).

Á skipun landsyfirrjettarins varð nokkur breyting. Háyfirdómaranum Þórði Jónassen var 24. maí veitt lausn frá þessu embætti frá 1. júlí. En 7. nóv. var háyfirdómaraembættið veitt Jóni Pjeturssyni og fyrra yfirdómaraembættið Magnúsi Stephensen. Landfógeti Árni Thorsteinson var um tíma settur til að gegna öðru yfirdómaraembættinu og dómsmálaskrifaraembættinu.

Sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu Eggert Briem, er fengið hafði veitingu fyrir Húnavatnssýslu, var 12. apríl leyft að vera kyrrum í Skagafjarðarsýslu, en Húnavatnssýsla var aptur s. d. veitt Lárusi Blöndal, sýslumanni í Dalasýslu. Dala-

sýsla var 5. nóv. veitt Skúla Magnússyni, sýslumanni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. — Endurskoðun jarðabókarsjóðsreikninganna var 15. des. falin Bergi Thorberg amtmanni í stað Magnúsar Stephensens, er þingið hafði gjört að yfirskoðunarmanni landsreikninganna. — Umboð Norðursýslu og Reykjadalsjarða og ¾ Flateyjar var 4. okt. falið Sigurði bónda Guðnasyni á Ljósavatni.

Prestaköll þau, er veitt voru á árinu, voru: Valþjófsstaður 17. jan. kandídat Lárusi Halldórssyni, biskupsskrifara; Melstaður 30. jan. Þorvaldi Bjarnarsyni, presti á Reynivöllum; Stóruvellir á Landi 16. febr. Jóni Brynjólfssyni, aðstoðarpresti að Kálfholti; Staður í Grunnavík 12. marz prestinum þar Einari Varnharðssyni, er fengið hafði veitingu fyrir Stað í Súgandafirði; Reynivellir 11. maí Þorkeli Bjarnasyni, presti að Mosfelli í Mosfellssveit; Stóruvellir 14. maí prestinum þar Guðmundi Jónssyni, er fengið hafði veitingu fyrir Kálfholti, og Kálfholt s. d. aðstoðarprestinum þar Jóni Brynjólfssyni, er fengið hafði veitingu Stóruvalla; Staður í Hrútafirði 5. júní Páli Ólafssyni, aðstoðarpresti að Melstað; Barð í Fljótum 29. júní Tómasi Bjarnarsyni, presti á Hvanneyri í Siglufirði; Mosfell í Mosfellssveit 4. ágúst kandídat Jóhanni Þorkelssyni; Stafafell í Lóni 6. sept. Páli Pálssyni á Prestsbakka, presti að Kirkjubœjarklaustri; Kirkjubœjarklaustur 23. okt. prófasti Jóni Sigurðssyni á Mýrum, presti að Þykkvabœjarklaustri; Húsavík 29. nóv. Jóni Þorsteinssyni á Skútustöðum, presti í Mývatnsþingum; Þykkvabœjarklaustur 7. des. Hannesi Stephensen á Barkarstöðum, presti í Fljótshlíðarþingum. — Miðdalur var 26. júní sameinaður fyrst um sinn (áfram) við Mosfell í Grímsnesi, Ögurþing 13. okt. við Vatnsfjörð og Eyri í Skutulsfirði til 1880, og Meðallandsþing 7. des. við Þykkvabœjarklaustur til 1880. — Lausn frá prestaköllum fengu: frá Brjámslæk Þórður Thorgrimsen 10. jan., frá Stafafelli Bjarni Sveinsson 23. júlí, og frá Kvíabekk Jónas Bjarnarson 13. maí, til þess að verða aðstoðarprestur í Sauðlauksdal. — Vígðir til presta voru: Lárus Halldórsson 13. maí, og Jóhann Þorkelsson 9. sept.

Til að gegna læknisstörfum í Árnes- og Rangár-

vallasýslum í stað Tegners læknis, er fengið hafði lausn, var læknaskólakennari Tómas Hallgrímsson settur 28. júní, og síðan kandídat í læknisfræði Guðmundur Guðmundsson 23. júlí. — Sú breyting var gjörð á læknahjeruðunum, að 8. læknishjerað skyldi taka yfir alla Húnavatnssýslu, nema Bólstaðarhlíðarhrepp, er fylgja skyldi 9. læknishjeraði eptir sem áður.

Við latínuskólann var settur tímakennari (í frakknesku) kand. Sigurður Jónassen, söngkennari kand. Steingrímur Johnsen, og leikfimiskennari stúdent Ólafur Rósinkranz í stað Steenbergs, er fjekk lausn. — Organleikari við dómkirkjuna í Reykjavík var settur Jónas Helgason.

Heiðursmerki dannebrogsmanna var 24. maí af konungi veitt Halldóri prófasti Jónssyni á Hofi í Vopnafirði, áður riddara, og riddarakross sömu orðu s. d. yfirdómara Magnúsi Stephensen, og 31. ág. rektor Jóni Þorkelssyni. — Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs 9. voru þetta ár veittar Guðmundi prófasti Einarssyni á Breiðabólstað 200 kr. fyrir miklar jarða- og húsbætur m. fl., og Jónasi bónda Símonarsyni á Svínaskála í Suður-Múlasýslu 120 kr. fyrir steinhúsabyggingar, sögunarmylnu, góða sjómennsku m. fl.

Um dóma og málaferli hefur optast verið getið í frjettum þessum, að því leyti sem málin hafa verið álitin sjerlega þýðingarmikil eða þá vakið eptirtekt almennings í meira lagi. Hjer skal að eins minnzt á eitt mál, er enn kom fyrir um dómsvald lögreglustjórans í fjárkláðamálinu, og nú var dæmt í landsyfirrjetti. Þess er getið í fyrra árs frjettum, að landsyfirrjetturinn ónýtti þrívegis mál, er lögreglustjórinn hafði dæmt, af þeirri ástæðu, að hann hefði eigi haft löglegt dómsvald. Hæstirjettur staðfesti dóm landsyfirrjettarins með dómi 30. jan. 1877. Nú hafði lögreglustjórinn fengið konunglega umboðsskrá 26. sept. 1876, þar sem honum meðal annars var veitt dómara- og fógetavald í öllum lögreglumálum, er snerta fjárkláðann, hvar á landinu og á hverjum tíma sem væri. Hugði hann nú dómsvald sitt órækt, og í því trausti dæmdi hann enn til sekta mann nokkurn, er óhlýðnazt hafði fyrirskipunum hans. Máli þessu var skotið til yfirrjettarins, en

hann dæmdi enn dóm undirrjettarins ómerkan, með því að hann væri dæmdur af manni, er eigi hefði löglegt dómsvald. Ástæður yfirrjettarins fyrir þessum dómi voru þær, að umboðsskrá sú, er veitti lögreglustjóranum dómsvald, kæmi í bága við stjórnarskrána, því að með því að umboðsskráin færi fram á að taka allt dóms- og fógetavald í öllum lögreglumálum, sem snerta fjárkláðasýkina, um allt land, frá hinum verulegu dómurum og fógetum og fela það á hendur einum manni á hans eigin ábyrgð um ótiltekinn tíma, þá væri þetta sú breyting á skipum dómsvaldsins, sem eptir 42. gr. stjórnarskrárinnar ekki yrði ákveðin nema með lögum. Hinsvegar gæfi 13. gr. stjórnarskrárinnar ekki heimild til, að veita einstökum manni umboð eða vald til að dæma heilan flokk mála, hvar sem þau koma fyrir og um ótiltekinn tíma, þó að veita mætti umboð til að dæma eitt einstakt tiltekið mál, með því að það hefur áður komið fyrir. Svo sem vænta mátti, vakti yfirrjettardómur þessi mjög mikla eptirtekt víða, með því að það var í fyrsta sinn, að ráðgjafinn hefur verið dæmdur að hafa beitt stjórnarskránni ranglega. Og hins vegar óx vegur landsyfirrjettarins við málið, þar sem hann sýndi svo berlega fullkomna óhlutdrægni með því að ganga þannig í berhögg við stjórnina.

Í landsyfirrjettinum voru nú alls dæmd 31 mál. Af þeim voru 17 einkamál, en 14 sakamál og opinber lögreglumál.

Atvinnuvegir.

Veðráttufar var í harðara lagi það ár, er hjer segir frá, og árið að því leyti með hinum lakari fyrir ýmsa bjargræðisvegi manna. Þegar eptir áramótin skipti svo um, að þar sem áður höfðu gengið þíður og blíðviðri, koma nú kuldar og hríðir. Fyrstu viku ársins gjörði frosthörkur miklar víða, einkum sunnanlands, en upp frá því tók að snjóa; kingdi þá niður snjó miklum dag eptir dag og viku eptir viku, með smáblotum á milli, svo að tók fyrir haga alla í mörgum sveitum. Gekk svo lengi vetrar, og mögnuðust harðindin eptir því sem á leið. Þó voru sjaldan frost mjög mikil; hörðust urðu þau framan af janúarmánuði og síðari hluta febrúarmánaðar (á Suðurlandi 16

stig R, en norðanlands yfir 20 stig R). Aptur voru hríðarárfellin mjög tíð, og stundum ofsaveður. Mest voru veðrin í miðjum janúarmán., og aptur 3. febrúarmán.; tók þá upp skip, og fje hrakti víða nyrðra. Annars var veðráttufarið nokkru vægara á Norður- og Austurlandi, en sunnan- og vestanlands, enda voru hríðarnar optast nær af útsuðri. Í stöku útkjálkasveitum, svo sem á Ströndum og sumstaðar í Þingeyjarsýslu, var þó fram eptir vetrinum allgóð tíð, eins og stundum kemur fyrir í hörðum vetrum. Framan af marzmánuði gjörði sumstaðar nokkurn bata, en hann stóð eigi lengi, og um næstu mánaðamót eða páskaleytið gjörði harðasta áfellið. Þá kom hin grimmasta stórhríð, er stóð í nokkra daga, og náði nálega yfir allt land. En upp frá því fór veðuráttan að batna, og nálægt miðjum aprílmánuði eða skömmu fyrir sumarmál brá algjört til bata. Þó hlánaði hægt og seint, því að vorið var fremur kalt hvervetna. Íshroði hafði lengi vetrar verið fyrir Norðurlandi, en aldrei varð hann landfastur, og loksins rak hann frá í júnímánuði, og gjörði þá hlýindi um tíma. 12. júní gjörði ofsaveður mikið fyrir sunnan og vestan land. Í veðri þessu hrakti bát undan Jökli vestur yfir þveran Breiðafjörð, og lenti hann á fjórða degi í bœjarósi á Rauðasandi; mennirnir komust lífs af; er svo sagt, að sjóhrakningur þessi sje einn hinn mesti, er sögur fara af. Hásumarið var fremur kalt víðast hvar, en þó var veðrátta mjög misjöfn. Sunnanlands og vestan gengu þurrkar og hagstœð veðurátta lengi sumars, en norðanlands og austan var mjög úrkomusamt; snjóaði þar optlega til fjalla, og stundum niður í byggð. 24. júlí og nóttina eptir var dœmafá rigning sumstaðar norðanlands. Hlupu þá víða skriður úr fjöllum til stórskemmda fram til Dala í Eyjafirði, og í Yxnadal og Hörgárdal; tók sum engi af , en tún og bithagar skemmdust meira og minna. Að áliðnu sumri eða snemma í septembermánuði skipti algjörlega um veðuráttu. Gjörði þá þurrviðri og hlýindi norðanlands og austan, en sunnanlands og vestan brá til rosa og rigninga. Haustið var víðast umhleypingasamt og veðrátta næsta óstöðug. Veturinn lagðist mjög snemma að á Norður- og Austurlandi, og jafnvel komu harðindi sumstaðar fyrir veturnætur; 6. okt. og aptur 10. og 11. okt. gengu stór-

hríðar með miklu frosti og fannkomu yfir Norðurland og Austurland. Þá urðu bæði mannskaðar og fjárskaðar víða, og sömuleiðis sleit upp skip og báta fyrir mörgum. Í hinum landsfjórðungunum lögðust harðindin eigi að fyr en með jólaföstu; þá gengu snjóar miklir um tíma, svo að haglaust varð; nokkuð hlýnaði raunar aptur og tók upp jörð sumstaðar, en þó var víðast fremur hart veður og hryðjusamt allt til ársloka.

Eigi þótti grunlaust um, að eldur mundi einhverstaðar uppi vera um haustið. Milli ofsaveðranna í októbermánuði fannst á Austfjörðum volgur vindur standa af fjöllum, og hugðu menn stafa af jarðeldi. Þá urðu menn og varir öskufalls, svo að jarðrót gránaði, og sumir þóttust heyra dynki sem af eldsumbrotum. Um sama leyti fundust jarðskjálftar sumstaðar norðanlands, og aptur nokkru síðar, einkum í Bárðardal. Var gizkað á, að enn væru eldsumbrot í Dyngjufjöllum, en að öðru leyti hafa eigi í þetta sinn farið sögur af jarðeldum.

Heyskapur landsmanna varð nú að öllu samtöldu minni en í meðalári. Sökum vorkuldanna, er gengu nálega um allt land, var grasvöxtur eigi orðinn mikill, þegar heyannir byrjuðu, og var þó víða tekið til sláttar í seinna lagi. Þó rættist nokkuð úr þessu sunnanlands og vestan, svo að óvíða varð þar grasbrestur til muna. Tún urðu þar í meðallagi. Harðlendi utantúns spratt mjög seint, en varð að lokum í betra lagi. Aptur voru mýrlendi og votengi venju fremur snögg. Miklu meiri grasbrestur var norðan- og austanlands, einkum á votlendum engjum. Nýting á heyjum fór eptir veðuráttunni. Syðra og vestra varð hún ágæt um túnaslátt og framan af engjaslætti, eða þangað til brá til rigninganna í september; úr því hröktust hey manna meira eða minna, og varð heyskapurinn endasleppur. Nyrðra og eystra var þvert á móti; þar nýttust hey illa framan af, en vel síðari hluta engjasláttar. Heyforðinn varð að haustinu til í minna lagi hjá mörgum, með því líka að fyrningar voru litlar frá vetrinum áður, og hey höfðu víða verið gefin upp.

Af jarðabótum hafa í þetta sinn eigi farið miklar sögur. Vorkuldarnir ullu því einnig, að seint var tekið til slíkra verka, með því að klaki var lengi í jörð; og haustið var

eigi heldur vel fallið til jarðabóta sökum óblíðrar veðuráttu. Þó hafa dugnaðarmenn eigi setið sig úr færi, þegar unnt var að starfa að jarðabótum, og hefur landið enn tekið nokkrum framförum í þessu efni. Búnaðarfjelag suðuramtsins hefur enn gjört sitt til, að styrkja og hvetja menn til slíkra framkvæmda, svo lítil efni sem það hefur; en eigi hefur að því skapi tekizt að fá menn til að ganga í fjelagið, og er það þó nauðsynlegt til þess, að það geti náð verulegum þroska. Búfræðingur Sveinn Sveinsson ferðaðist nú enn um landið og veitti tilsögn í ýmsum búnaðarháttum á líkan hátt og áður.

Af búnaðarritlingum má nefna tvær ritgjörðir í Andvara, tímariti þjóðvinafjelagsins, aðra um grasrækt og heyannir, eptir Svein Sveinsson, og hina um æðarvarp eptir Eyólf bónda Guðmundsson á Eyjarbakka; sömuleiðis ritgjörð um vatnsveitingar eptir Guðmund jarðyrkjumann Ólafsson, og undirstöðuatriði búfjárræktarinnar eptir Guðmund prófast Einarsson, verðlaunarit, er einkum stefnir að kynblöndun og kynbótum fjenaðar.

Fjenaðarhöldin urðu víðast í bezta lagi, en það mun fremur hafa mátt þakka því, hvernig tíðarfarinu var háttað, en fjárrækt landsmanna, sem enn er á lágu stigi. Haustið 1876 var árferðið svo afbragðsgott, að fje var víða nær í fullum haustholdum, er það var tekið á gjöf; en upp frá því var víðast samfelld gjafatíð og harðindin svo mikil, að eigi var fært að sleppa fje á jörð. Afleiðingin af þessu varð sú, að þar sem hey voru nœg eða hrukku til, varð fjenaðurinn í betra standi en í þeim árum, er hann lifir mest á útigangi; og þótt slíkt yrði ærið kostnaðarsamt, mun það þó í þetta sinn að líkindum hafa borgað sig. En eigi mátti tœpara standa, því að þegar brá til batans, voru hey manna almennt næstum gjörsamlega þrotin; en með því að þá var svo áliðið orðið vetrar, kom jörðin fljótt upp. Sumstaðar nyrðra var þó kvartað um misjöfn fjárhöld um vorið sakir kuldanna, sem þá gengu. Fráfœrur fóru víða fram nokkru seinna en venjulega, en þar sem fjárhöldin annars voru góð, gekk sauðburður vel; fje fór sœmilega úr ull og málnyta var í góðu meðallagi. Skurðarfje reyndist í meðallagi á hold um haustið, en fremur rýrt á mör. Fjárheimtur gengu mis-

jafnlega, sökum þoku og dimmviðra um leitirnar, og fjárskaðar urðu nokkrir í illviðrunum síðar um haustið, einkum á Norður- og Austurlandi. Á bráðafári hefur borið í minnsta lagi víðast um land báða veturna.

Um fjárkláðann hefur enn verið allmikið þras, en þó óvíst, hvort hann hefur verið til hið síðasta ár eða ekki. Reyndar hefur sumstaðar á hinu gamla kláðasvæði orðið vart við kláðavott nokkurn, en eigi sannazt, að það hafi verið hinn sóttnæmi kláði. Lögreglustjórinn skoðaði í janúar fje í efra hluta Borgarfjarðarsýslu með 2 Mýramönnum, og fundu þeir að eins óþrifavott í nokkrum kindum; sömuleiðis skoðaði hann í neðri hluta sýslunnar með 2 Kjósarmönnum, og fannst kláðamaurinn þar eigi heldur. Aptur þótti nokkuð ískyggilegra ástandið í Kjósinni, en eigi varð þar heldur um sök. Borgfirðingar gjörðu menn á fund landshöfðingja til að biðjast undan hinu almenna þrifabaði, er hann hafði boðið með auglýsingu 30. nóv. 1876, en töldust fúsir á að baða um vorið, er fje væri úr ull. Landshöfðingi leyfði þessa undanþágu 10. marz, en áskildi, að haldið yrði uppi hálfsmánaðarskoðunum til þess 6 vikum eptir vorbaðið, og fyrirskipaði jafnframt sterka heimagæzlu þangað til. Fyrirskipunum þessum var nokkuð misjafnlega fylgt enn sem fyrri, og skorti þó ekki atfylgi lögreglustjórans. Gekk hann svo ríkt eptir í framkvæmdum sínum, að bœndum þótti víða nóg um. Meðal annars taldi hann þar sumstaðar saknæman kláða, er aðrir töldu að eins óveruleg óþrif, og reis út úr þessu ýmislegur ágreiningur milli hans og þeirra. Takmörk kláðasvæðisins voru enn hin sömu og áður: Hvítá og Deildargil að vestan, en Brúará og Hvítá (Ölfusá) að austan. Nú leið að þeim tíma, er vant var að setja verði. Á austur-takmörkum kláðasvæðisins þótti nú eigi þörf á að setja vörð, með því að eigi hefði orðið kláðavart nokkurstaðar þar í nánd. Aptur þótti miður tryggilegt að vestanverðu, en nú reis enn ágreiningur um það, hvar takmörk kláðasvæðisins skyldu vera þeim megin, og hvar vörðinn skyldi setja. Borgfirðingar vildu færa hið grunaða svæði saman og hafa Botnsvogavörð, með því að þeir sjálfir væru fyrir löngu orðnir kláðalausir. Húnvetningar voru á báðum áttum, og sendu því mann suður í Borgarfjörð að rannsaka ástandið

þar; fann hann hvergi kláða, og þótti því sem Botnsvogavörður mundi nægja. Yfirvöldunum þótti aptur ekki eigandi undir öðru en að hafa vörðinn við Hvítá og Deildargil, sem áður hafði verið, og varð svo að vera sem þau vildu. Eigi fundu þau heldur ástæðu til að leggja á fjárrekstrarbann yfir Botnsvogalínuna, en endurnýjuðu rekstrarbannið yfir hin gömlu takmörk. Þó var um haustið gjörð lík undanþága frá rekstrarbanninu sem haustið áður, þar sem leyft var að reka skurðarfje inn á grunaða svæðið, en þó með eptirliti og nokkrum takmörkunum. Íbúum hinna sauðlausu hjeraða í suðurhluta Gullbringusýslu var þessi undanþága þó eigi nóg; þoldu þeir eigi að vera fjárlausir lengur, og það því síður sem sjávarafli hafði brugðizt því nær algjörlega um svo langan tíma; þeir gjörðu því menn á fund landshöfðingja, að biðjast þess, að mega reka til sín lífsfje úr hinum heilbrigðu hjeruðum austan varðlínunnar. Var þeim leyft að reka lömb til lífs, en ekki eldra fje; því að eigi þótti grunlaust um, að kláðinn kynni enn að leynast einhverstaðar. Þó varð hvergi vart við reglulegan kláða í rjettum, og eigi hefur hans orðið vart síðar. Þykir nú meiri von en nokkurn tíma áður, að fjárkláðinn muni vera algjörlega upprættur.

Aflabrögð úr sjó urðu mjög misjöfn, en þó mikil víðast. Fyrrum var lengi fiskisælast við Suðurland, og sóttu menn árlega sjó þangað úr öðrum landsfjórðungum, einkum af Norðurlandi. Nú er orðið annað um fiskisældirnar syðra, og virðist svo sem fiskurinn hafi yfirgefið sínar gömlu stöðvar fyrir sunnan land, en leitað norður fyrir land, hvað sem því veldur. Við Faxaflóa, sem lengi var talinn aðalveiðistaða landsins, varð nú varla fiskivart allt árið; reytingsafli var raunar stundum í hinum syðri veiðistöðvum við flóann stöku sinnum á vetrarvertíðinni, þegar gæftaleysi eigi meinaði að sækja sjó, og aptur nokkur fyrstu vikuna af vorvertíðinni, en úr því mátti kalla að eigi yrði fiskivart fram undir árslok; þá varð fiskivart, en sjaldan gaf að róa fyrir umhleypingum. Í veiðistöðunum austanfjalls á Suðurlandi var aptur allgóður afli á vetrarvertíðinni, og sumstaðar ágætur, einkum við Eyrarbakka. Undir Jökli var fremur tregt um afla allar vertíðir, einkum að sunnanverðu. Á Vestfjörðum var talið meðalár að fiskiafla; sumstaðar aflað-

ist þar þó ágætlega, einkum í Bolungarvík við Ísafjarðardjúp á vetrarvertíðinni, og aptur á Ísafirði um sumarið. Fyrir öllu Norðurlandi var hlaðfiski flesta tíma ársins, en þó minnst að tiltölu framan af sumri og að áliðnu hausti, enda hamlaði stundum gæftaleysi og sumstaðar beituskortur. Á Austfjörðum aflaðist mjög vel flestar árstíðir; minnst aflaðist þar um vorið, en aptur ágætlega um haustið. Þangað fóru um sumarið 2 þilskip úr Reykjavík með 4 báta, og öfluðu á þá sjötíu til áttatíu þúsundir af þorski og ýsu. Önnur þilskip öfluðu einnig vel víðast hvar. — Hákarlaafli á þilskipum varð hvervetna í góðu meðallagi.

Rekar urðu nokkrir sumstaðar norðanlands. Á stöku stöðum rak hvali og höfrunga um veturinn. Trjáreki nokkur varð á Langanesi og í Þistilfirði eptir nýár, og mikill á Ströndum um haustið.

Laxveiðar í ám urðu í góðu meðallagi víða, og sumstaðar afbragðsgóðar, einkum í Hvítá í Borgarfirði og Þverá í Mýrasýslu. Laxveiðafjelag var stofnað í Reykjavík, í þeim tilgangi að auka laxveiðarnar, og sjá um, að laxinn yrði sem bezt friðaður samkvæmt landslögunum. Í fjelag þetta gengu þegar margir menn með nokkru peningatillagi. Fyrir það fje, er inn var komið um haustið, var ráðið að útvega laxalóðir, til að reyna að veiða lax í sjó, líkt og tíðkazt hefur á Borgundarhólmi.

Erlendir aflamenn hafa enn að vanda legið hjer við land til fiskjar, og flestir aflað vel. Þannig voru Færeyingar fyrir Austfjörðum á 12 skipum, og öfluðu þeir á þau fram undir 400000 fiska á 8 til 10 vikum. Svo taldist til, að ágóðinn af afla þessum hefði til jafnaðar orðið 30 af hundraði. Frakkar og Englendingar höfðu hjer enn talsverðan fiskiskipaflota kringum land; fer yfirgangur fiskimanna þessara að sögn sívaxandi. Hin frakknesku fiskiskip hjeldu sig sem vant er einkum fyrir sunnan land, og gjörðust býsna nærgöngul. Hve nær sem fiskur leitaði úr djúpi inn á grunnmiðin í Faxaflóa, þá voru þau komin þar tugum saman, drógu net landsmanna í hnúta eða glötuðu þeim algjörlega, og skemmdu þannig bæði veiðarfærin og spilltu aflabrögðunum, sem sízt átti við í fiskileysistíð þeirri, sem þá var. Stundum lágu fiskiskip þessi svo mörgum tugum skipti í landhelgi og jafnvel eigi meir en fjórðung mílu frá landi;

en herskip þau, bæði hið danska og frakkneska, er áttu að gæta þeirra, lágu þá í makindum inni á Reykjavíkurhöfn, og höfðust ekki að. Hin ensku fiskiskip hjeldu sig einkum við Austfirði. Gjörðust skipverjar af sumum þeirra svo nærgöngulir, að þeir gengu á land og frömdu bæði sauðaþjófnað og innbrotsþjófnað. Á eyðiey nokkurri í Vopnafirði tóku þeir 8 ær geldar, og komust með þær til hafs, áður en eigandi kindanna gæti náð þeim; eigi gat hann heldur sjeð einkenni á skipinu, með því að dimmviðri var, en vindur stóð af landi, og bar þá fljótt í haf. Hjá bónda einum í Loðmundarfirði brutu þeir upp skemmu, er stóð við sjóinn og sá eigi frá bœnum; stálu þeir úr henni ull, skinnklæðum, veiðarfœrum, byssu og skotfœrum og fleira smávegis, er allt til samans var metið 100 kr. virði. Nokkur ensk skip lágu þar rjett fyrir utan landsteina, og voru skipverjar úr einu þeirra nýfarnir úr landi, er þjófnaðurinn uppgötvaðist. Hreppstjóri fór þegar næsta morgun út á skipin, og fyrir eptirgangsmuni hans var gjörð þjófaleit um öll skipin: fannst þá mestallt þýfið, og var því skilað aptur er fannst. Hreppstjóri ritaði upp nöfn og einkenni skipanna, og þykir líklegt, að fáist einhver uppreisn á þessu máli, þó að tregt gangi stjórn og yfirvöldum að vernda rjett Íslendinga gagnvart útlendum þjóðum.

Verzlunin var hvorki fjörmikil nje hagstæð landsmönnum í þetta sinn, sem eigi var heldur við að búast, þar sem kvartað hefur verið um fjörleysi og deyfð í allri verzlun erlendis nú hin síðustu ár. Kenna menn þetta einkum styrjöld þeirri, er nú gengur milli hinna austrœnu þjóða, eða þó öllu fremur því, að vesturlandaþjóðirnar kunni, er minnst varir, að skerast í leikinn, og sje varlega gjörandi að ráðast í mikið eða hafa mikið umleikis, með því að alkunnugt er, að almennur ófriður getur haft mikil áhrif á verzlunina. En vera má, að margt annað valdi. Íslenzkar vörur seldust fremur illa erlendis árið áður, og lækkaði nú verðlag á þeim, eða að minnsta kosti á aðalvörunum, bæði land- og sjóvöru. Í Reykjavík gekk hvít ull á kauptíð á 75 til 80 aura pundið, en mislit á 55 aura, saltfiskur á 50 kr. en harður fiskur á 70 kr. skippundið; lýsistunnan gekk á 35 til 40 kr., tólgarpund á 35 a., smjörpund á 70 a. Lax hækkaði í verði og gekk eptir stœrð laxanna frá 30 til 60 aura hvert

pund. Æðardúnn lækkaði aptur, og seldist eigi nema á 14 kr. pundið. Útlend vara var hjer um bil í sama verði og 2 næstu ár áður. Í öðrum kauptúnum var verðlag nokkuð líkt, nema innlend vara var á sumum stöðum nokkru hærri, eins og opt er, einkum ullin. Nokkrir kaupmenn hafa kvartað um það, að það óeðli sje á íslenzku verzluninni, að bæði íslenzkar og útlendar vörur sjeu í hærra verði, en þær eigi að vera í raun rjettri, og talið það hagfelldara, að verðlagið væri lægra. Aptur álíta sumir, að verzlunin geti ekki komizt í rjett horf, meðan vöruskipti tíðkast líkt og nú, og meðan vara er eigi seld gegn peningum. Eitt af því, sem spillt hefur fyrir íslenzku verzluninni, er það, að íslenzkar vörur hafa opt verið miður vandaðar. Það er auðsætt, hvílíkt óhagræði það er fyrir landsmenn, er óorð kemst á vörur þeirra, auk þess sem slíkt er þjóðarminnkun, en því miður virðist vöruvöndun taka litlum framförum, og berja sumir því við, að eigi seljist vara betur þótt vönduð sje. Hitt er einnig alkunnugt, að útlendar vörur, þær er hjer seljast, eru opt mjög óvandaðar, en um það er minna fengizt. Á þetta einkum heima um timbur, en því er barið við, að gott timbur seljist hjer ekki. Eitt mein verzlunarinnar eru hinar miklu kaupstaðarskuldir landsmanna, en þeim er eigi gott að koma af, nema þá er því betur lætur í ári, en þá eru menn aptur optast of djarftækir; þá er miður árar, þrýtur lánstraustið, og kaupmenn minnka vöruflutninga sína, svo að opt verður vöruskortur. Fiskileysið í Faxaflóa hnekkti nú mjög verzlun í kaupstöðunum þar í kring, eigi síst í Reykjavík; var verzlun þar því í daufara lagi um kauptíð, en aptur sendu Reykjavíkurkaupmenn mikið af vörum sínum til lausakaupa vestur á Mýrar og til Vestfjarða. Þrátt fyrir aflaleysið, og þar af leiðandi örbyrgð og skuldir voru þó vörubyrgðir í Reykjavík um haustið venju fremur í meira lagi, sömuleiðis á Ísafirði, Eyrarbakka og víðar, en aptur var kvartað um vöruskort á sumum öðrum stöðum. Hinir nýlöggiltu verzlunarstaðir, einkum Blönduós, eru í talsverðum uppgangi, og er farið að reka þar verzlun til muna. Haustverzlunin var nú að tiltölu miklu fjörmeiri en hásumarverzlunin, enda virðist svo sem haustverzlun sje hjer sífellt að aukast. Fjártaka var nú í mesta lagi í flestum kaupstöðum landsins.

Þó var hún að tiltölu fremur lítil í Reykjavík. Á Brákarpolli var fjártaka mjög mikil, en mest var hún þó í kaupstöðunum, norðan- og austanlands, einkum á Borðeyri, Blönduósi, Sauðárkrók, Akureyri og Seyðisfirði. Gránufjelagið útvegaði skozkt gufuskip, til að taka skurðarfje á Akureyri og Seyðisfirði; á Akureyri tók það allt að 1200 fjár, en undir 1500 á Seyðisfirði, mest sauði. Auk þess var mikið kjöt saltað niður til útflutnings, þar á meðal á Akureyri einni 1800 tunnur. Verð á kjötinu var 20—25 aurar fyrir pundið, á mörp. 30 aurar, á pundi í sauðargæru 35 aurar. Fjártökuverðið var nær hið sama víðast, en þó til jafnaðar hærra norðanlands og austan en á Suðurlandi. Á fje því, er Skotar keyptu á fœti, var hæst verð 22 kr. fyrir sauðinn, en mjög fátt náði því verði; flest fjeð var selt á 18—20 kr., og var svo áður um samið. Þeir borguðu mikið í peningum, en sumt í innskriptum og ávísunum. Haustverzlunarskipunum hlekktist mörgum á um haustið, er þau lögðust frá landinu; rak sum þeirra í strand, og skemmdist eða týndist mikið af farmi. Hrossaverzlun landsmanna við Englendinga og Skota virðist hafa verið nokkru minni og eigi eins arðsöm sem undanfarin ár. Þó voru víða haldnir markaðir á Suður-, Norður- og Austurlandi, og er svo sagt, að frá Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði hafi alls verið flutt út nálægt 1600 hrossa. Verð á hestum var nú 60 til 70 krónur.

Gránufjelagið er í sífelldum uppgangi. Við árslok 1876 var gróði fjelagsins talinn nálægt 76000 kr., og hafði nær helmingur þess grœðzt það ár, með fram fyrir ýms höpp, svo sem góð kaup á Siglufirði og vöruleifum þar. Á ullarverzlun hafði það ár aptur tapazt um 10000 kr. Alls sendi fjelagið þá út vörur fyrir nær 400000 kr. í $11^1/_2$ skipsfarmi. Við sömu áramót töldust eigur fjelagsins 327000, þar af 55000 kr í verzlunarstöðum, verzlunaráhöldum og skipinu Gránu, 74000 í skuldabrjefum og 148000 í vörubyrgðum. Eigur fjelagsins voru þá svo miklar, að 96 kr. komu á hvern fjelagshluta, og höfðu þeir þannig vaxið nær um helming. Í viðbót við þá 4 verzlunarstaði, er það hafði keypt áður, keypti það nú Hofsós; sömuleiðis keypti það skipið Gefjunni, en það brotnaði í spón um haustið fyrir Ólafsfjarðarmúla, og týndust af allir mennirnir.

Svo er nú mikið álit Gránufjelagsins, að margir menn, sem eru í öðrum verzlunarfjelögum hjer á landi, óska að þau verði tekin upp í Gránufjelagið, þó að eigi hafi, svo kunnugt sje, aðrir enn farið fram á það en Skagfirðingar og Húnvetningar þeir, sem voru í Grafarósfjelaginu.

Þegar litið er á bjargræðisvegi landsmanna yfir höfuð, þá virðast þeir að hafa heppnazt allvel víðast hvar það ár, er hjer segir frá. Þó að veturinn væri með hinum harðari, urðu fjenaðarhöldin góð í flestum sveitum. Og þó að heyskapurinn um sumarið yrði í minna lagi, einkum á Norðurlandi og Austurlandi, þar sem bæði var grasbrestur og nýting á heyjum misheppnaðist, þá bætti það mjög úr, að í þeim landsfjórðungum fiskaðist afbragðs-vel flesta tíma ársins, enda var verzlunin þar að tiltölu arðsömust, einkum fjárverzlunin um haustið og svo hrossaverzlunin. Varð það mörgum mikið hagræði, að fá svo góðan markað fyrir vörur sínar, og að fá þær að miklu leyti borgaðar í peningum, sem kom sjer einkar vel í peningaeklu þeirri, sem sífellt er kvartað yfir. Bjargræðisvandræði urðu hvergi almenn nema í sjávarsveitunum í kringum Faxaflóa, þar sem fiskiaflinn brást því nær alveg, og hafði jafnframt brugðizt árið áður. Það jók á vandræðin, að í suðurhreppum Gullbringusýslu var einnig sauðlaust síðan haustið 1875, að þar var skorið niður sökum fjárkláðans; vildi það svo illa til, að fiskileysið var samfara sauðleysinu. Í hinum innri hreppum sýslunnar var raunar eigi sauðlaust, en fjenaður og allur landbúnaður lítill víðast; þar var aflaleysið líka enn meira, og vandræðin urðu þar mest. Báglegast staddir í sýslunni voru Vatnsleysustrandarhreppur og Álptaneshreppur með Hafnarfirði, og þar næst Seltjarnarneshreppur og svo Reykjavík. Í Borgarfjarðarsýslu var og Akraneshreppur mjög báglega staddur. Í öllum þessum hjeruðum er sjávaraflinn aðalbjargræðisvegur, og þegar hann brást svo stórkostlega og svo lengi, var eigi við öðru búið en miklu hallæri, og það því fremur sem mjög er fólksmargt að tiltölu á þessu svæði. Svo sem vænta mátti, þraut lánstraust fátæklinga, og voru þó kaupmenn lengi hjálplegir. Margir, sem áður voru taldir efnaðir, þrutu nú að efnum, og hinir fáu auðmenn í þessum sveitum gátu ekki rönd við

reist að hjálpa til hlítar svo mörgum, sem með þurftu. Álptnesingar og Akurnesingar fengu lán úr landssjóði, en það hrökk hvergi nærri til, og horfði til hinna mestu vandræða, hallæris og hungurdauða, þar eð fjölda-mörg heimili í öllum þeim byggðarlögum, er talin hafa verið, voru alveg bjargþrota. Hvorki stjórn nje þing gjörðu neinar ráðstafanir til að afstýra vandræðunum, en einstakir menn gjörðu víða ýmsar tilraunir til þess. Í Reykjavík sýndu margir embættismenn og efnamenn viðleitni til þess að ráða úr þessu, bæði með gjöfum og með því að sjá fátæku fólki fyrir atvinnu. Nokkrar heldri konur í bænum stofnuðu og í því skyni tóvinnufjelag, er varð að góðu liði, það sem það náði til. Sömuleiðis var þar haldinn bazar og tombóla; ágóðinn af því varð rúmar 1000 kr., og var þeim varið til bjargræðis hinum bágstöddustu bœjarbúum. Í öðrum hjeruðum og landsfjórðungum tóku menn sig víða saman um, að skjóta saman fje handa hinum nauðstöddu hjeruðum, og urðu þau samskot talsverð ýmist í sauðfjenaði eða peningum. Þess er getið í fyrra árs frjettum, að Ísfirðingar gáfu í þessu skyni um 2000 kr.; nú bættu þeir aptur við, og fleiri Vestfirðingar; ýmsir menn á Norðurlandi sendu og talsverðar gjafir. Austfirðingar minntust þess og, hve vel þeim hafði orðið til, er áfellið dundi yfir þá 1875, og hve fljótt þeir rjettu við aptur, og sendu þeir nú drjúgan skerf eða nokkrar þúsundir krónur þeim hjeruðum, er hallærið vofði nú yfir. Hjeruð þau, er nær lágu, ljetu heldur eigi sitt eptir liggja. Þannig sendu Mýramenn Akurnesingum 1000 kr. virði í sauðfje og peningum, og Árnesingar og Rangæingar Gullbringusýslubúum nokkur þúsund króna virði einnig í fje og peningum o. fl. Marga fleiri mætti og telja, en eigi hafa greinilegar skýrslur enn verið samdar um öll samskotin. Allar þessar gjafir til samans voru álitlegur styrkur og komu að góðu liði, en hjer þurfti líka mikils með. Raunar var kvartað yfir því, að misheppnazt hefði að gjöra gjafirnar í sauðfje sem arðsamastar fyrir þiggendur, og óþarflega hefði gengið í kostnað til að sækja það o. fl., en allt fyrir það má þó ætla, að gjafirnar yfir höfuð hafi gjört það að verkum, að afstýra ströngu hallæri og hungurdauða; því að þó að fast hafi aðsorfið, hefir þó eigi frjetzt, að svo langt hafi rekið

nokkurstaðar. Ástandið er enn mjög ískyggilegt, og fari sama fram lengi með aflaleysið, er hætt við að eigi verði viðráðið með samskotum einum. Greindir menn og góðviljaðir hafa lagt það til, að íbúar hjeraða þessara yrðu styrktir til að koma upp þilskipa útveg, er reynzt hefur miklu áreiðanlegri bjargarstofn en smáskipaveiðar, en það hefur farizt fyrir til þessa.

Þess skal getið hjer um leið, að samskotafje það, er kom úr Danmörku, Noregi og Englandi til hjálpar þeim, er biðu tjón af eldgosunum 1875, og sem landshöfðingi fjekk til umráða og úthlutunar, var alls 46,633 kr. 96 a. Af þeim fengu 17 búendur í Jökuldal, er urðu að flytja sig af jörðunum sakir öskufallsins, 10,000 kr., eigandi Reykjahlíðar við Mývatn 500 kr. fyrir skemmdir á landi jarðarinnar, og Múlasýslurnar báðar í skaðabœtur fyrir minni skemmdir rúmlega 21,000 kr.; þá voru eptir tæpar 15,000 kr.; fyrir þær voru keypt ríkisskuldabrjef, að upphæð 16,500 kr. Úr þeim var myndaður sjóður til styrktar, er önnur eins eldgos eða þvílík bera að höndum hjer á landi, en vöxtum af sjóðnum skal verja til að efla landbúnað í Múlasýslum og önnur fyrirtæki þar til almenningsheilla.

Slysfarir urðu nú í mesta lagi, bæði á sjó og landi, sakir illviðranna, er gengu um veturinn og eins haustið eptir. Mestar urðu slysfarirnar þó á sjó, og hlekktist mörgum skipum á. 11. marz lagði þiljubáturinn Hekla frá Kaupmannahöfn og átti að fara hingað til lands til þorskveiða; hefur eigi spurzt til hans síðan; á honum voru 4 menn íslenzkir, og formaðurinn var Jón Bjarnason, sá er getið var um í fyrra árs frjettum að leyst hefði af hendi stýrimanns próf með fágætum orðstír. 2. apríl (2. páskadag) rak íslenzkt kaupfar í strand við Mýrdalssand í ofsaveðri og brotnaði í spón. Skipverjar voru 6 og komust allir í land; þetta bar til fjarri mannabyggðum, en hríð var dimm, og frost og ofviðri mikið; urðu 4 skipverjar úti þar á sandinum; einn þeirra var eigandi skipsins, Hákon kaupmaður Bjarnason frá Bíldudal; þar fjezt og annar maður íslenzkur, Sigurður Bjarnason að nafni, söðlasmiður. Skipstjóri og stýrimaður, danskir menn, komust til mannabyggða (að Höfðabrekku) eptir 38 stunda hrakning í hinu mesta illviðri. Fiskiskúta úr Reykj-

vík (Fanny) lagði frá Seyðisfirði seint í september með afla sinn, og ætlaði til Reykjavíkur; hún lenti í hrakningum miklum og náði loks landi við Færeyjar 19. okt. eptir mikið sjóvolk og þrautir; af henni komust allir lífs nema einn maður, er tekið hafði út, en eigi náðst. Skip strönduðu víða um haustið, eitt á Papós í sept., eitt á Grafarós í okt., eitt á Sauðarkrók, eitt fyrir Ólafsfjarðarmúla (Gefjun), bæði í nóvember, eitt á Ströndum litlu síðar, enn fremur hákarlaskip af Langanesi við Seyðisfjörð í október. Af flestum þessum skipum varð mönnum bjargað. Af opnum skipum og bátum drukknuðu margir á árinu; í febr. drukknuðu 6 á Ísafirði, 7 við Vatnleysuströnd, í apríl 7 frá Útskálum í Garði; í júní 7 við Akranes, 2 við Skógarströnd, 2 á Ísafirði, 5 í Borgarfirði austur, í ágúst 2 úr Garði; í sept. 3 af Akureyri; í okt. 2 á Reyðarfirði, 4 á Hrútafirði, og víðar; í des. 4 fyrir Skriðunesenni. Nokkrir fleiri drukknuðu í sjó, og nokkrir sömuleiðis í vötnum á landi; í Grímsey drukknuðu 2 börn í brunni; einn kafnaði í brunni af loptleysi eða eitruðu lopti. 2 menn hröpuðu til bana í Öxnadal í jan., og einn í Drangey í júní. Margir urðu úti í illviðrum um veturinn; þar af 1 nálægt Reykjavík, 2 á Suðurnesjum, 1 á Holtavörðuheiði, 1 á Valafjalli, 1 í Bárðardal, 1 á Hallormstaðahálsi, 1 í Skriðdal, og aptur um haustið í október: 1 í Eskifirði, 1 í Vopnafirði, 1 í Eyjafirði (Lárus bóndi Thorarensen á Hofi). Nokkrir rjeðu sjálfum sjer bana, flestir í Árnessýslu.

Heilsufar fólks var yfir höfuð að tala mjög gott um allt land árið um kring, að því undanskildu, að hettusótt gekk yfir mikinn hluta landsins framan af árinu. Hún kom upp á Austfjörðum haustið 1876, að sögn af útlendu skipi, og var kennt um hirðuleysi yfirvalds að gæta fyrirmælanna um sóttvarnir. Hún breyddist brátt út á báða vegu, suður í Austur-Skaptafellssýslu annars vegar, en norður um land hins vegar. Í byrjun ársins 1877 gekk hún einkum yfir Norðurland; þaðan fluttist hún vestur og suður með ferðamönnum og sjómönnum. Á Suðurlandi gekk hún mest að áliðnum vetri, helzt í sjávarsveitunum, þar sem margt var saman komið af sjómönnum. Þaðan fluttist hún eptir vertíðarlok með sjómönnum austur um sveitir, en var þá í rjenun, og er nokkrir hitar fóru að koma, dó hún smám-

saman út. Hafði hún þá farið því nær hringinn í kring um landið. Eigi hefur frjetzt, að neinn hafi dáið úr þessari sótt einni saman, en þó varð hún allskæð, og tók mjög marga, helzt yngri menn; sumstaðar í sjávarsveitum, þar sem þjettbýlt var, tók hún nálega hvern mann. Flestir, er sótt þessa fengu, lágu nálægt viku rúmfastir, sumir miklu lengur. Eflaust hefur sótt þessi kostað landið svo hundruðum þúsunda króna skiptir með verkfalli manna, og þó að hún eigi væri hættuleg fyrir líf og heilsu manna, gjörði hún þó stórkostlegan atvinnuhnekki víða. Hettusótt hefur eigi gengið hjer fyr en nú síðan sumarið 1834.

Menntir.

Þessi þáttur verður, eins og vant er, fremur fáskrúðugur; því að þótt Íslendingar sjeu taldir allvel menntaðir og vel að sjer, einkum í bóklegum fræðum, þá er þó jafnan í þeim efnum fátt til frásagna. Bókmenntunum miðar eigi mikið áfram árlega í samanburði við það, sem landsmenn þrá eptir. Nú eru þó orðnar á Íslandi 5 prentsmiðjur, þar sem aldrei áður hafa verið nema 3, og lengstum 1 og 2. Af þessum prentsmiðjum eru 2 í Reykjavík, 2 á Akureyri og 1 á Eskifirði. Af þeim 2 prentsmiðjum, er nú voru stofnsettar, er önnur í Reykjavík, og er Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, eigandi og stjórnandi hennar. Hin er prentsmiðjan á Eskifirði, er Páll umboðsmaður Ólafsson hefur útvegað, en bróðir hans, Jón Ólafsson, fyrrum ritstjóri Baldurs og Gönguhrólfs, stýrir; hefur Jón nú enn tekið að sjer ritstjórn á nýju blaði, er Skuld er nefnt. Önnur íslenzk frjettablöð voru nú hin sömu og árið áður, nema að því, að ekkert kom nú út af Útsynningi, og mun hann vera hættur. Í flestum prentsmiðjunum hefur lítið verið prentað annað en frjettablöðin og nokkur tímarit. Auk alþingistíðindanna voru nú sömu tímarit gefin út sem árið áður, og sum þeirra að vanda prentuð í Kaupmannahöfn. Í ársriti þjóðvinafjelagsins, Andvara, voru nú auk búnaðarritgjörðanna, sem fyr er minnzt, ritgjörð um stjórnarlög Íslands, kvæði og hæstarjettardómar. Í Reykjavík var byrjað að gefa út nýtt dómasafn, eða: landsyfirrjettardóma og hæstarjettardóma í íslenzkum

málum, 1. hepti 1875; annaðist yfirrjetturinn sjálfur um útgáfuna.

Aðrar bœkur, er gefnar voru út sjerstakar, voru eigi margar í þetta sinn, og eigi margt um þær að segja. Hjer skulu þó taldar hinar helztu: Kristilegur barnalærdómur eptir lúterskri kenningu, saminn af prestaskólakennara Helga Hálfdánarsyni. Barnalærdóminum er hjer skipt í tvo aðalhluta, þannig að trúarlærdómurinn er sjer, en siðalærdómurinn sjer, og hvorum aðalhluta aptur skipt í nokkra minni kafla. Alls er bókin í 240 greinum. Barnalærdómsbók þessi er að öllu ágætlega samin. Hún er hæfilega löng og efninu svo vel skipt og niðurraðað, sem kostur er á; lærdómsgreinarnar eru ljósar og gagnorðar, ritningargreinarnar heppilega valdar og vandlega þýddar, málið hreint og auðvelt. Að almannarómi tekur þessi barnalærdómsbók talsvert fram hinum eldri barnalærdómsbókum, og þykir sjálfsagt, að hún muni verða tekin í stað þeirra sem kennslubók handa börnum í trúarbrögðum. Safn til sögu Íslands, gefið út af bókmenntafjelaginu. Meginhlutinn af þessu hepti safnsins eru lýsingar á örnefnum í fornum Íslendingasögum, eptir ýmsa fræðimenn íslenzka. Auk örnefnalýsinga þessara er þar ein ritgjörð merkileg eptir Arnljót prest Ólafsson um varnarrit Guðbrands Hólabiskups, er verið hefur einhver mestur skörungur íslenzkra kennimanna síðan um siðabótina, bæði í því að efla upplýsingu og vanda um siðferði manna; en það er hvorttveggja, að hann var strangur maður, enda fær hann hjer strangan dóm. Að öðru leyti er bæði ritgjörð þessi og eins varnarritin sjálf, sem tekin eru með, einkar fróðleg og til mikillar skýringar á sögu landsins á þeirri öld. Nýtt smásögusafn, þýtt á íslenzku og gefið út af doktor Pjetri Pjetursssyni, til ágóða fyrir prestaekknasjóðinn, vel valið og vel úr garði gjört. Smásögur handa unglingum, er Geir Vigfússon hefur safnað, nokkru miður vandaðar. Snót, nokkur kvæði eptir ýmiss skáld, gefin út af Gísla skólakennara Magnússyni og fleirum. Í þessari útgáfu Snótar, sem er hin þriðja, er sleppt mörgum kvæðum og vísum, er voru í annari útgáfu, en aptur tekin upp nokkur ný kvæði. Í kvæðasafni þessu eru mörg hin ágætustu kvæði, er frumkveðin hafa verið á íslenzka tungu, og eru flest þeirra

frá þessari öld. Svanhvít, nokkur útlend skáldmæli í íslenzkum þýðingum eptir þá Steingrím Thorsteinson og Mattías Jochumsson, er báðir eru slíkir snillingar að þýða, sem þeir eru skáld. Kvæðin eru flest eptir hin frægustu skáld, þjóðversk, ensk og norræn, og þessi þýðing þeirra margra hverra er listaverk í sinni röð. Gilsbakkaljóð, fagurt og skáldlegt kvæði, frumkveðið eptir Steingrím Thorsteinson. Söngvar og kvæði, eptir Jón Ólafsson, Alaskafara, ritstjóra Skuldar m. m. Kvæðum þessum skiptir höfundurinn í kafla eptir því, á hvaða stigi æfi hans þau eru kveðin, og hafa mörg þeirra einkennilegan skáldlegan blæ. Söngvar og kvæði með 2 og 3 röddum, gefin út af söngfræðingnum Jónasi Helgasyni. Kvæðin eru ýmist frumkveðin eða þýdd, og flest fögur. Af lögunum er eitt eptir útgefandann sjálfan, en flest eptir fræg útlend tónaskáld, og mörg nafntoguð fyrir fegurðar sakir. Af bæði kvæðunum og lögunum er margt áður þekkt hjer á landi, en sumt nýtt eða ókennt. — Um áramótin var farið að prenta í prentsmiðju Ísafoldar nokkrar nytsamar bækur. Það voru dýrafræði eptir Benidikt Gröndal, steinafræði og jarðarfræði eptir sama, og landafræði eptir Erslev landfræðing, þýdd og aukin að tilhlutun Páls Melsteðs.

Bókmenntafjelagið hefur í þetta skipti fátt látið prenta, eða auk hinna árlegu frjettarita eigi annað en heptið af Safni til sögu Íslands, er fyr var getið. Taka menn nú sífellt fastara og fastara að kalla eptir því, að fjelagið breyti stefnu sinni og taki að gefa út nytsamlegar fræðibækur handa alþýðu. Að því er ráða má af ýmsum blaðagreinum, virðist óánægjan með fjelagið fara sívaxandi; en hjer horfir nokkuð kynlega við, þar sem tala fjelagsmanna einnig fer vaxandi. Í maímánuði voru fjelagsmenn þeir, er tillag greiða, 794 að tölu eða 23 fleiri en árið áður, og 5 fleiri en þá flest hefur verið.

Þess er vert að minnast, að ár frá ári fer faxandi þekking á Íslandi og íslenzkum bókmenntum meðal erlendra þjóða, og eru jafnan á ári hverju skráð nokkur rit þess efnis á útlendum tungum, þó að þeirra sje eigi hjer getið. Mjög sjaldan ber það þó að, að íslenzkar bækur sjeu þýddar á aðrar tungur, þegar fornsögur vorar eru frá taldar. Þess hefur áður verið getið

í Frjettum frá Íslandi, að skáldsagan Piltur og stúlka var þýdd á dönsku af Kristjáni Kålund, er ferðaðist hjer um land í 2 sumur, og nú hefur skráð bók um Ísland (sögulega staðfræði). Nú var gefin út önnur dönsk þýðing af sömu skáldsögu; hana hefur Lefolii stórkaupmaður gjört með tilstyrk Gísla Thorarensens, er síðast var prestur í Stokkseyrarþingum.

Vísindalegar rannsóknir eru eigi almennar á Íslandi í samanburði við það, sem er í öðrum löndum, og þó að þær sjeu gjörðar, eru þær sjaldan birtar. Nú má þó geta þess, að doktor Jón Hjaltalín uppgötvaði í nokkrum hverum hjer á landi bureissýru, sem er mjög fágætt efni, og hefur áður hvergi fundist í Evropu nema í Toskana í Ítalíu, en hefur orðið þar mikil tekjugrein sökum nytsemi hennar til ýmislegs. Skozkur efnafræðingur rannsakaði nú brennisteinsjörðina í Krýsivík; reiknaði hann, að hin bezta brennisteinsjörð þar hefði 93 af hundraði af brennisteini, önnur lakari tegund helming eða 50 af 100, og hin lakasta 20 af 100; er þetta miklu betri tiltala en á Sikiley, þar sem mestir eru brennisteinsnámar í Evropu.

Á vísindaleg söfn verður að minnast, þó fá þar sje einnig fátt til frásagna. Bókasöfnin hafa enn nokkuð aukizt fyrir fjárstyrk þann, er þeim er lagður. Meðal annars keypti stiptsbókasafnið í Reykjavík bókasafn Páls stúdents Pálssonar úr dánarbúi hans, og var það í mörgu merkilegt. Bókasafn latínuskólans jókst í minna lagi. Þar á mót bættust náttúrusögusafni skólans ýmsir munir í flesta lagi. Þar á meðal var mikið steingjörvingasafn, sent frá Cornell University í New York, sömuleiðis steinasafn úr Esjunni (kalk, jaspis, leirsteinar o. fl.), tvö silfurbergsstykki úr Helgastaðafjalli, og fleiri steintegundir, enn fremur nokkrir fuglar, sumir fásjenir, ýmsir ormar, bein úr dýrum o. fl. Benidikt Gröndal, er nú er kennari í náttúrusögu við skólann, hefur byrjað á að búa til myndasafn af íslenzkum dýrum, og ætlar það náttúrusögusafninu. Forngripasafnið hefur enn nokkuð aukizt sem vant er, en eigi svo kunnugt sje, að neinu sjerlega merkilegu.

Nú er að minnast á skólana, og er þá fyrst latínuskólinn eða hinn lærði skóli í Reykjavík, er tekið hefur ýms-

um breytingum við hina nýju skólareglugjörð 12. júlí, er ráðherra Íslands gaf út, og sem að miklu leyti var samkvæm tillögum skólanefndarinnar. Skólanum er nú skipt í 5 bekki, en skólanámstími skal vera 6 ár eins og áður. Þeir, sem í skólann kom, mega aldrei vera yngri en 12 ára og jafnaðarlega eigi eldri en 18 ára. Við inntökupróf í skólann þurfa þeir að sýna, að þeir sjeu læsir og skrifandi, og riti móðurmál sitt stórlýtalaust, geti þýtt á íslenzku úr lesnum köflum í dönsku og latínu, er eigi sjeu minni en 100 blaðsíður í hvoru um sig, og auk þess numið aðalatriði hinnar latínsku málmyndalýsingar, yfirlit yfir alla landafræðina, helztu viðburði í veraldarsögunni og ágrip af Íslandssögu, og sömuleiðis 4 aðalgreinir talnafræðinnar í heilu og brotnu. Setjast mega nýsveinar ofar en í neðsta bekk skólans, ef þeir hafa numið svo mikið sem til þess útheimtist. Kennslugreinirnar í skólanum skulu vera: íslenzka, danska, enska, frakkneska, þýzka, latína, gríska, bókmenntasaga Íslendinga, Dana, Rómverja og Grikkja, stjórnarskipun Grikkja og Rómverja, grísk goðafræði, trúarbrögð og lestur í ritningunni, ásamt ágripi af kirkjusögu, almenn sagnafræði og saga Íslands, landafræði, reikningslist og stærðafræði (rúmmálsfræði, flatamálsfræði og þykkvamálsfræði), eðlisfræði, stjörnufræði, náttúrusaga, söngur, leikfimi, teiknun, skript. Íslenzku, dönsku, frakknesku, latínu og grísku skal kenna í öllum bekkjum, ensku í 4 bekkjum, þýzku að eins í efsta bekk, trúarbrögð og sagnafræði í öllum bekkjum, en flestar hinar fræðigreinirnar að eins í sumum bekkjunum. Við kennsluna skal að mestu hafa prentaðar kennslubækur. Kennslutímar skulu vera 36 stundir á viku. Skólaárið nær frá 15. sept. til 14. júní; leyfi eru sömu sem verið hafa. Árspróf skal halda við lok hvers skólaárs; skal það að eins vera munnlegt í flestum greinum, í dönsku og latínu og í íslenzku í 3 fyrstu bekkjunum bæði munnlegt og skriflegt. Líkt gildir um burtfararpróf. Einkunnir við burtfararpróf skulu tvöfaldast í sagnafræði og grísku; í íslenzkri ritgjörð eru 2 einkunnir, í latínu 3. Latínskum stýl við burtfararpróf er sleppt. Gagnfræðakennslu skal koma á í skólanum svo fljótt sem verða má. Eptir þessari reglugjörð var kennslan innleidd í byrjun skólaársins 1877—78 í tveim neðstu bekkjunum, en síðan skal koma hinu nýja fyrirkomulagi á smátt og

smátt. Hjer er eigi tími til að skýra frekara frá skólareglugjörð þessari, nje heldur frá aðfinningum þeim, er hún hefur orðið fyrir. En það er víst, að mjög margir eru óánœgðir með hana, bæði að því leyti sem hún er gefin út án þingsins vilja og vitundar, og eigi síður með efni hennar og fyrirkomulag, sem sem hún gjörir ráð fyrir. Þykir mörgum jafnvel hjer stigið spor til afturfarar. En hjer horfir eins undarlega við sem með bókmenntafjelagið, sem áður er sagt, að aldrei hefur skólinn verið jafnfjölsóttur sem nú. Í byrjun skólaársins 1876—77 voru skólapiltar 78. Af þeim útskrifuðust 12, og nokkrir fóru úr skóla á annan hátt. Við bœttust aptur 28 nýsveinar, og við byrjun skólaársins 1877—78 voru skólapiltar orðnir 90 að tölu, eða 12 fleiri en árið áður, og 3 fleiri en þá flest hefur áður verið (1868—69). Þeir, sem útskrifuðust, voru: Þórhallur Bjarnarson, Magnús Helgason, Halldór Daníelsson, Jón Finsen, Ólafur Halldórsson, Ólafur Ólafsson, Þórður Thoroddsen, allir með fyrstu einkunn, og Jón Sigurðsson, Jón Þórarinsson, Morten Hansen, Þorsteinn Halldórsson og Jóhann Þorsteinsson, allir með annari einkunn. Auk þeirra tók burtfararpróf einn utanskólasveinn: Björn Bjarnarson, með annari einkunn. — Hin fyrirhugaða breyting á prestaskólanum komst eigi á að þessu sinni. Á skóla þessum voru 8 stúdentar skólaárið 1876—77. Af þeim útskrifuðust 3 um sumarið: Magnús Andrjesson og Skapti Jónsson með fyrstu einkunn og Einar Vigfússon með þriðju einkunn. 4 bœttust aptur við um haustið, svo að veturinn 1877—78 urðu þar 9 stúdentar, 5 í eldri deild og 4 í yngri deild. Próf í forspjallsvísindum við skóla þennan tóku nú 5 stúdentar, 2 með fyrstu og 3 með annari einkunn. — Á læknaskólanum voru 5 stúdentar 1876—77, en 6 veturinn eptir. — Við háskólann í Kaupmannahöfn tók Björn Magnússon (Ólsen) próf í málfrœði og Indriði Einarsson í stjórnfrœði, báðir með fyrstu einkunn; 3 íslenzkir stúdentar tóku þar einnig próf í forspjallsvísindum, 1 með ágætiseinkunn (Guðlaugur Guðmundsson) og 2 með fyrstu einkunn (Jón Jensson og Sigurður Ólafsson).

Af öðrum skólum er að eins að nefna kvennaskóla og barnaskóla, því að á stofnun gagnfrœðaskólans á Möðruvöllum

er áður minnzt, að því leyti sem hún var löggjafarmál. Kvennaskólar eru nú orðnir 3. Elztur þeirra er kvennaskólinn í Reykjavík, undir forstöðu frú Þóru Melsteð, er mest hefur stutt að stofnun og blómgun hans. Á skóla þessum hafa 10—11 stúlkur notið kennslu árlega, því að eigi hefur húsrúmið leyft fleirum að ganga á hann, en nú er í ráði að byggja nýtt hús handa skólanum. Kvennaskóli Eyfirðinga er nú stofnsettur á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði, undir forstöðu ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur. Handa skóla þessum var í Kaupmannahöfn safnað 4000 kr., fyrir forgöngu Eggerts alþingismanns Gunnarssonar. Skólinn komst fyrst algjörlega á haustið 1877, og áttu í fyrsta sinn að njóta tilsagnar í honum 8—10 stúlkur. Þá stofnuðu og Skagfirðingar með frjálsum samskotum kvennaskóla að Ási í Hegranesi undir forstöðu húsfreyjunnar þar, Sigurlaugar Gunnarsdóttur. Þessum skóla veitti landshöfðingi 100 kr. af landsfje, en þingið hafði áður í fjárlögunum fyrir 1878—79 veitt hvorum hinna 400 kr. árlega — Barnaskólar hafa víða verið haldnir. Fremstir þeirra voru barnaskólarnir í Reykjavík og sá á Ísafirði, er alþingi 1875 fór að hlutast til um að stofna, og hefur landshöfðinginn nú samið fyrir hann nákvæma reglugjörð. Þá voru barnaskólar á Akureyri, á Berufirði og í nokkrum öðrum kaupstöðum. Sumstaðar voru og haldnir barnaskólar í sjávarsveitum, einkum á Suðurlandi, svo sem í Garði, Njarðvíkum, á Vatnsleysuströnd, á Seltjarnarnesi og víðar. Voru sumir þeirra komnir í talsverðan blóma, og sóttir af mörgum börnum. Kennslutíminn var víðast frá 1. okt. til 14. maí, en sumstaðar skemmri. Þeir skólar, er lengst eru komnir og eiga sitt eigið skólahús eða jörð, fengu nú með fjárlögunum nokkurn styrk úr landssjóði.

Þess er vert að geta hjer, að Þingeyrakirkja, er um nokkur ár hefur verið í smíðum, var nú fullgjör og var vígð 9. september. Hefur Ásgeir alþingismaður Einarsson á Þingeyrum látið reisa hana, að miklu leyti á eiginn kostnað. Þessi kirkja er hið vandaðasta og veglegasta hús, er nokkur maður hefur látið reisa hjer á landi af eigin efnum. Kirkjan er öll af steini gjör, með ærnum kostnaði, þar sem hleðslugrjót til hennar var hvergi að fá í sveitinni, en varð að sækja það vestur í

Vesturhóp, nær 1½ mílu vegar að. Alls kostaði kirkjan 16000 kr.; þar af átti kirkjan sjálf 6000 kr., en Ásgeir lagði til af eigin fje 10000 kr. Með því að ráðast í stórvirki þetta og koma því fram á þeim tíma, er öllum öðrum óx í augum að reisa hús úr steini, og á þeim stað, er við slíka erfiðleika var að stríða, hefur Ásgeir, jafnframt því að reisa veglegt guðshús, einnig reist sjálfum sjer veglegan minnisvarða, er lengi mun halda uppi nafni hans; enda er það því merkilegra á þessari öld, sem fremur er kennd við gróðabrögð en trúrækni, að einn einstakur maður skyldi verja svo miklu fje til reisingar og prýðis guðshúsi.

Bindindisfjelag það, er hófst í Reykjavík fyrir nokkrum árum, og þaðan breiddist út um land, stóð ekki lengi, og mun nú víðast hvar undir lok liðið. Aptur hafa bindindisfjelög fyrir einstakar sveitir myndazt á nokkrum stöðum. Um eitt slíkt fjelag var getið í fyrra árs frjettum. Að bindindissamtökum þeim, er nú voru gjörð, kveður einkum að þeim, er Magnús prestur Jónsson á Skorrastað hefur komið á, og hefur hann barizt skörulega fyrir því máli. Í hjeraði sínu hefur hann stofnað bindindisfjelag, þar sem svo ríkt er kveðið á, að enginn fjelagsmaður má, hvernig sem á stendur, bragða eða veita nokkurn áfengan drykk, hverju nafni sem heitir eða hvað lítinn vínanda sem hann hefur í sjer fólginn, nema í heilagri kveldmáltíð, eða eptir ráði hjeraðslæknis. Sjerhver fjelagsmaður skal telja menn í bindindi og koma með nýjan fjelaga til hvers höfuðfundar í fjelaginu. Bindindissamtök þessi stefna eigi að eins að algjörðri afneitun öllfanga fyrir hvern einn, heldur jafnframt að alsherjar þjóðbindindi.

Af skemmtunum, leikjum eða hátíðahöldum fóru nú fáar sögur. Þó má geta þess, að sjónarleikir nokkrir voru nú leiknir á Akureyri að áliðnum vetri. Þar á meðal voru «Útilegumennirnir» eptir Mattías Jochumsson, og enn fremur leikrit eptir Holberg. Þótti takast afbragðsvel að leika, og varð hin bezta skemmtun af. Í Reykjavík voru þar á mót engir slíkir leikir hafðir, og var þar lítið um almennar skemmtanir. Í orð hafði komizt, að Reykvíkingar hjeldu nú þúsund ára afmæli Reykjavíkur, með því að nú voru liðin rjett 1000 ár frá því

er Ingólfur Arnarson fyrst setti byggð í Reykjavík; en eigi varð af hátíðarhaldi þessu, og er eigi ólíklegt, að bjargræðisvandræði þau, er þar gengu um þær mundir, hafi dregið úr því, og að því hafi meðfram sakir þess eigi orðið við komið.

Þar á mót veittist Íslendingum nú sú sœmd að taka þátt í háskólahátíð Svía að Uppsölum, er haldin var dagana 5. til 7. sept. til minningar um stofnun háskólans þar, hins elzta háskóla á Norðurlöndum, fyrir 4 öldum síðan (1477). Buðu þeir þangað gestum af ýmsum löndum, og meðal þeirra einnig Íslendingum. Háskólastjórnin ritaði landshöfðingja brjef, og bað hann að annast um, að kosnir yrðu fulltrúar af Íslands hálfu, einn eða fleiri, til að sœkja afmælishátíð háskólans. Í brjefi háskólastjórnarinnar segir svo meðal annars: «Með nœmri tilfinningu fyrir því, hversu mikið þjóðmenntun vor á að þakka hinni íslenzku þjóð, varðveitanda hinna fornu frásagna, lætur Uppsalaháskóli, sem sjálfur er eðlilegur vörður þjóðlegrar menntunar, hjer með í ljósi þá ósk og von, að hann fái að sjá hjá sjer þessa hátíðisdaga, sem eru mjög þýðingarmiklir fyrir háskólann, fulltrúa frá frœndþjóð þeirri, er fyrir fám árum vígði með sóma nýtt þúsund ára skeið í hinni söguríku æfi sinni». Alþingi lagði fúslega fram fje til fararinnar, en ljet landshöfðingja eptir að kjósa mennina. Landshöfðingi kjöri til farar þessarar þá rektor Jón Þorkelsson og prófessor Konráð Gíslason. Konráð gat þó ekki farið, svo að Jón Þorkelsson var á hátíðinni einn af Íslands hálfu. Aðalhátíðardaginn flutti hann ræðu á íslenzku, en með því að fæstir skildu hana, þýddi hann sjálfur orð sín á latínska tungu. Þótti honum vel fara. Svíar veittu erindsreka Íslands alla sœmd, og gáfu honum rúm í röð mestu tignargesta sinna, og voru þeir þó ærið margir. Þar voru fulltrúar frá nálægt 30 háskólum. Voru þar saman komnir margir ágætir vísindamenn og skáld. Þar var og konungur Svía, erkibiskup og margt annað stórmenni. Hátíðin fór fram með miklum veg og viðhöfn, svo sem sómdi hinum fræga háskóla og hinni ágætu sœnsku þjóð. En eigi á það við í þessu riti, að skýra gjör frá hátíðarhaldi þessu.

Nokkrir ágætismenn hinna þriggja frændþjóða vorra, Svía, Norðmanna og Dana, hafa haft í hyggju að stofna framfara-

fjelag til viðreisnar Íslandi og eflingar menntun þess og atvinnuvegum. En meðan eigi er fullsjeð, hversu fer um samtök þessi, skal það látið bíða, að skýra frá þeim nákvæmlega. Hvort fjelag þetta nær festu, er enn óvíst, en viðleitnin ein vottar þann bróðurhug, er vissulega á skilið viðurkenningu af hálfu allra Íslendinga.

Þjóðvinafjelagið hefur í sumum hjeruðum landsins haft lítinn byr, en aptur hafa sum hjeröð sýnt því mikla rausn og sóma, einkum Ísafjarðarsýsla. Undir lok alþingis voru í Reykjavík haldnir aðalfundir fjelagsins, og hjetu alþingismenn fjelaginu fylgi sínu. Þar var ályktað, að leita samskota um allt land til að ljúka við þjóðhátíðarskuldina eða kostnað þann, er reis af hátíðarhaldinu á Þingvöllum 1874, og nokkuð var enn ólokið af; og í annan stað var ályktað, að bjóða mönnum að ganga í fjelagið með 2 kr. tillagi á ári gegn því að fá allar ársbækur fjelagsins, er nema skyldu rúmlega því verði. Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn var endurkosinn forseti fjelagsins, en hann kvaddi til varaforseta alþingismann Tryggva Gunnarson. Í forstöðunefnd fjelagsins voru kosnir: Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, Jón Jónsson landritari og Þorlákur Johnsen verzlunarmaður.

Mannalát.

Af merkismönnum þeim íslenzkum, er ljetust á árinu, skulu hjer taldir nokkrir hinir þjóðkunnustu. Fyrstan má telja Pjetur Guðjohnsen, eigi fullra 65 ára að aldri (f. $^{29}/_{11}$ 1812). Svo sem kunnugt er, var hann lengi söngkennari við latínuskólann og organleikari við dómkirkjuna í Reykjavík, en auk þess gegndi hann skrifarastörfum hjá stiptamtmönnum og landshöfðingja. Hann hafði og mörgum öðrum störfum að gegna, og meðal annars átti hann um tíma setu á alþingi, og var eitt sinn settur sýslumaður. Hann var atorkumaður hinn mesti og afburðamaður um marga hluti, en einkum er hann ágætur orðinn af útbreiðslu sönglistarinnar hjer á landi, er hann hóf hjer fyrstur manna, að kalla mátti, og efldi með stakri alúð á margan hátt. Sjálfur var hann ágætur söngfræðingur og einnig gott

tónaskáld, þó að hann í þeirri grein ljeti lítið á sjer bera. — Annar maður nafntogaður var Gísli Konráðsson, er andaðist 2. febr., 89 ára gamall (f. 18/8 1787). Hann var maður skáldmæltur og sjerlega vel að sjer í fornum fræðum og mörgum köflum í sögu landsins. Hann var jafnframt iðjumaður frábær, og hefur ritað feykilega mikið af sagnaritum og annálum; er margt af því einkar fróðlegt og merkilegt, en fæst af því hefur verið prentað til þessa. — Um sama leyti dó Þorleifur Þorleifsson í Bjarnarhöfn, á áttræðisaldri. Hann var í mörgu merkur maður, en einkum nafnkenndur fyrir lækningar sínar, er honum heppnuðust optast afbragðsvel, þó að eigi væri hann lærður í þeirri grein, enda var hann mjög aðsóttur af mörgum vestanlands. — Þá ljezt og Jón Jónsson, prestur að Barði í Fljótum, gáfumaður, skáld og mikill lærdómsmaður. Hann drukknaði í ós úr Hópsvatni 15. marz, og var þá 57 ára að aldri. — Enn var Páll Pálsson, stúdent, er lengi var skrifari hjá Bjarna amtmanni Thorsteinson, og síðan aðstoðarmaður hans og vinur. Hann var fróðleiksmaður mikill í mörgu, en einkum nákunnugur bókmenntasögu landsins. Hann dó 20. marz, rúmlega sjötugur. — Litlu síðar, eða 25. marz, dó Brynjólfur Jóhansson, lyfjafræðingur í Reykjavík, maður mjög vel að sjer í sinni mennt og einkar ástsæll. Hann var rúmlega fertugur, er hann ljezt. — Þá dó enn fremur í Reykjavík 27. des. Egill Jónsson, bókbindari og bóksali, um sextugt. Hann var mjög lipur maður, og kunnugur maður af bókaverzlun sinni, er hann stundaði með miklum dugnaði; hann gaf sig einnig við útgáfu íslenzkra bóka, og hafði um sína daga gefið út ýmsar nýtilegar bækur. — 13. nóv. andaðist Björn Stefánsson, prestur að Sandfelli í Öræfum, rúmlega þrítugur, hinn mesti dugnaðar- og röskleikamaður. — 23. des. dó alþingismaður Strandasýslu, Torfi Einarsson á Kleifum, hálfsjötugur að aldri, vitsmunamaður og þrekmaður, mestur höfðingi í hjeraði sínu, og talsverður atkvæðamaður á þingi. — Þá dóu og kaupmenn nokkrir. Meðal þeirra var Hákon Bjarnason frá Bíldudal, sá er úti varð á Mýrdalssandi 2. apríl, er hann var nýkominn af skipreika. Hann var um fimmtugt, er hann ljezt, og þótti hafa verið mikill dugnaðarmaður. — Annar var Ás-

geir Ásgeirsson, kaupmaður á Ísafirði. Hann varð bráðkvaddur í Kaupmannahöfn 2. nóv. nálægt sextugu. Hann var talinn auðugastur innlendra kaupmanna, og hafði grætt allt fje sitt sjálfur. Hann var orðlagður ráðdeildar- og þrekmaður, merkur höfðingi í mörgu og þjóðvinur; hann var um tíma varaþingmaður Ísfirðinga. — 25. júní varð Tómas Thomsen, kaupmaður á Blönduós, ungur maður og efnilegur, bráðkvaddur. — 24. apríl dó í Reykjavík verzlunarstjóri Kristján Zimsen, 68 ára; hann var danskur að kyni, merkur maður og vel látinn. — Meðal merkiskvenna, er ljetust á árinu, voru Berljót Guttormsdóttir (Pálssonar prófasts í Vallanesi), kona Sigurðar prófasts Gunnarssonar á Hallormsstað; hún dó 2. okt., 68 ára. Þórunn Ásgrímsdóttir (Vigfússonar prests í Breiðuvíkurþingum), ekkja Gríms prófasts Pálssonar á Helgafelli; hún dó 4. okt., 76 ára. Þorbjörg Jónsdóttir Konráðssonar, ekkja Benidikts prófasts Vigfússonar á Hólum í Hjaltadal; hún dó í ágúst, hnigin á efra aldur.

Frá Íslendingum í Vesturheimi.

Mannflutningar frá Íslandi til Vesturheims urðu í minna lagi árið 1877. Svo er sagt, að úr Múlasýslum hafi farið 50 til 60 manna til Nýja Íslands, en eigi er getið um aðra mannflokka. Auk þessa flokks fóru og nokkrir menn einstakir.

Í Nýja-Íslandi er nú kominn á regluleg nýlenduskipun. Landnámið allt nefnist Vatnsþing. Því er skipt í 4 byggðarlög, Víðirnesbyggð, Árnesbyggð, Fljótsbyggð og Mikleyjarbyggð. Nýlendumenn hafa nú gjört samþykktir um stjórnarfyrirkomulag landsins eða stjórnarskrá, sem bæði er frjálsleg og óbrotin. Eptir henni skulu íbúar hverrar byggðar árlega kjósa 5 menn í nefnd til að hafa á hendi öll þau mál, er varða byggðina. Hver nefnd kýs sjer formann, er nefnist byggðarstjóri. Kosningarrjett og kjörgengi hafa allir þeir, sem eiga fast heimili í nýlendunni, eru 21 árs að aldri og hafa óskert mannorð. Almennir byggðafundir skulu vera í hverjum marzmánuði, og auk þess svo opt sem byggðarnefnd þurfa þykir. Byggðarnefndir annast

um vegabœtur, fátœkramál, dánarbú, uppboð o. fl. Byggðastjórar kveðja til funda og stjórna þeim, halda reikninga o. fl. Allir byggðarnefndamenn skulu á sameiginlegum fundi kjósa einn mann, er nefnist þingráðsstjóri, og er hann kosinn til eins árs í senn, skal hann ásamt hinum 4 byggðastjórum mynda ráð, er nefnist þingráð; það skal eiga einn aðalfund árlega. Þingráðsstjóri skal kveðja til þingráðsfunda og stjórna þeim, hafa á hendi alla reikninga, er allt þingið varðar og tilkynna byggðastjórum þau mál, sem nauðsyn er að rœða á byggðafundum. Hann skal vera milliliður millum yfirstjórnarinnar og byggðastjóranna, flytja mál við stjórnina og birta skipanir hennar. Þingráðið sker úr þrœtum manna í þeim málum, er byggðirnar varðar, ella sje málið lagt í gjörð. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum mála á fundum. Sáttamenn í einkamálum skulu árlega kosnir í hverri byggð. Lögum þessum má breyta á almennum þingráðsfundi. Þingráðsstjóri var kosinn Sigtryggur Jónsson, en byggðastjórar: Björn Jónsson í Víðirnesbyggð, Bjarni Bjarnason í Árnesbyggð, Jóhann Briem í Fljótsbyggð og Jón Bergsveinsson í Miklueyjarbyggð.

Þá komu og nýlendumenn skipun á kirkjumál sín. Eptir ósk þeirra sömdu þeir Jón Bjarnason og kandidat Halldór Briem frumvarp til kirkjufjelagslaga fyrir nýlenduna. Kirkjufjelagið er lúterskt, en ritningin ein áreiðanleg regla fyrir trú manna, kenningu og lífi. Kirkjufjelagsstjórnin er í höndum formanns, skrifara og fjehirðis, en kirkjusiðirnir hinir sömu eða líkir því, sem tíðkazt hefur á Íslandi. Nýlendumenn fjellust á frumvárp þetta; en nú var eptir að fá prest; höfðu þeir nú verið prestþjónustulausir frá því að Páll prestur Þorlákssson var á ferð hjá þeim sumarið áður. Þeir áttu kost á að fá hann fyrir prest, en hann var bundinn kirkjufjelagi nokkru norsku, er þeir eigi gátu þýðst. Þar á móti óskuðu þeir að fá fyrir prest Jón Bjarnason, er var ritstjóri blaðsins «Budstikken» suður í Bandaríkjum. Í júlímínuði tókst hann ferð á hendur norður til nýlendunnar, skírði þar börn, gipti hjón og flutti rœður fyrir mönnum. Varð fólkið honum alls hugar fegið, og ljet í ljósi innilega löngun eptir því, að hann yrði þar prestur. Honum leizt vel á nýlenduna og gazt vel að fólkinu, en eigi gat

hann að svo stöddu fullráðið, hvort hann gæti orðið við ósk fólksins, með því að hann var bundinn við ritstjórn blaðsins. Síðan tók hann þó það ráð, að yfirgefa hin arðsömu ritstjórnarstörf sín, og flytja til hinna fátæku nýlendumanna, er sem vita mátti eigi gátu boðið honum eins arðsama stöðu. Í okt. fluttist hann norður til þeirra alfari.

Í nýlendunni var ennfremur stofnað prentfjelag; það var myndað með hlutabrjefum, bæði frá nýlendumönnum og öðrum Íslendingum í Ameríku. Prentsmiðja var keypt suður í Bandaríkjum. Um haustið var byrjað að gefa út blað, er á að stuðla til þess að efla framfarir nýlendubúa og halda við þjóðerni þeirra, það nefnist Framfari.

Atvinnuvegir nýlendumanna og verklegar framfarir gengu yfir höfuð greiðlega. Það gjörði þó töluverðan hnekki, að haustið 1876 hafði komið þar upp bólusótt, að sögn af því, að einn vesturfara hafði keypt fatnað af bóluveikum manni. Í sótt þessari sýktust margir, og nálægt 100 dóu úr henni einkum ungir menn og börn. Meðan sýkin geysaði, setti stjórnin hervörð kringum nýlenduna, til að varna útbreiðslu sýkinnar. Bólunni ljetti af aptur um veturinn, en eigi var vörðurinn upptekinn fyr en kom fram á sumar; hnekkti hann sem von var mjög samgöngum, verzlun og öðrum atvinnuvegum. En er hann var farinn, rýmkaði til fyrir nýlendubúum, og tóku þeir þá til starfa með miklum áhuga. Sumir fóru þá suður til Manitoba að leyta sjer atvinnu, karlmenn við járnbrautarvinnu, en kvennfólk við hússtörf. Vinnulaun við járnbrautirnar voru 12 dollarar um vikuna, að fæði undanteknu, en það kostaði 4 dollara um vikuna. Heima í nýlendunni sjálfri var og tekið til jarðyrkju og fiskiveiða. Tíðarfarið var lengstum gott. Um veturinn hafði verið kalt og staðviðrasamt, en vorið var hlýtt og votviðrasamt, og gengu um tíma miklar rigningar; um sumarið var yfir höfuð hagstæð veðurátt. Sáð var um vorið byggi og höfrum, hveiti, kartöflum, káltegundum o. fl.; varð uppskeran góð á flestu, og sumu ágæt, einkum á kartöflum. Káltegundir skemmdust aptur nokkuð af kálflugum. Undir eins og vatn leysti upp um vorið, tók að fiskast, og var framan af mokfiski. En er meiri hitar komu og vatnið varð volgt með landi fram,

leitaði fiskurinn í djúpið, og rjenaði þá aflinn um tíma; þó fiskaðist nokkuð allt sumarið, einkum er á leið, því að þegar tók að kólna í veðri, leitaði fiskurinn aptur að löndum. Þó að bjargræðisvegir nýlendumanna gengju þannig vel, voru þeir þó margir í miklum skuldum. Stjórnin hafði lánað þeim stórmikið fje til að búa um sig; þeir sem komið höfðu árið 1876 urðu margir að lifa á láni um vetrartímann, og sömuleiðis þurftu þeir lán til að kaupa fyrir fjenað, útsæði og akuryrkjutól; en lánað er með vægum skilyrðum og frestur langur, svo að vonandi er, að það geti orðið endurborgað þegar krafizt verður. Aðbúnaður allur var í fyrstu mjög ófullkominn, og húsakynnin eigi góð; voru fyrst hreysi hlaðin úr bjálkum í flýti, en smámsaman gátu nýlendumenn farið að koma upp betri húsakynnum. Vegur var nú lagður yfir nýlenduna sunnan frá Manitobalandamærum og allt norður þangað er heitir Huldúnes. Sá vegur er 45 mílur enskar. Landið allt var mælt haustið 1876. Við mynnið á Íslendingafljóti, er kemur í vatnið Winnepeg, var mælt út bæjarstæði; var ráðgjört að reisa þar verzlunarbúðir, og þótti líklegt að þar mundi rísa borg er fram liðu stundir. Sá bær skal heita Sandvík. Annað bæjarstæði var mælt út ofar með fljótinu, og skal þar heita Lundur.

Í septembermánuði áttu nýlendumenn góðum gesti að fagna. Það var Dufferin lávarður, landstjóri Bretadrottningar í Kanada. Hann hafði ferðazt um Ísland fyrir rúmum 20 árum og þóttist nú hitta gamla kunningja, þar sem nýlendumenn voru. Þeir fögnuðu honum vel og báðu með mestu virktum velkominn þennan vin gamla Íslands. Hann skoðaði ýms hús og heimili í nýlendunni, og leizt vel á; þótti honum furðanlega hafa tekizt að koma svo góðu lagi á margt hvað á jafnskömmum tíma. Íslendingar fluttu honum ávarp, þar sem þeir minntust þrauta þeirra, er fyrir þá höfðu komið hin fyrstu ár, þökkuðu aðstoð stjórnarinnar, og lýstu ánægju sinni með landið. Lávarðurinn svaraði með snjallri ræðu. Hann minntist með sæmd á þeirra gamla, frœga föðurland, hvatti þá til dáðar og dugnaðar í hinu nýja landi þeirra, og spáði þeim farsælli framtíð.

Ritað í febrúar og marz 1878.

Um eldgosið við Heklu 27. febr. 1878.

Eptir Tómas Hallgrímsson.

Það eru nú tæp 33 ár, síðan eldur var seinast uppi í Heklu, og er flestum kunnugt, að þetta alræmda eldfjall liggur upp af Rangárvöllum sunnan og vestan til á Íslandi, nær 7 mílur frá sjó; vestlæg lengd frá Kaupmannahöfn er 32 mælistig og 16 mínútur, en norðlæg breidd 63 mælistig og 59 mínútur; situr hún sem keila ofan á fjallgarði einum, sem er 3 mílur á lengd og gengur frá suðvestri til norðausturs; hæð hennar yfir sjávarmál er tæp 5000 fet.

Ekki verður með vissu sagt, hve opt Hekla hafi gosið, síðan land byggðist, en líklegast þykir, að þetta gos, sem hjer ræðir um, sje hið 19.; og Heklugos má það heita, þar sem það er rjett við Heklu og eflaust frá hinni sömu eldæð og fyrir farandi gos hennar.

Heklugos þetta hófst þann 27. febrúarm. 1878 með allmiklum jarðskjálftum, sem gengu yfir allan suðvesturhluta landsins; þeir stóðu frá kl. 4 e. m. þangað til kl. 5 næsta morgun, og voru næst eldstöðvunum með litlu millibili og víða svo ákafir, að gömul og óvönduð hús skekktust meira eða minna, en ekkert tjón varð á fólki eða peningi; margir flúðu hús sín og ljetu út fjenað, meðan á þeim stóð; mestir urðu jarðskjálftarnir á Landi, Rangárvöllum, í Hreppum, Fljótshlíð og Vestmannaeyjum, en ekki á öllum stöðum á sama tíma. Eldbjarma sló fyrst upp á loptið milli klukkan 8 og 9 um kvöldið, en fór vaxandi eptir sem leið á vökuna, og sást eldurinn víða úr fjarlægum sveitum, jafnvel úr Reykjavík, og varð mönnum þá ljóst,

hvernig á jarðskjálftunum hafði staðið. Hvorki heyrðust dunur eða dynkir, eins og þó er all títt við Heklugos.

Næstu dagana sást reykur mikill standa í lopt upp í norðaustri bak við Heklu og hinn 28. febrúarmán. varð allmikið öskufall yfir Hreppa og Biskupstungur. Lengi voru menn í efa um, hvar eldur þessi væri, sumir hugðu hann vera í Skaptárjökli eða Torfajökli, þangað til allar líkur fóru að verða til þess, að hann ekki gæti verið langt frá Heklu í landnorður. Stundum sáust 2 eldar í einu með nokkru millibili.

17. marzmán. fór síra Hannes Stephensen á Barkarstöðum fyrstur allra að kanna eldsupptökin, og hefur hann í Ísafold nákvæmlega lýst aðalgígnum og hrauninu umhverfis, eins og það var þá, en vegna þoku gat hann ekki sjeð Heklu, og segir því fjarlægð gígsins frá henni meiri, en hún er; þá var heldur eigi veður eða dagur til að fara allt í kringum hraunið, svo hann fjekk ekki vitneskju um útbreiðslu þess í norður og austur.

27. marzmán., rjettum mánuði eptir að eldgosið hófst, lögðum vjer nokkrir í hóp upp frá Galtalæk á Landi inn að eldstöðvunum, veður var gott til rannsóknar, bjart og fagurt allan dag til kvölds, en þá tók að hvessa á norðan með miklu frosti, svo vjer ærðdum ekki að dvelja þar um nóttina, en rjeðum af að halda aptur til byggða um kvöldið.

Vjer riðum þá sem áður er sagt frá Galtalæk kl. 4 um morguninn upp með Rangá ytri að vestanverðu, og er vjer komum að Rangárbotnum, beint í austur af norðurenda Bárfells, hjeldum vjer í austur meðfram norðurblíð Sauðafells, og höfðum Sölfahraun á vinstri hönd; þegar vjer komum austur fyrir Sauðafell, sáum vjer reykjarstrókinn í suðaustri, og tókum vjer nú stefnu þangað; en reykinn bar yfir gíg einn gamlan, að nafni Rauðaskál, sem eptir ætlun manna brann 1554, en hann liggur í fjallgarði þeim hinum vestasta, sem gengur út frá Heklu til norðausturs, og sem að nokkru leyti myndar vesturbrún hins eiginlega Hekluhálendis; hingað til höfðum vjer riðið á sljettlendi og stöðugt átt nokkuð í fangið, en nú varð fyrir oss afarhá og brött brekka, sem veit móti útnorðri, en hana urðum vjer

upp að fara, til þess að komast upp á fjallgarðinn, og tókst það að lokum, þó örðugt væri uppgöngu, því fannir voru harðar og illa stætt fyrir menn og hesta, en er upp var komið og vjer höfðum riðið litla stund, sáum vjer fyrir oss dæld eina, austan og sunnan við þennan fjallgarð; dæld þessi er grunn og nær í suðvestur að landnorðurrótum Heklu, að austan suðaustan takmarkast hún af svo nefndum Rauðfossafjöllum, sem mynda austurbrún Hekluhálendisins, en milli suðurenda þeirra og Heklu er hið svokallaða Selsundsskarð; norður af Rauðfossafjöllum takmarkast dældin að austan af lágum hálsum, sem ganga allt að Valahnjúkum austanverðum, en þeir mynda norðurtakmörkin. Dæld þessi er nær því $1^2/_3$ mílu á lengd frá suðri til norðurs og nær því $^1/_2$ míla að breidd, og er á allar hliðar innilokuð af áðurnefndum fjöllum og hálsum, nema til vesturs milli Valahnjúka að norðan og norðurenda fjallgarðsins, sem vjer fórum yfir að sunnan; þar er hún opin og hallar landinu þaðan vestur að Rangárbotnum og niður í Sölvahraun. Norðvestanundir Rauðfossafjöllum, sem takmarka eins og áður er sagt dældina að suðaustan, og að nokkru leyti áfastur við þau stendur svokallaður Krakatindur, hátt og bratt fjall, en lítið um sig, og er hann tæpa mílu í austur landnorður frá Heklu, og lá þetta fjall andspænis oss, er vjer komum að norðvestan yfir fjallgarðinn; rjett norðan undir Krakatindi austan til í lægðinni sáum vjer eldgíginn, sem nú brann í og þar sem aðalupptök eldgossins 27. febrúarmán. hafa verið, og er hann í nýmyndaðri sandöldu, nær hundrað feta yfir hraunið og ganga tögl úr öldinni til útsuðurs og landnorðurs. Afarhár reykjar- og gufustrókur stóð upp úr suðausturhlið öldunnar, og gátum vjer því ekki sjeð gígopið þar sem vjer nú stóðum vestur frá; en frá þeim stað höfðum vjer bezta útsýni yfir allan dalinn og hið nýrunna hraun; þó villti nokkuð sjónir fyrir okkur gagnsæ gufa eða tíbrá, er ljek yfir heitu hrauninu og gjörði landið hinu megin ógreinilegt, því allt var sem í iðandi þoku og hyllingum. Vjer sáum nú, að hraun hafði að miklu leyti runnið um allan dalinn báðumegin við gíginn, og gekk það nær $^1/_3$ mílu í suðvestur frá honum, í stefnu austan til við Heklu og var þessi hluti mest kólnaður, því gufustrókar voru þar fáir í samanburði við

norður frá, þar sem sjá mátti strók við strók; í þessum suðurhluta hraunsins sáum vjer 2 eða 3 gígi smáa og útbrunna, og hefur hraunið í kringum þá komið úr þeim, því þegar síra Hannes rannsakaði eldstöðvarnar, fór hann gegnum sund milli tveggja hrauna nýrra austur til Krakatinds, en nú höfðu þessi hraun sameinast, svo vjer urðum að fara suður fyrir allt hraunið til að ná Krakatindi. Meginhraunið hefur runnið í norður og norðaustur frá stóra gígnum og öðrum gígum, sem síðar skal getið, og sáum vjer að það var komið fast norður að Valahnjúkum; hefur það því næstum sömu lengd og dældin, en er breiðast norður frá, þar sem það leitar vestur eptir sunnan við Valahnjúka.

Eptir sögn fylgdarmanna okkar, var áður gamalt hraun fyrir í dæld þessari endilangri, og hefur nú hið nýja hraun breiðzt út yfir það; ekki mundu þeir eptir neinum gígum eða hæðum í því áður, en nú má sjá að minnsta kosti 14 gígi, sem liggja austan til í dældinni með litlu millibili og í beinni línu frá vestri suðvestri til austurs norðausturs, og sker línan þessi framlengd í suðvestur nær því miðbik Heklu; fjarlægðin milli endagíganna er nær 6000 feta, og frá endagígnum nyrzta, sem er næstur að stærð þeim við Krakatind, gengur til austurs norðausturs breið sprunga í jökulkinn einni, og stóð upp úr henni gufa mikil og hraun hafði úr henni runnið.

Það sem hjer hefur verið sagt um takmörk hraunsins að norðan og austan og um tölu og legu nyrðri gíganna hef jeg eptir skýrslu herra verzlunarmanns P. Nielsens á Eyrarbakka, sem kom á eldstöðvarnar nokkru seinna en vjer og fór norðanum hraunið milli Valafjalls og Valahnjúka og svo með hrauninu að austan suður að Krakatindi.

Er vjer komum austur á Krakatind sáum vjer ofan í aðalgíginn í 800 álna fjarlægð og var opið skáhallt austan á móti næstum ferhyrnt og barmarnir þverhníptir; úr neðra horni opsins sáum vjer, þó glaða sólskin væri, glóanda hraunlæk renna til suðurs og beygja vestur fyrir öldutaglið og hvarf hann oss síðan sjónum inn í háa hraunið, en upp úr honum lagði gufu mikla. Í gígnum heyrðist hvinur mikill og brak, nokkuð líkt brimhljóði, og glóandi hraunleðju sáum vjer aptur og aptur

hefja sig eins og brimboða og skella í börmunum, en nokkuð af henni spýttist um leið hátt í lopt upp, og fjell aptur niður sortnandi við kuldann, eða hún skall í kringum gígopið sindrandi og sprakk þá með slettum þegar niður kom. Þannig hefur niðurfallandi vikur og hraunsandur smátt og smátt myndað sjálfa gígölduna, sem er svört að lit og mjög laus í sjer nema innst kringum gíghólkinn, sem að innan er eins og fóðraður harðnandi hrauni. Aldan var að vestanverðu með gulhvítum blettum líklega af brennisteini, og rauk upp úr þeim hvít gufa. Gosin sjálf orsakast af gufuspenningi neðan að, sem hefur hraunleðjustöpulinn í gígnum upp í bólu, sem um leið og hún springur spýtir leðjunni í lopt upp.

Suðaustan til undir norðvestururhlíð Rauðfossafjalla hefur dalurinn verið dýpstur, og er hraunið þar því þykkast og hefur víða eins og grafið sig inn undir jökulfannirnar, sem hjer eru. Hæð hraunsins er mjög misjöfn, frá 10 til 100 feta, hæst er það norður og austur frá, litur þess er mjög dökkur, næstum svartur, eins og á gömlu Heklu-hraununum; sumstaðar er það líkt vikri, ljett og holótt, sumstaðar þjettara og þyngra.

Eins og áður er á minnzt, stóðu víða upp úr hrauninu gufustrókar með vatnsgufulit, en sumir voru meira blálitaðir af efnum þeim, sem gufunni fylgdu. Víða mátti í hrauninu sjá hvíta bletti, sem af nýföllnum snjó, og orsökuðust þeir af smágjörvum kristöllum, sem við efnafræðislega rannsókn reyndust að vera úr sjávar-salti (Chlornatrium) en ekki úr salmíaki (Chlorammonium), sem þó er alltítt að finnist við eldgos, saltið hafði einkum sezt á vikursandinn, sem víða hafði fallið og fokið yfir hraunið í öldur; aðra bletti mátti og sjá gula eða gulgræna sem dý væru í hrauninu, fram komna við samband ýmsra málma við Chlor og brennistein; þessi efni gufa upp við hitann að neðan, en þjettast aptur við kuldann og setjast á steinana og sandinn. Enga sjerlega lykt var að finna af brennisteinsvatnsefni, en þar á móti var þar einhver bruna- eða sviðalykt, og út úr hraunholunum lagði ósýnilegar súrar lopttegundir, sem höfðu þurkandi og særandi áhrif á brjóstið, er lötið var yfir þær.

En vjer riðum norður með hrauninu að vestanverðu, kom-

um vjer að einu hraunnefi, sem enn þá var rauðglóandi og seig hægt áfram, heyrðist mikið brak og brestir í því, er hin kólnandi skán á yfirborðinu var að smáspringa og brotna við hreifingu hraunsins, er rann undir og á eptir; þar var víða ekki komandi nær því en 3 til 4 álnir fyrir hita sakir; en þar sem það var kaldara, gátum vjer brennimerkt svipur vorar og stafi, með því að halda þeim inn að glóandi hraunholum, en hættulegt var að nálgast um of, þarsem hraunið var hátt, því stundum fjellu stórar, heitar hellur fram yfir hraunbrúnina.

Við ösku og vikur urðum vjer lítið varir, nema rjett í kringum hraunið, og óhætt má fullyrða, að eldurinn hefur engan skaða gjört á landinu umhverfis. Fyrir austan Hellskvísl, sem rennur í norður rjett fyrir austan hraunsvæðið, hefur lítil sem engin aska fallið, og hefur því afrjettur Landmanna engan skaða beðið, nema að því leyti, að vanavegurinn inn á hann er nú lokaður af hrauninu, en lítið örðugra verður að reka fjeð inn dalinn milli Valafjalls og Valahnjúka, eða þá að fara hina nokkuð lengri leið norður fyrir öll Valafjöll, ef menn ekki annars vilja ryðja veg yfir sjálft nýja hraunið.

Engar skaðlegar verkanir hefur gosið enn haft á heilsu manna eða penings, en kennt hafa menn því og ísnum við Norðurland þurka þá og regnleysi, sem haldist hafa í vor.

Úr byggð mátti á nóttum sjá, sem logi stæði í lopt upp yfir eldsvæðinu, en því er ekki svo varið, heldur er það að eins glampi frá eldsglóðinni í gígunum og hrauninu, sem slær á gufu- og reykjarstólpann og ský þau, sem þar af verða; þess skal og getið, að mikið rafurmagn myndast við eldgosin í gufuskýjunum, en þar af koma eldingar yfir eldsvæðinu, sem á næturþeli auka glampann.

Þó gosið væri nokkuð í rjenun, þá er vjer komum þar, þá bar þó reykinn úr aðalgígnum stundum hátt yfir Heklutopp og myndaði þar ský; hann sveigði lítt undan stinningskalda og líktist mest geysi-miklu trje með himingnæfandi greinum, og má nærri geta, hve fögur sjón það muni vera, að sjá það á næturþeli eins og standa í einum loga.

Herra P. Nielsen á Eyrarbakka hefur aptur á Hvítasunn-

unni þann 9. júní verið á eldsvæðinu og skrifar mjer, að hraunið ekkert hafi útbreiðzt síðan snemma í aprílm., nokkur aska og vikur hefur fallið síðan rjett í kring við smágosin í apríl og maí, reykir standa enn þá víða upp úr hrauninu, en eru miklu minni en áður, og úr gígunum rýkur all mikil gufa. Herra Nielsen vogaði sjer og yfir hraunið, sem enn þá eigi var fullkólnað, inn að nyrztu gígunum og fjekk mælt stærð þeirra. Stærsti gígurinn er 100 feta víður og 90 feta djúpur, hinir nokkru minni; uppúr smáopum í botni þeirra streymir gufa.

Eldfjöll liggja alstaðar á hnettinum nálægt höfum eða stórum stöðuvötnum, og þykir það benda á, að sjór eða vatn muni hafa einhverja verkun á eldgosin. Engin vissa er enn fengin fyrir því, hver sje hin eiginlega orsök eldgosa, en líklegast þykir það nú, að upptök þeirra eða eldstó sje í jarðskorpunni, ekki mjög langt frá yfirborðinu, og verði ætíð eldgos við það, að sjór eða vatn nái gegnum undirgöng inn til eldstóarinnar og verði þar við hita að gufu, sem með þrýstingi sínum rjúfi op á yfirborð jarðarinnar, og spýti því, sem yfir gufustólpanum er, í lopt upp; að því leyti er þá þrýstingur afarheitrar gufu aðal-orsök eldgosa; en því næst verður spurt: hvaða uppruna hefur þessi hiti, sem þannig breytir innstreymandi vatni í gufu? um það eru ýmsar meiningar, en engin vissa. Flestir eru á þeirri meiningu, að eldur myndist á sjálfum staðnum í jarðskorpunni við ákafar efnablandanir og breytingar, en það er kunnugt, að við þær myndast ætíð hiti, og það vita menn, að þær eiga sjer einkum stað í vissum lögum jarðskorpunnar, þar sem mikið er fyrir af ósýrðum málmum og jarðefnum, og sem, um leið og þau sýrast af súrefni aðstreymandi vatns, fram leiða þennan ákafa hita eða eld.

Önnur skoðun er sú, sem kalla má hina gömlu, og sem nú þykir ólíkleg, það er: að öll miðja jarðarinnar sje glóandi, og að út frá þessum glóandi kjarna gangi eldæðar eins og reykháfar að yfirborðinu, að þær opnist við eldgosin og sjeu því gígarnir ekki annað en eins konar öryggissmugur (Ventiler) fyrir hinn innri hita og eld, sem ella mundi sprengja jarðarhnöttinn í sundur. En á móti þessari skoð-

un mælir það auk annars, að jarðhitinn ekki fer jafnt vaxandi inn á við, sem hlyti að vera, ef svo væri, til dæmis eins og hitinn eykst, því nær sem dregur loganum; þar á móti fer hitinn vaxandi til vissrar dýptar, en eykst úr því ekki að sama skapi og innar dregur, og er þetta einmitt sönnun fyrir hinni skoðuninni, sem lætur jarðhitann orsakast af efnabreytingum í sjálfri jarðskorpunni. Það þykir og líklegt að hiti sá, er hèr ræðir um, geti myndast við jarðföll (Sænkninger) af núningi þeim og þrýstingi, sem þau gjöra til hliðanna og niður fyrir sig; en þá verður opt jarðskjálfti, sem tíðast er fyrirrennari eldgosa; gosið sjálft getur og orsakað jarðskjálfta, þegar það er að byrja, en ekki er það ætíð að það fylgist að; seinasta Heklugosi 1845 fylgdi enginn jarðskjálfti.

Ritað í júnímánuði 1878.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1878

EPTIR

VALDIMAR BRIEM,

PREST AÐ HREPPHÓLUM.



Reykjavík.

Gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafjelagi.

1879.

Í PRENTSMIÐJU EINARS ÞÓRÐARSONAR.

YFIRLIT EFNISINS.

LANDSTJÓRN . . . . . 1.—12. bls.
ATVINNUVEGIR . . . . . 12.—23. —
MENNTIR . . . . . 23.—34. —
MANNALÁT . . . . . 34.—36. —
FRÁ ÍSLENDINGUM Í VESTURHEIMI . 36.—39. —

Landstjórn.

Það er hvorttveggja, að á árinu 1878 hefur fátt sögulegt gjörzt í stjórnmálum Íslands, enda er rúmið í riti þessu svo takmarkað, að fljótt verður yfir að fara, og verður því að eins með nokkrum orðum minnzt á nokkur einstök atriði.

Frumvörp þau, er alþingi 1877 afgreiddi sem lög, og sem talin eru upp í fyrra árs frjettum, öðluðust flest samþykki konungs það sama ár. Nokkur þeirra öðluðust aptur fyrst lagagildi árið 1878, og voru það þau, er hjer segir:

1. Lög um kirkjutíund í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi (10 aurar af hverjum 100 krónum í virðingarverði húsa); samþ. 27. febr.;
2. Lög um afnám konungsúrskurðar 13. marz 1833 (um húsaleigustyrk handa lyfsalanum í Reykjavík); samþ. 27. febr.;
3. Lög um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, og fl.; samþ. 12. apríl;
4. Lög um vitagjald af skipum (40 aurar fyrir hverja smálest af skipum, sem hafna sig milli Reykjaness og Snæfellsjökuls, en 20 aurar af þeim, sem hafna sig milli Snæfellsjökuls og Horns á Hornströndum); samþ. 12. apríl;
5. Lög um lausafjártíund; samþ. 12. júlí;
6. Lög um gjafsóknir; samþ. 12. júlí.

Af lögum þessum eru einkum merkileg skiptalögin, sem er mikill bálkur, er yfir grípur allt það, er að skiptum lýtur, og sem áður hefur verið á sundrungu víðs vegar; og þá tíundarlögin, er eiga að miða til þess, að gjöra tíundargjaldið ljettara, sanngjarnara og óbrotnara, en það áður hefur verið. Gjafsóknarlögin lúta að því, að takmarka veitingu gjafsókna, og af stýra þannig óþarfa-kostnaði af almannafje.

Af lögum þeim, er alþingi 1877 hafði samið, voru þrjú, sem eigi náðu staðfestingu konungs. Það voru lögin um einkarjett, lögin um fiskiveiðar þegna Danakon-

ungs, þeirra er eigi eru búsettir hjer á landi, og lögin um rjettindi hjerlendra kaupmanna og kaupfjelaga. Einkarjettarlögin þótti stjórninni bæði ófrjálsleg og óhagfelld, og rjeð hún til þess, að leita einkarjettar, ef til kæmi, á sama hátt og tíðkast í Danmörku, án þess að sjerstaklegra laga þyrfti við um það efni. Fiskiveiðalögin og kaupmannalögin þótti stjórninni aptur höggva of nærri rjettindum samþegna Íslendinga erlendis, nfl. Færeyinga og danskra kaupmanna, sem hjer áttu hlut að máli, enda höfðu hvorirtveggja borið sig upp undan lögum þessum við ráðherra Íslands.

Af lagafyrirmælum almenns efnis, sem umboðsstjórnin ljet út ganga á árinu, má einkum nefna: 1. reglugjörð (ráðherrans) um innheimtu og reikningsskil á aukatekjum eptir lögum 14. desbr. 1877, og á nokkrum gjöldum, sem þar við eiga skilt; 2. reglugjörð (landshöfðingja) fyrir skattanefndir þær og yfirskattanefndir, sem fyrirskipaðar eru með lögum um tekjuskatt 14. desbr. 1877; 3. reglugjörð (landshöfðingja) um virðingu á húsum, er skatt skal af greiða í landssjóð samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desbr. 1877, og 4. reglur (eptir landshöfðingja) til leiðbeiningar við virðingargjörð á fasteignum, er ætlazt er til að verði veðsettar fyrir lánum úr viðlagasjóði.

Hið lang-yfirgripsmesta og aðkvæðamesta mál, er nú stóð á dagskrá, var málið um nýja skipun kirkna og prestakalla og um gjöld til prests og kirkju. Samkvæmt ályktun alþingis 1877 var þetta mál nú undirbúið undir næsta þing. Undirbúningur þessi var á þá leið, að fyrst ljetu stiptsyfirvöldin fara fram nýtt mat á öllum brauðum á landinu, eptir þeim reglum, er þau settu um það; og er þau höfðu fengið skýrslur um brauðamatið, sömdu þau tillögur sínar um brauða- og kirknaskipun á landinu, og sendu þær prófðstum, til að leggja fyrir hjeraðafundi þá, er þingið hafði ætlazt til að gæfist kostur á að segja álit sitt um málið. Fundir þessir voru haldnir síðast í júnímánuði, en sumstaðar nokkru síðar; sóttu þá flestir prestar og kjörnir menn úr flestum sóknum. Fundir þessir ljetu í ljósi álit sitt um málið, bæði í heild sinni og sjerstaklega um brauða- og kirknaskipunina hver í sínu hjeraði. Síðan voru öll málsgögn lögð fyrir nefnd þá, er skipuð hafði

verið til þess að semja frumvarp til laga um þetta mál, og sem um er getið í fyrra árs frjettum. Nefndin kom saman í Reykjavík fyrst í ágúst, og lauk starfi sínu að mestu á þeim mánuði. Fyrst gjörði nefndin ýmsar breytingar við brauðamatið, er henni þótti við eiga og vera nauðsynlegar, og hækkaði það eigi allfitið á sumum stöðum, sjer í lagi þar sem henni þótti hlunnindi prests-setranna vera of lágt metin. Þá samdi nefndin frumvarp til laga um nýja skipun prestakalla og kirkna. Til þess að gjöra hin smærri brauð nokkurn veginn lífvænleg, lagði nefndin það til, að sameina nokkur brauð, þar sem hún áleit að því yrði við komið. Skyldi bæta hin fátæku brauð annaðhvort með því að leggja til þeirra annað brauð eða part af brauði, sem ætti að leggjast niður, eða með því að sameina hið niðurlagða brauð við eitt af hinum betri brauðum, og leggja aptur frá hinu sameinaða brauði ákveðna peningaupphæð til hinna fátæku brauða. Sumstaðar skyldi fátækt brauð fá tillag frá góðu brauði, án þess það góða brauð fengi uppbót í staðinn. Nefndin ætlaðist til, að leggja skyldi niður 29 brauð, og stofna aptur þrjú ný, eða með öðrum orðum að fækka prestaköllum í landinu um 26, og hafa þau 144 í stað þess að þau eru nú 170. Tekjur hinna niðurlögðu brauða töldust nefndinni 20836 kr. 32 a. En auk þessarar upphæðar áleit nefndin að þurfa mundi 7600 kr. til þess að gjöra öll brauð viðunanleg að tekjum. Þessar 7600 kr. lagði nefndin til að teknar yrðu úr landssjóði. Brauð þau, sem nefndin áleit að ekki yrðu bætt með sameiningum, en þyrftu að fá tillag annaðhvort frá öðrum brauðum eða úr landssjóði, töldust 41. Þessar brauðabreytingar skyldu komast á jafnóðum og brauðin losnuðu. Kirkjur skyldu og lagðar niður á stöku stað, ef svo semdist við kirkjueiganda, annaðhvort nú þegar, eða þá er því yrði við komið. Að því er kom til breytingar á tekjum prestanna, lagði nefndin það til, að tíund til prests og dagsverk yrðu af numin, en upphæð þeirri í álnatali, sem gjöld þessi hafa numið í 5 ár (1873—1878) skyldi jafna niður á gjaldþegna eptir efnum þeirra og ástandi. Minni hluti nefndarinnar (Þórarinn Böðvarsson og Einar Ásmundsson) vildi einnig af nema lambsfóður og offur, og jafna einnig þeirri upphæð niður. Öll nefndin vildi losa presta við

innheimtu sóknargjaldsins; meiri hluti hennar vildi fela hana hreppsnefndunum, en minni hlutinn sjerstökum sóknarnefndum. Borgun fyrir aukaverk skyldi haldast, en hækka, og prestar sjálfir hafa innheimtu hennar. Tekjur kirkna lagði nefndin til að yrðu auknar, með því að af nema tíundarfrelsi jarða til kirkna, ákveða kirkjutíund $^3/_{10}$ álnar af jarðarhundraði hverju, og 10 aura af hverjum 100 kr. í virðingarverði húsa, láta hvern utansóknar sjóróðramann gjalda $^1/_2$ alin í sætisfisk, hækka legkaup úr 6 álnum í 10 o. fl. Viðvíkjandi innheimtu kirkjugjaldsins var sami ágreiningur sem um innheimtu prestsgjaldsins. Með tilliti til þess, hvort hagfellt mundi vera að afhenda söfnuðunum umsjón og fjárhald kirkna, þá áleit meiri hluti nefndarinnar ekki vera nægа ástæðu til að koma fram með uppástungur þar að lútandi; en minni hlutinn lagði áherzlu á það, að gefa söfnuðunum kost á að hafa meiri afskipti af málum sínum hjer eptir en hingað til; samkvæmt því samdi hann frumvarp til laga um stjórn safnaðarmála, er framkvæmast skyldi á þann hátt, að haldnir væru safnaðarfundir einu sinni á ári, og skipaðar sóknarnefndir, er skyldu vera prestunum til aðstoðar í umsjón með söfnuðunum, og auk þess hafa á hendi umsjón yfir eigum og fjármálum kirknanna, ef söfnuðirnir tækju við þeim. Minni hlutinn samdi einnig frumvarp um það atriði, og lagði þar til, að skila skyldi kirkjum í hendur söfnuðunum, ef meiri hluti sóknarmanna vildi, og eigandi eða forráðamaður kirkju ekki mæltu á móti, ásamt nokkrum öðrum nákvæmari ákvörðunum.

Á sýnódus, sem var haldinn í Reykjavík 4. júlí, kom kirkna- og prestamálið eigi til orða. Þar var að vanda skipt nokkrum peningum milli uppgjafapresta og prestaekkna, en jafnframt samþykkt, að stiptsyfirvöldin skyldu eptirleiðis hafa tilbúið frumvarp um peningaskiptingu þessa til að leggja fyrir sýnódus, til þess að flýta fyrir, og gefa ráðrúm til að ræða einhver kirkjuleg mál, svo að sýnódus gæti með tímanum orðið annað en nafnið eitt. Á þessum fundi var og þeim Þórarni prófasti Böðvarssyni og Hallgrími dómkirkjupresti Sveinssyni falið á hendur að gangast fyrir því, að stofna kirkjulegt tímarit.

Umboðsstjórnin gjörði nokkrar breytingar á skipun

kirkna og prestakalla. Ný kirkja var reist í Stykkishólmi, og til hennar var lagður verzlunarstaðurinn Stykkishólmur og nokkrir aðrir bæir úr Helgafellssókn, sem þannig skiptist í tvær sóknir. Breiðavíkurþingaprestakall í Snæfellsnessýslu var lagt niður, og 2 kirkjur jafnframt, nefnil. Knararkirkja og Einarslónskirkja. Knararsókn var lögð til Búðasóknar, sem lýtur undir Staðastað, en Einarslónssókn til Ingjaldshóls- og Laugarbrekkusókna í Nesþingaprestakalli.

Þeim 4000 kr., sem í fjárlögunum voru ætlaðar til fátækustu brauða, var þannig úthlutað: Stað í Aðalvík 400 kr., Þönglabakka 300 kr., Bergstöðum, Reynisþingum og Kirkjubólsþingum með Stað á Snæfjallaströnd 200 kr. hverju, Húsavík, Lundi, Álptamýri. Flatey og Hvammi og Ketu 100 kr. hverju, og 12 öðrum prestaköllum 50 kr. hverju. Auk þess var 6 prestlausum brauðum úthlutað: Ásum í Skaptártungu og Sandfelli í Öræfum 400 kr. hvoru, og Hvanneyri, Kvíabekk, Presthólum og Mývatnsþingum 200 kr. hverju, með því skilyrði að þau yrðu veitt fyrir ágústmánaðarlok og farið að þjóna þeim samsumars. Nú gengu Ásar í Skaptártungu og Mývatnsþing ekki út fyrir hinn tiltekna tíma, og var þeim 600 kr., sem þannig voru eptir, aptur úthlutað: Presthólum, Stað í Grunnavík, Skinnastað og Mývatnsþingum 100 kr. hverju, og 4 öðrum brauðum 50 kr. hverju.

Frá úthlutunum umboðsstjórnarinnar á fje því, er alþingi veitti til jarðabóta og vísindalegra og verklegra fyrirtækja m. m. þykir eigi þörf á að greina nákvæmlega, nje frá lánum úr viðlagasjóði til einstakra manna og stofnana. Þar á móti má geta þess, að stjórnin eptir fyrirlagi alþingis keypti handa landinu hið mikla og merkilega handrita- og bókasafn Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn fyrir 25000 krónur, eptir að þeir hæstarjettardómari Vilhjálmur Finsen og prófessor Konráð Gíslason höfðu skoðað það og metið það þess virði. Hjer má einnig geta þess, að stjórnin samdi við trjesmiðsmeistara Jakob Sveinsson að taka að sjer aðgjörð eða endurbyggingu dómkirkjunnar í Reykjavík fyrir 21000 krónur.

Eptir tilhlutun síðasta alþingis ljet stjórnin nú gjöra vita

á Reykjanesi á kostnað landssjóðsins, og að nokkru leyti einnig ríkissjóðsins. Til þess að standa fyrir vitagjörðinni fjekk hún danskan verkfræðing, Rothe að nafni, og til að segja fyrir múrverkum, danskan múrmeistara, að nafni Lyders. Vitaturninn stendur á hnúk þeim, er Valahnúkur heitir, syðst á Reykjanesi, á annað hundrað feta yfir sjávarmál. Turninn sjálfur er nálægt 20 fet á hæð, og gjörður úr íslenzku brunagrjóti; ofan á hann eru settar þykkar látúnsplötur með loptholum, og þar á ofan er ljóskerið skrúfað og lóðað. Í því eru 15 steinolíulampar, sem hver fyrir sig er felldur í íhvolfa látúnsplötu, er kastar ljósinu út á sjóinn, í hálfhring; en á land ber það enga birtu. Vitaljósið er hvítt spegilljós. Það er 175 feta yfir sjávarflöt, og sjest í 19 kvartmílna fjarlægð. Vitabyggingin gekk fremur ógreiðlega, og komst vitinn eigi í gagn fyr en 1. desember. Eptirleiðis á að loga á vitanum frá 1. ágúst til 15. maí ár hvert, og verða með fullri birtu frá 60 mínútum eptir sólarlag til 45 mínútum fyrir sólaruppkomu. Við vitann var skipaður vitavörður með 800 kr. árlegum launum; handa honum var gjörður bær, og vegur milli vitans og bæjarins. Kostnaðurinn við vitabygginguna og viðhald hans framvegis er ærið mikill, en aptur er búizt við miklum notum af honum fyrir sjófarendur.

Á gufuskipsferðunum kringum landið var enn svo að segja engin breyting gjör, þrátt fyrir þá óánægju, sem hefur verið meðal landsmanna yfir tilhögun þeirra. Alþingi 1877 hafði samið tvær ferðaáætlanir, aðra, er það helzt kaus að fylgt yrði, en aðra til vara. Það skoraði á stjórnina, að taka til greina aðaluppástungu sína um þetta efni, og veitti stjórninni heimild til að verja til gufuskipsferðanna 3000 kr. á ári fram yfir það, sem veitt er með fjárlögunum, ef því yrði framgengt. Landshöfðingi mælti fastlega með aðaluppástungu þingsins, og ráðherra Íslands var henni sömuleiðis meðmæltur; en málið strandaði að þessu sinni í innanríkisstjórninni; taldi hún það mundi spilla fyrir verzlunarviðskiptunum milli Danmerkur og Reykjavíkur, að aðhyllast tillögur alþingis, enda mundi sú tilhögun óráðleg sökum ísa og annara torfærna. Er svo að sjá, sem kaupmenn hafi enn komið til og dregið úr málinu. Hjer varð nú að sitja við að sinni, og var ferðunum hagað líkt

og verið hafði að undanförnu. Strandferðaskipið var látið fara einn hring heilan um landið, tvo hálfhringa sunnan um land, og fjóra hálfhringa norður og vestur um land. Með því að nú var óvenjulega mikið ísaár, skekktust ferðirnar nokkuð til frá því, er á var ætlað. Að öðru leyti þótti einnig stundum brugðið út af ferðaáætluninni að óþörfu, til mikils baga fyrir farþega og þá, er vörur sendu með skipinu. Ferðunum hefur þannig eigi að eins þótt óhaganlega fyrir komið, heldur hafa þær einnig reynzt óáreiðanlegar, og kostnaðarsamar að því leyti, sem borga þyrfti skaðabætur fyrir þann óhag, er menn bíða af því, er brugðið er út af ferðaáætluninni. Póstskipsferðirnar milli Íslands og Danmerkur gengu líkt og að undanförnu. Ferðum landpóstanna var að mestu leyti hagað eins og árið áður.

Af vegamálum er ekki margt að segja, en þó taka vegabæturnar árlega nokkrum framförum. Fjallvegabætur voru í þetta sinn gjörðar: yfir Svínahraun, yfir Bröttubrekku, á Holtavörðuheiði, á Kaldadal og Grímstungnaheiði, yfir Vatnsskarð, á Öxnadalsheiði og á Mývatnsöræfum. Sýsluvegir voru nú ákveðnir víðast hvar, og farið að vinna að þeim sumum hverjum; en hvorki af þeim nje hreppavegum hefur heyrzt getið um neinar nýjar stórkostlegar vegagjörðir. Málinu um brýr yfir stórárnar Þjórsá og Ölfusá var nú hreift í amtsráði suðuramtsins, í tilefni af áskorun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, og skrifað sýslunefndunum í nokkrum sýslum, er næst liggja og helzt eiga hlut að máli, um það, hvort og að hverju leyti þær sjái sjer fært að styrkja til þessa fyrirtækis. Hjer við situr að sinni.

Málið um þjóðjarðir var fengið amtsráðunum til meðferðar. Viðvíkjandi hinum almennu atriðum málsins var það tekið fram í suðuramtsráðinu, að þjóðjarðir verði ekki boðnar upp til ábúðar; að landskuldir verði áskildar í peningum eptir meðalverði allra meðalverða; að ekki sjeu sett ný kúgildi, heldur landskuld hækkuð, þar sem svo er ástatt; að reistar verði skorður við margbýli á jörðum; að leigumátinn yrði vægari en á bænda eignum, sökum þess að landskuldin er áskilin í peningum; að landamerki jarðanna verði rannsökuð og nákvæmar ákveðin og fl. Áþekkt þessu var álit amtsráðsins í vestur-

amtinu, en af áliti norður- og austuramtráðsins hefur ekki frjetzt. Að öðru leyti er ekkert sjerlegt að segja frá fundum amtsráða eða sýslunefnda.

Viðvíkjandi sveitamálum er heldur ekkert sögulegt. Á hreppaskipun var eigi gjörð önnur breyting en sú, að Álptaneshrepp var skipt í tvo hreppa um sóknamótin milli Garða- og Bessastaðasókna. Hinir nýju hreppar nefnast Garðahreppur og Bessastaðahreppur.

Að því er snertir opinber gjöld má geta þess, að jafnaðarsjóðsgjaldið lækkaði nú mjög sunnan- og vestanlands meðal annars af því, að varðkostnaðurinn fór minnkandi. Í suðuramtinu var það nú 18 aurar af hverju tíundarbæru lausafjárhundraði, en í vesturamtinu 25 aurar; í norður- og austuramtinu var það 20 aurar. Á verðlagsskráarumdæmunum varð sú breyting, að Rangárvallasýsla fjekk leyfi stiptsyfirvaldanna til þess að hafa verðlagsskrá út af fyrir sig. Meðalverð allra meðalverða var nú eptir verðlagsskránum á þessa leið:

Í Skaptafellssýslu	48	aur.	alinin
- Rangárvallásýslu	59	—	—
- hinum sýslum suðuramtsins	59	—	—
- Mýra- Snæfellsness- Hnappadals og Dalasýslum	61	—	—
- Barðastrandar- og Strandasýslum . . .	59	—	—
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað . . .	63	—	—
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum . . .	56	—	—
- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyrarkaupstað	54	—	—
- Múlasýslunum	57	—	—

Kosningar til alþingis fóru nú fram í 2 kjördæmum. Í Skagafjarðarsýslu urðu nú auð bæði þingmannasætin, þar sem annar þingmaðurinn (Jón Blöndal) dó, en hinn (E. B. Guðmundsson) sagði af sjer alþingismennsku. Í stað þeirra voru aptur kosnir 19. sept.: Friðrik bóndi Stefánsson í Ytra-Vallholti og Jón ritari Jónsson í Reykjavík. Í Strandasýslu var í október kosinn alþingismaður Björn ritstjóri Jónsson í Reykjavík í stað Torfa Einarssonar, er andaðist haustið áður.

Í amtsráð voru kosnir: í suðuramtinu Skúli prestur Gíslason á Breiðabólstað, í stað Jóns prófasts Jónssonar á Mosfelli,

er gekk úr eptir hlutkesti; í norður- og austuramtinu Arnljótur prestur Ólafsson á Bægisá, í stað Jóns alþingismanns Sigurðssonar á Gautlöndum, er þar gekk úr, og í vesturamtinu Torfi bóndi Bjarnason í Ólafsdal, í stað Guðmundar prófasts Einarssonar á Breiðabólstað, er aptur var kosinn varamaður.

Í yfirskattanefndir í kaupstöðum voru skipaðir af landshöfðingja: Í Reykjavík: Magnús assessor Stephensen, Halldór yfirkennari Friðriksson og Lárus assessor Sveinbjörnsson, og til vara Geir dannebrogsmaður Zoega; á Ísafirði: Holm verzlunarstjóri, Nielsen bókhaldari og Símon Alexíusson verzlunarstjóri, og til vara Guðbjartur Jónsson, verzlunarþjónn; á Akureyri: Möller verzlunarstjóri, Jón Stefánsson timburmeistari og Jensen gestgjafi, og til vara Þorgrímur læknir Jónsson.

Embættaskipunin var þannig:

Yfirdómaraembætti við landsyfirrjettinn var 12. apríl veitt Lárusi Eðvarði Sveinbjörnssyni, bæjarfógeta í Reykjavík og sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Til þess að gegna bæjarfógetaembættinu fyrst um sinn var landshöfðingjaritari Jón Jónsson settur 3. júní, en til þess að gegna sýslunni var s. d. settur málaflutningsmaður Guðmundur Pálsson, þangað til bæði embættin voru veitt 16. ágúst: bæjarfógetaembættið Eggert Theódór Jónassen, sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, og Gullbringu- og Kjósarsýsla kandídat Kristjáni Jónssyni. 27. sept. var málaflutningsmaður Guðmundur Pálsson settur til að gegna Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, þangað til hann fjekk veitingu fyrir þeim 6. nóvember. Snæfellsnessýsla var 12. apríl veitt kandídat Sigurði Jónssyni. Sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þorsteinn Jónsson, fjekk 14. ágúst lausn frá embætti, og var Árnessýsla aptur veitt 6. nóvember Stefáni Björnssyni, sýslumanni í Ísafjarðarsýslu. 29. nóv. voru sýslumennirnir Þorsteinn Jónsson og Stefán Björnsson settir til að gegna fyrst um sinn embættum þeim, er þeir höfðu áður haft. 5. okt. var landshöfðingjaritari Jón Jónsson settur málaflutningsmaður við landsyfirrjettinn.

Prófastar voru settir: í Barðastrandarprófastsdæmi Steingrímur Jónsson, prestur í Garpsdal, 6. maí, og s.

d. í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi Benidikt Kristjánsson, prestur á Grenjaðarstað. Í Suður-Múlaprófastsdæmi var Bergur Jónsson, prestur á Vallanesi, skipaður prófastur 27. júlí.

Þessi prestaköll voru veitt á árinu: Vallanes 20. marz Bergi prófasti Jónssyni, presti að Ási í Fellum; Viðvík s. d. Páli Jónssyni, presti að Völlum í Svarfaðardal; Ás í Fellum 7. maí kandídat Sigurði Gunnarssyni, barnaskólakennara á Ísafirði; Vellir í Svarfaðardal 10. maí Hjörleifi Guttormssyni, presti að Tjörn í Svarfaðardal; Tjörn í Svarfaðardal 25. júní Kristjáni Eldjárni Þórarinssyni, presti á Stað í Grindavík; Hvanneyri í Siglufirði 13. júlí kandídat Skapta Jónssyni; Kvíabekkur 3. ágúst Magnúsi Jósefssyni, presti að Lundarbrekku; Staður í Grindavík 10. ágúst Oddi Vigfúsi Gíslasyni, presti á Lundi í Lundareykjadal; Sandfell í Öræfum 27. ágúst Sveini Eiríkssyni, presti að Kálfafelli á Síðu; Presthólar á Sljettu 29. ágúst kandídat Þorleifi Jónssyni; Arnarbæli í Ölfusi 4. nóv. Ísleifi Gíslasyni í Kirkjubæ, presti í Keldnaþingum; Brjánslækur 22. nóv. kandídat Ólafi Ólafssyni (Pálssonar). Einn prestur fjekk lausn frá embætti; Páll Jónsson Mathiesen, síðast prestur í Arnarbæli. Prestvígðir voru kandídatarnir: Sigurður Gunnarsson 17. júní, Skapti Jónsson 28. júlí, Þorleifur Jónsson 8. sept., og Jóhann Lúter Sveinbjarnarson 13. okt., sem aðstoðarprestur að Hrafnagili (í stað Guðmundar Helgasonar, er hætti við prestsskap um tíma sakir heilsubrests).

Kennari við latínuskólann í Reykjavík var settur 14. ágúst Jón Aðalsteinn Sveinsson, er áður hefur verið skólakennari erlendis.

Á læknaskipunni varð lítil breyting. 19. læknishjerað (Árnessýsla) var 12. apríl veitt kandídat Guðmundi Guðmundssyni, og 18. læknishjerað (Rangárvallasýsla) 3. júlí Boga Pjeturssyni, hjeraðslækni í 9. læknishjeraði (Skagafjarðarsýslu); til að gegna því fyrst um sinn var settur hjeraðslæknirinn í 8. læknishjeraði (Húnavatnssýslu) Júlíus Halldórsson, 4. sept. Hjeraðslæknirinn í 17. læknishjeraði (Vestur-Skaptafellssýslu) Sigurður Ólafsson var 11. júní settur til að þjóna fyrst um sinn nokkr-

um hluta af 16. læknishjeraði (Austur-Skaptafellssýslu). Praktíserandi læknir A. Tegner var 5. febr. settur læknir í 5. læknishjeraði (vesturhluta Barðastrandarsýslu), en það embætti tekið af honum aptur 5. nóv., og settur til að þjóna því hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson á Ísafirði.

Konsúll Frakka í Reykjavík (í stað Randrups lyfsala) var skipaður verzlunarstjóri Niljohníus Zimsen.

Heiðursmerki dannebrogsmanna var 23. febr. veitt Ásgeiri alþingismanni Einarssyni á Þingeyrum, og s. d. kansellíráðs-nafnbót Ara óðalsbónda Arasyni á Flugumýri.

Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda hlotnuðust að þessu sinni Þórði Þorsteinssyni, bónda að Leirá í Borgarfjarðarsýslu, og Þorvaldi Bjarnarsyni, bónda í Núpakoti í Rangárvallasýslu, 160 kr. hvorum þeirra, báðum fyrir framúrskarandi jarðabætur, húsabyggingar, o. fl.

Að lyktum skal hjer minnast á nokkur málaferli og dóma, er einkum hefur verið veitt eptirtekt. Í frjettum fyrra árs er minnzt á málið um dómsvald lögreglustjórans í fjárkláðamálinu, og þess getið, að landsyfirrjetturinn dæmdi, að lögreglustjórinn hefði ekki dómsvald. Málinu var skotið til hæstarjettar, en hann lauk öðru dómsorði á, og vísaði málinu heim aptur til dæmingar að efni til. — Málaferli risu enn út af laxveiðinni í Elliðaánum. Óánægjan með þvergirðingar Thomsens kaupmanns í ánum fór dagvaxandi. Þeir, sem rofið höfðu laxakisturnar árið áður, voru í undirrjetti dæmdir til að greiða sektir til landssjóðs, skaðabætur eigandanum og svo málskostnað; en nú fór svo, að kisturnar voru aptur rofnar. En nokkru áður var af hálfu hins opinbera hafin rannsókn um það, hvort veiðiaðferðin væri lögleg eða ekki. Málið kom til dóms, og dæmdi sýslumaðurinn Thomsen kaupmann í 30 kr. sekt fyrir ólöglega veiðiaðferð, er bilið milli rimlanna í veiðivjelunum væri minna, en lögin áskilja; en þar eð veiðivjelarnar voru áður upp rifnar og brotnar, voru þær eigi dæmdar upptækar. — Þá risu enn málaferli nokkur út af homöopatiskum lækn-

ingum eða heimildarlausri lyfjaverzlun. Um langan tíma hafa smáskammtalækningar verið tíðkaðar hjer á landi, fyrst einkum norðanlands, en á síðari árum mest á Suðurlandi. Hafa hinir reglulegu læknar jafnan amazt við þeim, en aldrei getað útrýmt þeim nje hnekkt þeim neitt til muna. En þar eð þessar lækningatilraunir eigi eru heimilaðar í lögum, nje heldur verzlun með læknislyf fyrir utan lyfjabúðir, hefur opt verið reynt að stemma stigu fyrir slíku, helzt nú á síðari árum. Meðalakassar smáskammtalækna hafa verið kyrrsettir og rannsakaðir, en optast hefur þeim verið skilað aptur, því að ekkert saknæmt hefur fundizt í þeim. Þannig var nú kyrrsettur meðalakassi, er Jakob prestur Guðmundsson á Sauðafelli hafði fengið frá Kaupmannahöfn. En þegar er hann frjetti þetta, brá hann við, og fór suður til Reykjavíkur, lögsótti lækni og lyfsala, er höfðu verið hvatamenn að kyrrsetningunni, og fjekk þá dæmda til að greiða sjer skaðabætur fyrir kyrrsetninguna, og svo málskostnað. Aptur var höfðað mál gegn honum fyrir tollsvik á nokkrum pottum af spiritus, er fylgt höfðu meðölunum; var hann sektaður í undirrjetti, en dæmdur sýkn í yfirrjetti. — Málaferli ritstjóra Norðlings, Skapta Jósepssonar, við þá Berg amtmann Thorberg og Halldór yfirkennara Friðriksson út af ummælum um þá í blaði hans, lyktuðu með því, að landsyfirrjetturinn dæmdi Skapta í sektir, en eigi svo háar, að málinu yrði skotið til hæstarjettar (50 + 120 kr.); og auk þess í málskostnað. — Jón Ólafsson ritstjóri Skuldar lenti í málaferlum við sýslumann Norður-Múlasýslu út af beryrðum í blaði sínu, og varð að sæta sektum í undirrjetti (100 kr.). — Sektir Jóns í Gönguhrólfs-málunum gömlu, þær er hann var dæmdur í af landsyfirrjetti, voru að upphæð 1200 kr., en nú voru þær eptir bón Jóns með konungsúrskurði lækkaðar um tvo þriðjunga, eða niður í 400 kr.

Í landsyfirrjetti voru nú alls dæmd 31 mál. Af þeim voru 10 einkamál, en 21 sakamál og opinber lögreglumál.

Atvinnuvegir.

Árferðið var nú í mörgum hjeruðum landsins að ýmsu

leyti fremur í lakara lagi, og veðuráttufar engu mildara að öllu samtöldu en árið áður. Eptir nýárið var fyrst hart rúman viku tíma, en þá brá til hlýinda, er stóðu fram undir marzmánuð, en þó var opt umhleypingasamt um þessar mundir, og talsverðir snjóar nyrðra. Hafíshroði sást endur og sinnum fyrir Norðurlandi, en eigi rak hann algjörlega inn að landinu fyr en seint í marzmánuði. Dreif hann þá inn á hvern fjörð og langt suður með landi að austan. Með ískomunni skipti um veður, sem vant er, og gjörði harðindi mikil um tíma um Norður- og Austurland, en óstöðuga tíð og hryðjusama sunnan lands og vestan. Nálægt miðjum apríl fór ísinn aptur að reka frá landinu og dreif til hafs. Þá batnaði tíðarfarið aptur hvervetna, sjer í lagi á Suðurlandi. Jörð tók að leysa upp, og töluverður gróður var kominn víða snemma í maí. En nær miðjum maímánuði skipti aptur um. Ísinn rak aptur að landinu og inn á hverja vík; það var borgarís, fullur af snjó; stóð svo um hríð, að hafþök voru fyrir öllu Norður- og Austurlandi, svo að hvergi sá út yfir; en seint í maí rak ísinn aptur frá, alfarinn að mestu. Þegar ísinn rak að landinu í seinna sinnið, gjörði hörkur um allt land, og meðan hann var landfastur, var hvervetna kuldatíð. Yfir höfuð var vorið upp frá því kalt og fremur þurrviðrasamt víðast um land, þangað til í miðjum júnímánuði, en upp frá því gjörði fyrst reglulega sumarblíðu; víðast hvar var þó heldur gróðurlítið. Frá því snemma í júlímánuði og fram undir miðjan september var þerrilítið og rosasamt á Suðurlandi, og líkt viðraði á Vesturlandi nema þar var þurrviðrasamara í ágústmánuði; en á Norður- og Austurlandi var tíðarfarið gagnstætt lengst af um þennan tíma, með því að þar voru sífelld þurrviðri. Um miðjan september gjörði hríðaráfelli yfir allt land, með frosti og fannfergju nyrðra og eystra; það stóð hjer um bil í viku; upp frá því var allgóð tíð sumstaðar nyrðra fram á haustið, en miklu lakari á Austurlandi. Sunnan lands og vestan var haustið kalt og þurrviðrasamt. Seint í október dundi annan áfellið yfir allt land með miklu ofsaveðri; það stóð einnig nálægt viku. Eptir það var haustið fremur hryðjusamt þangað til seint í nóvember, en þaðan frá voru stillt veður, en mikil frost allt til ársloka. Nálægt jólum varð vart við hafíshroða fyrir Norðurlandi, en hann hörfaði frá aptur um nýárið.

Hin miklu áfelli, er tvisvar um haustið gengu yfir landið, mega vel teljast annálsverð, en með því bæði að rúmið er lítið og enda missagnir nokkrar um sumt, verður að eins minnzt á þau með nokkrum orðum. Í fyrra áfellinu, er stóð frá 12.—20. sept., kyngdi niður miklum snjó í norðaustursveitum landsins. Það bar svo brátt að, að fjenaði varð víða eigi undan bjargað, enda var margt fje langt frá bæjum. Urðu því víða stórkostlegir fjárskaðar, einkum í Vopnafirði, Jökuldal og Fljótsdalshjeraði. Á Hallfreðarstöðum var sagt að fennt hefðu 3 eða 4 kýr; fjölda fjár vantaði víða, sumstaðar að sögn svo hundruðum skipti. Fiskiskip 2 útlend rak á land í Vopnafirði, hlaðin af fiski; týndist farmurinn að mestu og svo skipin sjálf, en menn komust af. Í þeim veðrum strandaði og skip á Papós, hlaðið með útlendar vörur. Þá urðu og stórkostlegir heyskaðar víða. 15. sept. var svo mikið ofsaveður undir Austur-Eyjafjöllum og í Mýrdal, að fullorðnu fje sló niður til bana, en hey týndust að miklum mun. Víðar urðu þá stórskaðar, þó þeirra sje hjer eigi getið. Í seinna áfellinu, er stóð hjer um bil frá 20.—26. okt., var ofsaveður enn meira og tók víðar yfir, enda urðu skaðarnir þá enn almennari og stórkostlegri; skip og báta tók upp í veðrinu, og braut meira og minna; þök tók af húsum, hey rauf og fauk, o. fl. Sjógangur var þá svo mikill, að landbrot varð, rekavið tók út, og sumstaðar sópaði sjórinn fjárhúsum burtu með öllu fjenu, er í var, en snjóflóð annarstaðar. Í veðri þessu sleit upp 4 skip norðanlands, 2 á Blönduósi, en 2 á Sauðárkróki, og 1 sunnanlands, í Reykjavík; skipin skemmdust og brotnuðu, en menn komust af. Veðrinu fylgdi mikil snjókoma alstaðar, nema á Suðurlandi; fennti bæði fje og hross á stöku stöðum. Mest er sagt að kveðið hafi að fjársköðum í Skagafirði, Húnavatnssýslu, í Dölum og á Mýrum, og týndist þar á sumum stöðum fje svo hundruðum skipti. Við fjárbjörgun er sagt að nokkrir menn hafi týnzt. Annars urðu hvorug þessara áfella mannskæð á móti því, sem þau urðu stórkostleg að öðru leyti.

Eldgos kom upp í hrauninu norðaustur frá Heklu. Það er talið með Heklugosum, og telja sumir það hið 19. en sumir hið 20. gos hennar. Gos þetta hófst 27. febr. og stóð með nokkrum millibilum þar til í aprílmánuði, en eigi varð glögg-

lega sjeð sökum dimmviðra, hve nær það hætti algjörlega. Þetta gos var með vægari Heklugosum, og varð eigi mein að því, það er teljandi sje, nema það spillti högum á afrjett Landmannasveitar sumarlangt, og gjörði ógreiðari vegi fjallreiðarmönnum. Eldgosi þessu og eldstöðvunum er ágætlega lýst í ritgjörð eptir Tómas Hallgrímsson læknaskólakennara, er prentuð er aptan við frjettir fyrra árs (1877), og er því sleppt að segja hjer frá því frekara.

Á Síðumannaafrjett, í suðvesturhorni Vatnajökuls, hafa fundizt tveir dalir grösugir í fjöllum þeim, er Fögrufjöll eru kölluð, en áður voru nefnd Skaptárfjöll. Ætlað er, að Skaptá renni fram milli fjalla þessara og aðaljökulsins, og komi upp í vatni norður af dölum þessum (ásamt Tungnaá). Að öðru leyti eru dalir þessir enn eigi fullkannaðir.

Heyskapur manna gekk mjög misjafnlega, og mjög ólíkt á Norðurlandi og Suðurlandi, bæði að því er snerti grasvöxt og nýtingu. Alstaðar leit raunar fremur vel út með gróður, áður en vorkuldarnir komu um miðjan maímánuð, og kipptu mjög úr. Grasvöxtur var þó talinn allgóður nyrðra í úthaga og á votengi, en nokkru miður á túnum og harðlendum hólum, er brunnir voru af beizkjuþurrkum. Sumstaðar var kvartað um grasmaðk í túnum, einkum í Borgarfirði suður. Á Suðurlandi voru tún og harðlendi töluvert betur sprottin en votengi, og yfir höfuð var þar betri grasvöxtur til fjalla en í lágsveitum. Á Austur- og Vesturlandi var grasvöxtur talinn allgóður. Nýting á heyjum varð ágæt fram í september á Norður- og Austurlandi, og sæmileg vestanlands, en á Suðurlandi miklu lakari; hröktust þar mjög víða töður manna, og úthey framan af engjaslætti. Bezt nýttist hey þar undir sláttulokin, þá er þau fór að hrekja annarstaðar. Yfir höfuð varð heyaflinn að tiltölu rýrastur á Suðurlandi, og mikið af honum ljett til fóðurs. Heyskaðanna, sem urðu um haustið, er áður getið.

Kál, rófur og kartöflur sprottu, að því er frjetzt hefur, víðast hvar í bezta lagi.

Af jarðabótum er það helzt að segja, að byrjað var á að þurrka upp Staðarbyggðarmýrar í Eyjafirði, og er það talsvert stórvirki. Búfræðingur Sveinn Sveinsson var fenginn til að

standa fyrir jarðabót þessari, auk þess sem hann skyldi ferðast um Norðurland, til að segja mönnum fyrir um ýmislegt í búnaðarháttum líkt og að undanförnu. Á líkan hátt ferðaðist Ólafur Bjarnarson jarðyrkjumaður um Vesturland. Kvennmenn voru og fengnir til að ferðast um, að segja mönnum til um meðferð mjólkur og svo smjörgjörð og ostagjörð: Anna Melsteð norðanlands, en Kristín Wíum sunnanlands (í Árnessýslu). Öllum þessum hefur verið veittur nokkur styrkur annaðhvort af opinberu fje eða búnaðarsjóðum, en landsmenn hafa fengið ókeypis tilsögn þá, er þeir hafa hlotið á þennan hátt, og má ætla, að hún hafi víða orðið að góðum notum. Sömuleiðis hefur nokkur styrkur verið veittur nokkrum ungum mönnum íslenzkum, sem eru að nema búfræði á búnaðarskólum í Noregi. Búnaðarfjelag suðuramtsins hefur ráðgjört að koma hjer á sýningum á kvikfjenaði, og hefur í því efni leitað ráða sýslunefndanna, en óráðið er enn, hvort þessa verður framgengt að sinni eða ekki.

Fjenaðarhöld urðu í meðallagi víðast hvar. Heytæpt varð raunar sumstaðar um vorið, en eigi er þess getið, að fje hafi dregizt upp eða fallið af fóðurskorti, enda er slíkt nú orðið mjög sjaldgæft í flestum sveitum landsins. Þar á móti er þess getið, að hrossafellir hafi orðið í vorharðindunum sumstaðar í Skagafirði. Vorkuldarnir hnekktu sauðburði víða. Málnyta varð í lakara lagi á Suðurlandi, en betri annarstaðar. Fjárheimtur urðu víða slæmar um haustið, og fjárskaðarnir sumstaðar stórkostlegir, svo sem fyr er á drepið. Bráðapest í sauðfje varð nú um haustið meiri en fyrirfarandi ár, einkum í sumum sveitum sunnanlands. Þar á móti spurðist nú hvergi til fjárkláðans, heldur en árið áður, og þykir nú fullsannað, að hann muni nú loksins eptir langa mæðu vera algjörlega upprættur. Er það margra manna mál, að ötulleikur og harðfylgi lögreglustjórans í fjárkláðamálinu muni hafa átt talsverðan þátt í að útrýma honum. Þá er útsjeð þótti um kláðann, var umboðsskrá hans sem lögreglustjóra apturkölluð.

Miltisbrunasýki kom upp í kúm á bæ einum í Mjóafirði skömmu eptir nýárið, og fórust þar 3 kýr, en með ráði

:nis Snorra Jónssonar tókst að stemma stigu fyrir því, breiddist út.

árvaraflinn heppnaðist nú víða fremur vel, og sum- afbragðs-vel, og mátti að því leyti telja gott árferði. Í lóa, er undanfarin ár hafði verið því nær fiskilaust, varð ır vel fiskivart. Í Garðsjó í sunnanverðum flóanum fór ð fiskast um nýárið, og nokkru síðar færðist fiskurinn flóann. Lóðir voru lagðar niður, en tekin upp handfæri, ist nú um tíma vel á færi, þegar gaf að róa, en gæftir jög stopular sökum umhleypinganna, er gengu um þær . Þá er farið var að leggja netin í miðjum marzmán- : að aflast ágætlega í hinum syðri veiðistöðvum við fló- ; hjelzt það á lengstan hluta vertíðarinnar, þegar gæftir mluðu. Á Innnesjum aflaðist einkum á færi, en færa- varf að mestu snemma í apríl. Vetrarvertíðin varð endaslepp, en yfir höfuð urðu hlutir víðast í góðu með- g fiskurinn vænn. Á vorvertíðinni aflaðist allvel í fló- einkum á þilskipin. Aptur aflaðist þar fremur treglega arið og haustið á opin skip. Austanfjalls á Suður- ır afli í minna lagi á vetrarvertíðinni, nema við Eyrar- og sömuleiðis í Vestmannaeyjum, enda voru gæftir aust- optlega stirðar. Kring um Jökul aflaðist sæmilega á rtíðinni, lítið um sumarið, en vel um haustið. Í Bol- vík og víðar vestur þar var ágætur afli á vetrarvertíð- Um sama leyti var bezti afli í Steingrímsfirði. Í rði var góður afli framan af vetri, þá er gaf að róa, , þegar kom fram í apríl, og veiddist þá fiskur upp um vorið fiskaðist þar ágæta-vel, svo að annálsvert þykir. nu sumri aflaðist þar aptur allvel, og sömuleiðis um

Hvergi annarstaðar nyrðra varð aðkvæðamikill afli. tfjörðum fiskaðist vel um vorið og ágætlega um sum- nokkuð minna um haustið, enda hömluðu þá stirðar Það er talið, að flutt hafi verið út um 40,000 skippund ski þetta ár, og þar af langmest að tiltölu af Ísafirði. veiði var um veturinn á Eyjafirði, um vorið á Ísafirði, á Seyðisfirði og víðar eystra um sumarið. Hákarls- var víða með minna móti, einkum norðanlands, og olli

því hafísinn, sem lengi var nærri landi. Betur heppnaðist hann annarstaðar, og að öðru leyti aflaðist hvervetna sæmilega á þilskip. Laxveiðarnar heppnuðust víða nokkru miður en undanfarin ár, einkum á Suðurlandi.

Bjargræðisvandræði þau, er verið höfðu árið áður í hjeruðunum kring um Faxaflóa, hurfu nú, þegar þar tók að fiskast; þó var framan af árinu fremur hart á Akranesi, og það svo, að læknir var sendur að skoða ástandið þar; bar það einkum til þess, að maður hafði dáið þar snögglega, og hugðu sumir það vera af harðrjetti, en svo reyndist, að það hefði verið öllu fremur af hafsáti. Bráðum fór einnig að rjetta þar við eins og annarstaðar. Haldið var áfram fyrst um sinn að senda gjafir og samskotafje hinum bágstöddu, einkum úr hinum fjarlægari landsfjórðungum. Var sumu af fje því þegar skipt upp á milli fátæklinga, en sumt var geymt um sinn, með því að mestu neyðinni var þá af ljett. En þó að öllum stórvandræðum væri þannig afstýrt í bráð, voru afleiðingar fiskileysisins eigi horfnar, því að miklar skuldir hvíldu á mörgum venju fremur; þó mun hafa tekizt að skarða nokkuð í þær, þótt eigi væri fiskiár meira en í meðallagi.

Síðasta alþingi hafði gefið út lög um fiskiveiðar á opnum skipum, þess efnis, að hvert hjerað, þar sem slíkar veiðar eru tíðkaðar, mætti sjálft setja sjer reglur um allt það, er lýtur að veiðiaðferðinni, á þann hátt, að sýslunefndin skyldi fyrst semja vissar reglur í því tilliti, og bera síðan undir hjeraðsbúa, er þá rjeðu úrslitum málsins. Þetta leyfi þingsins tóku menn nú að nota, að því er snerti veiðarnar í Faxaflóa, og setja sjer nýjar reglur um takmörkun á notkun neta og lóða, niðurburð o. fl., er margt hefur verið á ringulreið að undanförnu, og sömuleiðis til að afstýra skemmdum af mannavöldum á veiðarfærum, sjer í lagi netum, með því að banna að fást við þau um nætur, o. s. frv. Um reglur þessar varð mikið þjark og rekistefna fram og aptur, án þess að samkomulag hafi náðst; en hvorki er þörf nje tækifæri til að skýra hjer frá því frekara. Svo er sagt að sams konar reglur hafa einnig verið settar í öðrum fiskiverum, svo sem á Seyðisfirði og Ísafirði. Bænarskrá til alþingis frá Ísfirðingum gaf tilefni til áminnztra laga.

nnað mál, sem nokkuð á skylt við þetta, varð nú einnig umræðuefni í fiskiverunum við Faxaflóa. Það var um verkun, og sjer í lagi um verkun og vöndun á saltfiski, þessa hefur þótt mjög ábótavant, sjer í lagi þetta árið, og en á Vesturlandi. Um þetta sömdu menn nú einnig nýj-ur, er fylgja skyldi eptirleiðis.

f fje því, er alþingi veitti til eflingar sjávarútvegi, rrum alþingismanni Einari Guðmundssyni á Hraunum í jarðarsýslu veittur 500 kr. styrkur til þess að ferðast til , og kynna sjer þar bátasmíði Norðmanna, veiðigögn, að-ð veiðiskap, hirðingu og meðferð á afla m. fl., og lofað klum styrk næsta ár, ef hann gæfi út skýrslu um ferð ; um það, í hverju menn hjer á landi geti tekið veiðiskap anna til fyrirmyndar.

Njarðvíkum, sunnanvert við Faxaflóa, vildi til óvenjulegt eint í júlímánuði, þar sem þar voru unnin yfir 200 rín. Jafnskjótt og menn urðu varir við, að torfan var inn undir land, brugðu menn við, og fóru út með svo kip og menn, sem unnt var að ná saman í snatri bæði rðvíkum og úr Keflavík. Tóku menn að elta þau með g grjótkasti, til þess að reka þau á land, en þau sluppu ptir annað úr höndum þeirra, með því að hvorki var mannafli nje viðbúnaður, þar sem slíkt ber svo sjaldan við land. Í hópnum voru nokkrir höfrungar, og ollu estum óróanum. Loksins hlupu þeir á land, og þá urðu nin auðsóttari. Tókst þá að reka þau á land á Njarð-jum, og voru þau þar lögð og stungin til bana. Afl-var skipt í landhlut og veiðihluti; landhlutnum var skipt arðarmegni hvers eins ábúanda í Njarðvíkum, en hinum m jafnt milli þeirra, er að veiðinni voru. Aflinn var nokkurra þúsunda króna virði.

valrekar urðu nokkrir. Stóran hval rak í Mjóafirði num vetri; hann hljóp lifandi á land, og var þegar unn-Um sumarið rak tvo hvali eystra, annan í Loðmundar-n annan í Borgarfirði. Um haustið rak hval á Laufás-, og tvo á Tjörnesi. Trjárekar voru sagðir góðir yrðra, einkum framan af vetri.

Erlendir aflamenn lágu við land að vanda, og þóttu helzt til nærgöngulir, en af þeim hafa að öðru leyti í þetta sinn farið litlar sögur.

Hjer má geta um sjóhrakning, sem með rjettu þykir annálsverður. Gufuskip frá Túnsbergi í Noregi lá um sumarið nálægt Grænlandi við selveiðar. Bátur frá skipinu villtist í þokuveðri, og fundu bátsmenn, er voru 5 að tölu, eigi skipið aptur, og vissu eigi, hvað þeir fóru. Hröktust þeir þannig um fulla sjö sólarhringa. Nesti höfðu þeir að eins til tveggja daga, en engan drykk. Tvo seli höfðu þeir í bátnum; á þeim hráum lifðu þeir, og svo nokkrum fuglum, er þeir skutu sjer til matar. Engin segl höfðu þeir önnur en skinnin af selunum. Loksins bar þá eptir 7 sólarhringa að Keflavík á Snæfellsnesi. Voru þeir þá mjög þrekaðir, en hresstust brátt og sigldu úr Stykkishólmi.

Um náma er fátt að segja. Skozkur maður, að nafni Paterson, hefur verið að yrkja brennisteinsnámana í Krýsivík. Kalkbrennslunni í Reykjavík hefur verið haldið áfram.

Af verzluninni er hvorki gott nje mikið að segja. Hún var enn sem undanfarin ár að mörgu leyti erfið og óhagfelld landsmönnum, og yfir höfuð virtist vera fremur deyfð í öllum verzlunarviðskiptum, ekki sízt í Reykjavík, þar þar sem þó mætti búast við mestu fjöri og keppni í verzluninni. Tilraunir þær, sem landsmenn hafa gjört á síðari árum með stofnun verzlunarfjelaga, hafa flestar misheppnazt, og sumpart farið hraparlega. Verzlunarfjelögunum við Breiðafjörð og við Húnaflóa, er menn fyrir nokkrum árum settu svo mikið traust til, hafa viljað þau óhöpp til, sem riðið hafa þeim að fullu. Kaupmaður sá í Bergen, er hafði umboð þeirra, varð gjaldþrota af viðskiptunum við fjelög þessi, og var það kennt skipströndum og öðrum óhöppum, sem fjelögin urðu fyrir. Þar með var þeim lokið. Verzlunarsamtök þau, er Strandarmenn (Vatnleysustrandarhreppur) höfðu, sjer í lagi í því að panta vörur beinlínis frá útlöndum, og sem höfðu orðið þeim að góðu gagni, dóu nú út eptir fá ár, án þess að brýnar orsakir sýndust vera til þess. Hlutaveltufjelagið í Reykjavík stendur enn, og er talið heldur á framfaravegi, en þó er verzlun þess dauf og afllítil. Gránufjelag-

hið eina fjelaga þessara, sem tekið hefur nokkrum veru-
þroska, og stendur hagur þess enn sem fyr með miklum
Fjelagið hefur nú enn keypt einn verzlunarstað, nefnil.
ós í Skagafirði, svo að nú hefur fjelagið verzlun í flest-
stum norðanlands og austan. Ársgróði fjelagsins 1877
ılinn 3000 kr., en gróði þess frá upphafi 79000 kr.,
ıtabrjef seld alls 1791. Nú hafði það 10 skip í för-
›g verzlaði með vörur upp á 420000 kr. Fjelagið ráð-
nú, í þeim tilgangi að minnka verzlunarskuldir, að þeir,
ıulduðu fjelaginu, skyldu frá 1879 greiða 5 af hundr-
vöxtu af skuldum sínum, og sömuleiðis skyldu þeir, sem
ttu, fá 5% í vöxtu af því, er þeir ættu hjá verzluninni.
r ráðgjört að gjöra eptirleiðis verðmun á ull eptir gæðum,
leyti sem því yrði við komið. Í stöku verzlunum öðr-
ru einnig, að sögn, gjörðar nokkrar tilraunir til að koma
i vöruvöndun. Þar á móti hefur minna verið reynt að
a stigu fyrir skuldum, enda var það síður tiltækilegt í
etra verzlunarári. Íslenzkar vörur frá árinu fyrir höfðu
ıt selzt illa erlendis, og kaupmönnum þótti eigi arðvæn-
ta út fyrst um sinn. Verðlag á vörum fór nokkuð eptir
Í Reykjavík var hvít ull á kauptíð á 75—80 aura pund-
slit á 55 aura, saltfiskur á 45 krónur skippundið, harð-
á 65 kr. skippundið, lýsistunnan á 40 kr., tólgarpund á
ra, smjörpund á 60 til 65 aura. Af útlendum vörum var
ınan 20 kr., bánkabyggstunnan 32 kr., baunatunnan 28 kr.,
ınd 1 kr., sykur 45—50 aura pundið, brennivín 75 aura
inn, o. s. frv. Líkt þessu varð verðlag vestanlands. Á
rlandi og Austurlandi var verð hærra á ull, en aptur sum-
einnig hærra á kaffi og sykri; að öðru leyti líkt. Korn-
›g kol voru ýmist seld eptir vigt eða máli. Haustverzlun var
erlega fjörmikil þetta ár, og fjártaka víða minni, en verið
stundum að undanförnu. Mest kvað að fjárverzlun Skota
tfjörðum og Eyjafirði. Af Oddeyri fluttu þeir hjer um bil
sauði, en af Eskifirði og Djúpavogi hjer um bil 950.
sauð keyptu þeir að jafnaði á 18—20 kr. Fjártökuverð
lunum var 15—20 aurar fyrir kjötpund, 30—35 aurar fyrir
ınd, og 30—35 aura fyrir pund í gæru. Yfir höfuð var

fjártökuverðið í lakara lagi fyrir landsmenn, og eptirsókn eptir fje minni en opt að undanförnu. Því hefur verið hreift af Sunnlendingum, að ná viðskiptum við Skota, líkt og Norðlendingar og Austfirðingar, til þess að fá betri markað fyrir það fje, er þeir vilja eða þurfa að selja. Það má telja til nýlundu, að um haustið voru á einum mánuði lagðar inn í verzlanir í Reykjavík nálægt 30000 rjúpur, og hver seld að meðaltali fyrir 40 a. Víða var um haustið kvartað um vöruskort í kaupstöðum, sjer í lagi á Vesturlandi. Aptur voru á Eyrarbakka, þar sem er hin mesta verzlun á Suðurlandi, mjög miklar vörubyrgðir. Í hinum nýlöggilta verzlunarstað í Þorlákshöfn er enn eigi byrjað á verzlun.

Auk hinna venjulegu gufuskipsferða milli Íslands og Danmerkur og umhverfis Ísland voru nú einnig af skozku gufuskipsfjelagi stofnaðar gufuskipaferðir milli Skotlands og Íslands; þær voru alls 8 að tölu, og kom skipið í hvert skipti við á nokkrum höfnum norðan lands og austan auk Reykjavíkur. Það flutti farþega milli landa, einkum útlenda ferðamenn, er ferðuðust hjer um land um sumarið, og vesturfara hjeðan; sömuleiðis flutti það út hesta, er Skotar keyptu nú á mörkuðum, eins og opt undanfarin ár. Hversu margt hrossa þeir fluttu nú út, hefur eigi frjetzt, en verðlag á hestum var svipað og árið áður, og þó heldur lægra.

Siglingar gengu á þessu ári að öllu samtöldu fremur tregt, sjer í lagi um vorið, sökum hafíssins, og aptur um haustið í áfellum og ofviðrum þeim, er þá gengu. Um vorið voru skipin lengi að hrekjast í ísnum aptur og fram, og löskuðust mörg en sum fórust alveg. Snemma í maí sökk kaupskip, er rekizt hafði á ísjaka, en menn komust með naumindum í bát, og hrakti þá burt. Norðmenn, er voru þar á skipi skammt frá, sáu þessi vegsummerki, og komu þar að, er skipið hafði farizt; leituðu þeir mannanna í 3 daga, unz þeir fundu þá, og komu þeim í íslenzkt hákarlaskip, er flutti þá til lands. Skömmu síðar fórst annað skip á líkan hátt fyrir Austfjörðum, langt undan landi, en skipverjar komust í bát, og náðu landi í Borgarfirði eystra eptir nokkurra dægra hrakninga. Nokkur önnur skip fórust þar um sama leyti eða skemmdust meira eða minna,

nnum varð flestum bjargað. Í septemberveðrunum strönd-
nnig nokkur skip, og aptur um haustið í októberáfellinu;
s hvorstveggja fyr getið. Þrátt fyrir öll þau skipströnd,
rðu við landið á þessu ári, munu að samtöldu mjög fáir
hafa farizt af þeim atvikum, að minnsta kosti eigi við
kipbrot, er menn höfðu nokkuð af að segja.

lysfarir virðast einnig hafa orðið í minna lagi eða
jón af þeim orsökum. Að minnsta kosti hafa færri og
skiptapar orðið, en opt hefur verið. Í marz drukkn-
menn úr Njarðvíkum, og aptur í desember aðrir 7 úr
sveit í Garðsjó í sunnanverðum Faxaflóa. Í maí drukkn-
menn úti fyrir Fáskrúðsfirði, og aptur í desember 4 á
sömu stöðvum. Í ágúst drukknuðu 4 á Skagafirði, í
ber 4 á Ísafjarðardjúpi, og aptur 2 nokkru síðar. Í á m
nuðu fáir. Þar á móti urðu að tiltölu nokkuð margir úti
rum bæði um veturinn og aptur um haustið, einkum
n lands og vestan. 2 menn fórust um haustið í snjóflóði
faðardal, 1 hrapaði um haustið fyrir Ólafsfjarðarmúla, en
sumarið í Vestmannaeyjum.

Heilsufar almennings var yfir höfuð gott á flestum tím-
s, að öðru en því, að megn kvefsótt gekk um haustið.
fylgdi lungnabólga og tök, er lögðu marga í rúmið, en
dóu. Sótt þessi gekk yfir allt land, en varð skæðust á
rlandi, og ljetust þar margir úr henni. Taugaveiki
í Skagafirði og víðar nyrðra um veturinn, og sömuleiðis í
avík um haustið skömmu fyrir jól, en þó eingöngu meðal
ilta, er lögðust margir í henni.

Menntir.

bókmenntalegu tilliti mátti kalla fremur gott árferði,
í leyti sem nú voru bækur gefnar út í fleira lagi, ýmsar
ga merkilegar, og flestar að einhverju leyti nýtilegar.

Í guðfræði voru gefin út ýms rit. Þess var fyr getið,
em minnzt var á sýnódus, að þeim prófasti Þórarni Böð-
yni og dómkirkjupresti Hallgrími Sveinssyni var falið á
r að koma út kirkjulegu tímariti, sem lengi hefur þótt

vanta hjer á landi. Þeir tókust þetta á hendur, og gátu komið út einu hepti eða hálfum árgangi fyrir árslokin. Tímarit þetta kalla þeir Kirkjutíðindi fyrir Ísland, og er ætlazt til, að það hafi inni að halda ritgjörðir um ýmsar greinir guðfræðinnar; um guðfræðisbækur og kirkjuleg rit, er út koma; um guðfræðisnám og kennslu; um stjórn andlegra málefna, og annað, er að því lýtur; um ýmislegt, er snertir safnaðarlífið, og auk þess stutt æfiágrip og eptirmæli merkra kennimanna og fl. Að þessu sinni hafði rit þetta eigi annað meðferðis, auk inngangsorða, en álitsskjal brauða- og kirknamálanefndarinnar, sem hjer að framan hefur minnzt verið. — Í fyrra árs frjettum er þess getið, að þá (1877) var gefin út Kristilegur barnalærdómur eptir lúterskri kenningu, saminn af Helga Hálfdánarsyni prestaskólakennara. Mörgum fjell kver þetta þegar svo vel í geð, að þeir óskuðu, að það yrði löggilt sem kennslubók í trúarbrögðum handa börnum; en áður en það yrði gjört, leitaði biskup álits prófasta og margra presta um það. Flestir þeirra luku á það lofsorði, og óskuðu, að það yrði sem fyrst löggilt, og sumir gjörðu við það nokkrar athugasemdir. Höfundurinn endurskoðaði það þá, og gjörði við það nokkrar smábreytingar. Síðan var það af stjórninni löggilt, eða leyft að nota það við trúarbragðakennslu barna ásamt Balslevs og Balles barnalærdómsbókum. Svo var það aptur út gefið 1878 með breytingum höfundarins, og framan við það prentuð Fræði Lúters hin minni, í nýrri þýðingu, lagaðri eptir þýzka frumritinu. Skömmu síðar kom út Stuttur leiðarvísir til að spyrja börn eptir barnalærdómi sjera Helga Hálfdánarsonar, eptir doktor Pjetur Pjetursson. Leiðarvísir þessi, sem víðast er mjög ljós og auðveldur, og vandaður að öllum frágangi, er ætlaður til þess að vera til hliðsjónar barnakennendum við kennslu trúarbragðanna, og jafnframt til þess að vekja greind barnanna og eptirtekt þeirra á því, er þau nema. Í því skyni er hver grein í barnalærdóminum liðuð sundur í greinilegar spurningar, og einnig leidd athygli að því, í hverju sambandi ritningargreinarnar standa við hverja lærdómsgrein. Með þessum tveimur kverum, barnalærdóminum og leiðarvísinum, er lögð góð undirstaða undir kristindómsþekkingu manna að líkindum um lang-

aldur, og má kalla, að því efni, sem lengi hefur þótt ábóta-
ıt, sje nú komið í gott horf. Af öðrum guðsorðabókum, sem
komu út, má nefna Bænakver, eptir Pál Jónsson, prest
Völlum í Svarfaðardal. Það eru daglegar bænir út af drott-
egri bæn, vikubænir á morgna og kveld, hátíða- og helgi-
gabænir, missiraskiptabænir og sjómannabæn. Bænir þessar,
ı eru mjög hjartnæmar og í sannkristilegum anda, eru ætl-
ır til að bæta úr skorti þeim, sem þótt hefur á bænum, við
ılestra. Þá var og út gefin Prjedikun á 4. sunnudag
tir trínitatishátíð, eptir Jón biskup Vídalín, gefin út
Jóni Straumfjörð. Ræða þessi, sem eigi hefur verið áður
ntuð, er um lagarjettinn, og mjög sköruleg og skorinorð,
s og þeim ræðusnillingi var títt. Þá voru einnig gefnar út
ır ræður aðrar: Ræða á gamlárskveld 1877, eptir kandí-
Magnús Andrjesson, og: Ræða á 4. sunnudag eptir
nitatis, eptir dómkirkjuprest Hallgrím Sveinsson, báðar
ır ósk áheyrandanna, er þótti sjerlega mikið til þeirra koma.
r að auki voru prentaðar líkræður eptir ýmsa menn. Enn
geta þess, að gefnar voru út Sögur úr biflíunni með
ıdum ásamt þrem greinum trúarjátningarinnar, þýddar úr
sku og vel vandaðar. Af eldri guðsorðabókum voru gefnar
Vorhugvekjur Pjeturs biskups Pjeturssonar, 2. útgáfa, og
ısíusálmar Hallgríms Pjeturssonar, 31. útgáfa.

Í stjórn- og lögfræði voru færri rit gefin út, en þó
ıur. Má fyrst til þess nefna Frumvarp til landbún-
rlaga fyrir Ísland, samið af minni hluta nefndar
ar, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 4. nóv. 1870
ð semja ný landbúnaðarlög fyrir Ísland, yfirdómara Jóni
urssyni. Frumvarp þetta er allmikill lagabálkur, og nær
töluvert fleira en frumvarp meiri hluta nefndarinnar. Það
ıjög skarplega og þjóðlega hugsað, og sniðið sem mest eptir
ım íslenzkum lögum. Einnig má telja Brjef til Íslend-
a um mál vor erlendis, eptir Íslending. Brjef þessi
einkum inni að halda greinir úr dönskum blöðum um ýms
zk mál og umræður á fólksþinginu út af verzlunarmálum
kattamálum Íslands. Eru brjef þessi einkar-fróðleg í sinni

Þá má enn nefna Alþingistíðindi 1877, og

Landsyfirrjettartíðindi 1877, hvorttveggja vel úr garði gjörð.

Í náttúruvísindum, sem íslenzkar bókmenntir hafa allt til þessa verið mjög fátækar af, voru nú gefnar út tvær merkilegar bækur, nefnilega Dýrafræði, samin af Benidikt Gröndal, og Steinafræði og Jarðarfræði, samin af sama manni. Þessar bækur fylla stór skörð í bókmenntum Íslands, þar sem aldrei hafa áður verið gefnar út nokkrar íslenzkar bækur í þessum fræðigreinum. Bækur þessar eru ekki eiginleg alþýðurit, heldur lærdómsbækur, og sjer í lagi ætlaðar til þess, að hafa þær við kennslu í skólum; en þó eru þær, einkum Dýrafræðin, nokkurn veginn aðgengilegar þeim alþýðumönnum, sem eru að sjer í betra lagi. Skiptingin er mjög greinileg, og lýsingin á hverju einu mjög stutt og gagnorð. Málið er ljóst og fjörugt. Að rit þessi fullnægi kröfum vísindanna er óefað, þar sem slíkur lærdóms- og vísindamaður hefur um fjallað. Sjerstaklega má geta þess, að í Dýrafræðinni eru allar íslenzkar tegundir einkenndar. Dýrafræðin er með 66 myndum, en Steinafræðin og Jarðarfræðin með 32 myndum og frágangur allur hinn vandaðasti. Höfundurinn hefur gefið handritin, en stjórnin veitt nokkurn styrk til prentunarkostnaðarins.

Í sagna-fræði og landa hafa bókmenntir vorar einnig auðgazt nokkuð. Bókmenntafjelagið, er opt hefur gefið út merkileg sagnarit, gaf nú enn út tvö auk Skírnis. Annað þeirra var Biskupasögur, 2. bindi 3. hepti. Hepti þetta hefur að færa fyrst kvæði Jóns biskups Arasonar, og þá þætti og ættartölur Skálholtsbiskupanna Gizurar Einarssonar, Marteins Einarssonar, Gísla Jónssonar og Odds Einarssonar, og Hólabiskupanna Ólafs Hjaltasonar og Guðbrands Þorlákssonar. Síðast eru registur yfir mannanöfn og staða- og landanöfn í 3. bindi. Jón Sigurðsson, Þorvaldur Bjarnarson og Eiríkur Jónsson, hafa unnið að því, að búa kvæðin og sögurnar undir prentun, en Sigurður Hansen hefur samið registrin. Útgáfan er öll mjög vönduð. Hið annað sagnaritið, er Bókmenntafjelagið nú gaf út, var Um Síðbótina á Íslandi, eptir Þorkel Bjarnason, prest á Reynivöllum. Sagnarit þetta er einkar-merkilegt og verulegur fengur fyrir bókmenntir vorar, þar sem það bæði skýrir frá

verjum hinum merkasta kafla í sögu lands vors, og er sam-
ıjög skipulega. Raunar hefur ýmislegt verið áður skráð um
ótina, en bæði er það á sundrungu og fremur í annáls- en
ı-sniði, og svo hafa þeir, er það hafa ritað, flestir verið of
ri siðbótinni, til þess að þeir gætu dæmt um atburðina
drægnislaust. En hjer er sagt frá siðbótinni í einni heild,
tildrögum hennar og afleiðingum, viðburðirnir raktir á
ulegan hátt, og sýnt samband þeirra hvern við annan, án
kurra hleypidóma. Efninu er svo fyrir komið, að fyrst er
ngangi stutt ágrip af kirkjusögu landsins frá því, er kristni
zt og fram að siðbótinni; þá kemur siðbótarsagan sjálf, en
ıst er eptirmáli, er segir frá afleiðingum siðbótarinnar og
skipun kirkjunnar eptir siðaskiptin. Registur fylgir. Að
ı er rit þetta vel úr garði gjört, og yfir höfuð eitt hið
rkasta rit, er samið hefur verið hjer á landi á síðari árum.
lmennri sagnafræði var eitt rit gefið út, nefnilega Ágrip
mannkynssögunni, eptir Pál Melsteð, fyrra hepti, er
r yfir fornaldarsöguna og fyrri hluta miðaldasögunnar. Þessi
nnkynssaga er hin þriðja, sem þessi merki sagnaritari hefur
ið út. Mun hún einkum vera ætluð alþýðumönnum og al-
)legum skólum og til undirbúnings undir lærðan skóla, enda
ðist hún svara vel til þess. Skipulag hennar er hið bezta, og
henni er sami snilldarblær og málfegurð, sem höfundinum er
) laginn. Þá var jafnframt gefið út Ágrip af landafræði,
mið að mestu eptir danskri alþýðukennslubók, frumritaðri af
.. Erslev, prófessori, sem er nafntogaður landafræðingur, og
fur samið margar landafræðisbækur, er hafa rutt sjer til
ms í Danmörku. Að samningu bókar þessarar í hinum ís-
ızka búningi hafa unnir fjórir fræðimenn: Páll Melsteð, Jón
estur Bjarnason, sem nú er í Nýja Íslandi, Þorvaldur Thor-
dsen, náttúrufræðingur, sem nú er í Kaupmannahöfn, og
jörn Jónsson ritstjóri Ísafoldar, er lagt hefur síðustu hönd á,
; sjerstaklega hefur samið kaflann um Ísland. Sem nærri má
)ta er bókin vel úr garði gjörð, er svo margir og góðir lær-
ómsmenn hafa um hana fjallað, enda er hún sjerlega fróðleg
; efnisrík, ekki stærri en hún er. En með því að það er
unnugt, að landafræði, hversu efnisrík sem hún er, er eins og

dauður bókstafur fyrir þá, er eigi hafa landabrjef, tókst Þjóðvinafjelagið á hendur að útvega handa Islendingum ensk landabrjef, mjög ódýr. Þau eru mjög vönduð og nákvæm það sem þau ná, en það er eigi nema yfir nokkur lönd, fyrir utan heimsálfurnar. Landabrjefum þessum fylgja nokkrar íslenzkar skýringar.

Í fornfræði er einnig nokkurra rita að geta. Meðal bóka þeirra, er bókmenntafjelagið útbýtti fjelögum sínum, voru: Alþingisstaður hinn forni við Öxará, með uppdráttum eptir Sigurð Guðmundsson málara. Það er einkum lýsing á Þingvelli og búðaskipun þar á fyrri öldum, með öðru fleiru, er þar að lýtur. Uppdráttur yfir Þingvöll, með litum, fylgir ritinu, en hinir aðrir uppdrættir eru yfir einstakar búðir, kirkju, Öxarárbrú m. fl. Rit þetta er einkar-vel og vandlega samið, og mjög fróðlegt; margt í því er raunar byggt á ágizkun, en líklegt er, að höfundurinn hafi víðast nærri farið, þar sem hann var maður skarpur og gagnkunnugri fornöldinni en flestir aðrir. Annað fornfræðisrit, er nú kom út, var: Leifar fornra kristinna fræða íslenzkra. Rit þetta var búið undir prentun af Þorvaldi Bjarnarsyni, presti á Melstað, með 1000 kr. styrk úr landssjóði. Efni bókarinnar er fornar íslenzkar þýðingar af kaþólskum prjedikunum og helgra manna sögum. Sökum ritmátans og fl. er hún eigi aðgengileg almenningi, en er talin mjög merkileg í fornfræðislegu og málfræðislegu tilliti. Útgáfan er mikið vandaverk, og þykir mjög svo vel af hendi leyst. — Til fornfræði, eigi síður en til sagnafræði og málfræði, má telja útgáfur fornsagna vorra. Tvær þeirra voru nú gefnar út, en það voru Gullþórissaga og Droplaugarsonasaga. Báðar hafa þær áður verið gefnar út, en þó eigi Gullþórissaga öll, fyr en nú. Droplaugarsonasögu fylgja skýringar yfir vísur þær, er eru í henni. Kandidat Þorleifur Jónsson, er nú er prestur að Presthólum, hefur gefið út báðar sögurnar, og svo samið skýringarnar. Útgáfurnar eru vel vandaðar og skýringarnar skarplega samdar.

Í eiginlegri málfræði kom eigi út nema einn ritlingur: Stuttar rjettritunarreglur með málfræðislegum skýringum, eptir Valdimar Ásmundarson, óskólagenginn mann,

ög vel menntaðan. Reglur þessar og skýringar eru ljósar
lega samdar. og er það þörf bók almenningi,
af skáldskaparritum þeim, er út komu á árinu, voru
erkustu þýdd úr öðrum tungum. Er þar einkum til að
þýðingar á tveimur sorgarleikum Shakspeares, en það voru
let Danaprins, þýddur af Mattíasi Jokkúmssyni og
konungur, þýddur af Steingrími Thorsteinson. Báðir
sorgarleikir eru með frægustu skáldritum Shakspeares, og
meðal mestu meistaraverka heimsins í skáldskaparlegu
. En þó alþýða manna hafi eigi enn sem komið er full
essara listaverka, með því hún er enn óvön slíkum búningi
ldskap, þá eru þau þó, bæði fyrir sakir efnisins og hinnar
larlegu þýðingar, hin mesta prýði bókmenntum vorum. Þá
efin út Sawitri, forn indversk saga, þýdd af Steingrími
steinson (áður prentuð í Þjóðólfi). Skáldsaga þessi þykir
káldlegri fegurð bera af flestum samkynja sögum, eigi að
í fornindverskum skáldskap, heldur jafnvel í skáldskap
þjóða. Þýðingin er efninu samboðin. Vönduð mynd fylgir
þessari. Þá var Nanna, gefin út af Jóni Ólafssyni, rit-
a Skuldar; það var Nýársgjöf og Sumargjöf, er fylgdi blaði
. Efni kversins er saga eptir ritstjórann, í fjörugum stýl
ögru máli, og nokkur ljóðmæli eptir eldri og yngri skáld,
að einhverju einkennileg, og sum mjög vel kveðin. Tvenn-
ímur, er talsvert þótti til koma, voru og gefnar út, en það
. Rímur af Hálfdáni gamla og Rímur af Gunn-
gi ormstungu. Hjer má enn telja tvær riddarasögur
zkar, er voru: Sagan af Hjeðni og Hlöðvi (útgefend-
Jónas Jónsson og Stefán Egilsson) og Saga af Vilmundi
utan (útg. Guðmundur Hjartarson).

Af ritum, er snerta sönglist, komu út: Sálmasöngs-
k með þremur röddum, eptir Pjetur Guðjohnsen. Í henni
lög (með texta) yfir flesta sálma í sálmabókinni síðustu, og
þeirra nokkur sálmalög önnur. Útgáfan er hin vandaðasta.
undir búa hana var hið síðasta þess konar verk hins ágæta
gfræðings, en eigi entist honum aldur til að leggja á það
stu hönd, og unnu þeir að því yfirkennari Helgi Helgasen
stúdent Einar Jónsson. Framan við er prentuð æfisaga

Guðjohnsens, eptir Einar Jónsson, vel samin. Sálmalög með þremur röddum, eptir Jónas Helgason, 1. hepti, með 24 lögum. Bók þessi á að gefast út í heptum, og hafa inni að halda öll lög sálmabókarinnar. Verður hún nokkru ódýrari en Guðjohnsens sálmasöngsbók. Söngvar og kvæði með tveimur röddum, 2. hepti, gefið út af Jónasi Helgasyni. Þetta rit er áframhald þess, er getið var í fyrra árs frjettum, og er eins vel út gjört sem þá, bæði að kvæðum og lögum. Í þessu hepti er 21 lag.

Af ritum, er snerta ýmislegt, sem ekki verður heimfært til neinna af flokkunum hjer að framan, má nefna nokkur; Um íslenkan faldbúning með myndum eptir Sigurð Guðmundsson málara, gefið út af frú Guðrúnu Gísladóttur (Briem) í Steinnesi, merkilegt rit í sinni röð og vel vandað að öllu. Lýsing Þingeyrakirkju, og ræður fluttar við vígslu hennar, með uppdráttum af kirkjunni. Þótt ritlingur þessi sje sjerstaklegs eðlis, er hann fyrir ýmsar sakir þess verður, að koma fyrir almenningssjónir, og mætti ef til vill verða til upphvatningar og leiðbeiningar einhverjum þeim, er feta vildi í fótspor þess, er kirkjuna ljet reisa. Stutt æfiminning Sigurðar Breiðfjarðar skálds, samin af Jóni Borgfirðingi. Rit þetta er æfisaga skáldsins með ættartölu hans og skrá yfir hin mörgu rit hans, prentuð og óprentuð. Aptan við eru prentuð nokkur ljóðmæli hans. Ritið, sem fremur lýsir hinum ytra lífsferli skáldsins en skáldskap hans, er samið af miklum fróðleik. Lítil ferðasaga Eiríks Ólafssonar, bónda á Brúnum í Rangárvallasýslu, er hann fór til Kaupmannahafnar 1876. Ferðasaga þessi er að því leyti merkileg, sem hún sýnir, hvernig fámenntaður, en greindur og eptirtektasamur bóndi á Íslandi lítur á líf í borgum erlendis. Um notkun manneldis í hallærum, eptir doktor Jón Hjaltalín. Bjargræðis-vandræðin við Faxaflóa 1877 gáfu höfundinum tilefni til að semja rit þetta, er sýnir með ljósum rökum, hvernig ýmsar íslenzkar jurtir og sjókvikindi, sem eigi eru hirt, má nota til matar, þegar á liggur.

Auk bóka þeirra, er hjer hafa verið taldar, voru gefnar út hið merkilega frjettarit Skírnir 1877—78, eptir Eirík Jónsson, Frjettir frá Íslandi 1877, Skýrslur og reikningar bókmenntafjelagsins 1877—78, Skýrsla lærða

lans 1877—78, Almanak þjóðvinafjelagsins 1879 árbók Íslands og fróðlegri ritgjörð um merkidaga o. fl.

Frjettablöðin voru hin sömu sem árið áður, og engin ting varð á ritstjórn þeirra önnur en sú, að doktor Grímur msen á Bessastöðum stýrði «Ísafold» mikinn tíma ársins, an Björn ritstjóri Jónsson var erlendis.

Prentsmiðjurnar voru einnig hinar sömu sem árið :. Sigurður prófastur Gunnarsson á Hallormsstað fjekk, r ósk nokkurra Austfirðinga, konungsleyfi til þess að stofna i prentsmiðju á Seyðisfirði, en honum entist eigi aldur til koma henni á stofn.

Bókmenntafjelagið hefur haldið líkri fjelagatölu sem undanförnu. Fjelagsmenn þeir, er tillag greiða, voru í sept-)ermánuði 773 að tölu, eða 21 færri en árið áður. Bóka ra, er fjelagið að þessu sinni gaf út, hefur verið getið hjer framan, en því má bæta við, að fjelagið (deildin á Íslandi) nú 500 kr. verðlaunum fyrir Íslands sögu (10 til 15 arkir stærð), er ná skyldi frá landnámstíð til vorra daga.

Þjóðvinafjelagið kom eigi við að þessu sinni að gefa ársrit sitt Andvara, en útbýtti fjelagsmönnum í þess stað, almanaksins, fyrra heptinu af ágripi mannkynssögnar, eptir Pál Melsteð, og enskum landabrjefum, sem rstveggja er fyr getið.

Um vísindaleg söfn vantar flestar skýrslur, en af því, mörgum þeirra er lagður nokkur fjárstyrkur árlega af lands- má ráða það, að þau aukist nokkuð á ári hverju, og það því nur sem sumum þeirra er við og við sent ýmislegt að gjöf, sem ýmsum bókasöfnum, forngripasafninu og ttúrusögusafni lærða skólans. Um náttúrusögusafnið þess getið, að því að þessu sinni gáfust ýmsar merkilegar nategundir frá Ameríku (gullsteinar o. fl.), frá Færeyjum, Dyngjufjöllum, af Mývatnsöræfum og víðar að; einnig nokkr- tegundir dýra, fugla, fiska og orma, sumt sjaldsjeð. Umnarmaður forngripasafnsins í stað Sigurðar málara ðmundssonar var settur fornfræðingurinn Sigurður gullsmiður fússon, ásamt inspektor Jóni Árnasyni.

Í latínuskólanum voru lærisveinar við byrjun skóla-

ársins 1877—78: 93. Af þeim voru 5 sagðir úr skóla á skólaárinu, en 10 útskrifuðust í lok júnímánaðar. Voru þá 78 eptir. 16 nýsveinar bættust við um sumarið og haustið, svo að lærisveinar skólans voru í nóvember 94. Þeir, sem útskrifuðust, voru: Finnur Jónsson, Páll Briem og Kjartan Einarsson, allir með fyrstu einkunn, og Geir Zoega, Halldór Þorsteinsson, Árni Þorsteinsson, Bjarni Jensson, Jóhannes Ólafsson, Ásgeir Blöndal og Eiríkur Gíslason, allir með annari einkunn. Kennslan og allt skipulag skólans fór fram samkvæmt hinni nýju skólareglugjörð, og þótti betur gefast í ýmsu, en margir ætluðu áður. Á prestaskólanum voru 9 stúdentar skólaárið 1877—78. Af þeim útskrifuðust í ágústmánuði 5, en 5 bættust aptur við um haustið, svo að stúdentar urðu þar jafnmargir veturinn eptir. Þeir sem útskrifuðust, voru: Jóhann Lúter Sveinbjarnarson með fyrstu einkunn, og Grímur Jónsson, Ólafur Ólafsson, Þorsteinn Benidiktsson og Þorleifur Jónsson með annari einkunn. A læknaskólanum voru 6 stúdentar báða veturna. 2 tóku embættispróf í júnímánuði: Árni Jónsson og Helgi Guðmundsson, báðir með fyrstu einkunn. Próf í forspjallsvísindum við prestaskólann tóku prestaskólastúdentarnir Einar Jónsson, Jóhann Þorsteinsson, Morten Hansen og Þorsteinn Halldórsson, allir með fyrstu einkunn, og læknaskólastúdentarnir Þórður Thoroddsen og Jón Johnsen, annar með fyrstu, en hinn með annari einkunu. Sams konar próf við háskólann í Kaupmannahöfn tóku þessir íslenzkir stúdentar: Björn Bjarnarson, Ólafur Halldórsson, Halldór Daníelsson og Jóhn Finsen með fyrstu einkunn, Þórhallur Bjarnarson og Sigurður Guðmundsen, með annari, og Jón Þórarinsson með þriðju einkunn.

Kvennaskólarnir taka árlega nokkrum framförum. Handa kvennaskólanum í Reykjavík var nú reist stórt og vandað skólahús tvíloptað, svo að nú bagaði eigi rúmleysi sem áður, enda fjölguðu stúlkurnar, sem í hann gengu, til helminga. Í nóvember voru þær 22 að tölu, og var þeim skipt í 2 bekki; en að öðru leyti var kennslunni hagað líkt og áður. Komið hefur til orða, að sameina kvennaskóla Norðlinga, hinn skagfirzka og hinn eyfirzka, og reisa þeim eitt hús í sameiningu. Að því leyti sem kvennaskólarnir eru styrktir úr landssjóði,

ında þeir undir umsjón stiptsyfirvaldanna. Sama regla hefur rið sett um barnaskóla þá, er njóta styrks af landssjóði. ir eru flestir á Suðurlandi, og hefur þeirra áður verið getið í ettum þessum. Þeir virðast allir vera á góðum framfaravegi, að öðru leyti er ekkert sjerlegt af þeim að segja. Í Flens- rg við Hafnarfjörð var nú stofnaður alþýðuskóli af gjöf irri, er Þórarinn prófastur Böðvarsson í Görðum og kona ns, Þórunn Jónsdóttir hafa gefið til slíkrar stofnunar, en það r jörðin Hvaleyri og skólahús í Flensborg með öllu tilheyr- di, hvorttveggja metið 6900 kr. virði. Skóli þessi á að vera rnaskóli fyrir Garðaprestakall á Álptanesi, en jafnframt að í leyti, sem því verður við komið, almennur menntunarskóli. ann stendur undir umsjón stiptsyfirvaldanna, er setja honum glugjörð. Í Reykjavík og á Seltjarnarnesi voru haldnir um na sunnudagaskólar, til þess að gefa þeim, er lítinn eða gan tíma hafa á virkum dögum, kost á nokkurri menntun, rir mjög litla borgun. Sömuleiðis tóku nokkrar heldri konur stúlkur í Reykjavík sig saman um, að veita fátækum stúlku- rnum ókeypis kennslu í saumi og prjóni þrjár stundir á g í þrjá mánuði.

Sjónarleikir voru leiknir í Reykjavík, í Stykkishólmi á Akureyri. Eigi voru aðrir íslenzkir af leikjum þessum en tilegumennirnir (eða Skuggasveinn) eptir Mattías Joch- ısson, er leiknir voru bæði í Stykkishólmi og á Akureyri. inir leikirnir voru útlendir, og leiknir sumpart á dönsku, en mpart í íslenzkum þýðingum. Alstaðar þótti takast vel að ka, og vera því góð skemmtun; en auk þess að skemmta, er ð kunnugt, að slíkir leikir jafnaðarlega hafa menntandi áhrif menn, og styðja á ýmsan hátt að góðri reglu.

Bindindisfjelög virðast heldur vera að fjölga og efl- t. Í skýrslu um fjelög þessi í blaðinu Skuld í júlímánuði er lað á, að bindindisfjelög á landinu muni þá hafa verið 11 lsins; er þar líklega nærri farið, en þó er eigi ólíklegt, að u sjen fremur fleiri en færri. Af bindindisfjelögum þessum rðist mest kveða að fjelögunum í Norðfirði og á Vestmanna- jum.

Að síðustu má geta þess hjer, að biskupinn kvaddi 25.

marz sjö menn í nefnd til þess, að endurskoða sálmabókina. Þessir menn voru prestaskólakennari Helgi Hálfdánarson, skólakennari Steingrímur Thorsteinson, ritstjóri Mattías Jochumsson, prófastur Björn Halldórsson í Laufási, og prestarnir Páll Jónsson á Völlum (nú í Viðvík), Stefán Thorarensen á Kálfatjörn og Valdimar Briem í Hrepphólum. Fimm nefndarmanna áttu fund með sjer í Reykjavík 5. júlí (nefndarmennirnir að norðan gátu ekki komið), og var sjera Helgi Hálfdánarson þá kjörinn formaður nefndarinnar. Biskupinn gaf nefndinni frjálsar hendur um það, hvernig hún vildi haga hinni fyrirhuguðu endurbót, og rjeð nefndin þá af, að stofna til nýrrar sálmabókar, er leyft yrði á sínum tíma að nota við guðsþjónustu ásamt hinum eldri sálmabókum. Gjört var ráð fyrir, að þessi nefndarstörf mundu taka upp nokkuð langan tíma, og að þeim mundi eigi lokið fyr en að nokkurra ára fresti.

Mannalát.

Meðal þeirra íslenzkra merkismanna, er önduðust á ári því, er hjer um ræðir, má fyrst og fremst telja Gísla Magnússon, skólakennara. Hann sigldi í júlímánuði til Skotlands til þess að leita sjer lækninga, og dó í Edinburgh 24. ágústm., og var þá 63 ára gamall (f. $^{15}/_{7}$ 1815). Gísli var maður flugskarpur, en nokkuð annarlegur í gáfnafari, sem lýsti sjer einkum í hinum forneskjulega stýl hans og rithætti. Hann var af mörgum álitinn einhver skarpasti og lærðasti málfræðingur á öllum Norðurlöndum, þó að fátt eitt liggi eptir hann á prenti. Hann lagði einkum stund á latínu og grísku, er hann kenndi jafnan í skólanum, og forntungu Norðurlanda; og auk þess gaf hann sig talsvert við hinni samanberandi málfræði. Hann var skólakennari nærfellt í 30 ár, og gegndi jafnan embætti sínu með mikilli alúð og skyldurækni. Annar merkastur maður, er ljezt á þessu ári, var Sigurður Gunnarsson, prestur á Hallormsstað og fyrrum prófastur í Suður-Múlasýslu. Hann andaðist 22. nóvbr., 66 ára að aldri. Hann var höfðingi mikill í hjeraði sínu, og gaf sig mjög við þjóðmálum og margs konar góðum og nytsömum fyrirtækjum. Hann átti og um tíma setu á alþingi. Hver-

vetna þótti hann koma fram til góðs, og meira kvað að honum heima í hjeraði, en flestum mönnum öðrum hjer á landi, honum samtíða. Fróðleiksmaður var hann mikill í mörgum greinum, og hefur hann ritað margt fróðlegt í blöð og tímarit. Eitt af því, sem hann lagði stund á, var læknisfræði. Þótti hann svo vel að sjer í þeirri grein, og svo tókust honum vel lækningar, að hann var um tíma settur til að gegna hjeraðslæknisstörfum. Hann var mjög ástsæll af hjeraðsbúum sínum og öðrum, og vinsældum hans og mannkostum var opt við brugðið. Annar merkisprestur andaðist í sama mánuði, nokkru fyr; en það var Símon Daníel Vormsson Beck, prestur á Þingvöllum við Öxará. Hann dó 8. nóvember, 64 ára gamall. Hann hafði verið prestur þar undir 40 ár, og um nokkur ár var hann einnig prófastur í Árnessýslu, Hann var eigi aðkvæðamaður eins mikill og sjera Sigurður Gunnarsson, en einnig sæmdarmaður og vel látinn, mjög samvizkusamur og skyldurækinn embættismaður, og í öllu hinn mesti reglumaður. — Þriðji presturinn, sem dó á þessu sama ári, var Ólafur Þorvaldsson (Böðvarssonar), prestur í Viðvík. Hann dó 14. janúar, 72 ára gamall. Hann var einnig í mörgu merkismaður, fjörmikill og þrekmikill, og hinn mesti dugnaðar- og starfsmaður. Hann var hagleiksmaður og vel að sjer um margt, rækti vel embætti sitt og var vinsæll af mörgum. Fjórði presturinn var Magnús Hallgrímsson Thorlacíus, síðast prestur í Reynistaðarþingum. Hann dó 15. desember, 58 ára gamall. 3. júní dó Jón Auðunn Bjarnarson Blöndal, 53 ára. Hann var fyr meir prestur að Hofi á Skagaströnd, en hætti við prestskap ungur, og varð síðar verzlunarstjóri á Grafarósi, en síðar kaupstjóri Skagfirðingafjelagsins og alþingismaður Skagfirðinga. Hann var prúðmenni, kjarkmaður, atgjörvismaður í mörgu og mikils virður. 20. janúar dó Ole Peter Möller, kaupmaður í Reykjavík, maður sjerlega fróður og vel menntaður. Hann var 64 ára, er hann ljezt. 27. júní dó Chr. Jensen, verzlunarstjóri á Oddeyri, maður vel að sjer og vel látinn. Hann var um fertugt. 22. júlí dó Friðfinnur Þorláksson, gullsmiður á Akureyri, 55 ára gamall, nafnkenndur hagleiksmaður. 1. september dó Stefán Einarsson (frá Reynistað), stúdent

og bóndi á Krossanesi, miðaldra. Af öðrum mönnum úr bændastjett má nefna þá Jón Jónsson, umboðsmann í Vík í Vestur-Skaptafellssýslu, er dó 27. apríl, og Þórarinn Hallgrímsson á Ketilstöðum á Völlum, er dó um haustið; þeir voru báðir merkir menn í mörgu, og voru rúmlega miðaldra, er þeir dóu.

Meðal þeirra íslenzkra merkiskvenna, er dóu á árinu, voru einkum kunnar: Ágústa Johnsen, dóttir Gríms amtmanns Jónssonar; hún dó í Kristjánsdalsklaustri á Sjálandi 1. apríl, nálægt 57 ára. Elín Jónassen, dóttir jústizráðs Magnúsar Stephensens í Vatnsdal, en kona Theódórs Jónassens, sýslumanns í Hjarðarholti; hún dó í Reykjavík 5. apríl, nálægt 39 ára. Guðný Benidiktsdóttir, kona Þórarins prófasts Erlendssonar á Hofi í Álptafirði; hún dó 8. maí, 76 ára. Sigríður Þórðardóttir Stephensen, dóttir Þórðar Bjarnarsonar, kansellíráðs í Garði, en ekkja þeirra sjera Tómasar Sæmundssonar á Breiðabólstað og jústizráðs Ólafs Stephensens í Viðey; hún dó 30. sept., 75 ára. Jóhanna Kristjana Gunnlaugsdóttir, dóttir kammerráðs Gunnlaugs Briems á Grund, en ekkja prestanna Gunnars Gunnarssonar í Laufási og Þorsteins Pálssonar á Hálsi. Hún dó 23. okt., 65 ára.

Frá Íslendingum í Vesturheimi.

Mannflutningar frá Íslandi til Vesturheims urðu nú nokkru meiri en árið áður. Svo er sagt, að vesturfarar hafi að þessu sinni orðið samtals 422. Af þeim fóru hátt á annað hundrað til Nýja-Íslands, um 100 til Ontario, um 100 til Minnesota í Bandaríkjum, nokkrir til Nýja-Skotlands, og enn nokkrir á aðra staði. Vesturfarar voru flestir af Austurlandi og Norðurlandi.

Frá Nýja-Íslandi, sem er aðalbyggð Íslendinga fyrir vestan haf, mætti þegar gjöra nokkra sögu, en hjer er eigi rúm fyrir nema örstutt yfirlit yfir hagi landa vorra vestur þar.

Í þessum þætti í frjettum fyrra árs er þess getið, hvernig Ný-Íslendingar komu fyrir stjórnarmálum sínum og kirkjumálum. Á stjórnarhögum þeirra hefur síðan lítil breyting orðið,

en þar á móti hefur verið talsverð hreifing á kirkjumálum í nýlendupni. Þar mynduðust 9 söfnuðir; tókst Jón prestur Bjarnason á hendur prestsþjónustu í 5 þeirra, en 4 söfnuðir fengu fyrir prest Pál prest Þorlákssou, sunnan úr Bandaríkjum, og sömdu þeir sjerstök safnaðalög fyrir sig. Eigi leið á löngu, áður en fór að rísa talsverður ágreiningur milli hinna tvenns konar safnaða, og fylgdi hvor sínum presti, en skoðanir þeirra voru mjög mismunandi í ýmsum atriðum, bæði að því er snertir kirkjustjórn og trúarefni. Í trúarefnum hjelt Jón prestur við Lúters lærdóm, eins og hann er skilinn og kenndur hjer á landi, nema að því leyti sem hann lagði eigi eins ríka þýðingu í trúarjátningarnar, og í safnaðastjórn vildi hann hafa meira frelsi. Páll prestur fylgdi aptur norskum kirkjuflokki í Ameríku, er heldur fastara við bókstafinn, og hefur strangari skoðun á ýmsum trúarlærdómum, og ófrjálslegri kirkjustjórn. Út úr ágreiningsatriðum þessum spunnust ritdeilur nokkrar í blaðinu Framfara milli ritstjórans Halldórs Briems og Páls prests Þorlákssonar. Svo urðu mikil brögð að ágreiningi þessum, að eigi þótti mega svo búið standa, og var haldinn almennur trúarfundur á Gimli. Fund þennan sóttu á þriðja hundrað manna, og stóð hann í 2 daga (25.—26. marz). Er það hinn fyrsti trúarfundur, sem haldinn hefur verið af íslenzkum mönnum. Á fundinum töluðu prestarnir mest, og vörðu hvor um sig skörulega sinn málstað; en svo bar mikið á milli, að hvorugur gat sannfært annan nje miðlað málum, og skildu þeir að því leyti við svo búið. En hins vegar kom þeim og báðum flokkunum saman um það, að láta af ritdeilum, og láta eigi hinar mismunandi skoðanir sínar verða til að ala flokkadrætti og spilla friði í nýlendunni. Upp frá þessu slotaði trúardeilunum, og um vorið fór Páll prestur suður til Bandaríkja.

Atvinnuvegir og bjargræði nýlendubúa gekk nokkuð misjafnara en árið áður. Snemma vetrar var stjórnarlánið þrotið, og urðu menn þá að fara að bjargast að öllu leyti á eigin rammleik, því að eigi var að hugsa til að fá meira lán. Árferðið fór um þær mundir eigi að óskum, og kom það í hámæli, að horfa mundi til stórra vandræða með björg, ef eigi yrði því fljótara greitt úr. Þingráðsstjóri ljet þegar gjöra að-

sjón hjá mönnum um alla nýlenduna, og kom það þá upp, að 116 heimili mundu vera allvel stödd, og jafnmörg önnur eigi aflagsfær, en 23 að kalla bjargarlaus. Í söfnuðum Páls prests sáu menn eigi annað ráð vænna en að leita hans, og biðja hann að útvega sjer styrk nokkurn til að geta lifað. Hann tók því vel, og leitaði til trúarbræðra sinna í Bandaríkjum, en þegar urðu við áskorun hans, og sendu söfnuðum hans drjúgan styrk til framfæris þeim í bráðina. Þessu tiltæki reiddust margir í hinum söfnuðunum, kölluðu þetta betl, og þótti ómannlegt að leita svo fljótt á náðir annara, í stað þess að reyna að bjargast sjálfir í lengstu lög. Af þessu varð enn ópokki með flokkunum, enda var trúarágreiningurinn þá jafnframt. En þó að bjargbón þessi væri gjörð í góðu skyni, varð hún þó til þess að koma því orði á, að nýlendan væri enn aumlegar á sig komin, en hún í rauninni var. Bráðum rjettist nokkuð úr, því tíðarfarið var yfir höfuð mjög gott um veturinn. Vorið var nokkru kaldara að sínu leyti, og svo sumarið. Þó varð uppskera sæmileg víða. Hveiti, mais og baunir sprottu allvel, og sömuleiðis kartöflur, en miður aðrir garðávextir. Kvikfjárrækt er enn lítil í nýlendunni, en því meira munar um fiskiveiðarnar, Winnipeg-vatnið er eitt með fiskisælustu vötnum, og hefur veiði í því mjög sjaldan brugðizt, þá er til þess hefur náð. Hefur það bjargað mörgum, og er svo sagt, að trauðlega mundu nýlendumenn hafa bjargazt í hjeraði þessu, ef þeir hefðu eigi notið vatnsins. Árferðið mun þannig að öllu samanlögðu hafa mátt heita í meðallagi. Skarlatssótt og mislingasótt stakk sjer niður á stöku stað, en að öðru leyti var heilsufar gott í nýlendunni.

Hagur nýlendunnar stendur yfir höfuð fremur tæpt. Eitt af því, sem einna-mest stendur henni fyrir þrifum, er vega- og samgönguleysi, sem virðist vera enn tilfinnanlegra þar en hjer. Viðskipti nýlendumanna við Ameríkumenn eru eigi mikil enn, enda er eigi öðrum en Íslendingum leyft að nema þar land. Nýlendumenn sjálfir eru eigi á eitt sáttir um það, hvort banna eigi öðrum en Íslendingum aðgang að landinu eða eigi, og er um það nokkur ágreiningur milli hinna mest málsmetandi manna þar. Sumir þeirra vilja opna nýlenduna, eða

leyfa öllum þjóðum þar frjálsa aðgöngu, til þess að þeir bæði geti betur lært af öðrum þjóðum og notið góðs af því, að fá fleiri efnaða menn í fjelag sitt; en sumir vilja láta nýlenduna fyrst um sinn vera lokaða, og leyfa eigi öðrum landnám, til þess að þeir einir geti uppskorið ávöxt þess, er þeir einir hafa sáð, og auk þess varðveitt sem lengst tungu sína og þjóðerni. Ekkert var af ráðið um þetta, þá er síðast frjettist.

Ritað í marzmánuði 1879.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

ÁRIN 1879 OG 1880

EPTIR

JÓNAS JÓNASSON
STUD. THEOL.



REYKJAVÍK.
Í PRENTSMIÐJU FINARS ÞÓRÐARSONAR.
1882.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

ÁRIN 1879 OG 1880

EPTIR

JÓNAS JÓNASSON

STUD. THEOL.



REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU EINARS ÞÓRÐARSONAR.

1882.

Yfirlit efnisins.

Frjettir 1879 . . . . . 1.—35. bls.

1. Landsstjórn . . . . . 1.—12. bls.
2. Atvinnuvegir . . . . . 13.—22. —
3. Menntun . . . . . 22.—33. —
4. Mannalát . . . . . 33.—39. —

Frjettir 1880 . . . . . 41.—85. bls.

1. Landsstjórn . . . . . 41.—50. bls.
2. Árferði og atvinnuvegir . . . . 51.—62. —
3. Menntun . . . . . 62.—72 —
4. Könnuð fjöll . . . . . 72.—76. —
5. Útför Jóns Sigurðssonar . . . 76.—80. —
6. Mannfjöldi og lát heldra fólks 80.—85. —

1879.

I. Landsstjórn.

Hið þriðja löggjafarþing Íslendinga var sett 1. dag júlímánaðar sem vandi er til. Voru á því þingi flestir hinir sömu þingmenn og höfðu átt sæti á hinum fyrri löggjafarþingum. Til þingsins komu eigi þingmaður Ísfirðinga, Jón riddari Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, og hinn nýkosni þingmaður Suður-Múlasýslu, Jón bóndi Pjetursson á Berunesi; hafði lasleiki hamlað þeim báðum frá förinni. Af nýjum þingmönnum komu Björn ritstjóri Jónsson sem fulltrúi Strandasýslu í staðinn fyrir Torfa bónda Einarsson á Kleifum, er andaðist 1878; sömuleiðis komu og tveir nýir þingmenn fyrir Skagafjarðarsýslu, Jón landritari Jónsson og Friðrik bóndi Stefánsson á Ytra-Vallholti; af hinum fyrri þingmönnum þessa kjördæmis var annar þeirra, Jón kaupstjóri Blöndal, andaður, enn hinn, Einar bóndi Guðmundsson á Hraunum, vildi ei lengur hafa þingsetu á hendi.

Hið fyrsta af störfum þingsins var að kjósa embættismenn þess, og urðu þeir þessir: forseti hins sameinaða alþingis varð Pjetur biskup Pjetursson, en varaforseti þess Dr. Grímur Thomsen; skrifarar hins sameinaða alþingis urðu Eiríkur prófastur Kúld og Ísleifur prestur Gíslason Forseti í neðri deild þingsins varð Jón bóndi Sigurðsson á Gautlöndum, og varaforseti sömu deildar Dr. Grímur Thomsen; skrifarar neðri þingdeildar urðu Ísleifur prestur Gíslason og Björn ritstjóri Jónsson. Forseti hinnar efri deildar þingsins varð Pjetur biskup Pjetursson, varaforseti sömu deildar Bergur amtmaður Thorberg; skrifarar efri deildarinnar urðu Magnús yfirdómari Stephensen og Eiríkur prófastur Kúld.

Á þessum blöðum er ei rúm til þess að greina frá að-

gjörðum þingsins um hvert mál, umræðum um þau og ástæðum, er færðar hafa verið með og mót. Þeim, sem vilja vita gjör um það, verðum vjer að vísa til þingtíðindanna. Hjer skal að eins getið frumvarpa þeirra, er lögð voru fyrir þetta þing, bæði af hálfu stjórnarinnar og landsmanna, og laga þeirra, sem afgreidd voru á því.

Af hinum konunglegu frumvörpum, sem lögð voru fyrir þingið, náðu þessi fram að ganga;

1. Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1880 og 1881, staðfest af Friðrik konungsefni í fjærveru konungs sem lög 24. okt. 1879.
2. ——— — fjáraukalaga fyrir árin 1876-77. Staðfest sem lög af sama 10. okt. s. á. Eptir þeim lögum eru veittar 11422 kr. 83 aurar til viðbótar við útgjöld þeirra ára.
3. ——— — fjáraukalaga fyrir árin 1878-79; staðfest sem lög af sama 10. okt. s. á. Eptir þeim lögum veittust 44391 kr. 84 aurar til viðbótar þessum árum. Mest af þessu fje gekk til viðbótar við þingkostnaðinn bæði árin og svo til gufuskipsferða, hegningarhúss, og 11390 kr. 10 aurar til vitabyggingarinnar á Reykjanesi.
4. ——— — laga um samþykkt á reikningnum um tekjur og gjöld Íslands á árunum 1876 og 1877. Staðfest af sama s. d.
5. ——— — laga um skipun prestakalla og kirkna; staðfest af sama 27. febrúar 1880.
6. ——— — laga um kirkjugjald af húsum.
7. ——— — laga um viðauka við sóttvarnarlög 17. des. 1875; staðfest sem lög af Friðriki konungsefni 24. okt. s. á.
8. ——— — laga um breyting á lögum um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað 19. okt. 1877; staðfest af konungi sem lög 19. sept. s. á.
9. ——— — laga um kaup á þeim þrem hlutum silfur-

bergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á. Staðfest af konungi sem lög 19. sept. s. á.

10. Frumvarp til laga, sem hafa inni að halda viðauka við tilskipun um póstmál á Íslandi 27. febr. 1872. Staðfest af konungi sem lög 10. okt. s. á.

Eitt af hinum konunglegu frumvörpum, frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, varð eigi útrætt á þessu þingi. Konungleg frumvörp, sem eigi náðu fram að ganga eða voru felld af þinginu, voru þessi:

1. Frumvarp til laga um sætisfisksgjald.
2. ——— — — um breytingar á tilskipun 27. jan. 1847 um tekjur presta og kirkna.
3. ——— — — um breyting á lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. okt. 1875.

Auk hinna konunglegu frumvarpa voru og lögð fyrir þingið allmörg frumvörp, borin upp af þingmönnum sjálfum, og voru þau af þeim, er afgreidd voru sem lög af alþingi, þessi.

1. Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Jökulsárós á Sólheimasandi. Staðfest af konungi sem lög 19. sept. 1879.
2. ——— — — um löggilding verzlunarstaðar við Hornafjarðarós í Austur-Skaptafellssýslu. Staðfest sem lög af Friðrik konungsefni 24. okt. s. á.
3. ——— — — um kauptún við Kópaskersvog í Norður-Þingeyjarsýslu; staðfest sem lög af sama s. d.
4. ——— — — um stofnun lagaskóla í Reykjavík.
5. ——— — — um vitagjald af skipum; staðfest af konungi sem lög 10. okt. s. á.
6. ——— — — um smáskamtalækningar.
7. ——— — — um breyting á lögum dagsettum 14. des. 1877 um gagnfræðaskólann á

Möðruvöllum; staðfest sem lög af Friðriki konungsefni 7. nóv. s. á.

8. Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald á brenniviní og öðrum áfengum drykkjum, dagsettum 11. febr. 1876, og tilskipun 26. febr. 1872. Staðfest sem lög af Friðriki konungsefni 7. nóv. s. á.
9. ——— — — um breytingar á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi. Staðfest sem lög af Friðriki konungsefni s. d.
10. ——— — — um eptirlaun presta.
11. ——— — — um skyldu presta til að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag.
12. ——— — — um stjórn safnaðamála og skipun sóknanefnda og hjeraðsnefnda.
13. ——— — — um brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá.
14. ——— — — um brúargjörð á Skjálfandafljóti.
15. ——— — — um breyting á 7. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta á Íslandi, 17. des. 1877; staðfest sem lög af Friðriki konungsefni 24. okt. 1879.
16. ——— — — um breyting á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872.
17. ——— — — um uppfræðing barna í skript og reikningi.

Auk þessara laga, sem hjer hafa verið greind að framan, samþykkti þingið ýmsar uppástungur til ályktunar, og eru þær þessar:

1. Þingsályktun um að hvor Skaptafellssýslna fái sjerstaka verðlagsskrá.
2. ——— um að hvert sýslufjelag fái sjerstaka verðlagsskrá.
3. ——— um sölu á þjóðjörðum.
4. ——— um prentun prestaskólafyrirlestra.
5. ——— um bygging og ábúð þjóðjarða.
6. ——— um fyrirkomulag strandferðanna.

7. Þingsályktun um bygging á húsi handa alþingi og söfnum landsins.
8. ——— a, um að setja nefnd til að rannsaka notkun á landsfje í þarfir lærða skólans.
   b. um skólamál.
9. ——— a. um að setja nefnd til að rannsaka, hvernig laxafriðunarlaganna hafi verið gætt.
   b. um laxveiðarnar í Elliðaánum.
10. Þingsályktun, er snertir yfirskoðun landsreikninganna.
11. Þingsályktanir, er snerta álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1876—77.
12. Kosning yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1878 og 1879.
13. Þingsályktun um að setja nefnd til að íhuga fátækralöggjöf 8. jan. 1834.

Ein uppástunga var felld.

Fyrirspurnirnar voru þrjár: ein frá Dr. Grími Thomsen, 1. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu um verzlunarsamning milli Danmerkur og Spánar, önnur frá Þorláki Guðmundssyni, 2. þingmanni Árnesinga um reglugjörð og laun handa hreppstjórum, og þriðja frá Páli Pálssyni, þingmanni Skaptfellinga um frávísun umboðsmanna Hörgslands- og Kaldaðarness-spítala.

Enn fremur skal þess getið, að undir þinglok voru kosnir tveir menn til þess að yfirskoða landsreikningana fyrir árin 1878 og 1879; fyrir kosningunni urðu þeir yfirdómari Magnús Stephensen og Dr. Grímur Thomsen.

Af öllum þessum málum tóku fjárlögin upp lengstan tíma, enda er og í þeim margs að gæta. Í frumvarpi stjórnarinnar var sú áætlun gjörð, að tekjur Íslands á fjárhagstímabilinu yrðu 791923 kr. 20 aurar, enn útgjöld 717399 kr. 94 aurar, og afgangur 74523 kr. 26 aurar, er leggjast skyldi til viðlagasjóðsins. En í meðferð þingsins breyttist þetta nokkuð, svo að eptir ágizkun þess urðu tekjurnar nálægt 14000 kr. minni, eða 777825 kr. 20 aurar, og útgjöldin að sama skapi minni, nl.

704725 kr. 12 a. Hjer er eigi rúm til þess að sýna, í hverju þessi munur er fólginn; en í ýmsu var þetta frumvarp öðruvísi en þau, sem hafa komið frá undanfarandi þingum, og má þar til nefna laun sýslumanna, sem hófu með öðru gjöldin til umboðsstjórnarinnar úr 194000 kr. upp í 316000 kr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja hafði stjórnin lagt til að veittar væru 10000 kr., en þingið veitti ei nema 6000. Til skóla (kvenna- og barnaskóla), bókasafna, forngripasafnsins og menntunarfjelaganna veitti þingið að öllu samtöldu rúmar 18000 kr., til óvissra útgjalda 6000 kr. o. s. frv.

Landbúnaðarlaga-frumvarpið frá stjórninni var afarmikill bálkur, og er það bæði mikið mál og vandasamt; enda var ekki tekinn til umræðu nema einn þáttur þeirra, um ábúð jarða, og varð hann ei útræddur, og beið svo frumvarpið til næsta þings.

Eitt hið helzta af þeim málum, er afgreidd voru frá þinginu, var frumvarpið um skipun presta og kirkna; hefir þess verið áður getið í frjettum þessum sem undirbúnings-frumvarps frá nefnd þeirri, er til þess var kosin. Eptir því frumvarpi eru 140 prestaköll á landinu. Enn fremur var afgreitt frumvarp um eptirlaun presta; skal eptir því hver prestur hafa að eptirlaunum 10 kr. fyrir hvert ár, er hann hefir verið við prestsþjónustu. Frumvarpið um uppfræðing barna í skript og reikningi leggur prestunum á herðar að sjá svo um, að hvert barn, sem fermt er, sje nokkurnveginn að sjer í skript og einföldum reikningi.

Þingi var sagt slitið 27. ágúst, og hafði það staðið yfir í 58 daga, og voru þar af 50 virkir dagar. Í neðri deild þess voru haldnir 61 fundir en í efri deild 54, og í sameinuðu þingi 3. Þingið hafði alls 94 mál til meðferðar, og af þeim voru 73 lagafrumvörp. Af frumvörpum þessum voru 27 afgreidd sem lög, 7 eigi útrædd, 28 felld af þinginu og 7 tekin aptur af þingmönnum sjálfum. Þingið hefir því miklu afkastað, þar sem þó sum af lögum þessum og málum tóku upp afarmikinn tíma og höfðu mikla fyrirhöfn í för með sjer. Í þinglok ritu báðar þingdeildirnar konungi sitt ávarpið hvor til þess að flytja honum kveðju þess og heillaóskir.

Hinu þriðja löggjafarþingi lauk með friði og samlyndi, og þannig er á enda hinn fyrsti kjörhringur löggjafar-þinga Íslendinga. Löggjafarstörfin hafa byrjað vel og hamingjusamlega, og furðanlega miklu verið afkastað á eigi lengri tíma enn þessi er orðinn. Það er eigi við að búast, að allir felli sig við gjörðir þingsins í öllu; en slíkt hefir lítið að þýða, þó einhver finni að eða þætti annað betra, því bæði er það, að þingið má ei fremur en aðrir gjöra svo öllum líki, og annað það, að frumsmíðir standa til umbóta, þar sem um lög er að ræða sem annað. Sumum þykir þingið afkasta litlu, en þessi aðfinning er á litlum rökum byggð; fyrst og fremst hefir það lokið mörgum vandasömum lögum, sem mikinn tíma þarf til, svo sem vegalögum, læknalögum, þingskapalögum, launalögum, tíundarlögum, skattalögum, tolllögum, póstlögum, kirkjumálalögum og mörgum fleirum, sem mikið kveður að; annað er það, að eigi dugir að hrapa að setning laga, sem gilda skulu fyrir land og lýð. Fjárlögin hafa jafnan tekið upp mikinn tíma, enn á þessum tíma hefir fjárhagur landsins líka komizt í allgott horf. Allmiklu fje hefir verið varið til framfara og framkvæmda, þó að árangurinn hafi ekki altjend verið svo mikill sem skyldi. Meiri hluti manna er og á því, að verja fje landsins því til framfara, en eigi geyma það eins og grafið gull ávaxtalaust. Enda var og á þessu þingi óspart lagt fje til ýmissa fyrirtækja, sem nauðsynlega þurftu fram að fara, t. d. um 100,000 krónur til þinghússmíðar, allmikið fje til aðgjörðar dómkirkjunni í Reykjavík o. s. frv. Sömuleiðis voru og veitt lán til ýmissa fyrirtækja, sem eru til mikilla framfara fyrir land og lýð, svo sem brúargjörða, o. fl. Nokkrar af þessum fjárframlögum verða nefndar síðar.

Það má telja merkilegt í stjórnarsögu landsins, að þetta þing er hið fyrsta síðan málstofurnar urðu tvær, að mál voru rædd í sameiginlegu þingi. Það voru fjárlögin, sem komust þangað, og má óhætt telja það til góðra framfara, þar eð skoðanir manna geta þá komið ljósar fram samhliða og í einu, og við það geta mál gengið fljótara; því að það er auðvitað, að málstofuskiptingin er stundum eigi annað, en til tafar.

Vegabætur á fjallvegum hafa orðið nokkrar þetta ár

sem endrarnær, og má helzt til nefna framhald vegarina á Holtavörðuheiði, Grímstungnaheiði og Kaldadalsvegi. Sömuleiðis var og gjörr vegur yfir Kamba, en það er vegurinn upp á Hellisheiði að austan. Auk þess hafa víða verið gjörðar vegabætur í sveitum, á sýslu vegum og hreppavegum, og hefir sumt af því verið allmikið mannvirki, en hjer er eigi rúm til þess að telja það upp, enda gjörist þess eigi þörf.

Póstgöngur um landið hafa orðið fyrir litlum breytingum, og þær breytingar, sem orðið hafa, t. d. á brjefhirðingarstöðum og aukapóstferðum hafa eigi svo mikla þýðingu, að það taki því að telja það upp hjer. Gufuskipaferðirnar í kring um landið hafa menn verið heldur óánægðir með, og þótti þeim vera hagað þannig, að þær væru fremur Reykvíkingum og kaupmönnum í hag, en landsmönnum sjálfum. Kvað svo rammt að þessari óánægju manna, að þingið skarst í leikinn, og samdi ferðaáætlun, sem það áleit landsmönnum miklu haganlegri en hinar fyrri, og skoraði á landsstjórnina að hlutast til um, að þeirri áætlun væri fylgt; ef þessu yrði ei framgengt, vildi þingið skora á landsstjórnina, að semja við stórkaupmann R. Slimon í Leith eða einhvern annan, er byði jafngóð kjör sem hann. Slimon hafði nl. áður boðið landsmönnum að senda þeim póstskip með langtum haganlegri áætlun, en hin danska hafði verið, fyrir 18000 kr. tillag af landsfje. Sömuleiðis lagði alþingi það til, að stjórnin hlutaðist til um, að seglskip yrði sent upp til Íslands, annaðhvort frá Danmörku, Skotlandi eða Hjaltlandseyjum síðast í janúarmánuði, þannig að það gæti aptur farið úr Reykjavík 4. dag febrúarmánaðar. Virtist svo, sem að full nauðsyn væri á, að skip færi milli Íslands um þann tíma sem endrarnær. Frá þessu verður betur skýrt í næstu ársfrjettum.

Laxveiðar Thomsens í Elliðaánum hjeldu áfram sem áður þannig, að hann þvergirti báðar kvíslar árinnar eða ánna, og þóttist einn eiga hvern lax, sem í árnar gengi. Það er alkunnugt, hve illa þessi veiðaraðferð Thomsens hefir verið þokkuð, og hefir það opt lýst sjer í því, að bændur hafa veitt kistum hans aðgöngu á nóttum og rofið þær. Þetta varð og nú sem áður, og voru kisturnar rofnar þrisvar um sumarið; og

í síðasta skiptið af 30 manns um albjartan dag; en Thomsen ljet jafnharðan byggja þær aptur. Þetta mál komst fyrir þingið, og var í því sett nefnd manna, til þess að rannsaka til hlítar, hvort Thomsen ætti eins óyggjanda rjett til þvergirðinganna, sem hann segði og eldri dómar hefðu dæmt. Nefndin hafði í frammi ítarlegar rannsóknir og skoðunargjörðir, og bar að síðustu fram tillögu til þingsályktunar fyrir neðri deild þingsins; efni þeirrar tillögu var, að skora á landshöfðingja að skipa að taka kisturnar með þvergirðingunum burt úr Elliðaánum með fógetagjörð, og hefja málssókn á hendur Thomsen kaupmanni fyrir lagabrot og til skaðabóta fyrir veiðispjöll. Lengra komst þetta mál ei áleiðis.

Prestastefna eða synodus var haldin 4. dag júlímánaðar, og var þar eins og vandi er til peningum úthlutað á milli uppgjafapresta og snauðra prestaekkna eptir tillögum stiptsyfirvaldanna. Biskup gjörði grein fyrir fjárhag prestaekknasjóðsins, og var hann þá að upphæð 14147 kr. 56 aur., og var afráðið að skipta 300 kr. af leigum hans milli snauðra prestaekkna næsta ár. Þar var og kosin nefnd manna til þess að semja með stiptsyfirvöldunum uppástungu um að auka vald prestastefnunnar; voru í þá nefnd kosnir: Þórarinn prófastur Böðvarsson, Helgi prestaskólakennari Hálfdánarson og Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson. Síðan var og samþykkt að prenta eyðublöð fyrir aðalskýrslum presta. Á prestastefnunni voru auk stiptsyfirvaldanna 15 prófastar og prestar.

Meðalverð allra meðalverða í verðlagsskránum varð á þessa leið:

Í Rangárvallasýslu	49	aura alinin.
- Vestmannaeyjasýslu	52	— —»—
- Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavíkurbæ og Borgarfjarðarsýslu . .	57	— —»—
- Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslum og Dalasýslu	58	— —»—
- Barðastrandar- og Strandasýslum . . .	57	— —»—
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað . .	60	— —»—
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum . .	55½	— —»—

sem endrarnær, og má helzt til nefna framhald veganna á Holtavörðuheiði, Grímstungnaheiði og Kaldadalsvegi. Sömuleiðis var og gjörr vegur yfir Kamba, en það er vegurinn upp á Hellisheiði að austan. Auk þess hafa víða verið gjörðar vegabætur í sveitum, á sýsluvegum og hreppavegum, og hefir sumt af því verið allmikið mannvirki, en hjer er eigi rúm til þess að telja það upp, enda gjörist þess eigi þörf.

Póstgöngur um landið hafa orðið fyrir litlum breytingum, og þær breytingar, sem orðið hafa, t. d. á brjefhirðingarstöðum og aukapóstferðum hafa eigi svo mikla þýðingu, að það taki því að telja það upp hjer. Gufuskipaferðirnar í kring um landið hafa menn verið heldur óánægðir með, og þótti þeim vera hagað þannig, að þær væru fremur Reykvíkingum og kaupmönnum í hag, en landsmönnum sjálfum. Kvað svo rammt að þessari óánægju manna, að þingið skarst í leikinn, og samdi ferðaáætlun, sem það áleit landsmönnum miklu haganlegri en hinar fyrri, og skoraði á landsstjórnina að hlutast til um, að þeirri áætlun væri fylgt; ef þessu yrði ei framgengt, vildi þingið skora á landsstjórnina, að semja við stórkaupmann R. Slimon í Leith eða einhvern annan, er byði jafngóð kjör sem hann. Slimon hafði nl. áður boðið landsmönnum að senda þeim póstskip með langtum haganlegri áætlun, en hin danska hafði verið, fyrir 18000 kr. tillag af landsfje. Sömuleiðis lagði alþingi það til, að stjórnin hlutaðist til um, að seglskip yrði sent upp til Íslands, annaðhvort frá Danmörku, Skotlandi eða Hjaltlandseyjum síðast í janúarmánuði, þannig að það gæti aptur farið úr Reykjavík 4. dag febrúarmánaðar. Virtist svo, sem að full nauðsyn væri á, að skip færi milli Íslands um þann tíma sem endrarnær. Frá þessu verður betur skýrt í næstu ársfrjettum.

Laxveiðar Thomsens í Elliðaánum hjeldu áfram sem áður þannig, að hann þvergirti báðar kvíslar árinnar eða ánna, og þóttist einn eiga hvern lax, sem í árnar gengi. Það er alkunnugt, hve illa þessi veiðaraðferð Thomsens hefir verið þokkuð, og hefir það opt lýst sjer í því, að bændur hafa veitt kistum hans aðgöngu á nóttum og rofið þær. Þetta varð og nú sem áður, og voru kisturnar rofnar þrisvar um sumarið; og

í síðasta skiptið af 30 manns um albjartan dag; en Thomsen ljet jafnharðan byggja þær aptur. Þetta mál komst fyrir þingið, og var í því sett nefnd manna, til þess að rannsaka til hlítar, hvort Thomsen ætti eins óyggjanda rjett til þvergirðinganna, sem hann segði og eldri dómar hefðu dæmt. Nefndin hafði í frammi ítarlegar rannsóknir og skoðunargjörðir, og bar að síðustu fram tillögu til þingsályktunar fyrir neðri deild þingsins; efni þeirrar tillögu var, að skora á landshöfðingja að skipa að taka kisturnar með þvergirðingunum burt úr Elliðaánum með fógetagjörð, og hefja málssókn á hendur Thomsen kaupmanni fyrir lagabrot og til skaðabóta fyrir veiðispjöll. Lengra komst þetta mál ei áleiðis.

Prestastefna eða synodus var haldin 4. dag júlímánaðar, og var þar eins og vandi er til peningum úthlutað á milli uppgjafapresta og snauðra prestaekkna eptir tillögum stiptsyfirvaldanna. Biskup gjörði grein fyrir fjárhag prestaekknasjóðsins, og var hann þá að upphæð 14147 kr. 56 aur., og var afráðið að skipta 300 kr. af leigum hans milli snauðra prestaekkna næsta ár. Þar var og kosin nefnd manna til þess að semja með stiptsyfirvöldunum uppástungu um að auka vald prestastefnunnar; voru í þá nefnd kosnir: Þórarinn prófastur Böðvarsson, Helgi prestaskólakennari Hálfdánarson og Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson. Síðan var og samþykkt að prenta eyðublöð fyrir aðalskýrslum presta. Á prestastefnunni voru auk stiptsyfirvaldanna 15 prófastar og prestar.

Meðalverð allra meðalverða í verðlagsskránum varð á þessa leið:

Í Rangárvallasýslu	49	aura alinin.
- Vestmannaeyjasýslu	52	— —»—
- Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavíkurbæ og Borgarfjarðarsýslu . .	57	— —»—
- Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslum og Dalasýslu	58	— —»—
- Barðastrandar- og Strandasýslum . . .	57	— —»—
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað . .	60	— —»—
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum . .	55½	— —»—

Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyrarkaupstað	53	aura alnin.
- báðum Múlasýslum	59	— —.—
- báðum Skaptafellssýslum	47	— —.—

Af fje því, sem alþingi 1877 úthlutaði í fjárlögunum til uppbótar hinum ljelegustu brauðum, að upphæð 4000 krónur, úthlutaði landshöfðingi í maí, meðal 24 af hinum fátækustu brauðum landsins frá 400—50 kr. hverju, og þar á meðal Ásum í Skaptártungu og Lundarbrekku 200 kr. hverju og Þóroddsstöðum 100 kr., ef um þau yrði sótt fyrir 31. ágúst s. á., og þeir, sem sæktu, færu að þjóna þeim samsumars. En þar eð enginn sótti á þessu tímabili, var þeim styrk skipt þannig, að Sauðlauksdalur í Barðastrandarsýslu, Prestsbakki í Strandasýslu, Fell í Skagafirði, Húsavík í Þingeyjarsýslu og Staður í Grindavík fengu sínar 100 kr. hvert.

Skipun embættismanna var á þessa leið:

Hinn 30. dag októbermánaðar skipaði landshöfðingi cand. polit. Indriða Einarsson til þess að hafa á hendi hina umboðslegu endurskoðun á reikningum þeim fyrir tekjum og útgjöldum landsins, er til rannsóknar koma á árunum 1880—1881 með 2000 kr. launum fyrir hvort árið.

Á sýslumannaembættum urðu þessar breytingar:

Hinn 22. dag janúarmánaðar veitti konungurinn allramildilegast Árna Gíslasyni, sýslumanni í Skaptafellssýslu, lausn í náð með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

Hinn 16. dag aprílmánaðar skipaði konungur kandidat juris C. E. A. Fensmark sýslumann í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta í Ísafjarðarkaupstað.

Hinn 3. dag júlímánaðar setti ráðgjafinn kandidat juris Einar Thorlacius sýslumann í Skaptafellssýslu um 1 ár frá 1. ágúst s. á.

29. dag s. m. veitti konungur Gunnlaugi Blöndal sýslumanni í Barðastrandarsýslu lausn í náð frá embætti hans með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

28. dag s. m. setti landshöfðingi stúdent Ásmund Sveinsson sýslumann í sömu sýslu um stundarsakir.

Eptir að Símon kaupmaður Johnsen hafði um tíma

verið settur konunglegur sænsk-norskur konsúll til vara, samþykktist konungur þetta embætti hans 4. dag júlímánaðar.

Eptir lát Hannesar prestaskólakennara Árnasonar setti landshöfðingi cand. theol. Steingrím Johnsen til að gegna embætti hans fyrst um sinn 11. dag desembermánaðar.

Á læknaskipun hafa helzt orðið þessar breytingar:

15. dag aprílmánaðar skipaði konungur kandídat Árna Jónsson til hjeraðslæknis í Skagafjarðarsýslu eða hinu 9. læknishjeraði.

28. dag júlímánaðar setti landshöfðingi kandídat Helga Guðmundsson til hjeraðslæknis í 10. læknishjeraði eða í Siglufirði og Fljótum.

Kennari við lærða skólann í Reykjavík var settur kandídat philol. Björn Magnússon Ólsen með því skilyrði, að hann tæki að sjer umsjón með honum ef krafizt yrði; sömuleiðis losnaði annað embætti við nefndan skóla, þar sem Jón Aðalsteinn Sveinsson, er settur hafði verið skólakennari árið áður, afsalaði sjer kennaraembættinu 15. dag septembermánaðar. 20. september tók ráðgjafinn þá aptur veiting hans eptir beiðni hans og veitti aptur embættið sama dag cand. philol. Sigurði Sigurðssyni með 2000 kr. launum og sömu skilyrðum og Birni Ólsen hafði verið veitt hans embætti. Þeir tóku síðan við umsjón með skólapiltum um haustið, en Halldór yfirkennari Friðriksson við umsjón með skólahúsinu og áhöldum þess, innkaupum á því, sem skólinn þarfnast m. fl. Var honum fyrir það veitt 300 króna þóknun árlega. Jón Árnason bókavörður hætti við umsjónarembætti sitt, og var það þannig lagt niður sem sjerstakt embætti.

Prófastar voru tveir settir árið 1879: annar þeirra, Lárus prestur Halldórsson á Valþjófsstað, var skipaður prófastur í Norður-Múlaprófastsdæmi, en hinn, Benedikt prestur Kristjánsson á Grenjaðarstað prófastur í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. Þeir voru báðir skipaðir 30. dag októbermán.

Brauðaveitingar á árinu voru þessar: 11. dag janúarmánaðar var aðstoðarpresti Jens Pálssyni í Arnarbæli veitt Þingvallabrauð í Árnessýslu. — 29. sama mán. var kand. Þorsteini Benediktssyni veittur Lundur í Borgarfjarðar-

sýslu. — 19. dag marzmánaðar voru Stefáni Jónssyni presti á Þóroddsstað veitt Mývatnsþing í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. — 21. dag sama mán. var præpos. honor. Sveini Níelssyni R. af Dbr. veittur Hallormstaður í Suður-Múlasýslu. — 15. dag aprílmánaðar var Magnúsi Gíslasyni presti að Sauðlauksdal veitt lausn frá prestsembætti frá fardögum 1879, og var aðstoðarprestur Jónas Bjarnarson aptur skipaður prestur þangað 10. dag júnímánaðar. — 24. dag maímánaðar var eptirfylgjandi prestum boðið að þjóna nokkrum aukabrauðum fyrst um sinn. Þeir voru þessir: Ásmundur prófastur Jónsson í Odda átti að þjóna ásamt Odda Keldna- og Stórólfshvolskirkjusóknum í Rangárvallasýslu. Skúli prestur Gíslason skyldi auk Breiðabólstaðar þjóna Teigs- og Eyvindarmúlasóknum í sömu sýslu. Sveinbjörn Guðmundsson prestur í Holti skyldi auk þess þjóna Stóradalskirkjusókn í sömu sýslu. Jón prófastur Jónsson í Bjarnanesi átti og að þjóna Einholtssókn í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi. — 27. dag ágústmánaðar var kandídat Einari Jónssyni veitt Fell og Höfði í Skagafjarðarsýslu. — 29. dag sama mán. var Jóni Þorsteinssyni presti í Húsavík veitt Lundarbrekka í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

Á umboðum varð sú eina breyting, að Ólafur hreppstjóri Pálsson á Höfðabrekku var 19. dag febrúarmánaðar settur til að gegna Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklaustursumboði um stundarsakir.

Hinn 23. dag maímánaðar var prestaskólakennari Helgi Hálfdánarson sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

Heiðurslaun af gjafasjóði Kristjáns konungs hins níunda hlutu Eyjólfur bóndi Guðmundsson á Geitafelli á Vatnsnesi fyrir afburða dugnað við æðarvarp og Jón Halldórsson í Kollafirði fyrir þúfnasljettun (16570 □ faðma), garðrækt, kirkna- og húsabyggingar, 160 kr. hver.

Hið konunglega danska landbúnaðarfjelag veitti Oddi bónda Eyjólfssyni á Sámstöðum í Rangárvallasýslu silfurbikar að heiðurslaunum fyrir jarðyrkjudugnað, einkum vatnsveitingar.

II. Atvinnuvegir.

Árferð þetta ár hefur verið nokkuð misjafnt í ýmsum hlutum landsins, enn þó eigi svo, að það geti eigi orðið tekið í einu lagi. Þess er getið í frjettunum frá 1878, að frostasamt hafi verið um jólaleytið og undir árslokin; hörkur þessar hjeldust fram yfir nýárið; snjór mikill á Suður- og Vesturlandi og vestursýslum Norðlendingafjórðungs, en í Þingeyjarsýslu og á Austurlandi voru jarðbönn mikil. Um nýárið sást til hafíss fyrir Norðurlandi. Litlu eptir það svíaði til, og hafíshroða rak í burt aptur; en bráðum gekk aptur harðviðri og hríðar, og hjelt þeirri tíð fram undir lok marzmánaðar. Þá gjörði hláku góða um allt land, svo að öríst varð í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, og allgóðar jarðir komu upp í snjóasveitunum nyrðra og eystra. En sú hláka varð eigi heldur langgæð, því að 29. marz gekk aptur í norðanhríðar. Þó tók heldur að milda veðurátt úr því. Um sumarmálin og síðara hlutann af apríl var blíðutíð, en í byrjun maímánaðar gjörði hríðarkast á norðan, og snjóaði þá víða norðanlands. Vorið var afarkalt og þurrt og og optast frost á nóttum. Sumarið var blítt, og svo þurrt, að varla kom deigur dropi úr lopti svo að nokkru næmi, nema á Austurlandi og í Skaptafellssýslum var fjarska óþurrkasamt; haustið var hvervetna hið blíðasta þar til hinn 20. október, að gjörði hríð á norðan í fjóra daga svo mikla, að í sumum sveitum var nær haglaust eptir. En rjett á eptir gjörði hláku góða, og mátti síðan heita, að sú hláka hjeldist fram undir jól; þá voru einlægar þíður og blíðviðri, hver dagurinn öðrum betri; stundum var þá samt nokkuð hvassviðrasamt. Um jólin voru hreinviðri með nokkrum frostum og veður hið fegursta.

Af eldgosum er lítið að segja; í ágústmánuði þóttust sumir menn sjá til elds í hafi fyrir Reykjanesi, og nokkru síðar er sagt að vikur nokkurt hafi rekið þar nærlendis. Annað vita menn ei neitt um þessa eldsuppkomu.

Grasvöxtur var víða í rýrara lagi, einkum á túnum og þurrlendi, því að það vantaði vætu þá, er til þurfti í hinum miklu þurrkum. Tún brunnu víða, einkum þar sem þau voru hólótt, eða eigi varð veitt vatni á þau. Sömuleiðis spilltust þau víða

af grasmaðki, því að hann var víða svo mikill, að eptir hann lágu hvítar skellur þar sem hann hafði vaðið yfir, bæði á túnum og úthaga. Engjar, einkum blautar mýrar, spruttu víða í góðu meðallagi, og sumstaðar jafnvel betur. Heyskapur gekk víðast hvar heldur vel, af því að tíð var svo einkar hagstæð, og heyjaðist víðast í góðu meðallagi, og sumstaðar jafnvel betur. Nýting var hin bezta. Á Austurlandi og í Skaptafellssýslum heyjaðist miður, þar sem tíðarfarið var óhagstæðara sakir óþurrkanna, og nýting varð þar víðast í lakara lagi, þar eð heyin hröktust, og komu svo á endanum sumstaðar illa þurr í garð. Samt sem áður má þó líta svo á, að heyskapur hafi gengið vel þetta sumar og heyaflinn víðast verið í góðu meðallagi.

Garðvextir manna spruttu þetta sumar mjög vel, að því er vjer frekast til vitum.

Fjenaðarhöld urðu nokkuð misjöfn, þar eð veturinn var nokkuð harður og margir ordnir heytæpir eða heylausir þegar skánaði, einkum á Austurlandi. Það hjálpaði og til, að hey reyndust þar víða ljett og uppgangssöm, af því að þau höfðu hrakizt svo í óþurrkunum sumarið áður. Fjárpestin geysaði og með meira móti þenna vetur, og drap niður fje svo þúsundum skipti. Fjenaður gekk því víða magur undan um vorið, en lítið eða eigi er getið um að hafi týnt tölunni af hor, þó mun eitthvað hafa fækkað af hrossum og tryppum í Skagafirði; fjenaðurinn hefði gengið þolanlega af, hefði eigi snjórinn og kuldarnir í maí komið; það kippti öllu lífi og viðrjetting úr skepnum um tíma, og gjörði einkum mikið tjón með því, að þá varð lambadauði svo mikill, að lengi hefir ei verið þvílíkur. Af þessu leiddi, að kvíær mjólkuðu í rýrara lagi um sumarið, og skepnum fór seinna fram en vant er að vera. Um haustið skarst fje heldur í rýrara lagi, enda er optast svo vant að vera, þegar fje gengur ei vel undan á vorum, einkum ef að þurrkasumur eru mikil. Fjárheimtur urðu eigi góðar um haustið, og mun áfellið í október hafa átt þátt í því.

Af framförum í búnaði er eigi margt að segja. Hinum stórfenglegu jarðabótum í Staðarbyggðarmýrum var lokið undir forustu Sveins búfræðings Sveinssonar, og var það mikið verk, og lítur út fyrir að geta orðið til mikils gagns, enda er

þar og miklu til kostað. Annars virðist, að áhugi sje að vakna meðal almennings á því, að reyna að bæta búnaðinn, og hefir það einkum sjezt í því, að margir eru teknir að sljetta púfur í túnum sínum; það er að sönnu lítið í stað, enn úr því að það er byrjað, þá er heldur góðs að vænta; menn fara þá að sjá árangurinn af fyrirhöfninni, þegar graslausar brunaþúfur eru orðnar að sljettri flöt vafinni í góðu grasi. Búfræðingar ferðuðust um, til þess að leiðbeina mönnum í jarðyrkju, vatnsveitingum og hverju því, er mátti til framfara lúta. Sveinn búfræðingur Sveinsson var nyrðra í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, og sagði fyrir það er hann komst til; síðan fór hann utan um haustið, og var þá gjört ráð fyrir af landsstjórninni, að hann kynnti sjer aðferð Dana á Jótlandi að hepta flugsandana þar, og reyna síðan með sömu ráðum að vinna bug á flugsöndunum í Skaptafellssýslum, sem gjöra þar svo mikið tjón. Ýmsir búfræðingar hafa og starfað og leiðbeint, t. d. á Austfjörðum, í Húnavatnssýslu og víðar. Til orða kom og, að Torfi jarðyrkjumaður Bjarnason í Ólafsdal færi að koma upp búnaðar- eða jarðyrkjuskóla, og var þegar nokkurt fje lagt til þess að búa hann undir. Til framfara í innanbæjar búsumsýslu má geta þess, að ungfrú Sigurbjörgu Friðriksdóttur frá Miklabæ í Óslandshlíð var veittur 400 kr. styrkur til þess að fara utan til Danmerkur og læra þar meðferð mjólkur, smjörgjörð, ostagjörð og aðra búsumsýslu, með því móti að hún tækist á hendur að kenna það aptur.

A þessu ári fór að bera algjörlega á því, að menn vildu með fjelagsskap og samkomum reyna að styðja að framförum og dugnaði, einkum í búnaði, og láta dæmi dugnaðarmannanna, í hverju sem er, koma fram á almennt sjónarsvið, og verða þannig að hvöt fyrir hina, sem á eptir drægjust. Á þessu bar nú þegar hjá Norðlendingum, og það eigi að eins á einum stað, heldur og víðar. Vjer eigum við það, að þetta vor voru haldnar tvær hjeraðssamkomur eða sýningar nyrðra, önnur í Eyjafirði, en hin í Skagafirði. Sýningin í Eyjafirði var haldin á Grund í miðri sveit 24. dag aprílmánaðar, á sumardaginn fyrsta. Var veður hið fegursta, enda var þar saman kominn múgur og margmenni; var það nálægt 500 manna. Forstöðumenn

sýningarinnar voru Eggert Gunnarsson, Eggert Laxdal og Jón Ólafsson á Refkelsstöðum. Sýningin var byrjuð kl. 12 með söngum og ræðuhöldum, en síðan var gengið til skoðunar á sýningarmunum. Þar var um 150 sauðfjár og nokkuð af hrossum. Sömuleiðis kom á sýninguna ýmiskonar vefnaður, hannyrðir, smjör, ostar, prjónles, smíðisgripir o. fl. Til þess að skoða fjeð og munina voru kosnar nefndir manna, og var körlum falið á hendur að skoða fje, hesta og smíðisgripi, en konum tóvinnu og matartegundir. Fengu nokkrir verðlaun, en hjer er eigi rúm til þess að telja þá eða verðlaunamunina. Vjer viljum að eins nefna vjel eina, sem Magnús gullsmiður Benjamínsson á Akureyri hafði smíðað; sú vjel beygir og klippir kambavír, stingur göt á skinnið undir vírinn, stingur tönnunum í, og skilar síðan kambaskinninu fullgjörðu. Fyrir vjel þessa fjekk hann 10 kr. verðlaun. Á sýning þessari fór allt vel og skipulega fram, og þótti þar hin bezta skemtun að vera. Var alltaf öðru hverju skemt með ræðuhöldum, kappreiðum og sönglist. Þess má geta, að þar voru engar vínveitingar hafðar, og enginn var þar ölvaður.

Önnur sýning var haldin á Reynistað í Skagafirði 29. dag maímánaðar, og var þá og veður hið fegursta. Til þeirrar sýningar hafði landshöfðingi veitt 200 krónur úr landssjóði til verðlauna og annara nauðsynja. Til forstöðu sýningunni hafði sýslunefndin kosið sýslufulltrúa Gunnlaug Briem á Reynistað. Þar var tilhögun svipuð og á eyfirzku sýningunni, verðlaunaútbýting, ræðuhöld, söngur, kapppreiðir, og auk þess glímur. Á þessa sýningu var og komið með nautgripi. Einn hlutur kom þangað, er vakti allmikla athygli manna, það var eins konar strokkur, sem hafa átti til þess að breyta sauðatólg í mjúka feiti, er líkist smjöri. Á þessari samkomu var fjöldi manna, og var henni eigi slitið fyr, en um miðnætti með dansi og samsöng. Báðar þessar sýningar fóru að mestu leyti fram undir beru lopti, að því fráteknu, að sýningarmunir voru sýndir í tjöldum, er þar til voru gjör. Á sýningunni á Reynistað var og umgirt svæði í kring um sýningartjaldið með stöngum og strengjum; merkisblæjur blöktu á stöngum, og íslenzki fálkinn þar á meðal dreginn í bláan dúk. Þessar sýn-

ingar eru góður vottur um, að landsmenn fari að sýna fjelagsskap, en liggi eigi lengur hver í sínu horni á kröptum sínum eins og Fáfnir forðum á gullinu á Gnítaheiði. Þessar samkomur og sýningar örfa og fjörga fjelagslífið, og benda mönnum á, að «betur sjá augu en auga». Það sýndi sig og, að Norðlendingum gazt vel að þessum samkomum, því að þeir rjeðu þegar með sjer að halda þessum sýningum áfram framvegis. Þær eru líka nauðsynlegar til þess að þoka mönnum betur saman, láta þá kynnast hvern öðrum, og leiða hugi sína að því, að vinna saman og styðja hver annan, til þess að geta því betur náð að leita áfram að hinu sameiginlega alsherjarmiði lífsins að láta sjer fara fram; en engin framför getur orðið, meðan hver vill búa einn að sínu og forðast aðra að hlutdeild starfanna. Meðan svo er, stendur allt í stað; en slíkum óaldaranda ættu þjóðsamkomur í hjeruðum, eins og sýningarnar eru, einna bezt að geta rutt úr vegi.

Sjávarafli hefir heppnazt næsta misjafnt þetta ár, en almennt má þó svo á líta, sem í þá átt hafi verið heldur góð árferð. Þegar í byrjun vertíðar var allur Faxaflói fullur af fiski, og hugðu því útvegsbændur gott til hins bezta aflaárs. En ógæftir ollu því, að aflinn gat ei orðið svo mikill sem skyldi. Fyrst aflaðist vel í Garði, Leiru, Njarðvíkum og hinum syðri veiðistöðum, en verr á Ströndinni og á Innnesjunum. Í marz gjörði norðanstorma mikla, og urðu þeir að miklu tjóni, því að fjöldi manna missti þá net sín að sumu eða öllu leyti. Síðan hjelzt aflinn allt vorið, en gæftir urðu allt af mjög stopular, einkum á Innnesjum; hlutir urðu að lokum hæstir á Akranesi, en annars urðu líka góðir hlutir, bæði í hinum syðri veiðistöðum, einkum Garðinum og Leirunni, og svo á Innnesjunum líka. Við Ísafjarðardjúp var allt af góður afli, en minni undir Jökli. Á Norðurlandi var allt af hjer um bil aflalaust, þar til um haustið að kom afli á Eyjafirði, svo góður, að jafnvel var hlaðfiski. A fiskiskipum og þiljuskipum, bæði innlendum og útlendum, var hinn bezti afli. Hákarlsafli var góður hvervetna þar sem hann var stundaður. Norðmenn höfðu síldarveiðaútveg sinn á Seyðisfirði, og aflaðist þeim lítið þangað til undir haust; þá fengu þeir afarmikla síld. Fuglveiði

við Drangey var furðu lítil, og hefir það verið kuldunum að kenna þó að hafísinn væri eigi til þess að spilla henni.

Af hvalrekum kunnum vjer fátt að segja, nema einn hval rak á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu, og þótt hann væri eigi stór, varð hann samt nógu stór til þess, að löng og flókin málaferli risu út af honum. Trjárekar voru litlir fyrir Norðurlandi, en annarstaðar er oss lítt kunnugt um þá.

Kalkbrennslunni var haldið áfram í Reykjavík, en þó heldur slælega, og það svo, að þeir, sem byggja þurftu, urðu að útvega sjer kalk frá útlöndum, þó að kalkbrennslan væri heima fyrir. Annað er eigi að frjetta af námuvinnu, er vjer vitum, nema að Paterson heldur enn þá áfram við Krísuvíkurnámana.

Af verzluninni er hvorki margt nje fagurt að segja þetta árið heldur en endranær. Þess má að sönnu geta, að verðlagið á útlendu vörunni var heldur gott, en á hinni innlendu aptur á móti hið lægsta. Verzlunin, viðskipti landsmanna og kaupmanna hjeldust í hinu sama öfuga horfi sem áður, og virðist það vilja lítið bregða til batnaðar. Enda er mikið djúp staðfest milli kaupmanna og bænda, sem ræður mikið þessu ólagi, þar sem kaupstaðarskuldirnar eru. Þó vel aflist, minnka þær lítið, því að þarfir manna — það lítur eigi betur út, en að munaðarvörurnar sjeu orðnar að óhjákvæmilegum þörfum!! — aukast alltaf jafnt og þjett. Í júní var haldinn fundur í Reykjavík, og sóttu þann fund bæði kaupmenn og útvegsmenn; efni fundarins var saltfisksverðið, og var þar mikið rætt um það, hvílíkan skaða kaupmenn hefðu af að fá fiskinn eigi fyr en svo seint sem vant væri. Bændur báru fyrir sig, að verð væri aldrei kveðið upp fyr en seint og síðar, og á meðan svo væri, gætu þeir eigi komið með vöru sína; skoruðu þeir á kaupmenn að stinga þá þegar upp á saltfisksverðinu, og birta það, og skyldi þá eigi standa á því, að fiskurinn kæmi. Stungu þá kaupmenn upp á 40 kr. fyrir skippundið sem hæsta verði. Urðu þá bændur ókvæða við, og sögðust eigi láta fiskinn fyrir minna en 50 kr. hina betri tegund, og 40 hina lakari. Lauk svo fundinum, að hvorugir urðu á eitt sáttir, og drátturinn varð hinn sami sem áður, því bændur

ljetu engan ugga af fiski sínum fyr, en kaupmenn ljetu þá seint og síðar hafa það verð, er þeir kröfðust. Líkt þessu gengur jafnan með ullarverðið nyrðra. Þetta sýnir, að verzlunin er alveg á öfugum fæti stödd, og verður þess líklega langt að bíða, að hún komist í rjett horf. Áður nefndur fundur getur verið eins og dæmi upp á samkomulag manna í þessu efni. Allmikið af ull og æðardúni lá óselt ytra, og var því í mjög lágu verði (ull 66—67 aura, dúnn 9 kr. 50 aura). Hæsta verð á saltfiski þetta ár varð á Ísafirði 60 kr. Um vöruvöndun er það helzt að segja, sem er gamalt viðkvæði um okkur Íslendinga, að hún er enn þá aum og ófullkomin, og fyrir það er líka íslenzka varan í því verði sem hún er, að hún er svo illa vönduð. Ullin er víða nærri því óþvegin, og fiskurinn blautur, og þó að sumir hafi vandað vel vöru sína, hefir þess ekki gætt, þar eð illri vöru og góðri hefir verið haugað hverri innan um aðra hjá kaupmönnum, og öll varan síðan litið út eins og vond vara og skemmd. Við þessu vildu kaupmenn reyna að gjöra sjálfir, og gekkst Tryggvi kaupstjóri Gunnarson fyrir því, að kaupmenn gengju í fjelag með að gjöra greinarmun á vörunum eptir gæðum. Fjekk hann í fjelag þetta með sjer 6 af stórkaupmönnum þeim, er verzlun reka hjer við land, og samþykktu þeir síðan nokkrar reglur um það sín á milli. Áttu þeir eptir þeim samþykktum að hafa matsmenn á verzlunarstöðunum, um kauptíðina, er til þess þættu hæfir að kveða á um gæði varanna. Verðmunur átti að vera á vörunum eptir gæðum þeirra. Sauðarskrokkar, sem vægu yfir 48 pd., skyldu teljast «ágæt» vara, 48—40 pd. skrokkar nr. 1, 39—32 pd. nr. 2, og 31—24 pd. skrokkar nr. 3. Hið ágæta kjöt skyldi borgast 2 aurum betur en nr. 1, og síðan þriggja aura munur á nr. 1 og nr. 2 og nr. 2 og 3. Ljettari skrokkar en 24 pd. skyldu ekki teknir í verzlun. Á ull átti að gjöra líka greining; afbragðsgóð ull skyldi teljast «ágæt», og vera borguð 5 aurum betur en hinar tegundirnar, og sömuleiðis átti að hafa 5 aura mun á öðrum stigum hennar. Svipaðan mun ásettu þeir sjer að leggja á aðrar vörutegundir, að svo miklu leyti sem því yrði við komið. Þetta varð til þess, að alþýða manna vandaði betur þvott á ullinni um vorið, en

þegar á verzlunarstaðina kom, varð minna úr öllu saman, því að sumstaðar var engin vörugreining, þar sem það átti að verða, t. d. í Húnavatnssýslu, en sumstaðar fór hún öll í handaskolum, og ljek jafnvel orð á, að sumir af kaupmönnum þessum hafi á eptir látið alla ullina í einni bendu í ullarsekkina, þó að hún væri skilin að nafninu til á verzlunarstaðnum, svo að þetta góða fyrirtæki hafi að lokunum hjer um bil engan árangur haft. Er það því verra, að það skuli hafa verið kaupmönnum sjálfum að kenna, að eigi varð meira úr þessu happaráði með vöruvöndunina, sem þeir hafa svo kvartað yfir henni, og það eigi um skör fram.

Gránufjelagið hefir blómgazt vel, eins og vant er, og hefir haft afarmikla verzlun fyrir Norður- og Austurlandi. Sumarið áður hafði það keypt eystra strandaða skútu fyrir nokkur hundruð krónur, og var skútan svo lítið biluð, að Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson gjörði mest við hana sjálfur í hjáverkum sínum þar eystra. Síðan var farið með hana út og lokið aðgjörðinni, og er því öllu var lokið og »Rósa» var orðin jafn haffær og áður, hafði hún kostað fjelagið um 8000 kr., en hún var þá virt til ábyrgðar á 30000 kr.; getur enginn annað sagt, en fjelagið kæmist vel frá þeim kaupum. Af öðrum verzlunarfjelögum er lítið frjettnæmt að segja. Hrossakaup Slimons hjeldu áfram sem áður, og var flutt alls út af landinu þetta sumar 1051 hross, og var verð þeirra að meðaltali 54 kr. Sömuleiðis hjeldu þeir áfram fjárkaupum sínum, og fluttu 2302 sauði frá Akureyri og 2360 frá Seyðisfirði til Skotlands; sauðirnir voru að meðaltali 20 kr.

Húsabyggingum og bæjabyggingum fór víða allmikið fram þetta ár, einkum sunnanlands. Hjer má geta tveggja húsabygginga. Annað var aðgjörð dómkirkjunnar í Reykjavík. Hún var orðin áður svo, að hún mátti sýnast hverjum manni, er hana sá, sem viðurstyggð eyðingarinnar, sem þyrfti að útrýma. Til aðgjörðar kirkjunni voru lagðar 21000 króna af landsfje, og skyldi 16000 vera lán, en hitt tillag. Jakobi snikkara Sveinssyni var falin á hendi aðgjörðin, og lauk hann henni um sumarið. Var kirkjan tekin út eptir aðgjörðina 6. dag septembermán., og þótti hún þá vera orðin sem ný.

Vígði biskup hana eptir aðgjörðina 14 s. m. Önnur bygging, er má heita stórbygging, var gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum. Til byggingar hans var veitt af landsfje 27400 kr., og var lokið smíð hans og húsið tekið út 23. dag septembermánaðar. Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson hafði annazt smíðina, en yfirsmiður var Jón Stefánsson timburmaður á Akureyri. Skólinn er allur af timbri gjör, tvíloptaður, og kjallari múraður undir niðri. Hann er rúmar 30 álnir á lengd, nær 14 álnir á breidd og 12 álna hár á lausholt. Í honum eru 4 kennslustofur, 2 á lopti uppi og 2 niðri, og auk þess íbúðarherbergi fyrir skólastjóra, svefnloft fyrir pilta, leikstofa og svo framvegis. Allur er skólinn hinn vandaðasti, handrið öll við stigana úr rauðaviði (Mahagoni), bitar og umbúnaður allur hinn rammgjörvasti og hvervetna mjög vel umbúið. Það er að eins hið sorglega, að húsið er eigi úr steini, svo það hefði getað staðið um aldur og æfi.

Siglingar til landsins gengu fremur illa, og var þó ei hafísinn til þess að hamla mönnum að komast að landinu. Helztu tjón á verzlunarskipum voru þessi: 30. dag marzmánaðar strandaði norskt kaupskip «Ellida» við Þormóðssker undan Mýrum; hlaðið vörum. Hafði það fyrst hrakizt vestur fyrir Jökul, en getað síðan snúið aptur, en lenti í þokum, svo að skipverjar vissu eigi hvar þeir fóru, fyr en skipið hjó niðri og sökk þegar. Skipverjar komust á bátum slippir í land. 1. dag maímánaðar strandaði norskt timburskip, «Ossian», fyrir Látrabjargi; allir menn komust af. 3. s. m. sleit upp danskt verzlunarskip, «Else», á Eyrarbakka, hlaðið vörum; rak það upp í sand og brotnaði í spón. Eitthvað fórst og af frakkneskum fiskiskútum hjer við land, eins og vant er að vera, og er eigi þörf að telja þær hjer.

Slysfarir hafa orðið nokkrar þetta ár, og eru það einkum skiptaparnir, sem nokkuð kveður að. Í norðanstormunum týndust 2 skip af Akranesi, 27. dag febrúarmánaðar, og voru 10 menn á þeim alls. 30. dag aprílmánaðar týndist róðrarskip fyrir Landeyjasandi, og voru á því 10 menn. 23. dag ágústmánaðar fórst bátur með 4 mönnum á Álptanesi, rjett að segja við landsteinana. 26. dag septembermánaðar týndist bátur með 4 mönnum frá Hvaleyri við Hafnarfjörð. Í október-

mánuði týndust tveir menn af báti í Steingrímsfirði og fórst bátur með 3 mönnum á Hrútafirði. 8. dag nóvembermánaðar var afspyrnurok fyrir Norðurlandi, og fórust þá tveir bátar á Skagaströnd, með 5 mönnum hvor, og sama dag týndust 2 bátar úr Steingrímsfirði og aðrir tveir af Skagafirði. Eigi hefur frjetzt, hve margmennir þeir hafi verið. Slysfarir í ám og vötnum hefir ei frjetzt greinilega um, og eigi heldur um það, hvort menn hafi orðið úti; en víst er að það urðu einhverjir, eins og vant er að vera. Af annarskonar slysum hefir ei frjetzt.

III. Menntun.

Þetta ár voru að eins þrír kandídatar vígðir til presta: 1. dag júnímánaðar var Þorsteinn Benidiktsson vígður til Lunds og Fitja í Borgarfirði; 14. dag s. m. var Ólafur Ólafsson frá Melstað vígður til Brjánslækjar og Haga á Barðaströnd, og 31. dag ágústmánaðar var Einar Jónsson vígður til Fells og Höfða í Skagafjarðarsýslu.

Embættisprófaf prestaskólanum stóð 18.—23. dag ágústmánaðar, og útskrifuðust þrír: Einar Jónsson, Morten Hansen og Jóhann Þorsteinsson, allir með fyrstu einkunn. Um haustið voru 6 eptir frá fyrra ári, og 5 bættust við af stúdentum frá skólanum og einn síðar, sem hætti við nám á læknaskólanum, og voru þannig 12 á prestaskólanum veturinn 1879—80

Á læknaskólanum tók enginn burtfararpróf þetta ár, en einn hætti við að vera á honum með öðru móti og leitaði til prestaskólans; einn stúdent bættist og þangað, svo að á honum urðu 6 stúdentar veturinn 1879—1880.

Tveir Íslendingar tóku embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn í júnímánuði: Einar Thorlacíus í lögum með 2. einkunn, og Sigurður Sigurðsson í málfræði með 1. einkunn.

Próf í forspjallsvísindum við prestaskólann tóku prestaskólastúdentarnir Árni Þorsteinsson, Eiríkur Gíslason, Halldór Þorsteinsson og Kjartan Einarsson, allir með fyrstu einkunn

an síðasti með ágætiseinkunn, og læknaskólastúdent-
sgeir Blöndal og Bjarni Jensson, hinn fyr nefndi með
n hinn síðar nefndi með fyrstu einkunn. Sama próf
við háskólann 4 íslenzkir stúdentar: Páll Briem, Geir
g Finnur Jónsson, allir með fyrstu einkunn, og Jóhann-
son með ágætis einkunn.

risveinatalan í lærða skólanum eykst ár frá ári af
aðsókn og mentunarlöngun landsmanna. Veturinn 1878
oru í skólanum 94 piltar, og þótti þá orðið svo þröngt
um, og kennurum svo örðug kennslan, er slíkur fjöldi
hverjum bekk, að þeim kom saman um á kennarafundi
ja stiptsyfirvöldin að hlutast til um takmörkun á fjölda
a; stiptsyfirvöldin tóku þeirri bæn vel, og lögðu með
5. maí 1879 þann úrskurð á, að ei mætti framar veita
en 16 piltum inntöku í skólann, og inntökupróf ei vera
nema á haustin, og ei mætti neinn piltur vera lengur
ár í bekk; þó var undantekning frá því, ef pilturinn
verið veikur. Þegar þetta brjef var birt, og það var gjört
n kunnugt, að kennslumálastjórnin sjálf vildi banna þeim
nntast, er vilja höfðu til, risu bæði blöð og þjóð upp óvæg
u mörgum fögrum og ófögrum orðum um þetta. Einkum
au öndverð á móti takmörkuninni við 16 og inntökupróf-
ð haustinu, og kváðu óhæfu, að ef piltur kæmi suður að
i til og tæki inntökupróf, en yrði þá svo óheppinn, að
sá 17. í röðinni, að vísa honum þá frá, einungis af því
ann væri nr. 17, og láta hann svo standa uppi ráðalaus-
g rölta síðan heim aptur, ef til vill einan og langa leið,
r allra veðra væri von. Nú kom inntökuprófið 11. dag júní-
aðar, — því að í það sinn var leyft að hafa það að vor-
— og tóku 19 inntökupróf, og var síðan 3 vísað frá ept-
gum og rjetti. Síðan kom þetta mál fyrir úrskurð alþing-
g ráðgjafans með öðrum skólamálum, og fjekkst þá inntaka
mörgum sem vildu, og inntökuprófið mátti standa hvort er
i, haust eða vor eða hvorttveggja, sem áður. Hið þriðja var
ð óbreytt. Skólatímanum var og breytt, og skyldi hann
nvegis vera frá 1. degi októbermánaðar til 30. dags júní-
naðar sem fyrrum. Á stjórn skólans var sú breyting gjör,

að umsjónarmannsembættið var lagt niður og tóku hinir nýju kennarar að sjer þann hlutann, er lýtur að umsjón með piltum, en Halldóri yfirkennara Friðrikssyni var falin umsjón með munum skólans og landfógeta fjárhagsstjórn hans. — Um vorið útskrifuðust 9 piltar Lárus Eysteinsson, Skúli Thóroddsen og Ólafur Finsen, allir með fyrstu einkunn, Jón Magnússon, Sigurður Stefánsson, Níels Lambertsen, Bertel Þorleifsson og Halldór Egilsson, allir með annari einkunn, og Helgi Árnason með þriðju einkunn. Um vorið og haustið bættust við 24 nýir, svo að piltar voru 107 við byrjun skólaársins, en skömmu síðar andaðist einn þeirra, og voru þá eptir 106, sem voru í skóla veturinn 1879—1880.

Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum var ei svo undirbúinn, að kennsla gæti orðið byrjuð þar að svo stöddu þetta haust, þar eð þingið hafði gjört nokkrar breytingar á hinu upphaflega fyrirhugaða fyrirkomulagi hans.

Kvennaskólarnir í Reykjavík og á Laugalandi hjeldu áfram starfsemi sinni sem áður. Á kvennaskólann í Reykjavík gengu 23 stulkur alls veturinn 1879—80, en 6 af þeim tóku samt ei þátt í allri kennslu. Sama veturinn voru 20 stúlkur á kvennaskóla Eyfirðinga. Hinar sömu konur höfðu forstöðu þessara skóla og áður. Kvennaskóli Skagfirðinga var haldinn á Hjaltastöðum, og hafði ungfrú Elín Briem kennslu þar á hendi. Þar nutu alls 11 stúlkur uppfræðingar. Um haustið var komið upp kvennaskóla í Húnavatnssýslu, og tókst Hjörleifur prestur Einarsson og Guðlaug Eyjólfsdóttir kona hans á hendur forstöðu hans.

Barnaskólar voru, eins og vanalegt er, í helztu kaupstöðum landsins, og auk þess hingað og þangað víðar, einkum í veiðistöðunum syðra, t. d. á Vatnsleysuströnd, Mýrarhúsum, Akranesi, Leirá og víðar. Er hjer ei rúm til að skýra nákvæmar frá þeim.

Prentsmiðjurnar voru þetta ár hinar sömu og að undanförnu: þó hefir allmikil framför orðið á þeim, og er það því að þakka, að Sigmundur Guðmundsson, prentari í Ísafoldarprentsmiðju sigldi til Englands um vorið, og útvegaði sjer þar hraðpressu, og hefir hún síðan verið notuð þar, og gengur síðan

fljótara að prenta. Þegar Einar Þórðarson prentari sá, prentunin tókst í Ísafoldarprentsmiðjunni, útvegaði er aðra hraðpressu frá Þýzkalandi. Er hún nokkru n hin, en að öðru leyti er hún engu betri. Blöðin u hin sömu þetta ár sem að undanförnu; þetta sumar safold sem aukablað alþingisfrjettir 19 blöð, nu út um þingtímann, og var því tekið með miklum af alþýðu manna, sem von var, þar eð þingtíðindin jaldan út fyr en löngu á eptir tímanum, og sjást aldmum sveitum landsins. Síðast í nóvember byrjaði að nýtt blað í Reykjavík, er «Máni» nefndist; það átti að arkir á ári; ritstjóri þess er Jónas Jónsson tómthús- Reykjavík.

sindafjelögin hafa eigi verið iðjulaus þetta árlagar bókmenntafjelagsins voru 768, eða 4 árið áður. Þetta ár komu út frá því Skírnir og lur þess sem vant er, frjettir frá Íslandi, ræði, eðlislýsing jarðarinnar, um eðli lbrigði mannlegs líkama og íslenzkar forn- I. bindi. Frá þjóðvinafjelaginu komu 5. ár Andðara hepti af mannkynssögu Melsteðs og alman- Andvara var ágæt ritgjörð um stjórnarmálið eptir Einigismann Ásmundsson, stutt en greinileg. Önnur ritvar ferðasaga til Noregs, og um bátasmíð og fiskiveiðeptir Einar bónda Guðmundsson á Hraunum. Hafði ngið 1000 króna styrk af landsfje til þess að ferðast gs og kynna sjer bátasmíðar manna þar og semja ritm það. Ritgjörðin er ljóst og vel samin og má eflaust ð miklu gagni. Seinast eru nokkur smáljóð (epigramitlögð úr grísku af Stgr. Thorsteinson, þau eru útlögð illd, sem höfundinum er lagin, en þó að þau sjeu fögur, við, að alþýða finni ei í þeim hina sömu fegurð, sem kunnugir eru hinum forna skáldskap, þar eð þau hafa nokkuð einkennilegan blæ, eins og flest af hinum forna og rómverska skáldskap.

lmargt hefir komið út af bókum á þessu ári, og skal eins getið hinna merkustu af þeim.

Í guðfræði komu 2. og 3. hepti kirkjutíðindanna; í þeim eru nokkrar ritgjörðir, en mest ber samt á tveimur; önnur er «um ástand hinna hólpnu sálna frá dauðanum til upprisunnar», útlögð að mestu eptir M. Hammerich. Það er einhver hin óheppilegasta ritgjörð, sem auðið var að fá til þess að byrja með kirkjulegt tímarit, sem átti víst að vera til þess að glæða með trúarlíf alþýðu á Íslandi. Grein þessi er fyrst og fremst langt of þungskilin handa alþýðu, því að hún hefir lært trúarbrögð sín af lærdómskverinu sínu og nýja testamentinu, en þekkir ekkert til heimspekilegra heilabrota um þau efni, sem hún hefir aldrei heyrt nefnd, og ekkert eru á biflíunni byggð; og svo geta slíkar ritgjörðir vakið undarlegar hugleiðingar meðal hinna fáfróðu, og jafnvel orðið til þess, sem útgefandi tíðindanna eða greinarinnar hefir sízt ætlað. Hin ritgjörðin er um samband ríkis og kirkju og heldur því stranglega fram, að þau skuli vera óaðskiljanleg. Ritgjörð þessi hefir litla þýðingu og fjekk óþægðar viðtökur hjá landsmönnum og blöðunum. Einnig komu út tvær líkræður, önnur flutt við jarðarför Pjeturs prófasts Pjeturssonar á Víðivöllum 1842 af Halldóri presti Jónssyni á Glaumbæ (síðar á Hofi í Vopnafirði), en hin flutt við jarðarför dr. Hallgríms Skevings í Reykjavík 1862 af Pjetri biskupi Pjeturssyni. Báðar þessar ræður þykja mikið góðar. Einnig kom út í Lundi í Nýja Íslandi nauðsyuleg hugvekja, ágætasta rit, sem sýnir glöggt og greinilega fram á ofsa og óhemjuskap hinnar norsku synodu í trúarefnum. Prjedikun á 14. sunnudag eptir Trinitatis, haldin í Reykjavík af sjera Páli Pálssyni á Stafafelli, þótti mikið góð. Önnur rit andlegs efnis komu eigi út á þessu ári.

Í stjórnvísindum hefir komið heldur lítið út þetta ár, og auk þingtíðindanna og stjórnartíðindanna er það að eins eitt kver, sem um er að gjöra; það er aðalatriði þjóðmegunarfræðinnar. Rit þetta er í fyrstu ritið á frakkneska tungu af frægum frönskum þjóðmegunarfræðingi, er hjet Maurice Block; hefir því verið snúið á flestar tungur norðurálfunnar og nú á íslenzka tungu. Indriði Einarsson, kandídat í stjórnfræði, sneri því, og lagaði það eptir íslenzkum háttum og skilningi; þó að kver þetta sje lítið, gefur það þó ljóst yfir-

ıin helztu atriði þjóðmegunarfræðinnar og getur verið fyrir alþýðu, þar eð það setur fram efni sitt í svo ljettum ɔldum búningi sem hægt er.

á t t ú r u v í s i n d u m komu tvö rit, sem bókmennta- hefir gefið út. Það hefir ráðið af, að gefa út nokkur ıáttúrufræðilegs efnis, með alþýðlegum blæ, til þess að ýðu manna hugmynd um, hvað þau vísindi sje. Þessi kölluð í framhaldandi röð s t a f r o f n á t t ú r u v í s i n d-

1. hepti þess er e f n a f r æ ð i eptir H. E. Roscoe; það 36 myndum, og lýsir hinum helztu undirstöðuatriðum innar ljóst og alþýðlega; myndirnar eru allgóðar og vel efnið. 2. heptið er e ð l i s l ý s i n g j a r ð a r- eða sem kallað er p h y s i s k l a n d f r æ ð i, eptir A. Geikie, myndum. Þetta rit gefur ágætt yfirlit yfir hið helzta ın jarðarinnar, jarðlaganna, fjalla, dala, o s. frv.; það tninu, loptinu og hinum helztu eðlisatburðum, sem ım á jörðunni. Rit þessi eru hin nauðsynlegustu og ættu lærð í barna- og unglingaskólum og jafuvel kvennaskólum em eru að fæðast og þegar eru fæddir hjer á landi.

a g n a f r æ ð i o g l a n d a kom ekkert rit út á þessu göngu, nema l ý s i n g Í s l a n d s eptir Halldór yfir- Friðriksson; það er að mestu að eins endurprentun af eði hans hinni gömlu. Þessu ári tilheyrir þó reyndar líka y n s s ö g u á g r i p Melsteðs, síðara hepti, að því leyti sem yrði til bókum þjóðvinafjelagsins þetta ár. Páll Melsteð ıdingum of vel kunnur af sagnaritum sínum hinum eldri hinni stóru veraldarsögu sinni, til þess að eg fari a annað með ágripi þessu en það, að það sje í alla gætt, og jafnvel hið bezta, sem frá höfundarins hendi mið. Viðburðirnir eru svo mátulega og, nærri að segja, ga valdir og settir í samband sín á milli, sem nauðsyn- þegar gefa skal stutt ágrip af einhverri stórfengri vís- in. Mál höfundarins er eins og það er vant að vera og óblandað, fjörgað með þægilegri kímni, og þó hverju uðskilið.

f o r n f r æ ð i s r i t a, sem út hafa komið, má telja kar f o r n s ö g u r I. bindi, er bókmenntafjelagið hefir gef-

ið út. Í þessu fyrsta bindi eru tvær sögur, Glúma (Vígaglúmssaga) og Ljósvetningasaga. Þær hefir búið undir prentun stip. Arnamagn. Guðmundur Þorláksson, og hefir hann leyst útgáfu þessa mjög vel af hendi. Það var mjög heppilegt af bókmenntafjelaginu að gefa út sögur þessar, og er óskandi og vonandi, að slíkt haldi áfram. Helzti orðamunur handritanna er tekinn til greina neðanmáls, og er það gott fyrir vísindamennina, en fyrir flesta, sem bókina kaupa á Íslandi, hefir hann ei aðra þýðing, en að hann gjörir hana þriðjungi dýrari. Í Reykjavík kom út saga Gunnlaugs ormstungu, gefin út af hinum ágæta málfræðingi vorum, skólastjóra Jóni Þorkelssyni. Útgáfan er hin vandaðasta að öllum frágangi, og svo fylgja henni skýringar ágætar yfir vísurnar í henni eptir útgefandann, og eru þær útskýrðar með hinum sama fróðleik og skarpleik, sem honum er laginn. Að eins hefir sumum þótt hann beita þar nokkuð mikið tilgátum og ágizkunum, er hann hefir lagað þær og fært til rjetts máls. Sami maður hefir og byrjað með skólaskýrslunni fyrir árið 1878–1879 að gefa út nýtt orðasafn yfir miðaldamálið íslenzka; eru það ný orð, er hann hefir safnað saman úr bókum frá 15. og 16. öld. Verður safn þetta allstór bók, og sýnir bezt hina óþreytandi elju hans og dugnað í því, að skýra og rannsaka eðli og sögu íslenzkunnar, breytingar hennar og stig frá því fyrst var farið að rita hana.

Af skáldskaparritum hefir komið út allmargt á þessu ári, en það hefir ei verið alt all-merkilegt. Af frumkveðnum kvæðum eru lang-merkust ljóðmæli Hjálmars Jónssonar frá Bólu. Af þeim kom út að eins 1. heptið. Kvæði þessi eru einkar mikilsverð, sum jafnvel ljómandi fögur, þó að á þeim flestum sje hinn eldri kvæðablær, sem von er, þar eð höfundur kvæðanna var menntunarlítill alþýðumaður, alinn upp á þeim tímum, er lítið var lögð rækt við slíkt. Einkum eru kvæði þessi einkennileg vegna hins stórfenglega afls, sem í þeim er, og hvervetna fylgir á eptir hinum kraptmiklu hugmyndum skáldsins. Búningurinn er góður, framsetningin skörp, liðug og ljós, og findnin óviðjafnanleg. Hepti þetta er gefið út á Akureyri, og frágangurinn á því ekki betri en í meðallagi. Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri voru og gefin út á Akureyri

ɔru þau lítilsvirði. Höfundurinn var alþýðumaður, allvel ıntaður, eptir því sem gjörist meðal alþýðu, og talinn laglega orður; hann var merkur maður í sveit sinni og unnu honum tir, er þekktu hann. En er hann var látinn, vildu ættingjar s fegra minning hans með því að gefa út kvæði þau, er eptir n fundust, jafnvel þótt höfundinum hafi aldrei dottið það í hug fum. Svo var gefin út stór kvæðabók, og má með sanni segja hún er minningu höfundarins til mikillar hneisu Þar er allt ð út í bendu, alvarleg, og jafnvel hálf-andleg kvæði, og hið ɔjóðslegasta klám og vísur, sem ekkert hafa sjer til ágætis ıa þær eru hlaðnar saman af hortittum. Ef kvæði þessi hefðu ið gefin út með skynsemd, hefði mátt fá úr þeim dálítið ɔðakver, sem hefði mátt heita fulllaglegt, eða að minnsta ti meinlaust. Einn af hinum yngri prestum, Ólafur Bjarna- á Ríp, sá um útgáfuna, og bjó kvæðin undir prentun. Af ɔðum hefir eigi annað komið markvert, nema ef telja skyldi ıur af Finnboga ramma eptir Ásmund Sigurðsson og ıur af Hjeðni og Hlöðvi eptir Jón Eyjólfsson, hvorar- ggja afar-ómerkar í alla staði. Af skáldritum í óbundinni ræðu ıu út tvær sögur þetta ár. Önnur þeirra var Aðalsteinn ir Pál prest Sigurðsson á Hjaltabakka. Það er löng saga efnislítil og hefði vel getað verið hálfu styttri, þó engu af inu væri sleppt úr. Efnið er í rauninni ekki neitt, nema að ja frá uppvexti efnilegs unglings, sem hamingjan ber á hönd- sjer til auðs og velgengni; en þegar hann er búinn að fá endur færi til að geta framkvæmt eitthvað eða beitt hæfi- leikum sínum, verður ekkert úr honum. Sagan er því í heild ni lítilsvirði, en einstakir kaflar hennar eru all-laglegir. Alls · er framsetningin dauf, og hið kátlega í sögunni fjörlítið. na er að segja um Mína vini eptir Þorlák Johnson verzl- ırmann í Reykjavík. Það á að vera spottsaga, er skal refsa ykjavíkurlífinu, og sýna fram á bresti þess; en það hefir eigi izt vel. Höfundurinn hefir eigi haft næga þekking á nnunum til þess að geta tekizt á hendur að lýsa þeim í rgum myndum, svo að það fari í nokkru lagi. Það er meira ıdaverk að rita sögu svo í lagi fari, en margur heldur; höf- durinn þarf að hafa fleira í höfðinu en eintóma atburðaröð,

til þess að geta látið hugmyndir sínar koma fram eðlilega, og án þess að þær lendi í mótsögn hver við aðra.

Í sjónleikaskáldskap kom út á Akureyri »Sigríður Eyjafjarðarsól« eptir Ara Jónsson, ef sjónleik skal kalla. Hann er settur saman eptir hinni alkunnu sögu í »Íslenzkum þjóðsögum«, en er svo ófullkominn sem mest má verða. Málið á leiknum er allgott, en öll dramatisk röð og meðferð efnisins er svo bágborin, að þáttaskipti og efnisbreytingar eru settar rjett af handahófi inn í leikinn, af því að höfundurinn hefir vitað, að það er vant að vera í slíkum ritum. Enginn verulegur endir er þar heldur, því að enda slík rit eins og hver önnur saga er sögð, getur í sannleika ekki átt alstaðar við. Lyndiseinkennin eru óljós og fátækleg.

Af útlendum skáldritum, útlögðum á íslenzka tungu, má nefna eina sögu. Það var Kátur piltur eptir Björnstjerne Björnson, hið fræga norska skáld, íslenzkuð af Jóni Ólafssyni, ritstjóra Skuldar. Saga þessi er ein af hinum beztu sögum hins ágæta höfundar, og er hún og ágæta vel útlögð. Hún sýnir, hvernig duglegur unglingur berst áfram, þrátt fyrir allar mótspyrnur, til þess að ná því takmarki, sem hann hefir sett sjer, og nær því að lokum fyrir dugnað sinn. Slíkar sögur eru ágætar fyrir unglinga, sem fyrirmynd til eptirbreytni. Í Reykjavík kom út Sakúntala eptir Kalidasa, útlögð af Stgr. Thorsteinson. Það er ein hin fegursta saga, sem út hefur komið á nokkru máli, full undrunarverðrar fegurðar og austurlenzks ímyndunarafls, er lýsir sjer í henni. Útgáfan er að öllu hin vandaðasta, bæði að máli og frágangi. Í Kaupmannahöfn kom út Smásöguval eptir Hebel útlagt af Finni Jónssyni. Það er reyndar ekkert val af sögum Hebels, heldur bara tekið út úr þeim.

Í læknisfræði komu út heilbrigðistíðindi Hjaltalíns að nýju, og svo rit um eðli og heilbrigði mannlegs líkama eptir Jónassen lækni. Það er ágætasta rit, og hið nauðsynlegasta; í því eru allgóðar myndir til skýringar efninu; höfundurinn hefur að mestu útlagt rit þetta af þýzkri tungu, en aukið það nokkuð. Í formálanum getur hann þess, að hann hafi í huga að semja lækningabók handa alþýðu, sem framhald kvers þessa, og væri það mjög æskilegt.

slegt hefir og komið af annars konar ritum, sem hjer
úm til að geta um, enda er fæst af því svo mikilvægt,
hafi mikla þýðing í bókfræðum vorum.

) hefir lengi verið haft á orði, að Íslendingar ynnu
ıni mjög, og hefir það nú á síðari árum sýnt sig í því,
ikið forngripasafn hefir safnazt saman í Reykjavík. Á
ri hefir samt verið stigið langt spor til framfara í þessu
ar sem fjelag var stofnað til að rannsaka fornleifar á
og auka þekking manna á þeim. Fornleifafjelagið
fnað 8. dag nóvembermánaðar, og varð forseti þess Árni
eti Thorsteinson, og skrifari Indriði Einarsson
ıirðir Magnús Stephensen. Mark og mið fjelags
:r að vernda fornmenjar vorar, leiða þær í ljós, og auka
g á sögu og siðum feðra vorra. Eitt af aðalmiðum þess
erða að rannsaka Þingvöll, Lögberg, sem efi er orð-
hvar verið hafi, búðir, forna hauga, hofa- og bæja-
o. s. frv. Sömuleiðis ætlar það að rannsaka dysir, dóm-
, forna þingstaði og aðra sögulega hluti, sem enn þá eru
ar af. Það efiir þekking og áhuga alþýðu, eins og unnt er,
öldinni, heldur fyrirlestra um fornfræðileg efni og ætlar
ıð gefa út tímarit með fornfræðilegum ritgjörðum og
ım um framkvæmdir sínar. Állir, sem vilja verða fje-
tilkynna það forseta; árstillag er 2 krónur, eða 25 króna
eitt skipti fyrir öll. Fjelagsmenn fá gefins þau rit, er
ið gefur út. Ársfundur fjelagsins er 2. ágúst ár hvert,
alfundir þess eru haldnir annaðhvort ár, þegar alþingi er.

Hingað kom þetta ár, eins og vant er, mesti fjöldi af út-
ım ferðamönnum, til þess að sjá land vort, og verðum
að geta eins þeirra nokkuð nákvæmar. Það var Willard
:e, prófessor við Cornellháskólann í Iþöku í Bandafylkj-
n í Norður-Ameríku. Hann ferðaðist lítið eitt um á Norð-
ıdi, fór síðan með Díönu norðan um land til Reykjavíkur,
ın til Þingvalla og Geysis, og síðan til Reykjavíkur aptur,
lvaldist þar um tíma, þar til hann fór með póstskipinu í
bermánuði. Með honum ferðaðist Arthur Reewes, ungur
maður frá Norðurfylkjunum. Prófessorinn var allra manna
legastur, og ávann sjer elsku og vináttu allra íslenzkra

hjartna, hvar sem hann kom. Hann talaði vel íslenzka tungu, og var nákunnugur íslenzkum bókmenntum bæði að fornu og nýju. Hann unni Íslandi og Íslendingum af hjarta, og sagði meðal annars, er hann skildi við landið: «Jeg veit, að jeg á að skiljast við þetta sagnauðuga fræðiland, þar sem jeg hef fundið svo marga góða vini og hef sjeð svo marga unaðsfagra daga! Jeg skil nú orð höfundar Njálu, er hann lætur kappann ágæta segja, er hann ætlar af landi burt, og vildi jeg feginn, ef auðið væri, snúa aptur og segja með honum: «Hjer vil jeg una æfi minnar daga, alla sem guð mjer sendir»! og þó einstakur maður geti litlu áorkað, vil jeg þó vinna framvegis fyrir Ísland og framfarir þess, ef guð gefur mjer líf og heilsu. Mjer mun aldrei úr minni líða Ísland og Íslands þjóð!» Þessi orð hans voru eigi tómt orðaskvaldur, því síðan hefir hann sent bóksöfnum á Íslandi mikið af dýrum og merkum bókum og mikið stutt að útbreiðslu rjettrar þekkingar á Íslandi meðal annara þjóða, því eins og kunnugt er hafa aðrar þjóðir allt annað en glæsilegar hugmyndir um Ísland og skrælingja þá, er þeir halda að þar búi.

Þess hefir áður verið getið í frjettum frá Íslandi, að Svíar hjeldu 400 ára júbilhátíð háskóla síns í Uppsölum. Þetta ár fóru Danir að þeirra dæmi, og hjeldu sömu júbilhátíð háskólans í Kaupmannahöfn í minningu þess, að hann var settur á stofn ár 1479. Hátíðin átti að fara fram 4.—5. júní. Til þeirrar hátíðar var boðið í brjefi til landshöfðinga tveim stúdentum frá Íslandi að koma og taka þátt í hátíðagleði Dana. Til þeirrar farar kaus stúdentafjelagið í Reykjavík þá Davíð Schéving á læknaskólanum og Ólaf Ólafsson, á prestaskólanum. Jón Þorkelsson skólastjóri var og kosinn af landshöfðingja til farar þessarar, en hann gat eigi komið því við. Hátíðin fór fram með mesta sóma, og var afarmikið um dýrðir, en hjer er eigi rúm til að segja gjör frá því, enda á það eigi við stefnu þessa rits. Á hátíðinni fór fram doktora-krýning (promotion), og voru þar doktoraðir tveir íslenzkir fræðimenn: Vilhjálmur Finsen hæstarjettardómari (Dr. juris), og skólastjóri Jón Þorkelsson (Dr. philos.). Þess verður og að geta hjer, að Jón Þorkelsson var árið áður gjörður meðlimur

ınglega danska vísindafjelags, og er hann hinn fyrsti er á landi, sem hefir öðlazt þann sóma.

ıarleikar voru leiknir í Reykjavík 15 kvöld í febrú-, og þótti vel leikið. Leikar þeir, er leiknir voru, : Jeppe á fjalli (Jeppe paa Bjærget) eptir Holberg, ingarnir (Gjenboerne) eptir Hostrup, Aprílsfíflin rrene) eptir Heiberg og Nei eptir sama. Eitthvað var á Akureyri. Þótti að því vera hin mesta skemtan. lt slíkt mjög ófullkomið hjá oss, meðan ekkert leikhús ; allur fyrirbúnaður er svo ófullkominn, að ekkert af etri eða efnismeiri leikum heimsins verður leikið. Svo n, að allt sje hálfgjört, er íslenzkir menn, er aldrei ;t slíkt sjeð, stýra slíkum fyrirtækjum. Lakast er samt, t innlent er til, svo að neinu nemi, svo að menn geti ;t eigið þjóðlíf, en þurfi ei að sækja allt sitt í útlent

IV. Mannalát.

lsufar manna var ei gott þetta ár, og gekk um allt kæð lungnabólga, og varð hún mörgum að bana. ar, einkum nyrðra, stakk sjer niður taugaveiki, en eins mikið á henni sem lungnabólgunni. Lungnabólga r meðfram svo skæð, af því að hún var svo taugaveik-ı. Hjer er eigi hægt að gjöra grein fyrir, hve mörgum þessi hafa fækkað, en að öllu samtöldu má ætla, að ıði hafi verið allt að þriðjungi meiri, en vandi er) studdi og að fólksfækkun hjer þetta ár, að 326 óru frá Norður- og einkum frá Austurlandi til Vestur-fæstir þeirra fóru samt til Nýja-Íslands, heldur ætluðu leita sjer bólfestu sunnar.

ztu merkismenn sem önduðust á þessu ári, eru þeir, skal greina:

dag desembermán. 1878 andaðist Guðmundur danne-ður Brynjólfsson, bóndi á Mýrum í Dýrafirði, fæddur 12. Hann var auðsæll maður og mesti dugnaðarmaður, af helztu bændum á Vesturlandi. — Jón Eyjólfsson,

óðalsbóndi og gullsmiður á Ökrum á Mýrum, andaðist 4 dag janúarmánaðar, og var nær sextugu, fæddur $^{10}/_{10}$ 1820. Hann var prúðmenni og valmenni, en mjög heilsulinur síðara hlut æfi sinnar. — 6. dag marzmánaðar andaðist í Reykjavík Jóhann Júlíus Jóhannsson skipstjóri, duglegur maður 25, ára. — 9. sama mánaðar andaðist Guðmundnr Jóhannesson, járnsmiður í Reykjavík, rúmlega fimmtugur; hann var vandaður maður og reglusamur, og hinn duglegasti. — 25. dag aprílmánaðar andaðist snögglega í Reykjavík verzlunarmaður Einar Jafetsson, 42 ára gamall. Hann var ötull maður og tápmikill, ör í skapi en hreinn í lund og hjartagóður og vinsæll í sinni stjett. — 10. dag marzmánaðar andaðist Sigurður dannebrogsmaður Sveinsson á Öngulsstöðum í Eyjafirði, 53 ára gamall. Hann var einn hinna helztu framkvæmdarmanna norðanlands. — 3. dag aprílmánaðar andaðist snögglega Guðmundur prestur Torfason á Torfastöðum. Hann var fæddur í Hruna 5. júní 1798 og lauk prófi í Bessastaðaskóla 1820; hann varð fyrst aðstoðarprestur hjá Sigurði presti Thorarensen á Stórólfshvoli 1824, síðan varð hann prestur á Kaldaðarnesi 1835, Miðdal 1847 og Torfastöðum 1860. Hann sagði af sjer prestsembætti 1875; hann var dugnaðarmaður mikill og gáfumaður og skáldmæltur vel. — 29. dag sama mánaðar andaðist Helgi trjesmiður Helgason í Reykjavík, 70 ára að aldri; hann var valinkunnur maður og vel viti borinn. — 27. dag sama mánaðar andaðist merkisbóndinn Sigurður Árnason á Höfnum á Skagaströnd, rúmlega áttræður (fæddur 3. desember 1798). — 7. dag maímánaðar andaðist Björn bóndi Bjarnarson á Breiðabólstöðum á Álptanesi; hann var um fimmtugt. Hann var víða kunnur bæði meðal útlendra og innlendra, því að hann hafði ferðazt opt með útlendingum hjer um land; hann var mikill bókavinur og ljet eptir sig gott safn íslenzkra bóka. — 4. dag októbermánaðar andaðist Snorri dýralæknir Jónsson í Papey, 34 ára gamall. Hann var vel að sjer í námsgrein sinni, og var mikill mannskaði að honum. — 5. dag sama mánaðar andaðist einn af námspiltum hins lærða skóla, Hálfdan Helgason prestaskólakennara; hann var eigi tvítugur að aldri (fæddur5. júní 1860), en síðasta árið sem hann lifði, þjáð-

hann af brjóstveiki, sem að síðustu dró hann til bana. n var hinn vandaðasti piltur í öllu, hvers manns hugljúfi, stundaði vel nám sitt. — 8. dag nóvembermánaðar andaðá sjúkrahúsinu í Reykjavík Ólafur Ó. Thorlacíus, ppstjóri frá Dufansdal í Arnarfirði. Hann var atgjörvisur hinn mesti og vinsæll, og öllum mjög harmdauði; hann i slasazt af byssuskoti, er að síðustu dró hann til bana; n var um fimmtugt. — 11. dag sama mánaðar varð Páll tur Ingimundarson á Gaulverjabæ bráðkvaddur. Hann fæddur á Egilsstöðum í Ölfusi 21. dag maímánaðar 1812. n ólst upp hjá foreldrum sínum til 1824; en þá fluttist n til móðurbróður síns, Jóns prests Árnasonar á Söndum ýrafirði, og kom hann honum í skóla. Hann útskrifaðist 6 og fór þá til Jakobs prófasts Árnasonar í Gaulverjabæ, varð aðstoðarprestur hans 1839, og var settur varaprófastur rnessýslu 1840—1848. Hann var altaf aðstoðarprestur til ða Jakobs prófasts 1855, og var síðan veittur Gaulverjabær r hann 31. júli 1856, og var þar síðan prestur til dauðas. Hann kvæntist 1842, og gekk að eiga ungfrú Sigríði iksdóttur Sverrisen; þau áttu saman mörg börn, og lifðu 3 ur föður sinn. Páll prestur var góður kennimaður og núrskarandi ástundunarsamur og reglufastur í embætti sínu hvers manns hugljúfi.

Hannes Árnason, prestaskólakennari í Reykjavík, aðist eptir langvinn veikindi 1. dag desembermánaðar. Hann fæddur 11. dag októbermánaðar 1809, varð kandídat í fræði frá háskólanum 1847, og vígðist þá prestur að Staðað um vorið. Um sumarið hætti hann við prestskap og ð þá þegar um haustið kennari í forspjallsvísindum við staskólann í Reykjavík; einnig hafði hann á hendi frá þeim a til 1876 kennslu við lærða skólann í dýra- og steinafræði. nn kvæntist 1848 í Kaupmannahöfn Lovise G. C. A. Anthon; n andaðist 1868. Þeim varð eigi barna auðið. Hann var a manna vinfastastur, og þótt hann virtist nokkuð undarur í fyrstu, ávann hann sjer elsku allra þeirra, er vildu kja hann. Hann var vel að sjer í heimspekilegum fræðum las þau jafnan af mikilli ástundun og unni þeim mjög.

Honum hafði græðzt allmikið fje, því að hann hafði verið alla æfi manna sparsamastur og samheldnastur á eigum. Voru þær að honum látnum 30,200 króna. Eptir hann látinn fannst erfðaskrá (testamenti), og var í henni ákvarðað að stofna af fje þessu styrktarsjóð handa þeim, er stunda vildu heimspeki. Eptir skránni skal sjóður þessi ávaxtast, þar til vextir af honum nema eigi minnu enn 2000 krónum árlega, og skal þá verja vöxtunum til styrktar þeim, er nema vilja heimspeki og heimspekileg vísindi, svo sem spekúlatíva og explíkatíva lógík, sögu heimspekinnar, og umfram alt sálarfræði (psychologi), ef hann er vel lagaður til þess. Skilyrði fyrir því, að geta fengið styrk þennan eru þessi: 1. að hafa tekið próf í heimspeki með lofseinkunn, annaðhvort við hákólann í Höfn eða í Reykjavík; 2. að vera þekktur að því, að vera sjerlega hneigður fyrir heimspeki; 3. að vera reyndur að því, að vera ráðsettur og vandaður maður. Um styrk þennan skal sækja til landshöfðingja, og veitir hann styrkinn með ráði kennslumálastjórnendanna hjer á landi, en þeir leita álits þeirra þingmanna, er vit hafa á forspjallsvísindum, og þekkja sækjanda; skal þetta gjört, til þess að styrkurinn verði ei misnotaður. Sækjandi skal síðan vera eitt ár við Kaupmannahafnarháskóla, og heyra fyrirlestra tveggja prófessóra um tvö missiri, og fá síðan vitnisburð hjá þeim. Síðan skal hann stunda heimspeki við einhvern af hinum heldri háskólum í Þýzkalandi um tvö ár, og heyra stöðugt fyrirlestra tveggja prófessóra í sömu vísindum, og sömuleiðis fá sjer vitnisburð frá þeim. Fjórða árið skal hann njóta sama styrks á Íslandi, og vera í Reykjavík þann vetur, og halda opinbera fyrirlestra um einhverja grein heimspekinnar eða eitthvert af hinum frægri heimspekisritum, mönnum til leiðbeiningar. Fær hann þannig styrkinn 4 ár, en svo ei lengur. Styrkurinn skal veitast þriðja hvert alþingisár, eða á sex ára fresti. Skrá þessi er dagsett 15. ágúst 1878. Þess skal samt getið, að meðan systir hins látna er á lífi, nýtur hún 400 króna árlega af vöxtum þessum.

Þetta ár andaðist og sá maður, sem öflugast og þróttmannlegast hefir barizt fyrir frelsi og rjettindum ættjarðar sinnar, sem það er þakka, sem Íslendingar hafa eflzt og aukizt nú

tímum, sem í nærfellt 40 ár hefir unnið fyrir stjórn-
þjóðlegum og vísindalegum framförum hennar. Það er
gurðsson. Hann andaðist í Kaupmannahöfn eptir
ar þjáningar 7. desembermánaðar. Hann var fæddur á
·i í Ísafjarðarsýslu 17. dag júnimánaðar 1811. Hann út-
t úr heimaskóla frá föður sínum 1829, en fór 1833
náms á Kaupmannahafnarháskóla, og átti þar heima
því. Það er hvorttveggja, að á þessum blöðum er ei
l þess·að rita, þó ei væri nema lítið ágrip af æfisögu
ıda er vel samið ágrip af henni í 6. ári Andvara, 1880,
rík prófast Briem. Jarðarför hans fór fram 13. dag
rmánaðar í Garnisonskirkjunni í Kaupmannahöfn, og
ıonum mikill fjöldi fólks. Þangað kom af hendi
; T r a p leyndarráð, ríkisþingsforsetarnir K r a b b e og
, N e l l e m a n n Íslandsráðherra, margir· þjóðþingis-
inkum úr vinstrimannaflokki, háskólakennarar nokkrir
Íslendingar, sem voru í Kaupmannahöfn. Tvær kistur
m líkið; sú innri var af zinki, en hin ytri af eik, og
ı öll krönzum hulin. Á kistulokinu var silfurkranz
ıgur, með skildi, sem gefinn var af landsmönnum hans,
mur pálmlaufakranz frá íslenzkum stúdentum og tveir
·kranzar, annar frá bókmenntafjelaginu, en hinn frá þjóð-
ıginu. Á silfurskjöldinn voru grafin þessi orð:

†

J ó n S i g u r ð s s o n
fæddur 17. júni 1811,
kvongaðist 5. september 1845,
dó 7. desember 1879.

Óskabarn Íslands,
sómi þess, sverð og skjöldur.

ar sunginn sálmurinn; «Tænk naar en Gang, den Taage
ıvunden!», og síðan hjelt S c h e p e l e r n prestur á-
g kjarnorða ræðu, og rakti fagurlega æfiferil hans í gegn
ráttu og stríð fyrir þjóð sína. Á eptir Schepelern
hjelt E i r í k u r prófastur B r i e m ræðu á íslenzku, og
ın sömuleiðis góð og kjarnorð. Þegar því var lokið,

kastaði Schepelern moldum á kistuna, en að því búnu báru íslenzkir stúdentar hana inn í grafhvelfing kirkjunnar.

Merkiskonur, sem hafa dáið á þessu ári, eru þessar hinur helztu, er nú skal greina:

Ungfrú Margrjet Stefánsdóttir Thórarensen á Akureyri andaðist eptir langa legu 10. dag janúarmánaðar; hún var fædd 18. febrúar 1803. — 1. dag aprílmánaðar andaðist húsfrú Arnfríður Sigurðardóttir, kona Benidikts prófasts Kristjánssonar á Múla; hún var fædd 8. nóvember 1829. — Ekkjumadama Hildur Eiríksdóttir á Bergstöðum í Svartárdal dó 6. dag sama mánaðar, á 71. ári. — Húsfrú Guðríður Torfadóttir, ekkja Þorsteins sál. Einarssonar prests að Kálfafellsstað, dó 12. dag maímánaðar. Hún var fædd 3. febrúar 1805. — Húsfrú Kristín Jónsdóttir, ekkja Sveins prests Benidiktssonar á Mýrum í Álptaveri, móðir Benidikts sýslumanns Sveinssonar og systkina hans, dó í Reykjavík 21. dag júlímánaðar á níræðisaldri. — Húsfrú Kristín Pálsdóttir (prests á Viðvík), kona Einars bónda Guðmundssonar á Hraunum, dó á spítalanum í Reykjavík 9. dag ágústmánaðar af innanmeinum, hún var mesta merkiskona. — Frú Kristín Ólína Þorvaldsdóttir Thóroddsen, ekkja Jóns sýslumanns Thóroddsens, dó í Reykjavík 27. dag nóvembermánaðar; hún var fædd í Hrappsey 24. júni 1843, og giptist Jóni sýslumanni 29. dag ágústmánaðar 1854. Hún var mesta valkvendi, og unnu henni allir, er nokkuð kynntust henni.

Þá leið ekki heldur langt á milli þeirra hjóna, Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar konu hans, því hún dó 9 dögum síðar en maður hennar, hinn 16. dag desembermánaðar. Ingibjörg Einarsdóttir var fædd 9. dag októbermánaðar 1808, og giptist Jóni Sigurðssyni 1845. Líki hennar var veittur sami umbúnaður og líki manns hennar, og fór útför hennar fram við Garnisonskirkju 23. dag sama mánaðar, hjeldu þeir Schepelern prestur og Eiríkur prófastur ræður við útförina.

Eptir ósk þeirra hjóna var þá þegar ráðið af meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn að senda lík þeirra hjóna upp til Íslands um vorið eptir; skrifaði Tryggvi alþingismaður Gunnars-

shöfðingja, og bað hann að annast um útför þeirra hjer
og lagði það jafnframt til, að þau yrðu jörðuð á lands-
iað, eins og flestar þjóðir gjöra um skörunga sína.
ir lát Ingibjargar sálugu kom upp erfðaskrá (testamenti)
dagsett 13. dag desembermánaðar, þrem dögum áður
ljezt. Í skránni getur hún þess, að hún viti, að það
ægur vilji manns hennar, að gefa Íslandi mestan hlut
nna eptir þau látin; en sakir veikinda hans hafi það
svo, að það muni aldrei hafa orðið af því. Eptir sinn
ur hún Íslandi tvo þriðju eigna sinna, sem afgangs verða
n og útfararkostnaði, og skal stofna af því sjóð, er nefn-
iður Jóns Sigurðssonar»; næsta alþingi skal ákveða, til
framfara sjóðnum skal varið, og semja reglur fyrir notk-
is; eigi má verja til þess nema vöxtunum, en höfuð-
i skal æ vera óskertur. Að síðustu áskilur hún sjer að
líki manns síns til Íslands.
jer má geta þess, að þegar landið keypti bókasafn Jóns
ssonar hið mikla eptir hann fyrir 25000 króna fyrir fám
síðan, þótti mörgum landsmönnum þar vera illa farið
fjármuni landsins, er þeim væri svo ausið út, án þess
æri, hvað í mót væri; nú sýnist svo, sem menn þurfi ei
r að harma kaup þessi, þar sem þetta mikla og merka
er nú nærri því sem hrein og bein gjöf orðið landsins
og stendur sem svo margt annað sem óbrotgjarn minnis-
þessa mikla manns í landi hjer.

1880.

I. Landsstjórn.

ið 1880 er heldur framkvæmdarlítið í pólitiskum efnum; og tilskipanir, sem á því voru gjörðar, eru flestar frá þinginu árið áður, og þá staðfestar á þessu ári. efndir voru skipaðar, er gjörðu neitt að lögum eða frum-, svo að lítið er að finna, sem getur komið til umræðu. hafa engum stórmálum hreift, nema hvað nokkrar radd- til sín heyra, um það leyti er þingkosningar voru að iönd, og þó einkum eptir að þær voru af staðnar, og til ir að kvarta. Menn þóttust hvervetna sjá á eptir, hve ega hefði verið kosið sumstaðar; en þar eð landsmönn- tist eigi fullt vit til að velja, fyr en kosningarnar voru iar, urðu menn hvervetna að láta sjer það lynda, er var. Nokkrar raddir hreifðu sjer og um allra helztu , er fyrir hendi voru, svo sem landbúnaðarlagamálið, vað heldur lítið að því.

Þessu ári samþykkti konungur nokkuð af frumvörpum , þau er ósamþykkt voru um nýárið, og eru þau þessi.

; um breyting á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, samþykkt 9. dag janúarmánaðar.

; um uppfræðing barna í skript og reikningi, samþykkt sama dag.

; um skipun prestakalla, samþykkt 27. dag febrúarmán- aðar.

; um eptirlaun presta, samþykkt sama dag.

; um stjórn safnaðamála og stofnun sóknanefnda og hjeraðsnefnda, samþykkt sama dag.

; um brúargjörð á Skjálfandafljóti, samþykkt sama dag.

ögunum um smáskamtalækningarnar og lögunum um la synjaði konungur staðfestingar. Heldur ekki náðu

lög þau, er alþingi 1879 hafði samþykkt um skyldu presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk, nje lög um brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá að verða staðfest af konungi.

Í barnauppfræðingarlögunum er prestum gjört að skyldu að sjá svo um, að öll þau börn, er til þess virðast hæf fyrir greindar sakir, læri að skrifa og reikna svo, að þau læri fjórar höfuðreglur í heilu og brotum. Ef foreldrar eða þeir, sem fyrir barninu eiga að sjá, vanrækja þetta eða vilja eigi, má taka börnin frá þeim og láta kenna þeim á þeirra kostnað. — Eptir prestakallalögunum var brauðum fækkað við samsteypur og aðrar breytingar úr 170 niður í 141, og skyldi sú samsteypa færast í lag við prestaskipti þau, er næst yrðu. Þau brauð, er of lítil þóttu og tekjurýr, eru bætt upp með því, að taka frá stærri brauðunum, og jafna þau þannig nokkuð. Allt fyrir það eru þau nokkru misjafnari en gjört var ráð fyrir í áliti nefndarinnar 1878. Ef ljenskirkja er lögð niður, tilfellur hún með öllu sínu höfuðkirkju þess prestakalls, er hún er lögð við. Ef söfnuðir vilja breyta skipun sókna eða brauða, og hjeraðsfundur samþykkir það, og sömuleiðis ef hjeraðsfundur samþykkir breyting á takmörkum sókna eða vill leggja niður kirkju, færa hana til eða byggja hana að nýju, skal landshöfðingi leyfa það með biskups ráði. — Eptir lögunum um eptirlaun presta skulu þeir fá eptirlaun, er nema 10 kr. fyrir hvert þjónustuár þeirra. En ef þeir slasast eða geta ei sakir ósjálfráðrar vanheilsu þjónað, skulu þeir fá 250 kr. í eptirlaun, þó að þeir hafi eigi þjónað svo lengi sem því nemur. Uppgjafaprestar fá laun sín af brauði því, er þeir voru síðast í, ef það er svo stórt, að tekjur þess verði ei minni en 1200 kr. fyrir það, en úr landssjóði ella.

Eptir lögunum um safnaða- og hjeraðanefndir skal vera sóknarnefnd í sókn hverri og hjeraðsnefnd í prófastsdæmi hverju, til þess að ræða kirkjuleg málefni sín. Í sóknarnefndum eru þrír menn kosnir til árs hvers, og presturinn sjálfkjörinn. Skal að minnsta kosti haldinn einn fundur ár hvert í júnímánuði, og kjósa þá að nýju. Starf nefndarinnar er að aðstoða prestinn í að halda góðri reglu og siðsemi í söfnuðum, annast um fræðslu ungmenna o. s. frv. Sóknarnefnin á rjett á

fram með einum presti til veitingar, ef brauðið er
Á fundum hafa allir gjaldendur atkvæðisrjett. Í hjer-
eru sjálfkjörnir allir prestar prófastsdæmisins og pró-
rseti; ennfremur er í hana kosinn einn maður úr sókn
Forseti skal kalla saman einn fund á ári hverju í sept-
nuði, til að ræða mál þau, er útkljá skal á hjeraðs-
t. d um uppfræðing barna, siðsemi í söfnuðum,
rkna og meðferð þeirra, upptöku, niðurlagning og
eirra úr stað, breyting á prestaköllum o. s. frv. Gjörð-
nna eru sendar biskupi.

ú n a á S k j á l f a n d a f l j ó t i skal leggja á hentug-
. Til þess skal veitt 20000 kr. lán úr landssjóði
t um 3 ár, en síðan skal lánið borgast í 28 ár með
ig, að einn þriðjungur borgist úr sýslusjóði Suður-Þing-
nnar úr sýsluvegasjóði beggja Þingeyjarsýslna og þriðji
arsjóði norður- og austurumdæmisins.

g l u g j ö r ð f y r i r h r e p p s t j ó r a var gefin út af
ingja 29. dag aprílmánaðar, og er hún í flestu mjög
abyrgðarfrumvarpi því, er gefið var út 1875. Hjer er
úm nje þörf til að fara að taka ágrip af þessari reglu-
p, þar eð hún er heldur löng og margbrotin til þess.
að eins geta þess, að hreppstjórum er ætlað miklu
erksvið en áður, og hafa eptir henni margt það á
r hingað til hefir verið álitið að eins meðfæri sýslu-
Mun eigi af veita, að hreppstjórar sjeu vel menntir, ef
að komast út af slíku slindrulaust. Þeir eiga að
hendi rannsóknir í glæpamálum, gæta fanga, koma í
flakk, húsmennsku og lausamennsku og hafa gætur á
m þurfamannaflutning, hafa gætur á óleyfilegri verzl-
rangi, vogum og mælum, helgidagabrotum, vogrekum,
n, æðarfugladrápi, laxveiðum og selalátrum, rjettindum
úð húsbænda og hjúa, háseta og formanna; sjá um
r, ferjur, o. s. frv., fjallskil og göngur, ásetning á
meðferð á skepnum, gæta hundahalds, höfuðsóttarfjár,
a lækninga bæði á mönnum og skepnum; túngarða-
g framfara í landbúnaði, kirkjugarða- og kirknaviðhalds,
ga til annara landa, skipstranda, slysfara, sjálfsmorða,

o. s. frv., alls, sem nöfnum tjáir að nefna. Sömuleiðis hafa þeir margt að gjöra og margs að gæta við málaferli, skiftagjörðir, fógetagjörðir, lögnám, uppboðsgjörðir og úttektar- og skoðunargjörðir, framtöl til tíunda og annara alþjóðlegra gjalda, og samning ýmissa skýrslna. Laun hreppstjóra eru fólgin í lögákveðnu gjaldi, sem þeir eiga heimting á að fá fyrir hvert einasta af störfum sínum, Þessari reglugjörð hefir verið tekið misjafnlega, og hefir þótt nokkuð smásmugul, og ætlazt til meira, en af nokkrum manni verði ætlazt að komast yfir.

Þessi eru hin helztu lög og tilskipanir, er gefnar hafa verið til alþjóðlegrar eptirbreytni á þessu ári.

Til lagabreytinga má og það telja, hvernig verðlagsskrárumdæmunum hefir verið breytt. Menn höfðu þegar lengi verið búnir að lýsa óánægju sinni yfir því, að tvær og fleiri sýslur voru hafðar saman um verðlagsskrár, þó að ekki hafi því máli verið mikið hreift opinberlega. Út úr brjefaskiptum milli landshöfðingja og ráðgjafa um þetta efni kvað konungur svo á 27. dag febrúarmánaðar, að konungsúrskurði frá 16. júlí 1817 um verðlagsskrár skyldi þannig breytt, að hvert sýslufjelag hefði sína verðlagsskrá, nema þó svo, að Reykjavík hefði verðlagsskrá með Gullbringusýslu, og allir kaupstaðir á landinu með þeirri sýslu, er þeir stæðu í. Með þessu er girt fyrir ójöfnuð í verðlagi, er geti leitt af því, að misjafnt verðlag sje í sýslunum. Þetta ár varð samt ei komið við að haga verðlagsskránum eptir þessu, heldur eptir hinni eldri mynd. Meðalverð allra meðalverða á ári þessu var þetta;

Í báðum Skaptafellssýslum var meðalalin . . . . 47 aura.
- Rangárvallasýslu . . . . . 45 —
- Vestmannaeyjasýslu . . . . . 46 —
- Árness-, Kjósar-, Gullbringu- og Borgarfjarðarsýslum, og Reykjavíkurkaupstað . . . . . 54 —
- Mýra-, Hnappadals- og Snæfellsness-sýslum og Dalasýslu . . . . . 57 —
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað . . . . . 58 —
- Barðastrandar- og Stranda-sýslum . . . . . 57 —
- Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum . . . . . 54½ —
- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Akureyrarkaup-

. . . . . 52 —
Múlasýslum . . . . . 55 —

hefir verið getið í frjettunum frá 1879, að alþingi
ft samið frumvarp til ferðaáætlunar, fyrir póstgufu-
r þeim þætti betur haga en hinar eldri, og um leið
s á leit, að skip væri sent upp til Íslands í janúar-
Ef gufuskipafjelagið danska vildi eigi fylla bæn lands-
ar af ráðið að leita til Slimons í Leith og taka boði
egar þessar þingssamþykktir komu út, vildi hið danska
fjelag eigi verða af gufuskipasendingu til Íslands, og
ga að kostum þingsins. Ráðgjafinn og gufuskipastjórnin
i á ráðstefnu, og gjörðu 12. dag janúarmánaðar svo
amning með sjer, að gufuskipafjelagið skuldbatt sig til
vö skip fara á ári hverju fram og aptur 4 ferðir milli
kur — eða einhverrar annarar hafnar á Íslandi — og
nahafnar, og 5 ferðir fram og aptur norðan um Ís-
eyjar þær, er um það liggja, allt samkvæmt ferðaáætl-
i, er fjelagið semur og ráðgjafinn samþykkist. Auk
ldbatt fjelagið sig til að senda gufuskip frá Kaup-
fn eða Skotlandi til Íslands í janúarmánuði. Farþega-
lu vera tvö á skipi hverju, og skal hið dýrara rúma
a enn hið ódýrara 50. Fyrir ferðir þessar áskildi fje-
r 58000 kr. árlega, og skal það goldið af ríkissjóði
landssjóði Íslands. Samningur þessi skyldi vera bind-
10 ár, ef stjórninni líkar svo, og fjelagið fullnægir skil-
eim, er sett eru. Samkvæmt samningi þessum var þá
nt gufuskip til Reykjavíkur í janúarmánuði, og þótti
i þá vel hafa veiðzt, er svo var komið. Gufuskipaferð-
ngu alltaf vel, og voru flestir landsmenn ánægðir með
na Sunnlendingar. Fundu þeir sjer það til, að gufu-
omu eigi fyrst í hverri ferð til Reykjavíkur, og þótti
eð því vera brotin lög á sjer og höfuðborg landsins,
u kaupmenn landshöfðingja til að skrifa ráðgjafanum
fá áætluninni breytt þannig, að hvert skip kæmi til
íkur fyrst í hverri ferð, en færi eigi fyrst norðan um
austan og vestur fyrir og þá fyrst til Reykjavíkur. Gufu-
lagið vildi eigi breyta fyrir það ár, en lofaði góðu um

að haga þeim ferðum svo hið næsta ár. Þetta ár hjelt þó fjelagið öll heit sín, nema að því er farþegarúmin snerti, og voru margir óánægðir, er kring um land fóru, hve lítið rúm þeim væri ætlað, er væru á öðru rúmi, því að þeir neyddust til að liggja úti á þilfari eða niðri í lestarrúmi í farangri og vörum, og urðu þó að gjalda jafnmikið, og þó að þeir hefðu fengið rúm inni í lyptingunni, þar eð þeim hafði verið selt farbrjef fyrir rúmi, sem hvergi var til.

Á ferðum landpóstanna hafa engar þær breytingar orðið, sem sjeu svo mikils varðandi, að því taki, að þess sje getið hjer. Þó má geta þess, að amtsráðið í vesturamtinu ákvað að stofna eina aukapóstferð frá Stað í Hrútafirði til Stykkishólms. Þessi póstur á að taka brjef og sendingar, sem ganga milli Norður-og Vesturlands, svo að eigi sje verið að flytja þær suður í Reykjavík og koma þeim þannig pósta í milli. Þess má geta, að á þessu ári voru tekin upp íslenzk spjaldbrjef, til þess að skrifa með eitthvað lítið og almennt með póstum. Spjaldbrjef þau, er ætluð eru til þess að fara milli póststöðva á Íslandi, kosta 5 aura, milli Íslands og Danmerkur 8 aura, en þau, er ætluð eru til þess að fara milli póststöðva á Íslandi og annara landa en Danmerkur, 10 aura.

Vegabótum var haldið áfram ótrauðlega á þessu sumri, og skal hjer að eins getið hinna helztu fjallvega, er að hefir verið unnið og við lokið. Það er kunnugt, að um undanfarin ár hafa menn verið að vinna að vegagjörðum yfir hálendi það og heiðar, er ganga í útnorður af miðhálendi Íslands og greinir Norður-og Vesturland. Þar eru þrír fjallvegir, Grímstungnaheiði, Holtavörðuheiði og Kaldadalsvegur merkastur. Þetta sumar var lokið vegagjörðum á Kaldadalsvegi og Holtavörðuheiði, svo að þeir vegir eru orðnir góðir yfirferðar. Þarf nú ei hið illræmda klungur á Skúlaskeiði framar að verða neinum að fótakefli, sízt fyrst um sinn. Vegurinn á Holtavörðuheiði er að sínu leyti ei eins góður, enda er hann og tekinn að skemmast, það er fyrst var gjört af honum. Bætt var við veginn á Grímstungnaheiði, en þar gengur ei svo fljótt, þar sem um 13 mílna langan veg er að gjöra, víðast hvar hinn versta viðfangs. Sömuleiðis var þá og lagt fje til vegagjörðar á Yxna-

Vatnsskarði, Siglufjarðarskarði, Bröttubrekku, Hellisvíðar, Alls var lagt af landssjóði þetta ár 20000 kr. ga, og er það allmikið fje, en nægir þó ei til þess er

þessu var skipt þannig niður:

Hellisheiðar	8323 kr.	54 a.
Kaldadalsvegarins	2000 —	» -
Holtavörðuheiðar	5289 —	5 -
Bröttubrekku	500 —	» -
Haukadalsheiðar	400 —	» -
Laxárdalsheiðar	400 —	» -
Vatnskarðs og Siglufjarðarskarðs . .	1905 —	16 -
Öxnadalsheiðar	1182 —	25 -

tsráðið í norður - og austurumdæminu lagði og til, að ri af sýsluvegasjóði 300 kr. til þess að leggja brú á á í Suður-Múlasýslu. Þá var og af ráðið að leggja brú nsdalsá (Kolku) í Skagafjarðarsýslu. Um brúargjörð á dafljóti hefir verið áður talað. Sömuleiðis var og hald- að tala um brýrnar á Þjórsá og Ölfusá, enn ei meira, nönnum rís hugur við kostnaði þeim, er þær hafa í för :; var því svo frestað að gjöra frekara út um það til ings.

sningar til alþingis fóru fram víðast hvar í ermánuði, og var mikið í munni manna með að láta fara sem bezt, þó að menn þættust eigi allskostar á- með þær eptir á; upptalning þingmanna setjum vjer hjer eymum hana til þingsögunnar í frjettum frá næsta ári. ar rætt um ólöglegar kosningar í blöðunum, en þó var kippt upp nema í Árnessýslu; þar höfðu orðið fyrir um Valdemar prestur Briem og Magnús biskupsritari son. Þar var ei endurkosið fyr en vorið 1881. Sömu- óru kosningar í Norður-Múlasýslu ei fram fyr en með Hvernig kosningar hafi fallið, ber ei að dæma og verð · æmt fyr en þinggjörðir dæma það sjálfar.

estastefna var að venju haldin 5. dag júlímánað- æstu daga; mættu þar alls 14 prestar. Hið helzta, sem ar til umræðu, var hið sama og fyr, um að auka vald

og verksvið þessa forna kirkjuþings; nefnd sú, er kosin var árinu áður (Þórarinn prófastur Böðvarsson, Hallgrímur prestur Sveinsson og Helgi prestaskólakennari Hálfdánarson) hafði eigi lokið störfum sínum, að gjöra út um þetta efni, og var því aukið tveim mönnum í nefndina, Valdemar Briem og Ísleifi presti Gíslasyni. Sjerstaklega var þessari nefnd falið á hendur að semja frumvarp um laun prófasta, er leggja skyldi fyrir næsta þing; biskup lagði það til málanna, að settir væru fjórðungsprófastar, er hefðu eptirlit með prestum og kirkjum hver í sínum landsfjórðungi, í umboði biskups. Varð þetta mál ei útrætt sem ei var von til. Síðar bar í tal óregla, t. d. ofdrykkja presta, sem frjettist af þeim út um landið, og var álitið nauðsynlegt að áminna þá um að hegða sjer guðrækilega og siðsamlega sem prestum sómdi, og var próföstum ætlað að áminna þá. Eptir þessi málalok var stefnunni slitið.

Almennt fólkstal fór fram hjer á landi, eptir boði ráðgjafans og landshöfðingja, 1. dag októbermánaðar, og skyldi það útfært með mikilli nákvæmni, sem vant er að vera á 10 ára fresti.

Á þessu ári varð sem vant er nokkur breyting á embættaskipun, og voru þær breytingar þessar:

30. dag júnímánaðar var settur sýslumaður Einar Thorlacius skipaður sýslumaður í Norður-Múlasýslu frá 1. ágúst að telja.

Sama dag var yfirrjettarmálaflutningsmaður A. L. E. Fischer skipaður sýslumaður í Skaptafellssýslu frá 1. ágúst.

13. dag septembermánaðar setti landshöfðingi fyrrum sýslumann Þorstein Jónsson málaflutningsmann við landsyfirrjettinn frá 1. okt., þannig að hann missir jafnmikils í af eptirlaunum sínum sem málaflutningslaunum nemur; s. d. var löggilding frá 5. okt. 1878 handa Jóni ritara Jónssyni numin burt.

Í stað Hannesar Árnasonar var prestur og prófastur Eiríkur Briem á Steinnesi skipaður annar kennari við prestaskólann 29. júlí.

30. dag marzmánaðar var Helgi læknir Guðmundsson skipaður læknir í 10. læknishjeraði (Siglufjarðarumdæmi).

ettismenn við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum voru
i þessu ári: Jón Andrjesson Hjaltalín, undirbókavörð-
iskólabókasafnið í Edinaborg, var skipaður skólastjóri
kennari frá 1. september, og stud. mag. Þorvaldur
en annar kennari frá 1. október; þeir voru báðir skip-
lag júnímánaðar Til búfræðiskennara setti landshöfð-
orm búfræðing Vigfússon skólaárið 1. okt. 1880—30.
r 1881, 13. dag ágústmánaðar.
n Magnússon Ólsen og Sigurður Sigurðsson voru skip-
arar við lærða skólann 29. dag júlímánaðar með þeirri
ð annast umsjón með piltum, ef krafizt verður.
ðaveitingar á árinu urðu þessar:
ig febrúarmánaðar fjekk Páll prestur Sigurðsson á
ka Gaulverjabæ og Villingaholt í Árness-prófastsdæmi.
ig aprílmánaðar var Guðmundur aðstoðarprestur Helga-
ir upp á eigin ábyrgð að þjóna Odda prestakalli í
llaprófastsdæmi um fardagaárið 1880—1881. — 27.
. var Jónas aðstoðarprestur Hallgrímsson settur upp
byrgð að þjóna Hólmum í Reyðarfirði um sama tíma.
maímánaðar var Tómás prestur Þorsteinsson að
Miklabæ í Óslandshlíð skipaður prestur Reynistaðar-
inga. — 22. maí fjekk Brandur prestur Tómásson á
ka Ásaprestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi. —
jekk Stefán prestur Jónsson á Skútustöðum Þóroddi-
ður-Þingeyjarprófastsdæmi. — Sama dag fjekk settur
Steingrímur prestur Jónsson á Garpsdal, Otrar-
kall í Barðarstrandarprófastsdæmi. — Sama dag fjekk
restur Jónsson á Stað á Snæfjallaströnd Selvogsþing
prófastsdæmi, en tók aptur sókn sína, og leyfði
ngi honum að sitja kyrrum 1. dag júlímánaðar. —
límánaðar fjekk Páll prestur Ólafsson á Stað í Hrúta-
stsbakka- og Óspakseyrarprestakall í Strandaprófasts-
27. dag sama mán. setti landshöfðingi Jón prest
til að þjóna á eigin ábyrgð Dvergasteins og Mjóa-
uðum í Suður-Múlaprófastsdæmi, þangað til breyt-
eptir hinum nýju prestakallalögum geta komizt í
20. dag ágústmánaðar fengu 4 kandidatar af

prestaskólanum þessi brauð: Sigurður Jensson Flatey og Múla í Barðastrandarprófastsdæmi, Ólafur Ólafsson Selvogsþingin, Kjartan Einarsson Húsvíkurprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, og Einar Vigfússon Hof og Miklabæ í Skagafjarðarprófastsdæmi. — 23. dag ágústmánaðar fjekk Stefán prestur Sigfússon á Skinnastöðum Skútustaða- og Reykjahlíðarsöfnuði í Þingeyjarsýslu, frá fardögum 1881. — 25. dag októbermán. fjekk Markús prestur Gíslason á Blöndudalshólum Fjallaþingin: Viðirhól og Möðrudal í Þingeyjarsýslu, frá fardögum 1881. — 11. dag desembermanaðar fjekk Ólafur prestur Bjarnarson á Ríp Hof og Spákonufell á Skagaströnd frá fardögum 1881. — Konungur veitti tvö brauð 19. dag ágústmánaðar; Hólmar í Reyðarfirði voru veittir Daníel prófasti Halldórssyni á Hrafnagili í Eyjafirði og Oddi á Rangárvöllum var veittur Matthíasi presti Jockumsyni, ritstjóra Þjóðólfs; þessi brauð voru bæði veitt frá fardögum 1881, og eptir hinum nýju prestakallalögum.

Tveir prestar fengu lausn frá embætti: Andrjes Hjaltason í Flatey 1. dag júlímánaðar og Jón prestur Eiríksson á Stóra-Núpi í Árnessýslu 28. dag s. m.

Heiðursmerki dannebrogsmanna fengu á þessu ári: fyrrum hafnsögumaður Jón Bjarnason á Bíldsey í Snæfellsnesssýslu 25. dag maímánaðar, Þorleifur hreppstjóri Jónsson á Stóru-Háeyri í Árnesssýslu og Hjalmar hreppstjóri Hermannsson á Brekku í Suður-Múlasýslu, báðir 30. dag ágústmánaðar. Sama dag var og Eggert Ó. Briem sýslumaður í Skagafjarðarsýslu sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

Af styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda voru 30. dag septembermánaðar Erlendi Pálmasyni á Tungunesi í Húnavatnssýslu og Jóni Bjarnarsyni á Austvaðsholti í Rangárvallasýslu veittar 160 kr. hvorum.

Prestvígðir voru 22. dag ágústmánaðar 5 kandidatar; Árni Þorsteinsson til aðstoðarprests hjá Jóni presti Austmann á Saurbæ í Eyjafirði, og Einar Vigfússon, Kjartan Einarsson, Ólafur Ólafsson og Sigurður Jensson til brauða þeirra, er getið er um hjer að ofan.

I. Árferð og atvinnuvegir.

ð a r f a r á þessu ári var lengst af hið æskilegasta, engi hefir ei jafngott verið. Veturinn var svo blíður æll, að varla festi snjó á jörð, en á Suðurlandi var kkuð umhleypingasamur og óstöðugur. Á Norðurlandi ugri tíð, og svo gott, að sauðir komu varla undir þak- dæmis taka um veðurblíðuna, að nóvember, desember og var meðalhiti hjer um bil ÷ 0,5° R. í Norður-Þing- lu, Jökuldal og Sljettu, og eru þau hlýindi næsta g um þær slóðir. Tún voru örðin algræn og fögur löngu marmál, og vorið var eptir þessu hið blíðasta og feg- Sumarið var heitt og þurrt og hið æskilegasta til höf- Enn úr höfuðdegi tók að spillast veðurátt og gjörast gt og umhleypingasamt, og rigningar að koma á með Þó mátti haustið heita heldur gott, þar til spilltist ga í október. Í miðjum október tók að snjóa á Norður- og rigndi stundum niður í og snjóaði svo ofan á aptur, jarðir urðu litlar, og varð þá þegar að fara að taka flest- ing á gjöf. Óveður og stormar voru allajafna, og gjörðu kaða nokkurn, en þó var aðkvæðamest stórviðri það, er af útsuðri 10. dag desembermánaðar, einkum á Suður- turlandi. Það byrjaði kveldið fyrir og hjelzt alla nóttina, ði víða gjört tjón mikið, bæði á húsum og öðru. Bryggj- skíðgarðar sópuðust á burt úr Hafnarfirði og Reykjavík, g báta tók víða í lopt upp, og sló þeim niður aptur möl- m; brotnuðu í veðri þessu eigi færri enn 7 sexæringar ni-Vogum, 6 ferjur á Akranesi og mörg skip á Álptanesi ar. Á Vatnsleysuströnd tók upp þiljubát, sem var í smíð- g bar veðrið hann um 300 faðma yfir grjótgarða og skíð- svo að hann kom hvergi við, en mölbraut hann síðan, ur kom. Heyskaðar urðu nokkrir á Suðurlandi, einkum austan fjall, og sama var að segja af Vestfjörðum; þar víða hjallar fokið með munum og matvælum og varð ei af það er sæist. Eigi gjörði veður þetta mikið tjón á um, því að svo vel vildi til, að veðrið skall á að nóttu o að fjenaður var byrgður. Veður þetta varð allmikið á

Norðurlandi en gjörði þar eigi skaða, svo að orð sje á gjöranda. Um jólin voru frost mikil á Norðurlandi, stundum um 24° á R., en á Suðurlandi 12—15 stig. Milli jóla og nýárs voru einlægir norðanstormar og hríðar, og rak þá inn hafþök af ís fyrir öllu Norðurlandi. Á gamlárskveld gjörði blota lítinn, en gekk upp í frost og hríð um nóttina, svo að hinar litlu snapir, er voru á einstöku stöðum til, huldust alveg óvinnandi gaddbrynju, sem engin skepna gat á unnið.

Skepnuhöld voru með bezta móti þetta ár, sem ráða má af veðurblíðu þeirri, sem hvervetna var um land allt. Sauðir höfðu sumstaðar eigi komið í hús svo teljandi væri hinn fyrra vetur; um vorið gengu því allar skepnur alstaðar vel undan, og lambadauði var lítill sem enginn um vorið. Um sumarið mjólkaði kvífje heldur vel, en þó eigi svo vel sem ef til vill mætti við búast, þar sem vorið og sumarið var svo gott og blítt. En það var kennt hinum brennandi þurrkum, er gengu um allt land og þurrkuðu sumstaðar svo haga, að nær því varð vatnslaust með öllu. Um haustið skarst fje í góðu meðallagi en eigi miklu betur, og var það og kennt þurrviðrunum. Heimtur urðu góðar víðast um haustið. Eptir veturinn áður voru víðast til heyfyrningar allmiklar, og voru því hey víðast mikil, og var því sett með flestu móti á vetur af sauðpeningi í þeirri von, að öllu mundi reiða vel af sem áður. En þegar svo var komið, að allur sauðpeningur var kominn á gjöf og innistöðu í nóvemberbyrjun, og sumstaðar með veturnóttum, og það hjelzt stöðugt fram eptir öllum vetri, þá fór mönnum eigi að lítast á blikuna. Samt mun óvíða hafa verið skorið fje af heyjum fyrir jól. Bráðasótt á sauðfje gjörði lítið vart við sig þann vetur, enda ber sjaldan á henni, svo að tjón mikið verði af, þegar miklar eru heyjagjafir og innistöður.

Grasvöxtur varð svo mikill bæði á túnum og engjum þetta sumar, að um mörg ár hefir eigi slíkur verið. Tún urðu víða tvíslegin að mestu, og voru því töður manna með langmesta móti. Útengjar spruttu og ágætlega, nema sízt mýrar þær, er þornuðu upp í hitunum og þurrkunum; en þar sem voru forarflóar var hið bezta gras. Nýting á heyjum var hin bezta til höfuðdags, og mátti svo segja, að hverju strái mætti

:ru af ljánum í garð. Frá höfuðdegi gengu óþurrkar, og t af því heyi, er náðist inn eptir það, meira eða minna :að, sumt hrakið og sumt illa þurrt. En þar eð það seint sumars, og gras fjell í fyrra lagi vegna þurrkanna snemma gróðurs, gjörði það ekki mikið mein. Garð-, bæði kál, rófur og jarðepli spruttu hvervetna svo menn mundu varla dæmi til slíks.

labrögð voru nokkuð misjöfn þetta ár sem vant er kring um land allt. Vetrarvertíð fyrir Suðurlandi gekk vel, en nokkuð var gæftalítið, svo að sjór varð ei sóttví skapi sem aflinn var til fyrir, þegar gaf; upsaveiði g mikil í Hafnarfirði í janúarmánuði. Þegar fram á m, var hlaðfiski á Eyrarbakka, fyrir Loptsstaðasandi og sjum, en lítill sem enginn afli í veiðistöðunum kring um es, t. d. Garði, Leiru, Vogum og svo í Selvogi. Svo tregt mjög um afla í Vestmannaeyjum. Þetta ár vildi sem optar, að netaflinn varð eigi jafn notadrjúgur sem t álit hefir verið, því að um þann tímann sem netin voru eiddist jafnan töluvert betur á handfæri, ef beita var góð. voru gæptir heldur óstöðugar. Um haustið hjelzt aflinn ðast hvar, einkum þó á Innnesjunum, en þó tregur beitu. Í ársbyrjun var aflalaust á Austfjörðum, en rá leið, varð góður afli þar víðast hvar, en þó beztur afirði. Á Vestfjörðum og undir Jökli aflaðist í góðu igi, en þar var gæftaleysið einna mest. Nyrðra var fli heldur góður, einkum á Eyjafirði, en í Grímsey að einkum ógæftir, sem hömluðu. Hákarlsafli við Eyjaar hjer um bil í meðallagi, og voru þar eptir aflaskýrslirra færðar á land um 4600 tunnur lifrar. Síldarveiðar anna við Eskifjörð gengu laklega framan af sumrinu, en um öfluðu þeir svo, að þaðan voru fluttar um 12000 síldar til Noregs. Silungsveiðar í ám voru víða heldur en laxveiði sumstaðar nær engi. Að því er laxveiðarnrtir, má hjer minnast á laxveiðar Thomsens kaupmanns í inum. Þess hefir verið getið í frjettum þessum frá fyrri að laxakistur hans höfðu verið brotnar í sundur eða upp; þetta kom enn fram, að laxakistur hans voru mölv-

aðar í sundur í sjötta skipti nóttina milli hins 5. og 6. dags júlímánaðar, og brotunum dreift um víðs vegar; varð Thomsen kaupmanni hermt við, sem nærri má geta, og reit kæru mikla eða kvörtunarskrá til ráðgjafans um þetta illvirki. Fór hann þar hörðum orðum um lagaleysi það, er ætti sjer stað hjer á landi, og hve örðugt væri að ná hjer rjetti sínum, er við ofbeldismenn og ræningja væri að eiga; var brjef þetta svo snjallt, að ráðgjafinn bauð þegar með brjefi dags. 26. ágúst landshöfðingja að gangast fyrir því, að rannsókn væri hafin í máli þessu. Landshöfðingi tók þeim málum líklega, og bauð amtmanninum í suður- og vesturamtinu 7. október að skipa rannsókn í málinu; um leið setti hann og Jón landritara Jónsson til rannsóknardómara, sem hinn líklegasta mann til allra framkvæmda. Jón ritari fór þegar að ganga fast fram í rannsóknum mála þessara, og var það þá fyrst um það, að hve miklu leyti það væri fullvíst, að Thomsen kaupmaður ætti hvern lax, er um árnar færi. Var rannsóknarrjettur haldinn 5. dag desembermánaðar að Elliðavatni; kom þar margt fram til upplýsingar málum þessum, einkum þó að því er snertir legu ánna og rennsli, laxgöngur og fleira. Frá öðrum framkvæmdum í málum þessum tekur eigi að skýra fyr, en í frjettum frá næsta ári.

Norðmenn hafa stofnað mikið til síldarveiða þetta ár hjer við land. Síldarveiðarnar við Austfjörðu voru alltaf auknar, og auk þess stofnuðu þeir sjer aðsetur við Ísafjarðardjúp. Þar settust að þrjú síldarfjelög, öll frá Björgyn; tvö þeirra settust að í Skutilsfirði, en eitt í Seyðisfirði. Þar höfðu þeir alls 11 skip auk fjölda báta. Þeim leizt mjög vel á Ísafjarðardjúp til síldarveiða, og hugsa sjer til hreifings með að halda þar áfram, enda öfluðu þeir þar vel. Margir vildu amast við þeim þar vestra, og þótti vogestum að landi hleypt, er þeir mættu ausa bjargræðinu svo upp fyrir augum landsmanna, en engum varð samt að vegi að reyna að stofna til slíks fjelags meðal landsmanna þar, eða ganga í fjelag með Norðmönnum til veiðanna, enda var og sagt, að Norðmenn mundu láta sjer hægt um fjelagsskap við landsbúa. Auk þessara landföstu síldarfjelaga var og fjöldi síldskipa á veiðum kring um land allt í leyfisleysi.

Um sumarið myndaðist síldarveiðafjelag við Eyjafjörð, og

rjað með það að stofna höfuðstól, er eigi væri minni en króna. Skyldi í hverju hlutabrjefi vera 1000 króna; þeim áttu að vera í Álasundi í Noregi en hin 10 við rð. Fjelag þetta er að því leyti samlag Norðmanna og nga, og er það hin bezta tilhögun, því að með því stunda sinn hag í sameiningu. Þeir höfðu skip við Hrísey um ð og veiddu þau vel, og varð það til þess, að almennur áhugi i meðal manna þar um slóðir á því, að stunda á fram- lir og öflugri fjelagsskap í þá átt.

f verzluninni þetta ár er eiginlega ekki svo margt ja; það má segja, að hún væri í heldur góðu lagi, nema innlenda varan var heldur í lágu verði; var einkum talin ss það, sem æ og allajafnt er hið gamla og allt of sanna ði um oss Íslendinga, að vjer verkuðum vörurnar svo illa, r væru engum manni bjóðandi. 15.dag marzmánaðar hjeldu enn úr Reykjavík og Hafnarfirði ásamt nokkrum bændum neð sjer um vöruvöndunina, og kom það þá fram, að til- þær, er gjörvar höfðu verið árinu áður um að bæta hana, þegar að góðu haldi komið. Þótti fundinum þá öll nauð- að halda áfram uppteknum hætti; á fundinum varð ein- ónda það á, að geta þess, að það væri gott, að kaupmenn í og vanda vörur af sinni hendi, og flytja þær eigi skemmdar tti kaupmönnum það all-erfitt, þar sem þeir hefðu milli- menn en keyptu lítið sjálfir, en lofuðu þó að reyna að n það, að flytja sem beztar vörur að auðið væri. Menn u síðan að vanda saltfisksþurrkunina sem auðið varð, en ildi eigi ganga greitt að verja hann skemmdum, því að ir og sólarbrunarnir eiga illa við hann. Saltfiskurinn t frá 42—45 kr., og engin tregða var á að láta hann fyrir erð, þar sem nóg var til eptir jafnágætt aflaár. En þó fisk- væri svo óvanalega mikill sem hann var, virtist þó lítið vilja a á kaupstaðarskuldum manna, enda vill það einatt brenna ó illt sje til að vita, að eptir því sem meira er til að leggja inn aupmanninum, því meira er aptur borið út fyrir búðarborðið pritti- og slíkum nauðsynjavörum, sem eru meira verðar arðið, sem gæti komið í skuldadálkinn fyrir það fje, sem

því mundi svara. Ullin er hjá Norðlingum hið sama og fiskurinn hjá Sunnlendingum og Vestfirðingum, og er þar jafnan eins um hana talað og fiskinn syðra. Lítið varð úr því, að hún væri að skilin eptir gæðum sem hið fyrra sumar og verðmunur á henni hafður, enda, þó svo hefði verið, hefði það haft lítið að segja, þar sem talið var víst og fullsannað, að kaupmenn grautuðu henni allri saman, er hún var sett í pokana til útflutnings, og má þá nærri geta, hve mikið hefir borið á góðu ullinni, er hún var látin meltast innan um hina lakari. Venjulegt ullarverð þetta sumar var 95 aura, nema hvað einstakir menn fengu rúma krónu eða svo sem vant er að vera, ef þeir hafa nógu mikið með sjer; mislit ull var 65 aura, hákarlslýsi 33 kr. tunnan, þorskalýsi 28 kr., æðardúnn pundið 10 kr. 50 aura o. s. frv. Þetta er ekki efnileg verzlun, einkum þar sem útlenda varan var í jafnháu verði og hún var. Hjer má einkum minnast á Gránufjelagið og aðgjörðir þess, og vil jeg setja hjer lítið yfirlit yfir efnahag þess við nýár 1880. Eign fjelagsins var 504210 kr., og voru af því nálægt 100000 kr. í skipum, verzlunarstöðum og húsum, en nær 170000 kr. í útistandandi skuldum. Hitt annað voru innlendar og útlendar vörur, er eigi höfðu selzt upp. Viðskiptamenn fjelagsins áttu inni hjá því um 44000 kr., svo að hreinar skuldir verzlunarmanna við það voru eptir því um 126000 kr., og má auðveldlega sjá, hve mikill óhagur fjelaginu er að því, að eiga fjórða hlut allrar sinnar eignar í annara höndum, þannig að það geti eigi notað það til neinna framkvæmda. Hlutabrjef fjelagsins voru 1893; árið 1879 flutti fjelagið út 178500 pund af ull og 2224 tunnur lýsis, en hvortveggja þessara vörutegunda seldist svo illa ytra, að á þeim einum skaðaðist fjelagið um nær 44000 kr.; en aptur á móti hafði fjelagið svo mikinn ágóða á öðrum vörum, einkum útlendu vörunni, að hreinn skaði fjelagsins nam eigi á endanum meiru en 8400 kr. Þetta varð til þess, að hlutabrjef fjelagsins fjellu dálítið í verði, því að um nýár 1879 var hvert hlutabrjef 105 kr. 76 aura, en við nýár 1880 var það 100 kr. 23 aura, en samt vel hálfu meira virði en þau voru fyrst, er fjelagið var stofnuð. Hreinn gróði fjelagsins frá upphafi var álitinn að vera rúmlega 95000 kr. Verðlag hjá Gránu-

ı var í ýmsu betra á útlendu vörunni en hjá öðrum nnum, en svo gaf það og kost á stórkaupum um tíma arið mót peningaborgun út í hönd, og voru þá ýmsar riðjungi og allt að hálfu ódýrari en annars; kom það ı að góðu haldi, en þó færrum en skyldi, því að efna- ir einir voru það, er þá höfðu peningaráðin til að pannig, en hinir fátækari urðu út undan þeim kosta- eins og vant er að verða.

ártaka varð eigi mikil eptir því sem vant er að vera, verð á henni að jafnaði um landið 20 aurar á bezta 18 og 16 aurar á enn lakara; mör 26—30 aura, gærur 1,75 aura, tólg 30—32 aura o. s. frv. Fjárkaup Eng- ıga voru mikil, og voru þau það, er einkum spilltu ártökunni. Mest var keypt í Húnavatnssýslu, og var f Borðeyri á fimmta þúsund fjár, allt sauðir, flestir tvæ- og eldri. Verð var til jafnaðar 18—20 kr. á sauðum þess- g þótti sú sala miklum mun betri en fjártakan í kaup- um, einkum þar sem peningar komu í aðra hönd. Sömu- hjeldu og hrossakaup Englendinga áfram sem áður, og lmikið flutt út af þeim, og með sama verði eða líku og Eigi vitum vjer tölu þeirra hrossa, er út voru flutt þetta landsmenn voru mjög ánægðir yfir þessari verzlun við ndinga, og vildu þegar fara að komast í meira verzlun- band við þá, og losa sig þannig að nokkru undan fargi r verzlun danskra kaupmanna, er hjer sitja, heldur þeim Eggert umboðsmaður Gunnarsson fór og eitthvað að þessu á, og fjekk hann upp vörur nokkrar frá Eng- og þóttu þau kaup betri en annars gjörast.

siglingar til landsins gengu að öllu vel, og slysaðist af kaupskipum að því er vjer til vitum, hvorki um haustið þrið, nema einu, er Hertha nefndist og lengi hafði í förum Hún strandaði 17. dag aprílmánaðar á Húnaflóa, og eld þar með því er náðist skömmu síðar. Gufuskipaferð- gengu allar mjög vel, og þóttu mönnum þær mjög hag- ar nyrðra. Nokkuð reyndu menn að panta af vörum með rá verzlunarmiðlum í Kaupmannahöfn beina leið, einkum öru, kaffi og ýmislegu þess kyns, munaði það á flestu

rúmum þriðjungi og á almennu búðaverði. Vakti það allmikinn áhuga manna á því, að halda því áfram framvegis.

Af almennum framförum í landbúnaði er fátt að segja, það er frjettnæmt sje; menn stunduðu stíflugarðahleðslu og þúfnasljettun með meira kappi en áður, enda var vorið svo, að hægt var að róta til jörðinni fyrir klaka. Eigi er samt kunnugt, að nein stór fyrirtæki væru í þá stefnu unnin á sumri þessu, nema það sem hið síðasta smíðahögg var lagt á Staðarbyggðarmýrarnar; þær reyndust mjög vel um sumarið, og þótti hálfu minni mannafla þurfa til þess að vinna að þeim en áður. Áhuginn á að komast niður í landbúnaðinum sýndi sig í því, að búfræðingar fóru um sveitir og sögðu mönnum fyrir um ýmislegt, og margir yngri menn leituðu til Noregs til þess að nema þar búfræði. Búnaðarfjelög eru að smákoma upp, og þó að þau sje ekki aðgjörðamikil, geta þau samt orðið að gagni með tímanum, ef þau deyja eigi út til fulls. Nokkrir framtakssamir menn hafa og tekið sig fram um að stunda bú sitt og jarðabætur heima hjá sjer, og gengið vel; hafa sumir þeirra fengið styrk af landsfje eptir meðmælum amtsráðanna til verkfærakaupa. Til þessa þrenns, búfræðinganna, er nema ytra, búnaðarfjelaganna og verkfærakaupanna voru veittar af þinginu 1879 10000 kr. fyrir hvort árið, þannig að það hjet til eflingar búnaði, og má það vel verða til mikils gagns þó lítið komi í hvern stað. Til þessa miða og gripasýningar þær, er haldnar voru í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum. Gripasýningin í Skagafjarðarsýslu var haldin 10. dag maímánaðar á hinum forna þingstað Hegranesþings, Garði í Hegranesi. Forstöðumaður sýningarinnar hafði kosinn verið sýslufulltrúi Gunnlaugur Briem, og hafði hann efnað til hennar með þeim föngum, sem kostur var á; kom saman á stað þennan fjöldi manna að því er við var að búast á slíkum stað, þar sem um er lukt á allar hliðar af stórum sundvötnum og hafi. Allmargir gripir komu þar til skoðunar og voru verðlaunum sæmdir, en eigi þykir þörf að telja þá upp hjer, nema ef vera skyldi ávinnsluvjel ein, er þangað kom. Hún var svo gjör, að áburðurinn var látinn í kassa einn, er fer á völtum; eptir kassanum endilöngum gengur ás einn þakinn járngöddum, er taka inn á milli gadda innan

ıum og mylja áburðinn milli sín. Með litlum um-
gæti vjel þessi orðið hin handhægasta að mylja á-
g gæti losað menn við hið þreytanda starf, að berja all-
rð á túnum með klárum. Sýning sú, er haldin var á
i 8. dag júnímánaðar, var öllu stórfenglegri og umsvifa-
enda er þar hægra við að fást. Fimm manna nefnd
að undirbúa sýninguna og stjórna henni, og voru helztu
þeirrar nefndar þeir Eggert Laxdal á Akureyri og Jakob
en á Oddeyri. Sýningin var opnuð með fallbyssuskotum,
u þá við nálægt 1600 manna. Síðan hófust ræðuhöld
helztu manna meðal Eyfirðinga, og hjeldu þeir ræður,
prófastur Guðmundsson að Reistará og Arnljótur prestur
on að Bægisá o. fl.; kvæði voru sungin og gekk allt með
ıiklu. Þrjú stórtjöld og ræðustóll voru reist á sýningarstaðn-
g umgirt svæði voru sett til þess að geyma í skepnur. Síðan
ningin fram, og komu þar margir ágætir kostgripir fram
ıarsviðið, þó eigi tjái að nefna þá sakir rúmleysis. Má
ɔmis taka kambavjel eina eptir Magnús gullsmið Benja-
ıon á Akureyri, er beygir vírinn, stingur skinnið, stingur
ınum í og skilar öllu fullgjörðu aptur. Þegar sýningunni
i var lokið, fóru fram kappreiðar, glímur, fimleikar, hljóð-
láttur og dansleikar, og endaði allt með hinum mesta
ni og gleði og dynjandi fallbyssuskotum.

Byggingum fer allt af fram, og voru víða byggðir
um land, en flestir af torfi, svo þeir verða eigi langgæðir.
ið grjótið liggi í hrúgum við túnjaðrana og jafnvel inn í
num, kemur fæstum til hugar að nota það í veggjarspotta,
ð það liggi í augum uppi, hve gott byggingarefni það er.
kunna að höggva grjót, og fæstum hugnast að afla sjer
s til þess að líma veggi, og þó að einhverjum hugkvæmist
þetta, horfa þeir í kostnaðinn, þó að torfbæirnir verði líka
ı dýrir, þegar alls er gætt, og langt um dýrari ef litið er á
nguna. Það má því telja til nýlundu, að 2000 kr. lán var
ið úr landssjóði til þess að að reisa steinhús í stað bæjar-
ınna á Bjarnanesi eystra, og væri æskilegt, að víðar væri
að farið. Flest hin nýju hús í Reykjavík eru byggð af
bri þetta ár, og svo mun lengur verða. Hið helzta stór-

virki má eflaust telja þinghúsið nýja. Þingið 1879 veitti allt að 100,000 kr. til þess að reisa steinhús handa alþingi og söfnum landsins, landsbókasafninu og forngripasafninu. Þá er þessi ákvörðun var gjör, var þegar kosin nefnd manna til þess að sjá um bygginguna, og var F. Meldahl arkitekt og forstöðumaður listaháskólans í Kaupmannahöfn fenginn til þess að gjöra uppdráttu þá, er til hússins þyrftu. Lengi voru menn í óvissu, hvar húsið skyldi standa, en að lokum komst nefndin á þá niðurstöðu, að hafa það norðanvert við bakarastiginn milli húsa þeirra Bergs amtmanns Thorbergs og Jóns háyfirdómara Pjeturssonar. Var þar grafið fyrir grundvelli hússins og tekið að leggja undirstöður. Lengd hússins var ákveðin 45 álnir en breidd 25 álnir. Við þetta var nú látið sitja fyrst um sinn, en er voraði og til átti að taka, af tók Meldahl að láta húsið standa í slíkum halla, og bauð að færa það til. Var svo gjört, og varð við það allur sá kostnaður, er hafði orðið við grunngröptinn, til ónýtis. Nú vildu sumir láta setja húsið á Arnarhóli, þar sem mest bæri á því, en sumir annarstaðar; en niðurstaðan varð sú, að það var sett fyrir vestan kirkjuna, rjett að segja í beinni línu við hana; það var sett 19 álnum fyrir vestan hana, og fáar álnir frá tjörninni; en þó að laus væri jarðvegur undir, var það kastmöl, og þótti mönnum, sem þar mundi öllu óhætt vera, að húsið sykki eigi á kaf með tímanum. Yfirsmiður hússins hjet F. Bald, og voru með honum margir danskir steinsmiðir og múrsmiðir auk annara; svo hafði og mesti sægur íslenzkra manna atvinnu við hússgjörð þessa. Grundvöllur ramgjör var lagður undir allt húsið, og er það var búið, var hann allur bræddur ofan sjóðandi jarðbiki (Asphalti), og gjörir það að verkum, að engin væta getur læst sig upp eptir veggjunum að innan. Er það var allt á enda, var ákveðinn 9. dagur júnímánaðar til þess að leggja hyrningarstein hússins, og var það gjört með hinni mestu viðhöfn. Á Austurvelli var reist tjald mikið, og voru í því til sýnis uppdrættir Meldahls til hússins, og fannst mönnum mikið um þá; yfir grunninum voru reistar háar stengur, og blöktu á fánar, en á milli stanganna voru þanin stög alsett marglitum veifum. Meðal þeirra fána voru og fálkamerki tvö. Á annari

hjekk spjald, og stóðu á því þessi orð: M e ð l ö g u m
.n d b y g g j a, og leit það til þingsins, en á hinni
ıld með þessum orðum: V í s i n d i n e f l a a l l a
ıyldi það benda til safna þeirra, er geymd skyldu í
Klukkan 1 voru lúðrar þeyttir, og sunginn sálmurinn:
er borg á bjargi traust. Síðan gekk landshöfð-
ıar Finsen að hornsteininum, og lagði silfurskjöld einn
onum, ásamt peningamyntum þeim öllum, er nú gilda,
síðan steinlok yfir grópið; gekk þá biskup landsins,
ietursson, og laust með hamri 3 högg á steininn og
Í nefni heilagrar þrenningar.» Síðan tók landshöfð-
náls, og skýrði frá letri því, er á skildinum stæði og
rum orðum um ritningar orð þau, er á honum stóðu.
ı hafði smíðað Páll gullsmiður Þorkelsson. Sungið var
i eitt, er átti við atvik þetta, eptir dr. Grím Thomsen,
ıdingu «Eldgamla Ísafold». Letur það, er á skjöldinn
.ð, var þetta:

ıkvæmt fjárlögum Íslands fyrir árin 1880 og 1881
ályktun alþingis 1879 er þetta hús byggt handa
lþingi og söfnum landsins á 17. ríkisstjórnarári
Kristjáns konungs hins IX.
Ráðgjafi: J. Nellemann.
Landshöfðingi: Hilmar Finsen.
: alþingis: biskup Pjetur Pjetursson og Jón Sigurðsson
frá Gautlöndum.
Byggingarnefnd
n af alþingi: Árni Thorsteinson, Bergur Thorberg,
· Thomsen, Tryggvi Gunnarsson, Þórarinn Böðvarsson.
Arkitekt: F. Meldahl.
Yfirsmiður: F. Bald.

Jóh. 8,32.: Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa.

---

9. júní 1880.

ið athöfn þessa var mesti fjöldi manna staddur, og allir
menn úr nærsveitunum. Síðan var haldið áfram húss-

gjörðinni um sumarið, og var það komið undir þak um haustið, en innansmíðar allar voru geymdar til vetrar.

Á þessu vori var og lokið smíðum á steinkirkju Görðum á Álptanesi; er hún einkar vönduð og ramgjör, og í alla staði hin fegursta. Hún hafði kostað með öllu um 12000 krónur, og þótti það lítið um jafn veglegt hús. Hana reisti Þórarinn prófastur Böðvarsson, og hafði hann fengið til þess fyrirtækis 10,000 kr. lán úr landssjóði.

III. Menntun.

Að því, er menntun landsmanna snertir almennt, hefir allmargt gjörzt á ári þessu, sem vert er að nefna, einkum að því er snertir skóla og skólastofnanir. Munum vjer fyrst geta hinna eldri skóla, en síðan þeirra, er að nýju hafa við bætzt.

Heimspekisspróf tóku í Reykjavík við prestaskólann 24. dag júnímánaðar: Jón Magnússon, Lárus Eysteinsson, Magnús Helgason, Sigurður Stefánsson og Ólafur Ólafsson með fyrstu ágætiseinkunn (hinn síðastnefndi tók það próf eigi 1879), og Halldór Egilsson og Helgi Árnason með fyrstu einkunn.

Embættispróf af prestaskólanum tóku þetta sumar sex stúdentar: Kjartan Einarsson, Eiríkur Gíslason, Halldór Þorsteinsson og Ólafur Ólafsson, allir með fyrstu einkunn, og Árni Þorsteinsson og Þorsteinn Halldórsson með annari einkunn. Í hinni yngri deild prestaskólans voru þá 6 eptir, og bættust við tveir stúdentar af latínuskólanum, svo að 8 stúdentar heyrðu fyrirlestra á prestaskólanum veturinn 1880—1881.

Embættispróf af læknaskólanum tók einn stúdent, Davíð Scheving Þorsteinsson, með hinum bezta vitnisburði; á þann skóla bættist aptur um haustið einn stúdent frá lærða skólanum, svo að stúdentar á læknaskólanum voru jafnmargir, nefnilega 6, eins og árið áður.

Af Íslendingum við háskólann í Kaupmannahöfn tók Guðni Guðmundsson embættispróf í læknisfræði með fyrra stigi 2. eink.

Þess hefir verið áður getið í frjettunum fyrir árið 1877, að ný reglugjörð hafði gefin verið fyrir hinn lærða skóla í Reykja-

var henni í mörgu misjafnt tekið, og þótti mönnum msu miða til apturfara en eigi framfara. Á þinginu ıfði reglugjörð þessi komið til umræðu, og hafði orðið ú niðurstaða, að kennendum skólans skyldi fólgið á hendi ırskoða reglugjörð þessa og setja við hana þær breyt- r þurfa þætti og leggja síðan frumvarp sitt undir dóm málastjórnarinnar. Skólakennendurnir luku starfi sínu lu frumvarp sitt til landshöfðingja, en svo var eigi á- ı um það komin við árslok. Annað er eigi markvert að á stjórn skólans. Þess má geta, að skólakennari Bendikt l hefir stundað náttúrusögu af mikilli elju um nokkur ár, að saman miklum sæg lindýra og sjókykvenda og ymsu g lagt það í vínanda; auk þess hefir hann og dregið upp sæg af myndum þeirra dýra og fleiri; ætlar hann hinum skóla safn þetta eptir að hann hefir fullgjört það, svo gt er. Til þess að geta vel stundað safn þetta, voru veittar 200 kr. af fje því, er ætlað er til vísindalegra kja. Sigurður skólakennari Sigurðsson fjekk og 700 styrk til að ferðast til Frakklands um sumarið og kynna ır betur frakkneska tungu og bókmenntir. Burtfararpróf rða skólann tóku 9 stúdentar, og voru þeir þessir: Hannes inn, Jónas Jónasson og Pálmi Pálsson, allir með fyrstu ın, og Jón Jakobsson, Lárus Þorláksson, Þorgrímur Þórð- Emil Schou, Rútur Magnússon og Sigfús Bjarnarson með kunn. Þá voru eptir 97 piltar í skólanum; af þeim var agður úr skóla um vorið; um vorið og haustið tóku inn- róf 27 piltar, svo að við setningu skólans voru piltar alls ð tölu. Skömmu síðar önduðust tveir af þeim, og voru annig við árslokin 121 að tölu.

Þá kemur til umræðu hin nýja stofnun á Norðurlandi, fræðaskólinn á Möðruvöllum. Þess var getið í árs frjettum, að skólahús var byggt á Möðruvöllum, og á enda fyrirhugað, að kennsla skyldi byrjuð um haustið , en þá voru svo margir meinbugir á því, að það gat eigi . Reglugjörð skólans var gefin út af landshöfðingja 12. júnímánaðar, og er þetta hið helzta úr henni, er snertir ð og kennsluna, Kennslunni skal lokið á tveim vetrum

að meðtöldu sumrinu á milli. Skólaárið nær frá 1. október til 30. september ár hvert, og skiptist skólinn eptir tímanum í vetrarskóla og sumarskóla. Vetrarskólinn nær frá 1. október til 1. maí næsta vor, og skulu þá allar námsgreinir kenndar. Sumarskólinn byrjar í miðjum maí, og nær fram í miðjan september, og skal þá einkum kenna verklega búfræði og þær bóklegar vísindagreinir, er við hana styðjast. Skal þá búfræðingi heimilt að nota pilta til þúfnasljettunar, vatnsveitinga og annara jarðabóta og heyvinnu, og fá piltar hæfilega þóknun fyrir það eptir samningi við búfræðinginn. Námsgreinir við skólann eru þessar: íslenzka, danska, enska, nýja sagan, einkum saga Norðurlanda, ágrip af landfræði, eðlisfræði, einkum afiffræði, efnafræði, steinfræði, einfaldur reikningur, uppdráttarlist og bókleg og verkleg búfræði. Próf skal haldið í greinum þessum í byrjun maímánaðar ár hvert, og skal prófið vera bæði munnlegt og skriflegt í íslenzku og reikningi; þeim piltum, sem taka próf síðara árið, skal gefið burtfararvottorð; úr vitnisburðunum fyrir hinar 9 námsgreinir skal gjöra aðalvitnisburð, og skulu 68 stig vera ágætiseinkunn, 55 stig fyrsta einkunn, 29 stig önnur einkunn og 9 stig þriðja einkunn; sá, sem minna fær, telst eigi að hafa staðizt prófið. Glímur, dans og aðra fimleika skal kenna 4 stundir á viku hverri. Að því er snertir aðra stjórn skólans, eru ákvarðanir reglugjörðarinnar líkar og er skipað í reglugjörð lærða skólans í Reykjavík. Það er einkennilegt við reglugjörð þessa, sem annars þótti að mörgu leyti góð, að í sögu á eigi að kenna annað en nýju söguna, og það nákvæmast um Norðurlönd, eins og þungamiðja sögunnar sje þar í nýju sögunni, og annað það, að sögu Íslands skuli alveg sleppt. Skólinn var settur 1. dag októbermánaðar, og voru þá skólapiltar 33; höfðu nokkrir fleiri sótt um skólann en fengu eigi sakir rúmleysis. Hafði að eins 25 verið ætluð vist í skólanum, en hinir voru hafðir þar sem óreglulegir. Vonir manna með skóla þennan eru hinar beztu, og er vonandi, að þær láti sjer eigi til skammar verða.

Þetta ár var og annar skóli stofnaður af nýju; það var búnaðarskólinn í Ólafsdal. Þess var getið í frjettunum frá fyrra ári, að Torfi jarðyrkjumaður Bjarnason í Ólafsdal fjekk

landsfje til þess að koma á búnaðarkennslu í vesturum- og varð þeirri ætlan framgengt. Skólinn er undir ón amtráðsins í vesturumdæminu, og var honum sett rð á amtráðsfundi 2. dag júlímánaðar. Hið helzta í glugjörð er þetta. Kennslutíminn er tvö ár, og telst ð frá 1. júní til 31. maí; skulu piltar sækja um að á skólann til amtmanns fyrir miðjan vetur næst á und- ar verða að vera tvö árin út, eða endurborga ella þann þeir fá af almennu fje. Í júnímánuði skal haldið burt- f, og eru tveir menn úr amtsráðinu prófdómendur. Af ım námsgreinum skal kenna að nota plóg, hestareku og jettunarfæri, vatnsveitingar, mýrarþurrkun, maturtarækt, arækt, rjetta notkun alskyns áburðar, að gjöra grjótgirð- prengja grjót, vinna að heyvinnu og stjórna henni, helzt aðgjörð á verkfærum, landmæling (mæla lands- g draga þá upp á pappír svo rjett sje). Í bóklegum einum fá piltar tilsögn á vetrum, og eru þær hinar þessar: reikningur, efnafræði, um blöndun helztu jarð- i, áburðartegunda, fóður- og fæðutegunda, jarðræktar- grasafræði, um áburð, gæði og gildi hinna helztu áburð- da, um vatnsveitingar, áhrif þeirra og skilyrðin fyrir því, geti orðið að notum, hagfræði í búnaði, og eru það helzt skilyrði fyrir reglubundnum landbúnaði, búnaðarstefna ví hvernig ábýli er háttað, búnaðaráhöld, verknaðarfólk, n húsaðdrátta og mataræðis, og búreikningar; sömuleiðis kenna undirstöðuatriðin í uppdráttarlist. Þetta er hið í reglugjörð þessari, og má þessi fyrsti búnaðarskóli lands- miklu gagni verða, ef honum er vel sinnt. Það þykir í bóklegu menntunina, að piltum skuli eigi sýnd rjett- móðurmáli sínu, og sýndist það þó bæði liggja nærri, i þurfa að taka svo mjög mikinn tíma frá öðru námi, þó) væri látið fylgja með.

Kvennaskólarnir voru hinir sömu og áður, og er öindabært af þeim að segja Veturinn 1879—80 voru 25 r á kvennaskólanum í Reykjavík, og tóku 15 af þeim þátt kennslu, en hinar eigi nema í sumum námsgreinum. Vet- 1880—81 voru í skólanum sömuleiðis 25 stúlkur, og tóku 16

þeirra þátt í allri kennslu, en hinar ei nema að nokkru. Af kvennaskólunum í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu er það helzt að frjetta, að kvennaskóli Húnvetninga var haldinn að Lækjamóti um veturinn, og hafði ungfrú Elín Briem frá Reynistað kennslu þar á hendi. Kvennaskóli Skagfirðinga var á Flugumýri, og höfðu þar kennslu þær systur, ungfrúrnar Anna og Kristín dætur Ara Arasonar. Þessir báðir skólar voru þá í sannri bernsku, enda var þar og höfð tímabilakennsla, þannig að hver stúlka gat verið í skólanum 9 vikna tíma, og útskrifazt síðan. Mest er að segja af kvennaskólanum á Laugalandi í Eyjafirði. Það er kunnugt, að skóli sá er stofnaður fyrir ötula framgöngu Eggerts umboðsmanns Gunnarssonar, er hafði safnað gjöfum til hans utanlands og innan, enda var skólinn og hans eign að miklu leyti. Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu rjeðist nú í og keypti skólann að Eggert með öllu, sem honum tilheyrði, hús og annan umbúnað fyrir 6000 kr, og þóttu það góð kaup, því að skólinn hafði kostað allt að 10,000 kr. Síðan sömdu þeir St. Thorarensen, Arnljótur Ólafsson og Davíð prófastur Guðmundsson reglugjörð fyrir skólann, og er hún í öllu hin heppilegasta. Skólinn er sjálfstæð stofnun, og stendur undir yfirumsjón amtsráðsins í norður- og austurumdæminu og sýslunefndarinnar í Eyjafirði. Kvennaskólinn á að geta rúmað um 30 námsmeyja, og eiga þær að fá þar gefins húsrúm og kennslu. Þriggja manna nefnd stjórnar skólanum, ræður forstöðukonu skólans, og kennslukonur með hennar ráði. Forstöðukona ræður öllu um kennslu og reglu innanstokks í skólanum meðal námsmeyja. Námstími er tvö ár, en má þó bæði vera lengri og skemmri, ef námsmeyjar æskja. Bóklegar námsgreinir eru: skript, rjettritun, orðfæri, upplestur á íslenzkri tungu, reikningur, helzt búreikningur, danska, landafræði, ágrip af mannkynssögu, grasafræði og heilbrigðisfræði. Verklegar eru: matreiðsla, tóskapur og ullarmeðferð, fatasaumur, breyttar hannyrðir og þvottur og línmeðferð. Próf er haldið í lok hvers skólaárs, en það nær frá 1. október til miðs maímánaðar. Um haustið gengu 20 námsmeyjar á skólann; forstöðukona var frú Valgerður Þorsteinsdóttir, og kennslukonur með henni ungfrú Valgerður Briem frá Reynistað og ungfrú Guðlaug Aradóttir frá Flugumýri.

nglinga- og barnaskólum er einlægt að fjölga,
n sunnanlands við sjóinn, og mega þeir að miklu og góðu
koma, en hjer er hvorki rúm til nje gjörist þörf að telja
þ.

rentsmiðjur landsins voru hinar sömu og áður,
því ekki frásöguvert af þeim. Blöðin hjeldu áfram
mu og áður og voru prentuð á sömu stöðum, nema hvað
ri Skuldar fór utan um haustið, og var það sem eptir var
gsins prentað ytra. Þegar Matthíasi presti Jochumsyni
ittur Oddinn, seldi hann Þjóðólf, og keypti hann Kristján
i Þorgrímsson í Reykjavík. Einu blaðinu var bætt við
Það kallast Fróði og er prentað á Akureyri; útgefandi
r Björn Jónsson prentari á Akureyri; það er eins og flest
öðin 30 arkir á ári og kostar 3 kr. Fróði er frjálslynt
g gott, og hefir margar ágætar ritgjörðir inni að halda.
lenntunarfjelögin hafa haldið störfum sínum á-
sem að undanförnu, og eru þau, eða eigi sízt þjóðvinafje-
á góðu framfaraskeiði. Forseti bókmenntafjelags-
arinnar í Kaupmannahöfn var kosinn eptir lát Jóns
)ssonar Sigurður L. Jónasson. Fjelagar voru 761 þetta ár,
færri en árið áður. Að öðru leyti er ekkert að segja
órn fjelagsins, nema hvað hagur þess var álitinn að standa
ieldur miklum blóma. Þetta ár kom út frá Hafnardeild-
ið eins tvö rit: Skírnir, sem vant er að vera, og Auð-
i eptir Arnljót Ólafsson. Auðfræðin er einn af megin-
n þjóðmegunarfræðinnar, og er hún með öllu ný og óþekkt
agrein á landi hjer. Hún er rituð af miklum lærdómi,
l eigi segja heldur til miklum handa Íslendingum, en
munu þeir vera, sem skilja svo við þá bók, að
iafi haft hennar full not, ef þeir annars hafa lesið hana
da. Þekking og lærdóm höfundarins í þeim efnum efar
maður, og öllum, sem fylgt hafa með tímanum er kunn
lld hans, en hitt má vera, að bók hans sje heldur þung
fyrst í stað. Til útgáfu bókar þessarar voru veittar 400
f landsfje. Deildin í Reykjavík gaf út Eðlisfræði eptir
ur Stewart (Stafrof náttúruvísindanna III.), alþýðlegt og
kver með nokkrum myndum, og 1. og 2 hepti Tímarits-

ins. Hið helzta í því voru tvær ritgjörðir eptir Benidikt Gröndal, önnur um útgáfu Guðbrands Vigfússonar á Sturlungasögu og inngang hennar, gagnorð og góð varnargrein gegn þeim, er vilja svipta Íslendinga lofsorði því, er þeim, en ei öðrum, ber að rjetta fyrir hinar fornu bókmenntir þeirra; hin er um fornfræði og mannfræði, ágætlega fróðleg grein og skemmtileg. — Þjóðvinafjelagið gaf út Andvara 5. ár, og er hann hið fróðlegasta rit, er lengi hefir út komið; í honum er æfiágrip Jóns Sigurðssonar eptir Eirík prófast Briem, mjög laglega ritið, en fer lítið út í annað en hið pólítiska líf hans og starfsemi, en minnist helzt til lítið á hina vísindalegu starfsemi hans og þýðingu. Þar með fylgir steinprentuð andlitsmynd Jóns, en hún hefir eigi tekizt svo sem skyldi. Tvær ágætar greinar eptir Þorvald Thoroddsen eru þar og; önnur er ágrip af ferðasögu Nordenskjolds kring um Austurálfu, og fylgir henni uppdráttur af ferð Vegu kring um álfuna; hin er ágrip af hinum nýjustu skoðunum jarðfræðinganna um jarðfræði, um myndun hnattar vors og framsókn lífsglæðingarinnar á honum. Báðar þessar greinar eru hinar ágætustu. Síðast er vísindaleg grein eptir Gísla Brynjólfsson um aldatal, og er hún vel og vísindalega samin og ber vitni um afarmikinn lærdóm. Auk Andvara gaf það og út Uppdrátt Íslands, eptir stungu hins minna uppdráttar bókmenntafjelagsins og nokkrum leiðrjettingum, helzt á austurhluta hálendisins. Uppdráttur þessi er fyrirhugað að fylgi lýsing Íslands, er Þorvaldur Thoroddsen hafði þá í smíðum, en eigi gat komið út þetta ár. Hið þriðja rit, er út kom, var Almanak fjelagsins, sem vant er, með árbók Íslands og annara landa og ýmsum fleiri fróðlegum viðaukum. Þar var og lítið ágrip af æfi Jóns Sigurðssonar með trjestunginni mynd, og hefir hún tekizt miklu betur en steinstungan á Andvara. Forseti fjelagsins er Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson, og veitti hann því svo góða forstöðu þetta ár, að sagt er, að fjelagsmenn hafi fjölgað um helming; en eigi er hægt að segja, hve margir eru fjelagar þess, því að engin skýrsla hefir komið út frá fjelaginu nú um nokkurra ára tíma.

Í guðfræði og stjórnfræði hafa engin rit komið út þetta ár, svo teljandi sje. Kirkjutíðindin hafa eigi

iðan 1879, og hefir eigi annað prentað verið en fáeinar útfararminningum og þess konar. Í stjórnlegum vís-om út Auðfræðin, og hefir áður verið minnzt á hana. agnafræðum hefir komið út rit eitt: Ágrip af slands, eptir Þorkel prest Bjarnason, er samið hafði bótarsögu Íslands. Ágrip þetta er að eins stutt, en , en eigi; það er mjög ófullkomið, einkum um fornöld-hina eldri sögu landsins, en nákvæmast um þessa öld nýjustu tíma. Höfundurinn vill fá pragmatiskt yfirlit, ndi vel á samband viðburðanna, og dæma söguna að lu leyti sem hægt er í svo stuttu ágripi, en það hefir pnazt svo vel sem skyldi. Hann hefir eigi verið fær um að guna nógu langt fyrir utan sig til þess, að geta litið á lutdrægum augum, og stundum ekki getað verið sjálf-samkvæmur, svo að stundum virðist að hann gangi út i undirstöðusetningunni á hverjum stað. Sagan sjálf st hvar rjett, en þegar dómur sögunnar kemur á eptir, hann stundum eigi vera sjálfum sjer samkvæmur. Samt

ga þessi tekin fyrir kennslubók í lærða skólanum, og má l að góðu gagni verða með hinum góða sögukennara. á henni er gott og vandað og útgáfan sjálf í alla staði glegasta; um sögu þessa má annars margt segja og hefir agt, en svo er um hana sem aðrar frumsmíðar, að hægra finna gallana og setja út á þá en að sjá við þeim í inni.

tgáfur fornrita hafa verið litlar hjer á landi, og zt að telja Gunnlaugssögu ormstungu, er Jón Þor-n gaf út, og er það í alla staði hin vandaðasta útgáfa, sem var von og vísa. Meðal útlendinga hafa verið gefnar út nokkrar, og einkum riddarasögur frá hinum síðari tímum fornu íslenzku bókmennta. Má þar til nefna Ágrip af gskonungasögum og Erexsögu, er hið nýstofnaða tafjelag í Kaupmannahöfn hefir gefið út. Í Lundi hefir skjold gefið út Clarussögu, en áður (1877—1879) hafði gefið út í ársritum háskólans í Lundi nokkrar riddarasögur, nn nefndi einu nafni Fornsögur suðurlanda. Meðal erja komu og út þýðingar af nokkrum Íslendingasögum og

ein, Ölkofraþáttur, var þar gefin út af Hugo Gering í Halle. Þessi rit eru flest gefin út með málfræðilegum skýringum.

Í almennri málfræði kom út framhald af Orðsafni Jóns Þorkelssonar með skólaskýrslunni; og svo Dönsk lestrarbók eptir Steingrím Thorsteinsson. Sú bók kom í góðar þarfir og er hin handhægasta; framan við hana er stutt málfræði, og aptan við orðasafn, en þó að mörg orð dönsk, er finnast í bókinni, vanti í orðasafnið, og sumum finnist dönskuan of þung á sumum sögum í bókinni, einkum eptir því, hvernig þeim er niðurraðað í bókinni, hafa landsmenn tekið henni tveim höndum, og láta sjer hana að góðu gagni verða.

Skáldskaparrit komu fá út á ári þessu, og er hið helzta þeirra Ljóðmæli eptir Grím Thomsen. Kvæði þessi eru bæði fá og stutt, og mörg af þeim voru kunn áður. Þau eru flest með einkennilegum blæ, líkt og þjóðkvæðin hin fornu, aflmikil og efnisrík; minna sum þeirra á hina fornu vikivaka, að því er snertir hina einkennilegu og kjarnaríku hugsun. Að formi og búningi, einkum að því er rím og hljóðfallanda snertir, eru þau miður vandlega úr garði gjörð, einkum það af þeim sem er útlagt. Kvæðin eru ekki nema 46 að tölu, og öll afar stutt, svo að þar getur eigi verið um fjölhæft efni að gjöra. Hitt annað, sem út hefir komið í bundinni ræðu, hefur að eins verið vesalar rímur, samhnoð af eddukenningum og orðskrípum, t. d. Rímur af Hjeðni og Hlöðvi og af Finnboga ramma, og eru þær svo úr garði gjörðar, að mikið vantar á, að þær sje bókmenntum vorra tíma til sóma.

Af skáldritum í óbundinni ræðu má nefna smásögur tvær, er út hafa komið. Önnur kom út með Skuld, og kallast: Hvorn eiðinn á jeg að rjúfa? eptir Einar skólapilt Hjörleifsson. Saga þessi er með hinum nýja realistiska blæ, eða á að vera það, og er að því leyti nýtt framkvæmi í bókmenntum vorum, en að því, er stefnu hennar snertir, hafa dómar manna verið allmisjafnir um hana. En þó að ófullkomleika megi á henni finna, er hún engu að síður vel samin af unglingi; mál og efnisfærsla er ljóst og lipurt og frásögnin fjörug og tilgjörðarlaus. Skin og skuggi er önnur saga eptir Pál Jónsson. Hún er ólíku daufari og efnisminni, og lítið annað

ptugga upp úr Manni og konu, Mannamuninum og Pilti
lku; efnið er ekki liðað sundur í eðlilega rás, og er því
m ekki neitt, lyndiseinkunnir óeðlilegar og óljósar. Smá-
essi er og æskusmíði og eptir mann, sem lítillar mennt-
efir notið, og er því öll von á, að gallar sjeu á; málið á
ni er lipurt. Annað hepti af Smásögum Geirs Vigfús-
kom og út, og er það sem hið fyrra í óvandaðasta lagi
ili til.

Nú höfum vjer talið hið helzta, sem út hefir komið af rit-
þessu ári, og er ei hægt annað að segja, en að það er í
sinni fremur lítið og ómarkvert; en þar sem ei er um
mannfjölda að ræða, en á Íslandi, og fjölmennið, sem les
upir bækur, er svo lítið, er eigi við meiru að búast.

Af söfnum landsins er fátt að segja, því að eptir að þeim
yggt út af kirkjuloptinu, er gjört var við hana, voru þau
d á þeim stöðum, sem torvelt var að ná til þeirra; eigi
ldur kunnugt, hvað bæzt hefir við þau.

Þess var getið í frjettunum frá fyrra ári, að stofnað var hið
nzka fornleifafjelag. Fjelag þetta tók til framkvæmda
þegar, og byrjaði með því, að tekið var að halda fyrir-
í Reykjavík um fornfræði og vísindi þau, er að því lúta.
skólakennari Ólsen hjelt fyrirlestra um málfræði vorra
, og sjer í lagi um uppruna íslenzkrar tungu, en Sigurður
sson, varaformaður fjelagsins, hjelt fyrirlestra um Þingvöll
msa tilhögun á alþingi hinu forna. Með vorinu var síðan
til óspilltra málanna með að rannsaka fornleifar út um
ið, og grafa eptir þeim. Fyrst var rannsakaður Þingvöllur,
jeruðin í kring um hann, farvegur Öxarár hinn forni, og
gt fleira; fannst það á, að Öxará hafði til forna veitt verið
r í Almannagjá og ofan á völluna, en áður hafði hún runn-
uður eptir völlunum fyrir ofan gjána, rannsóknunum á Lög-
gi og búðunum varð eigi lokið sakir fjeleysis, en margt upp-
ist þó til skýringar þingskipun allri eptir Grágás og sögun-

Hoftóttir á Ölvisvatni og í Hofkinn hjá Brúsastöðum voru
rannsakaðar. Mest og bezt var samt rannsakað blóthúsið á
li í Hvalfirði og hinar fornu stöðvar Harðar sögu og Hólm-
a. Á Þyrli var grafið upp blóthúsið allt, og fannst í því

nákvæm undirstaða; það er 57 fet á lengd; annar endinn er afhýsi, 17 fet á lengd, og var gólfið í því öllu steinlagt. Þar fannst og bláststeinn mikill, og bolli í högginn; þótti þetta mjög merkur fundur. Þetta skoðaði allt varaformaður fjelagsins Sigurður Vigfússon. Björn Ólsen rannsakaði vandlega Borgarvirki í Víðidal, og gaf um það nákvæma skýrslu; sömuleiðis var og Goðhóll á Flateyri við Önundarfjörð skoðaður. Þetta var mikið afreksverk af fjelaginu á fyrsta ári, og hefði mátt gjöra meira, ef fje hefði eigi skort, en því er að þakka, að svona mikið vannst, að fjelaginu voru veittar 300 kr. úr landssjóði. Á ársfundi fjelagsins 2. dag ágústmánaðar voru fjelagar 19 með 25 kr. tillagi eitt skipti fyrir öll og 158 með tveggja króna tillagi á ári. Í fjelaginu eru 18 konur.

Sálmabókarnefndin kom saman þetta sumar sem fyrri, en eigi er oss kunnugt um, hvað hún hefir afrekað, enda er örðugt að koma miklu í verk fáa daga á ári, en seinfært að gjöra mikið með brjefritum landshorna á milli. Hvað snertir fjestyrk þann, er nefndinni ber að fá upp í ferðakostnað sinn, lagði ráðgjafi það til, að landshöfðingi mundi geta tekið styrk þann af fje því, er ætlað var til óvissra útgjalda á árunum 1880—81, en benti um leið til þess, að reyna að fá hjá biblíufjelaginu fje það, er þar til þarf, þar eð honum var kunnugt um, að það leggur upp um 300 kr. á ári hverju. Fór svo að lokum, að biblíufjelagið lagði skerf til þessa fjestyrks fyrst um sinn.

IV. Könnuð fjöll.

Það má telja til nýlundu, að þetta sumar tóku nokkrir Þingeyingar sjer ferð á hendur og fóru fjallkönnunarferð um austuröræfi Íslands, einkum um svæðið kringum upptök Skjálfandafljóts, þaðan austur með Vatnajökli að norðanverðu, milli um hans og Ódáðahrauns, og síðan niður hjá Herðubreið og ofan Mývatnsöræfi. Tilefni þeirrar farar var það, að Jón alþingisforseti Sigurðsson á Gautlöndum bar upp á hjeraðsfundi Suður-Þingeyinga 18. dag júnímánaðar, að gjöra skyldi þá um sumarið gagngjörða landaleit fyrir ofan fjallbeitir manna, til þess

'a úr skugga um, hvort eigi mundu grös og hagbeit vera
ræfunum, og mætti af því ráða vanheimtur þær, er jafnað-
væru í þeim hjeruðum. Tillögu þssari var vel tekið, og
ıi Jón á Gautlöndum þegar fjóra röska menn til fararinnar.
ıru Jón bóndi Þorkelsson á Víðirkeri, Pjetur bóndi Pjet-
á Stóru-Laugum, Helgi bóndi Jónsson á Geiteyjarströnd og
ndi Stefánsson á Syðri-Neslöndum; gaf hinn síðast-
skýrslu um ferð þeirra, og setjum vjer hjer ágrip hennar.
ir lögðu af stað 9. dag ágústmánaðar, og hjeldu tvo
dagana alla leið upp undir Tungnafellsjökul, og komu á
leið austur að Þríhyrningsfelli, er stendur norðanvert í
lyngju, sem öðru nafni nefnist og Skjaldbreið. Dálítið
þeir af högum á þessari leið, mest meðfram kvíslum og
um, sem aldrei hafa áður þekkzt; gáfu þeir flestu því ný
i. Kvöldið þess 10. settust þeir að í Hraunárbotnum
ı og austan í Tungnafellsjökli, við laug þá, er Hitalaug
:. Þar var hagi lítill en grösugur. Hrauná er eystri
kvísl Skjálfandafljóts, þar sem það hefir upptök sín, eptir
ætti Björns Gunnlaugssonar, en það mun eigi vera rjett,
er sú kvísl, er Björn Gunnlaugsson nefnir Hrauná,
fljótið. En Hrauná sú, er leitarmenn komu að,
star. Þann 11. hjeldu leitarmenn suður með Tungna-
kli að austan; var hann þá snjólítill mjög. Hjeldu þeir
með fljótinu og allt upp í Vonarskarð. Það er í milli
afellsjökuls og Vatnajökuls. Þegar upp í skarðið kom,
ðist fljótið mjög, og lágu jökulkvíslar sem silunganet af-
Vatnajökli niður í skarðið, og fjell sumt norður eptir
ótsins, en sumt til suðuráttar og drógst saman í lygnur
í skarðinu. Samt þorðu þeir ei að fullyrða, hvort hjer
vatnaskil millum Suðurlands og Norðurlands eða eigi.
á og önnur á, er þeir nefndu Gilá, koma þar litlu austar
erfi einu norðan í Vatnajökli, og fundu þeir í hverfi því
svo góðan, að ekki mundi annan betri að finna fyrir of-
ggð. Þar voru þeir um nóttina. Klukkan 6 um morg-
þann 12. lögðu þeir á jökulinn, og var veður hið bezta,
ka nokkur á jöklinum, en er sól kom á lopt upp, birti
a og gjörði veður hið fegursta, en nokkuð heitt. Fóru

tveir ferðamanna austur eptir jöklinum til Kistufells, en tveir meðfram jöklinum að neðan, til að svipast eptir hagblettum; fundu þeir sólarhringshaga handa 30 hestum þar við tjörn eina, er þeir nefndu Gæsavatn af gæsafjöðrum, er þeir fundu þar. Færi var hið bezta á jöklinum, líkt og á ísum á vordag. Stundum þurftu þeir að láta stökkva yfir jökulsprungur, og fossaði ávallt vatn niðri í hyldýpinu, en þær voru allajafna mjóar eða þá brýr yfir þær. Komust þeir svo klaklaust að Kistufelli, og fóru þar ofan af jöklinum. Var það hin mesta glæfraferð, því að þar var jökullinn sandi hulinn, og hafði hann misbráðnað undan sandinum, svo að þar voru hver við annan jökulstrókar, margar mannhæðir á hæð, og stóðu svo þjett, að torvelt var að komast með klyfjahesta á milli. Jökulstrókarnir voru allir gildastir efst en mjóstir um miðjuna. Sunnan undir Kistufelli gengu þeir af hestum sínum og gengu upp á fellið; var þar víðsýni hið bezta yfir norðurfjöllin. Þaðan stefndu þeir austur á leið; þar er ljótt um að litast, sandar og stórgrýttir melar; einlægar sprænur falla þar undan jöklinum, og hverfa þær allar í sandana; fóru þeir svo austur yfir Jökulsá á Fjöllum; skoðuðu þeir þar vandlega upptök Jökulsár, og sást það þá á, að hin vestri kvísl hennar kemur ei undan Kistufelli austanverðu, sem stendur í uppdrætti Björns Gunnlaugssonar, heldur undan Kverkfjöllum; hefir það villt Björn, að hann hefir farið norðar, og sjeð glitta í jökuleyrarnar undan jöklinum, og haldið það vera upptök Jökulsár. Síðan riðu þeir austur hjá Kverkfjöllum, og sáu upptök Kreppu, sem er austurkvísl Jökulsár á Fjöllum. Fóru þeir niður með henni og náðu niður í Hvannalindir um nóttina kl. 3. Höfðu þeir farið úr Vonarskarði um morguninn, og var það löng leið og víða torsótt. Áðu þeir um hríð í efstu grösum í Hvannalindum, en hjeldu síðan ofan í lindirnar sjálfar; um leið fóru þeir og austur að Kreppu og skoðuðu hana og sáu haga á tveim stöðum austan við hana, en svo var hún þá vatnsmikil, að ekki var hugsandi til að fara austur yfir hana til að skoða þá nákvæmar. Síðan fóru þeir aptur ofan í Hvannalindir; þar var hvannstóð mikið og melhnausar í norðurjaðri hraunsins, allt mjög stórvaxið. Landkostir í lindunum eru hinir beztu, svo að þeir höfðu

sjeð gras, er jafnmikið væri, og þar var í dældum, og
ɔm til dæmis telja, að þeir fundu þar rauðbreyskingstoppa
er tóku meðalmanni í mjöðm. 14. dag ágústmán. dvöldu
lindunum og hvíldu hesta sína. Þar fundu þeir fornar
óptir, og er auðsjeð, að lindirnar hafa einhverntíma verið
umannabæli. Tóptirnar voru af grjóti hlaðnar, að verið
með blágrýtishellum, og mosi lagður á ofan. Tóptirnar
laðnar við lind eina, en á aðra hlið er klöpp, er myndar
vegginn. Fyrsta húsið er um 3 ál. á hvern veg, og eru
því þannig, að ranghali er hlaðinn frá því í bug niður
ıdinni, og er hann alls um 12 álna langur, en hefir verið
njór, að maður hefir rjett getað skriðið um hann á fjór-
ótum. Annað húsið er vestar, 7 ál. á lengd en rúmlega
breidd. Í vesturenda þess er eldstó, en ei fundu þeir þar
) en lítið eitt af brunnum beinum. Annar ranghalinn er
því húsi niður að lindinni, og ná ranghalarnir saman.
pa lítil var hjá eldskotinu, 3 ál. á lengd og alin á breidd.
n með laut í lá þar á hvolfi, og álitu þeir, að lautin tæki
potta; hefir það líklega verið pottur húsráðanda: Vegg-
voru tvíhlaðnir, og heldur laglega gjörðir, en allt hlaðið
er, og þakið með þunnum blágrýtishellum; nú eru þeir
: að hrynja og ranghalarnir að mestu hrundir saman, en
sem veggir standa nær óskertir, eru þeir um mannhæð.
fundu þeir hrossbein mikil, öll brotin til mergjar, en
ıbein nærfellt engin. Þriðja tóptin var vestast; er hún
alin á lengd og 1½ á breidd, og hlaðin að sjer. Tveir
ırir sprekakestir voru millum tóptanna, og orðnir mosa-
r. Nokkrum föðmum austar er rjett, er taka mun um
50 fjár, og stuttu þaðan byrgi, hlaðið í klettaskoru, 5 ál.
gd en 2 á breidd. Þetta eru leifar þær, er þarna fund-
en engar sagnir lifa um menn, er þarna hafi átt að
Sumir hafa viljað geta upp á því, að Fjalla-Eyvindur
haft þarna aðsetur sitt, en þar eru fáar líkur með en
;ar á móti. Hinn 15. fóru þeir úr Hvannalindum og
u niður í Herðubreiðarlindir og dvöldu þar nokkuð. Lítið
ı þeir af högum á þeirri leið, en vestan undir Herðubreið
ı þeir haga nokkra. Hinn 17. komu þeir til byggða að

Reykjahlíð, og höfðu þá verið 9 daga í för þessari. Höfðu þeir alltaf haft hið bezta veðurlag, bjart og gott, og var því að þakka hinn góði árangur fararinnar. Hingað og þangað fundu þeir kindaskrokka, helzt af lömbum, en það gat verið meira af slíku þar um slóðir. Helzti og bezti árangur fararinnar er, að fundizt hafa hagar og fjárstöðvar, er eigi voru áður kunnar, og upptök á ám, er eigi þekktust áður, eða menn höfðu rangar ímyndanir um, og það hið þriðja, að Vatnajökulsvegur er vel fær, og þarf eigi að bera hagleysi við, þar sem nú eru nýfundnir hagarnir við Gæsavatn, sem Björn Gunnlaugsson vissi eigi af, því að hann hafði farið þar norðar um. Má telja þessa för mjög mikilvæga fyrir kunnugleika á öræfum Íslands, og væri betur, að svo væru kannaðir fleiri hlutar af öræfunum, því að víðar getur verið ókunnugt en þarna; en þá þyrfti og að hafa mælingafróða menn í förinni, til þess að leiðrjetta mætti nákvæmlega það, sem rangt er í uppdráttum manna hingað til.

V. Útför Jóns Sigurðssonar.

Þess var getið í frjettunum frá fyrra ári, að Jón riddari Sigurðsson og kona hans, Ingibjörg Einarsdóttir, önduðust í desembermánuði það ár, og var þar í fám orðum getið um útför hans í Kaupmannahöfn, og að það var einlægur vilji þeirra hjóna, að bein þeirra mættu hvíla á Íslandi. Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson stóð fyrir útförinni ytra, og tilkynnti síðan landshöfðingja í brjefi lát þeirra, og það með, að þau hefðu æskt þess, að vera flutt til Íslands og jarðast þar. Sömuleiðis mæltist hann til þess, að landið kostaði útför hans, og mæltist landshöfðingi þegar til þess við ráðgjafann, að hann leyfði, að svo mætti vera; veitti ráðgjafinn það þegar. Þegar þetta var komið í kring, tók landshöfðingi sjer aðstoðarmenn til umsjónar við útförina; voru þeir Björn skólakennari Ólsen, H. E. Helgesen, forstöðumaður barnaskólans í Reykjavík, Matthías ritstjóri Jochumsson og Steingrímur skólakennari Thorsteinsson teknir í nefnd þessa með landshöfðingja. Hinir tveir síðastnefndu og

likt skólakennari Gröndal voru beðnir að yrkja kvæði þau, ırfa þætti, Birni Ólsen var falið á hendi að sjá um skipun líkfylgdarinnar, en Helgesen að annast um að kirkjuna, bryggjuna, bryggjuhúsið og bátinn, er líkin flutt á; en sjálfur sá landshöfðingi um gröfina og alla til- ı hennar.

Póstgufuskipið kom 30. dag aprílmánaðar, og hafði þá meðferðis; en þá voru þau eigi flutt þegar í land, heldar því frestað þangað til greptrunardaginn sjálfan. En runinni var frestað þangað til 4. dag maímánaðar, vegna að fólk, sem koma vildi, gat eigi vitað nægilega fljótt í veitunum, hvenær jarða skyldi, með öðru móti. Greptruninn var hryðjuveður á útsunnan um morguninn, en batná daginn leið; kl. 9 var flaggað á öllum húsum og skipum í stöng, og síðan öllum búðum lokað. Á 11. stundu fór sen út í póstskipið að sækja líkin og sjá um þau í land, með honum Eiríkur prófastur Briem — en hann var sá, ienti landshöfðingja kisturnar; kl. 11 lagði báturinn frá í land, og reru undir honum tveir bátar frá herskipinu fi, er þá var þar á höfninni, en á eptir reri hinn þriðji með lúðurþeyturum Ingólfs, og bljesu þeir sorgarlög á sína alla leið til lands.

Nú er að segja af því, sem gjörðist í landi. Kl. 10½ söfnsaman við lærða skólann fulltrúar ýmissa hjeraða, fjelaga tjetta, stúdentar og skólapiltar, og skipuðust í flokka; ı stúdentar fremstir, þá skólapiltar, þá iðnaðarmenn bæjallir í tvísettri röð, og bar hver flokkur merki í broddi igar; gengu þeir síðan alla leið niður til bryggjuhússins, imu þar stað. Meðan líkunum var róið í land, var í milli og fagurt sólskin, en regnbogi fagur var í framsýn yfir nni og stóð fótum sínum niður á eyjarnar; var það bæði sjón og svipmikil, svo sem náttúran sjálf gjörði sitt að ı útför þessa óskmagar Íslands. Þegar báturinn rann að gjunni, var þar fyrirbúningur mikill að veita kistunum hátíðlegasta viðtöku. Beggja megin á bryggjunni voru ır stengur hvítar að lit, og voru upp af þeim gjörvar ir spjótmyndaðar, silfurlitaðar, en á milli þeirra blöktu

svartar blæjur í dreglum. Bryggjuhúsið var og prýtt grænum blómsveigum. Á bryggjunni tóku sjávarbændur móti kistunum og báru þær upp fyrir bryggjuhúsið og settu þær á palla þá, er til þess voru settir; síðan var sungið kvæði, er orkt hafði Steingrímur Thorsteinsson, og er þetta upphaf að:

Sunnan bar snekkja
sorgarfarm að ströndum,
lýsir vorsól á landsins þraut o. s. frv.

Að loknu kvæðinu hófst skrúðgangan upp Aðalstræti og ofan kirkjubrúna til kirkjunnar; gekk lúðurþeytaraflokkur Reykjavíkur á undan og bljes sorgargöngulag, er Helgi trjesmiður Helgason hafði orkt. Þá gengu stúdentar sem áður, þá skólapiltar sem áður, hverjir undir sínu merki, og síðan þeir, er líkin áttu að bera. Voru líkmenn 32 menn úr bændaflokki, 16 af skólapiltum og 16 af iðnaðarmönnum. Næst á eptir líkunum gengu í 1. flokki: landshöfðingi, forsetar alþingis, er við voru, forseti Reykjavíkurdeildar bókmenntafjelagsins og útlendir heiðursgestir, fyrirliðar hinna frakknesku herskipa, Dupleix og Actif, er hjer voru þá, og Ingólfs, og svo aðstoðarmenn landshöfðingja við jarðarförina. Í 2. flokki gengu ættingjar þeirra hjóna og prestar þeir, er við jarðarförina voru; í 3. flokki alþingismenn, er þá voru og höfðu verið; í 4. flokki fulltrúar ýmissa stjetta, hjeraða og fjelaga, fyrst kennarar við æðri menntunarstofnanir landsins, þá bæjarstjórn Reykjavíkur, þá fulltrúar frá ýmsum sveitarfjelögum og sýslum, þá verzlunarmenn og síðast iðnaðarmenn; í 5. flokki var allur almenningur. Marskálkar 10 fylgdu með til þess að halda reglu á skrúðgöngunni; þeir voru úr flokki stúdenta; þeir voru auðkenndir með því, að þeir báru svartan fetil yfir hægri öxl og undir vinstra handlegg, og voru á þeim hvítir jaðrar.

Þegar kom að kirkjudyrunum, námu stúdentar og skólapiltar þar staðar og skipuðust í tvær raðir til beggja handa, og gekk líkfylgdin inn á eptir, 1.—4. flokkur, og settist, en stúdentar og skólapiltar skipuðust í raðir á kirkjugólfið; upp á loptið fengu eigi aðrir að fara en konur þær, er aðgöngumiða höfðu. Beggja megin í fordyri kirkjunnar stóðu hermenn frá Ingólfi með brugðnum sverðum og gættu dyranna. Kirkjan

.n svörtum tjöldum, og sá varla annað í kórnum en
; altaristöfluna og gráturnar. Var það og tjaldað
lúkum og vafið blómsveigum. Prjedikunarstóllinn
jálmarnir var og tjaldað, og sömuleiðis fram með
á loptinu. Öll var kirkjan prýdd ljósum.
ı fólkið var að komast inn í kirkjuna, var leikið
á organið, en er allir voru komnir til sætis, var haf-
r, er svo byrjar: «Beyg knje þín, fólk vors föður-
Síðan flutti Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson
Síðan fluttu þeir Matthías Jochumsson og Pjetur
tursson ræður, og voru sungin kvæði í milli og við
ına, er öll hafði ort Matthías; var eitt þeirra sorgar-
ıjög fjölbreyttur, og stýrði landshöfðingjafrú Olufa
)num sjálf. Síðan hjelt líkfylgdin í sömu röð til
sins, en áður en kisturnar voru látnar niður í gröfina,
lldór yfirkennari Friðriksson fram kveðju fyrir hönd
en er kisturnar voru sígnar niður í gröfina, talaði
r dómkirkjuprestur Sveinsson nokkur orð, áður en
moldarrekunum á kisturnar; síðan sneri öll líkfylgd-
ptur, og var það um kl. 3 e. m.
var múruð upp úr höggnu grjóti, og vandlega um
; um kveldið var múruð hvelfing yfir hana, og steng-
)ryggjunni settar yfir hana sem pílárar til bráða-

rnar voru úr eik og með eikarlit, en innan í þeim
istur. Þær voru allar þaktar blómsveigum og krönz-
inum þeirra erlendis, og voru nöfn gefandanna á
krönzunum. Á kistu Jóns var pálmaviðarkranz frá
í Höfn, og lárviðarkranzar frá bókmenntafjelaginu og
laginu; svo var og silfurkranz sá frá Íslendingum í
getið er um í frjettunum í fyrra, og svo annar silf-
eð hjartalöguðum skildi innan í frá «Norske Sam-
oregi. Fylgdi þeim kranzi vinsamlegt brjef á ný-
ngu frá formönnum fjelagsins, er gáfu kranz þennan;
gjörður af mikilli íþrótt. Á skjöldinn voru grafin

Fraa meðlimer

av ded norske samlaget
framsend som merke
paa vyrdnad fyre mynnet
um
Jón Sigurðsson.

Kista frú Ingibjargar var búin líkt og manns hennar nema á henni voru engir silfurkranzar.

Þegar eptir útför Jóns Sigurðssonar var farið að tala um að koma upp yfir hann sæmilegum minnisvarða, og voru bónarbrjef send um sumarið um land allt til þess að fá loforð fyrir samskotum til hans. Um árslok voru fáir af listum þessum komnir aptur, svo að menn vissu þá eigi vel um árangur af þeim; en þá var samt víst, að búið var að lofa allmiklu fje um land allt til þessa fyrirtækis, enda hefði verið ómannlegt af Íslendingum að láta leiði þess manns, er þeir áttu jafnmikið gott upp að unna, gleymast og týnast innan um annara ómerkra manna legstaði.

IV. Mannfjöldi
og lát heldra fólks.

Þess var getið í stjórnarþættinum, að almennt manntal hefði farið fram um land allt að boði ráðgjafa fyrsta dag októbermánaðar; er slíkt manntal látið fara fram tíunda hvert ár, og jafnan hinn sama dag. Fólksfjöldi á landinu hefir nokkuð aukizt síðastliðin 10 ár, þrátt fyrir þann fjölda, sem farið hefir af landi burt; mest hefir fjölgað í suðurumdæminu og vesturumdæminu, en í norður- og austurumdæminu síður, og gjöra það mest Vesturheimsferðirnar. Vjer setjum hjer ágrip af fólkstöluskýrslu landsins, eins og hún var 1. okt. 1880, lesendum vorum til gamans:

I. Suðurumdæmið.	Karlar.	Konur.	Samt.
Í Skaptafellssýslum	1607	1897	3504
- Rangárvallarsýslu	2460	2900	5360
- Vestmannaeyjasýslu	246	311	557
- Árnessýslu	2919	3338	6257
Flyt	7232	8446	15678

	Karlar.	Konur.	Samt.
Flutt	7232	8446	15678
lbringu- og Kjósarsýslu . .	2764	2896	5660
'kjavík	1192	1375	2567
garfjarðarsýslu	1225	1373	2598
Samtals:	12413	14090	26503
II. Vesturumdæmið.			
rasýslu	1101	1227	2328
fellsness og Hnappadalssýslum	1503	1769	3272
ısýslu	1095	1262	2357
)astrandarsýslu	1300	1557	2857
arðarsýslu og Ísafj.kaupstað	2585	2966	5551[1]
ndasýslu	896	965	1861
Samtals:	8480	9746	18226
Norður- og austurumdæmið.			
avatnssýslu	2370	2655	5025
afjarðarsýslu	2126	2473	4599
jarðarsýslu og Akureyri . .	2505	2820	5325[2]
eyjarsýslu	2561	2775	5336
ur-Múlasýslu	1727	1774	3501
r-Múlasýslu	1971	1956	3927
Samtals:	13260	14453	27713
Samtals á öllu landinu:	34153	38289	72442

ysfarir eru fáar á þessu ári, og eru þessar hinar 9. dag októbermánaðar drukknuðu tveir menn á báti iðri frá Skálavík í Ísafjarðarsýslu, og 27. dag sama mán- ukknuðu 3 menn með sama móti af Tjörnesi. 3. dag ermánaðar fórst bátur á Eyjafirði með 3 mönnum á á Akureyri út að Glæsibæ; á honum var Árni prestur nsson á Glæsibæ og tveir menn aðrir; var annar þeirra ians, hinn mannvænlegasti maður. Árni prestur var nsti drengur og mesti skaði í honum, því að hann zta aldri, og átti mikið ógjört, ef honum hefði enzt ald- Hann var fæddur 1845, og útskrifaðist úr Reykjavíkur- 71; gekk síðan á prestaskólann og lauk prófi þaðan varð þá prestur að Glæsibæ. — 22. dag sama mánaðar)u 7 menn á áttæringi á leið frá Reykjavík upp á

[1] af í Ísafjarðarkaupstað 248 karlmenn, 272 konur, alls 520 íbúar.
[2] ureyri teljast vera 439 manns.

Akranes; 9. dag desembermánaðar týndist skip með 7 mönnum af Vatnsleysuströnd, og 16. dag sama mánaðar fórst skip með 7 mönnum frá Hrólfsskála á Seltjarnarnesi. Þetta eru hinar helztu og merkilegustu slysfarir á árinu.

Heilsufar mátti heita heldur gott, og bar eigi á neinum stórsóttum, er gengju um landið eða neina hluta þess. Lungnabólga og taugaveiki stungu sjer niður hingað og þangað, en þó eigi svo að þær yrði að landfarsóttum; um haustið og veturinn gekk allmikill andarteppuhósti á börnum, og varð hann allmörgum þeirra að bana, er voru á fyrsta ári og um það bil, en af öðrum stórveikindum hafa eigi farið sögur svo teljandi sje.

Meðal merkismanna, sem dáið hafa á þessu ári, má hiklaust telja fyrstan og fremmstan háyfirdómara, etazráð Þórð Jónassen. Hann andaðist 25. dag ágústmánaðar. Hann var fæddur 26. dag febrúarmánaðar 1800 á Nesi í Aðalreykjadal. Hann útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1820, og sigldi fáum árum síðar til Kaupmannahafnarháskóla, og tók þar 1. próf 1824, annað próf 1825, en embættispróf í lögum tók hann 1830; eptir það var hann nokkur ár ytra og tamdi sjer stjórnarmál á skrifstofum þar, þar til hann fjekk Eyjafjarðarsýslu 1835, en næsta ár varð hann fyrri meðdómari við landsyfirrjettinn í Reykjavík. Árin 1849—50 var hann settur amtmaður í Norður- og austurumdæminu; 1856 varð hann háyfirdómari og hjelt því embætti til 1877, er honum var veitt lausn í náð með fullum eptirlaunum. Hann var í stiptamtmannsstað 1860—1865, og konungsfulltrúi á öllum þingum á meðan. Hann var konungkjörinn á öllum öðrum þingum, og á þjóðfundinum 1851. Hann var sæmdur riddarakrossi dannibrogsorðunnar 1856, stærra yfirforingjakrossi sömu orðu 1865 og riddarakrossi hinnar frönsku heiðursfylkingar 1863; hann varð og heiðursfjelagi bókmenntafjelagsins 1851. 1863 kvæntist hann Sofíu Dórótheu Lynge, og lifir hún hann. Hann var auðnuríkur maður, og má teljast í röð hinna vitrustu manna á þessari öld.

Þetta ár hafa og látizt nokkrir hinir helztu af prestum landsins. Má þar fyrstan telja Hallgrím prófast Jónsson á Hólmum í Reyðarfirði. Hann dó 5. dag janúarmánaðar.

Hann var fæddur 16. dag ágústmánaðar 1811, útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1835, og sigldi næsta ár til Kaupmannahafnarháskóla, og lauk þar guðfræðisprófi með bezta vitnisburði 1840. Hann vígðist prestur að Hólmum 1841, og þjónaði því embætti til dánardægurs. Hann var prófastur í Suður-Múla prófastsdæmi frá 1847 til 1862. Hann var hinn vinsælasti maður, hygginn og gætinn, og hið mesta prúðmenni í öllu, og unnu honum allir hugástum, er hann þekktu. Hann kvongaðist haust ið 1840 ungfrú Kristrúnu Jónsdóttur frá Grenjaðarstað, og varð þeim 4 barna auðið. — Annar af merkisprestum, er dóu á þessu ári, var Páll prestur Jónsson Matthiesen. Hann andaðist á Þingvöllum við Öxará 9. dag febrúarmánaðar. Hann var fæddur í Vatnsfirði 1811, lauk prófi í Bessastaðaskóla og vígðist síðan aðstoðarprestur föður síns að Arnarbæli 1837; 1839 fór hann utan og stundaði guðfræðisnám við háskólann um tveggja ára tíma; síðan varð hann prestur til Skarðsþinga í Dalasýslu 1847, og að Hjarðarholti í Dölum 1855, að Stokkseyri 1866 og síðast að Arnarbæli í Ölfusi 1873. 1878 fjekk hann lausn frá embætti. 1847 gekk hann að eiga Guðlaugu Þorsteinsdóttur, er var ættuð undan Eyjafjöllum. Páll prestur var tápmaður mikill, og umfram aðra menn að vaskleik og allri atgjörvi; hann var virtur af öllum, er hann þekktu, og þótti hvervetna mikið til hans koma. — Hinn þriðji af prestaöldungum þeim, er látizt hafa, er Ásmundur prófastur Jónsson í Odda; hann dó 18. dag marzmánaðar. Hann var fæddur á Lambhúsum á Álptanesi 22. nóvember 1808, útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1827, og fór þá utan, og tók þá guðfræðispróf við háskólann 1833 með bezta vitnisburði. Hann var settur dómkirkjuprestur 1835, en fjekk Odda á Rangárvöllum 1836, og varð prófastur í Rangárþingi 1841. Dómkirkjuprestur varð hann aptur 1846, og hjelt því til 1854, og þá aptur að Odda, og var þar til dauðadags. Hann var allra manna híbýlaprúðastur, og vel að gáfum búinn, og fræðimaður heldur mikill. Þótti jafnan mikið til hans koma í hverju því sem fyrir kom. — Árna prests Jóhannssonar hefir verið áður getið í slysfarakaflanum. Hjer má og minnast eins prests, sem andaðist á þessu ári, þó að hann væri aldrei hjer á landi í em-

bættisstöðu; það er Jóhann Gunnlaugur Briem sonur Briems sýslumanns á Grund í Eyjafirði. Hann var fæddur á Grund 19. apríl 1801, og fór 1815 í Slagelseskóla, og kom eigi til Íslands aptur. Hann útskrifaðist 1820, og tók síðan guðfræðispróf við háskólann 1825, og varð síðan prestur víðsvegar í Danmörku. Síðustu ár sín varð hann laus frá embætti, og andaðist í Slangerup á Sjálandi 6. dag marzmánaðar. Hann var gáfumaður mikill og skáldmæltur vel, og liggur nokkuð eptir hann í þeim efnum, allt á danska tungu.

Meðal annara merkismanna, er dóu á þessu ári, má nefna Sigurð G. Hansen, assistent í dómsmálastjórninni í Kaupmannahöfn; hann var hið mesta ljúfmenni, og einkar vel að sjer í sögu Íslands og högum þess; hann hafði unnið fyrir hið íslenzka bókmenntafjelag í 35 ár, og ritað fyrir það mestallar landshagsskýrslur þess. Hann dó 21. dag maímánaðar. — Í Reykjavík dó Jósef verzlunarmaður Blöndal 29. dag desembermánaðar; hann var 41 árs (f. 1839), og hafði verið brjóstveikur síðustu ár sín; Blöndal sálugi var mesta valmenni, og hjálparfús mjög, og það jafnvel stundum um of meðan hann var verzlunarstjóri.

Þetta ár önduðust og tveir skólapiltar, báðir úr brjóstveiki, sem nú upp á síðkastið er farin að verða svo tíð í lærða skólanum. Annar þeirra var Ólafur Einarsson frá Hvítanesi í Ísafjarðarsýslu; var þetta hinn síðasti vetur hans. Hann var hið mesta ljúfmenni og svo iðinn og ástundunarsamur við nám sitt, að hann var fyrirmynd annara að iðni og reglusemi. Hann dó 27. dag októbermánaðar (hann var fæddur 5. febr. 1859). — Hinn var Jakob Sigurðsson frá Botnastöðum í Húnavatnssýslu. Hann var sjerlega vel gáfaður, og einkanlega laginn fyrir hin fornu mál, allra manna skemmtilegastur og glaðlegastur, og hleypti lífi og fjöri í alla, er honum kynntust. Hann var í 4. bekk í skólanum. Hann ljezt 19. dag nóvembermánaðar (var fæddur 7. dag janúarmánaðar 1860). Að báðum þessum sveinum var skaði mikill, því að þeir hefðu orðið stjett sinni til sóma, ef þeim hefði orðið lengra lífs auðið.

Meðal merkra kvenna, er dáið hafa á þessu ári, má nefna Jónu Sigurðardóttur á Nesi í Höfðahverfi, konu Gunnars

verzlunarmanns Einarssonar. Hún ljezt 15. dag febrúarmánaðar á bezta aldri (f. 1851). Hún var gáfuð kona og vel menntuð, og hafði haft kennslu á hendi við kvennaskólann á Laugalandi. — Þórunn Pálsdóttir kona Páls umboðsmanns Ólafssonar á Hallfreðarstöðum andaðist 15. dag marzmánaðar um sjötugt. — Húsfrú Margrjet Lúðvíksdóttir, kona Gunnlaugs prests Halldórssonar á Skeggjastöðum andaðizt 17. dag septembermán. á 32. ári. — 19. dag októbermánaðar ljezt og húsfrú Guðrún Jónsdóttir á Mógilsá, ekkja Magnúsar prests Grímssonar. — Hjer til má og telja, að 19. dag júlímánaðar andaðist í Kaupmannahöfn frú Ragnhildur Kock, dóttir landshöfðingja vors, Hilmars Finsens, á 22. aldursári (f. 5/8 1858).

Leiðrjetting.

Þar sem á 25. bls. segir, að rit Jónassens læknis „Um eðli og heilbrigði mannlegs líkama“ sje gefið út af bókmenntafjelaginu, þá er það ekki alveg rjett hermt. Ritið er gefið út á kostnað höfundarins, en bókmenntafjelagið keypti af honum jafn mörg exemplör og fjelagar þess eru, til útbýtingar meðal þeirra. Sama er um „Mannkynssögu Páls Melsteðs“, að hún er gefin út af Ísafoldar prentsmiðju, en þjóðvinafjelagið keypti exemplör af henni til útbýtingar meðal fjelagsmanna.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1881

EPTIR

JÓNAS JÓNASSON

PREST TIL STÓRUVALLA.

REYKJAVÍK.

PRENTSMIÐJU EINARS ÞÓRÐARSONAR

1883.

Yfirlit efnisins.

Frjettir 1881 . . . . . *1.—49. bls*

1. Þing og stjórn . . . . 1.—18. bls.
2. Árferð og atvinnuvegir . 18.—31. —
3. Menntun . . . . . 31.—41. —
4. Mannalát . . . . . 42.—49. —

I. Þing og stjórn.

Þess var getið í frèttunum frá Íslandi 1880 að kosningar til alþingis hefðu farið fram í flestum sýslum landsins í septembermánuði 1880 svo sem lögákveðið er, nema í Norðurmúlasýslu; þar fórust þessar kosningar fyrir af einhverjum ástæðum, og fóru því kosningar þar fram í maímánuði. Sömuleiðis reyndust kosningar í Árnessýslu ólöglega framkvæmdar, og voru þær því gjörðar ómerkar, og kosið upp aptur í maímánuði. Margir höfði verið óánægðir með kosningarnar til þings þessa, og spunnust út úr því allmiklar deilur í blöðunum, en þá vildi reynast satt sem sagt er, að «seint er að byrgja brunninn, er barnið er í hann fallið», enda sat við það, sem komið var, nema í Árnessýslu einni, sem fyrr er ritað. Út úr þessu kosningakappi var samt allmikill áhugi og eptirvænting landsmanna um það, hvernig þessir nýju fulltrúar þjóðarinnar myndu reynast, er þeir ættu að taka til að skapa mönnum lög innan veggja og vebanda hins nýja þinghúss.

Alþingi kom saman eins og lögskipað er, 1. dag júlímánaðar; voru þá allir komnir þeir, er þing skyldu sitja, og voru þeir þessir:

A. Þeir, er konungur hafði kvadda til þingsetu.
   1. *Pètur Pètursson*, biskup yfir Íslandi.
   2. *Bergur Thorberg*, amtmaður yfir suður- og vesturumdæminu.
   3. *Jón Pètursson*, háyfirdómari.
   4. *Magnús Stephensen*, yfirdómari.
   5. *Árni Thorsteinson*, landfógeti yfir Íslandi.

6. *Sigurður Melsteð,* forstöðumaður prestaskólans.

B. Þjóðkjörnir þingmenn voru:

1. Fyrir Austurskaptafellssýslu:

Stefán hreppstjóri Eiríksson í Árnanesi.

2. Fyrir Vesturskaptafellssýslu:

Ólafur bóndi Pálsson á Höfðabrekku.

3. Fyrir Rangárvallasýslu:

Sighvatur hreppstjóri Árnason á Eyvindarholti.
Skúli bóndi Þorvarðarson á Fytjamýri.

4. Fyrir Árnessýslu:

Þorlákur hreppstjóri Guðmundsson í Hvammkoti
Magnús Andrèsson, prestur að Gilsbakka.

5. Fyrir Vestmannayjasýslu:

Þorsteinn hreppstjóri Jónsson.

6. Fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu:

Þórarinn prófastur Böðvarsson, prestur að Görðum.
Þorkell Bjarnason, prestur að Reynivöllum.

7. Fyrir Reykjavík:

Halldór Friðriksson, yfirkennari.

8. Fyrir Borgarfjarðarsýslu:

Dr. Grímur Thomsen á Bessastöðum.

9. Fyrir Mýrasýslu:

Egill Egilsson í Reykjavík.

10. Fyrir Snæfellsnessýslu:

Holger Clausen, kaupmaður í Stykkishólmi.

11. Fyrir Dalasýslu:

Guðmundur prófastur Einarsson, prestur á Breiðabólsstað.

12. Fyrir Barðastrandarsýslu:

Eiríkur prófastur Kúld, prestur í Stykkishólmi.

13. Fyrir Ísafjarðarsýslu:

Þorsteinn Thorsteinsson, borgari á Ísafirði.
Þórður bóndi Magnússon í Hattardal.

14. Fyrir Strandasýslu:

Ásgeir bóndi Einarsson á Þingeyrum.

15. Fyrir Húnavatnssýslu:

Lárus sýslumaður Blöndal á Kornsá.

Eiríkur prófastur Briem, prestur að Steinnesi.

16. Fyrir Skagafjarðarsýslu:

Friðrik hreppstjóri Stefánsson í Húsey.

Jón Jónsson, landritari í Reykjavík.

17. Fyrir Eyjafjarðarsýslu:

Arnljótur Ólafsson, prestur að Bægisá.

Einar Ásmundsson, hreppstjóri í Nesi.

18. Fyrir Suður-Þingeyjarsýslu:

Jón hreppstjóri Sigurðsson á Gautlöndum.

19. Fyrir Norður-Þingeyjarsýslu:

Benidikt prófastur Kristjánsson, prestur að Múla.

20. Fyrir Norður-Múlasýslu:

Þorvarður læknir Kjerúlf á Ormarstöðum.

Benidikt sýslumaður Sveinsson á Hjeðinshöfða.

21. Fyrir Suður-Múlasýslu:

Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri Gránufjelagsins.

Jón Ólafsson, ritstjóri á Eskifirði..

Þegar búið var að setja þingið fóru fram kosningar á embættismönnum þess; forseti hins sameinaða þings var kosinn Bergur amtmaður Thorberg, og varaforseti Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson. Skrifarar voru kosnir Eiríkur prófastur Briem og Eiríkur prófastur Kúld. Er því var lokið, voru kosnir 6 af hinum þjóðkjörnu þingmönnum til þess að eiga sæti í hinni efri málstofu með hinum konungkjörnu, og voru þeir þessir: Stefán Eiríksson, Sighvatur Árnason, Benidikt Kristjánsson, Ásgeir Einarsson, Skúli Þorvarðarson og Einar Ásmundsson. Forseti efri deildar var kjörinn Bergur amtmaður Thorberg og varaforseti Árni landfógeti Thorsteinson, og skrifarar urðu þeir Magnús Stephensen og Benidikt Kristjánsson. Til forseta neðri deildar var kjörinn Jón Sigurðsson á Gautlöndum og varaforseti Þórarinn prófastur Böðvarsson. Skrifarar urðu þeir Eiríkur Briem og Magnús Andrjesson. Skrifstofustjóri fyrir báðar deildir var valinn Lárus yfirdómari Sveinbjörnsson. Skriptir innanþings höfðu á hendi ýmsir af stúdentum og skólapiltum.

Frumvörp þau, er konungur lagði fyrir þingið, voru 16, og af þeim náðu þessi fram að ganga:

1. *Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883*, staðfest sem lög af konungi 4. dag nóvembermánaðar.
2. —— — *fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881*, staðfest sem lög af konungi s. d.
3. —— — *fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879*, staðfest sem lög af konungi s. d.
4. —— — *laga um samþykkt á reikningum yfir tekjur og útgjöld Íslands* 1878 og 1879.
5. —— — *laga* um *víxlbrjef* fyrir Ísland.
6. —— — *laga* um *víxlbrjefamál og víxlbrjefa-afsagnir.*
7. —— — *laga* um *útflutningsgjald af fiski og lýsi*, staðf. sem lög af konungi 4. dag nóvembermánaðar.
8. —— — *laga* um *borgun hanna hreppstjórum* og öðrum, sem hafðir eru til að fremja rjettargjörðir.
9. —— — *laga* um að *stjórninni veitist heimild til* að *selja* nokkrar *þjóðjarðir.*
10. —— — *laga* um, að *gefinn verði eptir* nokkur hluti af *skuldakröfum landssjóðs* hjá ýmsum hreppum í Snæfellsnesssýslu út af kornlánum.

Eitt af hinum konunglegu frumvörpum, frumvarp til *landbúnaðarlaga* fyrir Ísland varð eigi útrætt að sinni. Þessi af hinum konunglegu frumvörpum voru *felld:*

1. *Frumvarp til laga* um *stofnun lánsfjelags* fyrir fasteignaeigendur á Íslandi.
2. —— — *laga* um *skyldu presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk* eptir sinn dag.
3. —— — *laga* um *gjald fyrir rannsókn og áteiknun skipsskjala.*
4. —— — *laga* um *breyting á tilsk.* 15. des. 1865, 1. og 2. gr.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 var tekið aptur meðan á þinginu stóð.

Frumvörp, borin upp af *þingmönnum*, voru 70 tals; af þeim náðu þessi fram að ganga:

1. *Frumvarp til laga* um *kosningarrjett kvenna.*
2. —— — *laga* um *löggilding verzlunarstaðar* við Kolbeinsárós í Skagafirði, staðfest sem lög af konungi 4. dag nóvemberm.
3. —— — *laga* um *löggilding verzlunarstaðar* á Hesteyri í Ísafjarðarsýslu, staðfest sem lög af konungi s. d.
4. —— — *landamerkjalaga.*
5. —— — *laga um friðun fugla.*
6. —— — *laga* um *breyting á 1. og 2. gr. laga* um stofnun læknaskóla í Reykjavík 11. febr. 1876.
7. —— — *laga* um *leysing á sóknarbandi.*
8. —— — *laga* um *lækningar* þeirra, er *eigi hafa tekið próf* í læknisfræði.
9. —— — *laga* um að *söfnuðir taki að sjer* umsjón og fjárhald kirkna.
10. —— — *laga* um *breyting á tilskipun um póstmál* 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun. Staðfest sem lög af konungi 4. dag nóvemberm.
11. —— — *laga* um *bæjarstjórn* á Akureyri.
12. —— — *laga* um *sölu á fangelsinu* í Húsavík.
13. —— — *viðaukalaga* við lög 27. febr. 1880 um *stjórn safnaðamála* og skipun sóknanefnda og hjeraðsfunda.
14. —— — *laga* um *gagnfræðaskólann á Möðruvöllum*, staðf. sem lög af konungi 4. dag nóvembermánaðar.
15. —— — *laga* um *bann gegn innflutningi* á útlendu kvikfje
16. —— — *viðaukalaga* við lög 14. des. 1877 um ýmisleg atriði er snerta *fiskiveiðar á opnum skipum.*
17. —— — *laga* um *kosningu presta.*

18. —— — *laga* um *friðun á laxi.*
19. —— — *um breyting á lögum* 27. febr. 1881 um *skipun prestakalla* o. fl.

Þá voru og allmörg frumvörp frá þingmönnum, sem eigi urðu út rædd að þessu sinni, og voru þau sum hver svo löguð, að þau þurfa stórmikinn tíma til skoðunar áður en endileg úrslit eru lögð á þau; má þar til nefna: frumvarp um *afnám ábúðarskatts og lækkun á lausafjárskatti,* frumvarp um *stofnun háskóla* á Íslandi, frumvarp um *afnám amtmannaembættanna,* frumvarp um *stofnun lagaskóla,* o. fl.

Enn fremur voru og nokkrar *þingsályktanir* samþykktar eptir tillögum ýmissa þingmanna, og voru þær þessar:

1. *Ályktun* um *skólamál landsins* (um að setja nefnd manna til að athuga þau, að því er alþýðlega menntun snertir, og gjöra tillögu í greinda átt).
2. —— um *lestagjald* af *póstgufuskipunum.*
3. —— um *greiðslu á skuldum* eldri brennisteinsnema í Þingeyjarsýslu.
4. —— um *„gjöf Jóns Sigurðssonar“.*
5. —— um *amtmannaembættin* (ráðgjafinn hlutist til um að þau sje eigi veitt eða fest fyrr en málið er út rætt á næsta þingi).
6. —— um *þvergirðingar í Elliðaánum* (skora á stjórnina að hefja mál gegn Thomsen fyrir ólöglegar þvergirðingar).
7. —— um *umboðsskrá landritarans* í Elliðaármálunum.
8. —— um *endurskoðun stjórnarskrárinnar* (setja nefnd til að íhuga hana og koma með tillögur til breytinga).
9. —— um *gufuskipaferðirnar* kring um landið.
10. —— um *alþingishúsið.* (Fje því er safnazt hefir til þess síðan 1871, alls 1705,67 kr., skal varið til myndskripta á veggi þingsalanna, en umsjón þess skal fólgin umboðsstjórninni).
11. —— viðvíkjandi *landsreikningunum* 1878—79.

Þá komu og fram *fyrirspurnir* nokkrar frá ýmsum þing-

mönnum til landshöfðingja, og voru þær þessar: Fyrirspurn frá Jóni Ólafssyni um skilning á 7. gr. laga 27. febr. 1880 um stjórn safnaðamála, og gaf landshöfðingi það svar, að hana bæri að skilja bara eptir orðunum. Svo var fyrirspurn frá Arnljóti Ólafssyni um prentun prestaskólafyrirlestra, og var það svar gefið, að kennendurnir mundi við fyrstu hentugleika hafa í huga að gefa eitthvað út af fyrirlestrum, er styrkur fengist til þess. Þriðja fyrirspurnin var frá Halldóri Friðrikssyni um reglugjörð lærða skólans, er kennarar skólans endurskoðuðu veturinn 1879—80, og gjörðu ýmsar breytingar á. Þá fyrst vissi enginn um hana meir, en síðar kom fram, að hún hafði legið í gleymsku og þagnargildi hjá einhverjum af yfirstjórnendum skólans.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1880—81 voru kosnir hinir sömu og áður, Magnús yfirdómari Stephensen og dr. Grímur Thomsen.

Alþingi var slitið 27. dag ágústmánaðar, og hafði það þá staðið nær 8½ viku eða 58 daga; voru af þeim 50 virkir dagar, og voru á þeim tíma haldnir 68 fundir í neðri deild þess, 50 fundir í efri deild og 4 í sameinuðu þingi. Alls hafði það til meðferðar 106 mál, voru þar af 16 konungleg lagafrumvörp, og 70 frumvörp, er þingmenn sjálfir báru upp, og 20 tillögur til þingsályktunar. Af hinum konunglegu frumvörpum náðu 10 fram að ganga sem lög á þinginu, 1 var eigi útrætt, 4 voru felld og 1 tekið aptur. Af frumvörpum þingmanna voru 19 afgreidd sem lög, 15 eigi útrædd, 32 felld og 4 tekin aptur; af tillögunum til þingsályktana voru 11 samþykktar, 5 eigi útræddar og 4 felldar. Að síðustu má telja hinar 4 fyrirspurnir, er komu til umræðu á þinginu; þannig hafa þá 40 mál verið samþykkt og til lykta leidd, 40 verið felld, og 21 bíður úrslita sinna á næsta þingi.

Það má skoða svo, sem þetta þing hafi mikið afrekað, þar sem það hafði slíkan sæg af málum undir höndum og gat því eigi varið löngum tíma til hvers af þeim. Sum þeirra voru líka svo umfangsmikil, að þau urðu eigi út kljáð á stuttum tíma, svo sem landbúnaðarlaga-málið, sem þingmenn hafa verið

að elta nú hin tvö síðustu þing, og þó aldrei getað gjört til fulls, enda komst það eigi lengra á þessu þingi en svo, að við það var gjörður sá bálkur af breytingum, að litlu var skemmri en frumvarpið sjálft. Mál þetta hefir allt af verið öðruhverju á prjónunum, síðan þing var fyrst sett hèr 1845, í ýmsum myndum, og væri því mál til komið að það færi að verða út kljáð. En þar verður líka vandlega um að fjalla, þar eð það er eitt af hinum mestu velferðar- og áhugamálum þjóðarinnar. Margir leggja og þinginu illa út, er það felldi frumvörpin um banka og lánsstofnanir, prestakosningar o. fl., og líkar illa sá niðurskurður á áhugamálum sínum; en þar um má segja sem optar, að margt má segja með og margt í móti, og þeir tali þar mest um, er minnst beri þar skyn á; en hvað sem því líður, má telja það mikið mein, að þingtíminn var eigi svo sem 2 vikum lengri, því að þá hefði að líkindum mörg af hinum óútræddu málum orðið út kljáð.

Alþingiskostnaðurinn varð í þetta sinn rúmlega *32700* kr., og gengu af því nærfellt *18200* kr. til fæðispeninga og ferðakostnaðar handa þingmönnum. Mörgum þykir ferðakostnaður þingmanna verða nokkuð mikill (3380 kr. 8 a. handa 23 þingmönnum), þar eð þeim eru goldnir fullir fæðispeningar líka á ferðum þeirra, og má það að líkindum til sanns vegar færa að svo sè.

Hjer á vel við, að geta í fám orðum hinna helztu laga, er konungur samþykkti og út komu fyrir árslokin 1881. Koma þá fyrst til skoðunar *fárlögin* fyrir árin 1882—1883, og verður eigi betra yfirlit gefið yfir þau, og breytingar þær er þingið gjörði á frumvarpi stjórnarinnar, en með því móti að setja hjer ágrip af þeim, bæði eins og þau voru eptir frumv. stjórnarinnar og eins og þau voru þegar þingið skildi við þau og þau voru samþykkt:

	Eptir frumvarpi stjórnarinnar.		þingsins.	
I. Tekjur:	kr.	a.	kr.	a.
1. Skattar og gjöld	490680		520880	
2. Tekjur af fasteignum landssjóðsins	71578		68606	
3. Tekjur er snerta viðlagasjóðinn .	54000		56000	
Flyt	616258		645486	

	Flutt	616258	645486
4.	Ýmsar greiðslur og endurgjöld .	16500	16500
5.	Tillag úr ríkissjóði Dana . . .	164200	191000
	Tekjur alls	796958	852986

	II. Gjöld:	kr. a.	kr. a.
1.	Til æðstu innanl. stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi . . .		26800
2.	Til þingsins 1883 og yfirskoðunar landsreikninganna	33800	33600
3.	Til umboðsstjórnar, gjaldheimtu og reikningsmála	53800	52800
4.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar .	160132,38	159872,38
5.	Til ýmissa útgjalda	129360	136160
6.	Til læknaskipunarinnar	79948	79948
7.	Til póststjórnarinnar	35100	36200
8.	Til kirkju- og kennslumála, í þarfir andlegu stjettarinnar, til skóla, bóka- og gripasafna o. fl.	215138,38	200438,38
9.	Til skyndilána og lögboðinna bráðabirgðarlána.	10000	10000
10.	Eptirlaun og annað styrktarfje . .	50000	50000
11.	Til vísindal. og verkl. fyrirtækja .	8000	12000
12.	Til óvissra útgjalda	6000	6000
13.	Afgangur, sem leggja skal í viðlagasjóðinn	15679,24	49167,24
	Gjöld alls	796958	852986

Breytingar þær, sem þingið gjörði í áætlun sinni höfum vjer eigi rúm til að rita hjer, og má nefna hinar stórkostlegustu; í tekjukaflanum færði þingið spítalagjaldið úr 14800 kr. upp í 50000 kr., og byggði það á síldarveiði Norðmanna hjer við land. Í útgjaldakaflanum bætti það inn einni grein: til æðstu innanlandsstjórnar og stjórnarfulltrúa á alþingi 26800 kr.; fjárveitinguna til útgáfu stjórnartíðindanna og landshagsskýrslna jók það um 700 kr. (úr 2900 upp í 3600), til þess að fá betri hagskýrslur; styrkinn til eflingar búnaði hækkaði það úr 20000 kr. upp í 40000; aptur á móti lækkaði það nokkuð fjárveiting-

ar til skólanna bæði lækna- presta- og lærða-skólans, og nam burt 11000 kr, er stjórnarfrumvarpið ætlaði til stofnunar gagnfræðaskóla í Reykjavík. Enn fremur jók það framlögur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, til forngripasafnsins o. fl.

Í *fjáraukalögunum* 1878—1879 voru veittar 10282 kr. til viðbótar við útgjöld á því fjárhagstímabili; af því gengu um 4360 kr. til þingskostnaðar 1877. Í *fjáraukalögunum* fyrir 1880—1881 voru veittar 52092 kr. 95 aurar; af því gengu rúmar 12300 kr. til gufuskipsferða kringum landið, til landsbókasafnsins 4000, til forngripasafns 500 o s. frv. Auk þess leyfði þingið að verja alt að 25000 kr. til viðbótar við fje það, er lagt var til þinghússbyggingarinnar 1879.

Þingið færði spítalagjaldið, svo sem áður er sagt, úr 14000 kr. í stjórnarfrumvarpinu upp í 50000, og bar fyrir sig hinar miklu síldveiðar Norðmanna hjer við land. En svo gaf þingið út lög um *útflutningsgjald* af fiski, lýsi o. fl., og tók af í þeim lögum spítalagjaldið, þannig, að það sje seinast heimtað um vorið 1882. Útflutningsgjald þetta eður frálandstollur skal goldinn af hverju fisk- eða lýsiskyns, sem kemur eða veiðist innan landhelgi, bæði af útlendum og innlendum skipum. Tollur þessi er sem fylgir: af 100 pd. af saltfiski eða harðfiski 10 aurar, af 100 fiskum óhertum, nýjum eða söltuðum, 20 a., af 100 pd. sundmaga 30 a., af hrognatunnunni 15 a., af síldartunnunni 25 a., af lýsistunnunni 30 a., af 100 pd. af laxi 30 a., og af öllum öðrum niðursoðnum fiski, 100 pd., 10 a. Það er auðsætt, að við þetta kemur töluverð breyting á tekjukafla fjárlaganna síðara árið.

Þess var getið í frjettunum 1880, bls. 54, að landshöfðingi skipaði Jón landritara til rannsóknarmanns og rannsóknardómara um *veiðirjett A. Thomsens* kaupmanns í *Elliðaánum;* var undinn bráður bugur að rannsókninni, og reyndist, eptir skýrslum þeim, er Jón ritari fjekk frá ábúendum jarða þeirra, er að ánum liggja, og eptir áreið, er hann og nokkrir aðrir gjörðu á árnar, að lax og silungur bæði getur gengið og hefir opt gengið upp fyrir fossa þá, er í ánum eru, þó að Thomsen hafi viljað neita því, að nokkur lax gengi upp fyrir veiðimörk

sín í ánum, og viljað sanna með því eindreginn eignarrjett sinn á hverri bröndu í þeim. Þótti alþingi þá fullsannað, að jarðir þær, er lægi að ánum fyrir ofan fossa þessa, ættu fullan veiðirjett í ánum, og Thomsen kaupmaður væri óheimildarmaður að þvergirðingum þeim, er hann hefði í ánum. Var svo að síðustu skorað á landsstjórnina að láta eigi lengur dragast að höfða mál gegn honum fyrir þvergirðingar og þar af leiðandi veiðispilli fyrir landi þjóðjarðar einnar, er í Hólmi heitir, og á land að ánum, og gjöra þvergirðingarnar upptækar á ábyrgð landssjóðs. Landshöfðingi skaut málinu til ráðgjafans, en ráðgjafinn drap því á dreif, og rjeð til að bíða með það þar til hæstarjettarmáli Thomsens út af þvergirðingunum væri lokið, svo að sjá mætti lok þess.

En hlutverk landritarans var eigi þar með búið, hann var og skipaður dómari til þess að grafa upp og rannsaka hverjir þeir óaldarmenn væru, er *brotið hefðu veiðigögn* Thomsens í Elliðaánum aptur og aptur þar á undan. Ritarinn gekk fram í þessari sýslu sinni með dæmafárri röggsemd, og gekk eigi á öðru en sífeldum heptingum, bæði á sekum og saklausum, um áraskiptin, og lauk svo þessum löngu rannsóknum eptir að yfir 30 manns höfðu verið rannsakaðir, að dómur var eigi kveðinn upp í málinu þetta ár.

Vegabótum, bæði á fjallvegum og sýsluvegum, var haldið áfram sem áður, og var gjörður nýr vegur yfir Hellisheiði, svo að nú er óslitinn vegur frá því fyrir neðan Svínahraun og austur í Ölfus. Nyrðra var vegagjörðinni á Holtavörðuheiði lokið, og haldið áfram með veginn á Grímstunguheiði, og farið að gjöra veg að nýju yfir Hrútafjarðarháls. Svo var og unnið að mörgum öðrum fjallvegum, þótt þeir verði eigi hjer taldir. Þá var og byrjað á *brúnni* yfir *Skjálfandafljót* þannig að steinstöplar voru hlaðnir undir brúarendana, eða brúaendana, því að fljótið er brúað í tvennu lagi; F. Bald yfirsmiður þinghússins sá um hleðsluna. Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri sá um kaup öll til brúargjörðarinnar, og voru fyrir árslok gengnar til þess yfir 6000 kr. Enn þá var haldið áfram að *tala um brúargjörðirnar á Þjórsá* og *Ölfusá*, en eigi meira,

því að mönnum hefir ógnað kostnaðurinn, þegar til hefir komið, því að þeir einu, er vildu taka það að sjer, nl. Riedel & Lindegaard í Kaupmannahöfn, vildu eigi takast það á hendur fyrir minna en 192000 kr. Rjeð því ráðgjafinn landshöfðingja til að snúa sjer heldur að öðru boði, sem G. Klentz timburmeistari í Kaupmannahöfn hefir gefið kost á, nl. að koma flugferju eða dragferju á þær með þolanlegum kostnaði. Klentz býðst til að setja flugferjuna á Ölfusá fyrir 15800 kr. Ráðgjafinn var á þeirri skoðun, að þessar ferjur mundi að mestu fullnægja þörfum manna hjer á landi, enda álíta margir hann hafa mikið til síns máls í því.

Gufuskipaferðunum til landsins var nú þetta ár hagað nokkru öðruvísi en árið áður, að því, er þau voru nú í sumum strandferðunum látin gjöra lykkju á leið sína til Reykjavíkur áður en þau fóru norður um land að austan. Alls voru ákveðnar 11 ferðir til landsins, og áttu 5 af þeim að fara kring um land allt. En þetta fór nokkuð öðruvísi en áhorfðist, því að í janúarferðinni strandaði Fönix í Faxaflóa, og komst við það hik á ferðirnar um sinn. Svo tálmuðu og hafísar hinni fyrstu ferð til norðurlandsins. Alþingi tók til umræðu gufuskipaferðirnar, og samdi áætlanir 3 til ferðanna, og fór fram á, að Borðeyri og Djúpavog væri bætt við komustaði skipsins. Sömuleiðis mæltist það til, að gufuskipafjelagið stæði við samning sinn um lyptingarnar á skipunum, og sæi svo um, að dagfæði yrði eigi látið fara fram úr 4 kr. á fyrstu lyptingu. Gufuskipafjelagið var mjög hrætt við miðsvetrarferðina, eptir að Fönix hafði farizt, og aftók að senda skip í janúar 1882, en lofaði að senda einni ferð fleira um sumarið, svo að ferðirnar yrði samt 11 talsins. Sömuleiðis kvaðst það ekki hafa á móti því, *að* fæðispeningarnir á 1. lyptingu væri settir niður í 4 krónur, ef viðurgjörningur væri að því skapi rírari en áður, *og* að farþegar kring um Ísland þyrftu eigi að borga aðra fæðispeninga en þá, er þeir keyptu fyrir í eitt og eitt skipti, hvort sem það leyfi nær til allra lyptinganna eða eigi. Um leið gat gufuskipafjelagið þess, rjett svona, að alþingi mundi reyndar lítið eiga með að skipta sjer um matarsölu á skipum sínum.

Á ferðum *landpóstanna* urðu engar þær breytingar, sem svo voru aðkvæðamiklar að þeirra sje hjer getandi. Hins veg-

ar komu fram ákvarðanir um flutninga á póstsendingum, og var sú breyting gjör með lögum 4. nóv., að póstum yrði eigi gjört að skyldu að taka þyngri böggla en 1 pund til flutnings frá því í nóvembermánuði og fram í marz, nema dagblöð í krossbandi. Til þessara laga mun hafa borið, að póstgöngur og póstflutningar urðu svo óbærilega erfiðar og kostnaðarsamar veturinn 1880—81. Þá voru og gjörðar nákvæmari ákvarðanir en áður höfðu verið um böggulsendingar án tiltekinnar verðhæðar frá pósthúsunum á Íslandi til Svíþjóðar, Noregs, Þýzkalands, Austurríkis og Ungarns, Belgíu, Sviss, Frakklands, Ítalíu, Egiptalands og smáríkjanna norðan til á Balkansskaga. Hver böggull má vega allt að 6 pd. Burðareyrir er þessi: Til Svíþjóðar og Norvegs: 30 au. fyrir pd. upp að 30 pundum, úr 1,20 fyrir böggulinn; til Þýskalands 72 au fyrir böggulinn: til Austurríkis og Ungaralands, Sviss og Belgíu, Frakklands Luxemburgar og Ítalíu 1,08 fyrir böggulinn; Bulgaríu 1,98, til annara fylkja á Balkanskaga 1,62, Alexandríu 2,16, til annara staða í Egiptalandi 2,34 fyrir böggulinn.

Svo sem getið var um í frjettum frá fyrra ári, var þá gjör sú breyting á *verðlagsskrárumdæmunum*, að upp frá því skyldi eigi vera nema ein sýsla í hverju umdæmi, þar sem áður höfðu víða verið tvær saman; þótti þetta valda nokkrum ójöfnuði og var því breytt til. Þetta ár voru því samdar verðlagsskrár fyrir hverja sýslu fyrir sig, og þótti mönnum þegar sú tilhögun góðum mun betri. Meðalverð allra meðalverða í hverri sýslu varð á þessa leið:

Í Austur-Skaptafellssýslu var meðalalin . .	50	aura.
- Vestur-Skaptafellssýslu	46	—
- Rangárvallasýslu	47	—
- Árnessýslu	54	—
- Vestmannaeyjasýslu	49	—
- Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ	56	—
- Borgarfjarðarsýslu	57	—
- Mýrasýslu	59	—
- Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	58	—
- Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, hverri	57	—
- Strandasýslu	58	—

Í Húnavatnssýslu	64	aurar.
- Skagafjarðarsýslu	54	—
- Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað . .	52	—
- Þingeyjarsýslu	55	—
- Norður-Múlasýslu	57	—
- Suður-Múlasýslu	59	—

Styrkur af landsfje var veittur til ýmissa fyrirtækja og annars, og hefir nokkurs af því verið getið hjer að framan, en annars verður getið smám saman, eptir því sem fyrir kemur. 7000 kr. var skipt upp meðal hinna fátækustu brauða á landinu; kom sá styrkur niður á 34 þeirra, og hlotnaðist þeim minnst 100 kr. og mest 400 kr. Ríflegur styrkur var og veittur barnaskólum og öðrum menntunarstofnunum meðal alþýðu, svo og til búnaðar.

Í frjettunum 1880 er þess getið, að erfðaskrá kom upp eptir frú Ingibjörgu Einarsdóttur, ekkju Jóns heitins Sigurðssonar, þar sem hún arfleiddi Ísland að öllum eigum þeirra hjóna, og áskildi að fje það yrði gjört að sjóði og nefnt «Gjöf Jóns Sigurðssonar». Fje þetta var alls 5329 kr. 15 aurar, og var svo ákveðið í erfðaskránni, að alþingi skyldi ákveða um, til hvers skyldi verja vöxtunum af fje þessu. Þingið samdi reglur fyrir því, hvernig sjóðnum skyldi varið; er hið helzta úr þeim þetta: landshöfðingi sjer um sjóðinn og annast um að hann ávaxtist; vöxtum af innstæðunni skal varið til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, er snerta sögu Íslands, lög þess, bókmenntir, stjórn þess og framfarir; skal alþing velja í hvert skipti, er það kemur saman, þriggja manna nefnd, er kveði á um, hverjir njóta skuli verðlaunanna. Hjer er og vert að geta þess, að kaupstjóri Tryggvi Gunnarsson keypti alla innanhússmuni, er Jón Sigurðsson hafði átta, t. d. skrifborð hans, legubekk, borð, rúm o. m. fl., alls 53 nr., og gaf það Íslandi, og var þeim munum ætlað ákveðið rúm í þinghúsinu, og skyldi koma þeim þar fyrir á sama hátt og verið hafði á skrifstofu Jóns Sigurðssonar. Má Ísland kunna gefandanum mikla þökk fyrir að hafa gefið því svo innilegt og fagurt minningarmark eptir hinn ágætasta son á þessari öld.

Breytingar þær, er urðu á *skipun embættanna* á Íslandi á þessu ári eru þessar:

Hinn 19. dag júlímánaðar veitti konungur herra landlækni *Jóni Hjaltalín* lausn í náð frá embætti sínu með eptirlaunum, og sæmdi hann um leið etazráðs nafnbót. En 30. dag ágústmánaðar var hjeraðslæknir *Jónas Jónassen* settur til að gegna landlæknisembættinu og forstöðumannsembættinu við læknaskólann, ásamt hinu fyrra skyldustarfi sínu. En 15. september var hann settur til að þjóna eingöngu landlæknisembættinu og forstöðumannsembættinu við læknaskólann, en þá um leið var *Tómas* læknaskólakennari *Hallgrímsson* settur læknir í 1. læknishjeraði (Reykjavík og norðurhluta Gullbringu- og Kjósarsýslu), og cand. med. & chir. *Guðni Guðmundsson* settur kennari í hans stað við læknaskólann.

Á læknaskipun út um landið varð engin önnur breyting en sú, að cand. med. & chir. *Davíð Scheving Þorsteinsson* var skipaður hjeraðslæknir í 5. læknishjeraði (Barðastrandarsýslu, nema Flateyjar, Garpsdals- og Staðar-prestaköllum) 5. dag maímánaðar.

Á *amtmannsembættinu* nyrðra varð sú breyting, að konungur veitti amtmanninum í norður- og austurumdæminu, *Kristjáni Christjánsson,* lausn frá embætti sínu 9. dag júnímánaðar, með fullum eptirlaunum, en í hans stað var kanídat *Júlíus Havstein,* assistent í hinni íslenzku stjórnardeild, sama dag settur amtmaður í sama umdæmi frá 1. júlí s. á.

Á skipun sýslumanna landsins urðu þessar breytingar:

Sýslumaðurinn í Strandasýslu, *Sigurður Eiríksson Sverrissen* var settur til að þjóna Dalasýslu ásamt með sínu eigin embætti 16. dag júnímánaðar.

3. dag maímánaðar skipaði konungur *Adam Ludvig Emil Fischer,* sýslumann í Skaptafellssýslu, til að vera sýslumann í Barðastrandarsýslu frá 1. júlí s. á.

20. dag júnímánaðar var *Ingimundi* hreppstjóra *Eirikssyni* falin á hendi sýslumannsstörfin í Skaptafellssýslu, nema dómarastörf; þau voru falin í austur- og vestur-sýslunum sýslumönnum þeim, er næstir voru.

20. dag júlímánaðar var cand. juris *Sigurður Ólafsson* settur til að gegna sýslumannstörfum í sömu sýslu frá 1. degi ágústmánaðar s. á.

4. dag ágústmánaðar var stúdent *Ásmundur Sveinsson* settur sýslumaður í Dalasýslu frá 1. sept. s. á.

14. dag septembermánaðar var *Þórður Thoroddsen*, kandidat í læknisfræði, settur þriðji kennari við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Brauðaveitingar og *prestaskipun* var þessi:

1. dag febrúarmánaðar fjekk *Árni Þorsteinsson* aðstoðarprestur á Saurbæ í Eyjafirði Rípurprestakall í Skagafirði frá fardögum s. á — 14. dag s. m. fjekk *Ólafur Ólafsson*, prestur að Brjámslæk, Garpsdals prestakall í Barðastrandarsýslu, frá fardögum s. á. — — 29. dag marzmánaðar fjekk *Þorleifur Jónsson*, prestur að Presthólum, Skinnastaða- og Garðs-prestakall í Þingeyjarsýslu frá fardögum s. á. — 24. dag maímánaðar fjekk *Markús Gíslason*, prestur að Blöndudalshólum, Stafafell í Austur-Skaptafellssýslu; áður höfðu honum verið veitt Fjallaþingin ($^{25}/_{10}$ 1880) enn hann beðizt undan að taka við þeim, og fór aldrei þangað. — 25. s m. var kandidat *Eiríkur Gíslason* skipaður prestur á Presthólum í Norður-Þingeyjarsýslu. — 16. dag júnímánaðar fjekk *Steinn Torfason Steinsen*, prestur að Hvammi í Hvammssveit, Árnessprestakall í Strandasýslu. — 17. s. m. fjekk byskupsskrifari, kandidat *Magnús Andrjesson* Gilsbakka- og Síðumúla-prestakall í Mýrasýslu, — 23. dag júlímánaðar voru *Guttormi Vigfússyni*, presti að Svalbarði í Þistilfirði veitt Fjallaþingin í Þingeyjarsýslu, enn er til kom, vildi hann ekkert hafa með það brauð að sýsla, og sótti um að mega sitja kyrr, og var honum veitt það 8. dag septembermánaðar. — 27. dag júlímánaðar fjekk *Arngrímur Bjarnason*, prestur að Álptamýri, Brjámslæk í Barðastrandarsýslu. — 7. dag septembermánaðar fengu þessir kandidatar brauð: *Helgi Árnason* fjekk Sanda prestakall í Dýrafirði, *Sigurður Stefánsson* Ögurþing í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi og *Jón Ólafur Magnússon* Hof á Skagaströnd í Húnavatnssýslu. — 9. dag s. m. fjekk kandidat *Lárus Eysteinsson* Helgastaði í Suður-Þingeyjarsýslu. — S. d. fjekk *Pjetur Jónsson* kandidat Fjallaþingin í Norður-Þingeyjarsýslu. — 12. s. m. fjekk *Þorvaldur Jónsson*, prestur að Setbergi Eyri i Skutilsfirði (Ísafjörð) í Ísafjarðarsýslu. — 4. dag nóvembermánaðar fjekk *Jens Hjaltalín*, prestur í Nesþingum, Setberg í Snæfellsnessýslu. — 24. dag s. m. fjekk *Jón*

Austmann, prestur að Saurbæ í Eyjafirði, Stöð í Stöðvarfirði í Suður-Múlasýslu. — 29. s. m. fjekk *Brynjólfur Jónsson*, prestur í Reynisþingum, Hofs- og Háls-prestakall í Suður-Múlasýslu. — S. d. fjekk kandídat *Þorsteinn Halldórsson* Mjóafjarðarprestakall í sömu sýslu.

Eitt brauð veitti konungur á þessu ári, nl.: *Guðmundi Helgasyni* Akureyrarprestakall í Eyjafjarðarsýslu 3. dag maímánaðar. Hann hafði áður þjónað Odda fardagaárið 1880—81 á eigin ábyrgð.

Þrír *prófastar* voru skipaðir á þessu ári: *Skúli Gíslason* prestur á Breiðabólsstað, prófastur í Rangárvallasýslu, *Jón Þórðarson* prestur á Auðkúlu, prófastur í Húnavatnssýslu[1] og *Þórarinn Kristjánsson* prestur í Vatnsfirði, prófastur í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

Lausn frá embætti fengu þessir prestar: *Páll Tómasson* prestur á Knappstöðum, lausn frá fardögum s. á. 28. marz. *Árni Böðvarsson* prestur á Eyri í Skutilsfirði fjekk lausn 12. júlí. *Þórarinn Erlendsson*, prestur að Hofi í Álptafirði fjekk lausn frá fardögum 1882 11. september. *Geir Bachmann*, prestur að Miklaholti fjekk lausn frá fardögum 1882 22. nóv.

Prestvígðir voru á árinu: *Eiríkur Gíslason* til Presthóla, og *Magnús Andrjesson* til Gilsbakka 26. dag júnímánaðar; 18. dag septembermánaðar voru þessir vígðir: *Helgi Árnason* til Sanda í Dýrafirði, *Jón Ólafur Magnússon* til Hofs á Skagaströnd, *Lárus Eysteinsson* til Helgastaða, *Pjetur Jónsson* til Fjallaþinga og *Sigurður Stefánsson* til Ögursþinga í Ísafjarðarsýslu.

Carl kaupmaður *D. Tulinius* á Eskifirði og *Wilhelm Holm* verzlunarstjóri á Ísafirði höfðu áður verið skipaðir sænsk-norskir *konsúlar* hjer á landi, og samþykkti konungur þessi embætti þeirra 28. október.

Tveir bændur, *Jón Runólfsson* á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu og *Vilhjálmur Bjarnarson* á Kaupangi í Eyjafirði, fengu heiðurslaun úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX, fyrir framúrskaranda dugnað í jarða- og húsabótum, 160 kr. hvor.

Franska stjórnin sendi þeim *Fischer* sýslumanni í Barðastrandarsýslu og *Sigurði Gíslasyni*, hreppstjóra í Ölfushreppi sinn heiðurspeninginn hvorum ásamt með tilheyrandi skjölum

til þakklætis fyrir greiða þann, er þeir höfðu sýndan skipverjum á frönsku skipi, „*L' Armoricain*“, er strandað hafði í Skaptafellssýslu.

II. Árferð og atvinnuvegir.

Tíðarfarið á þessu ári var jafnóhagstætt og erfitt sem það var æskilegt og blítt árið áður. Á nýársdag var komin snjóhríð ofan í blotann daginn áður, og gekk á því fram á þrettánda. Þá gjörði hláku með ofsaveðri miklu en litlum hlýindum, og stóð hún til hins 9., og voru menn þá farnir að vona góðs bata. En að kveldi hins 9. sneri við bleðinu, og kom ofsaleg norðanhríð um allt Norðurland og Vestfjörðu, en minna varð af því syðra og eystra. Með hríðum þessum fyllti hafísinn hverja vík og hvern vog, og fraus allur saman í eina hellu, því að frostin voru áköf. Nú gekk eigi á öðru langan tíma en rofalausum byljum og stórhríðum á norðan 3 og 4 daga í einu, og birti jafnan upp svo sem einn eða tvo daga á milli. Frost var að jafnaði 18—24° R. nyrðra, en 12—18° syðra. Fannkyngja kom afarmikil nyrðra, en á Suðurlandi var hún minni, en stormarnir og gaddviðrin litlu betri en nyrðra fyrir það. Um miðjan janúarmánuð var Faxaflói orðinn lagður langt út fyrir eyjar, var þá gengið yfir Hvammsfjörð, og af Akranesi til Reykjavíkur, og á land úr Flatey á Breiðafirði; stóð svo til 15. febrúar. Mest og voðalegast var aftakaveður það, er gjörði á norðaustan að kveldi hins 29. janúarmánaðar, og hjelzt allt til hins 31 Varð þá víða nyrðra ei farið í fjárhús eða beitarhús þar sem þau voru nokkuð langt frá bæjum, enda var þá eigi öllum fært að fara út fyrir harðneskju sakir, því að þá var 27° til 30° frost á R. um allt norðurland. Veður þetta gjörði víða hinn mesta skaða. 3 bátar fuku í Miðvík á Svalbarðsströnd, og víða fuku smábátar og annað er lausnað gat, gluggar brotnuðu úr húsum, heyjum með gaddfreðnu torfi á svipti upp og þeytti langar leiðir burt. 26 för og bátar brotnuðu og hurfu kringum Ísafjörð, og sem dæmi þess, hvað snöggbiljað veður þetta hefir verið, má nefna, að veðrið tók miðbik úr gaddfreðnu heyi á bæ einum á Barðaströnd, og stóðu eptir

endarnir óskertir. Þá fauk og hjallur á Melgraseyri, er prest-urinn þar átti; hafði hann geymt í hjallinum matvæli sín bæði kornbirgðir og skreið, og sópaði því öllu á haf út og sást aldrei síðan örmul eptir af. Svo tók og upp nýbyggða timburkirkju á Núpi í Dýrafirði; hóf hana í háalopt og mölbraut alla er niður kom, svo að varla mátti finna eina fjöl óbrotna; síðan sópaði mestu af brotunum á sjó út; þá skekktist og Sandakirkja á grundvelli sínum, en varð þó rjett við aptur. Þá varð og slíkt grjótflug í Árnarfirði að jarðir biðu stórskaða af. I veðri þessu fórst og póstgufuskipið Fönix, og munum vjer skýra síðar frá því nákvæmara. Veður þetta hefir verið hið mesta voðaveður, sem menn muna nú til margra ára, einkum á Vestfjörðum, enda verða eigi talin voðaslys af því nema þar. 15. dag febrúarmánaðar hlánaði, og stóð góð hláka í 2 daga, og leysti þá Faxaflóa, og grynnti nokkuð á mestu fannfergjunni nyrðra, en óðara var aptur snúið í norðan ösku bil, með 20° frosti. R. Var nú líkast því, sem veturinn væri fyrst að byrja nyrðra, því að nú linnti aldrei sifeldum dimmviðrum með áköf-um fannkomum og frostið jafnan yfir 20° R. Var í marz kom-in slík fannkyngja að elztu menn mundu eigi aðra slíka í vest-ari sýslum Norðurlands Eptir því sem á leið, hörðnuðu hörk-urnar sífelt meir og meir, og voru daglega síðustu dagana í marz um 30°, og einn daginn voru 37° R. í Siglufirði, en 30° til 33° R inn í sveitum. Þá var mældur lagísinn á Akureyr-arhöfn, og mældist hann nærri 3 álna þykkur. Í aprílbyrjun tók að svía til, og komu hæg hlýviðri með 7°—11° hita, og hjelzt það allan þann mánuð út, og mestallan maímánuð. Haf-ísinn fór í miðjum maí, og allt leit þá vel út. Enn um hvíta-sunnuleytið kom norðanhríða kast með frosti, og drap það alla dáð úr öllum jarðargróða. Síðan hjeldust kuldar og illviðri um allt land til höfuðdags, og var heldur þokusamt nyrðra, en þurrara syðra. Með höfuðdegi snerist til blíðviðris og sunnan-áttar, og varð þá rigningasamt mjög sunnanlands en gott nyrðra; mátti síðan heita öndvegistíð fram undir jól víðast hvar um land, nema sunnanlands var nokkuð hrakviðrasamt. Eptir að batnaði um vorið, komu samt tvö skaðaveður: annað var 5 apríl, gjörði þá hvassviður mikið í Hreppum og Byskupstung-um, og gjörði þar skaða mikinn á sauðfje, er það hrakti í ár

og vötn og fyrir kletta. Hitt var steypiregn mikið, er gjörði á Snæfellsnesi 10. dag maímánaðar. Fjellu þar víða skriður á tún og engjar manna og gjörðu allmikinn usla; þó gjörði ein þeirra mestan skaða; hún fjell á túnið og bæinn á Fjarðarhorni í Helgafellssveit; tók hún af mest allt túnið, sópaði burt fjósheyinu og fjósinu, og drap í því tvær kýr; svo tók hún og vegg undan baðstofunni; eigi er getið fleiri stórslysa af þeim. Nokkru fyrir jólin kom nokkur snjór í sveitunum fyrir norðan Öxnadalsheiði; og á aðfangadag jóla rak niður blotsnjó mikinn í Skaptafellssýslunum, og fraus síðan og gjörði haglaust og ófærð mikla. Fyrir þetta mátti segja, að veturinn væri hinn bezti til ársloka.

Grasvöxtur var lítill um land allt, sem eðlilegt var, þegar kuldarnir voru svona miklir framan af sumrinu; að vísu var eigi illt útlit með grasvöxt fyrir hvítasunnuna, en þá hvítnaði upp öll jörð, og náði sjer aldrei upp frá því. Það var eigi heldur von á að vel sprytti, því að víða fór klaki aldrei úr jörðu, einkum norðanlands, og viku fyrir rjettir var tæp alin ofan á klaka á bæ einum í Skagafirði; grasmaðkur var og víða afarmikill, og ruddist í stórröstum yfir allt, og skildi eigi eptir grænt strá. *Heyskapur* manna varð því víða lítill, og fengu menn að jafnaði hjer um bil þriðjungi til helmingi minna af túnum sínum en í meðalári. Grasgefnustu túnasljettur voru víða graslausar, og ekkert upp úr þeim nema óþrifaarfi, einkum á Suðurlandi, því að þar rigndi aldrei, heldur voru sí og æ þurrakuldar af norðri Nyðra var mjög víða svo, að tún urðu eigi slegin nærri því til fulls, og sömuleiðis vestra, svo voru þau snöggg, og svo var taðan smá, að víða varð hún eigi bundin nema í hálfum sátum og sumstaðar í brekánum. Engjar voru eins, þar sem þær voru þurrar; en þar, sem votengi var mikið, var betra, og það sumstaðar allt að því í meðallagi. Nýting á heyjum manna mátti kallast góð, og náðust þau að mestu óhrakin í garð, nema það, sem var heyjað á Suðurlandi eptir höfuðdaginn, það var mest allt illa þurrt og hrakið, því að þá var gengið þar til rigninga. Má svo segja, að heyföng manna væru vel verkuð, en mjög svo lítil þegar bjargræðistíminn var á enda.

Grasávextir, kál, rófur og jarðepli spruttu illa um allt

land, en þó verst nyðra, og var þar víða svo, að ekkert blað sást koma upp úr því, er niður hafði verið sett um vorið.

Skepnuhöldin voru eigi góð þetta ár, sem eigi var von til Á Norðurlandi og Vestfjörðum var víða hvíldarlaus innistaða frá veturnóttum, sumstaðar eigi nema frá 8. nóv., og fram í apríl, og er eigi furða, þó farið væri að verða heyskart mjög eptir 22.—20. vikna inniveru fjárins. Sumstaðar á Vestfjörðum og í norðursveitum var þegar farið að skera fje af heyjum um nýár, en þó var það minna en ella hefði orðið, því að alltaf voru menn að vona eptir bata. Þegar batinn kom, var eigi búið að skera fje til stórskaða, en afar víða voru kýr skornar af heyjum til þess að geta heldur miðlað frá þeim til sauðfjárins. Fje gekk mjög magurt undan almennt um vorið, en lifði þó og lifnaði furðanlega, og var það því að þakka, hve batinn var hagstæður; þó var fje almennt illa fyllt um vorið, og ær fæddu illa, en þó var ekki átakanlegur unglambadauði um vorið. Kvíær mjólkuðu treglega um sumarið. Heimtur voru heldur góðar um haustið, en fje var rýrt af afrjettum sakir grasskorts, og skarst því eigi vel um haustið. Þó var það betra á hold en mör. Bráðapest var skæð um veturinn á Vestfjörðum og í Borgarfirði, sömuleiðis víða á Austfjörðum. Að öllu samtöldu má segja, að fyrir harðindanna sakir hafi eigi sauðfje fækkað til muna nema helzt í Dala- og Snæfellsnessýslum; en kýr fækkuðu mikið, þar eð þær voru skornar svo víða frá kindunum. En hörmulegast er til þess að vita, að víða var svo nyrðra, einkum í Skagafirði og Húnavatnssýslu, að heyleysið stafaði einungis af hrossa- og tryppa-grúanum, sem menn ala þar upp, því að sá fjenaður komst allur á gjöf sem aðrar skepnur, og þeir, sem vildu líkna þeim, urðu þá að miðla þeim af forða annnara skepna, og komust svo á heljarþrömina með allan sinn búpening. Fjöldi hrossa og tryppa horfjell í Skagafirði og víðar, og víða voru hross eigi vikafær fram á mitt sumar. Á nokkrum bæjum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum kom upp drepsótt (skjögurveiki) á hrossum, sem drap þau á stuttum tíma, en eigi breiddist hún mikið út. Framan af vetrinum næsta var lítið gefið, og víða komu eigi sauðir í hús til gjafar til nýárs. Bráðapestin stakk sjer víða niður, en þó eigi til stórskaða nema vestra, sem áður er sagt.

Aflabrögð voru afarmisjöfn um land allt sem von var að, er tíðarfarið var svo háskalega örðugt framan af árinu. Allt í frá nýári varð varla farið á flot í veiðistöðum syðra fyrir stormum og ógæftum og svo lagísum á sjónum, en nyrðra sást enginn munur á sjó og landi. svo að alstaðar var loku fyrir skotið. Þegar tók að vora að, fór að greiðast um að sönnu, en aldrei var þó mikill afli syðra eða vestra. En þegar hafísinn leysti frá Norðurlandi var þar víða sem ótæmandi fiskur væri í sjónum, og varð þar því víða hinn bezti afli þó að gæftir væri óstöðugar. Einkum var aflinn aðkvæðagóður á Skagafirði eptir fráfærurnar, sömuleiðis í Steingrímsfirði og Grímsey. Haustafli varð allgóður syðra og ágætur nyrðra, svo að þess mun tæplega dæmi. t. d. í Ólafsfirði; þar fjekk einn bátur 1200 til hlutar á tæpum hálfum mánuði. Hákarlsaflinn á Eyjafirði var í tregara lagi á skip, og segja skýrslur að þar hafi komið á land 4150 tunnur lifrar á 16 skipum; er það nálægt 2500 tn. lýsis, og koma þá 156 tunnur á skip. Aptur á móti var afarmikið af hákarli veitt upp um hafísinn um vorið og veturinn, einkum á Húsavík, Höfðaströnd og Eyjafirði; en þó kvað mest að því á Eyjum í Strandasýslu, því að þar varð náð um 1000 hákörlum upp um ísinn um vorið. Auk þessa náðist og um vorið allmikið af smáhvölum, bæði hnýsum, höfrungum og háhyrningum bæði á Skjálfandaflóa, Eyjafirði og Skagafirði og víðar. Voru það yfir 150 smáhveli alls, er menn hafa fengið sögur af. Þá um veturinn voru lengi 8 hvalir í þröngri vök á Skagafirði, en þar er allar tilfærur vantaði, varð með engu móti neitt gjört að því að bana þeim. Lax- og silungsveiði var góð í ám og vötnum þar sem til hefir frjetzt.

Síldveiðafjelögin, bæði hin alnorsku og hin norsku og íslenzku öfluðu lítið framan af sumri, og voru menn farnir að örvænta á Eyjafirði um að fá fje sitt ávaxtað; en er hausta tók fór að aflast betur. Norðmenn höfðu um 40 síldveiðaskip á Eyjafirði, og byggðu síldarhús í Hrísey, á Bakka og víðar, og höfðu mikinn umbúnað. En að síðustu mokuðu þeir svo síldinni úr sjónum, mest í októbermánuði, að um haustið voru fluttar um 100000 tunnur síldar af Eyjafirði. Þetta lauk upp augunum á þeim, er áður höfðu kinokað sjer við að leggja fje sitt fram í slíkt, og mynduðust þá þegar tvö stór síldveiðafje-

lög við fjörðinn í nóvembermánuði. Annað þeirra var reist á Akureyri, og nefndist «Eyfirðingur»; höfuðstóll þess er 40000 kr., og var þegar kveðið á, að útvega skyldi tvær nótaútgjörðir og smíða timburhús; næsta vor skyldi fá 3 skip frá Noregi til veiðanna, með nægum tunnum og salti, og taka þegar til veiða. Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri stofnaði og annað fjelag með 20000 kr. höfuðstóli. Voru þá um haustið þegar komin á fót 4 síldveiðafjelög kring um Eyjafjörð, og allir fullir af vígahug, er þeir vissu um hinn afarmikla hag hinna fyrri fjelaga. Síldarfjelögin eystra veiddu og vel, þó að það væri eigi jafnmikið og við Eyjafjörð. Undir árslokin var og í undirbúningi að koma á fót síldveiðafjelagi á Suðurlandi, og var Eggert kaupstjóri Gunnarsson forsprakki þess. Frá því verður betur sagt í frjettum frá næsta ári.

Hjer á við að minnast á fiskiferð Trolles hjer til lands. C. L. A. Trolle, undirforingi (premierlöitinant) í danska hernum, var á Ingólfi, danska herskipinu, sem er á vakki hjer með ströndunum á sumri hverju, sumarið 1880, og tók þá eptir því hve rösklega Norðmenn mokuðu auðæfunum upp úr sjónum við tær Íslendinga, en þeir stóðu hjá og horfðu á. Sama var að segja um Frakka, er senda á ári hverju um 230 fiskiskip til að veiða hjer við land. Trolle fjekk sjer því leyfi stjórnarinnar til þess að fara hingað til lands um sumarið eptir og stunda fiskiveiðar og kynna sjer þær hjer við land. Fór hann kring um land allt nema hafnleysukaflann á Suðurlandi; stundaði hann hèr veiðina frá því fyrst í maí og þar til síðast í september, og hagaði ferðum sínum eins og Frakkar, að hann byrjaði vestan við landið, og færði sig svo norðurfyrir og endaði fyrir Austurlandi. Þegar hann var heim kominn, reit hann skýrslu um ferð sína í «Nationaltidende», og sýndi þar fram á það, hvílíkur óhagur Íslendingum væri að fastheldni sinni við bátafiskið, og hve miklu betra þeim væri að stunda sjóinn á haffærum þilskipum. Sömuleiðis sýndi hann og fram á ýmsa annmarka, er væri á síldveiðum Norðmanna, og vildi haga þeim fremur eptir reknetjaveiðum þeim, er tíðkast meðal Hollendinga. Amaðist hann heldur við vistum Norðmanna hjer við land, en ljet í veðri vaka, hvílíkur ósegjanlegur hagur væri fyrir Dani að leggja betur stund á fiskiveiðar hjer á sumrum en

gjört hefir verið. Frá öðrum afleiðingum af þessari ferð Trolles verður sagt í frjettum frá næsta ári.

Hvalrekar urðu nokkrir um vorið, og komu þeir sem vant er að vera með ísnum, og sprungu í honum; má hèr geta hinna helztu þeirra. Nálægt 10. marz náðist hvalur í ísnum undan Harastaðakoti á Skagaströnd, var hann 50 álnir milli skurða. Sömuleiðis sprungu tveir í ísnum undan Breiðabólstað í Fellshverfi, og urðu skornir hálfir, en hitt hvarf aptur í ísrekið. Svo rak og 3 við Ísafjarðardjúp og 2 eða 3 í Sæmundarvík á Ströndum um páskaleytið. Þá sprakk og hvalur í ísnum á Eyjafirði innarlega, nálægt Grenivík, um 260 faðma frá austurlandinu; fundu hann menn, er heima áttu annars staðar, og vildu þeir eigna sjer fundinn, en hinir, er land áttu þar að sjó, vildu láta hvalinn vera í landhelgi, og telja hann sína eign. Varð að lyktum sá endir á, að hvalurinn var skorinn, og hlutu báðir nokkuð, en samt var allmikill málatilbúnaður út af hvalnum, og spratt það allt af hinum ónákvæmu ákvörðunum um landhelgi og landfestu. Í október rak hvalræfil á Naustabrekku, á Rauðasandi, og varð hann að nokkru gagni.

Með ísnum komu *birnir* margir og gengu á land, mest í Eyjafirði og Reyðarfirði; engum gjörðu þeir mein; nokkrir þeirra, sem komu á land í Reyðarfirði, urðu unnir.

Trjáreki var nokkur, og einkum í ísnum sjálfum nyrðra. Undir og um haustið rak og í Vesturskaptafellssýslu afarmikið af tegldum eða köntuðum trjám, flöskum og fl. og var á þeim letur, er benti til að það væri frá Ameríku. Í einni flöskunni var brjef, dagsett fyrir 16 árum. Það má og geta þess með höppum af sjó, að um sumarið í júlí rak afarstórt seglskip í Höfnunum, alhlaðið timbri; skipið liðaðist þar sundur á skerjum en mestu varð samt bjargað eða rak til lands Skip þetta var mastralaust og ekkert mannsbarn á því, og ekkert er bar vitni um að menn hefði verið á því nýlega; leit helzt svo út að skipverjar hefðu höggvið möstrin og síðan flúið skipið. Enginn vissi hvaðan það var, en öll líkindi voru til að það væri frá Ameriku. Á því voru um 30000 planka, og var það allt selt við opinbert uppboð. Keyptu þeir Vídalín og Eggerz kaupmenn í Reykjavík mikið af þeim, og seldu síðan út aptur og þóttu það góð kaup.

Verzlunin var lík og áður í flestu og jafnan í hinu sama öfuga horfi sem hún áður var. Innlendu fjelögin, t. d. Gránufjelagið, bætir lítið úr, enda má það og þau sín lítils, bæði á móti rótgróinni venju landsmanna, og mótspyrnu hinna útlendu kaupmanna, er leitast við að halda öllu sem fastast í gamla horfinu. Verðlagið er eigi ákveðið á innlendu vörunni fyrr en seint og síðar, og báðir málsaðilar þrjózkast sem lengst, til þess að halda sínu fram. Kaupmenn setja útlendu vöruna, einkum smávöru og munaðarvöru, í geipihátt verð, þegar að vorinu, til þess að tryggja sig móti verði því, er íslenzka varan *kunni* að komast í, en bændur draga að láta sína vöru fyrri en þeir eru búnir að margrífast við kaupmanninn, og koma svo seinast í hópum með nokkur þúsund pund af ull, eða mörg skippund af fiski, og segja honum svo, að annaðhvort verði hann að láta þá fá það, sem þeir setja upp fyrir vöru sína eða að öðrum kosti verða af henni. Kaupmaðurinn ræður svo af að láta undan, en árangurinn verður sá, að hvorugur ávinnur neitt. Svona gekk það nyrðra; hvíta ullin komst eigi nema í 0,75 á Akureyri, og átti að verða eins á Sauðárkrók og verzlunarstöðunum í Húnavatnssýslu; svo lofuðu þeir því, að gefa 5 aurum meira en eyfirzku kaupmennirnir. En ullarbændunum þar þótti þetta eigi vera nóg gegnt því, sem var haft af þeim í ofurverði smávörunnar («kramsins»), og tóku sig því saman, og gjörðu þeim heimreið með stóreflis ullarlest, og hjetu þeim því, að láta þá engan lagð af því hafa nema því að eins, að þeir ljetu almennt ullarverð vera 90 aura. Varð þar svo eptir langa samninga verð hennar 88 aurar, eða 80 a. og 10%, sem er hið sama. Almennt verðlag á útlendu vörunni um Norður- og Vesturland var hjer um bil þetta: Rúg 100 pd. 11,50—12,50, en mjöl 12,50 til 13,00, bankabygg 14,00—15,00, kaffi 0,80—0,90 pundið, sykur 0,45—0,50, hveiti 0,18—0,30, salt 5,00—7,00 tn., steinkol 4,75—5,00, steinolía 0,25—0,40, o. s. frv. Vestra komst ullin aldrei hærra en 0,75, en á Akureyri hjá flestum í 0,80. Líkt þessu var verðlag í Reykjavík, nema útlenda varan var ódýrari, að minnsta kosti sumt af henni einkum þó smávaran. Svo gefa og sumir kaupmenn í Reykjavík afslátt þegar goldið er með peningum út í hönd. Saltfiskurinn komst í 62,00 syðra, og þótti það gott verð, en nyrðra og vestra varð hann hæst

57,00—60,00. Hákarlslýsið varð 45,00, þorskalýsi 36,00, harðfiskur 60,00—80,00, æðardúnn 12,00. Fjártaka var mikil um haustið í öllum verzlunum á landinu, og var verðlag á kjöti frá 20 til 15 aura, og var því skipt í þrennt eptir gæðum eða kroppaþyngd. Voru fluttar um haustið um 2000 tunnur kjöts frá Akureyri og Oddeyri, 800 af Húsavík og 1600 af Hofsósi og Sauðárkróki, og var þar þó nokkuð eptir. Það er einkennilegt lag kaupmanna þar nyrðra, og líklega alls staðar, að þeir taka kjötið með misjöfnu verði eptir gæðum, og er það eigi nema eðlilegt, en þegar búið er, og tekið er til að salta í tunnurnar, er öllu slengt saman, og lakasta kjötið látið í miðjar tunnurnar, en hið betra til endanna. Síðan er allt látið ganga sem bezta vara. Kjötið er mjög illa saltað, og allt fyllt svo sterkum saltlegi, að kjötið missir mestallan krapt sinn, og verður svartblátt á lit og mjög óætilegt. Enda er svo, sem öll von er á, að íslenzkt kjöt er talið með lökustu vörum ytra, og því lítil von til að kjötverzlunin batni meðan því er spillt á þenna hátt. Mismunur á ullarverði eptir gæðum mun hafa verið, lítill, enda hefir það ekkert að þýða, er öllu er blandað saman á eptir. Um sumarið notuðu menn gufuskipsferðirnar nyrðra til þess, að panta sjer vörur sjálfir beint frá Höfn, og þótti mönnum það hjer um þriðjungi ódýrra; það var mest í Norðurlandi. Var í mönnum hugur mikill að auka þau kaup mikið næsta sumar, og gjörðu miklar ráðstafanir til þess. Svo kom og Coghill með allmikið af vörum á fjárkaupaskipum sínum, einkum til Dalasýslu, og þóttu kaup við hann hin beztu, þar sem eitt pund af góðu hveiti kostaði eigi meira hjá honum en 12 aura, en að minnsta kosti 20 aura hjá öðrum kaupmönnum. Var því mikið af vörum pantað hjá honum í Húnavatnssýslu og víðar móti sauðum til næsta sumars. Nálægt 10000 fjár var flutt út um haustið. — Verzlunarfjelag það, er Eggert Gunnarsson hafði stofnað í sambandi við Englendinga, hjelt áfram störfum sínum þetta ár. Hann settist að í Glasgow í Reykjavík, og hóf þar upp afarmikla verzlun, og náðu viðskipti hans um allt svæðið, austan af Rangárvöllum til Borgarfjarðar Fjekk hann mesta fjölda fjár og hesta hjá landsmönnum, og galt þeim verð í móti í enskum vörum Þótti mörgum gott

við hann að verzla, en við árslokin áttu þó allmargir mikið fje inni í verzlun hans, sem þeir gátu þá eigi fengið að sinni.

Siglingar til landsins gengu eigi svo greiðlega, og ollu því hafíslögin um vorið fyrir Norðurlandi. Urðu þau því sein til hafna sem von var að; þó fórust engin skip af hafíss völdum svo kunnugt sje. Í septembermánuði fórust þrjú útlend kaupskip fyrir Suðurlandi. Föstudaginn 9. september sleit upp í ofsaveðri af útsuðri skip eitt á Keflavík er »Dragsholm» nefndist, eign Knudtzons verzlunar þar; rak það upp á kletta og möl-brotnaði og sökk síðan, og varð litlu sem engu bjargað. Menn allir komust af. Sömu nóttina strandaði og við Reykjavík »Nikoline», eign Brydes verzlunar, og brotnaði, en mennirnir komust og af. Þann 28. s. m. bar og skip upp á sker við Stafnes fyrir sunnan, er var alfermt kolum til konsuls M. Smiths í Reykjavík; það var mikið skip, um 400 tonnar. Síðan sökk það þar, og sá lengi á siglutoppana, og varð aldrei neinu af því bjargað. Mennirnir komust allir af. Þá fórst um haustið í miðjum október norskt gufuskip á Þistilfirði; það hjet »Bravo», og var í förum fyrir síldveiðafjelögin eystra. Hafði svo staðið á, að það laskaðist einhvern veginn lítillega svo að vatn hljóp inn í vèlarrúmið, og varð svo skjótt til umskiptanna, að skipið sökk þegar nær á svipstundu. Skipverjar þutu í dauðans ofboði út í bátana, en gættu sín eigi nógu vel, svo að þeir urðu ofhlaðnir og hvelfdi, og fórust þar flestir af þeim. Var þetta þó skammt eitt frá landi. Meðal þeirra, er drukknuðu, voru tveir íslenzkir menn, en eigi vitum vjer nöfn á þeim.

En auk þessara skipaslysa er hjer vert að segja nákvæmar frá afdrifum miðsvetrarferðarinnar, er hingað var ætluð samkvæmt samningi ráðgjafa og gufuskipafjelagsins árinu áður. Þegar póstskipið — *Phönix* — var komið hjer undir land og fyrir Reykjanes, hreppti það hið ofsalega norðanveður, sem skall á aðfaranótt hins 29. janúar; frostið var svo mikið, að allt sjórok, sem bar yfir skipið, fraus þegar og urðu því kaðlar, reiði og allt þilfar að einum bunka; samt var skipinu allt af haldið upp í vindinn. Loksins þann 31., kl. 1½ e. m. strandaði það á skerjum fram undan Skógarnesi í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu; voru þá skipverjar allir mjög þrekaðir orðnir og nær aðfram komnir af kulda og kali. Þó gátu þeir kom-

izt allir í land þar upp í fjöruna á tveim bátum er til skipsins heyrðu, og voru búnir að því um kl. 6. Stóðu þeir þar þá í fjörunni 24 saman í blindbil og grimmdarhörku, holdvotir og kaldir; samt áræddu 5 af þeim að reyna að leita byggða, en hinir ljetu fyrir berast á meðan í fjörunni. Þessir 5 menn fóru af stað og komust heim að Skógarnesi, og voru nær dauða en lífi, og báðu bjargar. Var þá þegar um kveldið sent til næsta bæjar og beðizt mannhjálpar til þess að ná mönnunum og koma þeim heim til bæja. Var svo gjört, og þegar farið til sjávar og fundust skipverjar þar víða illa til reika, og höfðu nokkrir þeirra látið fyrir berast í klettaskoru einni, sem hálffull var með sjó og ís, en aðra hafði hrakið þar með fjörunni. Þó fundust þeir að lokunum allir, og urðu leiddir, dregnir eða bornir til Skógarness. Var þessu lokið um nóttina kl. 4. Voru þá margir illa kaldir, og flestir nokkuð, og þrír þeirra til stórskemmda; *Kihl* skipstjóri var skaðkalinn á vinstri hendi. Matgjörðarmaður skipverja var verst leikinn og ljezt hann skömmu síðar af sárum. Nú var þegar sent til Reykjavíkur, til þess að boða þessi voðatíðindi, og brá póstmeistarinn þegar við og fór með lækni vestur, og annaðist um það, er hans efni snerti, og kom hann með fjóra af skipverjum að vestan með sjer, en 14 voru komnir áður, en fimm voru eptir í sárum, og biðu þangað til þeir voru orðnir ferðafærir. Skipið sat þar fast á skerinu, sem það var komið, og var sem hafísjaki að sjá; var nú þegar farið að gjöra ráðstöfun til þess að bjarga einhverju úr því, en gekk lítið; báta þá, er skipverjar björguðust á í land, höfðu þeir misst, svo að eigi var nema einu fjögramannafari á að skipa. Þó náðist pósttaskan úr því og eitthvað lítið annað smálegt. En hefði annars verið duglega gengið fram í að útvega skip og báta, hefði verið alhægt að bjarga miklu meiru, en það gat þá eigi orðið einhverra orsaka vegna, eða að minnsta kosti fór það svo, að skipið skriðnaði hægt og hægt niður af skerinu og á kaf, og yddir á mastrið við fjörur. Síðan rak allmikið úr skipinu, þar á fjörur, og segja sögur að allóvendilega muni hafa verið farið þar að með vogrek þessi, en þar eð torvelt hefir þótt að vottfesta þær, og eigi er vissa um sönnur á þeim, viljum vjer eigi fara lengra út í þær hjer. Margir biðu afarmikinn skaða við strand þetta, þar eð margt það, er á skip-

inu var, var eigi votryggt, og svo spillti það og fyrir verzlun og atvinnu manna; sló óhug miklum á landsmenn við þetta, og þóttust margir sjá af þessu, að erfitt mundi ganga að fá miðsvetrarferð komið á aptur, þar eð þetta slys mundi verða haft til afsökunar með að neita um hana, svo sem líka raun gaf vitni þetta árið (sjá bls. 12.).

Landbúnaðinum fór víst heldur lítið fram þetta ár, enda var eigi hægt um að sýna miklar framkvæmdir í jarðabótum eða öðru slíku, því að klaki fór seint úr jörðu sem áður er getið, og tíðarfar var mjög óhagstætt. Norðlendingar ljetu sjer þó annt um að búnaði færi fram, að minnsfa kosti í orði kveðnu, og í því skyni voru búfræðingar, launaðir af sýslusjóðum, látnir fara um hjeruðin til þess að leiðbeina mönnum í ýmsu, er laut að jarðabótum og heyvinnu. Þetta var gjört í Skagafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Þótti það koma að litu haldi. Fje því, sem varið var til eflingar búnaðar af þinginu 1879 var skipt milli þeirra, er styrks beiddust og verðastir þóttu, og gekk það mikið til styrks búfræðingaefnum, til verkfærakaupa o. fl. Þá voru og veittar 535 kr. til ýmislegs kostnaðar, er leiddi af ferð búfræðings austur í Skaptafellssýslu til þess að finna ráð og umbætur móti foksandi þeim, er þar er, og spillir túnum manna, engjum og högum. Búnaðarfjelög er oss lítt kunnugt um, en það eitt vitum vjer, að sum hin smáu búnaðarfjelög, sem myndast í hreppum og söknum, verða eigi langgæð. Fyrir fáum árum myndaðist búnaðarfjelag í einum hreppi í Skagafirði, og kom sjer upp ofurlitlum sjóði; fjelagsmenn unnu dálítið svo sem 2—3 ár, en svo fór að dofna, en þenna vetur kom þeim saman um að halda útför fjelagsins, og skiptu bróðurlega milli sín eignum þess. Svona var það nú þarna í Norðurlandi, þar sem framfaraandinn er svo mikill, og mun svo hafa víðar farið fyrir slíkum smáfjelögum. Gripasýning var haldin á Garði í Hegranesi í Skagafirði, 28. dag maímánaðar; hlotnaðist mönnum gott veður, en miklir vatnavextir, og tálmaði það fjölmenningu til sýningarinnar, þar eð yfir Hjeraðsvötnin var að fara fyrir alla. Þó munu þar hafa verið við um 300 manna. Sýningin fór hátíðlega fram, og hjelt þar Árni organleikari Eiríksson á Sölvanesi uppi fögrum söng með góðum flokki karla og kvenna. Þar voru og ræðuhöld nokkur.

Engir merkisgripir komu þar, er sæmdir voru verðlaunum. Á Oddeyri varð aptur á móti eigi af neinni gripasýningu í þetta sinn.

Á fundi í amtsráði Norður- og Austurumdæmisins 21. dag janúarmánaðar var sú tillaga borin fram, að þrír búnaðarskólar væru stofnaðir í umdæminu, einn fyrir hverjar tvær sýslur; í þessu skyni skipti það upp búnaðarsjóði amtsins í þrjá staði eptir tiltölulegri hundraðatölu jarðanna í hverjum tjeðum sýslum; sjóðurinn var orðinn alls 10640 kr., og kom í hlut Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu 4256 kr., Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu jafnmikið, og beggja Múlasýslna 2128 kr. við skiptin. Var nú þetta tilkynnt sýslunefndunum. Rjett í þessum svifum bar svo vel í veiðar, að Hólar í Hjaltadal, biskupssetrið forna, fjekkst til kaups; brá þá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu þegar við og festi kaup í jörðinni fyrir 14000 kr. Síðan var farið að ræða málið við Húnvetninga, en þeir voru ófúsir á að ráðast í að stofna búnaðarskóla fyrir tvær sýslur, og vildu eigi ganga í fjelagið með Skagfirðingum nema allur Norðlendingafjórðungur væri með. Þó að svona gengi nú stirt með þetta, var samt á fundi sýslunefndarinnar oddvita fólgið á hendur að búa mál þetta til þings, og semja til þess tillögur þær, er þörf væri á. En er til þingsins kom felldi það málið, því að því þótti það eigi nógu vel undirbúið. Samt var eigi hætt við þetta, en 6000 kr., lán fengið úr landssjóði til að borga jörðina með, sömuleiðis fór og fram á henni skoðunargjörð um sumarið, af búfræðingi, og áleit hann hana í alla staði vel henta til þess að hafa þar búnaðarskóla, þar eð þar væri mjög margt er horfði til umbóta. Um haustið kom sýslunefndin enn saman, og ræddi mál þetta, og varð þá ljóst að Húnvetningar vildu vera með, ef allt Norðurland væri, en annars eigi. Nú var ljóst að ef Skagfirðingar einir skyldu bera skólann, yrði þeir að fá 9000 kr. lán í viðbót, og var það þá afráðið, og nefnd manna sett til að semja við búfræðing um að taka jörðina vorið 1882, reisa bú á henni, og byrja kennslu þá um haustið.

Þar eð svo mikið verður jafnan af óskilapeningi eptir rjettir á haustum, og fje flækist víða og villist manna á meðal vegna námerkinga og óglöggleika á mörkum, hugkvæmdist sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að ákveða brennimörk, er hver búandi

og fjáreigandi í hverjum hreppi skyldi hafa á fje sínu. Brennimarkið skyldi vera hreppsnafnið skammstafað, og ætíð sett á vinstra horn (eða hóf) skepnunnar, en brennimark eigandans á hið hægra.

Alþingishúsið var fullbyggt um veturinn, og var það vegleg bygging og mikil, í miðjum bænum, og honum til mikillar prýði. Allt neðsta gólf hússins er byggt handa landsbókasafninu, en annað gólf fyrir þingið; málsstofurnar báðar eru mjög skrautlegar, og standa þó til umbóta framvegis. Efst er húsrúm handa forngripasafninu, og í einu horninu þar uppi herbergi, þar sem geymdur er húsbúnaður Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn, sá er var í ritstofu hans, bæði borð, legubekkur, skrifborð með öllum ritfærum, nokkur myndaspjöld, og að auki rúm hans. Var allt þetta gjöf Tryggva þingmanns Gunnarssonar sem áður er sagt. Á borðinu liggja silfurkransar þeir, er lágu á kistu Jóns, er hann var jarðaður. Að utan er húsið mjög fallegt, einkum á framhliðinni. Á bust á miðri framhliðinni gnæfir krúna mikil, en undir upsinni er ártalið *1881* greypt í steininn. Yfir gluggunum á loptinu eru landvættir Íslands í lágskurði, jötunn, gammur, boli og dreki, en í sömu röð yfir dyrunum eru tveir skildir og á öðrum þorskurinn íslenzki en á hinum ríkismerkið. Yfir aðaldyrum hússins er dálítið líkneski af fálka. Gólf hússins er allt saman af steini, og stigar af neðsta gólfi upp á loptin úr járni, og grindur með af sama; eru þar húnar allir gullroðnir, og hinir fegurstu. Öll þessi bygging kostaði nálægt 123000 kr.

III. Menntun.

Embættispróf við háskólann tók *Sigurður Ólafsson* í lögfræðum með annari einkunn. Sömuleiðis tók fornfræðingur *Guðmundur Þorláksson* meistarapróf (magisterconference) í norrænum fornfræðum og bókmenntum með góðum vitnisburði (admissus).

Embættispróf á læknaskólanum í Reykjavík tóku *Þórður J. Thóroddsen* og *Jón S. K. K. Sigurðsson Johnsen* frá Flat-

ey, báðir með fyrstu einkunn. Um haustið var hinn fyrr nefndi settur 3. kennari við Möðruvallaskólann.

Embættispróf á prestaskólanum tóku: með 1. einkunn: *Magnús Helgason* (51 tr.), *Sigurður Stefánsson* (50), *Lárus Eysteinsson* (45), *Jón Magnússon* (43), og *Pjetur Jónsson* (43), og með 2. einkunn *Helgi Árnason* (41). Vígslu þeirra og brauða þeirra, er þeir fengu, er áður getið.

Heimspekispróf tóku við háskólann 5 íslenzkir stúdentar, og þrír, *Lárus Þorlákssson, Rútur Magnússon* og *Þorgrímur Þórðarson* í Reykjavík.

Í stað hinna útskrifuðu bættust á læknaskólann 2 piltar, og voru þar því 6 piltar sem áður. Á prestaskólann bættust 7 piltar, og heyrðu þar 9 fyrirlestra um veturinn 1881—82.

Stúdentapróf úr lærða skólanum tóku 15 piltar; *fyrstu* aðaleinkunn fengu: Þorleifur Jónsson, Jóhannes Sigfússon, Steingrímur Stefánsson, (97 tr. hver), Jón Magnússon (94), Árni Finsen (90), Þorvaldur Jakobsson (89), Einar Hjörleifsson (89), Halldór Jónsson (88), Lárus Jóhannesson (85), Páll Bjarnarson (84) og Arnór Þorlákssson (81); *aðra* aðaleinkunn fengu: Ólafur S. Guðmundsson (76), Bjarni Þórarinsson (65) Jón Jónsson (59) og Jón Thorsteinsen (57). Enn fremur var 1 piltur sagður úr skóla, og voru þá eptir í skólanum 105 piltar. Um vorið og haustið komu 24 nýsveinar inn í skólann, tveir af hinum eldri piltum komu eigi sakir heilsulasleika, og tveir fengu leyfi til þess að lesa utanskóla á einum vetri fyrir 5. og 6. bekk. Voru þannig við árslok 125 piltar í skólanum.

Þá verður að minnast á *gagnfræðaskólann á Möðruvöllum*. Þess var getið í frjettunum frá 1880 (bls. 63—64) að reglugjörð var samin fyrir skóla þennan, og kennsla var hafin þar um haustið. En brátt tók stjórnendum og kennendum skólans að finnast til um, hve naumur tími þar var ætlaður til lærdóms, þar sem hann var eigi nema 2 ár, og svo þótti þeim búfræðin vera heldur óþörf vísindagrein í slíkum skóla, þar sem hún að eins drægi tíma frá öðru námi, en yrði þó eigi lærð til hlítar með mörgu öðru á skömmum tíma. Enn fremur þótti þeim þingið skamta sjer naumt úr hnefa fje til skólans. Þorvaldur Thóroddsen, annar kennari við skólann, fór, nú suður þegar þingið byrjaði, og samdi við þingmenn og þingið um

betri kjör fyrir skólann, og varð sú niðurstaðan á, að búfræðisembættið og búfræðiskennslan var afnumið, og kennslutíminn lengdur um eitt ár, og skólanum skipt í þrjá bekki. Þá var og veitt fje skólanum, bæði til bóka- og verkfærakaupa. Í stað búfræðiskennarans var settur hinn þriðji kennari við skólann, er kenna átti reikning, söng, leikfimi og landafræði eða dönsku ef á lægi. Skyldi hann sem 3. kennari fá 1600 kr. laun; til þess var settur um sinn Þórður Thóroddsen læknaskólakandídat, sem áður er getið. Þá um vorið var jörðin byggð Jóni bónda Guðmundssyni á Silfrúnarstöðum í Skagafirði og skyldi hann vera matsali pilta. Um haustið voru piltar 51 að tölu.

Eins konar alþýðu- og barnaskólar voru haldnir bæði á Eyrarbakka og í Hafnarfirði, og þóttu koma að góðu liði, en bæði vantar nægilegar skýrslur um þá, og svo er eigi rúm til að geta þeirra meira hjer. Barnaskólar voru og mjög víða haldnir, einkum syðra, og eru einlægt að fjölga, og sjest bezt á því, hve vel þeir blómgast, hve nauðsynlegir þeir eru. Mikið er færra um þá í Norðurlandi.

Á *kvennaskólanum* í Reykjavík voru 36 námsmeyjar um árslokin. Þykir hann blómgast vel og bera góðan ávöxt. Kvennaskólarnir nyrðra voru doðalegri; á kvennaskólanum á Laugalandi voru að eins 14 námsmeyjar, og á tímabilaskólunum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu voru enn þá færri, og það svo, að haft er á orði, að það hafi eigi getað heitið skólar, einkum framan af vetri. En því veldur sýslurígur og fjelagsleysi fyrir Norðlingum, að hinn orðfagri framfaraandi þeirra getur eigi komið þeim í skilning um að samtök milli sýslnanna gæti komið mestu og beztu til vegar. Ef þeir reyndu að koma sjer saman um, að koma kvennaskólanum á Laugalandi í gott horf og gjöra hann öflugan, væri góðar vonir um jafnfagurt fyrirtæki og menntun kvenna. En er hver sýsla baslar við að hafa skóla hjá sjer með litlu fje og naumum tíma, *að eins* til þess að vera eigi með öðrum, og til þess að geta sagzt hafa skóla fyrir sig — þá er eigi á öðru von, en því, sem þegar kom fram, að menn báru og bera eigi það traust til skólanna, sem þarf, til þess að þeir verði sóttir og geti blómgazt.

Landsbókasafnið — sem áður nefndist stiptisbókasafn —

var eigi komið í rjetta röð eða til fullra afnota um árslokin, og heyrir því til næsta ári að skýra frá því og tilhögun þess. Um vorið var bókasafn Jóns Sigurðssonar flutt í 43 kössum, og var eigi lokið að raða því heldur við árslokin, svo að þá var eigi orðið kunnugt, hve mikið og fullkomið það var. Enn fremur sendi Geheime-Etazráð, dr. jur. & philos. A. F. Krieger landsbókasafninu töluvert safn af góðum bókum.

Forngripasafninu var raðað niður um haustið í herbergjum þeim uppi á þinghúsloptinu, sem því var ætlað; er því þar vel og fagurlega raðað, en húsrúmið er svo takmarkað, að það verður undir eins of lítið ef nokkuð bætist við. Herbergi þau, sem því eru ætluð, eru þrjú; fremst er það, sem nýjast er, mest útskurður, gamalt rúm o. s. frv. Miðherbergið er ætlað fyrir hluti frá miðöld Íslands, og er þar mest kvennsilfur, kvennbúnaður, trjelíkneskjur gamlar úr kirkjum, krossmörk, myndir o. fl., en innst er fornöldin sjálf, og rís þar öndvegi fyrir miðri hlið er inn er komið, búið öndvegissúlum með rammfornum skurði. Þar eru og leifar þær, er fundizt hafa í gömlum haugum og í jörðu á Íslandi, gömul veggtjöld, vopnaleifar o. s. frv. Þar er og afarmikið af ýmsum steinaldarmenjum, svo sem hömrum, hnífum, örvar- og spjótaoddum o. fl., er forngripasafninu voru send fyrir nokkrum árum frá fornleifasafninu í Kaupmannahöfn Þenna sal prýðir og einn hinn fegursti gripur, er komið hefir til Íslands; það er gypssteypa af hinni nafnfrægu Hermesarmynd, er fannst í jörðu í Aþenuborg fyrir skömmu síðan. Mynd þessi nær að sönnu eigi nema niður á brjóstið (Buste), en er eigi að síður fullkomið meistaraverk hinnar grísku íþróttar. Hún mun vera eptir Praxiteles (á 4. öld f. Kr.). Safnið er opið kl 1—2 á miðvikudögum og laugardögum, og hefir fornfræðingur Sigurður Vigfússon umsjón með safninu.

Náttúrusögusafn er hjer ekkert til nema lítið eitt við ærða skólann. Benidikt skólakennari Gröndal hefir um nokkurra ára tima safnað miklu og ágætu safni, einkum af hinum lægri dýrum, og dregið upp náttúrumyndasafn allmikið; er það gjört með mestu snilld. Þetta ár var honum veittur 200 kr. styrkur til þess að halda safni þessu áfram, með því móti að það væri lagt til náttúrugripasafns lærða skólans síðar.

Safni þessu hefir og áskotnazt nokkuð af gjöfum undanfarin ár, t. d. steinasafn allmikið frá Ameríku, en sakir rúmleysis er ekki hægt að sjá það eða nota. Sama ár gaf Gröndal skýrslu um myndasafnið í skýrslu skólans.

Menntunarfjelögin hjeldu áfram störfum sínum sem áður, og gáfu út rit sín. - Bókmenntafjelagið starfaði heldur með minna móti, og þykir mönnum hjer Hafnardeildin vera sein í sóknum og dauf til framkvæmda. Þetta ár segja skýrslur þess að væri 767 fjelagar þess, og eru það 6 fleiri en árið áður. Forsetiþess var í Höfn Sigurður L. Jónassen, sem áður. Bækur þær er Hafnardeildin gaf út, voru *Skírnir*, 55. ár, og var hann líkur því, sem hann var áður, og *Íslenzkar fornsögur* II. Bindi. Í þessu bindi eru Reykdæla eða Ljósvetningasaga og Vallaljótssaga. Þessar útgáfur fjelagsins af sögunum eru óefað vandaðar og góðar, en allt fyrir það er landsmönnum heldur illa við þær vegna hinns háa verðs sem á þeim er. Þeir vilja fá ódýrar textaútgáfur, sem þeir geti veitt sjer og lesið, en vilja eigi kaupa hálfar bækur af orðamun, sem engum verður að gagni nema vísindamönnunum einum, og þær útgáfur finnast þeim liggja langt fyrir utan verkahring fjelagsins, og heyra til fornfræðafjelaginu, og virðast þeir í því hafa mikið til síns máls. Reykjavíkurdeildin gaf út eitt hepti af *Sýslumannaæfum* Boga Benediktssonar á Staðarfelli með viðaukum og leiðrjettingum Jóns háyfirdómara Pjeturssonar. Bók þessi nær yfir Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslur, og er lengd allt fram á vora daga. Hún er uppfull af ættartölum, og þó að öllum sje kunnugt um hvílíkur fræðimaður Jón Pjetursson er í þeirri grein, hafa slæðzt inn í hana allmargar og meinlegar villur, bæði í einstökum ættum og orðum. Rit þetta, sem var allrar virðingarvert af höfundarins hálfu, er samt svo úr garði gjört, að það hefði þurft nákvæmrar rannsóknar við áður en það var gefið út, og hefði gjarnan sumstaðar mátt vera styttra. *Tímarit* fjelagsins hjelt áfram, og voru í því margar góðar ritgjörðir þó eigi sje rúm hjer til að yfirfara þær. *Skýrsla* um Forngripasafn Íslands í Reykjavík II, 1. — *Þjóðvinafjelagið* gaf út Andvara sem að undanförnu, með góðri mynd af Jóni Guðmundssyni, sem lengst var eigandi og útgefandi Þjóðólfs og ágrip af æfi hans; þar voru og ágætar ritgjörðir eptir ýmsa menn, t. d. Þor-

vald Thoroddsen, Arnljót Ólafsson o. fl. Sömuleiðis gaf það út *Almanak* sitt sem áður, og var það prýtt andlitsmyndum og æfiágripum tveggja hinna helztu frelsispostula Norðmanna, Björnstjerne Björnsonar og Jóhanns Sverdrups. Þriðja rit þess var *Lýsing Íslands* eptir Þorvald Thoroddsen. Lýsing þessi er í alla staði ágæt það sem hún nær, en hún er langt of stutt því að hún er eigi nema 6 arkir, og rjett til þess að læra hana í skólum, enda er hún og mjög vel til þess fallin. Nöfn eru eigi mikil í henni, því að þau eru auðlærð á landabrjefum, en því meira af lýsingum á eðli landsins, hag þess og náttúru. Það má vel vera, að sumt af því, er snertir menntunarsögu landsins í kveri þessu sje eigi alls kostar rjett, en þó mun þar eigi vera mjög margt varhugavert. Það má því álíta að kver þetta sje ágætt, enda hefir það sýnt sig, þar sem landsmenn hafa keypt það fjarska mikið.

Bækur komu mjög fáar út hjer aðrar en þær, sem þegar eru nefndar, og gefnar voru út af menntunarfjelögunum, og þá sízt svo að þeirra sje hjer getanda. Markaskrár og sitthvað þess konar eru allra bóka nauðsynlegastar, en þær geta eigi talizt hjer með fyrir það. *Blöðin* voru þau sömu og áður, og hjörðu þetta áfram, án þess þó að neitt kvæði að þeim. Eitt þeirra, *Máni*, dó samt út eptir árslokin eptir tveggja ára tilveru, en það var ofurlítið skarð eptir hann. Ritstjóri Skuldar fór utan um haustið og gaf út Skuld ytra (í Höfn) það sem eptir var árgangsins, og hætti hún síðan um sinn. Á Akureyri var gefið út dálítið kver, *Vasakver handa alþýðu*, með ýmsum leiðbeiningum um tolla, útgjöld, skatta og póstsendingar og ýmislegt annað, er hverjum manni er nauðsyn á að vita. Kver þetta er laglega samið og gott til leiðbeiningar, það er að segja, ef menn vilja fyrst leiðrjetta fáeinar stórvitleysur er í því eru, áður en það er notað. Einar rímur, af *Ajax frækna* voru gefnar út, og eru þær lítt merkar sem annað þess kyns, er út er gefið. Þá voru og gefin út helztu *kvæði*, ef svo skyldi kalla, eptir *Sigvalda Jónsson Skagfirðing*. Sigvaldi sál. var lipur hagyrðingur, og hafði opt á hraðbergi liprar og hnittilegar lausavísur, og ljet honum vel að kasta þeim fram. En það er annað að mæla laglega lausavísu af munni fram, eða að gefa slíkt út. Kver þetta er að sönnu stórhneykslalaust, en það

er líka ónýtt, enda vantar og í það sum af betri kvæðum Sigvalda, því hann hafði ort mörg guðrækileg og lagleg kvæði, en stúlkuvísum og beinakerlingavísum er þar meira helgað sæti en við á; þar bera þær annað ofurliði. Það er líkt með þetta kver og kvæðabókina sælu hans Jóns á Víðimýri, að einn af *prestum* vorum hefir stjórnað kvæðavalinu, röð þeirra og útgáfu, og er slíkt daufur vottur um smekkvísi þeirra. Þá voru og gefin út *Ljóðmæli Steingríms Thorsteinsonar*, og eru þau hin eina bók, er að kveður í þá átt. Svo sem flestum mun kunnugt, hafa kvæði Steingríms unnið sjer mikla hylli meðal Íslendinga, og var því af öllum tekið fegins hendi við henni. Sumir af hinum yngri menntamönnum amast að sönnu heldur við henni, og þykir hún eigi fylgja vel tímanum, og segja sem svo, að Steingrímur sje að sönnu gott skáld, en það sje að honum, að hann sje svo sem 50 árum á eptir tímanum, og þykir hann eigi svara til þeirrar stefnu, sem umbótasýki (radicalismus) þeirra krefur. En hvað sem um það er að segja, er kver þetta jafnágætt fyrir það, fullt af fegurð, djúpsæjum lífsskoðunum og hreinum siðgæðishugsunum, og heldur jafnan skildi uppi fyrir hugsjón fegurðarinnar og hins góða. Jafnvel beztar eru eptir hann smávísur og kýmni, því að þar er opt samfara djúp lífsskoðun á bak við, og bitrasta spott um rembilæti mannanna í öllum þeirra eymdarskap. Og hvað sem skipast í sögu hins íslenzka skáldskapar, má ætla, að seint muni fyrnast mörg af ljóðum hans, þar sem þau nú þegar eru orðin eign hinnar íslenzku þjóðar.

Nokkuð kom út af íslenzkum ritum erlendis, og er það því að þakka að þar er orðið svo almennt að stunda hinar fornu bókmenntir vorar. Þar kom út hið fyrra hepti af þriðja bindi af *Eddu Snorra Sturlusonar*, er Árna Magnússonar nefndin gaf út 1848—52. Hepti þetta hefir verið nærri 30 ár á leiðinni, enda er margt fróðlegt í því. Þar eru skýringar á vísum í Eddu, og á Háttatali Snorra sjerstaklega, og svo *skáldatal* hið forna, og æfisögur nokkurra þeirra framan af; er það ritað af miklum lærdómi, allt á latneska tungu. Skýringarnar eru eptir Sveinbjörn Egilsson, en skáldaæfirnar víst að mestu eptir Jón Sigurðsson. Þá var þar og gefin út *Gyðingasaga* Brands byskups Jónssonar; er það vönduð útgáfa, öldungis stafrjett. Í

Lundi komu út *Riddararímur* frá 15. öld, Filipórímur, Herburtsrímur og Konráðsrímur keisarasonar, og er það allvel vönduð útgáfa; meginmálið er að sönnu víða augsýnilega afbakað, en allur hinn merkasti orðamunur er tekinn upp neðanmáls, svo að það er auðgjört að leiðrjetta það eptir því. Í formálanum eru ýmsar athugasemdir um braga·háttu á rímum og myndun þeirra, og braglýti þau, sem á rímum þessum eru, og er það mjög óljóst, og sumt algjörlega rangt, og er auðsjeð af því, að útgefandinn (Th. Visén) er ófróður í íslenzkum rímnakveðskap. Möbius í Kiel gaf og út ágæta og mjög vandaða útgáfu af *Háttatali* Snorra Sturlusonar, með nákvæmum skýringum. Svo kom og út *Elissaga* og *Rósamundu*, útg. af Evgen Kölbing, með þýzkri útleggingu; svo gaf og W. H. Carpenter, er hjer var veturinn áður að læra íslenzku, út *Nikolásardrápu Halls prests* í Halle, og ávann sjer fyrir það doktors nafnbót. Útgáfa drápu þessarar er mjög ófullkomin, einkum orðasafn það, er með henni er.

Ár þetta hefir því verið harðærisár í bókmenntalegum efnum, en þegar harðæri og óáran kemur upp, er við því að búast að menn gjörist ófúsir að kaupa mikið af bókum, en til lítils er að prenta ef engir verða til að kaupa. Þá ganga helzt út ódýr smákver, en því miður eru þau þá optast líka ónýt.

Þá er að minnast á aðgjörðir *fornleifafjelagsins*. A þessu ári kom út *Árbók* þess, hin fyrsta fyrir 1880—1881, og voru þar í greinilegar skýrslur um rannsóknir Sigurðar fornfræðings Vigfússonar á Þingvelli, lögbergi og hjeruðunum þar í kring. Sömuleiðis var og skýrsla um fund og uppgröpt blóthússins mikla á Þyrli í Hvalfirði, og í sambandi við það skoðun og rannsókn á Geirshólmi, og öðrum örnefnum í sögu Harðar Grímkelssonar. Þar var og ritgjörð um hof og blótsiðu í fornöld og var henni þá eigi lokið; er það ein hin bezta ritgjörð, er samin hefur verið um það efni að minni vitund. Allt þetta hefur ritað Sigurður Vigfússon. Auk þess var ýmislegt smávegis í Árbók þessa árs; fylgdu henni uppdrættir góðir af Þingvelli, sem eru miklu rjettari en uppdrættir Sigurðar Guðmundssonar í Alþingisstað hinum forna, svo og af grunni blóthússins á Þyrli. Árið 1880 rannsakaði hann þessa staði, sem hjer er

getið að ofan, svo sem lauslega er drepið á í frjettum frá fyrra ári (bls. 71—72). En auk þess rannsakaði hann og þá haugana við Haugavað í Árnessýslu, og ýmsar stöðvar Flóamanna-sögu; menn hafa opt skoðað Flómannasögu ævintýri eitt, og lagði fjelagið því til að stöðvar hennar væri skoðaðar. Við Haugavað eru 4 haugar, og nefnir sagan þá alla með nafni; þar liggur gata ein millum hauganna, og segir sagan, að í hauginum, sem er austan götunnar, sje lagður Hrafn Þorviðarson, en vestan við hana sje Atlahaugur, Ölvishaugur og Hallsteinshaugur. Munnmælin geyma enn þessara hauga, og fór Sigurður austur í ágústmánuði, og tók að rannsaka haugana. Ljet hann grafa í gegn um þá alla, og var það eigi ónýtisför. Í þeim haugi, er Hrafni er eignaður, fundust mannsbein er lágu í austur og vestur; snöri höfuðið til vesturs. Þar fannst og rið nokkurt og spansgræna. Í hinum haugunum öllum fundust hestabein og mannabein, og ýmsar smáleifar af járnmunum, en allt mjög fúið og ryðbrunnið. Svo varð nú eigi meira af rannsóknum að sinni, og var það mest að kenna fjárskortinum, er jafnan kemur í bága við allar vísindalegar framfarir hjá oss og hamlar þeim. Á aðalfundi fjelagsins voru fjelagsmenn orðnir 215, og er það lítill fjárstyrkur með 300 kr. tillagi af landsfje. Veturinn 1881—82 hjelt Sigurður Vigfússon nokkra fróðlega fyrirlestra um líf og einkum búninga Íslendinga í fornöld. Um sumarið 1881 var þegar tekið til óspilltra málanna með rannsóknir á fornum sagnastöðum, og rannsakaði Sigurður þá um sumarið Breiðafjarðardali, Þórnessþing hið forna og yfir höfuð nyðri ströndina; voru það mest hinar merku stöðvar tveggja af hinum ágætustu fornsögum vorum, Eyrbyggjasögu og einkum Laxdælasögu. Fyrst skoðaðist hann um í landnámi þeirra Geirmundar heljarskinns og Steinólfs ins lága, og komu mörg af örnefnum, sem þar eru, saman við orð sagnanna, en sum af þeim fann Sigurður aptur eða leiðrjetti. Þar fann hann og dysjar, þar er talað um fund þeirra Gullþóris og Steinólfs hins lága við Fagradalsárós, og eru þær alveg sem sagan segir; var grafið í eina dysina, og fundust í henni leifar ef beinum, og beintala ein, skorin hnútaskurði í mjög forneskjulegum stíl. Þess merki sáust á dysjunum, að þær höfðu áður rofnar verið. Síðan skoðaði hann stöðvar Laxdælu vand-

lega, og rannsakaði hoftótt eina geisimikla í Ljárskógum. Tóttin sjest mjög greinilega að ofan; er hún kringd fyrir þann endann, sem afhúsið hefur verið í, og sjest skilrúmið milli aðalhofsins og afhússins; engar eru dyr á því, en dyr inn í afhúsið á stafninum miðjum; aðaldyr tóttarinnar eru í miðja hlið. Tótt þessi er að lengd 88 fet, og 54 fet á breidd. Hofs þessa er hvergi getið í sögum. Önnur hoftóttin fannst og var skoðuð á Rútstöðum í Breiðafjarðardölum. Tótt sú er mjög lík hoftóttinni á Þyrli, sem getið er um í fyrra, nema lítið eitt stærri. Þessar rannsóknir Sigurðar hjálpa mikið við sönnunum fyrir sannindum sagnanna; auk þessa eignaðist og Sigurður marga góða forngripi, myndir skornar og dregnar, og lagði hann það allt til forngripasafnsins.

Minnisvarði Jóns Sigurðssonar. — Þess var getið í frjettum frá fyrra ári að send hefði verið út um land boðsbrjef til landsmanna um að gefa til minnisvarða á leiði þeirra hjóna, Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Fjekk fyrirtæki þetta þá þegar svo góðar undirtektir meðal landsmanna, að það safnaðist skjótt saman sem svaraði 4400 kr. Var því tekið að vinda bráðan bug að því, að útvega minnisvarðann frá Kaupmannahöfn, og kom hann í nóvembermánuði. En er að því kom, að setja skyldi upp varðann reyndist steinborgi sá, er yfir grófinni var, ótraustur, og varð því að rífa hann allan upp, og hlaða hann að nýju miklu traustara. Að því búnu var varðinn reistur, og beið hann svo, hjúpaður blæjum, þangað til 7. desembr. að hann skyldi afhjúpaður. Þann dag var veður hið fegursta, dálítið frost og heiðviðri. Gengu þá um hádegi bæði stúdentar, skólapiltar, iðnaðarmenn og verzlunarmenn bæjarins fram í kirkjugarðinn í tvísettri fylkingu, og bar hver flokkur sinn fána. Auk þess flykktist og saman mesti manngrúi hvervetna að. Framan við leiðið var reistur pallur, og stóðu á honum formenn varðans, nánustu ættingjar þeirra hjóna og umráðamenn kirkjunnar. Síðan hófst hornablástur undir stjórn Helga Helgasonar, og var fyrst blásið lagið: «*Alt oprejst månen står bag sorte skyer*», en síðan kvæði, er Steingrímur Thorsteinsson hafði ort til þess, sungið undir stjórn Jónasar Helgasonar. Þá er söngurinn var á enda hóf Halldór Friðriksson ræðu, og tók

fram í henni hina óbifanlegu sannleiksást, sannfæringu, þrek og rjettlætistilfinningu Jóns Sigurðssonar, baráttu hans fyrir frelsi og sjálfsforræði Íslendinga, kapp það, sem hann lagði á, að losa um öll óstjórnar- og ófrelsisbönd sem lágu þyngst á oss, t. d. í verzlunarmálum, og m. fl. Enn fremur, að hann hefði lagt alla stund á að kenna Íslendingum að kannast við sjálfa sig sem menn, sem þjóð, og vekja þá af þeim drunga og dauðasvefni aðgjörðaleysis og ódugnaðar, er þeir hefði sjálfir svæft sig. Svo tók hann og fram aðgjörðir hans að því er snertir sögu Íslands á öllum tímum, og þekkingu hans á högum þess, bæði á fyrri og síðari tímum. Síðast minntist hann skyldu landsmanna við hann á hina hliðina, og gat þess hve þeir hefði nú fagurlega minnzt hennar með því, að reisa honum laglegan bautastein, sem hjer væri að sjá, og í þeim svifum var steinninn sviptur blæjunni, og var honum fagnað með drynjandi lúðraþyt. Að endaðri ræðunni var sungið kvæði er Benidikt Gröndal hafði orkt. Þaðan gengu meðlimir bókmenntafjelagsins til þinghússins, og hjelt Jón Þorkelsson, rektor lærða skólans, fróðlegan fyrirlestur um vísindalega starfsemi Jóns Sigurðssonar. Minnisvarðinn er þannig, að fyrst er fótstallur, er myndar 3 rið af granitsteinarðum; ofan á þeim stalli er steinn ferstrendur, 13 þuml. á hæð, 1 al. 15½ þuml. á breidd en 1 al. 4 þuml. á þykkt. Á honum hvílir annar steinn, 23 þuml. á hæð, 1½ al. á breidd, en 1 alin á þykkt. Á honum hvílir aðalsteinninn; er hann 4 álnir á hæð, 1 alin og 6 þuml. á breidd og 18 þuml. á þykkt að neðanverðu, en dregst nokkuð upp, og endar í burstmynduðum toppi. Framan á honum er greypt inn bronceplata, og er á henni andlitsmynd Jóns í lágskurði. Yfir myndinni er gylt stjarna, en undir henni stendur með gyltu letri: «JÓN SIGURÐSSON» og litlu neðar þessi orð: «Stein þenna reistu landar hans 1881». Auk þess er við minnisvarðan marmarahella með nöfnum þeirra hjóna, fæðingardögum og dánardögum. Alls er minnisvarði þessi hinn veglegasti.

IV. Mannalát.

Allmörg *slys*, bæði skiptapar og svo að menn urðu úti, komu fyrir þetta ár, og er vert að geta hinna helztu þeirra hjer. Auk þeirra, er biðu bana af frosthörkunum, voru og ýmsir, er kól til stórskemmda, og bera alla æfi menjar þessa hræðilega vetrar.

Skiptapar voru þessir hinir helstu: 10. janúar hvolfdi áttæringi frá Hólmum í Dýrafirði; var hann á leið úr hákarlalegu. 9 menn voru á bátnum, og fórust 3 þeirra, og formaðurinn þeirra á meðal, en hinum varð borgið. Nálægt miðjum marz fórst bátur við Stokkseyri með fimm mönnum, en tveim varð borgið. Aðfaranótt hins 29. dags septemberm. fórst bátur við Hrísey með 7 mönnum á. Formaður var Pjetur nokkur Friðfinnsson af Akureyri, duglegasti maður. Sama dag fórst og bátur undan Grjóteyri á Sljettu með 3 mönnum. Í miðjum nóvembermánuði fórst bátur við Böggversstaðasand með tveim mönnum, og annar við Svalbarðseyri með þrem mönnum. 15. október fórst bátur frá Dalabæ við Siglufjörð; fórust þar 4 menn, en 1 varð borgið. 15. dag desembermánaðar hvolfdi báti frá Fjarðarhorni í Mjóafirði; voru á honum feðgar tveir, og fórst bóndinn, Einar Pálsson, en piltinum varð bjargað. Nokkur fleiri bátaslys munu hafa komið fyrir, þó vjer höfum eigi greinilegar sögur af þeim.

Önnur helztu slys hafa verið þessi: 12 janúar datt drengur á skíðum á Tjörnesi, brotnaði stafurinn, og gekk broddurinn á hol, og dó hann þegar. Á nýjársdag urðu tveir menn úti, annar af Langanesströndum en hinn af Möðrudalsfjöllum, og í sama mánuði varð maður úti á Skagaströnd, og kvenmaður í Skagafirði í póstskipsbylnum. Um sama leyti urðu og 2 menn úti á Skálmardalsheiði, og einn á vegi milli Geiradals og Steingrímsfjarðar. Þá gekk og maður í ölæði burt af Sauðárkróki, og ætlaði þaðan heim til sín, en sást aldrei síðan, en slóð hans var rekin skömmu síðar fram á sjó þar sem lagt var, og hvarf hún fram af skörinni! Margir fleiri urðu og úti, þó að þess sje eigi hjer getið.

Ýmsir voru og þeir, er *rjeðu sjer bana* þetta ár, og er það þó heldur fátítt hjer á landi við það sem opt vill til ytra.

itum vjer um fyrir víst 7—8, er það gjörðu, er ýmist hengdu g, skutu eða skáru á háls. Helstir þeirra voru *Benidikt abriel Jónsson* stúdent, á fimmtugs aldri, og hafði jafnan aldið til á Vestfjörðum, og stundað þar smáskammtalækningar, ann hengdi sig í reiðbeizlistaumum á Ormstöðum vestra 9. d. aímánaðar. Annar var *Kristján Hall,* verzlunarstjóri á Borð-yri. Hann skaut sig til bana 20. dag júnímánaðar.

Hjer á við að minnast lítið eitt á hið svo kallaða *Krist-annsmál,* því að það má teljast til hinna leiðustu slysa á ári essu. Sunnudaginn 7. dag ágústmánaðar fór eitthvað af fólki r Reykjavík í skemmtireið upp á Kolviðarhól, og var förinni eitið upp í Marardal, sem þar er í Reykjanesfjallgarðinum. elst ber hjer að geta fjögurra, er hjeldu sjer hóp í för þessari; ar það *Guðmundur* nokkur *Jónsson,* sjómaður frá Helgastöð-m við Reykjavík, *Kristmann,* gullsmiðssveinn í Reykjavík, og iltur og stúlka, er hjetu *Sigurþór Ólafsson* og *Metta Egils-óttir*. Riðu þau svo öll upp á Kolviðarhól, og dvöldu þar um und, og fóru þaðan um nónbil, voru þá piltar mjög drukknir, ví að bæði höfðu þeir nestað sig vel með drykk um morgun-n, og auk þess keypt sjer í staupinu á Kolviðarhóli. Svo eit engin sögunа meir, en það, að Ólafur Árnason, sæluhúss-örður á Kolviðarhóli fann um miðaptansleytið tvo menn liggj-ndi skamt frá Kolviðarhóli. Voru það þeir Guðmundur og Kristmann. Hann vekur Guðmund þegar, og er hann þá úr-lur mjög; tók hann þá að stumra yfir Kristmanni, og þótti onum þar vera vegsummerki. Lá Kristmann þar á grúfu með ndlitið niður í polli, er þar var við veginn. Kippir hann hon-m upp úr pollinum, og var hann þá dauður. Andlitið var llt blóðugt og hruflað, og sumstaðar höggið í sundur, en hatt-r hans, svipa, taska, og annað lauslegt af munum hans lá þar víð og dreif allt um kring. Sigurþór og Metta höfðu þá rðið viðskila við þá, er þeir fóru frá Kolviðarhóli, og farið itthvað annað, og hafði Sigurþór sofnað langa hríð, en er þetta ar, voru þau komin á leið ofan í Reykjavík. Þetta, og margt nnað smávegis, er virtist styðja það, vakti skjótt þann grun, ð Guðmundur hefði ráðið Kristmanni bana í ölæði, og var egar hafin málssókn gegn honum fyrir það, og þeim Sigur-óri og Mettu stefnt sem vitnum. Í þeirri rannsóknun komst

eigi annað fyrir, en að þau hefði hvergi verið þar nálæg, en Guðmundur kvaðst ekkert muna fyrir ölæði annað en það, að hann hefði orðið Kristmanni samferða af Kolviðarhóli. Unnu þau öll eið að þessu, og svo var málið látið kyrrt liggja. Um árslokin var tekið að hreyfa við því aptur, því að margir ættmenn og kunningar Kristmanns heitins voru óánægðir með þessi úrslit, og þótti slælega fram gengið í rannsóknunum. Frá því skal nákvæmar skýrt í frjettunum frá næsta ári.

Þessir eru þeir embættismenn, er látist hafa þetta ár;

Skúli Magnússon Norðdal, sýslumaður í Dalasýslu andaðist 1. dag júnímánaðar. Hann var fæddur 5. dag janúarmánaðar 1842, útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1862 með bezta vitnisburði, og sigldi þá þegar til háskólans, og tók þar lögfræðispróf 1869; hann varð sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1871 og fjekk síðan Dalasýslu 1877; hann var vel gáfum búinn. Hann ljezt af brjóstuppdrætti.

Sveinn prófastur Nielsson, fyrrum á Staðarstað, ljezt í Reykjavík 17. dag janúarmánaðar. Hann var fæddur á Kleifum í Gilsfirði 14. dag ágústmánaðar 1801, og var í Bessastaðaskóla 1820—1824, og útskrifaðist þaðan með bezta vitnisburði. Síðan var hann 2 ár skrifari hjá Birni sýslum. Blöndal í Húnavatnssýslu, en 1827 varð hann djákni að Grenjaðarstað; 1835 varð hann prestur á Blöndudalshólum, 1844 á Staðarbakka og 1850 á Staðarstað. Þar var hann prestur þar til hann sagði af sjer 1874. Prófastur var hann jafnframt í Snæfellsnessýslu 1866—74, þá settist hann að í Reykjavík með börnum sínum, þar til 1879, að hann fjekk Hallormsstað; þjónaði hann þar 1 ár, en gat þá eigi lengur fyrir ellilasleika sakir, og hvarf því til Reykjavíkur aptur 1880. Hann var tvíkvæntur, og átti Guðnýju og Guðrúnu; eru 5 af börnum hans á lífi, og er eitt þeirra dómkirkjupresturinn í Reykjavik. Sveinn prófastur var lærdómsmaður mikill og latínumaður mikill, svo og vel að sjer í sögu lands vors, sem prestatal hans ber vitni um. Hann var ágætur kennimaður, og mjög virtur.

Jón Hávarðsson, emeritprestur að Ósi í Breiðdal, andaðist 5. dag marzmánaðar. Hann var fæddur 10. dag ágústmánaðar 1800 á Hóli í Norðfirði í Múlasýslu, nam skólanám sitt í Bessastaðaskóla. Hann vígðist 1828, og var fyrst aðstoðarprestur

Skorrastað, þar til hann fjekk veiting fyrir því brauði 1845, síðan Heydali 1857. Hann sagði af sjer prestskap 1868 ir augnveikis sakir. Hann þótti heldur merkur prestur. — i andaðist og *Ólafur* prestur *Bjarnarson* frá Ríp, á Hjaltaöðum 27. dag marzmánaðar. Hann var fæddur á Ríp í Hegrasi 27. dag nóvembermánaðar 1844, útskrifaðist úr Reykjaurskóla 1872 með annari aðaleinkunn, og fór síðan á prestaólann og útskrifaðist þaðan 1874. Samsumars var hann vígðtil Rípur, og var þar prestur til þess honum var veitt Hof Skagaströnd 11. des. 1880, en þá var hann orðinn sjúkur, sagði því þegar af sjer. Hann var heilsulaus alla æfi, en faður vel. — 25. dag júnímánaðar ljezt *Jón* prestur *Hjartson* á Gilsbakka í Mýrasýslu. Hann var fæddur á Gilsbakka dag nóvembermánaðar 1815; hann gekk í gegnum Bessastaðaóla, og var vígður 1839, og var þá fyrst aðstoðarprestur hjá öur sínum á Gilsbakka. Síðan varð hann prestur að Krossi Landeyjum 1847, og svo að Gilsbakka 1860 og til dauðadags. ann var vænn maður og vel metinn í hjeraði. — Þá ljezt og nn af hinum merkustu og ágætustu kennimönnum hjer á landi *alldór* prófastur *Jónsson* á Hofi í Vopnafirði 17. dag júlíánaðar. Hann var fæddur á Höskuldsstöðum á Skagaströnd 5. dag febrúarmánaðar 1810; ár 1840 var honum veittur laumbær í Skagafirði, og vígðist hann þangað vorið 1841. 348 varð hann prestur að Hofi, og var það til dauðadags. Próstur var hann öll þau ár, er hann var á Glaumbæ, og svo á lofi frá 1864. Halldór prófastur var einn af hinum merkari önnum þessarar aldar, jafnt að því er snertir menntun og nað; hann var lengi þingmaður, fyrst konungkjörinn og síðn fyrir Norður-Múlasýslu, og kom þar fram sem þjóðhollur aður. Hann átti fjölda mörg börn, kom öllum sonum sínum skóla, og eru þeir hinir nýtustu menn. Auk þess kostaði ann og marga aðra námsmenn til skólamenntunar, að meiru a minnu leyti, og studdi hvar sem var að framförum og þjóðegun. Hann var einn hinn mesti höfðingi í hjeraði og heim ð sækja hjer um land. — *Hannes Stephánsson Stephensen*, restur að Þykkvabæjarklaustri, ljezt 13. dag ágústmánaðar. Hann var fæddur að Kálfafelli á Síðu 18. dag febrúarmánaðar 846, útskrifaðist af lærðaskólanum 1867 með annari aðalein-

kunn, og gekk síðan prestaskólaveginn. Hann vígðist haustið 1871 til Fljótshlíðarþinga og var þar prestur þangað til vorið 1878 að hann fluttist til Þykkvabæjar, er honum hafði verið veittur í des. árinu áður. Hann var dugnaðarmaður mikill og vel látinn. — Þá ljezt einnig *Einar Hjörleifsson* fyrrum prestur á Vallanesi, 19. dag ágústmánaðar. Hann var fæddur á Bakka í Borgarfirði 2 dag nóvembermánaður 1798; tveim árum síðar fluttust faðir hans að Valþjófsstað, og ólst Einar þar upp, lærði síðan skólalærdóm hjá Bjarna presti Vigfússyni á Eyðum, og var útskrifaður af Geir byskupi Vídalín. Ár 1823 vígðist hann aðstoðarprestur föður síns, en er hann var látinn, var hann prestslaus um tíma, þar til hann varð aðstoðarprestur Salómons prests Bjarnasonar á Dvergasteini 1832, og varð hann prestur þar eptir hann 1835, og þangað til 1850, að honum var veitt Vallanes; þar var hann þangað til hann sagði af sjer við árslok 1877. Hann var þríkvæntur, og varð honum eigi barna auðið nema með miðkonu sinni, er Þórunn hjet; með henni átti hann 14 börn, og lifðu 5 þeirra föður sinn, og er eitt þeirra Hjörleifur prestur að Undirfelli í Vatnsdal. Einar prestur var með merkari prestum þessarar aldar, bezti fjelagsmaður, menntavin mikill, og skörungur sveitar sinnar í hvívetna. 1874 var hann sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar. — 21. dag sama mánaðar andaðist *Guttormur* prestur *Guttormsson* á Stöð í Stöðvarfirði. Hann var fæddur á Hofi í Vopnafirði 19. dag aprílmánaðar 1809. Er hann hafði fyrir nokkru lokið skólanámi sínu, vígðist hann 1841, og var þá fyrst aðstoðarprestur að Hofi í Vopnafirði til 1848, en síðan prestlaus, þangað til honum var veitt Stöðvarprestakall 1852; þar var hann prestur til dauðadags. Hann þótti heldur merkur maður og menntaður vel. — Snemma í nóvembermánuði andaðist *Páll Tómasson*, prestur á Knappstöðum í Stýflu. Hann var fæddur 10. dag nóvembermánaðar 1797. 1828 vígðist hann prestur að Miðgörðum í Grímsey; 1834 varð hann prestur að Miðdal í Laugardal til 1841, en 1843 fèkk hann Knappstaði í Skagafirði, og var þar þangað til vorið 1881, að hann sagði af sjer prestskap, og Knappstaðir voru sameinaðir Barði í Fljótum. Hann var allvel gáfaður maður, nokkuð

nkennilegur, prèdikaði alla æfi blaðalaust, sem fáir gjöra nú dögum.

Meðal annara merkra manna, er látizt hafa á þessu ári, á nefna þessa hina helztu: *Ara Arason* kansellíráð á Flugu-ýri ljezt 12. dag septembermánaðar. Hann var fæddur á lugumýri á nýársdag 1813. Hann lærði fyrst skólalærdóm á Pjetri prófasti Pjeturssyni á Víðivöllum, en síðan hjá Gunn-ugi Oddssyni dómkirkjupresti, og útskrifaðist af honum. 1831 gldi hann til háskólans, og las þar læknisfræði, en tók aldrei róf. 1839 kom hann inn aptur, og settist um kyrt á Flugu-ýri og reisti þar bú 1844, gekk sama ár að eiga Helgu, dótt-r sira Þorvalds Böðvarssonar. Þau áttu saman 11 börn, og fa 4 þeirra. 23. febrúar 1878 var hann sæmdur kansellíráðs-afnbót. Hann var höfðingi mikill í hjeraði, framsýnn og ráð-jall, en heldur þótti hann í sumu undarlegur í ýmsum skoð-um sínum. — 25. dag aprílmánaðar druknaði *Ásgeir Finn-gason*, dannebrogsmaður á Lundum í Borgarfirði; hann var þ fylgja manni yfir Þverá á ísi, en drukknaði niður um ísinn. ann var með merkustu bændum hjer á landi; var á sjötugs-dri. — 1. maí ljezt *Guðmundur Franklín Guðmundsson*, ifræðingur á Mýrum í Dýrafirði (f. 9. des. 1855). — 17. júní zt *Friðgeir* bóndi *Olgeirsson* á Garði í Fnjóskadal, bezti niður og í öllu vel metinn (f. 11. júlí 1834). — 6. maí dó áll *Johnsen*, fyrrum faktor á Akureyri. — 27. ágúst lèzt dward *Siemsen*, fyrrum kaupmaður og konsúll í Reykjavík, 1815). — 17. október dó *Christján Möller*, fyrrum kaup-aður og veitingamaður í Reykjavík.

Meðal *merkiskvenna* þeirra, er ljetust, má nefna þessar:). dag aprílmánaðar ljezt *Anna Guðrún Eiríksdóttir*, kona óns Borgfirðings, lögregluþjóns í Reykjavík (f, 8 febr. 1828). - 3. apríl dó húsfrú *Ólína Egilson*, kona Egils Egilssonar, þingismanns í Reykjavík. — 21. apríl dó *Gytta Elín Thorla-us*, ekkja Bjarna heitins læknis Thorlacius á Eskifirði. — 12. lí andaðist frú *Þórunn Ottesen*, ekkja Pjeturs Ottesens, fyrr-m sýslumanns í Mýra- og Hnappadalssýslu, 88 ára gömul . 24. júní 1793). — 6. september dó frú *Guðlaug Guttorms-*

dóttir, ekkja Gísla heitins læknis Hjálmarssonar. — 29. september dó frú *Kristrún Jónsdóttir*, ekkja Hallgríms heitins Jónssonar, prófasts á Hólmum, 75 ára gömul — 17. nóvember dó ungfrú *Laufey Bjarnardóttir* á Laufási, 24 ára (f. 12. júlí 1857). — 19. nóvember dó frú *Ingigerður Tómasdóttir*, kona Benedikts skólakennara Gröndal í Reykjavík, 34 ára gömul. — 10. desember ljezt frú *Kristín Eggertsdóttir Claessen*, á Sauðárkrók (f. 1849).

Þá er og vert að geta tveggja íslenzkra merkismanna, er nú um langan tíma hafa alið aldur sinn í Danmörku, og önduðust á þessu ári: það eru *Magnús Eiríksson* og *Jón Johnsen*.

Hinn fyrnefndi var fæddur 22. dag júnímánaðar 1806 að Skinnalóni á Melrakkasljettu. Hann missti föður sinn ungur, en stjúpi hans, er þá varð, kom honum í Bessastaðaskóla, og tók hann burtfararpróf þaðan með hinum bezta vitnisburði. Eptir það var hann um tvö ár skrifari hjá Krieger stiptamtmanni hjer, en fór síðan utan með ráði hans, og las guðfræði við háskólann; tók hann embættispróf í henni 1837 með bezta vitnisburði. Stóðu honum þá þegar til boða góð embætti hjer á landi, en þar eð hann var eigi í öllu samkvæmur trúarsetningum þeim, er kirkjan hefir löggilt, gat hann eigi fengið af sjer að kenna gagnstætt sannfæringu sinni, og fór því hvergi. Hann sat því um kyrt í Höfn, og lifði þar alla æfi við hinn mesta skort og fátækt, og stóð i sífelldum deilum við kirkjuna og kirkjutrúna; hann átti hvergi höfði sínu að að halla, þangað til síðustu árin, að hann fjekk fjestyrk nokkurn sjer til uppeldis. Barátta hans við kirkjutrúna er alkunn hjer um land, og hefir hann gefið tvo ritlinga út á íslenzku um það efni; það kom eigi af vantrú, heldur af bjargfastri trú að annað en kirkjutrúin væri betra og rjettara, því að hann var allra manna guðhræddastur. Hjarta hans stóð öllum opið, og öllum þótti vænt um hann, og það jafnvel þó að mótstöðumenn hans væri; engum synjaði hann hjálpar sinnar, ef hann annars átti eyrisvirði til umráða. Hann var heiðursfjelagi bókmenntafjelagsins síðan 1857, og optast varaforseti þess síðan 1848. Hann andaðist 3. dag júlímánaðar, og var útför hans sæmileg gjör af

Íslendingum og öðrum vinum hans í Garnisons kirkjugarði í Kaupmannahöfn; þegar eptir dauða hans var farið að safna fje til minnisvarða á leiði hans.

Jón Jóhnsen etazráð var fæddur 24. dag febrúarmánaðar 1806 á Drumboddsstöðum í Árnessýslu, var útskrifaður af Árna stiptisprófasti Helgasyni 1826, og fór þá þegar til háskólans. Embættispróf tók hann í lögvísi 1830 með bezta vitnisburði. 1836 varð hann assessor og justizsekreteri í landsyfirrjettinum í Reykjavík; en sótti þaðan 1848, og varð þá bæjarfógeti í Álaborg. Þar hafði hann og ýms önnur störf á hendi; þessu embætti sínu hjelt hann þar til 1873, að hann sagði af sjer sökum sjóndepru. Hann var alla æfi mesti elju- og starfsemdarmaður, ljet sjer mjög annt alla jafna um hag Íslands, og hjelt uppi rjetti þess af öllum mætti á hinum fyrstu þingum hjer. Embættisfærslu alla vandaði hann mjög; hann hefir ritað *Hugvekju* um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrúkun hjer á Íslandi, ágæta bók, og svo *Jarðatalið*, er kom út 1847, sem er í alla staði vandað og ágætt rit. Hann var heiðursfjelagi bókmenntafjelagsins yfir 20 ár. Hann ljezt 7. dag júlímánaðar.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1882

EPTIR

JÓNAS JÓNASSON

PREST TIL STÓRUVALLA.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU EINARS ÞÓRÐARSONAR.

1883.

Yfirlit efnisins.

Frjettir 1882 . . . . . *1.—57. bls.*

1. Stjórn . . . . . 2.—16. —
2. Árferð og atvinnuvegir . 17.—25. —
3. Fellir og harðrjetti . . 25.—30. —
4. Menntun . . . . . 30.—42. —
5. Vísindalegar rannsóknir . 42.—45. —
6. Slysfarir, sóttir, lát heldra fólks . . . . . 45.—54. —
7. Viðauki . . . . . 54.—57. —

1882.

Árið 1882 er oefað eitt af hinum mestu óáraárum, sem dunið hafa yfir land vort á þessari öld, og lýð, að að öllu samtöldu gengur næst a undanna fyrir 100 árum, þó að mikið vanti að reisa sjer eins hræðilegan minnisvarða líka mikill munur á hag landsmanna þá og in þjakaði mönnum þá, en nú, einku verzlun í hagstæðasta lagi hjer á landi *um vand*. Þá voru það æðandi jarðeldar, er eyddu heil hjeruð og drápu fjenað manna hrönnum, og dreifðu ösku og brennisteini um land allt um sumarið, og eitruðu svo allan gróður, að fjedó af í fullum holdum, svo að tæpur sjöundi hluti fjár lifði af. Nú eru það hafísar, er hafa náð slíku tangarhaldi á landinu, að þeir slepptu því eigi fyr en seint og síðar meir, og höfðu í för með sjer slíkt illviðri í sumum hlutum landsins, að sumarið varð að vetri, og snjór og hríðar voru altíðust um slátttinn. Gras greri seint og illa, og varð eigi hirt, og varð það að stórtjóni. Ein auk þessara landplága, sem hafa sín í hvoru lagi veitt Íslendingum slíkan hnekki á þessu 100 ára bili, kom nú í viðbót landfarsótt, er geisaði yfir land allt, og vann slíkt tjón, að það mun seint fulltalið, bæði með manndauða og verkaspilli. Árið skildi svo við, að sumar sveitir voru nærfellt skepnulausar, hjargarlausar og allslausar, og áttu einskis annars úrkosti en flýja á náðir þeirra, sem betur gátu, eða fara á vergang. Skipsfarmar af gjöfum frá útlendingum geta eigi ljett neyðinni nema um stundarsakir, og sumir voru jafnvel orðnir á þeirri skoðun, að best væri að gefa að eins til þess að nokkur þúsundir þurfamanna gæti komizt til Ameríku, og má vera að þeir hafi eigi með öllu rangt fyrir sjer í því.

I. Stjórn.

Af lögum þeim, sem undir voru búin af þinginu 1881 til konunglegrar staðfestingar, voru 10 staðfest á þessu ári. Árið áður voru 12 staðfest, sem getið er um í þess árs frjettum, en helzt þeirra, sem hjer er um að ræða, og mest koma við almenningi eru þessi:

Víxillög fyrir Ísland. Þau voru staðfest af konungi 13. dag janúarmánaðar. Þau eru oflöng og flókin til þess, að auðið sje að draga hið helzta út úr þeim hjer, enda mun og alþýðu manna vera lítt kunnugt um fyrirkomulag víxilmála, til þess að glöggan útdrátt megi gjöra úr þeim. Sama er og að segja um *lög um víxilmál og víxilafsagnir*, staðfest sama dag. Lög þessi og innleiðsla víxla var mjög þarflegt, og getur komið mjög að góðu haldi til að ljetta undir viðskipti manna.

Árið 1880 kom út reglugjörð fyrir hreppstjóra, og þótti mörgum þeim þá vera ætlað ærið mikið verksvið. Nú voru samþykkt 13. dag janúarmánaðar *lög* þau, er þingið hafði staðfest, um *borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk*, og viljum vjer taka hjer hið helzta úr þeim. Laun hreppstjóra skulu goldin úr landssjóði, og nema 1 kr. fyrir hvern búanda mann í hreppnum, er eigi búi á minna jarðarparti en 5 hundruðum. Fyrir birting á fyrirkalli, stefnu, dómi o. s. frv. ber að gjalda 1 kr. fyrir hvern þann, er birt er, en í hjúamálum og skuldamálum, er ei nema 50 krónum, að eins 50 aura, og skal skipta því meðal stefnuvottanna. Auk þess skal og greiða stefnuvottum aukagjald í ferðakostnað, er eigi fari fram úr 2 kr. fyrir hvern þeirra, nema ef langleiði er að fara. Fyrir að lesa eða festa upp auglýsingar um uppboð o. fl. á opinberum stöðum bera hreppstjóra 50 aurar fyrir hvern stað, sem það er gjört á, og ferðakostnaður að auki. Sömu upphæð fær hann og fyrir fjárnámsgjörðir. Uppboðslaun eiga þeir og öll, ef uppboðið hleypur ei meira en 200 kr. Önnur uppboð er sýslumönnum ætlað að halda. Fyrir uppskriftir og virðingargjörðir á búum o. fl. til undirbúnings við skipti og uppboð bera þeim 1 kr. fyrir 200 kr., 2 fyrir 200—600, 3 fyrir 600-1200 kr. og 5 kr. fyrir meira en 1200 kr. virði, ef þeir gjöra það í sýslumanns umboði. Sömuleiðis skulu þeir og fá laun

eptir mati, eða að öðrum kosti 3 kr., ef þeir gjöra áreiðir eða fremja aðrar skoðunar- og virðingargjörðir fyrir hönd sýslumanns. Fyrir úttektir skal greiða hverjum úttektarmanni 2 kr. fyrir hvern dag, er úttektin stendur yfir. Sama skal og goldið hverjum skoðunar- og virðingarmanni, er skoðar og virðir fasteign, til hvers sem sú virðingargjörð miðar, sölu, veðsetningar eða einhvers annars; auk þess ber ritara gjörðarinnar, sem skal vera hreppstjórinn, 1 kr. í ritaralaun. Sama skal og goldið fyrir skipti á jörðum og húsum. Gjald til votta við fógeta-, skipta- eða uppboðsrjett er 50 aurar til hvers ef gjörðin stendur ei lengur en 8 stundir, en ef það er lengur samfleytt, skal goldið sem fyrir hálfan annan dag. Rjettarvottum við meðferð dómsmála borgist 1 kr., til jafnra skipta, fyrir hvert rjettarhald; vottar, sem notarius publicus hefir við nótaríalstörf, fái hver 50 aura. Fyrir fangaflutning og annan kostnað við fangahepting skal hreppstjóri fá gjald eptir ákvörðun yfirvaldsins. Gjöld þessi, sem hjer hefir verið á minnzt, greiðist og í opinberum málum og gjafsóknarmálum, og eru þá goldin fyrirfram úr landssjóði gegn endurgjaldi hjá þeim, er málið fellur á, en í einkamálum hefir hluteigandi lögtaksrjett að gjaldinu ef það er ei borgað tveim árum eptir að gjörðin er samin, hafi gjörðarbeiðandi ei goldið gjaldið fyrirfram eða innan þess tíma. Margir eru mjög óánægðir með lög þessi, og þykir gjaldið heldur skamtað úr hnefa í samanburði við önnur laun manna hjer á landi.

Þá voru og staðfest önnur lög, er miklu varða alþýðu manna, og samþykkt höfðu verið af alþingi árið áður. Það eru *landamerkjalögin;* þau voru samþykkt af konungi 17. dag marzmánaðar. Þar eð þau eru svo mikilvægt atriði landbúnaðarlagamálsins, og varða svo mjög alla þá, er eiga með jarðir, hvort sem er til eignar eða ábýlis, setjum vjer hjer hin helztu atriði þeirra: Hverjum jarðeiganda eða umsjónarmanni jarða er skylt að halda við glöggum landamerkjum á jörð sinni, og öllum hennar ítökum. Ef landamerki eru eigi glögg af landslagi, svo sem eru ár, gil eða fjöll, en sjónhending ræður, skal setja marksteina eða vörður á landamerkjum svo þjett að auðsæ sjeu merkin, eða hlaða merkjagarð eða grafa merkjaskurð, og skulu landeigendur til beggja hliða vinna jafnt að því. Ef annar skorast undan,

skal 5 búa kviður gjöra um, hvað mikið skal vinna það sumar. Eigendur og umráðamenn jarða eru skyldir að hafa nákvæma lýsing á landamerkjum jarðar sinnar, ítökum, hlunnindum og ískyldum, sem hún á, og á henni liggja. Þessa lýsingu eiga næstu jarða eigendur að samþykkja og rita undir hana, og svo þeir, er ískyldum eiga að svara eða ítaks að njóta; en síðan skal landeigandi láta sýslumann þinglesa hana á næsta manntalsþingi. Ef landamerkjum er breytt skal því og þinglýst á næsta manntalsþingi. Sá, sem eigi hlýðnast áður sögðum skipunum, er sekur um 20 kr. gjald í sveitar sjóð, en ef hann hefir ei hlýðnazt því í 5 ár, án löggildra málbóta, skal lúka tvöfalda sekt þessa fyrir hvert ár, er líður úr því. Allar síikar lýsingar og gjörðir skal sýslumaður rita í löggilta bók, er til þess er ætluð. Ef eigendur jarða skilur á um landamerki eða ítök, skal sá, er vill lúka þrætunni, stefna hinum til varnarþings. Leiguliði er umboðsmaður varnaraðila ef hann hefir ei annan kosinn. Sýslumaður velur átta menn í dóm á þingi, og kýs síðan hvor aðila tvo menn úr dóminum. Ef annar vill eigi ryðja, ryður hinn fyrir báða. Þessir fjórir menn og sýslumaður, sem dómstjóri, skipa merkjadóminn. Ef sakaraðili mætir eigi, skal hann gjalda varnaraðila 3 kr. í ferðakostnað dag hvern, en ef varnaraðili mætir eigi, nefnir sýslumaður menn úr dómi fyrir hans hönd. Ef hvorugur mætir, fellur málið niður. Frestur skal settur frá merkjadómi til merkjagöngu svo langur að nægi til að afla allra þeirra skilríkja, er auðið er; þó má fresturinn ei vera lengri en 18 mánuðir. Merkjaganga skal fram fara á hentugum tíma, er jörð er auð; skulu dómendur hafa ritað nöfn sín undir eiðstaf áður til starfa er tekið. Þegar skoðunargjörð er á enda, skal leiða vitni og leggja skilríki í dóm sem lög og venja er til, og heyja svo dóminn og setja síðan glögg landamerki eptir atkvæðum dómsins. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef þingsafglöpun eða önnur lagaleysa hefir átt stað í dóminum má innan 12 mánaða skjóta honum til landsyfirrjettar. Ef fleiri en einn eru eigendur jarðar, hafa þeir atkvæði sem einn væri. Dómendur skulu fá 3 kr. hver fyrir hvern dag, er þeir sitja í dóminum, og ákveður dómurinn, hver á að gjalda það. Ef dómsmaður kemur ei að forfallalausu til dóms, skal hann sæta 10 kr. sektum, og greiða allan kostnað af útívist sinni.

Sama dag voru og samþykkt *lög* um *friðun fugla og hreindýra*. Krían og spörfuglar, svo sem snjótitlingar, púfutitlingar, maríuerlur, steindeplar og prestir skulu friðhelgir á hverjum tíma árs, sem er. En allir aðrir fuglar, nema ránfuglar, lundi og bjargfugl, skulu friðhelgir frá 1. maí til 20. ágúst, og rjúpur frá 1. apríl til 20. ágúst. Sá er brýtur, sektist um 50 aura, og tvöfaldast það við hvert brot allt að 16 kr. Hreindýr skulu friðhelg frá 1. janúar til 1. ágúst, og skal sá, er brýtur, sekur um 5 kr., og tvöfaldast það við hvert brot upp að 80 kr. Helmingur sektafjárins rennur í landssjóð, en helftina fær uppljóstrarmaður.

Sama dag samþykkti og konungur *lög* um *bann gegn innflutningi á útlendum kvikfjenaði*. Er þar með öllu bannað að flytja inn í landið nokkurn útlendan pening, nema með sjerstöku leyfi landshöfðingja, og skal hann þá áður hafa leitað ráða dýralæknis um þetta efni, og birta reglur um það í stjórnartíðindunum í hvert skipti. Skipstjóri sá, er flytur inn fjenað með öðru móti, skal sekur um eigi minna en 100 kr., og eigandi fjárins um sama. Lög þessi eiga að varna því, að næmir fjársjúkdómar, einkum kláði, flytjist inn í landið, en hætt er við að örðugt veiti að nota sjer þau meðan enginn dýralæknir er til í landinu.

Lögin um *leysing á sóknarbandi* samþykkti konungur 12. dag maímánaðar. Samkvæmt þeim skal öllum húsráðendum, og öllum, sem eru fermdir og 18 ára að aldri, leyft að kjósa sjer annan prest en sóknarprest sinn. Skal hann semja við kjörprestinn, og tilkynna síðan prófasti, en prófastur sóknarprestinum samninginn. Eins skal að fara ef samningi er slitið. Sóknarleysingi skal skyldur að gefa sóknarpresti sínum skýrslu um öll prestsverk, er kjörprestur gjörir fyrir hann, og skal sóknarprestur geta þeirra í kirkjubók sinni. Skal sú skýrsla gefin innan hálfs mánaðar, og fylgja henni vottorð frá kjörpresti. Kjörprestur skal og geta verka sinna í sinni bók, en ei setja í ársskýrslu nema fermingu. Ef lengur dregst að gefa skýrsluna en 14 daga, varðar það 2—10 kr. sektum um viku hverja eptir ástæðum; sektir renna í hreppssjóð leysingja. Sóknarprestur brúðar skal lýsa til hjúskapar, og svo skal og lýsa fyrir honum meinbugum og hjúskaparbanni, en öll önnur ábyrgð hvílir á kjörpresti. Ef hjón vilja slíta sambúð, skal

kjörprestur fyrst gjöra hina lögboðnu sátta tilraun, en gefa síðan vottorð um hegðun þeirra; en ef hann getur það ei viðunanlega, skal sóknarprestur bæta við því sem á vantar. Sóknarprestur skal semja allar lögboðnar skýrslur nema um fermingu; frá henni skal kjörprestur skýra. Leysingi má þyggja alla prestsþjónustu af kjörpresti, og er honum heimil sóknarkirkjan og öll hennar áhöld til allra afnota en sjá að eins til þess, að það komi eigi í bága við prestsverk sóknarprestsins. Leysingi skal gjalda sóknarkirkjunni öll lögboðin gjöld og sóknarprestinum allar fastar tekjur.

Sama dag ritaði konungur undir *lög* um *kosningarrjett kvenna*. Ekkjur, og ógiftar konur, sem standa fyrir búi eða eiga með sig sjálfar, og eru fullra 25 ára að aldri, eiga heimild á að kjósa menn í hreppsnefnd, sýslunefnd og bæjarstjórn, og eiga atkvæði á safnaðafundum, ef þær fullnægja öllum þeim kröfum, er lögákveðnar eru fyrir þessum rjettindum.

Sama dag ritaði konungur undir *viðaukalög um stjórn safnaðarmála*, til uppfyllingar lögum um það efni, dags. 27. febr. 1880. Er það að eins ákvörðun um, að sóknarnefndir skuli jafna niður skylduvinnu þeirri, er hvílir á sóknarmönnum þegar kirkja eða kirkjugarður er byggður, og hafa umsjón með vinnunni og tilhögun verksins. Ennfremur ritaði og konungur undir *lög* nm *umsjón og fjárhald kirkna* sama dag. Í lögum þessum er svo fyrir skipað, að er tveir hlutir sóknarmanna, er gjalda til kirkju, óska á almennum safnaðarfundi, að söfnuðurinn taki að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, skuli það látið eptir, ef umsjónarmaður kirkjunnar er fús til þess, að fengnu samþykki hjeraðsfundar og biskups. Svo má og svipta prest fjárhaldi ljenskirkju og fela hana söfnuðinum, ef hjeraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til þess. Ef umsjónarmaður vill losast við fjárhald kirkju, tilkynnir hann það prófasti; lætur hann þá koma saman safnaðarfund, og ef tveir hlutir fundarmanna mæla með því, fer það fram, ella er málið fallið. Þegar söfnuði er afhent kirkja, skal prófastur gjöra úttekt á kirkjunni og öllum gripum hennar, og skal kirkjuhaldarinn greiða álag á kirkjuna, að því er sjóður kirkjunnar eigi vinnst til, og eins þó að kirkjan sje í skuld við hann; en þá skulu úttektarmenn meta að hve miklu leyti gjalda skuli skuld-

ina af kirkjutekjunum eptirleiðis. Ef öðrum hverjum líkar eigi úttektin, má heimta aðra úttekt. Sóknarnefndirnar eru skyldar að annast kirkjurnar, sem forráðamenn þeirra áður, og koma fje þeirra á vöxtu, en fá 6 af 100 í ómakslaun. Við þetta falla niður laun fyrir yfirskoðun kirkjureikninga.

Lög um *sölu fangelsisins á Húsavík* voru samþykkt af konungi 8. dag septembermánaðar.

Það sást brátt á, að ákvörðun sú, sem stendur í 9. gr. laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi, að «spítalagjald skuli aðeins heimtast af þeim afla, er fengizt hefði til ágústmánaðarloka 1881» var mjög óhallkvæm landinu, vegna þess, að síldaraflinn er mestur að haustinu; en þar var ákveðið, að lögin næði gildi 1. jan. 1882, svo að þar fjellu eptir þessum lagabága 4 mánuðir úr, svo að ekkert spítalagjald og ekkert útflutningsgjald lagðist á síldina eða annan afla, er aflaðist og væri fluttur út um haustið. Var þessu máli nokkuð hreyft í blöðum og brjefum, sem gengu frá Íslandi til stjórnarinnar, og fann hún hvílíkur skaði þetta var landinu, og vildi eigi láta það mikils í missa fyrir þessa handvömm þingsins. Voru því gefin út *bráðabirgðarlög* 16. febr., er kváðu svo á, að «afli sá, er fengizt hefði á árinu 1881, skyldi því að eins undanþeginn spítalagjaldi, að hann væri fluttur út úr landinu eptir 1. jan. 1882, og skyldi þá um leið lagt á hann útflutningsgjaldið» samkvæmt lögunum. Varð þessu þannig hrundið í lag, án þess það yrði landssjóði til nokkurs tekjumissis.

Nú um undanfarin ár hefir verið allmikil hreyfing meðal manna um það, að söfnuðir hafa viljað *sjálfir* fá að *kjósa sjer presta* sína, en eigi láta landstjórnina «setja þá upp á sig»; kvað svo ramt að þessu, að þegar Hólmar í Reyðarfirði voru veittir Daníel prófasti Halldórssyni frá Hrafnagili sumarið 1880, risu sóknarmenn gegn veitingu þessari, og vildu fá að halda presti þeim, er hafði verið þar áður aðstoðarprestur. Samt fór Daníel prófastur austur sumarið eptir, en fjekk þar eigi betri viðtökur en svo, að nær því enginn af söfnuðinum þá af honum nein prestverk. Báru þeir það fyrir, að hann væri gamall, og hefði aðstoðarprest, og lögðu það þannig út, að sjer hefði verið sendur prestur, sem ei væri fær um að þjóna brauðinu sjálfur, en væri eigi til annars en hirða tekjurnar. Situr

hjer um bil við hið sama par enn. Síðan hefir víðar brytt á hinu sama t. d. á Hofi í Vopnafirði í sumar, þó að par kæmist lag á milli prests og safnaðar; höfðu peir beðið um annan, en fengu eigi. Á þingi í fyrra voru samin lög um kosning presta, og voru þau send konungi til staðfestingar, en fengu eigi, og ritaði ráðgjafi landshöfðingja brjef, þess efnis, að það væri ógjörningur að fá alþýðu í hendur að kjósa sjer sjálfir embættismenn landstjórnarinnar» (því að það eru prestarnir auk þess að vera sálnahirðar, meðan ríki og kirkja er óaðskilið), sem hún myndi og hafa lítið vit á. Kvaðst ráðgjafi af þessum og fleirum ástæðum, og samkvæmt tillögum landshöfðingja, hafa lagt á móti því að lögin væri samþykkt. En þrátt fyrir þetta hafa þó söfnuðir eigi látið af að mælast til að sjer mætti gefast kostur á að minnsta kosti að velja úr peim, er um sækti, en hingað til hefir því lítið verið skeytt. Það er öll von til að söfnuði langi til að vera lausir við þá presta, sem eru kunnir að óreglu, eða ósæmilegu athæfi manna á meðal, þó að það sje eigi víst að veitingarvaldinu sje það kunnugt, og langi til að fá heldur þann prest, sem þeir þekkja að góðu einu, en þó getur slíkt vald í þeirra höndum verið illa komið. Sigurgeir heitir maður, og er Jakobsson; hann hefir verið prestur á Grund í Eyjafirði síðan 1860. Hann hefir allajafna verið drykkjumaður mikill, svo að legið hefir við að hann yrði settur af kjöti og kalli, en eigi orðið af. Loksins fóru þó svo að taka út yfir stórhneykslanir hans, að hann var kærður fyrir dómi, og bárust slíkar sögur í kæruefni, að það hefði þótt ýkjur, ef staðið hefði í skáldsögu; en sá var munurinn, að petta var satt sagt. En þó tók út yfir allt, að milli 30 og 40 manna úr sóknum hans skrifuðu biskupi til 1879, þegar beiðið var að höfða drykkjuskaparmálið, og kváðust ekkert hafa að finna að prestinum, og mæltust til að hann mætti vera óáreyttur; en þá var málið komið svo á veg, að því var eigi gegnt. Þetta dæmi bendir þó á, að söfnuðum er eigi ávalt treystandi til að kjósa presta, eða velja þá, svo sómi sje að. Sigurgeir prestur var dæmdur frá kjöti og kalli 1882. En það er eigi nóg með það, að menn hafa látið í ljós fulla óánægju sína með ýmsar aðgjörðir veitingarvaldsins í þessu efni, heldur hefir hún og komið fram í öðrum kirkjumálum, t. d. út af brauðaskipunarlöguunum 27. febr.

1880. líka bæði prestum og söfnuðum við illa samsteypur þær og umrót á prestakallaskipun, er þar er gjörð, og hafa nokkrar þeirra eigi náð fram að ganga, og hefir það þegar valdið töluverðum breytingum. Sumstaðar hafa þannig sóknir orðið slík ólögabörn, að enginn hefir viljað þær, svo sem Holtastaðasókn í Húnavatnssýslu, er átti að sameinast við Hjaltabakka; en síðan (1881) varð sú breyting á, að Hjaltabakki var sameinaður Þingeyrum, en Undirfell varð látið vera eitt sjer sem áður. Líkt er um Grundarbrauðið, þar sem Sigurgeir prestur vill (að sóknarmönnum vilja eigi þar láta skipta brauðinu upp á sama hátt og fyrir var lagt í lögunum. Báðar þessi mál úrskurðuð á þingi 1883.

Nú á síðari árum hefir verið töluvert talað um, að nauðsyn væri á, að *jarðamatið* væri endurskoðað. Árið 1881 kom beiðni frá hreppsnefndinni í Landmannahreppi til landshöfðingja um, að jarðirnar í þeim hreppi væri metnar af nýju. Landshöfðingi sendi beiðni þessa ráðgjafanum, og ljet þar með fylgja tillögur nokkrar, er gæfu stutt að því, að samið yrði lagafrumvarp um endurskoðun jarðabókarinnar, er yrði svo snemma fullbúið, að það yrði lagt fyrir þing 1883. Lagði hann það til, að lagt yrði fyrir hreppsnefndir að semja nákvæma lýsing á hverri jörð í hreppunum, og senda hana sýslunefndinni fyrir júnímánaðarlok 1882; að tekin væri fram hver nýrunni af náttúrunnar völdum á jörðinni, og hvernig hún er til kominn, og svo jafnað að tiltölu hundraðatal á jörðunum, þó þannig, að *jarðarhundraðatala á hverjum hreppi héldist óbreytt*, en sýslunefndir yfirfæri og jafnaði á sama hátt milli hreppanna, þó svo, að *hundraðatalið í allri sýslunni héldist óbreytt*, og senda síðan landshöfðingja, o. fl. Ráðgjafinn fjellst á allar tillögur landshöfðingja, og fal honum á hendi að koma þessu í kring, og var þá þegar sent umburðarbrjef til allra prófasta og sýslumanna um land allt til þess að fá hinar nauðsynlegu skýrslur, með skýrsluformi, er þar til heyrði, og helztu reglum, er jarðamalið skyldi fara fram eptir.

Af *gufuskipaferðum* og *póstmálum* er fátt að segja. Miðsvetrarferðin fórst fyrir samkvæmt áskorunum þeirri, er frá er sagt í fjettum frá fyrra ári, en aukaferð sú til norðurlandsins, er þar átti að koma í staðinn fyrir hana, kom að litlu haldi

sem síðar mun sagt verða. Viðvíkjandi póstmálunum er þess getandi, að ákveðið var, að póstmerki hin íslenzku skyldu vera með sama lit og önnur póstmerki í póstsambandinu, og var því breytt svo til, að 5 aura póstmerki skyldi hjeðan af vera græn á lit, 20 a. blá, og 40 a. lifrauð, og skyldi þau notuð frá 1. degi júlímánaðar. Þá voru og 3 aura merki upp tekin.

Vegabótum var haldið ótrauðlega áfram þar sem því varð annars við komið fyrir fönnum og illviðrum. Má helzt til nefna, að tekið var að byrja að leggja nýjan veg yfir Mosfellsheiði, og gjört við Svínahraunsveginum, sem nær var orðinn ónýtur, og lokið vegargjörð yfir Hellisheiði. Svo var og farið að byrja á nýjum vegi yfir Vaðlaheiði, og lokið vegargjörð yfir Siglufjarðarskarð. Veginum á Grímstungnaheiði var og haldið áfram. Svo var og allmiklu fje og tíma varið til póstleiða í sveitum og sýsluvega. Brúargjörðir voru litlar, nema brúin komst á aðra kvíslina á Skjálfandafljóti, en ákveðið var, að 600 kr. af fje því, er lagt var til sýsluvega í Skagafjarðarsýslu, skyldi varið til brúargjörðar á Valagilsá; þá var og ákveðið, að byggja skyldi að nýju brúna á Jökulsá á Jökuldal (á Brú), þar eð hún væri farin að gjörast ærið fornfáleg. Var gjört ráð fyrir að skrifa Tryggva kaupstjóra Gunnarssyni, og biðja hann að annast um að kaupa brúna, og var ætlazt á að sjóður brúarinnar mundi nægja til kostnaðarins (1882 um 3350 kr.).

Af þeim 20000 kr., sem alþingi, hafði veitt til aðgjörðar fjallvegum og sýsluvegum úthlutaði landshöfðingi beinlínis til þessa 19650 kr., og var þeim skipt þannig niður:

Til vegarins á Yxnadalsheiði	250 kr.
— Siglufjarðarskarðs og Vatnsskarðs	1400 —
— Vaðlaheiðarvegarins	2000 —
— Dimmafjallgarðs og Vestdalsheiðar	1500 —
— Sæluhúss á Mývatnsöræfum	1000 —
— Grímstungnaheiðar	1500 —
— Hellisheiðar, Svínahrauns og Mosfellsheiðar	3000 —
— Þorskafj.heiðar, Bröttubrekku, Laxárdalsheiðar og Haukadalsheiðar	3000 —
— sýsluvega um land allt (N. og A. umd. 2500, í V. umd. 1500, og í S. umd. 2000)	6000 —

Styrkur af landssjóði var veittur til margs og mörgum,

einkum til búnaðar, atvinnuframfara, menntunar og styrktar. Má af því helzt til nefna, að Þorvaldi kennara Thóroddsen á Möðruvöllum voru veittar 1000 kr. til þess, að rannsaka Múlasýslurnar og sjerstaklega silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli, og gjöra áætlun um, hvort það svaraði kostnaði, að vinna hann. Svo voru honum og veittar 500 kr. til verkfærakaupa. Til barna- og unglingaskóla voru veittar nærfellt 4300 kr. og kom það niður á 16 skóla. Af þeim fjekk skólinn í Flensborg mest: 1000 kr. Annars er eigi rúm til þess, að telja upp fjárveitingar þessar hjer, en sumra þeirra mun verða getið síðar í frjettum þessum.

Til *uppbótar fátækum brauðum* voru lagðar 4500 kr., er var skipt á milli 28 hinna fátækustu þeirra; sömuleiðis var og 2500 kr. skipt milli 48 prestsekkna.

Meðalverð allra meðalverða í öllum verðlagsskrár-umdæmum landsins var á þessa leið:

Í Austur-Skaptafellssýslu	46	a. al.
- Vestur-Skaptafellssýslu	45	- —
- Rangárvallasýslu	48	- —
- Árnessýslu	56	- —
- Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ	58	- —
- Borgarfjarðarsýslu	57	- —
- Mýrasýslu	58	- —
- Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	57	- —
- Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	56	- —
- Strandasýslu	61	- —
- Húnavatnssýslu	55	- —
- Skagafjarðarsýslu	54	- —
- Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	53	- —
- Þingeyjarsýslu	55	- —
- Norður-Múlasýslu	58	- —
- Suður-Múlasýslu	62	- —

Þess var getið í frjettum frá fyrra ári, að Trolle fór hjer í kring um land til þess að kynna sjer fiskiveiðar hjer við land og samdi um það fróðlega skýrslu. En síðan fór hann að færa sig upp á skaptið, og gaf ráðgjafanum skýrslu, er sýndi, að honum þótti Norðmenn veiða ólöglega í landhelgi hjer við land,

þó að það kynni að geta verið að þeir veiddi síld hjer við land að nafninu til fyrir norsk fjelög, er hefði leyst borgarabrjef hjer. Lá það í skýrslu Trolles, að honum sárnaði mjög, að skip með *útlendu flaggi* veiddi í landhelgi við Ísland, og drægi þannig auðinn út um greipar þeirra, er í raun rjettri væri langt um betur að þeim gróða komnir. Landshlut og spítalagjald eða útflutningsgjald samkv. hinum nýju lögum sleppti hann að tala um. Skjal hans og skýrsla hafði þann árangur, að ráðgjafinn reis upp öndverður, og skrifaði landshöfðingja, að eigi mætti svo búið lengur standa með síldveiðar Norðmanna í landhelgi við Ísland. Sömuleiðis reit hann utanríkisráðgjafanum ákvarðanir, er konsúlar Dana í Noregi skyldi birta þar; voru hinar helztu þessar: *að* engir aðrir en danskir þegnar mætti stunda fiskiveiðar í landhelgi; *að* utanríkis menn, sem óska að veiða *sjer*, eða í *sameiningu* við *Íslendinga* eða *aðra danska ríkisþegna* verða að öðlast *fast heimili* á Íslandi eptir reglum um heimilisfang; borgarabrjef eða önnur slík atvinnuleyfi gilda ekkert; *að* öll veiðaskip skuli vera dönsk eign, og að minnsta kosti hálf skipshöfnin, auk skipstjóra og stýrimanns, skuli vera heimamenn hins danska ríkis. Samkvæmt þessu skoraði ráðgjafi á landshöfðingja, að sjá um, að engu samlagi, hverju nafni sem nefndist, væri leyft að veiða eina síld í landhelgi, ef grunur væri á, að útlendingar væri að einhverju leyti hluteigendur í því. Brjefi þessu var tekið með óþokka miklum, og var spáð um það óþægilegum eptirköstum, enda mun hugur Norðmanna til Dana lítið hafa batnað við þetta. Orð leikur á, að þessu hafi verið hlýtt miðlungi vel og gekk eitthvað af klögunum á af þessu; þar á meðal var mál hafið gegn hinum mikla dugnaðarmanni Einari Guðmundssyni á Hraunum í Skagafirði, er mjög stundar fiskiveiðar og framfarir í sjávarútvegi öðrum fremur þar nyrðra. Hann hafði fengið norskan fiskimann á skipi upp þangað, og stundaði þar sjó með honum og heppnaðist vel. En þetta var, gagnstætt ráðgjafa brjefinu góða, og var hann því lögsóttur í landsins nafni, en dæmdur sýkn hæði fyrir undir- og yfirrjetti. Trolle ljet mjög af því, hve nauðsynlegt og vænt það væri, að Danir stofnuðu öflugt síldveiðafjelag, og væri svo einir um hituna, og vildi því kynna sjer betur fiskiveiðarnar hjer við land,

og svó kenna Íslendingum um leið, og sótti því um 2000 kr. styrk í hverju embættisráði til þess. Enn því var synjað.

Eitt af lögum þeim, sem eigi náðu staðfestingu konungs vors *lausafjárnámslögin*. Ráðgjafinn lagði á móti staðfestingu þeirra, af því að honum þótti mjög ísjárverð sú ákvörðun þeirra, að engum sjé leyfilegt að þvergirða á, þó svo kynni til að vilja að hann ætti land að hinni báðum megin á sama stað. Hjer eru nú Elliðaárnar, þessi gamla hneykslunarhella, prætueplið; ráðgjafinn skýrskotaði til gamallar frumreglu, sem lengi hafi átt heima óáreitt í íslenzkri löggjöf, að sá, sem ætti land að á tvöm megin í sama stað, ætti fullan rjett á að þvergirða hana; þessi regla, sagði hann, var samþykkt í umræðunum um landbúnaðarlagafrumvarpið, lagði hann því þann úrskurð á, að engum yrði meinað að hafa þvergirðingar þegar svo stæði á, ekkert var tekið þar fram um það, hvort sama gilti, ef aðrir ættu land ofar að ánni. Sagði hann að mál þetta yrði að bíða úrslita, sinna þangað til hæstarjettardómur fjelli í máli Thomsens kaupmanns.

Úr því að Elliðaármálin eru komin hjer til umtals, er rjett að geta hjer *dóms* Jóns landritara Jónssonar í kistubrotamálinu. Hann var kveðinn upp 22. dag maímánaðar, og var í þeim dómi Þorbjörg yfirsetukona Sveinsdóttir dæmd í 40 kr. sekt, og 8 aðrir, Árni bóndi Jónsson í Breiðholti, Bergsteinn Jónsson söðlasmiður og Marteinn Jónsson sjómaður, til minni útlátar. Svo voru þau og dæmd í allan málskostnað og fangelsiskostnað. Hin 29 aðrir, er beinlínis höfðu unnið að kistubrotunum, voru sýknaðir fyrir þá sök, að málið væri ofseint höfðað gegn þeim. Síðan leyfði ráðgjafinn að skjóta dómunum til úrskurðar hæstarjettar.

Í fjettunum í fyrra skýrðum vjer síðast svo við *Kristmannsmálið*, að sakar Jóns Jónssón var skipaður sannsóknardómari í því máli. Hann gekk fram í því með mestu röggsemd, sem venja hans var til, og rannsakaði málið gaumgæfilega, en ekkert hafðist upp, og varð svo kyrrt að vera.

Þegar landsbókasafnið var flutt af dómkirkjuloftinu, varð það autt; var þar þá skipað herbergjum, og lögð þar til geymslu hin helztu skjalasöfn landsins, og skjalasöfn landshöfðingja, stiptsyfirvaldanna, amtmannsins yfir Suður- og Vestur-umdæm-

inu, biskupsins, landfógetans og hins umboðslega endurskoðanda. Svo voru og gjörðar ráðstafanir um afnot skjalasafna þessara og hirðingu á þeim.

26. dag aprílmánaðar samdi landshöfðingi skipulagsskrá um «Styrktarsjóð Hannesar Árnasonar til eflingar heimspekilegum vísindum á Íslandi». Staðfesti konungur hana 26. dag maímánaðar; hún er að öllu samhljóða ákvörðunum þeim, sem finnast í erfðaskrá hans, og eru þær prentaðar í «Frèttum frá Ísl.» 1879, bls. 36. 12. febr. 1881 var sjóður þessi 30314 kr. 43 a.

Það hefir lengi verið illur kurr í læknum við smáskamtalækna þá, sem víða finnast um land, og þótt þeir spilla atvinnu sinni, og leggja líf manna í hættu með því að fást við að lækna þá. Einn af slíkum læknum í Húnavatnssýslu var þannig kærður um ólöglegar lækningar, og bannaði læknirinn honum öll lyf, og bauð sýslumanni að refsa honum. En hinn skaut máli sínu til amtsins, og amtið aptur undir úrskurð landshöfðingja, og var maðurinn sýknaður. Lögum þeim, er þingið afgreiddi um lækningar ólærðra, var synjað undirskriptar, og færði ráðgjafinn ýmislegt því til málbóta, en fór þó mjúklega með málið, og gjörði ráð fyrir að frumvarp mundi koma frá stjórninni um þetta efni til næsta þings.

Breytingar, sem urðu á *embættaskipun* hjer á landi, voru þessar:

Landshöfðingi *Hilmar Finsen* fór utan í ágústmánuði, og var *Bergur Thorberg*, amtmaður í Suður- og Vesturumdæminu skipaður að þjóna landshöfðingjastörfum á meðan, auk síns fyrra embættis.

Þá er landlæknir Jón Hjaltalín fekk lausn í fyrra, var Jónas Jónassen settur landlæknir; þótti mönnum vísara en víst að hann yrði það. En þá fór danskur læknir, *Georg Schierbeck* að nafni að sækja um það, og fjekk hann meðhald margra Íslendinga, einkum í Höfn, vegna orðs þess er af honum fór, en aðrir hjeldu mjög í mót honum af því að hann var danskur. Skiptust þeir í tvo andstæða flokka út af þessu, og varð af því deila mikil. Schierbeck tók tvisvar hið lögboðna íslenzkupróf áður, og stóðst hvorugt þeirra, og viljum vjer ei neitt um dæma, hvort þar var rjett eða rangt að farið. Síðan kom hann

samt upp hingað með fjölskyldu sína í októbermánuði, og ætlaði að leysa af hendi íslenzkuprófið hjer; hafði hann vonarbrjef fyrir embættinu, hve nær sem hann næði prófi. Hann tók síðan prófið, stóðst það, og var síðan settur landlæknir 31. dag októbermánaðar. Í fyrstu mætti hann mótspyrnu nokkurri hjá nemendum við læknaskólann, því að þeir vildu ógjarna hlýða dönskum fyrirlestrum, en þó varð eigi neitt úr því.

Kandídat *Jón Sigurður Karl Kristján Sigurðsson Johnsen* var skipaður hjeraðslæknir í 12. læknishjeraði (Þingeyjarsýslu) 29. dag aprílmánaðar.

Bogi Pjetursson, hjeraðslæknir í Rangárvallasýslu, var skipaður til þess, að þjóna Vestur-Skaptafellssýslu 20. dag júlímánaðar, ásamt sínu eigin umdæmi, frá 1. degi ágústmánaðar.

13. dag. aprílmánaðar var kandídat *Guðlaugur Guðmundsson* settur sýslumaður í Dalasýslu frá 1. degi júnímánaðar. Engar aðrar breytingar voru gjörðar á embættum sýslumanna.

Prófastar voru tveir settir: 23. marz var *Bjarni* prestur *Sigvaldason* á Stað í Steingrímsfirði skipaður prófastur í Strandasýslu, og 29. ágúst *Þorvaldur Jónsson* prestur á Ísafirði skipaður prófastur í norðurparti Ísafjarðarsýslu.

Brauðaveitingar voru þessar:

Guðjón prestur *Hálfdanarson* á Krossi í Landeyjum fjekk Saurbæjarprestakall í Eyjafirði 8. dag. febrúarmánaðar. — *Oddgeir Guðmundsson*, prestur í Sólheimaþingum, fjekk Miklaholt í Snæfellsnessýslu 11. dag s. m. — Kandídat *Halldór Þorsteinsson* fjekk Landeyjaþingin (Kross-, Voðmúlastaða- og Sigluvíkurbrauð) 27. dag marzmánaðar. — *Eyjólfur Jónsson*, prestur í Kirkjubólsþingum fjekk Mosfell í Grímsnesi 11. dag maímánaðar. — *Þorsteinn Benidiktsson*, prestur að Lundi í Borgarfirði, fjekk Rafnseyri í Ísafjarðarsýslu 24. dag júnímánaðar. — *Helgi Árnason*, prestur að Söndum í Dýrafirði, Nesþing í Snæfellsness-sýslu 25. dag júlímánaðar. — *Eiríkur Gíslason*, prestur að Presthólum, fjekk Lund í Borgarfirði 12. dag ágústmánaðar. — Kandídat *Lárus Ólafur Þorláksson* fjekk Mýrdalsþing í Vestur-Skaptafellssýslu 21. dag ágústmánaðar. — Sama dag fjekk og kandídat *Finnbogi Rútur Magnússon* Kirkjubólsþing í Ísafjarðarsýslu. — *Jón Jónsson*, prestur í Dýrafjarðarþingum fjekk Sanda í Dýrafirði 16. dag septembermánaðar. —

Pjetur Jónsson, prestur í Fjallaþingum, fjekk Prestbóla frá fardögum 1883. 30. dag septembermánaðar.

Þessa getur gleymzt að geta í fjettum frá fyrra ári, að konungur veitti *Jóni* prófasti *Jónssyni*, presti að Mosfelli í Grímsnesi, Hof í Vopnafirði 29. dag nóvembermánaðar 1881.

Lausn frá embætti fengu þessir prestar:

Jón Ásgeirsson, prestur á Rafnseyri 16. dag maímánaðar með 430 kr. eptirlaunum, og *Jón Thorarensen*, prestur til Saurbæjarþinga í Dölum sama dag með 190 kr. eptirlaunum.

Prestvígðir voru þessir: *Lárus Ólafur Þorláksson* var vígður til Mýrdalsþinga, *Halldór Þorsteinsson* til Landeyjaþinga og *Finnbogi Hjörtur Magnússon* til Kirkjubólsþinga 27. dag ágústmánaðar; 3. dag septembermánaðar var *Þorsteinn Halldórsson* vígður til Fjarðar í Mjóafirði.

Kandídat *Halldór Eggertsson Briem* var skipaður af konungi til að vera annar kennari við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, frá 1. október, hinn 28. dag júlímánaðar.

Þorsteini Daníelssyni umboðsmanni Möðruvallaklaustursjarða var veitt lausn fyrir aldurs sakir og lasleika 8. dag maímánaðar, og var það umboð veitt aptur 28. júlí *Eiríki Ásmundarsyni* í Nesi frá 1. degi októbermánaðar. — Sömuleiðis var og *Ásmundur* stúdent *Sveinsson* skipaður umboðsmaður Arnarstapa umboðs og Hallbjarnareyrar 31. dag ágústmánaðar.

Landlæknir *Jón Hjaltalín* sagði af sjer embættinu, en hjelt peirri, er honum var veitt árið áður, 29. dag aprílmánaðar.

4. dag maímánaðar staðfesti konungur *W. G. Spence Paterson* breskan *konsúl* fyrir Ísland með aðsetri í Reykjavík.

Af styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda í minning þúsundárahátíðarinnar voru *Kristni* bónda *Magnússyni* í Engey veittar 200 kr. fyrir afbragðsdugnað í sjávarútvegi og jarðabótum, og *Birni* bónda *Sigurðssyni* á Kollabæ í Rangárvallasýslu 120 kr. fyrir vatnsveitingar.

Frá fjekk og ekkjufrú *Guðrún Guðjohnsen* í Reykjavík hinn nýja verðlaunapening úr silfri fyrir jarðepli, og hinn stærra úr bronce fyrir kálrabí- og næpnafræ; peningá þessa fjekk hún send frá fræsýningu, er haldin var í Sundsvall í Svíþjóð í sumar.

II. Árferð og atvinnuvegir.

Það er einkennilegast við þetta ár, að það er hið harðasta ár, sem komið hefir í þeirra manna minnum, er nú lifa, en þó voru vetrarkaflar þess vægir, og mörgum vetrum betri, en sumarið aptur mörgum vetrum líkast. Annað var það og einkennilegt, að svo má segja, að tvö eða þrjú árferð hafi verið, á eigi stærri eyju en Ísland er, í einu, og hafi þannig eins og skipt í tvö horn með veðurfarið. Framan af árinu, í janúarmánuði, var skakviðrasamt mjög, útsynningsrosar og óveður í flestum sveitum landsins, en frostalítið og snjóalítið, og var víða svo á Suðurlandi að jörð fraus aldrei fyrri en eptir páska. Verst var þá veðurátt í Snæfellsnessýslu, en bezt í Múlasýslum. Rjett eptir nýárið setti niður snjó allmikinn í Múlasýslum, en 13. dag janúarmánaðar gjörði hláku mikla og tók allt upp. Í hláku þessari bar að hendi slys eitt í Seyðisfirði, er síðar mun frá sagt. Þá urðu og víða skaðar á húsum og heyjum nyrðra, og má að eins til nefna, að á Hillum á Árskógsströnd tók af baðstofu niður að veggjum, og á nokkrum bæjum nyrðra fór veðrið eins með hey manna. Rjett fyrir páskana (30. marz) gjörði stillingu, og kom þá hið bezta veður, eðlileg hlýindi og vorblíða, og hugðu þá allir að sumarið væri að ganga í garð. En á annan í páskum (10. apríl) tók að frysta, og gjöra norðanátt með hríðum og illviðrum, sem bezt eiga við á þorranum, og hjelt því, þangað til út yfir fór að taka um 20. apríl og allt til hins 29. s. m. . Þá var eitt hið eptirminnilegasta ofsaveður á norðan, einkum 24.—26., að slíks eru fá dæmi. Var þá eins og harðindin væri fyrst í fullri alvöru að ganga í garð; aður hafði verið eðlilegt vetrarveður, nema á Vesturlandi, einkum Snæfellsnessýslu; höfðu þau þegar tekið út yfir í marzmánuði, en aptur á móti var þá einmunatíð í Múlasýslum, því að þangað ná útsynningarnir trauðlega. Þenna 10 daga kafla má segja að hvergi væri út komandi nyrðra fyrir stórhríðum og kafaldsbyljum, en syðra var kafaldið minna, en veðurhæðin sú hin sama eða meiri til. Þá fyllti allt með hafís fyrir Norðurlandi og Austurlandi. Syðra jós þá slíkri grjóthríð og sandroki, einkum yfir Rangárvallasýslu, að sumar jarðir ónýttust með

öllu, og aðrar urðu fyrir stórskemmdum, einkum á Landi, Rangárvöllum og efra hluta Holtamannahrepps; drap hríð þessi fjölda fjár og hrossa; sama var og í Skaptafellssýslum. Vestra var það af verst, því að þar voru hvíldarlausar hríðar allan tímann frá 10. apríl allt til 6. maí. Slotaði þá aptur nokkuð óveðrunum, þangað til 23. maí. Þá dundu aptur yfir frost og fannkoma, og hjelzt það vestra allt til 15. júni, en nyrðra varð það eigi eins langvinnt. Þar var um allt Norðurland svo dimm hríð 24. maí að kunnugir menn villtust á alfaravegi, og maður varð úti í Hrútafirði. Svo má heita, að þessi tími, frá 10. apríl til 15. júni væri einn óstöðvandi og ólinnandi stórhríðabálkur, sem aldrei linnti nema fáa daga í maí; þá kom hláka um stund, er tók upp snjóinn, en snjerist upp í norðanhríð, svo að eigi varð út komandi. Syðra var vorið að sönnu eigi eins kafaldasamt, en þar voru sífelldir þurrir og kaldir norðannæðingar, er spilltu öllum gróðri. Hafísinn lá frá Straumsnesi við Aðalvík allt austur með Norðurlandi, samfrosta upp í hverja á og hvern lækjarós, og suður með landinu að austan, og allt vestur undir Dyrhólaey. Þó var hann altaf allur lausari fyrir Austurlandinu. Í hríðum þessum voru opt frost mikil (8—12° R.), og svo mikil vestra, að fyrstu viku maímánaðar fraus skip inni á Stykkishólmshöfn, og varð hestís kring um skipið. Seinast í júni fór að breytast til batnaðar syðra, og voru þar hlýindi góð í júlí, hitar og sunnan vætur, og tók að líta vel út með grasvöxt, og þó að einstökusinnum hlypi á norðan, varð ei neitt úr því. Norðanlands birti upp þokukafaldið vikutíma síðast í júni, en skall svo saman aptur með hríðahlaupum og frostum. Var þá svo kalt þar, að vetrarís var ei leystur af Ólafsfjarðarvatni í Eyjafjarðarsýslu 6. júlí. Seinustu dagana í júlí birti upp, en skall yfir aptur 4. ágúst, og sá þá eigi sól til höfuðdags; var þá meðalhiti frá 13.—22. ágúst nótt og dag óbreyttur 0° R. Með höfuðdegi birti upp, og kom góður tími í viku; þá fór loksins hafísinn burtu frá Norðurlandi. En samt hjeldust hríðaköstin allt til rjetta, og taldist mönnum svo til, að 10 sinnum hefði alsnjóað nyrðra frá Jónsmessu til rjetta. Verst var það hríðarkastið, er gjörði 12. september og stóð í 3 daga með 7° R. frosti. Þá voru ár riðnar á ís í Skagafirði og í Dalasýslu og víðar, og gengið á

skíðum úr Fljótum inn í Hofsós sakir ófærðar; fennti þá fje á afrjettum milli sveita, en ei á heiðum frammi, því að hríðarnar náðu aldri lengra en fram á fjallabrúnir; 23. sept. kom síðasta hríðin, og fennti þá hross í Laxárdalsfjöllum, afrjetti milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðar. Úr rjettum breyttist til batnaðar og var úr því hin hagstæðasta hausttíð. Þetta er nú sumarssaga Norðurlands, og að mestu líka Vesturlands. Eystra var sumarið öllu skárra, því að þar náði sunnanáttin að flæma hafísinn norður og niður í lok júnímánaðar, en allajafna var þar votviðrasamt. Syðra var aptur sífeld sunnanátt, en náði aldri að vinna bug á hafísaköfunum nyrðra, svo að áttirnar mættust allt sumarið á fjöllunum. Sumarið var heldur hlýtt syðra en votviðrasamt mjög, svo úr hófi keyrðu rigningarnar. Var svo allt haustið og fram á vetur. Haustið var gott um allt land, nema nál. því í miðjum september kom afskaplegt stórviðri á Suðurlandi (sama veðrið og hríðin mikla nyrðra), og fuku þá hey manna mjög t. d. á Kjalarnesi og í Kjós og víðar, að sumir mistu nálega allt, er þeir höfðu losað. Veturinn var góður víðast um land, en víðast hvar heldur skakviðrasamur frá því í nóvembermánuði. Fannkoma var mikil í Þingeyjarsýslum í uppsveitum í nóvembermánuði, og lá sá snjór fram til nýárs, og náði lítið til jarðar. Sömuleiðis kom og mikill snjór í Eyjafirði og Skagafirði austantil, og varð jarðlaust af áfreðum, en skánaði aptur, og var svo heldur góð tíð til nýárs. Með jólaföstu komu hríðar og jarðbönn í Stranda- og norðurhluta Ísafjarðarsýslu, og var svo til nýárs. Logndrífu mikla setti og niður í nóvember í Múlasýslum og Skaptafellssýslum, og rigndi niður í á eptir, og varð af því jarðlaust til nýárs. Sunnanlands var aptur á móti slík einmunatíð, að fáir þykjast slíka vetrartíð muna.

Vjer höfum farið hjer í nákvæmara lagi yfir veðráttufarið í ýmsum sveitum landsins, en oss þótti þess þörf til þess að skýra sem ljósast frá ástæðum hörmunga þeirra og eymdar, sem af þessu árferði hefir leitt.

Það þarf ei annað en sjá verðurfarsskýrslu þessa til þess að geta gjört sjer í hugarlund, hvernig *grasvöxtur* muni hafa verið. Gróður kom fjarskalega seint um allt land, og óvíða

um land var gróður kominn til muna í fardögum. Þó var þá kominn góður sauðgróður syðra. En nyrðra var um Jónsmessu jörð öll hvít, og kúm og eldishrossum var gefið inni fram undir þann tíma, þar sem annars var nokkuð til að gefa; sumstaðar greri þar aldrei, t. d. á útkjálkum í Hrútafirði, Strandasýslu og víðar. Þó varð þar að lokum í sveitum þolanlegt *gras* að vöxtum til á túnum, en á engjum mjög lítið; syðra og eystra varð gras meira, í meðallagi bæði á túnum og engjum, nema til fjalla; þar var hvervetna mjög snöggt. *Heyskapur* gekk óvenjulega illa, fyrst og fremst af því, að hvergi spratt fyrri en í júlí og ágúst, og svo gekk mislingasóttin eins og logi yfir akur í sveitum nyrðra um fyrra hluta sláttar. Sláttur byrjaði því syðra í 14. viku sumars, sumstaðar litlu fyrri, en nyrðra víðast hvar í 15. viku sumars. En bæði var þá heyvinnutíminn stuttur, heilir tímar fjellu úr, svo ekki varð að verið fyrir hríð og fönn, og ekkert þornaði fyrir þrotlausum úrfellum. Nyrðra náðu sumir töðum sínum þegar upp birti um höfuðdaginn, en góður þurkur kom þó hvergi þá nema í austurhluta Húnavatnssýslu. Sumstaðar, t. d. í Dalasýslu, Fljótum, og útkjálkum öllum nyrðra náðist enginn baggi inn, hvorki af töðu nje úthéyi, fyrri en síðast í september, og má nærri geta, að heyið hafi bæði ódrýgzt og dofnað í öllum þeim hrakningum. Sumir drifu hey sín áður saman, ef af bráði um stund, haugblaut, og hitnaði þá í þeim til stórskaða. Sama má segja syðra, nema þar var því verra, að haustið var líka svo votviðrasamt, að eigi varð náð heyi með nokkurri verkun. Lágu þau úti sumsstaðar, t. d. í Rangárvallasýslu til októberloka, og má þá nærri geta, að hverju gagni þau hafi verið orðin. Það má því óhætt fullyrða að *nýting* hafi orðið hin aumasta, og heyskapur hinn bágasti. Heyfallið varð í flestum sveitum nyrðra helmingur og allt niður að fjórðaparti við það sem er í meðalári, og eins í vestursýslunum, Dala- og Snæfellsnessýslum. Sumstaðar nyrðra var heyjað fram yfir veturnætur, og kúm beitt, því þá var sumarveðurátt. Vegna þess, hvað heyjunum var dyngt víða blautum saman, og þau drap í rigningunum, soðnuðu þau niður af hita og sortnuðu, og sumstaðar kviknaði í þeim, svo þau brunnu til kaldra kola. Svo fór t. d. í Deildartungu í Reykholtsdal, Mjóadal í Laxárdal í

Húnavatnssýslu, og Efri-Þverá í Miðfirði. Þar kviknaði í töðuheyinu um nótt, og voru tvær kýr í fjósinu kafnaðar af svælu er að var komið.

Garðarækt öll og kálvöxtur brást með öllu nyrðra; var það eigi lítill hnekkir fyrir Akureyri, þar sem vant er að fáist um 700 tunnur jarðepla, að ekkert lauf kom upp. Syðra var og árangur af henni í minna lagi.

Skepnuhöld manna voru hin bágustu sem orðið gátu. Bráðapest gekk eigi mikil um veturinn, svo mein væri að, en lungnasótt og ótirming kom mjög í gemlinga. Hrakviðrin hröktu og skemdu fjeð, þar eð það varð að liggja inni blautt og hrakið, fyltist það lús og öðrum óþrifum. Svo stakk sjer æðimikið niður einhver ókennileg veiki á sauðfje; það varð aflvana, og varð að skera það sumstaðar í fullum holdum, og sá ei annað á því, en að gollurhúsið var þanið út og fullt með blóði mengað vatn. Um *felli* af harðindum munum vjer tala síðar. Málnyta reyndist í lakara lagi víðast hvar, *þar sem annars var þje í kvíum* sakir lambadauða. Skurðarfje reyndist í meðallagi syðra en nyrðra mjög illa, þó skárra á hold en mör.

Aflabrögð voru mjög misjöfn um land allt, og má vel segja, að fremur hafi hamlað gæftaleysi og hafísar en fiskileysi. Eptir nýárið var aflalaust syðra og vestra, mest vegna ógæfta; aptur á móti var þá slíkur mokafli eystra að fá eru dæmi til, einkum á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, jafnvel af lúðu og síld, og er það fáheyrt um hávetur; fengu sumir í Reyðarfirði 2 til hálft þriðja þúsund á smáför, svo sem 4 manna báta. Á vertíðinni var góður afli syðra, og sömuleiðis á vorvertíðinni, einkum á Akranesi. Þá kom og um vorið allgóður afli bæði á Eyrarbakka, í Þorlákshöfn og fyrir Loptsstaðasandi; hjelzt afli þessi allan júlímánuð syðra og voru orðnir háir hlutir manna í kauptíð. Fiskafli var og góður eystra um sumarið; þegar hafísinn rak frá Norðurlandi kom þar og heldur góður afli, en varð örðugur aðdrátta vegna ógæfta og illviðra fyrri en undir veturnætur. Haust afli var sæmilegur kringum allt land í flestum veiðistöðum nema í Múlasýslum. *Hákarls* afli var því nær enginn nyrðra vegna ísalaganna.

Síldarfjelögin græddu eigi eins mikið þetta árið eins og

að undanförnu. Eystra aflaðist lítið af henni nema í einstöku stöðum, og svo að segja ekkert í Norðurmúlasýslu. Við Eyjafjörð fór hún eigi að veiðast fyrri en í október, og veiddist þá heldur vel fáa daga. Síldveiðafjelag var stofnað við Faxaflóa, með 20,000 kr. höfuðstóli, í sambandi við Norðmenn; byggðu þeir síldarhús mikið á Gufunesi, og höfðu skip mörg við veiðar, en fengu ekkert; sögðu kunnugir menn, að þeir hefði komið of seint til þess að ná í síldargöngur í flóanum, því að þær hefðu verið um garð gengnar.

Hvergi gekk *lax* í ár til muna þetta sumar vegna kuldanna, og silungsveiði var víðast mjög lítil. *Bjargfuglsveiðin* mikla við Drangey brást og með öllu, *Æðarvarp* varð ekkert nyrðra, en á Breiðafirði varð það í góðu meðallagi.

Hvalrekar voru óvenjulega miklir; má það þakka hafísnum, enda er það hið eina, sem gott hefir staðið af honum. Um vorið rak 4 hvali kring um Eyjafjörð, og 5 í Fljótum, og komu 3 af þeim á Hraunakrók. Svo rak og hval á Oddastöðum á Sljettu og kálf í Hornafjarðarósi; 2 náðust úr ísnum í Lóni; var annar þrítugur, en hinn sextugur. Svo rak og hval í Leirunni um haustið, og annan í Grindavík. En mest barst þó á land nyrðra í Miðfirðinum austanverðum; dagaði þar uppi torfu eina mikla af hvölum, er sprungu í ísnum; rak þar 31 hval á einni jörð, Ánastöðum á Vatnsnesi, og 5 á Bálkastöðum, bæ þar skammt frá. Svo voru og fleiri þar í kring, og voru þeir alls rúmlega 40 er þar komust að landi. Þetta happ varð allri Húnavatnssýslu, Dalasýslu og fleirum sýslum landsins að miklu gagni, enda var þar handagangur í öskjunni á hvalfjörunni. Bóndinn á Ánastöðum seldi með mjög góðu verði, en þó er gizkað á, að hann muni hafa fengið nál. 8—9000 kr. fyrir happ sitt.

Af *verzlun* er heldur lítið að segja, því að hún varð sumsstaðar á landinu engin nema haustverzlun, t. d. nyrðra. Áður en ísinn kom, voru skip komin á Akureyri, Sauðárkrók og Blönduós, eitt á hvern stað, og færðu þau birgðir nokkrar af vörum, nema Sauðárkróksskipið; á því voru tóm steinkol og leirílát!; síðan komst engi bátur að Norðurlandinu fyrri en í ágústlok. 23. ágúst komst eitt skip gegnum ísinn inn á Blönduós, og var það gjörtæmt á rúmri viku. Svo var og víða

nyrðra. Í sumum skipum var matvara orðin svo skemmd af hafvolkinu, að hún varð ei seld, og var svo selt við uppboð, en sumu fleygt. Þannig var um eitt skip, er kom á Sauðárkrók. Norðlendingar, einkum Húnvetningar, höfðu stofnað sjer til vörupantana mikilla hjá Coghill hrossakaupmanni, en þegar til kom, komst skip hans aldrei neitt fyrir hafísnum, og var svo það fyrirtæki fallið. Um sumarið var skortur mikill á vörubirgðum nyrðra, og á Eyrarbakka, sem von var, því að allir þeir, sem nokkru gátu um þokað, keyptu korn handa fjenaði sínum. Syðra var verzlun heldur hagstæð, verðlag heldur betra en áður; kaffi var nú eigi dýrara en 50—58 a., sykur 45 a. en matvara var lík og áður. Saltfiskurinn var 65—70 kr. skippundið. Sumstaðar vestra, t. d. undir Jökli var verðlagið öllu verra, sem vant er að vera, t. d. um vorið var þar fiskfjórðungrinn 1 kr. en brennivínspottrinn 1 kr. 20 a., svo að 12 pund fiskjar þurfti móti pottinum. Ullin nyrðra var víðast 80 a. Haustverzlun var ákaflega mikil og afskapleg fjártaka, einkum á Akureyri. Kjötverðið var 14—20 a., mör 33 a., gærur 1,50—3,00. Skip komu og þangað frá Noregi með allar nauðsynjavörur, og verzluðu víðsvegar með firðinum, og þóttu hin beztu kaup við þá. Tvö skip strönduðu um haustið, annað í Keflavík, hitt á Vatnsleysuströnd og gjörði það nokkurn verzlunarhnekki. Það kom mönnum nú að góðu haldi þar sem menn þurftu svo mjög að fækka því fje sínu, sem eptir var, að Slimon í Leith lætur Coghill, erindreka sinn, reka hjer fjárverzlun í landi. Coghill varð nú mörgum sannur bjargvættur, því að annars hefðu menn eigi haft hálft verð upp úr fje sínu með því að skera það niður heima eða láta það í misjafnar verzlanir. Hann fór um haustið í vesturhluta Þingeyjarsýslu, Eyjafjörð, Skagafjörð, Húnavatnssýslu, Strandasýslu sunnan til, Dalasýslu og til Stykkishólms, og keypti á þessu svæði rúmar 22000 fjár, og nærfelt 1500 hross. Fyrir sauðfjeð gaf hann að jöfnuði 16,50 fyrir kindina, og fyrir hrossin í kring um 50 kr. fyrir hvert. Fjenaður þessi nam rúmlega 466,000 kr. og var það mestalt borgað í peningum. En þó að fje þetta sje mikið í munni, er það þó langt frá að vera gróði fyrir landið, eins og sumum, svo sem útlendingum, sem ekki eru kunnugir hvernig hjer hagar, hefir fundizt. Ýmsir aðrir keyptu og hross til þess að flytja þau út, en fáir aðrir

keyptu fje á fæti, nema helzt Eggert kaupmaður Gunnarsson í Reykjavík.

Landbúnaðarlegar framfarir voru heldur litlar á þessu ári sem við var að búast; það áraði ekki til þess. Þó kuluaði ekki út allur áhugi manna með það, því að þrátt fyrir óáranið var þó settur upp búnaðarskólinn á Hólum um vorið, þó að fáir muni hafa sótt hann. Að púfnasljettun og túngarðahleðslu eða vatnaveitingum varð ekkert unnið, því að hver hafði nóg annað að starfa, að verjast hörku náttúrunnar um vorið og sumarið. Þó var nokkrum mönnum veittur styrkur til þess að kaupa landbúnaðarverkfæri, og búfræðingar voru að fara um sveitir nyrðra til þess að segja mönnum til í ýmsu því, er gæti betur farið við heyannir. Fáum mun hafa komið til hugar að reyna að súrsa hey sitt í ópurkunum, og ljetu það heldur hrekjast til stórskemmda. Þó var það reynt á einum eða tveimur bæjum í Borgarfirði, og gafst það vel. Voru þó ei betri tilfærur þar til þess, en svo, að það var gjört í venjulegri heytótt.

Eldsvoðar voru nokkrir, en urðu eigi að stórtjóni. 26. dag aprílmánaðar í stórviðrinu mikla brann allur framhluti bæjarins á Hjarðarholti í Mýrasýslu. Kviknaði þannig í, að eldneistar drógust upp um reykjarpípuna á eldavjelinni í eldhúsinu, og bárust fram á þurt stofuþakið, og kveyktu svo í. Nokkurum munum varð bjargað. Snemma í maí brann nýbyggt steinhús suður í Vogum; kviknaði í því um nótt, svo engi vissi af fyrri en það var nærri komið í bjart bál. Í húsinu voru margir sjómenn auk heimafólksins, og gat það brotizt út um glugga í nærfötum, svo að allir komust af slyppir nema ein stúlka, sem brann inni. Þar varð engu bjargað. Húsið átti Ari, sonur Egils Hallgrímssonar í Vogum. Þá kom og upp eldur í geymsluhúsi Krügers lyfsala í Reykjavík 20. júni. Stóð svo á, að verið var þar við lyfjasuðu (destillation), og sprakk kerið, eða yfirbinding þess, að óvörum, og hljóp ofan í eldinn. Logaði þegar upp, og sprakk reykháfrinn að vörmu spori og hljóp eldrinn þegar um allt loptið í húsinu. Eldurinn varð slökktur áður en húsið var að fullu brunnið. Það vildi til, að veður var kyrrt, því hefði hvassara verið, hefði allt miðbik bæjarins verið í auðsjáanlegum voða, því að ekki eru tilfærur

eða tilhögun til að slökkva, þegar eldur kemur upp, í sem beztu lagi. Aðfaranótt hins 29. desembermánaðar brann allur bærinn á Svertingstöðum í Miðfirði að köldum kolum; veður var dimmt, og menn þeir, er sendir voru á aðra bæi að leita hjálpar, villtust, svo að hún kom um seinan. Þar varð engu bjargað, nema litlu af rúmfötum, en inni brann þar mikið af munum, matvælum og nokkrar kindur. Hinna helztu heybruna höfum vjer áður getið.

Gripasýningar voru nú hvergi um land vegna ótíðarinnar, enda má ef til vill segja að það hafi gjarna mátt vera, því að slíkar smásýningar og þær, er haldnar hafa verið nyrðra, hafa verið lítið annað en til þess að tala um þær á eptir. Um sumarið kom iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík til hugar að æskilegt væri, að almenn gripasýning væri stofnuð, er væri fyrir land allt, og haldin væri í Reykjavík. Sömdu þeir svo boðsbrjef og ljetu þau ganga út um landið að boða mönnum að senda til sýningarinnar bæði smíðisgripi, vefnað, tóvinnu og annað, sem væri hægast að koma þangað. Til er ætlazt að öllu verði komið í lag til sýningarinnar í júni 1883, svo að hún geti staðið yfir um þingtímann, þegar flest er hjer um bæði af innlendum og útlendum.

Af framförum í *byggingum* kunnum vjer mjög lítið að segja, nema ef vera kynni, að um sumarið var reist í Reykjavík veitingahús mikið og veglegt, er nefnt er «Hotel Ísland». Það er skrautlegt mjög og vantað, og mun hafa kostað nærfelt 30000 kr. Eru nú eigi framar vandræði, þó að göfuga útlendinga beri hjer að landi, svo sem áður var. Annað veitingahús minna var þar og reist, eða öllu heldur steypt upp úr öðru eldra, og hlaut þaðið fagra nafn «Temperance Hotel» (hófsemdarhöll), en heitir nú Hotel Reykjavík. Nú eru alls 4 opinber veitingahús hjer í Reykjavík, og mætti vel vera að ekki stærri bær kæmist af með færra.

III. Fellir og harðrjetti.

Nú viljum vjer reyna, að því sem framast er unnt, að skýra frá ástandi og almennum hag manna á umliðnu ári; er þar

fyrst að skýra frá fjárdauða almennt, og síðan frá bjargarvandræðum þeim, er af því leiddi, tilraunum manna til þess, að sporna við hinum voðalegustu afleiðingum hallærisins, og að síðustu frá gjöfum þeim, er komið hafa frá útlöndum handa hinum bágstöddustu sveitum hjer á landi.

Þess var getið í frjettunum frá fyrra ári, að allmikil fjárfækkun hefði orðið vetrinn 1880—81 í sumum sveitum lands vors, einkum í Dala- og Snæfellsnes-sýslum. Það er eins og þær sýslur hafi orðið þyngst og harðast úti í þessum harðærum, og má það að miklu kenna fákænsku og fyrirhyggjuleysi manna, einkum í Snæfellsnessýslu, því að þar ætlar allt að deyja ef sjávarafli bregzt um tíma, og þá því heldur þegar landgagnið fer sömu leið. Veturinn var þar óvenjulega harður allt í frá nýári, fremur en í öðrum hjeruðum landsins, enda voru þar allir komnir á nástrá þegar í marzmánuði og farnir að skera niður fje sitt. Þegar blíðkaðist tíðin fyrir páskana, var samt útlit fyrir að öllu ætlaði að reiða þolanlega af, en er þá spillti aptur, fór allt um koll, og kýr, fje og hestar hrundu niður unnvörpum. Skæðastur varð fellirinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Kjósarsýslu, Strandasýslu, Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu inni vestri. Nokkuð margt fjell og í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslum, en í Norður- og Austuramtinu var fellir að tiltölu miklu minni, og varð þar víða eigi annað en lambafellir. Í Arnessýslu dó fátt fje af megurð, en þar vildi annað slys til, sem var svo sem til að bæta það upp. Í góðviðrunum fyrir páskana ráku bændur margir úr Hreppunum sauði sína fram á afrjett sem þar er siður til, var það alls hjer um bil 1400 fjár. En þegar hríðin mikla kom, vann hún á flestu þessu fje. Sumt barði niður og fraus niður á lagðinum, sumt fannst beinbrotið á víðavangi, sumt hrakti fyrir björg eða út í ár og læki og beið þar bana. Þegar upp stytti fóru menn að leita fjárins, og fannst þá allt dautt nema um hundrað, sem eptir lifði og var illa útleíkið. Í því veðri fórst og fjöldi fjár á Rangárvöllum og í Skaptafellssýslu hinni vestri, svo að sagt var, að menn, sem áttu 2—300 fjár, áttu eigi eptir nema 50—60 kindur. Sandhríðin eystra drap fjeð fremur en annað, því að þar eru bændur eigi svo útbúnir, að hafa húskofa til yfir fjenað sinn. Fylltust lungu

þess af sandi og möl, og sýktist svo fjenaðurinn og dó. Unglömb týndu tölunni um allt land, og víða var svo, að engar fráfærur urðu, og engi ær í kvium, og óvíða nema helfingur og þaðan af færra. Unglambadauðinn spratt eigi einungis af því, að ærnar fæddu eigi, heldur og af allskonar sýki og ótirmingu, vatnssýki við hjartað, mýlum og öðru slíku. Hross týndu og mjög tölunni, einkum tryppi, bæði í þeim sveitum, er vjer höfum áður nefnt, og svo líka í Skagafirði, sem vant er að vera þegar nokkuð harðnar. Kýr voru víða skornar af heyjum, bæði vegna þess, að skortur var fyrir sjálfar þær, og svo líka sumstaðar til þess að geta miðlað af töðu til annara skepna. Kornmatur mikill var keyptur víða í verzlunarstöðum til þess að gefa fjenu, þó að það sje ærið dýrt, en það lakasta var, að það dugði eigi til. Verzlanirnar tæmdust, og ekkert fjekkst meira; fjenaðurinn dó samt, þegar ekkert var lengur til, og fjöldi bænda, einkum eystra og vestra, stóð uppi skepnulaus og allslaus með þunga byrði verzlunarskulda á bakinu, og gat svo ekkert fengið handa sjer og hyski sínu, þegar ekkert var nema skuldirnar í aðra hönd.

Nákvæmar skýrslur um fellinn höfum vjer eigi getað fengið nema úr einstöku sveitum og hjeruðum, en þó nokkurn veginn nákvæmar úr þeim sveitum, sem verst eru farnar, t. d. Snæfellsnessýslu, en alls engar úr Strandasýslu og af Rangárvöllunum. Vjer setjum hjer lítinn útdrátt úr skýrslu, sem hefir komið úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, án þess þó að binda oss við nákvæmar tölur, því að skýrslan var alls eigi nákvæm úr sumum hreppum; þar voru skornar af heyjum um 24 kýr, en sem fellipeningur dóu hjer um bil 4600 ær, rúmlega 2200 geldar ær og sauðir tvævetrir og eldri, 3500 gemlinga, yfir 6000 unglömb, yfir 400 hestar og undir 400 tryppi; var fjenaður þessi alls metinn rúmlega 175,000 kr. Þetta er eigi lítill hnekkir fyrir eina sýslu. Í Dalasýslu fjellu 12 kýr, 154 hross, 3000 ær, undir 1000 roskins geldfjár, 2700 gemlingar, og undir 6400 unglömb. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fjell 66 kýr, 30 kvígur, 214 hross, 130 tryppi, 4500 ær, 550 sauðir, 4000 gemlingar og 4000 unglömb. Þetta er alls á svæðinu milli Skarðsheiðar og Oks að sunnan, og Gilsfjarðar að vestan um 136 nautgripir, 12100 ær, 3750 geldfjár, 10200 gemlingar,

16400 unglömb, um 670 hestar, og yfir 630 tryppi. Nemur þetta nær 480,000 kr. að peningaverði, samkvæmt verðlagi því, er almennast er og á það er lagt í skýrslum þessum, ɔ: nærfelt hálfri millión króna. Í Kjósarsýslu varð fellirinn þessu líkur: um 1500 fjár, um 1000 unglömb, og 110 hross. Þetta er ljótt registur, en þó er það satt, og mundi mikið um bætast, ef skýrslur hefði fengizt úr Strandasýslu og víðar að.

En þetta er eigi nóg; fjárfækkunin endaði eigi með því að fellinum slotaði, heldur urðu menn að fækka svo afarmiklu af því, sem eptir var vegna heyskaparleysisins í sumar. Þess er að eins getið, að í Strandasýslu væri sett á til jafnaðar þriðjungur og allt að fjórða parti fjár á móts við það, er áður var, og margur hafi ei sett á meira en kúgildin. Svo mun og vera víðar, þegar þess er gætt, hve margt fje var látið í verzlanir í haust og selt til Englands.

Almennt yfirlit yfir fækkunina á *öllu* landinu árið 1882 höfum vjer eigi getað komizt yfir og verður það því að bíða betra byrjar. Vjer setjum hjer almennt yfirlit yfir tíundarlækkunina í Suður- og Vestur-umdæminu á árinu, og er hún þessi: í Suðurumdæminu voru tíunduð haustið 1881 18270 lausafjárhundruð, en haustið 1882 að eins 12721. Í Vesturumdæminu voru talin fram 10969 lausafjárhundruð haustið 1881, en 1882 að eins 6570. Lausafjártíundin í báðum umdæmum hefir því lækkað úr 29239 hundruðum niður í 19291, það er: lækkað um rúman þriðjung (34 %). Í suðuramtinu lækkaði mest í Skaptafellssýslunum, um $^2/_5$ (40 %), minnst í Gullbringu- og Kjósarsýslu um nær fimmtung (18,9 %). Í vesturamtinu lækkaði mest í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: um nær helming (48,6 %), Dalasýslu rúma tvo fimmtu (43,9 %), en minnst í Ísafjarðarsýslu, tæpan þriðjung (32 %).

Af þessu ófullkomna yfirliti má sjá, hve mjög atvinnustofn manna hefir gengið til þurðar, og hvers mun mega eiga von. Þegar hjer við bætist heyskaparleysið og önnur vandræði, fóru menn að bera upp kveinstafi sína og knýja á landstjórnina um lán og líkn af fje landsins. Var lánað allmikið fje sýslum þeim, er harðast höfðu verið leiknar, með þeim kostum, að lánið skyldi endurborgað á 10 árum. Láni þessu var víðast varið til kornkaupa, bæði til skepnufóðurs og manneldis.

Þegar heljarfregnirnar um ástandið og harðrjettið á Íslandi bárust til útlanda, var þegar víða farið að gangast fyrir að safna gjöfum. Í Danmörku stóðu mest fyrir samskotum landshöfðingi vor, Hilmar Finsen, eptir að hann kom til Hafnar, og H. A. Clausen, etazráð; var með þeim nefnd manna, er stóð fyrir samskotunum. Gáfu þar margir höfðinglega, og má helzt til nefna konung vorn og drottning hans, 2000 kr., krónprinsinn og krónprinsessan 1000 kr., margir kaupmenn 500 kr. hver o. m. fl. Var svo ótrauðlega gengizt fyrir samskotum þessum, að í októbermánuði námu gjafir í Danmörku nærfelt 150,000 kr. Sumt af þessu fje var sent til Íslands til útborgunar í peningum, en sumt í matvöru og fóðurbirgðum. Komu þá með póstskipinu í október 2310 tunnur kornmatar, 10 tn. hveitibrauðs og 1200 tn. úrsigtis, og auk þess 400 «ballar» af heyi. Varð þetta til mikils styrks; þá var og safnað gjöfum í Svíþjóð og Noregi. Í Noregi söfnuðust og voru sendar 6000 kr. frá Helland, er ferðaðist hjer árið áður, og svo komu 500 kr. frá Lehmkul kaupmanni í Björgyn, er haft hefir síldarútgjörð við Austurlandið. Dr. Ph. Schweitzer í Jena safnaði gjöfum í Þýzkalandi, og sendi þær Helland um árslokin. Svo var og eitthvað safnað í Ameríku, en eigi er oss frekara um það kunnugt. Af íslenzkum kaupmönnum gaf stórkaupmaður W. Fischer í Reykjavík 5000 kr., er skyldi varið að eins til styrktar Borgarfjarðar- og Mýrasýslum. Lagði hann svo fyrir, að hver sýslan skyldi hljóta 1000 kr. virði í matvörum og 1500 kr. í peningum, og skyldi sýslunefndin útbýta því.

Skáldið William Morris og Mag. Eiríkur Magnússon gengust fyrir samskotunum á Englandi. Var borgarstjórinn í Lundúnum (Lord Mayor) formaður nefndarinnar. Söfnuðust þar saman á stuttum tíma 4800 pund sterling (86,400 kr.); en þegar minnst varði var farið að hamast í enskum blöðum á móti gjöfunum, og barið fram að harðindin, sulturinn og seiran á Íslandi væri bábyljur einar og þvættingur. Rjett í því að þessi kvittur gaus upp, lagði Eiríkur Magnússon upp með gjafirnar á gufuskipi frá Englandi, og voru á því 350 smálestir (hver smálest [ton] 10 tunnur) matvöru, og nokkuð af heyi.

Lagði hann 50 tonna af því upp á Berufirði eystra handa þeim, er bágstaddastir væri þar og í Skaptafellssýslunum, en með hitt fór hann til Reykjavíkur og norður fyrir land, bæði til Borðeyrar, Sauðárkróks og Akureyrar. Kom hann til Reykjavíkur 12. dag októbermánaðar og dvaldist þar nokkra daga. Var honum þar haldin veizla og sýnd mikil vináttubrögð fyrir ættjarðarrækt sína. Farnaðist honum vel norður um landið þó á væri liðið tímans, og gekk vel heimleiðis. Meðan hann var burtu hafði landi vor, Guðbrandur Vigfússon, fjelagi í Øxnafurðu lýst ættjarðarást sinni á annan veg, og ritað alllanga grein, og smeygt henni inn í Times; voru það hinar lúalegustu skammir, harðindin á Íslandi sögð tóm lýgi, spunnin upp til þess, að herja fje út úr ókunnugum og brjóstgóðum sálum, til þess að letingjarnir úti á Íslandi gæti lifað á þeim og þyrfti ei að vinna. Þessi níðgrein og aðrar fleiri gjörðu það að verkum, að Eiríkur Magnússon stóð uppi sem lygari og fjártálsmaður er hann kom aptur, og öll samskot hættu um stund. Þegar greinin kom til Íslands var henni þegar snarað á íslenzku, og var henni hvervetna illa tekið, og svar ritað gegn henni, og það sent til Englands.

Við þetta stóð nú við árslokin. Samskotunum var haldið áfram fram yfir nýárið, og heyrir það til frjettum næsta árs að skýra betur frá þeim og framhaldi harðrjettisins og afleiðingum fellisins.

IV. Menntun.

Embættispróf við *háskólann* luku á þessu ári þessir Íslendingar: í lögfræði: Jón Jensson og Ólafur Halldórsson með fyrstu einkunn, Guðlögur Guðmundsson og Franz Siemsen með annari einkunn; í læknisfræði: Móriz Halldórsson og Richard Olavsen, báðir með annari einkunn. Auk þess tók og Markús Ásmundarson frá Odda próf í lyfjafræði með annari einkunn.

Embættispróf við *læknaskólann* í Reykjavík tóku tveir: Ásgeir Blöndal með fyrstu einkunn og Bjarni Jensson með 2.

einkunn. Um haustið bættist einn piltur þangað af stúdentum þeim, er útskrifuðust um sumarið. Einn af stúdentunum hafði orðið sjúkur árið áður, og ljezt um sumarið, svo að um haustið voru eigi nema 4 stúdentar.

Embættispróf af *prestaskólanum* tóku tveir stúdentar, Lárus Ólafur Þorláksson og Finnbogi Rútur Magnúsarson, báðir með annari aðaleinkunn, 39 tröppum hvor. Um haustið bættust 8 stúdentar þangað, svo að 15 hlýddu fyrirlestrum þar veturinn 1882—83.

Próf í *forspjallsvísindum* tóku 6 stúdentar: fyrstu einkunn fengu Arnór Þorláksson, Halldór Jónsson, Jóhannes Sigfússon, Jónas Jónasson, Þorvaldur Jakobsson; aðra einkum fjekk Lárus Jóhannesson. Tveir af þeim, sem prófið áttu að taka, luku því eigi í það sinn.

Skömmu áður en piltar áttu að fara að lesa undir vorpróf í lærða skólanum, kom mislingasóttin, og lagði nærfelt alla skólasveina í rúmið í einu. Lágu þeir í sýki þessari allan síðara hlut maímánaðar og fram í júni, svo að þeir gátu eigi búið sig undir próf. Gengu að eins 6 piltar undir vorpróf, en hinir frestuðu því til hausts. En er að því kom, að skóli skyldi settur um haustið, sást það á, að piltar voru illa búnir við prófi vegna þess einkum, að samgönguleysið um sumarið hafði hamlað þeim að fá bækur þær, er þeir þurftu, svo að prófinu var sleppt, og allir fluttir upp, nema fáeinir, sem ei voru álitnir til þess hæfir; var þeim gefinn kostur á að taka próf, ef þeir vildu til reynslu, eða sitja kyrrir ella. Tóku þá sumir þeirra próf og komust svo upp. Þeir, sem út áttu að skrifast, gengu undir burtfararpróf í miðjum júlí, nema tveir, Bogi Melsteð og Friðrik Jónsson. Þeir gátu eigi þá sakir afleiðinga af veikindunum, og útskrifuðust svo í októbermánuði. Stúdentsprófi luku 16 piltar og auk þeirra 3 utanskólasveinar; voru þeir þessir, er nú skal greina. Fyrstu einkum fengu: Gísli Guðmundsson (99 tr.), Jón Stefánsson (99), Kristinn Daníelsson (97), Sveinbjörn Sveinbjarnarson (96), Ólafur Davíðsson (94), Hafsteinn Pjetursson (93) og Jón Sveinsson (87). Aðra einkum fengu. Jón Þorkelsson (80), Sigurður Thoroddsen

(80), Stefán Jónsson (76), Niels Finsen (73), Bogi Melsteð (73), Hannes Lárus Þorsteinsson (71) og Hannes Thorsteinson (66). Þriðju einkum fengu: Halldór Bjarnarson (59) og Pjetur Þorsteinsson (51). Af utanskólasveinunum fengu tveir fyrstu einkunn, Árni Jónsson (95) og Stefán Gíslason (93), og einn, Friðrik Jónsson, aðra einkunn (67 tr.). Auk þessara sextán ljezt einn piltar í febrúarmánuði, en einn bættist við um vorið, svo að í lok skólaársins voru piltar 110. Um sumarið sögðu sig 5 úr skóla, ýmist alveg eða til heimalesturs, en 12 bættust inn í skólann, svo að við fyrstu röðun í desember voru þeir 117 að tölu.

Lítið gekk með skólareglugjörðina þetta ár; hún hafði verið send ráðgjafanum til skoðunar, og ljet hann það álit sitt í ljós, að bezt væri að vita, hvað þingið 1883 segði um það mál; auk þess þótti honum og lítið fylgja af ástæðum fyrir breytingartillögum þeim, er þar voru, og skoraði á landshöfðingja að leita betri skýringa á málinu áður en það væri leitt til lykta. Að sönnu hefir lýst sjer megn óánægja út af ástandi og kennslu skólans á síðustu árum, þó mest þetta síðasta. Hefir eigi lítið stutt að því, að umsjónarembættið er falið á hendi kennurunum. Þykir það koma fram í óreglu og uppivöðslu af pilta hendi, og ólagi af hendi kennaranna, er stjórna skuli. Hafa stúdentar í Kaupmannahöfn ritað nokkur flugurit um þetta og sent upp hingað, og hefir þar verið farið heldur ómjúkum orðum um skólann og skólakennsluna, kennurunum er kent um allt, en öðrum ei um neitt. Flugubrjef þessi hafa borið á sjer keim sjálfræðisstefnu þeirrar og einræðisanda, er nú á heima meðal ungra manna, og hefir því verið vel tekið af mörgum hinum yngri mönnum; þau eru einstrengingsleg og í mörgu ósönn, en margt má og satt í þeim finna, einkum í því er snertir apturhaldsanda þann, er á sjer stað í kennslu og kennsluaðferð hjá sumum kennurunum, þar eð þeir fylgja sama sniði á kennslunni sem venja var á þeirra skólatímum. Það er hægra að segja slíkt en breyta til, svo að þá breytist verulega til batnaðar.

Um *gagnfræðaskólann* á Möðruvöllum er þess að geta,

að breyting nokkur var gjörð á reglugjörð hans, með endurskoðaðri reglugjörð fyrir hann, er landshöfðingi gaf út 28. dag júlímánaðar. Hin helzta breyting, sem gjörð var, var sú, að búfræðiskennslan var af numin, og öðrum námsgreinum var aukið við í hennar stað. Í stað þess, að áður var ákveðið, að kennt skyldi *ágrip* af landafræði og nýja sagan, einkum saga Norðurlanda, var nú á kveðið, að kennd skyldi öll sagan, og sjerstaklega nákvæmlega lýsing Íslands og saga þess, ásamt yfirliti yfir löggjöf þess og stjórn. Í stað einfalds reiknings skyldi nú lesinn reikningur, rúmfræði og landmæling, og í náttúrufræðum var aukið við ágripi af mannfræði, dýrfræði, grasfræði, steinfræði og jarðfræði. Svo átti og að kenna söng og leikfimi. Við þessar breytingar varð skólinn miklu meir menntandi en áður, og þjóðlegri, þar sem nú fjekk Ísland og saga þess að komast að, og sömuleiðis yfirlit allra hinna almennu náttúruvísinda. Stjórn öll og tilhögun skólans er hin sama og áður. Breyting komst nokkur á stigafjölda þann, er þurfti til burtfararprófs, því að nú þarf 60 stig til ágætiseinkunnar, 48 stig til fyrstu og 36 stig til annarar einkunnar, og 24 til hinnar þriðju, til að geta sloppið. Töluverður ágreiningur og ófriður var milli matsalans og skólastjóra á aðra hlið og pilta á hina, mest út af matsölunni, og höfðu piltar í heitingum með að koma eigi aptur er þeir fóru um vorið; þó efndu það eigi nema sumir þeirra. Um haustið komu eigi nema 28 piltar til skólans, og má það að líkindum mest kenna harðærinu.

Árið 1877 hafði Þórarinn prófastur Böðvarsson í Görðum á Álptanesi gefið fje allmikið til þess, að stofnaður yrði *skóli* í *Flensborg* við Hafnarfjörð; var skóli þessi fyrst um sinn að eins barnaskóli, en gefandinn vildi láta meira verða úr skóla þessum, og lagði enn meira fje til hans, svo að hann átti á þessu ári um 13400 kr. höfuðstól, er mestallt eða allt var gjöf þessa eina manns. Æskti hann þess nú, að landshöfðingi semdi skipunarskrá fyrir skóla þenna, þannig að hann gæti verið almennur menntunarskóli handa unglingum auk þess að vera barnaskóli. Gjörði landshöfðingi svo, og gaf út reglugjörð handa

skólanum 21. dag júlímánaðar. Er þar gjört svo ráð fyrir, að skólinn skuli vera til þess að styrkja hæfilegleika manna til þess, að standa vel í stöðu sinni sem alþýðumenn, og yrði jafnframt færir um að takast á hendar barnakennslu. Skal hver sá, er vill fá inntöku í skólann vera fermdur, en þó ei eldri en 20 ára. Þar skal kenna íslenzku, dönsku, ensku, sögu, landafræði (einkum sögu og landafræði Íslands), talnafræði, rúmfræði og dráttlist, svo og undirstöðuatriði náttúrusögunnar, eðlisfræði og efnafræði, söng og leikfimi. Skólanum er skipt í 2 bekki, og svo er hinn þriðji sem barnabekkur. Skólaárið er frá 1. degi októbermánaðar til 31. dags marzmánaðar. Að öðru leyti er tilhögun á kenuslunni lík og á Möðruvallaskólanum. Skóli þessi var allfjölmennur þá þegar um haustið.

Alþýðuskólar og barnaskólar voru víða haldnir um land, einkum þó syðra, og eru einlægt að fjölga. Talað var og um gagnfræðaskólastofnun á Eyrarbakka, en varð ei af í þetta sinn vegna árferðisins.

Kvennaskólarnir hjara enn þá, nema svo má segja að kvennaskólinn í Reykjavík lifi vel. Um haustið komu til hans 22 skólameyjar, og auk þeirra voru 4, sem að eins nutu kennslu í söng. Nyrðra voru þeir á ofurveikum fæti, þó að þeir hjengi uppi að nafninu til bæði í Skagafirði og Húnavatnssýslu; Laugalandsskólinn var og með langfámennasta móti, eigi nema 11 námsmeyjar, og má að líkindum mest eigna það óáran þeirri, er var á þessu ári. En hvað um það, menn eru þó búnir að komast að raun um, að menntunin er fyrir öllu, einkum unglingafræðslan, og er þá vonandi að menn láti eigi letjast að styðja að henni, þó að móti blási. Skólavistin er dýr þegar illa lætur í ári, en þá er aptur því meira vert að temja sjer heimamenntunina. Það er hvorttveggja að skólarnir eru farnir að fjölga, og auðveldara orðið að afla sjer menntunar, enda er mikið látið af því hvað alþýðumenntun sje að fara fram, hjátrú að minnka og menn í sveitum að siðast og fræðast.

Þá er að minnast á *landsbókasafnið*. Svo sem um er getið í frjettunum frá fyrra ári er því ætlað fyrir geymslustað allt Þinghúsið niðri; það er mikið húsrum, og getur lengi enzt,

því að langt er frá að safnið fylli það enn. Í byrjun marzmánaðar var lokið að mestu við að raða bókunum niður, að svo miklu leyti sem það varð gjört; var það mikið verk og vandasamt, ekki sízt vegna þess, að nægilegar bókaskrár vantaði og vantar enn til þess að koma á það góðri skipun. Bókavörður var hinn sami og áður hafði verið, Jón Árnason. Áður en útlán og notkun safnsins byrjaði, voru samdar reglur til þess að fara eptir við afnot þess, og voru hinar helztu þeirra þessar: Á safninu er lestrarsalur, þar sem hverjum er heimilt að nota bækur safnsins; skal salur þessi vera opinn 3 daga í viku, mánudag, miðvikudag og laugardag, frá kl. 12—3 hvern nema helgir sje; þeir, sem bækur vilja nota á salnum, verða að vera hreinir og þokkalegir. Skulu þeir biðja bókavörð um bækur þær og handrit, er þeir vilja nota, og skila þeim aptur óskemmdum; skulu þar vera til taks orðabækur og önnur hjálparrit, og sömuleiðis blek og pennar til afnota fyrir lesendurna. Sömu dagana eru og ljeðar út bækur kl. 2—3. Húseigendur allir og embættismenn í Reykjavík geta fengið bækur að láni, en aðrir bæjarbúar því að eins, að þeir fái ábyrgð einhvers húseiganda eða embættismanns. Utanbæjarmenn fá ei bækur ljeðar nema með sjerstöku leyfi stjórnarnefndarinnar. Hver lántakandi skrifar skýrteini fyrir því að hann hafi fengna bókina, og geymir bókavörður það þangað til hann skilar henni aptur. Hver má hafa 5 bindi í einu, og halda þeim hjá sjer í mánuð. Ef hann skilar ei í tæka tíð, er sent til hans eptir bókinni, og skal hann borga sendimanni ómakið með 25 aurum. Ef hann skemmir bók, skal hann láta aðra nýja í staðinn, en ef hann týnir bók, fær han enga bók ljeða af safninu fyrri en hann hefir útvegað hana aptur til safnsins. Í vikunni fyrir jólin skal öllum bókum skilað, og fæst þá engi bók fyrri en eptir nýár, því að safnið er skoðað milli jóla og nýárs. Handrit, myndir og myndasöfn, landabrjef, dýrmætar og fágætar bækur, sem illt er að fá aptur ef glatast, orðabækur og skólabækur eru eigi ljeðar út, heldur að eins til afnota á salnum. Ekkert tillag þarf að gjalda til safnsins. Reglur þessar eru í flestu tilliti góðar og hagkvæmar, og mjög frjálslegar með útlán bókanna. Eptir þetta var bókasafnið allmikið notað, mest þó fyrst,

sem vant er að vera um allar nýjungar, og altaf nokkuð. Eigi er kunnugt, hve mörg bindi eru til á safninu alls, en það er allmikið, ef það væri eptir því gagnlegt; en því miður er vist fullur helmingur þess gamlar og ónýtar skræður, sem enginn maður lætur sjer verða að líta í. Skrár eru til að eins yfir nokkuð af hinum íslenzku bókum og handritum, svo og yfir gjafir þær, er því voru gefnar 1874; svo er og skrá til yfir bókasafn Jóns Sigurðssonar. Í því eru margar ágætur bækur. Það er nærfelt 4900 bindi, og 830 bindi af handritum. Er þar að finna nærfelt allt það, sem ritað hefir verið um Island og íslenzkar bókmenntir erlendis, og nær allar útgáfur íslenzkra fornrita, fram að 1879. Þá eru og margar ágætar bækur í hinni höfðinglegu bókagjöf, sem F. A. Krieger hæstarjettarassessor, og fyrrverandi Íslandsráðgjafi, hefir sent safninu. Hann sendi því hina fyrstu gjöf sína árið 1880, og síðan öðruhverju, svo að við árslok 1882 var gjöf hans orðin um 480 bindi. Í því eru mörg hin ágætustu rit, helzt í lögvísi, og svo vísindaleg rit á frönsku, þýzku og dönsku. Ágætar bækur eru og margar í Brochhausgjöfunum og Þjóðhátiðargjöfunum. Fje það, sem safninu er ætlað til bókakaupa, reynist langt of lítið, því að fyrst um sinn hrökkur það varla til bókbands og annara bráðra nauðsynja.

Forngripasafninu áskotnuðust ýmsir munir um sumarið þegar Sigurður Vigfússon fór vestur; var sumt af því hin mestu listaverk; safnið er nú þegar orðið svo umfangsmikið, að húsrúm þess er eigi nærri nóg, hvað sem þá verður tekið til bragðs með það. Gripirnir verða að liggja í hrúgum, og verður því eigi auðið að skoða þá nærri því eins vel og annars væri. — Frá störfum *fornleifafjelagsins* verður skýrt síðar.

Sú varð breyting á *blöðunum*, að Norðlingur á Akureyri dó út um sumarið, án þess að nokkuð yrði sögulegt við það, en syðra hóf Jón Olafsson aptur að gefa út Skuld, sem hafði hætt árið áður. *Prentsmiðjurnar* voru hinar sömu og áður, nema prentsmiðja Jóns Olafssonar á Eskifirði stóð með öllu aðgjörðalaus.

Menntunarfjelögin hjeldu áfram starfsemi sinni sem áður. *Þjóðvinafjelagið* gaf út *Andvara* 8. ár; voru í honum þrjár náttúrufræðilegar ritgjörðir, tvær eptir Þorvald Thóroddsen og ein

eptir Björn Jensson, allar ágætlega ritnar og skemmtilegar. Svo var um landbúnað á Islandi eptir Svein búfræðing og ritgjörð um lánstraust og lánfæri eptir Arnljót prest Ólafsson. Þær ritgjörðir eru og báðar vel ritnar. Þá gaf það og út «Um vinda» útl. eptir sænsku kveri eptir C. Björling háskólakennara í Lundi. Kverið er að sönnu ljóslega samið og laglega þýtt; heppilegra hefði að líkindum verið að fyrr hefði komið alþýðlegt yfirlit yfir hina almennari þáttu náttúruvísindanna en veðurfræðina. Auk þessara bóka gaf það og út *Almanakið* sem vant er, og fylgdu því myndir og æfiágrip þeirra Bismarks og Gambettu, forvígismanna stjórnarstefnanna í Evrópu nú á tímum.

Bókmenntafjelagið hefir og gefið út nokkrar bækur, og má fyrst frægan telja *Skírni* gamla, og svo voru og gefnar út *Frjettir frá Íslandi* fyrir árin 1879—80, samkvæmt ákvörðun þeirri, sem gjörð var árið áður að halda þeim áfram þaðan sem þær höfðu hætt árið 1878. Þá var og gefið út *Upphaf allsherjarríkis á Íslandi* þýtt af Sigurði Sigurðarsyni skólakennara eptir riti Konráðs Maurers: «Die Entstehung des isländischen Staates». Það er hið ágætasta rit, og vel þýtt, en heldur vísindalegt handa almenningi. Svo gaf það og út *Tímaritið* sem áður, og voru í því þessar ritgjörðir: 1. Um vísindalega starfsemi Jóns Sigurðssonar, eptir Dr. Jón Þorkelsson. 2. Atlaþáttur Húnakonungs, eptir Dr. Grím Thomsen. 3. Um steingjörvinga, eptir Þorvald Thóroddsen. 4. Tvö atriði í Víga-Glúmssögu, eptir sjera Eggert Briem og sjera Janus Jónsson. 5. Bókafregn. 6. Um fornan kveðskap Íslendinga og Norðmanna, eptir Benedikt Gröndal. 7. Skýringar á tveim fornum vísum eptir Halldór Friðriksson. 8. Lögfræðingatal eptir Magnús Stephensen.

Meðal annara bóka sem út hafa komið á þessu ári má nefna hinar helztu, og eru þær þessar:

Brjef Páls postula til Kólossuborgarsafnaðar og Filemons eptir Sigurð Melsteð er hið eina *guðfræðilega* rit sem út hefir komið. Það er strangvísindaleg biflíuskýring, og að eins ætlað prestaefnum til undirbúnings undir guðfræðispróf. Til rits þessa fjekk höfundurinn 200 kr. styrk af landsfje.

Í *sagnafræðum* hefir ei annað verið prentað en *landa-*

fræði eptir Benedikt Gröndal. Hún er allskemmtilega rituð, sem höfundarins er venja, en að öllum frágangi er hún fremur óvönduð, en sumt af þeirri óvandvirkni er eigi höfundinum að kenna, svo sem prentvillurnar, þar eð bókin var prentuð á Akureyri, en eitt þykir mönnum undarlegt, að í almennri landafræði, sem ætluð er fyrir skólabók, skuli nærfelt með öllu vera sleppt landfræði Íslands.

Í *málfræðum* kom út framhald af *orðsafni* skólastjóra Jóns Þorkelssonar — hræðiliga — óhverfráðliga —, og *40 tímar í dönsku* eptir Þorstein Egilson í Hafnarfirði. Kver þetta er þægilegt fyrir byrjendur í dönsku, sem vilja komast niður í henni tilsagnarlaust; það er í öllu sniðið eptir kennsluaðferð þeirri, sem kennd er við Ollendorff, og höfð er á 100 tímum í ensku og fleiri málum. Það er samt galli á kverinu, að þar er hvergi minnzt á framburð, eða neitt sýnt hvernig hann eigi að vera, og annað það, að ritháttur inn á kverinu er gamaldagslegur og genginn úr gildi. Önnur er *Ensk lestrarbók* eptir Jón Hjaltalín skólastjóra á Möðruvöllum. I henni er málfræði, lesgreinar og orðsafn allstórt, sem hefir inni að halda nálægt 9000 orð, og getur verið sem ensk orðbók handa byrjöndum. Bók þessi er að líkindum góð, en því miður er hún sökkhlaðin af prentvillum, og skemmir það hana mjög. Framburður er settur við hvert orð í orðsafninu, og er það mikill kostur, þar sem við slíkt vandræðamál er að eiga og enskan er. Annað orðsafn, yfir íslenzk orð með enskum þýðingum, var í vændum frá höfundinum, og er von til að það verði að góðu gagni.

Í *læknisfræðum* kom út á Akureyri íslenzk þýðing á *homöopapiskri lækningabók* eptir Jón prest Austmann. Henni er snúið eptir Siemsens (og Hirschels) «Homöopathisk Lægebog», sem hefir fengið mikla viðurkenningu í Danmörku. Eigi höfum vjer vit á að kveða neinn dóm upp yfir bók þessari, en ætlum það læknum landsins.

Hjer verður að geta skrítinnar bókar, sem út kom í Kaupmannahöfn um vorið. Eiríkur Olafsson frá Brúnum, er reit ferðasöguna til Danmerkur um árið (sbr. Frjettir frá Ísl. 1878, bls. 30.) snerist til mormónsku 1881, og fór til Utah ásamt fleirum mormónskum nýgræðingum. Vorið eptir kom hann aptur til þess að boða trú hjer á landi, en stóð við um tíma í

Kaupmannahöfn, og ljet þar prenta bók. Titill bókarinnar er þessi: «Hjer er önnur litil ferða saga Eiriks Ólafssonar, er var á Brúnum i Rangárvallasýslu, nú i Ameriku, Utah i Spanish-fork árið 1881—82. Bókinn segir frá, um ferðina frá Íslandi til Utah i Ameriku og um ymislegt er hann sá og heyrði á þeirri leið, og um mart veraldlegt hjá Mormónum og þeirra trúarbrögð. Prentuð á minn eiginn kostnað í Kaupmannahöfn í prentsmiðju S. L. Möllers 1882». Titillinn lýsir efni bókarinnar, en þess má að eins geta, að hún er rituð með hemjulausum trúarofsa og töluverðri mælsku, svo að vel má verða, að hún verði fáfróðum að fótakefli, þó að fávizkan skíni hvervetna í gegn um hana. Bók þessi er svo hlaðin af prentvillum, að æfing þarf til þess að geta lesið hana, því að höfundurinn ljet eigi lesa prófarkir af henni. Eiríkur flakkaði hjer um land með bók sína, og prjedikaði mormónsku óáreittur, en fáa mun hann hafa fengið í söfnuð sinn. Hann dvaldist í Reykjavík um veturinn.

Skáldskaparrit, sem nokkuð kveður að, komu tvö út á ári þessu: Verðandi og Brynjólfur Sveinsson. *Verðandi* var þannig til komin, að fjórir íslenzkir stúdentar, Hannes Hafsteinn, Gestur Pálsson, Einar Hjörleifsson og Bertel Þorleifsson lögðu til hver sinn skerf og gáfu út kver þetta. Það hefir inni að halda smásögur og kvæði, og er það flest gott, og sumt ágætt. Blærinn og efnið í riti þessu er að miklu leyti ókunnugt hjer á landi; það er angi af hinum þunga «realistiska»*) straumi, sem nú er aðalefnið í hinu merkara í öllum útlendum skáldskap á síðustu tímum, sem hefir seilzt upp hingað undir nafni stúdenta þessara. Perla bókarinnar er smásaga Gests Pálssonar: *Kærleiksheimilið*. Hún er mjög laglega ritin, og sálarlíf manna mjög vel og ljóslega sýnt. *Upp og niður* eptir Einar Hjörleifsson er lítilfjörlegt sem saga, en felur í sjer afarmargar athugasemdir, sem skáldið hefir tekið eptir og sett fram, og mundi margur hafa gott af að taka það betur til íhugunar. Báðar þessar smásögur snerta ópægilega við ýmsum smákaunum í þjóðfjelaginu, og ætti því að hafa góð áhrif. *Hannes Hafsteinn*

*) Það er búið að tala svo mikið um þetta orð í blöðunum, að það skilst, svo að eg get eigi verið að stríða við að þýða það.

hefir orkt þar nokkur ágæt smákvæði, og er bezt af því sum kvæði í flokknum *Norðurfjöll;* það eru ferðakvæði, og eru sum þeirra sönn meistaraverk, einkum þegar þess er gætt, að skáldið er eigi nema tvítugt að aldri. *Bertels* kvæði eru sízt, og enda sum einskisvirði, en sum eru aptur heldur góð, þó að þau standi langt á baki hinu. Kver þetta hefir fengið góðar viðtökur meðal flestra hinna yngri manna, en sumum hinum eldri hefir þótt nóg um nýjungarnar, og verður hver að ráða sinni meiningu í þá átt. — Hitt ritið er *Brynjólfur Sveinsson byskup*, eptir Torfhildi Þorsteinsdóttur Holm, sem nú er í Vesturheimi. Það er æfi Brynjólfs byskups Sveinssonar frá því að hann varð byskup og þangað til hann dó, sett í skáldsögusnið. Þar er getið flestra hinna heldri manna á Íslandi í hans tíð, og drepið á suma helztu viðburði hjer á landi á þeim dögum, sem talað er um í Árbókum Espólíns. Saga þessi er víða og að mörgu leyti falleg, og lýsir guðrækni og góðu hjarta hjá söguskáldinu, en hún er mjög ófullkomið listasmíði. Það er margt af persónum, sem hvergi snerta söguþráðinn, en koma að eins við, af því að þær voru þá til, og er þetta galli, er snertir heild og rás sögunnar, einkum af því að skáldinu reynist ofvaxið að einkenna menn með stuttu máli. Skaplýsingar eru flestar ófullkomnar og óljósar, því að hún hefir ei ráðið við að losa sig svo við sögukaflana í Espólín, eða laga þá svo í hendi sjer, að þeir yrði til þess að einkenna vel skaplyndi höfuðpersónanna. Málið á bókinni er sums staðar heldur gott, en sumstaðar er á því nokkuð mikill útlenzkublær, og efnisfærslan nokkuð «rómantisk». En þó að ýmislegt megi að bókinni finna, er það eigi að síður gleðilegt tákn, að kvennfólkið er líka farið að reyna sig. — Svo víkjum vjer nú að hinu lakara. *Melablóm*, smáskáldsögur og kvæði eptir Guðmund Hjaltason, er lítil bók, og kveður líka lítið að. Smásögurnar eru líktar eptir æfintýrum Andersens hins danska, sem fræg eru orðin um allan heim, en eru mjög lítilfjörlegar. Kvæðin eru og flestöll ómerk. Kverið ber með sjer að höfundurinn hefir töluvert hugmyndaflug, en það er svo óljóst og ruglingslegt, að það verður honum að engu, eða svo óeðlilegt, að það fellur á sjálfs sín bragði. — En allt sem eg hefi enn nefnt, og bók Eiríks frá Brúnum með, er konungborið hjá *Gamni og alvöru*, kvæðum eptir Bjarna Árnason.

Bjarni þessi er einhver aumingja fáráðlingur, sem hefir dottið í hug að hann væri skáld, og fór að gefa út kvæðakver eitt lítið. Kver þetta má óhætt telja þá aumustu bók, sem nokkurn tíma hefir sjezt á prenti, nema Telimann og Lovísa, sem kom út fyrir liðugum 10 árum, gengur næst því. Það er hinn einstakasti leirburður, bæði að efni og frágangi, bókmenntum landsins til sannrar svívirðingar og höfundinum til athlægis. Sagt er að enginn kaupi kver þetta, og er það góður vottur þess, að menn sje þó farnir að sjá sóma sinn.

Af *stundun íslenzkra fornmennta* erlendis kunnum vjer fátt að segja. Má þar helzt til nefna *Íslendzk ævenntýri*, sem Hugo Gering í Halle gaf út; það er safn af smásögum og helgisögum frá 14. og 15. öld, sem aldri hefur verið prentað áður. Þær eru í engu merkar nema frá málsins hálfu, en allvel út gefnar. *Altnordisches Handbuch,* íslenzk málfræði, lesbók og orðsafn eptir Oskar Brenner er miður áreiðanleg bók. Í Kaupmannahöfn gaf hið nýstofnaða fornrita-útgáfufjelag (Selskabet til Udgivelse af gammel nordisk literatur) út *Jómsvikingasögu* staf-rjetta eptir einu skinnhandriti, og svo meistararitgjörð Guðmundar Þorlákssonar, *um norrœnu skáldin í förnöld.* Ritgjörð þessi er samin af miklum lærdómi og nákvæmni, og greiðir vel veg fyrir þeim, er stunda íslenzka bókmenntasögu fyrir lok 14. aldar.

Jónas Jónassen hjeraðslæknir í Reykjavík fór utan um sumarið, og ávann sjer doktors nafnbót í læknisfræði fyrir bók, er hann ljet prenta, um *sullaveikina* eptir reynslu íslenzkra lækna (Echinocoksygdommen, belyst ved islandske lægers erfaring). Af háskólans hálfu andmæltu honum þar prófessorarnir Saxtorph og With, en af áheyrendum Dr. Krabbe. Að endingu lauk próf. Saxtorph miklu lofsorði á bók þessa, og sagði að það væri mikil sæmd fyrir háskólann í Kaupmannahöfn að hafa fengið jafnágæta ritgjörð, og þessi væri, frá Íslandi.

Sjónarleikar voru leiknir á sjúkrahúsinu í Reykjavík í janúarmánuði og fram í febrúar. Þar var leikið *Nýársnóttin*, *Æfintýri á gönguför* (Eventyr paa foðrejsen) eptir Hostrup, *Millí bardaganna* (Mellem slagene) eptir Björnstjerne Björnson, *Stundarhefð Pernillu* (Pernilles korte frökenstand) eptir Holberg og *Húsbóndi og hjú* (Tjeneren sin herres medbejler) eptir

Lesage. Allt var þetta leikið á íslenzku; var leikið alls í 26 kveld og var nærfelt altaf fullt hús; þótti vel leikið af velflestum, eptir því sem föng voru á og von var til af mönnum, sem nær engir höfðu sjeð leikið á almennum leikhúsum.

V. Vísindalegar rannsóknir.

Í frjettunum frá fyrra ári var stuttlega drepið á aðgjörðir *fornleifafjelagsins*, og höldum vjer hjer áfram að skýra í fám orðum frá gjörðum þess. Um haustið kom út *Árbók* þess fyrir 1882, og var í henni framhald á ritgjörð Sigurðar Vigfússonar um hof og blótsiðu í fornöld, og svo nákvæmar skýrslur um rannsóknir fjelagsins á gömlum haugum og hoftóttum árið 1881, sem vjer höfum áður stuttlega skýrt frá. Fjelagið hafði nú næst á kveðið að láta rannsaka nákvæmlega eitthvað af Vestfjörðum, einkum stöðvar þær, er Gísla saga Súrssonar fór fram á. Til þess að framkvæma þetta fór Sigurður Vigfússon vestur í Önundarfjörð í júnímánuði, til þess að kanna betur Goðhól. Ljet hann grafa í hólinn, og fann í honum kringlótta tótt, 11 fet í þvermál, og hafði veggjunum verið hrundið inn í tóttina. Á tóttargólfinu fannst aska og fúnar hrosstennur, og bendir það til þess, að það hafi blóthús verið. Úr Önundarfirði reið hann sömu leið og Vesteinn reið forðum síðast til Dýrafjarðar, og reyndist sagan þar mjög nákvæm, og allt eins og þar er. Fyrst rannsakaði hann Valseyri, sem er innarlega í Dýrafirði, og fann þar 15 búðatóttir mjög fornlegar, og hafa sjálfsagt verið fleiri, því að skriða mikil hafði fallið ofan á eyrina hjá tóttunum. Þær urðu flestar mældar, og voru dyr þeirra út úr hliðunum. Líklegast er að hjer hafi verið þingstaður þeirra Dýrfirðinganna til forna. Ein tóttin var miklu stærst, nær ferskeytt að lögun, rúm 40 fet á hlið. Líkist það því, sem þar hafi verið einhver samkomustaður eða dómstaður. Í Haukadal fann hann öll þau einkenni, sem sagan minnist á nema Þorgrímshaug. Seftjörn, sem knattleikarnir voru leiknir á, er þar strandlengis með sjónum, og Sæból skammt frá vestur-enda tjarnarinnar. Þar markar enn vel fyrir öllum tóttum síðan á 10. öld; eru þær þrjár; er hin vestasta tóttin 64 fet á lengd

og 36 á breidd, og mældist nákvæmt 60 kúa fjós sem sagan segir. Fast við fjóstóttina er skálatótt, 100 feta löng og 28 feta breið, og skammt í austur frá henni er girðing ein ferhyrnd, 49 fet á hlið, og innan í henni tótt lítil, ferhyrnd, 21 fet á hlið utanmáls. Þessa austasta húss er hvergi getið í sögunni, en af sögunni má ráða, að það verður að vera hof Þorgríms, því að hann var goðorðsmaður og blótaði Frey í vinaboði að veturnóttum. Skammt upp frá Sæbóli (nál. 140 föðmum) eru tóttir að Hóli (er nú kallast Gíslahóll), og hefir brú verið yfir mýrarsundið á milli; sjást hennar enn merki. Lækurinn sem Gísli óð að Sæbóli, húsaskipun, afstaða — allt er þetta hnitmiðað niður í sögunni eins og það er. Þar fanst og Vesteinshaugur skammt í frá, og nokkuð uppblásinn orðinn. Sigurður gróf í hauginn og fann steinaraðir þær, er lagðar höfðu verið að líkinu, og svartleita mold undir, en allt var þar orðið grautfúið í aurmoldinni. Annar haugur var þar og, sem sagan talar ei um, en líklega hefir það verið haugur Þorbjarnar Súrs. Að þessu öllu búnu fór hann að rannsaka tóttirnar á Þingeyri. Þær eru 14, og að öllu líkar tóttunum á Valseyri, og hefir Þingstaðurinn að líkindum verið fluttur þaðan þegar skriðan fjell. Síðan fór hann til Arnarfjarðar að skoða menjar úr Rafnssögu Sveinbjarnarsonar, og fannst nokkuð. Þaðan fór hann í Geirþjófsfjörð, og fann þar tóttir í túninu á Botni af bæ Auðar, konu Gísla Súrssonar; kallast tóttirnar enn Auðarbær. Kleifarnar, þar sem Gísli fjell og fylgsni hans var, blasa þar svo að segja rjett á móti; skoðaði Sigurður kleifarnar, og ber þeim svo vandlega saman við söguna, sem ritarinn hefði horft á alla viðburði og ritað þá þegar. Fylgsni Gísla fann hann þar skammt í frá, milli skógarrunna, grafið inn í barð, í hvammi við ána. Gróf hann upp fylgsnið, og var það 8 fet á breidd og 9 á lengd. Þakið var fallið niður, en ás og árepti sást vel, hafði ásinu verið af eik, en áreptið af birki; allt var það orðið mjög fúið; búta af ásnum kom Sigurður með að vestan, og er það nú í forngripasafninu. Annað fylgsni Gísla fann hann hjá Auðarbæ, og er það að öllu líkt hinu nema heldur þrengra. Þegar öllu þessu var lokið fór hann út með öllum Arnarfirði og út að Selárdal, og safnaði mörgum og merkum ágætum forngripum, og fekk margra góðra manna loforð fyrir því, að

hjálpa til þess að ná í þá. Þetta má kallast mikið að gjört á einu sumri af fjelagi, sem eigi hefir meiri fjárráð en fornleifafjelagið hefir. Aðalskýrsla um ferðir þessar og uppdrættir af stöðvunum helztu er ætlazt til að komi út í Árbók fjelagsins 1883.

Hjer á undan, í stjórnarkaflanum, er þess getið, að Þorvaldi Thóroddsen var veittur fjárstyrkur til þess að rannsaka Austurland um sumarið. Fór hann síðast í júni af stað, og rannsakaði fyrst hraun og gíga í Laxárdal og laugarnar í Ljósavatnsskarði og Reykjadal. Hraunin í Laxárdalnum hafa í fyrnsku ollið upp um glufur í jarðveginum, og sjást jarðlögin eldri beggja vegna. Þaðan fór hann að Mývatni og kannaði þar eldmenjar hinar miklu, einkum Leirhnúk, Bjarnarflag og Krossadal. Þaðan fór hann að Grímstöðum á Fjöllum. Þegar hann fór að kanna landið þar um kring, reyndist uppdráttur Bjarnar Gunnlaugssonar mjög ófullkominn um óræfin þar efra upp undir Vatnajökul; þar eru víða um óræfin tindar, fjallgarðar, ár og vötn, er annaðhvort vanta að fullu og öllu eða standa í rangri afstöðu hvað við annað. Þar fundust fornlegar bæjarústir, bæði efst í Jökuldal, Laugarvalladal og Hrafnkelsdal; hinn síðastnefndi er eigi rjettur á uppdrættinum. Frá Brú á Jökulsdal fór hann austur í Fljótsdalshjerað til að skoða surtarbrandslögin, sem þar eru, og síðan þaðan yfir Skriðdal til Eskifjarðar. Við Skriðdalinn er fjallaklasi kringum Sandfell úr baulusteini (trachyt), er aldrei hefir verið kannað áður, og eru þar mjög margar merkar jarðmyndanir. Á Eskifirði dvaldist Thóroddsen góðan tíma, til þess að kanna silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli, og taka uppdrátt af honum og stöðvum hans. Náminn er í gili einu litlu, 270 fet yfir sjávarflöt, og hefir lækur grafið niður að silfurberginu. Námagrófin er 36 fet á breidd og 72 fet á lengd, og er silfurbergið þar í lögum innan um blágrýtið. Mestalt er það ógagnsær rosti en innanum hittast vatnstærir steinar. Eptir áætlun Thóroddsens er allmikið silfurberg enn í námanum, en óvíst er samt, að það svaraði kostnaði að leggja alúð á að vinna hann. Þaðan fór hann suður með öllum Austfjörðum suður á Álptafjörð, og þaðan upp Hofsdal, yfir Hofsjökul hin eystra þveran, og þaðan niður í Víðidal. Jökull þessi er brattur mjög, og yfir 3500 fet á hæð, en góður

yfirferðar, hjarnsljettur og nær sprungulaus. Víðidalur er í milli Hofsjökuls og Kollumúla er gengur fram í milli hans og Jökulsár í Lóni, en vestan Jökulsár eru háir tindar og skriðjöklar niður úr Vatnajökli. Í Víðidal er ákaflega mikill jurtagróði, blómgresi mikið og hvannstóð er tók mönnum undir hendur. Síðan kannaði hann óræfin bak við Hofsjökul allt norður í Geithellnadal, og fann þar margt, er eigi er rjett í uppdrætti Gunnlaugsens. Svo voru og öll þessi fjöll einkennileg að jarðmyndunum, einkum þó Kollumúli. Öll þessi öræfi hafa verið og eru enn mjög svo ókunn, og jafnvel næstu bygðamenn þekkja þau eigi til hlítar, og það svo, að enginn veit enn til víss upptök Jökulsár í Lóni. Þaðan fór Thóroddsen ofan Geithellnadal, og fann í Rauðuskriðum hamra úr marglitum trachyt; svo fór hann sömu leið til baka norður í Skriðdal, og um Hallsteinsdal til Eskifjarðar. Um Hallsteinsdal hafa náttúrufræðingar ei fyrr farið, og fundust þar ýmis merkileg jarðlög, t. d. 30—40 feta þykk biksteinslög. Síðan kannaði hann firði og víkur strandlengis norður á Seyðisfjörð, og fann þar víða merkar jarðmyndanir; þar eru alls staðar vegir mjög illir, og víðast hrikabjörg og hengiflug með sjó fram, dalir mjóir, en fjöllin há og klettótt.

Veðurlagið hamlaði mjög rannsóknum og einkum fjallamælingum, því að sífelt var þóka og rigning í sveit, en frost og kafaldsbyljir til fjalla. Þá varð og til mikils meins, að hann gat eigi fengið verkfæri, er pöntuð höfðu verið fyrri en seint og síðar, því að ísalögin hömluðu samgöngunum. Þó varð árangur ferðar þessarar góður, nýfundnar jarðmyndanir og steinategundir, t. d. trachyt á 12 stöðum og silfurberg allvíða, og svo leiðrjettingar þær, sem gjörðar verða á uppdrætti landsins. Af Seyðisfirði fór Thóroddsen með strandsiglingaskipinu, og kom heim í miðjum septembermánuði.

VI. Slysfarir, sóttir, lát heldra fólks.

Slysa þeirra, er orðið hafa af eldsvoðum, höfum vjer stuttlega getið áður; en auk þess vildi til slys af *snjóflóði* á Seyðis-

firði 13. dag janúarmánaðar í hláku þeirri, er þá gjörði. Í fjallið norðan við kaupstaðinn hafði safnazt fönn mikil á undan, og þegar hlánaði, stíflaðist vatn mikið við snjóinn, og hljóp síðan allt fram, bæði snjó- og vatnsflóð. Fyrra flóðið skall á brauðgjörðar- og veitihúsi, er J. Chr. Thostrup bakari átti, skekkti það og færði úr stað, mölvaði glugga, og fyllti kjallarann og þau herbergin, er að fjallinu sneru. Var þetta um hátta tíma; konan úr húsinu var þá flutt í næsta hús, íbúðarhús, er verzlunarmaður, Jónas Stephensen að nafni, átti. Háttaði konan þar og 3 börn, er Jónas átti; en er þau voru nýháttuð, skall á annað flóðið, sem kólfi væri skotið; kom það á mitt húsið, sleit úr því miðpartinn, og spýtti því fram á sjó, en gaflarnir stóðu eptir. Konurnar og börnin sváfu í miðhlutanum, og fóru með. Eitt barnið náðist þegar í flæðarmálinu lifandi; þá voru bátar settir fram á krapflóðið, er um sjóinn flæddi, og fundust þá báðar konurnar lifandi og heilar í krapanum, en börnin voru týnd. Flóð þessi voru fleiri, en eigi eins svipleg, og tóku þó nokkur naust og báta. Skaðinn var metinn yfir 12000 kr. þar af skaði Thostrups um 8000, og Jónasar um 3500 kr.; auk þess mistu og aðrir ýmislegt, bæði báta og fl., er heyrir til sjávarútvegi.

Skipskaðar hinir helztu, sem til hefir frjetzt, eru þessir: 11. dag janúarmánaðar fórst skip með 6 mönnum í fiskiróðri í Ísafjarðardjúpi. Formaður var Halldór Pálsson bóndi í Búð í Hnífsdal, atorkumaður og framkvæmdamaður hinn mesti, og vel að sjer gjörr um flesta hluti. Hann hafði að eins 7 um þrítugt. — 21. dag febrúarmánaðar fórst bátur með 5 mönnum úr fiskiróðri á Eyjafirði; formaður var Jónatan Magnússon frá Skriðulandi í Möðruvallasókn. — 8. dag maimánaðar fórst bátur með 7 mönnum frá Auðnum á Vatnsleysuströnd; tveim af þeim varð bjargað. — Þá fórst og um vorið þilskipið Jóhannes úr Ísafjarðarsýslu með 8 mönnum; hefir það víst farizt í hafísnum, því að síðan það lagði út hefir aldrei til þess spurzt. — Auk þess fórust og um sumarið tveir bátar með færeyskum mönnum í Reyðarfjarðarmynni. — Seint í septembermánuði fórst skip á Húnaflóa með 9 mönnum á; formaður á því var Þorsteinn bóndi Þorleifsson á Kervogi í Strandasýslu; var hann á heimleið úr kaupstað á Blönduósi með hlaðið skip sitt; Þorsteinn

bóndi var hinn merkasti maður, gáfumaður mikill og atgjörvismaður; hafði hann farið utan og lært smíðar, og var dverghagur. Hann var á fimmtugsaldri.

Önnur slys hin helztu eru: snemma í marz druknuðu bændur tveir í Blöndu, Hannes Gíslason á Fjósum, og Hannes bóndi á Ljótshólum í Svínadal. Var skaði mikill að báðum; þeir voru um fimmtugt. Hannes Gíslason var ein hin frægasta refaskytta hjer á landi, og hafði unnið yfir 500 refa um sína daga; auk þess var hann heppinn smáskammtalæknir. Auk þess urðu og úti nokkrir og drukknuðu, sem eru lítt kunnir, þar á meðal kvennmaður, sem var á heimleið úr Reykjavík 24. dag febrúarmánaðar. Auk þessa bar að eitt sorglegt slys í Kaupmannahöfn 5. dag júlímánaðar. *Árni* stúdent *Finsen*, son Hilmars Finsens landshöfðingja vors, var með eldra bróður sínum og þriðja manni á skemmtisiglingu, og er þeir komu aptur, festu þeir bátinn úti á höfninni og stigu í smábát einn og ætluðu að róa á honum til lands. En er skammt var komið áleiðis sökk báturinn; maðurinn, sem með bræðrunum var, var syndur og synti þegar til lands, en eldri bróðirinn kunni og lítið eitt að synda, og reyndi að bjarga bróður sínum, en gat eigi, og var Árni örendur áður en bátur næði að bjarga þeim. Árni Finsen var fæddur í Danmörku 23. dag júnímánaðar 1864, kom í lærða skólann í Reykjavík 1875, og lauk burtfararprófi 1881 með bezta vitnisburði. Hann var búinn að stunda lögfræði eitt ár við háskólann. Hann var mannvænlegur piltur og vel gefinn.

Framan af árinu var *heilsufar* manna heldur gott, þangað til í marz og apríl. Þá fór að ganga þungt kvef og lungnaþólga syðra, og dóu allmargir úr því. Nyrðra og einkum eystra stakk sjer niður barnaveiki og fleiri kvillar helzt á unglingum, og voru þó eigi mannskæðir; þó dóu nokkur börn úr þeim. En versta plágan, sem menn hafa orðið fyrir þetta ár næst hafísinum og fellinum má eflaust teljast *dílasóttin* eða *mislingasóttin*, sem hingað fluttist með póstskipinu 2. dag maímánaðar. Mislingarnir gengu í Kaupmannahöfn um veturinn, og bárust þeir inn hingað með Helga Helgasyni trjesmið í Reykjavík. Kom hann lasinn í land, og lagðist síðan. Var þá settur vörður um hús hans, en þó komst fólkið í samgöngu við aðra,

enda hefur þá og sóttin verið búin að taka aðra, svo að varðstaðan hefði ekkert dugað. Innan skamms fór fólk að leggjast hrönnum saman í Reykjavík og kringum hana, og lágu flestir fyrri hluta júnímánaðar, um 1100 manns í bænum og í nánd við hann. Allir yngri en 36 ára lögðust meira og minna þungt, og margir dóu. Telst svo til að í Reykjavíkursókn hafi dáið 100—120 manns af mislingum á stuttum tíma, mest í júnímánuði og svo af afleiðingum þeirra á eptir. Gekk þá eigi á öðru um langan tíma en stöðugum líkhringingum dag eptir dag. Þegar dróg til sveitanna, dó færra; flest dó að tiltölu í Reykjavík, Ísafirði og í Skagafirði, því að þar fylgdi þeim skæð lungnabólga, en lif voru engin til við hendina, því að aðflutningar allir voru teptir af hafísum. Svo má telja að sóttinni væri að mestu af ljett syðra í júlímánuði, og líka í mörgum hjeruðum nyrðra, því að hún fluttist svo snemma norður með sjómönnum. Í Eyjafirði, og í dölum og á útkjálkum náði hún eigi að ganga fyrri en í ágúst, og tafði hún þá meinsamlega frá heyvinnu. Sama var og að segja um sveitir austur. Víða dóu úr henni mörg börn og þungaðar konur, því að veikin hafði þau áhrif, að þær fæddu nær allar, er svo stóð á fyrir, á undan eðlilegum tíma í veikinni sjálfri; komu börnin andvana, en mæðurnar dóu hrönnum saman. Eigi er enn kunnugt hve margir hafi dáið hjer um land af sýki þessari, en auk mannskaðans, sem af henni varð, varð verktjón mikið um hinn bezta atvinnutíma, og hefur reikningfróður maður metið vinnutjónið nálægt hálfri millíón króna. Eptir mislingasóttina var ærið kvillasamt af ýmsum sjúkdómum, er af henni leiddi, og drógu jafnvel suma til dauða. Hinna helztu manna, er dóu af mislingasóttinni munum vjer geta á eptir.

Helztu merkismenn, sem ljetust á árinu, voru þeir, er nú skal greina:

Jón landlæknir *Hjaltalín* andaðist í svefni aðfaranótt hins 8. dags júnímánaðar. Hann var sonur Jóns Oddssonar Hjaltalíns, síðast prests að Breiðabólstað († 1835), og fæddist í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 21. dag aprílmánaðar 1807. Hann lærði í heimaskóla, og tók stúdentapróf hjá Gunnlaugi dómkirkjupresti Oddsen 1830. Ár 1834 fór hann utan til háskólans og nam þar læknisfræði, og tók próf í handlæknisfræði með lofsein-

kunn 1837. Síðan fór hann suður um Þýzkaland, til þess að kynna sjer örvitahús og geðveikislækningar; en á leiðinni að sunnan aptur dvaldist hann um tíma í Kiel, og tók þar próf í læknisfræði með lofseinkunn, og var sæmdur doktorsnafnbót fyrir bók sína um holdsveikina á Islandi, hvorttveggja 1839. Sama ár varð hann herlæknir í liði Danakongs. Árið eptir fór hann til Íslands að kynna sjer spítalana og holdsveikina, og bauðst til þess að koma þeim í lag, ef hann fengi viðunanleg kjör, einkum Kaldaðarness-spítala, og samdi í því skyni ritgjörð á dönsku um það efni, og svo á íslenzku. En kostir þeir, sem heilbrigðisráðið í Höfn bauð honum, voru svo bágir, að hann gat eigi gengið að þeim. Um þetta leyti voru tíðkaðar mjög vatnslækningar á Þýzkalandi, og fjekk hann 1841 styrk hjá stjórninni til þess að kynna sjer þær þar syðra; 1844 stofnaði hann vatnslækningaspítala á Klampenborg, skammt frá Kaupmannahöfn, fjekk sig lausan frá herlækningunum 1846, og varð þar yfirlæknir. 1851 sendi stjórnin hann til Íslands til þess að rannsaka og skoða brennisteinsnámana hjer, og ritaði hann greinilega skýrslu um þá ferð sína í Nýj Fjelagsrit 12. ár. Landlæknisembættið fjekk hann 18. sept. 1855, og hafði það á hendi þangað til hann sagði því af sjer 1881, og var hann þá um leið sæmdur etazráðs nafnbót. Áður hafði hann verið sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar. Hann sat á alþingi sem konungkjörinn þingmaður 1859—1879. Hann var allra manna fjölfróðastur, einkum í læknisfræði og náttúrufræðum, og má eitt af mörgu nefna, að hann var þangað til að, að hann fann kalknáma í Esjunni. Hann var síglaður og alúðlegur, og unnu honum því allir, og góður læknir. 1840 kvæntist hann, og gekk að eiga Jakobinu Baagöe, dóttur Baagöe verzlunarstjóra á Húsavík. Hún dó 1866, og áttu þau ekki börn saman.

Kristján Kristjánsson, fyrrum amtmaður í norður- og austurumdæminu, dó 13. dag maímánaðar. Hann var fæddur á Þórðarstöðum í Fnjóskadal 21. dag septembermánaðar 1806; var faðir hans bóndi. Hann útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1826, eptir tveggja ára skólavist, og varð síðan skrifari hjá Grími amtmanni Jónssyni 4 ár. 1830 fór hann til háskólans, og tók próf í lögvísi 1838 með bezta vitnisburði. Síðan var hann ritari í hinni íslenzku stjórnardeild 2 ár, 2 ár málafærslu-

maður í Reykjavík og 1 ár settur bæjarfógeti. Hann var settur sýslumaður í Skaptafellssýslu 1844, og fjekk hana 1845, og bjó þá á Höfðabrekku. 1848 varð hann 2. dómari og dómsmálaritari í yfirdóminum og árið eptir land- og bæjarfógeti, og þjónaði þá jafnframt yfirdómaraembættinu þangað til 1850. Eptir þjóðfundinn 1851 var hann settur frá embætti fyrir frjálslyndar skoðanir, og fór hann þá utan 1852, og var settur ritstofufulltrúi í íslenzku stjórnardeildinni. 1854 fjekk hann Skagafjarðarsýslu, og Húnavatnssýslu 1860; 13. apríl 1871 varð hann amtmaður í Norður- og Austurumdæminu, og var það þangað til hann fjekk lausn frá embætti 9. júní 1881. 1845 gekk hann að eiga Ragnheiði, dóttur Jóns landlæknis Thorsteinsens, þau áttu eigi börn saman. Hann var sæmdur kammerráðsnafnbót 1848, justizráðsnafnbót 1867, og riddarakrossi dannebrogsorðunnar 1874. Hann sat á þjóðfundinum 1851, og á þingum 1847 og 1849. Hann var hið röggsamasta yfirvald, þjóðhollur mjög, gestrisinn og gamansamur, og vel metinn af öllum. Hann var mjög þrotinn að heilsu og kröptum á síðustu árum.

Jón Sigurður Ólafsson, hjeraðslæknir í Vestur-Skaptafellssýslu, dó 30. dag júnímánaðar. Hann var fæddur 1848, og var þá faðir hans, sjera Ólafur Þorvaldssou, prestur í Saurbæ í Dölum. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1872 með annari einkunn, og fór þá þegar á læknaskólann, og útskrifaðist þaðan, sömul. með annari einkunn 1875. Árið eptir, þegar breytingin kom á læknaskipunina fjekk hann Vestur-Skaptafellssýslu og þjónaði henni til dauðadags. Hann var duglegur maður og röskur.

Þá ljezt og einn skólapiltur, *Móriz Vilhelm Finsen*, póstmeistara í Reykjavík. Hann var fæddur í Reykjavík 17. maí 1865, kom í lærða skólann 1878, en komst aldrei nema upp í annan bekk vegna lasleika. Hann var síðasta ár mjög brjóstveikur, og dó 31. janúar. Hann var siðsamur og vandaður piltur.

Þá hafa og nokkrir prestar andazt á þessu ári, og eru þeir þessir: *Oddur* prestur *Hallgrímsson* í Gufudal andaðist snögglega 25. dag aprílmánaðar. Hann var fæddur á Görðum á Akranesi 2. dag marzmánaðar 1819, varð stúdent frá Bessa-

staðaskóla 1845, og fór þá utan til háskólans, og var þar um tíma, en sýktist þar af geðveiki og kom inn aptur próflaus, og dvaldist svo hjer í landi hingað og þangað atvinnulaus, þar til hann vígðist árið 1860 aðstoðarprestur hjá Friðrik Eggerz presti í Skarðspingum; var hann þar þar til honum var veitt Gufudalskall 1871, og fluttist hann þangað vorið eptir. Hann var vel látinn maður af öllum. — *Andrjes Hjaltason* uppgjafaprestur andaðist 22. dag júlímánaðar. Hann var fæddur á Stað í Steingrímsfirði 3. dag ágústmánaðar 1805, og varð stúdent frá Bessastaðaskóla 1828. Han vígðist 1834, og var þá fyrst aðstoðarprestur á Eyri í Skutulsfirði en fjekk síðan Stað í Súgandafirði 1838, síðan Gufudal 1849, Lund í Borgarfirði 1856, Garpsdal 1863, og að lokum Flatey á Breiðafirði 1868; lausn frá embætti fjekk hann frá fardögum 1881, og flutti þá norður að Möðruvöllum í Hörgárdal til sonar síns, Jóns Hjaltalíns, og andaðist þar. — *Sveinbjörn Eyjólfsson* uppgjafaprestur í Árnesi dó 2. dag ágústmánaðar. Hann var fæddur í Svefneyjum 20. dag nóvembermánaðar 1817, og varð stúdent frá Bessastaðaskóla 1840. Síðan vígðist hann 1843, og var þá fyrst aðstoðarprestur á Miklaholti til 1845, en var síðan prestlaus, og átti heima á Búðum vestra, þar til hann varð prestur í Árnesi 1849, og var þar kyr þangað til að hann fjekk lausn frá embætti sínu frá fardögum 1882. Hann var prófastur í Strandasýslu 10 ár, 1870—1880. Hann þótti jafnan hinn merkasti prestur um alla hluti, og atkvæðamaður mikill í hjeraði sínu. — *Steingrímur Jónsson* prófastur í Otrardal dó 13. dag septembermánaðar. Hann var fæddur í Steinnesi í Húnavatnssýslu 19. dag septembermánaðar 1850, útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1871, og gekk þá á prestaskólann og lauk prófi þaðan 1874, og vígðist sama ár til Garpsdalsprestakalls, en Otrardal fjekk hann 1880; 1878 var hann settur prófastur í Barðastrandarsýslu. Auk þessara áðurnefndu presta dóu og tveir prestar, sem lengi hafa verið taldir með hinum merkustu af prestum hjer á landi, nl. Guðmundur Einarsson og Björn Halldórsson. *Guðmundur* prófastur *Einarsson* var fæddur í Skáleyjum á Breiðafirði á boðunardag Maríu 1816. Hann varð stúdent við Bessastaðaskóla 1838, en vígðist 1842, og varð þá fyrst aðstoðarprestur Ólafs próf. Sívertsens í Flatey,

og gekk að eiga Katrínu dóttur hans. 1848 fjekk hann Kvennabrekku, og 1868 Breiðabólstað á Skógarströnd, og var þar til dauðadags, sem bar að 31. dag októbermánaðar. Hann var vandaðasti maður, gáfaður vel og búmaður svo mikill, að fáum mun fært að skipa sæti við hlið honum í þeirri grein. Reit hann ýms rit í þá átt, einkum um fjenað, og þá verðlaun fyrir. Hann var hagorður allvel, og eru til eptir hann hugvekjusálmar og fl. Hann var prófastur Dalamanna frá 1864—1868, og sat mörg ár á þingi, og rak þau störf hvorttveggja vel af hendi. — *Björn* prófastur *Halldórsson* prófasts Bjarnarsonar á Sauðanesi er fæddur á Skarði í Þingeyjarsýslu 14. dag nóvembermánaðar 1823, og varð stúdent við Bessastaðaskóla 1844 með bezta vitnisburði. Síðan fjekkst hann við barnakennslu, og gekk síðan á prestaskólann, og lauk þar embættisprófi 1850, sömuleiðis með bezta vitnisburði. Síðan fór hann utan um eitt ár, og vígðist síðan 1852 aðstoðarprestur hjá Gunnari prófasti Gunnarsyni á Laufási, og fjekk síðan Laufás veittan í desembermánuði árið eptir. Var hann þar síðan prestur til dauðadags. Hann varð bráðkvaddur að kveldi hins 19. dags desembermánaðar; kenndi hann sárinda fyrir brjósti daginn áður, en var þó við ritstörf, og ætlaði um kveldið að ganga inn í annað herbergi, en hneig niður örendur í dyrunum. Hann var hinn ágætasti prestur, ræðumaður mikill og skáld gott, og mjög virtur af öllum. Hann varð prófastur í Þingeyjarsýslu 1863, en sagði því af sjer 1872. — *Benidikt Þórðarson* uppgjafaprestur á Selárdal varð bráðkvaddur aðfaranótt hins 9. desember. Hann var fæddur á Sörlastöðum í Fnjóskadal 30. dag júlímán. 1803, og var faðir hans bóndi. Hann var á unga aldri hjá ýmsum heldri mönnum nyrðra, t. d. Gunnl. Briem sýslumanni og fl. og lærði þá ýmislegt tilsagnarlítið, en bjó sig þó undir skóla, og fór í hann 1827. Hann útskrifaðist 1833, og var þá fyrst 2 ár verzlunarstjóri í Reykjavík, en vígðist 1835 til Staðar á Snæfjallaströnd. Síðan fjekk hann Garpsdal 1843, Kvennabrekku 1844, Brjámslæk 1849 og Selárdal 1864. Hann sagði af sjer brauðinu 1873. Hann gekk 1843 að eiga Ingveldi Stefánsdóttur frá Hjarðarholti í Dölum, og áttu þau 4 börn saman; eitt þeirra er Lárus prestur í Selárdal. Sjera Benidikt sál. var með merkari prestum, hagorður, og hef-

ur ort helgidagasálma, smiður góður og fræðimaður allmikill.

Af öðrum þeim, er látizt hafa, má nefna þessa sem hina helztu og kunnugustu: *Þorsteinn Daníelsson* á Skipalóni við Eyjafjörð dó 7. dag desembermánaðar 86 ára gamall (f. 1796). Hann var auðmaður mikill og dugnaðar- og eljumaður svo mikill, að að orðtæki var haft um allt Norðurland. *Bjarni Bjarnason* borgari í Reykjavík ljezt 23. dag nóvembermánaðar. Hann var fæddur 1816, og bjó 31 ár (1840—1871) á Esjubergi á Kjalarnesi, en fluttist síðan til Reykjavíkur. Hann var hinn bezti búhöldur, hagsýnn og framtakssamur, og sjerlega laginn og góður í öllum málatillögum. Hann var lengi hreppstjóri. — Þá andaðist og hinn nafnkunni auðmaður *Þorleifur Kolbeinsson* á Háeyri við Eyrarbakka. Hann var fæddur 6. júní 1799 í Brattaholtshjáleigu í Stokkseyrarhverfi, og var faðir hans bláfátækur barnamaður. Hann gaf sig þegar snemma að afla, og seldi sjómönnum á Bakkanum tóbak og brennivín fyrir fisk, er þeir komu á land, og græddist honum brátt mikið fje á því. Hann fór að búa 1826, en 1841 fluttist hann að Stóru-Háeyri og bjó þar síðan. Hann lifði harðindalífi til þess að græða, og var vakinn og sofinn í því; hann var friðsamur, skemtinn og fyndinn í viðræðum, og hafði að orðtæki: «jeg elska tvennt: fje og frið». Með þessu móti safnaðist honum slíkur auður, að hann varð hinn mesti auðmaður á landi hjer, og mun hafa átt um 50 jarðir og eptir því af sjávarútvegi og öðru. Hann var virtur mikils, og þó haun væri kunnur að því, að elska auð sinn öllu fremur, gaf hann þó opt rausnarlega. Árið 1880 var hann sæmdur dannebrogskrossi. Hann andaðist 9. dag marzmánaðar, og var jarðaður 26. s. m. og fylgdu honum þá til grafar 700 manns, þó hann bóndamaður væri.

Þá ljezt og einn af hinum yngri námsmönnum, *Halldór Egilsson* bókbindara, úr langvinnum brjóstuppdrætti 1. dag septembermánaðar. Hann var fæddur í Reykjavík 20. marz 1858, og útskrifaðist úr lærða skólanum 1879, og fór þá á læknaskólann, um tvö síðustu árin gat hann ekkert nám stundað vegna lasleika. Hann var í öllu hinn vandaðasti piltur.

Hinar helztu *merkiskonur*, er látizt hafa, eru: *Guðrún Jónsdóttir*, kona Magnúsar kaupmanns Jónssonar í Bráðræði, systir Jóns Hjaltalíns landlæknis, varð bráðkvödd 24. dag maí-

mánaðar. Hún var fædd 12. október 1808, og giptist 1833. Hún var í mörgu hin merkasta kona. — *Lydia Ethelinde Thorsteinson*, kona Steingríms skálds Thorsteinsonar ljezt 5. dag júnímánaðar. Hún var aldönsk að ættum, fædd 17. desember 1821, gipt 1857. — 9. júní ljezt *Helga Brynjólfsdóttir*, ekkja Jóns prests Steingrímssonar á Hruna († 1851) fædd 31. marz 1807, gipt 1826. — 16. dag júnímánaðar dó *Kristín Vigfúsdóttir*, systir Bjarna heitins amtmanns, ekkja eptir Jón Halldórsson, prófast í Rangárþingi († 1856). Hún var fædd á Hlíðarenda 18. ágúst 1797, gipt 1818; dó á Múla í Biskupstungum. — 25. dag sama mán. ljezt *Helga Helgadóttir Sívertsen*, kona Sigurðar prests Sívertsens á Útskálum, 73 ára gömul. — Sama dag ljezt af mislingum *Margrjet Jóryinsdóttir*, kona Einars Þórðarsonar prentara, 29 ára gömul. — 3. dag júlímánaðar dó úr sömu veiki í Reykjavík ungfrú *Anna Catharine Bjering*, fædd 19. desember 1850. Hinar tvær síðasttöldu þekkti jeg vera gáfaðar, vel að sjer og virtar og elskaðar af öllum.

Ritað í apríl 1883.

VII. Viðauki.

Um hag Íslendinga í Vesturheimi 1879—1882.

Í frjettum frá Íslandi 1877—78 er dálítið sagt frá hag Íslendinga vestra, og viljum vjer stuttlega greina frá hinu helzta, er þar hefur farið fram síðan. Veturinn 1878—1879 var nokkuð harður, og voru menn þá þegar margir farnir að hugsa um að flýja vetrarhörkurnar og sumarrigningarnar og leita suður á bóginn. Höfðu menn þá fest auga á hjeraði einu litlu, er Pembina nefnist, við landnorðurhornið á Dakotahfylkinu; það er nál. 140 enskum mílum eða 7 þingmannaleiðum í suður frá Nýja Íslandi. Um vorið fór Páll Þorláksson og nálægt 60 manns af hans fylgifiskum suður í Pembinu, og ljetu þar fyrir berast. Sumarið var gott og þurkasamt til 9. okt.; þá brá til rigninga, og fór allt á flot; þó kom ekkert syndaflóð í það skiptið. Heyskapur var heldur góður, og fiskafli sömuleiðis, en öll uppskera í ryrara lagi. Hæstur hlutur var um haustið 1000

af hvítfiski, og nemur það um 80 dollara (310 kr,). Eigi var enn alfriðað í landinu, þó að Páll væri farinn, því að Jón Bjarnason vildi þá láta flytja burt, en Sigtryggur Jónasson sparn fast í móti; vildi hann að menn sæti kyrrir, og reyndi að koma nýlendunni í betra horf, og keypti í því skyni gufubát fyrir 400 dollara, til flutninga á vatninu, og svo til þess að flytja á eldivið upp eptir Rauðá og selja hann í Vinnipeg. Undir nýárið komu frost mikil og kuldar, en með nýárinu vægði til, og gjörði betra, en þó var vorið (1880) mjög hrakviðrasamt, og um sumarið voru allar engjar manna huldar vatnsflóði. Flýðu menn nú hópum saman til Dakotah, og reyndust þar landkostir hinir beztu: voru þar um haustið orðnir um 150 landnámsmenn, og von á fleirum, er höfðu numið þar land, en voru eigi búnir að taka sjer bólfestu, og margir Íslendingar, sem voru á víð og dreif í Ontario, Minnesota og Nowa Scotia fóru þangað eða að minnsta kosti reyndu það.

Heima í Nýja-Íslandi var sumarið mjög bágt. Næturfrostin í júní voru svo mikil, að allt jarðeplagras dó út, en í júlí dundu á steypiregn og vatnsflóð, svo að ár lágu á löndum uppi og gras fúnaði undir vatni. Síðan komu aptur frostin í september. Uppskera og heyskapur varð því afarlítil, og svo bættist það á, að í september ruku á áköf norðanveður, og ólgaði þá vatnið svo langt á land, að fara varð á bátum milli heykleggjanna, og spilltust þeir mjög við það. Horfði nú til mestu vandræða með kvikfje og var eigi annað sýnt en það yrði að drepa það allt niður. Fiskiafli var heldur góður, en illt að sækja hann; heilsufar var hið bezta. Nú fóru menn fyrir alvöru að hugsa til að flýja til Dakotah, og bjuggu sig þegar undir það um haustið, og seldu kýr sínar til þess að geta borgað stjórnarlánið góða. Fóru sumir þá þegar um haustið, en flestir biðu vors. Þá gaus upp sá kvittur, að kolanámi hefði fundizt austan við vatnið, og fóru menn að hugsa um það mál um hríð, en litlu síðar reyndist það lýgi. Voru nú flestir eindregnir í að fara suður, og herti það eigi alllítið á mönnum, að 14. nóvember gekk vatnsflóðið svo hátt, að lífsháski varð af búinn, og varð að flýja hús um nætur. Síðan fraus yfir allt saman. Sumarið eptir, 1881, fóru flestir, sem vetlingi gátu valdið, til

Pembinu, nema fáeinar hræður, sem eptir urðu, og líður þeim fáu vel síðan, því að þeir hafa til afnota land það, er brottfarendur voru búnir að yrkja og rækta. Sumarið var eigi gott, því að vatnið sjatnaði eigi, en síðan fór það að minnka. Sumir af brottfarendum fóru til Vinnipeg.

Pembina er, eins og áður er sagt, nálægt 7 þingmannaleiðum beint í suður frá Nýja-Íslandi, skammt fyrir sunnan merkjalínu Dakotah og Manitoba; það liggur austan undir fjöllum, er Pembinafjöll heita, og er heldur flatt, en samt nokkuð hálent. Landkostir eru heldur góðir, jörð frjó en nokkuð sendin, og skógar litlir nema með fram ám og lækjum. Þar er miklu hægra um alla aðflutninga, því að rjett fyrir jólin 1878 var lokið við járnbraut, er liggur frá Bandafylkjunum gegn um Nebraska, rjett sunnan við Pembina, og alla leið til Manitoba. Veðurfar er þar allt mildara og hlýrra en norðan ássins, og sumarið 1881 var hiti þar mestur 28° R. en kuldi var mikill um veturinn, (mest 30° R.). Þegar menn voru þangað komnir, ljetu allir mjög vel af æfi sinni: sumarið var gott, en heldur þurrt, og varð því heldur lítil uppskera á sumum korntegundum. Heilsufar manna var ágætt.

Um miðsumar 1881 var almennt manntal haldið um Kanaðalönd (Dominion of Canada) og voru þar þá 1009 Íslendingar, og voru flestir þeirra í Vinnipeg.

Við nýár 1882 voru 500—600 Íslendingar í Vinnipeg, og leið þeim þar vel. Komu þeir sjer þar upp húsi til samkomna og barnakennslu, og komu á fót hjá sjer sparisjóði til þess að ávaxta fje sitt. Helzti forvígismaður þeirra þar var Sigtryggur Jónasson. Ár 1880 kom Jón Bjarnason til Íslands aptur, og varð prestur á Dvergasteini, og voru þeir þá prestlausir í Vinnipeg eptir það. Sumarið 1882 sendu þeir 2 menn til þess að fá hann aptur þangað, en fóru erindisleysu í það skiptið. Þetta ár græddu þeir og mikið á því að kaupa óbyggð lönd og selja þau síðan aptur í smærri pörtum. Yfir höfuð leið þar vestra öllum heldur vel, bæði í Vinnipeg, Dakotah og Manitoba; þar eru um 50 bændur, og eru þeir og að komast vel á fót; en þar gengur seinna, því að land er þar verra, og skóglaust, svo að eigi verður annað haft til eldiviðar en hey, og er það bæði illt og óhollt. Uppskera var alstaðar heldur góð

sumarið 1882. Rúmlega 160 fóru til Vesturheims um sumarið frá Íslandi, og flestir til Dakotah[1]; fengu margir þeirra þegar land, en sumir eigi þá þegar.

Þá voru Íslendingar þar vestra um sumarið að ráðgjöra að koma á fót hjá sjer blaði, en kom eigi saman um, hve stórt eða hvernig það ætti að vera, og stóð svo við kappræður einar og ráðagjörðir um það. Stóðu svo sakir manna um haustið, og hefur ekkert síðan gjörzt þar sögulegt, sem orð sje á gjörandi. Páll Þorláksson andaðist þar vestra sumarið 1882, og Halldór Briem, er verið hafði prestur þeirra í Minnisota, kom hjer til lands um sumarið, og endaði þannig árið með því, að Íslendingar voru alveg með öllu prestalausir þar vestra.

---

1) Nokkrir af þessum persónum voru mormóniskir nýgræðingar, og fóru til Utah.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1883

EPTIR

JÓNAS JÓNASSON

PREST TIL STÓRUVALLA.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU EINRARS ÞÓRÐARSONAR

1884.

I. Frá alþingi.

Síðan þing hafði verið haldið síðast, 1881, höfðu látizt tveir af þingmönnum, Guðmundur prófastur Einarsson á Breiðabólstað, þingmaður Dalamanna, og Jón landritari Jónsson, þingmaður Skagfirðinga. Um vorið fóru því fram kosningar af nýju í þessum kjördæmum, og voru þessir kosnir: í Dalasýslu Jakob prestur Guðmundsson á Sauðafelli í Dölum, og í Skagafirði Gunnlaugur kaupstjóri Briem í Reykjavík.

Áður enn menn riðu til þings, héldu þingmenn í flestum kjördæmum *undirbúningsfundi*, til þess að vita vilja kjósenda sinna, og búa málin til þings úr héraði. Þó má þess geta, að í höfuðstað landsins, Mýrasýslu, Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu og Vesturskaftafellsýslu voru slíkir fundir eigi haldnir. Á fundum þessum var hreyft hinum helztu áhugamálum þjóðarinnar, enn þó á allmisjafnan hátt. Mest var talað um *stjórnarskrána* nyrðra, og vildu flestir fara fram á, að stjórnarskránni væri svo breytt, að hin æðsta stjórn landsins væri dregin inn í landið, og yrði gjörð óháð allri danskri ráðgjafastjórn. Svo var og ýmislegt fleira, sem menn vildu fá fram til breytinga, sitt í hverju kjördæmi, enn þetta var það er allir vildu krefja. Víða var og talað um, að *laun embættismanna* væri ofhá, og einkum vildu þeir afnema *eftirlaunin*, annaðhvort með öllu, eða þá haga þeim sem eftirlaunum presta. *Þurfamannalögin* komu til umræðu í 8 kjördæmum, og þótti mönnum hvervetna hin mesta nauðsyn á, að réttur hreppsnefnda væri aukinn yfir þurfamönnum. *Skattalöggjöfin* kom til umræðu í 11 kjördæmum; þótti flestum ábúðar- og lausafjárskatturinn óhafandi; vildu sumir afnema báða, sumir annan; töldu menn það á móti lausafjárskatt-

inum, að hann ylli ákaflegum tíundarsvikum, og væri þannig hinn hættulegasti ásteytingarsteinn fyrir sóma og siðferði landsmanna. Í stað þessara skatta vildu þeir leggja á ýmsa tolla, t. d. útflutningsgjald á ull, kjöt, dún, eða kvikfjenað. *Bankamálinu* var hreyft í 5 kjördæmum, og alstaðar óskað fljótra aðgjörða. *Landbúnaðarlögin* var minnzt á í 9 kjördæmum og komu þar fram ýmsar skoðanir. Sumstaðar vildu menn helzt að þingið semdi að eins aðalákvarðanir um mál þetta, enn veitti sveitarstjórnunum vald til þess að setja reglugjörðir og samþykktir um sjerstakleg atriði. Í 7 kjördæmum kom fram áhugi mikill meðal landsmanna á að bæta *fiskiveiðar*, og vildu menn þar skora fast á þingið að bæta þær og styðja af alefli með ríflegum fjárframlögum. Þá létu menn sér og mjög ant á ýmsum fundum um *samgöngurnar*, kvörtuðu yfir póstum og póstferðum, og um gufuskipaferðirnar, og vildu krefjast umbóta á slíku. *Hallærismál* komu og víða fyrir, og voru mest í því fólgin, að menn óskuðu þess, að lán yrði fáanlegt af landsfé til til viðréttingar búnaðarhag manna. Mörg voru þau mál önnur, er til umræðu komu á fundum þessum, enn þessara mála er því hér getið, að þau eru flest áhugamál þjóðarinnar í heild sinni, og svo er þá hægt að sjá, hvað niðurstaða þessara mála er vel samhljóða þörfum eða vilja landsmanna eða eigi.

Þingmenn komu allir til þings, nema Þorvarður læknir Kjerúlf, þingmaður Norðurmúlasýslu; hafði amtmaður bannað honum að fara til þings frá embætti sínu.

Alþingi var sett 2. dag júlímánaðar; embættismenn þingsins voru kosnir þessir: forseti efri deildar varð Pétur byskup Pétursson, varaforseti Árni landfógeti Thorsteinson, og skrifarar Magnús Stephensen og Sigurður Melsteð lector. Forseti neðri deildar var kosinn Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, varaforseti Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson, og skrifarar Magnús prófastur Andrésson og Halldór yfirkennari Friðriksson. Forseti í sameinuðu þingi varð Magnús yfirdómari Stephensen, og varaforseti Lárus sýslumaður Blöndal, en skrifarar Eiríkur Briem prestaskólakennari og Eiríkur prófastur Kúld. Skrifstofustjóri var fenginn Lárus yfirdómari Sveinbjörnsson, en til ritstjórnar þingtíðindanna (umræðupartanna) Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar.

Þingið tók nú þegar til starfa og lagði landshöfðingi fyrir þingið 17 stjórnarfrumvörp og ein bráðabirgðarlög. Skulum vér nú geta hins helzta, er þing þetta afrekaði, í fám orðum.

Stjórnarfrumvörp þau, er þingið gerði að lögum með meiri eða minni breytingum, voru þessi:

1. *Frumvarp* til *fjárlaga* fyrir árin *1884—1885.*
2. —— — *fjáraukalaga* fyrir *1878—1879.*
3. —— — *fjáraukalaga* fyrir *1880—1881.*
4. —— — *fjáraukalaga* fyrir árin *1882—1883.*
5. —— — laga um *samþykt á landsreikningunum* fyrir 1878—1879.
6. —— — laga um *afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum.*
7. —— — laga um *fiskiveiðar hlutafélaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland.*
8. —— — laga um *breyting* á 1. og 2. gr. laga um *skrásetning skipa.*
9. —— — *landbúnaðarlaga* fyrir Ísland, (um *bygging ábúð* og *úttekt jarða*,.
10. —— — laga um, *að stjórninni veitist heimild* til að *selja nokkrar þjóðjarðir.*
11. —— — laga um *bæjarstjórn á Akureyri,*
12. —— — laga um *eptirlaun prestaekkna.*
13. —— — laga, er *breyta tilskipun 5. sept. 1794, 5. gr.*
14. —— — laga um *breyting á opnu bréfi 27. maí 1859*, um að *ráða útlenda menn á dönsk* skip, sem *gerð eru út* frá einhverjum stað *á Íslandi.*

Eitt af hinum konunglegu frumvörpum, og það sem sízt skyldi ætla, *frumvarp til laga* um *samþykt landsreikninganna* árin 1880 og 1881, varð eigi útrætt.

Tvö frumvörp um breytingu á *prestakallatilskipuninni* 15. des. 1865 og *prestakallalögunum* 27. febr. 1880 voru feld af þinginu.

Frumvörp, þau sem borin voru upp af *þingmönnum* sjálfum, og *náðu fram* að *ganga*, voru þessi:

1. Frumvarp til laga um *kosningu presta.*

2. *Frumvarp til* laga um að *meta til dýrleika* nokkrar *jarðir í Rangárvallasýslu.*
3. —— — laga um *friðun hvala.*
4. —— — laga um *linun í skatti á ábúð og lausafé.*
5. —— — laga um *bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.*
6. —— — laga um að *eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsanna* greiðist *eigi* af jafnaðarsjóðum amtanna.
7. —— — laga um *horfelli á skepnum.*
8. —— — laga um *löggilding nýrra verzlunarstaða.*
9. —— — laga um *breyting á 1. og 2. gr. laga 11. febr 1876* um *stofnun læknaskóla* á Íslandi.
10. —— — *breyting á lögum 15. marz 1861 um vegina* á Íslandi.
11. —— — laga um að *stofna slökkvilið á Ísafirði.*
12. —— — laga um *breyting* á nokkrum *brauðum* í í Eyjafjarðar- og Vestur-Skaftafellsprófastadæmum.
13. —— — laga um að *taka útlend skip á leigu* til fiskiveiða.
14. —— — laga um *afnám konungsúrsk. 20. jan. 1841.*
15. —— — laga um *eftirlaun embættismanna* og *ekkna* þeirra.
16. —— — laga um *afnám amtmannaembættanna* og *landritaraembættisins,* sem og um *stofnun fjórðungsráða.*
17. —— — laga um *stofnun landsskóla* á Íslandi.
18. —— — laga um *sölu* á *Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum* í Laxárdal.
19. —— — laga um *breyting* á lögum um *laun sýslumanna* og bæjarfógeta á Íslandi, 14. des. 1877.

Þeirra af lögum þessum, er náð hafa staðfestingu konungs fyrir árslok, skal verða síðar getið, og hinna helztu breytinga er þingið gerði á sumum frumvörpum stjórnarinnar.

Af *óútræddum* frumvörpum þingmanna, þegar þingi sleit, er hið merkasta:

Frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sérstakl málefni Íslands.

Þingsályktanir voru 14 samþyktar, og voru þessar hinar helztu þeirra:

1. Alþingi skoraði á ráðgjafann að sjá um, að *uppsigling yrði mæld á Hvammsfirði*, og þar leitað tiltækilegra hafna.
2. Ávörp til konungsins frá báðum deildum, sitt frá hvorri.
3. Þingið skoraði á ráðgjafann að veita landshöfðingja *heimild til þess, að verja alt að* 100,000 kr. af innstæðufé viðlagasjóðsins *til hallærislána.*
4. Þá skoraði og þingið á ráðgjafann, að hlutast til um, að *mældar verði innsiglingar* á hafnir þær, er ómældar eru hér á landi, einkum *Borðeyri* á Húnaflóa.
5. Sömuleiðis skoraði það og á landsstjórnina, að sjá svo um, að *gufuskipaferðum* yrði hagað á svo hagkvæman hátt, er það vildi (þess verður betur getið síðar).

Hinar aðrar þingsályktanir voru um einstök efni, og snertu síður almennan hag manna, og sleppum vér því að geta þeirra hér

Margt var það af málum þessum, er tók upp ógurlegan tíma fyrir þinginu, og má þar til nefna fjárlögin, sem stóðu lengst fyrir eins og vant er; enn þau eru líka það vandaverk, sem eigi má kasta til höndunum. *Endurskoðun sjórnarskrárinnar* fær að bíða þriðja þingsins; í neðri deildinni varð það mikið vafningamál, af því að sundrung kom upp í nefndinni, og var svo síðast samþykt hér um bil samhljóða hinu upphaflega frumvarpi Benedikts Sveinssonar. Síðan komst það undir þinglok upp í efri deild; var þar sett í það nefnd, og svo dagaði það þar uppi að sinni. Frumvarpið um *afnám amtmannaembættanna* varð einnig með hinum meiri deilumálum á þinginu; landshöfðingi lýsti því yfir í umboði stjórnarinnar, að hún væri málinu jafn mótfallin sem áður. *Launamálið* komst á hrakning millum deildanna; var að síðustu banað í sameiginlegu þingi. *Landsbankamálið* varð og mikið deiluefni; var því banað að lokum, og þótti landsmönnum súrt í brotið, þegar lát þess fréttist. Enn margir voru og þeir, er sáu, að það mundi hafa verið ófullkomlega undirbúið, og því gott að það biði betra byrjar. Nokkurra annara smærri þingmála verður getið síðar, t. d. brúamálsins o. fl.

Þingið stóð yfir 51 dag virkan, eða alls 57 daga. Fundir

voru haldnir 62 í neðri deild, 53 í hinni efri, og 3 í sameinuðu þingi. Mál þau, er borin voru fyrir þingið, voru alls 102. Lagafrumvörp voru 71; þar af voru 33 samþykt og afgreidd sem lög frá þinginu, 21 feld, 8 skildi þingið við óútrædd, 9 voru tekin aftur. Þingsályktunartillögur voru 26; af þeim voru 19 samþyktar, 1 ekki útrædd og 6 feldar. Fyrirspurnir voru 5: 2 leyfðar og 3 ekki leyfðar

Alþingiskostnaðurinn varð talsvert minni í þetta sinn enn á næsta þingi á undan, tæp 31 þús. kr., þar á meðal prentunarkostnaður rúmum 2000 kr. minni enn þá.

Þegar þingmenn komu heim, sátu þeir flestir um kyrt; enn þó héldu þingmenn í *tveim* kjördæmum *leiðir* eða haustþing að fornum sið, og skýrðu þar frá frammistöðu þings í sumar. Þetta var í Skagafjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þetta þótti nýung; enn allmisjafnar þakkir kunnu landsmenn, að minsta kosti í sumum kjördæmum, þinginu fyrir frammistöðu sína.

II. Ný lög.

Fyrir árslokin náðu 20 af frumvörpum þeim, er þingið afgreiddi sem lög, staðfestingu konungs. Hinn 21. dag septembermánaðar voru þessi lög staðfest: *Fjáraukalög 1878 og 1879*, lög um *sampykt landsreikninganna* 1878 og 1879, lög um *breyting á opnu bréfi 27. maí 1859* um *útlend skip*, lög um *eftirstöðvar* af *fangelsiskostnaðinum*, lög um *breyting á lögum* um *skrásetning skipa*, og lög um *afnám aðflutningsgjalds* af *útlendum skipum*. Hinn 8. dag októbermánaðar var ennfremur staðfest: *Fjáraukalög fyrir 1882 og 1883*, lög um *breyting á tilskipun 15. marz 1861* um *vegina*, um *bæjarstjórn á Akureyri*, og um *bæjarstjórn á Ísafirði*. Að síðustu ritaði konungur undir þessi lög 8. dag nóvembermánaðar: *Fjárlög* fyrir árin *1884 og 1885*, *fjáraukalög* fyrir *1880 og 1881*, lög um að *stjórnin megi selja* nokkurar *þjóðjarðir*, um að *meta til dýrleika* nokkurar *jarðir* í *Rangárvallarsýslu*, um *slökkvilið* á Ísafirði, um *linun í ábúðar- og lausafjárskatti*, um *löggilding verzlunarstaða*, um *breyting á læknaskólalögunum*, um

afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841, og um *breyting á launalögum sýslumanna.* Af lögum þessum voru 10 af stjórnarfrumvörpum þeim, er þingið afgreiddi, og 10 frá þingmönnum.

Sum af lögum þessum voru lítil og einstakleg, enn önnur snerta mjög almenning, og viljum vér geta þeirra hér stuttlega.

I fjáraukalögunum fyrir 1878 og 1879 er farið fram á 500 kr. viðbót hvort árið við fé það, er lagt var til visindalegra og verklegra fyrirtækja (viðbót við ferðastyrk Feilbergs).

Fjáraukalögin fyrir 1880 og 1881 fara fram á 8787 kr. 70 a. viðbót við fjárveitinguna þá. Af þessu fé gengur mest, 5156 kr. 35 a. til póstferða, 1656 kr. 16 a. til viðbótar við fé það, er lagt var til þinghússmíðar, einkum til húsbúnaðar. Hitt gekk til læknaskipunar (869 kr. 34 a.), kirkju- og kenslumála (612 kr. 90 a) og óvissra útgjalda (503 kr. 5 a.).

Fjáraukalögin fyrir 1882 og 1883 bæta 4135 kr. við útgjöldin í áætluninni í fjárlögunum. Af því gengu 2200 kr. til bráðabyrgðaruppbótar fátækustu brauðum, og 1125 kr. til launa handa lækni, er þjónaði tveim læknishéruðum.

Fjárlögin fyrir árin 1884 og 1885 tóku engum stórbreytingum í höndum þingsins frá frumvarpi stjórnarinnar, og má sjá muninn af eptirfylgjandi yfirliti:

I. Tekjur.	Stjórn. Kr. a.	Þing. Kr. a.
1. Skattar og gjöld: af jörðum, lausafé, húsum, tekjum, útfluttu og aðfluttu, póstferðum o. fl.	520732,00	549932,00
2. Tekjur af fasteignum landsjóðs	67606,00	64600,00
3. Tekjur viðlagasjóðsins: leigur og afborganir	60000,00	60000,00
4. Ýmsar innborganir: gjöld af prestaköllum, skyndilán borguð o. fl.	18500,00	17500,00
5. Tillag úr ríkissjóði	183000,00	18300,00
Samtals	849838,00	875032,00
II. Gjöld.		
1. Til hinnar æðstu innanlandsstjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi.	26800,00	26800,00
2. Til alþingis 1885, og yfirskoðunar landsreikninganna	33600,00	33600,00
3. Til umboðsstjórnar, gjaldheimtu og reikningsmála	52200,00	52200,00
4. Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	159872,38	171072,38
Flyt	272472,38	283672,38

	Flutt	272,472,38	283672,38
5.	Til ýmissa stjórnarþarfa, vegabóta, gufuskipaferða, búnaðar, vita o. fl.	135700,00	136460,00
6.	Útgjöld við læknaskipunina	81948,00	84748,00
7.	Útgjöld við póststjórnina	39000,00	55800,00
8.	Til kirkju- og kenslumála: brauðauppbóta o. fl.	60070,38	55490,38
9.	Til prestaskólans	25812,00	24792,00
10.	Til læknaskólans	9420,00	9740,00
11	Til lærðaskólans	70696,00	69696,00
12.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum .	17000,00	16400,00
13.	Til kvenna-, alþýðu- og barnaskóla . .	20000,00	19500,00
14.	Til landsbókasafnsins, amtsbókasafna, fornleifafèlagsins o. fl. . :	11200,00	11800,00
15.	Til skyndilána	10000,00	10000,00
16.	Til eftirlauna og styrktarfjár	50000,00	50000,00
17.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja .	12000,00	15400,00
18	Til óvísra útgjalda	6000,00	4000,00
19.	Áætlaður afgangur, er leggist til viðlagasjóðsins	28519,24	27533,24
	Samtals	849838,00	875032,00

Í fyrra dálki eru fjárupphæðir þær, er ákveðnar eru í frumvarpi stjórnarinnar, enn í hinum síðara upphæðirnar í lögunum frá þinginu.

Mismunurinn á tekjuupphæðunum er fólginn í mörgu, enn mestu smáu, og er það mest, að þingið hækkaði víntollinn um 5000 kr. og tekjurnar af póstferðunum um 5000 kr. Útgjöldin jukust mest við það, að þingið bætti við 6000 kr. í laun til hreppstjóra, og hækkaði fjárveitinguna til póstferða nærfelt um 17000 kr; spratt það af því, að þingið lagði til, að nýtt fyrirkomulag væri gert á póstferðunum, er miklu væri haganlegra, enn yrði dýrara. Þessa mun síðar getið nákvæmara.

Samkvæmt lögum um landsreikningana fyrir árin 1878 og 1879 voru tekjur landsins um það fjárhagstímabil 831405 kr. 49 a. og gjöld þess 715279 kr. 58 a. Innstæðufé viðlagasjóðsins var í lok þess fjárhagstímabils 677,693 kr. 32 a.

Lög þau, er breyta opnu bréfi 27. maí 1859, nema þá ákvörðun þess úr gildi, að helmingur skipshafnar á dönskum skipum, sem út eru gerð frá einhverjum stað á Íslandi, skuli eiga heima í hinu danska ríki.

Lög um eftirstöðvar af fangelsiskostnaðinum, sem verður 31. des 1883, ákveða, að það fé skuli eigi [illegible] gildið af jafnaðarsjóðum amtanna. Þessi lagagreinvar [illegible]

komin, því að upphæð jafnaðarsjóðsgjaldsins var mjög ervið sveitabændum.

Bæjarstjórnarlögin á Ísafirði og Akureyri eru nær orðrétt hin sömu; þar eð þau snerta eigi almenning, setjum vér eigi ágrip af þeim hér.

Lög um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir heimila stjórninni að selja 17 þjóðjarðir (eða eiginl. 24, ef taldar eru sér allar jarðir Kaldaðanessspítala, sem þar er með). Landshöfðingi gerir helztu ákvarðanir við sölu jarðanna, og kýs tvo menn dómkvadda til að virða jarðirnar. Eigi má selja þær minnu verði enn lögin heimila, og er það þó ærið mikið á sumum þeirra. Helmingur kaupverðsins má standa í jörðinni, og skal kaupandi gefa fyrir því skuldabréf, og gjalda 4% vöxtu af því árlega; eigi má landssjóður segja honum, ekkju hans né börnum upp láninu. Af hinum helmingnum skal helmingur goldinn, er kaupbréfið er samið, og hitt í 5 ár, fimtungur á ári, þar til því er lokið. Lög þessi gilda að eins til 31. desember 1890.

Í lögum um linun í skatti á ábúð og lausafé er sú ákvörðun gefin, að á manntalsþingunum *vorið 1884* skuli að eins heimtað inn í ábúðarskatt $^{1}/_{5}$ álnar, og í lausafjárskatt $^{1}/_{2}$ alin á landsvísu. Lög þessi voru gefin í tilliti til vandræða þeirra, er risið hafa af harðærinu víða um land, enn þó að þau sé heppileg, þykir sumum landsmönnum þau litlu muna.

Lög um löggilding nýrra verzlunarstaða löggilda enn að nýju 10 nýja verzlunarstaði, og eru þeir þessir: Sveinseyri við Tálknafjörð, Búðardalur við Hvammsfjörð eða Vestliðaeyri í Dalasýslu (hvor þeirra skuli löggildur, ákveður landshöfðingi, þegar nákvæmari skýrslur eru fengnar), Skarðsstöð við Gilsfjörð, Bakkafjörður á Langanesströndum, Lagarfljótsós, Selnessbót í Breiðdal, Hrúteyri við Reyðarfjörð, Fjallahöfn í Þingeyjarsýslu, Stokkseyri í Árnessýslu, og Grímsey.

Breytingin á læknaskólalögunum 11. febr. 1876 var sú, að laun landlæknisins, sem er forstöðumaður skólans, eru *færð niður* úr 4800 kr. í 4000 kr., og laun hins fasta kennara *hækkuð* úr 1800 kr upp í 2400 kr.

Með konungsúrskurði 20. janúar 1841 var það ákveðið, að stúdentar þeir, er fara til háskólans, skyldi þá stvrk af landsfé

til utanferðar. Enn þar er nú eru svo margir teknir að sigla þangað, og margir af þeim með litlum árangri, var styrkur þessi úr lögum numinn.

Lög um jarðamat að nýju í Rangárvallasýslu kveða á, að allar þær jarðir, er orðið hafa fyrir skemmdum af sandágangi skaðræðisvorið 1882, skuli metnar af nýju til dýrleika, og skal það svo fljótt gert, að matið geti orðið lagt fyrir þing 1885, og náð þá löggildingu.

Aðrar konunglegar auglýsingar voru engar þær, er hér verði um talað, nema auglýsing, gefin út 29. sept., er auglýsir, að svofeldur samningur hefir verið ger milli Dana og Ítala stjórna, að Ítalir skuli eiga kost á að fá gjafsókn í málum í konungsríkinu Danmörku, með Íslandi og nýlendunum, og hinsvegar danskir þegnar á Ítalíu, með sömu kjörum og sama formi og lög standa til í ríkjum þessum, þegar vottorð um fátækt og önnur skírteini eru í góðri reglu til að styðja beiðni þeirra.

Svo sem áður er frásagt í þingskýrslunni afgreiddi þingið lög um nýja tilhögun á eftirlaunum embættismanna og ekkna þeirra. Lög þessi fara fram á, að eftirlaununum verði hagað líkt og eftirlaunum presta, þannig, að þeir fengi vísa upphæð fyrir hvert ár, sem þeir hafa verið við embætti. Með þessu móti hefðu eftirlaunin lækkað að góðum mun, og mikið létt á landssjóð, enn þá einnig getað horft til þess, að sumir embættismenn lenti í skorti í elli sinni; landshöfðingi og ráðgjafi lögðu því á móti því, að lög þessi næði staðfestingu, og þeirri tillögu samþykktist konungur með úrskurði 8. nóv. Í sambandi við lög þessi má geta þess, að við nýár 1884 njóta 7 embættismenn og 23 embættismanna ekkjur (allir verzlegir) eftirlauna af landssjóð, er nema um 18460 kr.

III. Innanlandsstjórn.

Laxamál Thomsens.—Verðlagsskrár.—Fjárveitingar.—Embættaskipun o. fl

Það mál, sem lengst hefir staðið í stímabraki með um margra ára tíma, og oft hefir fyrirfarandi verið á minnzt í fréttum þessum, er hið þjóðræmda *laxamál A. Thomsens*

kaupmanns í Reykjavík, og jafnan hefir verið kallað Elliðaármál. Faðir Thomsens þessa hafði, sem kunnugt er, keypt Elliðaárnar, 1853, og þvergirti þær síðan til laxveiða. Þegar laxafriðunarlögin 11. maí 1876 komu út, og allar þvergirðingar voru bannaðar, þvergirti Thomsen eigi að síður, þrátt fyrir málssóknir þær, er sífelt voru reistar móti honum, bæði áður og eftir, einkum af þeim, er land áttu að ánum ofar enn hann. Árið 1880 dæmdi landsyfirrétturinn á Íslandi, að honum væri leyfilegar þvergirðingarnar, og í skjóli þess dóms hélt hann því áfram. Bæði áður og eftir penna dóm höfðu menn þeir, er þótti rétti sínum hallað við aðfarir Thomsens, farið til og tekið upp sjálfir eða brotið veiðivélar Thomsens í ánni, og varð það til þess að Jón landritari Jónsson var settur ransóknardómari í þeim brotamálum. Hæstiréttur komst að lokum að þeirri niðurstöðu, að Thomsen væri eigi fremur enn aðrir undan þeginn að hlýða lögunum 11. maí 1876, og dæmdi hann því 8. mai 1883 í sekt og málskostnað fyrir að hafa óhlýðnazt þvergirðingabanninu í áminnztum lögum. Í öðru máli, sem var þessu skylt, um að hann hefði haft of mjótt milli rimlanna í laxavélum sínum, dæmdi hæstiréttur hann sýknan, með því að sök væri ósönnuð.

Thomsen ritaði ráðherranum (Íslands), og krafðist þar skaðabóta úr landsjóði fyrir veiðimissi í Elliðaánum vegna þvergirðingabannsins, 60 af hundraði af meðaltali veiðinnar hin síðustu 5 ár.

Enn ráðherrann svaraði á þá leið, að hann geti engar bætur fengið, bæði vegna lagafestu hæstarjettardómsins, og svo einkum af því, að svo sé til orða tekið í kaupbréfinu 11. des. 1853, að hann megi stunda veiðarnar *„samkvæmt tilskipunum þeim, er á Íslandi sé út komnar* eða út muni verða gefnar *um veiðarnar“*. Var svo lokið um síðir þessum löngu og flóknu málum, eptir meira enn 20 árap jark og þras, og þótti almenningi það góð tíðindi.

Meðalverð allra meðalverða eftir verðlagsskránum 1883-84 var sem fylgir:

Í Austur-Skaftafellsýslu	46 a. al.
- Vestur-Skaftafeslssýslu	47 - —
- Rangárvallasýslu	49 - —

- Vestmanneyjasýslu . . . . . 53 a. al.
- Árnessýslu . . . . . 57 - —
- Gullbringu-og Kjósarsýslu og Reykjavík . . . . 60 - —
- Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu hvorri . . . . 59 - —
- Snæfellsness- og Hnappadalssýslu . . . . . 60 - —
- Dalasýslu og Barðastrandarsýslu hvorri . . . . 57 - —
- Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu hvorri . . . . 58 - —
- Húnavatnssýslu . . . . . 59 - —
- Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu hvorri . . 53 - —
- Þingeyjarsýslu . . . . . 55 - —
- Norður-Múlasýslu . . . . . 59 - —
- Suður-Múlasýslu . . . . . 55 - —

Er þá meðalalin um land alt 55½ eyrir.

Fje því, sem ætlað var til bráðarbirgðaruppbótar fátækum brauðum um fram það er prestakallalögin ákveða, 5500 kr., var skift upp á meðal 26 hinna fátækustu brauða á landinu. Af því fekk Staður í Aðalvík mest: 500 kr. Þá var og á synodus 1041 kr. 20 a. skift milli 6 uppgjafapresta, og 1353 kr. 83 a. milli 47 prestekkna. Enn fremur var og 2500 kr. skift upp milli 50 prestaekkna, og voru margar þeirra hinar sömu og áður fengu fjárstyrk. Hallærislána og ýmissa annara fjárveitinga skal síðar getið.

Embættisveitingar og aðrar breytingar, sem urðu í þá átt, voru þessar:

Svo sem frá er skýrt í frjettum frá fyrra ári, fór landshöfðingi vor, *Hilmar Finsen*, af landi burt, og til Kaupmannahafnar, og var þar um veturinn. Var honum þar veitt embætti, og gerður yfirpresident í Kaupmannahöfn, eitt með æðstu embættum í Danmörku, 29. dag marzmánaðar. Enn í hans stað var amtmaðurinn í Suður- og Vestur-amtinu, *Bergur Thorberg*, settur til þess að gegna landshöfðingjadæminu.

Sama dag var og yfirdómari *Magnús Stephensen* settur til þess, að hafa amtmannsstörf á hendi í Suður- og Vesturamtinu, ásamt sínum eigin embættisstörfum, svo og að gegna embættisstörfum stiptsyfirvaldanna með biskupi.

I landritaraembættið var settur *Jón Jensson*, kand. í lögum, 28. dag febrúarmánaðar.

Skaftafellssýsla var 6. dag. janúarmánaðar veitt settum sýslumanni þar, *Sigurði Ólafssyni*, kand. í lögum.

Dalasýsla, þar sem *Guðlaugur Guðmundsson*, kand. í lögum, hefir verið settur um stund, var veitt *Halldóri Daníelssyni*, kand. í lögum, 25. dag júlímánaðar.

Málaflutningsmaður við landsyfirréttinn var kand. í lögum *Jóhannes Ólafsson* settur frá 1. janúar 1884, 20. dag desembermánaðar.

Landlæknisembættið var veitt settum landlækni *Hans Jacob George Schierbeck* 3. dag janúarmánaðar, með þeim fyrirvara, að hann verði að sætta sig við þær breytingar, er kynni að geta orðið á launakjörunum.

Lækninum í 2. læknishéraði, Gullbringusýslu, *Þórði Guðmundsen*, var veitt lausn frá embætti frá 1. júní 17. dag maímánaðar. Í hans stað var kand. í læknisfræði *Þórður Thoroddsen* sama dag settur frá sama tíma að gegna því embætti.

Asgeir Blöndal kand. í læknisfræði var skipaður læknir í 17. læknishéraði, Vestur-Skaftafellssýslu, 28. dag aprílmánaðar.

Settur prófastur *Sigurður Jensson* var skipaður reglulegur prófastur í Barðastrandarprófastdæmi 9. dag októbermánaðar.

Skólakennari við lærða skólann var settur *Björn Jensson* 31. dag júlímánaðar frá 1. október, með 2000 kr. árslaunum, og skyldi taka að sér umsjón í skólanum, ef krafizt yrði.

Brauðaveitingar á árinu voru þessar:

Magnús Helgason, kandídat í guðfræði, fekk Breiðabólstað á Skógarströnd í Snæfellsnessprófastdæmi 17. dag janúarmánaðar. Uppgjafaprestur síra *Þórður Thorgrímssen* frá Brjámslæk var skipaður prestur í Otrardal í Barðastrandarprófastsdæmi 21. dag marzmánaðar. *Magnús Jónsson*, prestur á Skorrastað, fekk Laufás í Suðurþingeyjaprófastsdæmi sama dag. Aðstoðarprestur *Steindór Briem* í Hruna í Árnessprófastadæmi fekk það brauð 25. dag aprílmánaðar. *Pétur Jónsson*, prestur í Fjallaþingum, fekk Hálsprestakall í Fnjóskadal 11. dag maímánaðar. *Jónas Pétur Hallgrímsson*, fyrrum aðstoðarprestur á Hólmum í Reyðarfirði, fekk Skorrastað í Suðurmúlasýslu sama dag. *Ísleifur Einarsson* prestur á Hvammi í Laxárdal fekk Stað í Steingrímsfirði 13. dag júlímánaðar. *Sveinn Skúlason* prestur á Staðarbakka fekk Kirkjubæ í Tungu í Norðurmúla-

sýslu 27. dag júnímánaðar. *Gunnlaugur Halldórsson*, prestur á Skeggjastöðum, fekk Breiðabólstað í Vesturhópi s. d. Bæði þessi brauð voru veitt af konungi. *Magnús Jósefsson*, prestur að Kvíabekk, fekk Hvamm í Laxárdal í Skagafjarðarprófastadæmi 27. dag ágústmánaðar. *Einar Vigfússon*, prestur á Hofi á Höfðaströnd, fekk Fjallaþing 3. dag septembermánaðar. 10. dag septembermánaðar fengu þessir kandídatar brauð: *Jónas Jónasson* Stóruvallaprestakall í Rangárvallasýslu, *Þorvaldur Jakobsson* Stað í Grunnavík, og *Bjarni Þórarinsson* sem *settur* til að þjóna Þykkvabæjarklaustri í Skaftafellssýslu. *Jón Halldórsson*, fyrrum aðstoðarprestur að Hofi í Vopnafirði, fekk Skeggjastaði í Norðurmúlaprófastsdæmi 11. dag s. m. *Þorvaldur Stefánsson*, prestur í Hvammi í Norðurárdal, fekk Árnes í Strandasýslu 19. dag s. m. Aðstoðarprestur var einn skipaður: *Lárus Jóhannesson*, kandídat í guðfræði, til Vigfúsar prófasts Sigurðssonar á Sauðanesi.

Prestvígðir voru: *Magnús Helgason* á annan í hvítasunnu, og *Bjarni Þórarinsson*, *Jónas Jónasson*, *Þorvaldur Jakobsson* og *Lárus Jóhannesson* 16. dag septembermánaðar, til brauða þeirra, er áður er getið.

Lausn frá embætti fengu.

Skólakennari *Benidikt Gröndal* 13. dag aprílmánaðar, og svo prestar þeir, er nú skal greina: *Guðmundur Jónsson* prestur á Stóruvöllum frá næstu fardögum 13. janúar, *Jóhann Kristján Briem* prestur á Hruna frá næstu fardögum 8. marz, *Hjálmar Þorsteinsson* prestur á Kirkjubæ í Tungu 27. marz, *Stefán Árnason* prestur á Hásli í Fnjóskadal 28. marz, báðir frá fardögum, *Einar Vernharðsson* prestur á Stað í Grunnavík 17. maí, *Helgi Sigurðsson* prestur á Melum í Borgarfiði 2. október, og *Hjörleifur Guttormsson* prestur á Völlum í Svarfaðardal frá næstu fardögum 22. desember. Ennfremur var og *Lárus* prófastur *Halldórsson*, prestur á Valþjófsstað, leystur frá embætti sínu 28. dag júnímánaðar, af orsökum þeim, er síðar mun frá sagt.

Jakob Havsteen, verzlunarstjóri á Akureyri, var sampyktur af konungi *sænsk-norskur vísikonsúll* á Akureyri 21. nóv. 1882 (gleymdist í fréttunum í fyrra).

Heiðursmerkjum voru sæmdir af konungi 7. dag apríl-

mánaðar, biskupinn, Dr. theol. *Pétur Pétursson* með kommandörkrossi dannebrogsorðunnar 1. stigi, og þeir prófastarnir, *Stefán Þorvaldsson* prestur í Stafholti og *Jón Hallsson* prestur í Glaumbæ riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs 9. fengu þeir *Einar* alþingismaður *Ásmundsson* í Nesi 200 kr. og *Jón* bóndi *Halldórsson* á Laugabóli 120 kr. fyrir framúrskaranda dugnað í búnaði.

Konungsleyfi voru veitt *Markúsi* lyfjafræðingi *Ásmundarsyni* til þess að stofna lyfjabúð á Seyðisfirði 21. sept., *Sigurði* verzlunarstjóra *Jónssyni* á Vestdalseyri að stofna og halda prentsmiðju á Seyðisfirði, 7. sept., og *Sigmundi* prentara *Guðmundssyni* í Reykjavík að stofna og halda prentsmiðju í Reykjavík 8. nóv.

Við árslokin voru 16 prestaköll laus á landinu.

IV. Samgöngur.

Gufuskipaferðir.—Póstgöngur.—Brèfspjöld.—Brýr.—Brúamálið.

Gufuskipaferðir gengu bærilega í kring um landið, nema hafísarnir fyrir Hornströndum og á Húnaflóa gerðu nokkurn farartálma tveim ferðum um sumarið. Það hefir nú lengi staðið í stímabraki milli þingsins af annari hálfu og gufuskipafélagsins af annari, sem sjá má af fréttum undangangandi ára. Og þó að þingið hafi aldrei fengið öllum sínum kröfum framgengt, þá hefir það smátt og smátt unnið meira og meira svig á mótspyrnunni. Á þinginu var kosin nefnd manna til að skipa fyrir um gufuskipaferðirnar, og semja ferðaáætlun til næsta árs. Samkvæmt áætlun þeirrar nefndar skyldu ferðirnar vera 12, og af þeim 6 kringum land allt. Auk þess tók hún upp aptur þá tvo staði, er gufuskipafélagið feldi úr áætlun þingsins 1881, Djúpavog og Borðeyri, og bætti ennfremur við Vestmanneyjum, Hornafjarðarósi, Þorlákshöfn og Reykjarfirði, og svo Borðeyri sem áður. Krafðist nefndin þess, að áætlun þessari yrði framgengt, að landstjórnin áskilji hentug skip, og tilnefndi að þau þyrfti þrjú að sumrinu til ferðanna, með

nægu rúmi á öllum plássum; og að krõfum þingsins 1881 um sölu á fæði farþegja væri fylgt. Þá krõfðust þeir þess og fastlega, að sú ákvörðun, að skipin þyrfti eigi að koma á Stykkishólm, Skagaströnd og Djúpavog *nema vindur og veður leyfi* sè brott numin, því að það veki rugling og vantraust manna til ferðanna. Tillaga þessi var síðan send ráðherranum, og hann sendi aptur forstjóra gufuskipafélagsins; svaraði hann aftur á þá leið, að á Þorlákshöfn, Borðeyri og Hornafjarðarós sæi han sér með engu móti fært að láta skip koma; hann þverneitaði og að brjóta niður bakhjallana um vind og veður, og bar fyrir, að, ef fært væri, yrði komið þar, hvort heldur sem væri, enn annars ekki, og til ýtarlegri áherzlu gat hann þess, hvað félagið hefði átt við mikið að stríða á umliðnum árum, og hvað það hefði þó lagt sig í líma með að haga öllu sem bezt. Enn fremur neitaði hann að hafa 3. pláss á skipunum, og svo því, að farþegjar á 1. káetu geti fengið keypt fæði öðruvísi enn skyldukaupi. Sjöttu ferðina í kringum landið í október neitaði hann og um, og bar fyrir skammdegi. Í flestu öðru var ályktan þingsins samþykt.

Póstgöngur á landi hafa jafnan þótt erfiðar hér, einkum á vetrum, og þar á ofan helzt til fáar og strjálar. Eins og kunnugt er, hefir einn maður átt að fara alla leið frá Reykjavík til Akureyrar, annar frá Reykjavík til Ísafjarðar, þriðji frá Reykjavík að Prestsbakka, fjórði frá Akureyri til Seyðisfjarðar og fimti frá Prestsbakka til Seyðisfjarðar. Þessi tilhögun hefir reynzt mjög óheppileg, ferðir strjálar og gengið seint, póstar eigi orðið langgæðir, og oft beðið stórtjón af hestamissi á svo langri leið í ófærðum og illviðrum á vetrum. Fjárlaganefndin á þinginu kom þá upp með nýja tilhögun á póstferðunum, sem er í flestu miklum mun hagkvæmari enn hin fyrri; en hún er sú, að skifta hverri af hinum áðurnefndu póstleiðum í tvent; með því móti fara póstar tvær ferðir fram og aptur, þar sem þeir áður fóru að eins eina, og svo eru hestar, menn og farangur eigi í jafnmikillu hættu á skammri leið, og getur því gengið fljótara. Póstleiðunum var nú skipt niður sem nú skal greina. Vestur um land ganga tveir póstar: hinn fyrri frá Reykjavík að Hjarðarholti í Dõlum, hinn síðari frá Hjarðarholti á Ísafjörð. Norður um land ganga alt til Seyðisfjarðar: norð-

anpóstur, frá Reykjavík að Stað í Hrútafirði, Akureyrarpóstur frá Stað til Akureyrar, og Seyðisfjarðarpóstur í tvennu lagi, hinn fyrri frá Akureyri að Grímsstöðum á Fjöllum, og hinn síðari frá Grímstöðum á Seyðisfjörð. Austur um land ganga alt til Eskifjarðar: Prestsbakkapóstur í tvennu lagi, hinn fyrri frá Reykjavík að Breiðabólstað í Fljótshlíð, og hinn síðari frá Breiðabólstað og að Prestsbakka; og Eskifjarðarpóstur í tvennu lagi, hinn fyrri frá Prestsbakka að Bjarnanesi, og hinn síðari frá Bjarnanesi að Eskifirði. Aukapóstar voru allir hinir sömu og áður. Með þessu fyrirkomulagi hlýtur alt að ganga nokkru greiðara enn áður, enn einnig hlýtur það og að hafa aukinn kostnað í för með sér. Þingið jók því fjárframlögurnar til póstferðanna um 8000 kr., svo sem áður er sagt.

Bréfspjöld með *borguðu svari* voru og tekin upp á þessu ári hér á landi 1. júlí, þó að þau kæmust eigi í gang fyrri enn um árslok. Bréfspjöldum þessum geta menn skifzt á við öll lönd í Norðurálfu, nema Rússland og Grikkland, svo og við, póststofur þær, er Englendingar halda í öðrum heimsálfum, nýlendur Hollendinga og Portúgalsmanna, og sumar nýlendur Spánverja og Breta í öðrum heimsálfum, og við Argentina, Paraguay, Chili og Persaland. Síðan voru bréfspjöld prentuð til þessa, og kosta þau, er notuð verða innanlands, 10 aura, þau, sem senda skal til Danmerkur, 16 aura, og til annara landa í póstsambandinu 20 aura. Bréfspjöld þess eru mjög þægileg til smáskrifta.

Vegagjörðum þeim, er byrjað hefir verið á áður, var nú haldið áfram, og tekið aftur að gera að sumum, er farnir voru að ganga af sér, svo sem vegurinn á Holtavörðuheiði, og svo Svínahraunsvegurinn; á honum mátti sjá, að það er eigi nóg, að vegurinn kosti ærið fé, ef hann er illa gerður. Þetta ár var skift 22890 krónum upp í vegabætur, og var þeim skift á þær aðalstöðvar, er hér segir:

Til aðgjörðar á Svínahraunsveginum	2500 kr.
— vegargjörðar á Mosfellsheiði	2000 —
— vegar á Bröttubrekku, Laxárdalsheiði og Haukadalsskarði	2500 —
— vegar á Þorskafjarðarheiði	3500 —
— endurbótar á veginum yfir Holtavörðuheiði um	570 —

til vegar yfir Vaðlaheiði vestanvert . . . . 2000 kr.
— að lúka veginum yfir Mývatnsöræfi . . . 300 —
— vegarins yfir Siglufjarðarskarð . . . . . 700 —
— vegarins yfir Vatnsskarð í Húnavatnssýslu . 470 —
— vegarins yfir Yxnadalsheiði í Eyjafjarðarsýslu 150 —
— vegarins yfir Vestdalsheiði . . . . . 1500 —
— sæluhússins við Jökulsá á Mývatnsöræfum . 1000 —
— vegarins yfir Grímstungnaheiði . . . . 2000 —
— vegarins yfir Heljardalsheiði . . . . . 1000 —
Veitt til þess, að bæta sýsluvegi í norður- og austuramtinu . . . . . 2500 —

Flestir eða allir þessir vegir hafa verið lengdir að svo miklu leyti, sem fjárframlög þessi leyfðu. Enn gallinn er sá, að þó að allmiklu fé sé varið til vegabóta, og að því skapi afkastað í þá átt, þar sem 8 fjallvegir eru nú á leiðinni, og sumir geysilangir, auk annara, sem áður hafa verið lagðir og nú eru í aðgerð, þá vilja þeir reynast illa gerðir og endingarlausir. Fjárlaganefndin fór vel í þetta mál: lagði 12000 kr. til fjallvega og 8000 kr. til póstleiða í sveitum hvort árið, því að hún sá sem satt var, að eigi er síður þörf á vegum í sveitum enn á öræfum. Og til þess að koma í veg fyrir, að fé landsins verði eytt til ónýtis í höndum fákunnandi vegasmiða, lagði hún til, að fenginn yrði vegafróður maður frá útlöndum til þess að kenna Íslendingum að hlaða veg; gerði hún ráð fyrir, að til þess skyldi varið alt að 2500 kr. hvort árið. Þessi ákvörðun var samþykt á þinginu og kom fram í fjárlögunum.

Sæluhús var reist á Mývatnsöræfum, við Jökulsá á Fjöllum. Það var af steini gjört og allramlegt, og kostaði rúmlega 2000 kr.

Brýr voru gerðar þrjár á þessu ári, er merkastar mega teljast: á Jökulsá á brú, Elliðaárnar og Skjálfandafljót. Sjóður Jökulsárbrúarinnar bygði hana upp að fullu, og kostaði hún um 3500 kr. Brúin, sú er áður var, hafði enzt um 60 ár og var hún rifin. Elliðaárbrýrnar komust nú á um sumarið. Þær voru brúaðar skamt eitt fyrir neðan vaðið. Yfirsmiður brúa þessara var Sigurður járnsmiður Jónsson í Reykjavík. Steinstöplar miklir, bræddir sementi, eru hlaðnir undir brýrnar, 5 álna háir

og 5 álna breiðir. Þá múra gerði Björn Guðmundsson múrari í Reykjavík. Eru þeir mjög ramgervir. Brýrnar sjálfar eru af tré og er önnur þeirra 20 álnir á lengd, enn hin 17. Þær eru og ramlega gerðar, með miklum og sterklegum járnbindingum. Brýr þessar kostuðu á 8. þúsund króna; var lagt til þess af vegabótafé 1200 kr., enn 4000 kr. tók sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu til þess að láni. Skjálfandafljót var brúað í tveim kvíslum. Bald, sá er var yfirsmiður alþingishússins, sá um hleðslu stólpanna undir brýrnar. Brúin yfir meginkvísl fljótsins er um 80 álna löng, enn hin er hér um bil hálfu styttri. Lengri brúin er eigi öll á lofti alla þessa leið, því að í miðju fljótinn eru gerðir steinstöplar tveir, hlaðnir ofan á kletta, svo að hún er eigi nema 30 álnir á lofti, þar sem lengst er. Styttri brúin er aftur á móti öll á lofti. Hæðin frá vatninu er þar að jöfnuði 10 álnir. Kostnaðurinn til brúa þessara var um 17300 kr. Fé þetta var tekið að láni úr landssjóði, og skal endurborgast á 28 árum, jafnt af þremur sjóðum, jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, sýslusjóði Þingeyjarsýslu og vegasjóði. Kvíslarbrúin er rétt að segja á veginum, enn meginbrúin hér um bil $^1/_8$ mílu frá, og verður að breyta vegi þar eftir því.

Lítið miðaði brúnum á Þjórsá og Ölfusá, þó að það mál kæmist á þingið. Þar var það mál sett í nefnd, og tókst meira hluta nefndarinnar að sálga því áhugamáli að sinni. Reyndar kom þá eigi til umræðu nema Ölfusárbrúin, enn þegar til umræðu kom, var fylgt fast á báðar hliðar. Flutningsmaður málsins var Magnús prófastur Andrésson, þingmaður Árnesinga. Helzt vildu þeir, er móti mæltu, ráða til þess að fá brúaspeking, helzt frá Ameríku, til þess að skoða árnar, og gera áætlun um dragferjur á þær. Mikill kur og almenn óánægja er í öllum austursveitum yfir afdrifum máls þessa.

V. Kirkjuhreyfingar.

Lárus Halldórsson.—Lúters afmæli.—Synódus.

Vér gátum þess rétt lauslega í fréttunum frá fyrra ári, hvað Austfirðingar, þ. e. Reyðfirðingar, væri farnir að taka til

sinna ráða með prest, vildu eigi hlíta þeim presti, er veitingarvaldið hafði ánafnað þeim, og héldu nokkrir þeirra þeirri fyrirtekt til þrautar, að þiggja engin prestverk af honum. Má á því bezt sjá, að mótspyrnumönnunum er alvara, að Daníel prestur lét fara að taka hjá þeim lögtaki tekjurnar um haustið. Þeir skiftu sér ekki af því, heldur enn ekkert væri, enn létu á sér skilja, að þeir mundu stefna honum, og einn taka að sér málið fyrir alla. Ætluðu þeir sér þannig að ná rétti sínum; enn eigi var það orðið um árslokin.

Á þessum anda fór víðar að brydda, að söfnuðir vildu hafa hönd í bagga með, hverja presta þeir fengi, til þess að varast að fá þá menn, er einhverra hluta vegna hvorki væri stöðu sinni til gagns né sóma. Þetta er nú frá safnaðanna hálfu. Enn einnig hefir borið á nýjum hreyfingum í aðra átt hjá einum presti landsins, og vakið allmikla eftirtekt. Viljum vér hér í fám orðum skýra frá nýjungum þessum.

Lárus heitir maður, og er *Halldórsson*, prófasts Jónssonar á Hofi í Vopnafirði. Hann var vígður prestur að Valþjófstað árið 1877, og varð svo prófastur í Norðurmúlasýslu, og þótti góður prestur jafnan. Árið 1880 fór hann að taka upp öðruhverju ýms afbrigði frá venjulegum siðareglum við guðsþjónustugjörðina, svo sem að klæðast eigi messuklæðum, o: rykkilíni og hökli, í kirkju, tóna eigi, og koma eigi fyrir altari, nema við útdeilingu kveldmáltíðarsakramentisins. Þessu atferli hélt hann eigi stöðugt á fram fyrst um sinn, enn fór þó brátt að færa sig upp á skaftið, aftaka að fara í hempu við barnaskírn, m. fl. Pistil og guðspjall las hann upp á stólnum, en sleppti burt með öllu hinni síðari altarisþjónustu, sem óþörf væri. Sóknarmönnum hans líkaði þetta sumum vel, enn öðrum miður, og þar kom um síðir, að þeir báru sig upp við hann, og kröfðust: *að* hann tæki aptur upp forna venju með að klæðast messuklæðum, og fara fyrir altari, *að* hann ræktí betur húsvitjanir og barnauppfræðingu enn fyrr, og *að* hann hlýddi lögunum um skipun héraðsnefnda og sóknarnefnda. Þetta hið síðasta lagði hann með öllu fyrir óðal. Undir kröfu þessa rituðu 79 af sóknarmönnum hans. Nú hafði þetta borizt til

eyrna byskupi, og reit hann honum þegar, til þess að komast fyrir sannleika þessa, og kannaðist Lárus prófastur við alt, enn reyndi jafnframt að réttlæta sig með frelsi því í kirkjusiðum, er Ágsborgarjátningin veitir, taldi messuklæðin jafnvel viðurstyggð, reyndar eigi í sjálfu sér, enn að því leyti, sem þau gæti orðið til þess, að halda að guðsorð væri kraptminna, ef þau vantaði. Nú kærðu og sóknarmenn prófast, fyrir byskupi, og kröfðust þess, að hann byði honum að taka upp aftur forna venju, eða leysa hann frá embætti ella, en prófastur kaus heldur að missa af embætti sínu, enn að láta af uppteknum hætti. Varð nú svo að vera, og var hann leystur frá embætti 28. dag júnímánaðar, eptir úrskurði ráðherrans.

Nú var Lárus þannig kominn í útistöður við stjórnina, svo sem Reyðfirðingar hafa verið; tóku þeir sig því til, og þótti bera vel í veiði, og báðu hann og buðu honum að koma til sín og vera prestur sinn með 1800 kr. launum. Voru þá nokkrir bændur — oss er eigi nákvæmlega kunnugt, hve margir, eitthvað 16 til 20 — eftir, og tók Lárus boðinu, og gerðist prestur þeirra. Þetta gátu yfirvöldin ekki bannað, enn biskup og landshöfðingi lögðu fyrirspurn fyrir stjórnarherrann um það, að hve miklu leyti prestsþjónusta hans hjá þessum utanþjóðkirkjumönnum væri lögheimil og algild. Svaraði hann aftur á þá leið, að þeim yrði eigi bannað að nota Lárus fyrir prest, enn eigi að síður yrði þeir að gjalda sóknarpresti öll lögleg gjöld, enda sé Lárusi óheimiluð Hólmakirkja og áhöld hennar til guðsþjónustu. Öll hans prestsverk eru þýðingarlaus, og skortir það borgaralegt gildi, sem prestsverk þjóðkirkjuprestanna hafa. Hjónaband er eigi löglegt, er hann gefur saman, og börn þau, er út af því spretta, eru óskilgetin og óarfgeng. Ferming barna er og ógild og ónýt hjá honum; eigi getur hann heldur haldið löglegar kirkjubækur, og verða því fríkirkjumenn að tilkynna sóknarpresti alt sem fram fer í þá átt. Þar eð mál þetta er svo nýtt og eftirtektarvert, höfum vér lýst því nokkuð nákvæmt, að mestu eptir skýrslum Lárusar sjálfs í blöðunum.

Af öðrum kirkjumálum er fátt tíðinda. Hér var hvergi

skipanir né undirbúningur með, að halda hátíðlegt *400 ára afmæli Marteins Lúthers* 10. nóv., eins og í öðrum lútherskum löndum. Helgi Hálfdanarson prestaskólakennari tók sig fram um það í Reykjavík, þegar landstjórnin steinþagði, og flutti fyrirlestur á gamla þingsalnum í lærða skólanum, um ástand kirkjunnar á undan Lúther og um æfi hans. Tveim dögum síðar hélt hann og fyrirlestur í kirkjunni um sama efni. Fyrirlestrar þessar voru ágætir, og voru vel sóttir, og prentaðir síðan.

Á prestastefnu eða *synódus* fór ekki meira né merkara fram enn vant var, o: skifting á féstyrk til uppgjafapresta. Af þessu forna og mikilvæga þingi voru er ekkert eftir nema nafnið tómt. Lagafrumvarp var borið fyrir þingið um nýtt kirkjuþing, enn náði eigi fram að ganga.

VI. Árferð.

Tíðarfar.—Grasvöxtur.—Heyskapur.—Skepnuhöld.

Það er gamalt orðtæki, byggt á gamalli reynslu, að «jafnan komi skin eftir skúr»; má segja, að máltæki þetta hafi sannazt á veðurfarinu og allri árferð þetta ár. Undanfarin tvö ár hafa svo að segja sýnt oss Íslendingum í tvo heimana, svo að þar voru eftir mörg þau mein, er þurfti að græða, og hefir þetta árið gert það, má segja, með öllu móti. Tíðarfarið má að öllum jafnaði heita hafa verið hið hagstæðasta, og mesta öndvegistíð víðast hvar á landi, og að sumu leyti til sjávar. Um nýárið voru jarðbönn mikil í Strandasýslu, Þingeyjarsýslu, svo og í Múlasýslum og Skaftafellssýslu inni eystri; kom mönnum það illa, þar eð margir voru hörmulega illa undir búnir með heyjaforða handa fénaði sínum undan sumrinu. Enn á þrettánda kvaddi jólahátíðin með ágætri hláku um alt land, og leysti þá snjóa að mestu, og kom upp góð jörð í snjóasveitunum; hélzt nú hin mesta blíðviðratíð til 25. febrúar, þá gekk í ákafa útsynninga, með byljum og dimmviðrum, og gekk svo um nær mánaðartíma. Batnaði þá aftur og gerði hina beztu tíð víðast um land. Gagnstætt útsynningunum

gerði norðanhríðar í norðursýslum, og kyngdi niður miklum snjó þar um slóðir. Þó batnaði tíð þar aftur. Má telja, að aprílmánuður væri hinn bezti um land allt, því að þó að smáíhlaup kæmi, varð ekkert úr þeim. Hinn 5. maí gekk í norðanfannkomuhríðar nyrðra, og því verr, sem norðar dró, og því verst í Þingeyjarsýslu. Frost voru með snjó þessum allmikil. Hélzt ótíð þessi allan maímánuð, og sumstaðar fram í júní. Í kasti þessu rak hafís að Hornströndum, og um miðjan júní rak hann inn á Húnaflóa vestanverðan; var hann að flækjast þar fram í júnímánaðarlok, þá fór hann. Frá því í júnímánuði og fram í miðjan ágúst var hin mesta öndvegistíð um alt land, sífeld sól og blíða, og var svo sem öll náttúran brosti við sjálfri sér, nema í Strandasýslu og vesturhluta Húnavatnssýslu, þar sem hafísinn lá. Þar var þokusvækja og norðankuldar. Í ágúst brá til vætu um tíma, og hröktust nokkuð hey manna, einkum nyrðra, en svo batnaði aftur; annað vætukastið kom snemma í september, með ofsaveðrum og stórfeldum rigningum, en stytti upp aptur þann 14. Síðan voru þurkar og blíða fram í október. Upp frá því snemma í október gekk í dynjandi og látlausa ofsa og rigningar, ýmist af landsuðri eða útsuðri. Sunnanlands var að jafnaði auð jörð, enn nyrðra sífeldar storkur og áfreðar til ársloka. Var þar að sönnu oftast frostalítið, enn gjaffelt vegna jarðbanna og hrakviðra.

Grasvöxtur var ágætur nærfelt um alt land. Gróður var kominn góður alstaðar í lok aprílmánaðar, enn þegar hríðarnar komu þá, dó hann allur út, einkum norðanlands. Minna bar á því sunnanlands. Úr Jónsmessu fór aftur að gróa, og þar eð tíðarfarið var svo ágætt, spratt bæði fljótt og vel. Mátti svo segja, að um alt land væri hið bezta grasár, einkum á harðvelli; spruttu þá einkarvel sandjarðirnar í Rangárvallasýslu, þar sem stráin annars náðu að gægjast upp úr. Þessi ágæti grasvöxtur var um alt land, þar sem til hefur frétzt, nema í Strandasýslu og vesturhluta Húnavatnssýslu: Miðfirði og Hrútafirði. Þar var mjög snöggt allt sumarið. *Heyskapur* manna gekk því æskilega um alt, og nýting á heyjum var hin bezta, að

því er frétzt hefir. Þó að hey manna hrektist nokkuð nyrðra í ágústmánuði, varð það þó eigi til skaða, og eigi hefir annars heyrzt getið, enn að hey hafi reynzt vel. Undir Eyjafjöllum var reyndar fremur óþerrasamt, og svo í Vestur-Skaftafellssýslu, og hröktust hey allmjög, og var víða slengt hálfvotum í garða. Þó er eigi getið um að þau hafi brunnið þar neinsstaðar til skaða. Á einum bæ, sem vér höfum til frétt, Steinnesi í Húnavatnsýslu, brann allmikið hey, um 400 hesta, og hefir það líklega komið af því, að það hafi drepið í rigningum. *Garðjurtir* allar spruttu víðast hvar heldur vel, enn víða varð mönnum það þó að litlu liði, því að fræ það ið útlenda, er keypt var víða syðra, reyndist illa; það var af alt annari káltegund, enn hér hefir verið áður; hafði það eigi tíma til að spretta rótarvöxtur var nær enginn, og mest ofanjarðar. Varð það svo að litlu liði, sem annars verður oft til inna mestu búdrýginda.

Skepnuhöldin urðu góð, af því að tíðarfarið reyndist svo go tt. Þingeyingar, og jafnvel fleiri nyrðra hefðu orðið í voða með skepnur sínar, ef harðindum hefði haldið áfram eftir nýárið, enn hlákan um þrettándann bætti úr því. Hey voru lítil og stórskemd af bruna og illri verkun, svo að skepnur þrifust illa af þeim, og kýr mjólkuðu alstaðar mjög illa. Bráðapestar varð þó hvergi vart til muna, og fremur var fénaður almennt heilsugóður. Sauðburður gekk æskilega um vorið, þó sumstaðar væri kalt, og er hvergi getið um að lömb hafi dáið. Sumargagn af fé var gott og málnyta drjúgum betri enn flest ár á undan. Um haustið var fé með langvænsta móti bæði á hold og mör. Má þakka það eigi að eins því, að tíð var hin hagfeldasta, heldur og því, að nú voru eigi ofhlaðnir og rótnagaðir hagar manna sem áður; sýndi það sig nú, að betra er að eiga færra fé, vænna og í betri högum, enn fjöldann, sem aldrei getur proskast fyrir hagleysi og örtröð, og stendur uppi bjargarlaust, þegar jörðina þrýtur.

VII. Bjargræðisvegir.

Landbúnaður. — Sjávarútvegur. — Verzlun, verzlunarfélög. — Eldsvoðar. — Ránskapur.

Landbúnaður manna gekk heldur vel, svo sem ráða má af því, hvað tíðarfar var gott, heyskapur og skepnuhöld hagfeld. Enn allt fyrir það voru almennt mikil bágindi manna á meðal, einkum víða syðra og vestra, í þeim héruðum, sem fellirinn var mestur árið áður. Heybirgðir manna voru góðar um alt land, enn fjárstofninn víðast lítill, og sumstaðar nærfelt enginn, svo að menn voru ófúsir á að skera fénað sinn, þegar nóg fóður var til handa honum. Nú kom það fram, að afleiðingarnar af harðærinu urðu hvað tilfinnanlegastar, þegar búið var að eyða leifunum frá betri árunum; enn svo er stofninn enginn til þess að fylla upp í skarðið. Svo sem frá er skýrt í fréttum frá fyrra ári (1882, bls. 29–30.), hlupu útlendar þjóðir, einkum Englendingar og Danir, og svo Svíþjóð og Norvegur, með annálsverðu veglyndi undir bagga með hinum bágstöddu hér á landi, og söfnuðu saman ærnu fé til þess að létta bágindunum. Samskot þessi héldu áfram, einkum í Danmörku, og var í ágústmánuði orðið svo mikið fé, að það nam um 315,000 kr. Skip með gjafakorn komu bæði frá Danmörku og Noregi, bæði til suður- og vesturlandsins, og var því skipt meðal sveitanna um haustið, og aptur undir nýárið. Svo var og miklum peningum líka skipt upp á meðal þeirra. Þetta gjafakorn hefir orðið einkalíf fjölda manna, sem enga skepnu eiga, enn vill þó verða ærið uppgangssamt, þegar eigi er annað til; sum héruð voru þau, sem ekki gátu með neinu móti nálgast gjafakornið, og úthlutaði þá landshöfðingi þeim sinn gjafaskerf í peningum, t. d. Skaptafellssýslum. Voru hverjum hreppi í eystri sýslunni veittar 1300 kr. og í hinni vestri 1250 kr., nema einum hreppi, er fjekk að eins 650 kr. En þó að þetta fé sé mikið í orði kveðnu, þá verður það þó uppgangseyrir, og þegar það er búið, þá tekur ekki betra við. En auk þessara gjafa þótti einnig þörf á að hafa fjárstyrk til þess að lána ýmsum sveitum, sem von var til að gæti endurgoldið aftur. Var ráðizt á landssjóð-

inn með það, og skoraði þingið á ráðherrann að veita landshöfðingja heimild til þess, að verja allt að 100,000 kr. af landssjóði til þess, að lána sveitum til þess að afstýra harðrétti. Veitti ráðgjafinn þegar leyfi þetta. Lán var þegar þetta sumar veitt Dalasýslu og Húnavatnssýslu, hinni fyrnefndu 10000 kr. og hinni síðarnefndu 6500 kr. Fé þetta var veitt með venjulegum vöxtum, og skyldi afborgast á 10 árum. Fé þessu var ætlazt til að varið yrði til þess að auka fjárstofn manna. Jafnvel þó að svo megi álíta, að Norðlendingar hafi almennt eigi beðið eins mikinn hnekki að tiltölu og sumar suðursveitir af hallærinu, var þó víða mjög bágt þar manna á meðal, og skifti því landshöfðingi yfir 5000 kr. milli sýslnanna í norður- og austurumdæminu. Tillögur margar voru einnig bornar fram á amtsráðsfundum um lán handa stærri og smærri héruðum, er nauðsynleg væri til þess, að þau gæti rétt við aftur.

Styrkur mikill gekk af landsfé til eflingar búnaði, þ. e. 20,000 kr., samkvæmt fjárlögunum. Helmingi fjár þessa skifti landshöfðingi upp milli sýslna landsins að jöfnu hlutfalli fasteignar- og lausafjárhundraða í sýslunum. Hinu skifti hann sjálfur eftir tillögum og bónarbréfum sýslumanna, amtsráða og annara. Gekk það mest til þess að styrkja smá hreppsbúnaðarfélög, og svo einstaka menn, bæði á búnaðarskóla o. fl. Þetta er mikið fé, og betur að því vær vel varið; en þess má oft dæmi sjá í sveitum, að jarðabótagerðir manna eru eigi verðlauna verðar; það er lofsvert *að fá lán* til jarðabóta, því að það er þá auðsætt, að maðurinn, er það gerir, vonast fastlega gagns af jarðabót sinni, og vandar hana; en að gera fáein dagsverk að nafninu til, og láta landssjóðinn borga sér það, er jafnan tortryggilegra. Hið merkasta og atkvæðamesta af fyrirtækjum í þessa átt var það, að 1766 kr. 67 a. voru veittar til þess að stífla upp og hlaða flóðgarða í hina nafnkunnu Safarmýri í Rangárvallasýslu. Það er mikið fyrirtæki, og eigi enn séð, hvort það getur orðið að liði, svo vel sé; 766 kr. 67 a. voru veittar með því skilyrði, að nábýlisbændur legði jafnt fram af sinni hálfu, en 1000 kr. voru fram lagðar skilyrðalaust.

Þá er að minnast á *sjávarútveg* manna og *aflabrögð*.

Framan af árinu var gæftalítið syðra, því að veðurátt var stormasöm, þangað til í marz; þá kom góður afli á Eyrarbakka og Þorlákshöfn, og síðan syðra, innan Faxaflóa á færi, en aldrei var þar netaafli til muna. Yfir höfuð mátti telja svo, að afli væri heldur góður um flestar veiðistöður á vetrarvertíð, en gæftir vansjeðar og óstilltar. Því voru hlutir eigi háir, og fiskurinn magur, en það gerði hið háa verð á saltfiskinum, að hlutir urðu heldur góðir að verðhæð. Hæst var í Þorlákshöfn og Grindavík austanfjalls; hlutir frá Þjórsá að Garðsskaga voru 3—8 hundruð tólfræð; frá Garðsskaga inn til Akraness fóru hlutir sílækkandi, og voru frá 6—2 hundruð tíræð. Vorvertíð mátti heita nær engin, 20—60 í hlut. Síðan var þar að kalla mátti alveg aflalaust til ársloka, nema með köflum var nokkur afli í Garði framan af vetri. Á vesturlandi var aflalítið um vorið, bæði undir Jökli og á Ísafjarðardjúpi; en síðan var þar með öllu aflalaust. Nyrðra var hlaðafli á Eyjafirði um vorið, og reytingsafli víðar, en síðan má heita að væri aflalaust um allt norðurland, og það allt til ársloka. Á Austfjörðum var vetrar- og vorafli mjög misjafn, sem vant er að vera. Í febrúar og marz var landburður af fiski á Fáskrúðsfirði, svo að tveir bændur fengu slíkan afla á þrem skipum á hálfum mánuði, að annar átti 4000, en hinn 5000 fiskjar. Síðan var þar lítið um fisk. *Hákarlsafli* var hinn bezti á Ísafirði og Eyjafirði, svo að menn muna varla slíkan. Sextán skip voru gerð út til hákarlaveiða af Eyjafirði; af þeim fórust 2, en á hin 14 fengust nærfelt 5400 tunnur lifrar, og gerir það um 3100 tunnur lýsis, eða til jafnaðar 221½ tunnu á skip. Um vorið setti Gránufélagið upp á Oddeyri gufuvél til að bræða með lifrina, þannig, að logheitri gufu er hleypt í lifrina, svo að hún bráðnar. Var vonast eftir að betra verð fengist fyrir það lýsi, er þannig væri brætt, enda fréttist síðar, að það mundi komast í geypiverð, ef til vill 300 kr. tunnan. *Bjargfuglaveiði* var og mikil og góð, þar sem til hefir spurzt. *Lœxveiði* var nær engin.

Síldveiðafélögin veiddu mjög misjafnt; bezt veiddu þau eyfirzku, því að þó að þar kæmi aldrei nein stórhlaup, var þar alt af afli öðru hverju þangað til seint um haustið. Eigi vit-

um vér, hve margar tunnur þar hafa borizt að landi. Eystra var aflinn minni, og skárstur á Fáskrúðsfirði. Sunnlenzka síldveiðafélagið aflaði lítið, og var sagt, að ágóðinn hefði svarað því, að hlutareigendur hefði fengið venjulega vöxtu af innlögum sínum. Síldarfélög þessi eru mjög óheppin með skip sín; þau stranda og farast, má segja hópum saman með ári hverju. Snemma sumars strönduðu tvö þeirra, annað á Skagafirði, hitt við Héraðssand, og 4.—6. nóvember strandaði eitt við Látraströnd við Eyjafjörð, og tvö í Litlu-Breiðuvík í Reyðarfirði. Menn komust allir af, enn skipskrokkarnir og annað er fylgdi, voru seldir við uppboð, og var orð á, að þar hafi verið hægt að fá sumt með bærilegu verði; þannig var alt strandið á Héraðssandi selt fyrir 360 kr.

Eggert kaupstjóri Gunnarsson í Reykjavík gekst fyrir því, að reynt yrði að stofna *íslenzkt fiskifélag*, þannig að menn legði fé fram saman til þess að kaupa þilskip, og eigendur þeirra gengi síðan í félag um að ábyrgjast skipin innbyrðis. Fékk hann marga menn í fylgi með sér, og sömdu þeir þegar og samþyktu *lög* hins *íslenzka fiskifélags*, *lög* fyrir *íslenzkt ábyrgðarfélag* fyrir skip, *form* fyrir *skuldbindingum skipaeigenda*, *form* fyrir skuldbindingum *skipstjóra*, *form* fyrir skuldbindingum *háseta*, og *form* fyrir *erindisbréfi* handa *virðingarmönnum* skipanna. Var máli þessu vel tekið; skrifaði Eggert, og um 60 aðrir, er með honum voru, bréf þingmönnum og hinum helztu mönnum landsins, og mæltust til þess, að þing og landsjóður yrði máli þessu hlynnt, og efldi félagið með fjárlánum gegn öruggu veði fyrst um sinn, þangað til það væri komið á fastan fót. Tilnefndu þeir helzt fjárlán, er næmi allt að 25000 kr., ókeypis kenslu í sjómannafræði, og annað því um líkt. Svöruðu flestir góðu um þetta, en þó bæði undan og ofan á um fjárframlögin. Máli þessu var eigi hreyft á þingi í sumar, og eigi höfum vér neinar fregnir af því síðan.

Hið þriðja, sem vér teljum til bjargræðisvega Íslands, er *verzlunin*, því að þó að fæstir landsmanna hafi verzlun að atvinnuvegi, þá er undir henni komið, hvern arð landsmenn hafa af afurðum sínum til lands og sjávar. Það verður ekki annað

sagt en að verzlun hafi verið hagstæð umliðið ár, innlend vara, nema úllin, var í geypiháu verði, en útlend vara ekki. Verðlag á íslenzkri vöru var að jafnaði þetta: Saltfiskur 75—60 kr., harðfiskur 80 kr., ýsa 50 kr., sundmagar 0,90, lýsi 50 kr., ull 0,75—0,65; æðardún 15,50; á útlendu vörunni var þetta verð til jafnaðar: rúgur 18—20 aura, mjöl 20, bankabygg 28, baunir 26, kaffi 0,50,. sykur 0,45—0,30. Nokkur mismunur var á þessu í verzlunarstöðum, sem hér á eigi við að vera að telja upp. Ull var þriðjungi minni flutt út en fyrr, rúm 1,300,000 punda, lýsi þriðjungi meira en í fyrra, rúmar 9000 tunnur, fiskur nær fjórðungi meiri (saltfiskur 54,000 skippund, og harðfiskur 480 skpd.). Mikið af vörum þessum seldist þegar um haustið og framan af vetri ytra, en flest með minna verði en það var keypt hér á landi. Þegar hausta tók og leið að fjártökutíð, sást það brátt á, að landsmenn þóttust fjárfáir, og höfðu heyjað vel; fénaður kom lítill í kaupstaði, og það sem kom, komst í geypiverð. Einkum var það í Reykjavík, því að þar þarf orðið með mikils fjár til þess að fullnægja þörfum bæjarbúa. Tekur Reykjavík á móti eigi minnu en 4000 sauða, ef duga skal. Kjöt komst í Reykjavík á 35, 30, og 25 aura eftir gæðum, og dæmi voru til, að kjöt af völdum sauðum komst á 40 aura. Fjártökuverð var öllu lægra nyrðra en þar, eins og vant er að vera; þó komst mör þar í geypiverð (40 a. á Sauðárkrók). Sem dæmi þess, hve lítið kjöt kom í verzlanir, má nefna, að á Akureyri komu þetta ár að eins 400 tunnur, en árið áður 2200 tn. útfluttar. Alls voru þetta ár útfluttar 4200 tunnur kjöts, en 1882 11400. Að sama skapi var mismunur á tólg og gærum.

Hin *innlendu verzlunarfélög* héldu áfram, að nafninu til. Hið «*brezk-íslenzka*» verzlunarfélag Eggerts Gunnarssonar hjaraði við, en allt var það í deyfð.

Hlutaveltufélagið í Reykjavík, sem Jón Guðmundsson ritstjóri Þjóðólfs og fleiri komu á fót fyrir allmörgum árum síðan, varð gjaldþrota um haustið, og var henni þá lokað, og fengin yfirvaldinu í hendur sem annað þrotabú. *Gránufélagið* komst skaðlaust út af verzlun sinni þetta ár; á aðalfundi þess

var ákveðið, að framvegis skyldi hver maður gjalda vöxtu af skuld sinni við félagið, ef hún næmi meira enn fjórða parti af því, sem inn væri lagt það ár; vextirnir voru ákveðnir 6%. Samkvæmt þessu ákvað félagið og, að einnig skyldi það gjalda þeim, sem inni ætti, vöxtu að sama skapi. Þá var og ákveðið, að hlutabréf félagsins skyldi eigi verða fleiri enn 2000, eða stofnfé þess meira en 100,000 kr.

Verzlun við Englendinga var sem að undanförnu helzt hrossa- og sauðakaup Coghills. Keypti hann á aðra þúsund hrossa, og voru flest að sínu leyti, um 700, úr Skagafirði. Verð þeirra var líkt og að undanförnu, eða jafnvel heldur lægra. Auk þessa flutti hann utan nær 10000 sauðfjár, og var verð á því að sínu leyti hærra. Er sagt, að það fé hafi til jafnaðar selzt til hans á 18 til 21 kr. Allvíða voru vörur pantaðar hjá honum, einkum nyrðra, og þótti það hið bezta. Um haustið komu Englendingar upp með það, að fara að hafa hér fastara sæti en áður, og kaupa fiskinn blautan og glænýjan í veiðistöðum landsins, og helzt við Faxaflóa, og flytja hann í ísi til Englands. Þorlákur kaupmaður Ó. Johnson í Reykjavík var aðalumboðsmaður þessa fyrirtækis. Útvegsbændur gerðu kost á þeim kaupum fyrir 7 aura pundið í glænýjum, óslægðum fiski. Leizt mörgum vel á þetta fyrirtæki. Ekkert var útgjört um þetta mál fyrir árslokin. Í októbermánuði komu tveir enskir menn, *F. Badcock*, málfærslumaður og bankamaður frá Bishop Auckland, og *J. F. Weidner*, verksmiðjueigandi og kaupmaður frá Newcastle, til Reykjavíkur; var einkaerindi þeirra að komast fyrir, hvernig þeim litist á að setja þar á stofn *nýja verzlun*, og í annan stað *seðlabanka*. Létu þeir vel yfir erindislokum sínum; spurðust þeir ýtarlega fyrir um stofnun bankans, bæði hjá þingmönnum og embættismönnum og fl., og þóttust heldur hafa styrkzt í ásetningi sínum að koma hingað síðar, og koma þá á fót fyrirætlun sinni.

Siglingar til landsins gengu ekki vel; það er áður getið 5 síldveiðarskipa, er fórust hér við land, en auk þess fórust 4 kaupskip, er vér höfum frétt af. Tvö fórust á Eyrarbakka í ofsalandsynningnum 12. september; annað þeirra, *Active*, fór

upp í sand á Eyrarbakka; hitt, *Anne Louise*, fór upp í sand í Þorlákshöfn. Menn komust af af báðum þeirra, og skipin og farmur náðist, og var selt við opinber uppboð. Eitt skip af Eyrarbakka var og farið áður. Snemma í október braut kaupskipið *Vonina* af Ísafirði við Bolungarvík með saltfarm frá Englandi. Mönnum öllum varð þar og bjargað.

Af almennum *framförum* í iðnaði og starfsemi manna kann eg fátt að segja. Húsagjörð hefir verið mikil á síðustu árum, enn þó mest í Reykjavík, og hefir þar verið bygt mart af steinhúsum hin síðari ár; hefir mönnum mjög farið fram í þeirri list við smíð þinghússins. Þá komu nýir siðir með nýjum herrum í steinsmíði, er horfðu til mikilla bóta. Þó hefir ekkert verið bygt af stórhýsum, og tekur eigi, að geta hér neinna húsa sérstaklega.

Eldsvoðar voru bæði margir og sviplegir þetta ár; rétt eftir nýárið brann baðstofan á Efstadal í Laugardal, og um sama leyti eldhús og bæjardyr á Gilsbakka í Hvítársíðu. Nokkurum munum varð bjargað, og eldurinn kæfður í tíma, af því að mannhjálp náðist. Þó varð allmikill skaði af. Hinn 20. dag febrúarmánaðar brann timburhús nýlega bygt í Nesi í Höfðahverfi. Eldurinn kviknaði í mæni hússins af gneistaflugi úr ofnpípu einni, sem lá neðan úr húsinu; eldsins varð eigi vart fyrri en í óefni var komið, og þar eð hvassviðri var mikið, var eigi að hugsa til að slökkva eldinn; flestum munum varð bjargað niðri í húsinu, og í kjallara undir því, en litlu af því, sem á loftinu var að finna. Brann þar mikið inni af ýmsum búnaðsynjum og fleiru. Aðfaranótt 2. dags júnímánaðar brann Egilshús, er kallað var, í Reykjavík, til kaldra kola. Var það nefnt svo af því að Egill bókbindari Jónsson hafði bygt það og búið í því. Helzt mun eldurinn hafa komið af því, að heitri ösku var kvöldið áður mjög seint mokað í trékassa, sem stóð þar á gólfinu. Eldurinn kom upp í norðurenda hússins, og brann það í kalda kol á tveim tímum. Nokkrum munum varð bjargað af því, er niðri var í húsinu, en engum hlut af loftinu, og fólk það, sem á loftinu bjó, komst nakið eða því nær úr eldinum með því að varpa sér upp á tvær hættur ofan úr glugg-

um. Það var sérstakt lán, að veður var lygnt, því að hefði hvast verið af suðri eða vestri, var víst, að að minsta kosti hálf Reykjavík hefði lagzt í brunarúst; en þar eð veðrið var svo lygnt tókst slökkviliðinu að verja hin næstu hús við illan leik. 7. dag desembermánaðar brann bærinn á Streitistekk í Breiðdal eystra; á bænum voru hjónin og 3 börn þeirra; komst það alt út, en svo fóru hjónin inn aftur í bæinn, til þess að bjarga kú, er þar var, en komu eigi aftur. Daginn eftir fundust hjónin örend í göngunum, og kýrin dauð ofan á manninum. Hefir reykurinn eflaust kæft þau þar. Á Þorláksmessunótt fyrir jól brann Hólanesskaupstaður á Skagströnd til kaldra kola; það voru þrjú hús: íbúðarhús, sölubúð og vörubúð undir sama þaki og vörugeymsluhús. Þar varð litlu bjargað: rúmfötum úr 4 rúmum, nokkrum verzlunarbókum og peningum þeim er til voru, litlu af mjöli, og mestöllu kjöti og saltfiski þeim, er til var, en stórskemmdu. Fólk slapp út fjórðungi stundar áður en húsið féll saman. Þar misti eigandi húsanna og verzlunarinnar Óli kaupmaður Möller aleigu sína, tveir hreppar úr Húnavatnssýslu gjafakorn sitt og fjöldi sjómanna hausthluti sína, skinnklæði, veiðarfæri og annað fleira. Þar fórust og allmiklar vörubirgðir. Orsök þessa ætla menn helzt hafa verið þá, að eldabuska bar út ösku um kvöldið norður fyrir húsið; vindur var hvass af norðri; askan var í trékassa, og hefir eigi verið kulnuð, og svo læst sig í kassann, og síðan í húsin undan veðrinu. Á gamlárskvöld kviknaði í þaki á Stöðlakoti í Rvík, af steinolíulampa, er þar hékk, og logaði upp úr, en engi var við. Þar varð slökt, svo að að eins þakið brann af.

Þá verður hér að geta nýrrar atvinnu, sem ekki hefir verið mikið tíðkuð hér á landi síðan Sigurður heitinn Gottsveinsson og hans félagar voru á lífi; það er *ránskapur* á ferðamönnum. Maður er nefndur Gísli; hann er Hallgrímsson, og býr á Kolsholti í Flóa. Hinn 14. september í haust fór hann út á Eyrarbakka, með tvo hesta, og sótti á þá í verzlunina það er hann þurfti. Maður annar var honum samferða. Um nóttina héldu þeir heimleiðis, og fór maðurinn, er með Gísla var, heim á annan bæ, og kvaðst mundi tefja lítið eitt, og ætlaði Gísli að halda

áfram með hestana á meðan. Þegar Gísli hafði haldið áfram nokkura stund með hestana, mætir hann mönnum tveimur ríðandi með lausahesta. Þeir varpa kveðjum hver á annan, spyrja hinir ókunnugu menn Gísla, hver hann sé, og hvaðan hann komi. Hann segir af hið ljósasta. Þá líta hinir ókunnugu hver á annan, og sagði annar þeirra: «Það er gott, við þurfum þá eigi að fara lengra enn hingað á Bakkann». Slógu þeir þá upp á því við Gísla, að láta af hendi við sig hestana. Gísli hélt í fyrstu, að þetta væri gaman eitt, og varar sig því eigi fyrri, enn komumenn hlaupa af baki og ráðast á hann þar sem hann sat á hestinum. Gísli er heljarmenni, og getur komizt af baki, og þrífur til komumanna, og gefur þá annar þeirra, sem var unglingsmaður, sig frá; Gísli kom þá hinum undir sig, enn í þeim svifum kemur hinn aftan að honum, stekkur upp á bak honum og lemur hann um höfuð og herðar með reipishögldum. Verst Gísli þeim um stund, þar til hann nær reipinu af þeim, sem á baki hans var, seilist síðan í hár honum og dregur hann síðan öfugan fram yfir höfuð sér. Hefir hann þá svo báða undir. Var hann nú orðinn þrekaður mjög og utan við sig, svo að hann gætti þess eigi að marka þá auðkennilega, enn hljóp á hest sinn og reið sem hvatlegast heim að bænum, þar sem félagi hans var, og segir af ferðum sínum. Hestar hans höfðu haldið heimleiðis. Reipið hafði hann með sér, enn ekkert var það auðkennilegt. Lengi var hann veikur eftir þessa viðureign, og er talið víst að hann nái sér aldrei síðan. Nokkuru síðar var tekið að hreyfa við máli þessu, og féll helzt grunur á Jakob nokkurn Eiríksson, bónda í Skáldabúðum í Eystrahrepp. Var það helzt til grunsemda, að hann hafði farið út á Bakka þessa sömu nótt, hafði fengið kumlu á kinnina í förinni, enn ekkert borið saman við sjálfan sig um orsökina. Ekkert var komið fram til skýringar máli þessu um árslokin.

VIII. Iðnaðarsýningin í Reykjavík.

Þess var lauslega getið í fréttunum frá fyrra ári (bls. 25.)

að iðnaðarmannafélagið í Reykjavík sendi boðsbréf um land alt til þess, að bjóða landsmönnum að senda muni til almennrar sýningar fyrir land alt, er halda skyldi í Reykjavík um þingtímann. Forstöðunefnd þessa fyrirtækis var kosin, og voru í henni 5 menn: Árni leturgrafari Gíslason, Helgi snikkari Helgason, Jón lögregluþjónn Borgfirðingur, Páll gullsmiður Þorkelsson og Sigfús ljósmyndari Eymundarson. Máli þessu var vel tekið víða um land, og söfnuðust saman margir munir. Munum þessum var raðað í fjórum herbergjum hins nýsmíðaða barnaskóla í Reykjavík; 2. dagur ágástmánaðar var ákveðinn til þess, að opna sýninguna.

Sýningin var opnuð þann dag kl. 4 e. m. og blöktuðu þá veifur á hverri stöng, og út úr hverjum glugga á sýningarhúsinu. Safnaðist þá að húsinu hinn mesti manngrúi; veður var hið fegursta. Fyrst gall við lúðraþytur, og var blásið lagið: «Eldgamla Ísafold», og síðan annað kvæði, er orkt hafði Þorsteinn Erlingsson skólapiltur; þá hélt landshöfðingi snotra ræðu í dyrum hússins; talaði hann fyrst um það, hve sýningar væri teknar að tíðkast í öllum siðuðum löndum, og hve geysimikil áhrif þær hefði í þá átt, að þoka, og jafnvel fleygja þjóðunum áfram til stórkostlegra framfara. Enn hann sýndi og fram á, að sýningarnar hlyti að vera í réttum hlutföllum við stærð, auð og framfarakraft þjóða þeirra, er sýningar halda, og væri því eðlilegt, að þessi sýning, er nú væri verið að byrja, yrði smá og hverfandi við þær að jafna, þar sem land vort væri svo strjálbyggt. En þó lýsti hann yfir góðri von sinni með það, að þessi fyrsta sýning á Íslandi gæti stafað að keppni og áhuga til þess, að taka sér fram í ýmsum iðnaðargreinum, svo að það mætti verða landinu til fjár og frama.

Síðan var húsið opnað, og var þar nær alþakið í hinum fjórum stofum. Í einni stofunni voru mest þau verk iðnaðarins, er til fegurðar heyra og skrauts, og svo, það litla sem var, af listaverkum. Það var mest skrautsaumur kvenna, prjónasaumur og nokkur föt, og var sumt af því gert af hinni mestu snild, en sumt svo, að betur hefði heima setið, svo sem vant er. Þar voru og skrautsmíði gullsmiðanna, og mest til hins

íslenzka faldbúnaðar; var það margt mjög fagurt. Myndir voru þar dregnar með olíulitum eftir Benidikt Gröndal, Sigríði Sæmundsen í Kaupmannahöfn, frú Sigríði Einarsdóttur í Cambridge og Þóru Pétursdóttur byskups í Reykjavík. Fæstir höfðu vit á þeim, en eigi þótti útlendingum þau hafa mikið íþróttlegt gildi, og þótti bezt þeirra flaska og glas eftir Þóru Pétursdóttur. Þá voru og dýramyndir, dregnar með vatnslitum, eftir Gröndal og voru þær meistaraverk. Nokkuð var og af blýantsmyndum eftir ólærðan ungling, Ólaf Eiríksson frá Brúnum, og voru þær furðu vel gerðar. Í öðrum sal voru mest dúkar og als konar vefnaður; var það mjög fagurt margt af því, og dáðust að því útlendingar þeir, er komu. Í þriðja sal voru mest smíðisgripir bæði af tré og málmi, og voru þeir margir ágætavel gerðir, þar voru og söðlar bæði kvenna og karla og margt annað, sem heyrði til almenns iðnaðar. Var það ein hin fróðlegasta stofan því að þar var margt nýtt að sjá, svo sem sýnishorn af vatnshjóli, með 5 hesta afli, og vélaskrá ein, eftir Magnús Þórarinsson, smið á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu. Þar var og nokkuð af niðursoðnu kjöti, silungi, smjöri, osti, og fleiru slíku, en einna minst var af því. Í fjórðu stofu voru veiðarfæri og annað það er til sjósóknar heyrir, og einn eða tveir saltfiskar. Sú stofa mátti heita með öllu tóm. Hér er eigi rúm til þess, að tala um neina einstaka hluti, þó að vert væri, því að þá yrði það oflangt mál.

Sýningin stóð til hins 19. ágúst, tvær stundir á degi. Sýningarmunirnir voru rúmlega fjögur hundruð, og þeir, sem komið höfðu að skoða 1400. Nálægt 150 manns létu hluti á sýninguna, en eigi voru þeir allir eftir sjálfa þá. Í lok sýningar var kosin nefnd manna til þess að dæma um munina, hverjir skyldi sæmdir verðlaunum. Þá nefnd skipuðu landshöfðingjafrú Elinborg Thorberg, frú Kristjana Havstein, og alþingismennirnir Jón Sigurðsson, Tryggvi Gunnarsson, Benedikt Kristjánsson, Sighvatur Árnason og Einar Ásmundsson. Verðlaunum var hagað svo, að hinir beztu hlutir skyldu sæmdir minnispeningi, er þar til skyldi sleginn, af silfri; þeir, er teldist í öðrum flokki, minnispening af bronze; og þriðji flokkur, er þess væri eigi

verður, með prentuðu viðurkenningarskjali. Þegar dómurinn kom í ljós, voru 31 sæmdir silfurpeningi, 32 bronzepeningi og 56 prentuðu heiðursskjali. Mörgum þeim, er komið höfðu á sýninguna, þóttu þetta brosleg úrslit, eigi að eins það, hve margir voru launaðir, heldur og hvernig laun höfðu fallið. Mátti það og með sönnu segja, að margt var það í verðlaunaflokkunum, er átölulaust hefði mátt og átt að skifta um sæti. En hvað um það, sýning þessi má teljast mjög mikilsverð, og svo sem undirbúningur undir aðra meiri og betri. Forstöðumennirnir eiga mikla þökk skilið fyrir frammistöðu sína, og það má eiga það fullvíst, að margur hugsaði sér, er hann kom á sýninguna, að gera sitt alt til, að bæta iðju sína og atvinnu. Þó að verðlaunin sé ekki fégjafir, hvetja þau samt, og mundu þó ekki síður, ef dálítið meira þyrfti til þess að fá þau en þurfti í sumar.

IX. Eldgos.

Á þessu ári varð vart við eld norðan í Vatnajökli. Eldur þessi sást fyrst 15. janúar af Jökuldal; heyrðust þá fyrst dunur miklar í suðri, og innan stundar sáust eldblossar hlaupa á loft upp; voru þeir breiðir um sig, en mjög snöggir. Síðan hættu allar dunur, en gufumökkurinn sást öðru hverju. 22. marz var mökkurinn með langmesta móti, og sýndist hann þá eigi síðri en mökkurinn í Dyngjufjallagosinu 1875. Gunnlaugur bóndi Snædal á Eiríksstöðum á Jökuldal, merkur bóndi og vel að sér, gekk þá þann dag upp á Hnefil, sem er hátt fjall, um 3000 feta, á Jökuldal; er þaðan mikið víðsýni inn um öll öræfi. Sá hann þaðan, að gosið var í útsuður af Kverkfjöllum, og bar mökkinn yfir þau. Gufumekkirnir voru 4 eða 5 að sjá að neðan, en söfnuðust í eina risavaxna reykjarhvelfing þegar hærra dró. Reykir hafa sézt öðruhverju um margra ára tíma í útsuður af Kverkfjöllum, en þangað hafa aldrei menskir menn komið, svo að það er ekki að vita, hverir leyndardómar leynast um þær slóðir. Lítið eitt varð vart við öskufall í

Hornafirði og Öræfum. Svo bar ekki neitt á þessu gosi, fyrri en 8. október. Þá sást frá Eyðum í Fljótsdalshéraði eldur á tveim stöðum í áttina til Vatnajökuls. Vestri eldinn bar við suður af Kverkfjöllum, og hefir það verið hinn sami og áður; en svo sást annar austar, að sjá í suður af Snæfelli; sýndist mönnum hann vera öllu meiri en hinn tilsýndar. Þá varð vart við ofurlítið öskufall á Seyðisfirði.

Eigi hafa menn fengið neinar ljósari fregnir af eldgosi þessu; en af loftsútliti og öðru má ráða, að eldurinn hefir verið uppi fram eftir vetri. 25. nóvember fanst snöggur jarðskjálfti ofantil í Rangárvallasýslu og víðar á Suðurlandi.

Vera má, að það hafi verið í sambandi við þetta gos, að *Skeiðará hljóp* nú í marzmánuði. Það byrjaði 13. marz, og var mest frá 17.—22. s. m. Það var eitt af hinum mestu, en fór eigi nema yfir eyðisanda, og gerði því engan skaða. 22. marz sást til elds úr Öræfum norðan við Skaptafellsfjöllin, og féll þá sandur í Öræfasveit, svo sporrækt varð um nokkra daga. Af sandi þessum veiktist og drapst talsvert af fénaði, helzt í Svínafelli.

X. Mannalát og fleira.

Heilsufar. — Slysfarir.— Lát heldra fólks. — Útflutningar.

Heilsufar var almennt heldur gott, því að engar sóttir gengu um land á þessu ári. Lungnabólga og taugaveiki stungu sér niður hingað og þangað, og urðu ýmsum að bana, en eigi gengu þær svo um sveitir, að orð hafi verið á gert. Mörgum var krankfelt af afleiðingum mislingasýkinnar, og voru margir, sem dóu af afleiðingum þeirra, bæði uppdrætti, innanmeinum eða öðrum sjúkdómum, sem af þeim spruttu. Fyrir því má svo segja, að hvergi var heilsufar gott, en hvergi stórsóttir; aðalmeinsemd alls landsins er *sullaveikin*, sem leiðir fjölda manna árlega til bana; Jónassen læknir í Reykjavík hefir áunnið sér góðan orðstír með sullaveikra lækningum, en hingað til hefir spítalaleysið meinað því, að hann gæti læknað þá sem skyldi.

Hinn 2. dag febrúarmánaðar hljóp *snjóflóð* á bæ þann, er á Njarðvíkurbekk heitir í Borgarfirði eystra. Það hljóp á bæinn um nótt, og sópaði honum, og 9 manns, sem þar átti heima, að öllu á burt. Eftir 3 dægur fundust 3 lifandi, 2 synir bónda og vinnustúlka; höfðu þau heyrt dauðastunur hinna, og voru farin að finna nályktina af þeim. Hjónin, móðir bónda, barn beirra, fósturbarn og vinnukona dóu þar aumkunarlegum dauða.

Slysfarir á sjó voru þessar, sem oss eru kunnar: 10. marz fórst bátur í lendingu á Eyrarbakka; þar druknuðu 5 menn, en hinum varð bjargað. — 29. marz gerði ákaft landnyrðingsveður, en var hægt um morguninn, svo að róið varð í veiðistöðum. Fórust þá tvö skip, er reru úr Þorláksböfn; mönnunum af öðru skipinu bjargaði frakknesk fiskiskúta, en hitt fórst. Á því fórust 15 manns, ungir og efnilegir; var formaður Ólafur bóndi Jóhannesson á Dísarstöðum, mesti dugnaðarmaður. — 18. júní fórst bátur með 5 mönnum við Vestmannaeyjar í blíðalogni; er haldið að hvalur hafi hvelft bátnum. — 23. janúar fórst bátur með tveim mönnum vestur á Skógarströnd. — Í marz reru 5 menn á skipi á Flateyjardal, og ætluðu að veiða hákarl, en sáust aldrei síðan. — Í aprílmánuði fórust tvö hákarlaskip af Eyjafirði, annað, Hermóður, með 11 mönnum, og Elín með 10 mönnum; allir voru þeir ungir og mesta mannval; létu þeir eftir 30 föðurlaus börn og 6 munaðarlausar ekkjur. — 4. októher fórst bátur frá Siglunesi, er ætlaði inn á Siglufjörð; hvolfdi bátnum, og druknuðu 3, en tveim varð bjargað. Ymsir druknuðu og í ám og vötnum hingað og þangað, sem ekkert voru nafnkunnir.

Þá dóu og nokkrir merkir menn hér á landi, og viljum vér hér geta hinna helztu þeirra.

Jón landritari *Jónsson* andaðist 4. dag janúarmánaðar. Hann var fæddur í Reykjavík 23. dag aprílmánaðar 1841; var faðir hans Jón Johnsen, dómari í landsyfirréttinum, og síðar bæjarfógeti í Álaborg (Sbr. Fréttir 1881, bls. 49.). Hann fluttist með foreldrum sínum, þá barn að aldri, til Danmerkur, og nam skólanám í Kaupmannahöfn. Tók hann stúdentspróf 1861,

gekk síðan háskólaveginn, og tók próf í lögfræði 5½ ári síðar, með bezta vitnisburði. Jafnframt lögfræðisnámi sínu stundaði hann íslenzku af svo miklu kappi af íslenzkum stúdentum, að hann mælti á þá tungu eigi síður enn danska. Síðan var hann fyrst umboðsmaður föður síns, kom til Íslands og var hér um tíma, og þá um stund settur sýslumaður í Árnessýslu. Þegar *landritaraembættið* var stofnað 1872 fekk hann veitingu fyrir því, og gegndi hann því til dauðadags. 1875 var hann skipaður lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, til þess að útrýma með oddi og eggju öllum fjárkláða, hvar sem hans yrði vart, og gekk hann svo röggsamlega fram í því, að hann eyddi þeim vogesti á skömmum tíma, og sýndi þingið honum viðurkenningu fyrir það með því, að veita honum 1000 kr. þóknun 1879. Hann sat á alþingi, fyrir Skagafjarðarsýslu, 1879 og 1881; ýmis önnur störf hafði hann á hendi, og einkum þau störf, er aðrir voru orðnir uppgefnir við, svo sem fjárkláðinn, Elliðaármálin o. fl. Alla æfi var hann heilsutæpur, enn þar var sterk og starfsöm sál í veikum og vanburða líkama. Hann andaðist af heilablóðfalli eftir tæpa sólarhringslegu. Útför hans var gerð 12. dag sama mánaðar með mikilli viðhöfn. Hann var ákafamaður mikill í skapi, og unni tvennu heitast: frelsinu og ættjörðu sinni. Hann átti marga mótstöðumenn, því skoðanir hans voru oft andvígar annara. Bezt af öllu einkenna hann vísur þessar, er stóðu í grafskrift hans:

Rór var hann ekki,
enn rikur í skapi.
bermáll, enn illmáll aldrei;
andvígismönnum
þótti' hann ei aldæla,
en óvild til einskis manns bar hann.

Að elju' og starfsemi.
árvekni' og dugnaði
átti' hann hér engan sinn líka.
Miklar voru gáfurnar,
gott var hjartað,
í engu var hann meðal-maður.

Prestar þeir, er látizt hafa á þessu ári, eru þeir, er nú skal greina: *Ólafur Ólafsson,* venjulegast nefndur síra Ólafur stúdent. Hann var fæddur í Miklabæjarsókn í Skagafirði 22. dag aprílmánaðar 1807 og var kominn af bændafólki. Hann nam skólanám hjá Benidikt prófasti Vigfússyni á Hólum í Hjaltadal, og tók stúdentspróf hjá Árna stiptisprófasti Helgasyni

1829. Síðan varð hann skrifari hjá Espólín sýslumanni nyrðra, og var síðan hér og þar í Skagafirði, þar til hann vígðist til Hvamms í Laxárdal 1852. Síðan fékk hann Reynistaðarklaustur 1853, Dýrafjarðarþing 1864, Hvamm í Laxárdal aftur 1866; síðan var hann prestlaus um tíma, en sótti aftur um Fagranes 1875, og var prestur rúmlega ár. Sagði hann þá af sér aftur, og dó 7. febrúar þ. á. Hann var einkennilegur gáfumaður, og skáldmæltur í fornlegum stíl. *Þorleifur* prófastur *Jónsson*, uppgjafaprestur í Hvammi í Dölum, lézt 5. dag maímánaðar. Hann var fæddur á Hjarðarholti í Dölum 8. dag nóvembermánaðar 1794. Um tvítugsaldur fór hann í Bessastaðaskóla, og útskrifaðist þaðan 1848, og var hann síðar vígður aðstoðarprestur föður síns í Hvammi, og 1822 varð hann aðstoðarprófastur með honum. 1841 tók hann bæði við brauðinu og prófastsembættinu eftir föður sinn, sem þá fluttist að Breiðabólstað á Skógarströnd. Prófastsdæmi sagði hann af sér 1864, og prestskap 1870, og var hann þá sæmdur riddarakrossi. Hann var hinn mesti merkismaður. Eitt af börnum hans var síra Jón sál. Þorleifsson skáld á Ólafsvöllum († 1860). — *Bjarni Sigvaldason* prófastur á Stað í Steingrímsfirði lézt 17. dag maímánaðar. Hann var sonur Sigvalda prests Snæbjarnarsonar, er síðastur var prestur í Grímstungum († 1860) og fæddur þar 17. dag ágústmánaðar 1824. Hann tók stúdentspróf úr Reykjavíkurskóla 1850 með 1. einkunn, og embættispróf af prestaskólanum 1852 með 2. einkunn. Næsta vetur var hann skrifari hjá Larsen sýslumanni í Höfn, og vígðist 1853 prestur til Dýrafjarðarþinga. Síðan fékk hann Lund í Borgarfirði 1864, og Stað í Steingrímsfirði 1875. Hann var talinn merkur prestur. — *Pétur Jónsson* uppgjafaprestur á Valþjófsstað dó 24. júnímánaðar. Hann var fæddur á Arneiðarstöðum í Múlasýslu 4. dag marzmánaðar 1802. Var faðir hans sigldur vefari og frægur í þá tíð. Hann lærði skólanám hjá Guttormi prófasti Pálssyni í Vallanesi, og tók stúdentspróf hjá Gísla presti Brynjólfssyni með 1. einkunn 1823. Síðan var hann eystra 4 ár, og vígðist síðan aðstoðarprestur til Guðmundar prests Erlendssonar að Klippsstað 1827. Síðan varð hann prestur í Berufirði 1838,

og að Valþjófsstað 1858, og var þar þangað til hann sagði af sér 1876. Hann var merkur maður og héraðshöfðingi mikill. — *Steinn Torfason Steinsen* prestur í Árnesi andaðist 27. dag júlímánaðar. Hann var fæddur í Reykjavík 4. dag aprílmánaðar 1838, útskrifaðist úr skóla 1859, og tók embættispróf á prestaskólanum 1861. Næsta vetur var hann við kenslu á Hofi í Vopnafirði, og vígðist prestur að Hjaltabakka 1862, fékk síðan Hvamm í Dalasýslu 1870, og Árnes í Strandasýslu 1881. Seinustu ár sín kendi hann innanveiki, og kom til Reykjavíkur um sumarið, en andaðist þar. — *Þórarinn Kristjánsson* prófastur í Vatnsfirði andaðist 10. dag septembermánaðar. Hann var fæddur á Þönglabakka 8. dag nóvembermánaðar 1816; var faðir hans Kristján Þorsteinsson, er síðast var prestur á Völlum († 1859). Hann útskrifaðist úr skóla 1838, með 1. einkunn, en var síðan 4 ár skrifari hjá Lund sýslumanni í Mýrasýslu. Árið 1842 vígðist hann til aðstoðarprests föður síns á Tjörn í Svarfaðardal; síðan varð hann prestur að Stað í Hrútafirði 1847, Prestsbakka 1849, Reykjaholti 1867, og Vatnsfirði 1872. Þar var hann prestur til dauðadags. Prófastur var hann í Strandasýslu 1850—1867, í Borgarfjarðarsýslu 1868—1872, og í eystra hluta Ísafjarðarsýslu 1881—1883. Hann sat á þjóðfundinum 1851. Hann var valinkunnur maður, og mentamaður alla æfi. — *Guðjón Hálfdánarson* prestur í Saurbæ lézt 25. dag októbermánaðar. Hann var fæddur á Kvennabrekku í Dalasýslu 6. dag júlímánaðar 1833; hanu tók stúdentspróf úr Reykjavíkurskóla 1856, og embættispróf af prestaskólanum 1858, bæði með 1. einkunn. Hann vígðist til Flateyjar 1860, fékk síðan Glæsibæ 1863, Dvergastein 1867, Landeyjaþing 1874, og að síðustu Saurbæ í Eyjafirði 1882. Hann var með betri prestum hér á landi. — *Jón Sigurðsson*, prófastur á Prestsbakka í Skaftafellssýslu, lézt 18. dag desembermánaðar. Hann var fæddur á Egilsstöðum í Ølfusi 19. dag júnímánaðar 1821, tók stúdentspróf úr Bessastaðaskóla 1845. Næstu tvö ár var hann barnakennari í Vatnsdal og síðan í Viðey, og síðan skrifari hjá Bjarna amtmanni Thorsteinsson, og svo Páli amtmanni Melsteð. Árið 1852 vígðist hann að Kálfafelli á Síðu; síðan fékk hann Þykkva-

bæjarklaustur 1862, og Kirkjubæjarklaustur 1877, og fór þangað vorið eftir. Prófastur var hann í Vestur-Skaftafellssýslu frá 1863 til dauðadags. Dauða hans bar svo að, að hann var á heimleið frá að skíra barn, og fór ofan um ís í Skaftá; þó náðist hann upp úr vatninu með lífsmarki, en dó rétt á eftir.

Einn *skólapiltur*, *Markús Kristjánsson*, lézt 19. dag marzmánaðar, 18 vetra gamall, í fyrsta bekk, mjög efnilegur.

Tveir *stúdentar* létust og á þessu ári. *Þorfinnur Jónatansson*, fyrrum kaupmaður í Flensborg við Hafnarfjörð 14. marzmánaðar rúmlega sextugur, og *Páll Sigfússon*, er druknaði af skemtisiglingu á Bíldudal 8. dag júlímánaðar.

Jón Steffenssen kaupmaður í Reykjavík druknaði í Kaupmannahöfn 23. dag febrúarmánaðar. Hann var rúmlega fimtugur að aldri. N. P. Weywadt, fyrrum verzlunarstjóri á Djúpavogi og kammerassessor, varð bráðkvaddur á Teigakoti við Djúpavog 13. dag águstmánaðar rúmlega sjötugur. *Friðrik Davíðsson* verzlunarstjóri á Blönduósi dó 18. nóvember 23 ára. *Snorri Pálsson*, verzlunarstjóri á Siglufirði, andaðist 13. dag febrúarmánaðar. Hann var fæddur 4. febrúar 1840, fór þegar á unga aldri að stunda verzlun, og varð verzlunarstjóri á Siglufirði 1864 og til dauðadags. Hann var einn hinn mesti framkvæmdamaður sem var norðanlands, sannur Íslendingur og framfaramaður; 1872 stofnaði hann sparisjóð á Siglufirði, og 1880 sjóð til styrktar ekkjum druknaðra manna, og kom á að mestu niðursuðu á kjöti, sem er þar mikil. Hann var og öflugur hvatamaður og félagsmaður í öllum fyrirtækjum er til framfara horfðu, var fjölhæfur mentamaður, og studdi fræðslu og mentun hvar sem hann gat. Hann var þingmaður Eyfirðinga um 1 kjörtíma löggjafarþinga, enn vildi eigi lengur. *Teitur Finnbogason*, dýralæknir og járnsmiður í Reykjavík, dó 24. júlí, nær 80 ára (f. 24. ágúst 1803). Hann var nafnkunnur dugnaðar- og framkvæmdamaður á yngri árum.

Af *bændum* og öðrum, er dáið hafa, viljum vér að eins geta þessara: *Vigfús Jónsson* bóndi á Hliðsnesi dó 15. janúar 75 ára. *Jón Jónsson* prests á Mælifelli dó 4. apríl 27 ára, mannvænlegasti maður, úr afleiðingum mislinganna. *Jón Loptsson*, skipsstjóri

í Hvammi í Grýtubakkahreppi dó 24. maí. Hann var fyrsti lærður skipstjóri hér á landi; fæddur á jóladag 1838. *Klemens* bóndi *Klemensson* á Bólstaðahlíð dó 4. maí, kominn undir eða um tírætt. *Alexíus Árnason*, sem lengi var pólití í Reykjavík, dó 23. ágúst, 70 ára. *Stefán* bóndi *Stefánsson* á Ánastöðum í Eyjafirði dó 18. september 92 ára. *Guðmundur* hreppstjóri *Brynjólfsson* á Keldum á Rangárvöllum dó 12. apríl 89 ára, *Jón Bjarnarson* bóndi frá Austvaðsholti dó 6. október, 50 ára

Af merkiskonum, er dáið hafa á pessu ári, viljum vér nefna: Frú *Ragneiði Smith*, konu kaupmanns, konsúls M. Smith í Reykjavík; dó 23. janúar. Hún var dóttir Boga Benediktssen frá Staðarfelli, fædd 7. janúar 1814, gift 1838. *Margèt Jónsdóttir* prests lærða í Möðrufelli, ekkja síra Einars Thorlacíusar í Saurbæ, dó þar 13. óktóber, þá orðin 92 ára gömul, og hafði þá verið lengi steinblind. *Steinunn Ísleifsdóttir*, kona Sighvatar alþingismanns Árnasonar í Eyvindarholti, dó 7. nóvember, 78 ára gömul. Frú *Margrèt Jónsdóttir* prests á Grenjaðarstað, kona E. E. Möllers, verzlunarstjóra á Akureyri, dó 7. desember 73 ára. Gullbrúðkaup þeirra hjóna var haldið fám vikum áður. Frú *Jóhanna Guðmundssen*, kona Þórðar kammeráðs Guðmundsens á Litlahrauni, fyrrum sýslumanns í Árnessýslu, lézt 17. desember. Hún var dóttir Knudsens, fyrr kaupmanns í Reykjavík, og var þar fædd 8. október 1817. Allar þessar konur voru merkar og mikilhæfar konur, og mikilsvirtar.

Hér verður og að geta tveggja manna, er dóu á þessu ári, og minst æfi sinnar voru hér á landi, enn má þó telja Íslendinga. Annar var *Theódór Þórðarson Sveinbjörnsen*, sonur Þórðar Sveinbjarnarsonar háyfirdómara. Hann var fæddur að Nesi við Seltjörn 22. apríl 1841, útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1858, fór síðan til háskólans í Kaupmannahöfn, og tók embættispróf í læknisfræði 1866. Árið eftir varð hann «praktíserandi» læknir í Silkiborg á Jótlandi, og til dauðadags. Hann lézt þar 21. desembermánaðar. Hinn var *Karl Kristján Þorvaldur Andersen*, skáld og fornmenntafræðingur í Kaupmannahöfn. Faðir hans var danskur, en móðir hans var íslenzk. Hann var fæddur í Kaupmannahöfn 26. október 1828, en var

frá blautu barnsbeini í fóstri hjá Þórði háyfirdómara Jónassen í Reykjavík. Hann útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1848, og fór þá utan, og las fyrst lög, en hætti við, og fór þá einungis að gefa sig við fornleifasöfnum, einkum frá miðaldatímunum, í Höfn, og svo ritstörfum. 1858 varð hann undirmaður við umsjón sögufræðissafnsins (historisk museum) á Rosenborg, og síðan yfirmaður þess, til dauðadags. Hann ferðaðist víða, og fekk skáldastyrk til Ítalíu 1863. Hann lézt eftir langa og þunga legu 1. dag septembermánaðar. Rit hans eru mjög mörg, bæði skáldrit og menningarsögurit. Öll eru þau ritin á danska tungu, en eru sum mjög fögur. Hann unni og heitt Íslandi, móðurmoldu sinni, og eru margar sögur hans og kvæði íslenzk að efni. Smásögur hans frá Íslandi eru í sögusafni því, er hann nefndi «Genrebilleder» (sögur úr hversdagslífinu[1]), og svo fer hin stærsta skáldsaga hans: «Over skjær og brænding» (yfir brimrót og boða, 1882) fram á Íslandi. Þjóðsögum vorum hefir hann og snúið á dansku tungu. Öll eru rit hans lipurlega samin og fögur.

— *Útflutningar til Vesturheims* hafa verið með langmesta móti þetta ár. Flestir fóru úr Borgarfirði og nokkrum fleirum suðursveitum, og svo úr Skagafirði, Eyjafirði og vesturhluta Húnavatnssýslu; margir fóru og víðar að. Eigi höfum vér fengið nákvæmar skýrslur um tölu landflóttamanna, en þeir voru eitthvað á þrettánda hundrað; voru þó margir, er aftur urðu að setjast að sinni, því að þeir gátu eigi fengið seldar eignir sínar. Um helmingur þeirra fór til Winnipeg, en hinir til Pembina, og nokkurir til Minnesota. Auk þessara útflytjenda fóru og nokkurir (um 30?) sáluhjálparveginn til Utah, sem Eiríkur trúarboði frá Brúnum hafði með sér.

XI. Skólar.

Embættispróf við *háskólann* tóku sex íslenzkir stúdentar þetta ár: Þórhallur Bjarnarson í guðfræði með 1. einkunn, Finnur Jónsson og Geir Zoega, báðir í málfræði með 2. einkunn, og Björn Bjarnarson, Jóhannes Ólafsson og Páll Briem, allir í

lögfræði, Jóhannes með 1. einkunn, en hinir með 2. einkunn.

Embættispróf af *læknaskólanum* tók enginn þetta ár, en um haustið bættust 2 við, svo að veturinn 1883—84 hlýddu þar 6 stúdentar fyrirlestrum.

Embættispróf af *prestaskólanum* tóku sjö stúdentar. Fyrstu aðaleinkunn fengu Jóhannes Sigfússon og Jónas Jónasson (49 tr. hver); aðra einkunn fengu: Halldór Jónsson (41 tr.), Þorvaldur Jakobsson (37), Arnór Þorlaksson (31), Bjarni Þórarinsson (29) og Lárus Jóhannesson (27). Þeir, sem tóku vígslu af þessum stúdentum, eru áður nefndir. Um haustið bættust tveir stúdentar að nýju við, svo að 10 hlýddu þar fyrirlestrum næsta vetur.

Próf í forspjallsvísindum tóku 7 stúdentar; ágætiseinkunn fengu Árni Jónsson, Kristinn Daníelsson og Jón Sveinsson; fyrstu aðaleinkunn fekk Stefán Jónsson; aðra fengu Halldór Bjarnarson, Pétur Þorsteinsson og Bjarni Þórarinsson; þessi síðastnefndi átti þessu prófi óloknu frá undanförnu ári. Tveir af þeim, er þessu prófi áttu að lúka, tóku það eigi að sinni, en fresta því til næsta árs.

Burtfararpróf úr *lærða skólanum* tóku 9 lærisveinar: Ágætiseinkunn fekk Guðmundur Magnússon (105 tr.); þá einkunn hefir enginn fengið fyrr úr Reykjavíkurskóla, nema Hallgrímur Sveinsson, sem nú er dómkirkjuprestur í Reykjavík. Hinir allir fengu fyrstu aðaleinkunn: Oddur Jónsson (102 tr.), Bjarni Þorsteinsson (98), Sigurður Hjörleifsson (96), Klemens Jónsson (92), Sigurður Briem (91), Pálmi Þóroddsson (89), Valtýr Guðmundsson (89) og Gísli Brynjólfsson (86). Auk þess tóku 5 utanskólasveinar burtfararpróf; fyrstu einkunn fengu: Brynjólfur Kúld (86), og Þorsteinn Erlingsson (84); aðra fengu: Ólafur Ólafsson (83) og Guðmundur Scheving (65); þriðju fekk Mattías Eggertsson (53). Þegar þeir útskrifuðu voru farnir, voru 105 eftir í skólanum; 25 nýsveinar bættust við um vorið og haustið, svo að þá var útlit fyrir, að lærisveinar yrði 130 næsta vetur, og er það fleira en nokkurn tíma hefir verið áður. Enn um sumarið og haustið sögðu 15 sig úr

skóla, til þess að lesa heima til burtfararprófs, og ætla 12 þeirra að taka það þegar næsta vor. Þessi mikli heimalestur pilta sprettur af því, að allir, hver sem vill, getur nú orðið fengið leyfi til þess að lúka námi hinna síðustu tveggja bekkja í skólanum með heimalestri á einum vetri. Um árslokin voru því í skólanum 115 lærisveinar, og von í 30 stúdentum næsta vor.

Þess hefir áður verið getið í fréttum þessum, að kennarar skólans sömdu tillögu um breytingar á ráðgjafareglugjörðinni fyrir skólann 11. júlí 1877. Tillögur þessar lágu alllanga hríð í salti hjá yfirstjórnendum skólans, þangað til þær að lokum voru sendar ráðherranum; fengu tillögur þessar að lokum konunglega staðfestingu, 2. maí, en áður hafði þó ráðgjafinn breytt ýmsu í tillögum þessum eftir sínu höfði, og var sumt af því eigi til bóta. Breytingar þær er urðu á reglugjörð skólans við auglýsingu þessa voru þær, er nú skal greina: Þýzka og frakkneska skiftu um sæti, þannig að héðan í frá skal þýzka kend um allan skólann, enn frakkneska að eins í 5. og 6. bekk. Próf í frakknesku verður eigi haldið nema í lesnu, enn próf í þýzku sem áður í frakknesku. Náttúrusaga er aftekin í 1. bekk, og kend að eins í 2., 3. og 4. bekk. Eðlisfræði, sem áður var byrjað á í 3. bekk, skal nú að eins kend í 5. og 6. bekk. Skriftarkensla öll fellur burtu, og sömuleiðis próf í hraðlesinni latínu. Landshöfðingja var falið á hendur, að sjá um að breytingar þessar komist á með sem haganlegasta móti, og er afráðið að það verði með tímanum, ár frá ári, að þær ryðji sér til rúms. Sami ómyndarhátturinn er með stærðafræðiskensluna og áður, að þríhyrningafræði og þykkvamálsfræði, það eina af stærðafræðinni, sem kend er í lærða skólanum, er verulegt gagn er að, eru útlægar gerðar. Sama lagið er líka og áður með útreikning á einkunnum, tvöföldun nokkurra greina, enn ýmsum öðrum (öllum fyrra hlutanum) slept, svo að eigi er þörf á að vita neitt í ýmsu því, sem kent er í skóla, og það jafnvel hinu mikilvægasta, svo sem náttúrusögu, ensku og stærðafræði, til þess að geta sloppið þaðan burt með sóma og heiðri. Margt var talað, og sumt misjafnt, um stjórn skól-

ans, eins og árið áður; spruttu af því miklar blaðadeilur. Í febrúarmánuði var Bendikt Gröndal skólakennari kærður fyrir yfirstjórnendum skólans vegna óreglu og sagði hann þá þegar af sér skólakenslu og sótti síðar um lausn og fekk hana. Flugurit héldu áfram að koma frá Höfn; var eitt þeirra «um ástandið og umsjónina í lærða skólanum» eptir Jón Þorkelsson stúdent. Í riti þessu var Birni Ólsen skólakennara kent mest um alla óstjórn, enn þó var það eigi ofsalega ritað. Litlu síðar gaf Benidikt Gröndal út rit annað, er hann kallaði «Skólafarganið, I.»; það beindist mest að rektor, með mjög óvönduðum orðum og tilefnislausum. Loks þegar leið á sumar kom þriðja ritið frá Höfn; var það nafnlaust. Það voru ámæli um skólann, Reykjavík, embættismenn, stjórn og þing. Heima fyrir í skólanum var eigi friðsamt um veturinn og vorið, enn það sem var framan af vetri liðið næsta skólaár, var alt með kyrð og spekt, þó sömu væri stjórnendur. Eru getur manna, að það sé því að þakka, að nokkrir ófriðarseggir af piltum lesa í heimaskóla þennan vetur.—Tillaga var borin undir þingið til ályktunar um, að gera lærða skólann einnig að gagnfræðaskóla, og hafa þar enga heimasveina, og breyta honum að því skapi sem þessi breyting heimtaði. Eigi varð þetta útrætt á þinginu.

Frá *Möðruvallaskólanum* eru engar nýjungar að frétta þetta ár. Alt var með friði og spekt, en allmikil óánægja í piltum út af hinum nýja kennara, Halldóri Briem, er þeim þótti fara kenslan miður úr hendi en Þórði Thoroddsen, er settur var árið áður. Um haustið komu að eins 25 piltar til skóla þessa.

Kvennaskólarnir eru farnir að lifna við aftur. Um haustið komu 24 námsmeyjar til kvennaskólans í Reykjavík, og 20 til kvennaskóla Eyfirðinga á Laugalandi. Kvennaskóli Skagfirðinga hefir eigi heyrzt nefndur á nafn, en Húnvetningar hafa komið sínum skóla vel á laggirnar. Fyrst og fremst keyptu þeir handa honum hentugt og laglegt timburhús á Ytriey á Skagaströnd, og fengu síðan vel mentaðar kenslukonur, ungfrú Elínu

Briem frá Reynistað og ungfrú Sigríði frá Djúpadal. Um haustið komu þangað 16 námsmeyjar, og alt í beztu vonum.

Þá er að minnast á *búnaðarskólann* á Hólum. Loksins varð sú niðurstaðan eftir langar og margvíslegar deilur, að þrjár sýslurnar, Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla, sameinuðu sig um hann til að koma honum á fót. Samkomulagsfundurinn um þetta var haldinn á Hólum 26. apríl, og mættu þar 2 fulltrúar úr hverri sýslunni. Réðu þeir þar af að stofna skólann þar sameiginlega, og sömdu síðan við Jósef Bjarnarson búfræðing, er skólann hafði haldið undanfarið ár, að takast á hendur formensku hans með 1200 kr. launum, standa fyrir búi skólans, ábyrgjast allan pening hans, og gefa árlega skýrslu um afurð búsins. Búið skal uppskrifað í fardögum ár hvert. Skólastjórinn hefir alla kenslu, bæði verklega og bóklega, á hendi, og tekur sér annan kennara til aðstoðar. Allar sýslurnar eiga skólann sameiginlega, og borga hver fyrir sig 274 kr. á ári í 27 ár til afborgunar landssjóðsláninu. Sameiginlega setja þær og búið, og er ætlast til að það verði eigi minna en 3650 kr. virði í lifandi peningi, 1000 kr. virði í búshlutum og 900 kr. í verkfærum. Reglugjörð skólans var og endurskoðuð og samþykt. Þetta ár sækja 7 piltar kenslu á skóla þessum.

Þá var og stofnaður búnaðarskóli á *Eyðum* í Norðurmúlasýslu, og fengu báðar Múlasýslur sameiginlega 17000 kr. lán úr landssjóði til stofnunar hans. Um vorið komu 6 lærisveinar í skóla þenna. Kensla er þar lík og annarstaðar. Nú er Þingeyjarsýsla orðin útundan á milli skólaumdæmanna, og er enn þá óvíst, hvort hún muni brjótast í að koma sérstökum skóla á stofn eða ekki. Á búnaðarskólann í Ólafsdal komu þetta ár 8 lærisveinar.

Til unglingaskólans í Flensborg voru veittar 1200 kr., og 10 öðrum barnaskólum, flestum syðra, voru veittar samtals 1800 kr. Barnaskólar þessir eru víða að koma upp, og eru vel sóttir.

Stúdentafélagið byrjaði á því um vorið, að halda ókeypis sunnudagaskóla fyrir iðnaðarmenn og sjómenn; tóku þeir það

upp um haustið aftur, og héldu honum áfram. Þar var kent skrift, réttritun, reikningur, danska og enska. Hverjum er heimilt að læra fleira eða færra, eftir því sem hann vill; 110 þágu kenslu um veturinn, og buðust margir fleiri, en húsrúmið vantaði. Stúlkur vildu og njóta kenslunnar, en það varð eigi hægt vegna rúmleysis.

XII. Vísindalegar ransóknir.

Jarðfræðisransóknir Thoroddsens.—Fornmenjaleitir S. Vigfússonar.—Forngripasafnið.

Svo sem árið áður, var haldið áfram vísindalegum ransóknum á Íslandi í tvær stefnur: önnur er sú, að ransaka jarðlög Íslands, eðli þess og landslag; það hefir Þorvaldur skólakennari Thoroddsen á hendi. Hitt er að ransaka fornfræði þess í sambandi við fornsögurnar; það gerir Sigurður Vigfússon fornfræðingur; báðir stunda þeir sín störf með elju og ákafa, og verður því mikið ágengt.

Fyrst er að minnast á hinar *jarðfræðislegu ransóknir* Þorvaldar Thoroddsens. Svæði það, sem hann kannaði þetta ár, er hin geigvænlega eldfjallarðst á útsuðurskaga landsins, og nokkuð af fjöllum og héruðum þar í kring. Hann skifti ferð sinni í þrjá kafla. Fyrst byrjaði hann fyrst í júnímánuði, og fór þá um Borgarfjarðarsýslu. Þar eru mjög fornar jarðmyndanir, basaltfjöll, og ofan á þeim aftur nýrri myndanir, dólerít (grásteinn?); svo eru þar og allvíða «Baulusteinsmyndanir» svo sem í Skorradal, Skarðsheiði og víðar. Seint á ísöldinni hefir Borgarfjörður allur verið í sjó, og geigvænlegir skriðjöklar fallið niður í hvern dal, og sorfið sundur björg og kletta, malað skálar í dalabotnana, og hafa þar síðar myndazt stöðuvötn, er um þornaði, og eru sum þeirra til enn í dag. Þá skoðaði hann og kolanámuna hjá Hreðavatni; hún er í gilbarmi, hér um 1200 fet yfir sjávarmál; kolin eru heldur góð, en lítil, og ilt að ná þeim; hafa þau verið tekin framan úr barminum, en síðan hrunið melurinn niður, svo að nú er eigi hægt að komast

að þeim nema með mestu fyrirhöfn. Síðan skoðaði hann hraunið í Norðurárdalnum, er komið hefir úr Brókargígum, hveri og laugar í dölunum sunnan fram, og fór síðan yfir um Uxahryggi (Öxarhryggi?) og yfir um Þingvöll til Reykjavíkur.

Aðra ferð sína fór hann í byrjun júlímánaðar, og varði þá afarmiklum tíma, júlímánuði og mest öllum ágústmánuði, til þess að ransaka nákvæmlega Reykjanesfjallgarð, er nefndur er, frá Mosfellsheiði að norðan, og Grafningi og Ölfusi að austan, alt til sjávar. Hér á þessu svæði er sú geypileg ógegnd af eldgígum, hraunum og leifum fornra jarðeldaumbrota, að furðu gegnir; alt þetta horn landsins er svo rótað og umturnað af eldsumbrotum, bæði að fornu, og líka eftir landnámstíð, þó þess sé eigi getið í annálum, að varla er auðið að finna þann stað, er eigi sé gagnbrunninn. Þar hlaðast hraunflóðin hvort ofan á annað, og mynda heil fjöll, en eftir standa sem menjar þessarar fornu Völundarsmiðju ótal gígir, gufuhverir, leirhverir og brennisteinspyttir. Það yrði of langt mál, að skýra neitt nákvæmt frá hinu helzta í þessari ferð, því að það yrði eigi annað en tóm nafnaþula.

Þriðju ferð sína fór hann í byrjun septembermánaðar að Þingvöllum, og þaðan að Skjaldbreið. Hún er 3400 fet á hæð, hallar jafnlíðandi til allra hliða, og hefir í toppi geysimikinn gíg, 900 fet að þvermáli, og er hann fullur af jökli. Frá Skjaldbreiðartindi markar fyrir dæld í Balljökli, þar sem Þórisdalur er. Skjaldbreiðarhraun eru afargömul, og hafa streymt niður að Þingvallavatni, en Þingvallahraunin er úr gígum í Hrafnstindum. Gígir allmargir og fornir eru á Lyngdalsheiði, alt niður hjá Klausturhólum, og hraun úr þeim þar um slóðir. Með þessu var ferðunum lokið þetta sumar.

Vísindalegur árangur ferða þessara var mjög mikil, einkum að því leyti, að fá ljósa hugmynd um eldsumbrotin á Reykjanesskaga. Segir Thoroddsen sjálfur svo frá: «Áður þektu menn að eins 3 eða 4 eldfjöll um þessar slóðir, en í sumar skoðaði eg yfir 39 með rúmum 400 eldgígum; hér um bil 10 af þessum eldfjöllum hafa að líkindum gosið síðan land bygðst. . . . Eg fekk og aðra skoðun á landafræði skagans en áður;

menn tala oft um Reykjanessfjallgarð; í raun réttri er enginn slíkur fjallgarður til. . . . Kvísl úr hinu mikla aðalhálendi Íslands gengur út á Reykjanes og er óslitin vestur að Kleifarvatni, flatvaxnar heiðar að ofan með dreifðum fjalladyngjum og toppum, sumt úr móbergi, sumt dólerít, sumt hraun. Þessi hálendistangi er einna lægstur efst um Mosfellsheiði, en hækkar svo, og er þá að meðaltali 1000—1500 fet, en þó eru þar tindar og einstök fjöll um 2000 fet og þar yfir. Upp af Selvogi hækkar hálendiskvíslin, og verður yzt á Lönguhlíð víðast um 2000 að meðaltali. Fyrir utan Lönguhlíð tekur við miklu lægri flatneskja (3—400 fet), enn á henni eru 12—1300 feta há fjöll. . . . Eldborgaraðir, hraunsprungur og fleira þess konar ganga í vissar stefnur, alstaðar frá norðaustri til suðvesturs».

— Hin önnur ransókn var sú, er Sigurður fornfræðingur Vigfússon gjörði sem árin áður að undirlagi *Fornleifafélagsins*. Það var *Njála*, hin ágætasta allra norra fornsagna, er nú var tekin til ransóknar. Hann fór af stað 9. ágúst, og hjelt þá alla leið austur Rangárvöllu, og austur undir Eyjafjöll, að Seljalandi. Skammt frá Seljalandi er tunga ein milli á tveggja, er Hoftorfa heitir. Ofantil í torfunni yddi á horni á tóttum; lét Sigurður grafa þar þá þegar, og fann fullkomna og heila hoftótt með aðalhúsi, stalli og afhýsi; tótt þessi var 77 feta á lengd og 21 á breidd að utanmáli, og dyr á hliðvegg. Þetta er hin 5. hoftótt, er Sigurður hefir ransakað. Hof þetta er Dalverjahof það, er Jörundur goði reisti (Landn. V. 3). Síðan fór hann inn hjá Dímon, er áður nefndist Rauðuskriður, og ber þar sögu og landslagi saman. En nú kom að því fyrir Sigurði, sem hefir verið fornfræðingunum hingað til mest til ásteytingar í Njálu. Það var hin nafnkunna *reið Flosa Þórðarsonar til Njálsbrennu.* Það er öllum kunnugt, að þar er svo sagt, að hann hafi riðið upp á fjall og svo til Fiskivatna; en ef hér væri meint til fiskivatnanna á Landmannaafrétti, væri það svo sem fimm þingmannaleiða bugur á leið hans. Lagði nú Sigurður léttan á, að komast fyrir þetta; reið hann upp í Þórsmörk, og fann þar manna, hunda og hrossa bein, og svo ryðbrunnin skæri og skeifubrot, brýni o. fl. Þar kveður hann

hafa verið bæ Bjarnar á «Kápunni» í Þórsmörk. Fór hann nú að glöggva sig á reið Flosa; kom þá í ljós, að ekki þurfti að leita til Fiskivatnanna á Landmannaafrétti til þess, að finna vötn. Það eru enn í dag til vötn allstór á svæði því, er verður milli Mælifells og Einhyrningsfjalla; þessi vötn eru nú kölluð Álftavötn, og eru það eflaust hin sömu og Njála nefnir. Ef þau eru tekin og sett í stað Fiskivatna í Njálu, fá menn reið og för Flosa svo nákvæma, að nákvæmara gat ei verið þó sögurit-arinn hefði verið með. Skýrslur um þetta fekk hann af nákunnugum mönnum, er farið hafa um Fjallabaksveginn. Með þessu verður reið Flosa engin gandreið, heldur hæfileg reið í áríðandi erindum. Síðan fór hann að Hlíðarenda; þar fann hann litlar eða engar menjar, en landslag, t. d. geilarnar í túninu, nákvæmt eftir sögunni. Haugur Gunnars er sýndur á Hlíðarenda, en er ekkert annað en einfaldur melhóll. Þaðan fór hann að Bergþórshvoli. Skoðaði hann þá fyrst Vorsabæ, þar sem var Höskuldur Hvítanessgoði. Hann er nú í eyði, en markar fyrir bæjarstæðinu og tóttum, og svo gerðinu, þar sem Höskuldur var veginn. Á Bergþórshvoli fann hann landslag allt með sömu ummerkjum og sagan öll sýnir, allt út í yztu æsar. Norðan við bæinn lét hann grafa í jörð; fyrstu þrjár álnirnar niður var mold, og fanst ekkert; síðan kom geysimikið öskulag, um tvær álnir á þykt, var þar bæði timburaska og veggjaaska. Voru þar eldleiknir steinar, og hellur svo brendar, að þær flísuðu sig í sundur. Þar voru og bronzeleifar, beinaaska, gjall o. fl. Þar fann hann og nokkuð af einhverri hvítleitri leðju, sem hann ætlaði að láta ransaka efnafræðislega, til þess að vita, hvort það kynni að vera leifar af skyri eða ostum. Margt ransakaði hann og fleira það er sögulegt var; sunnan undir Reynifellsöldu fann hann gamlar bæjarrústir, og telur þær vera Holt, og Holtavað þar í nánd. Bæ Starkaðar var og að finna þar í nánd. Þá ransakaði hann og hauga og vættvang við Rangá, og fann þar spjót, járnmél mjög fornleg o. fl. Svo skoðaði hann og hinn forna þingstað að Þingskálum, og fann þar milli 50 og 60 tóttir, og mældi hann þær allar. Svo gróf hann og í ostabúrið í Kirkju-

bæ, og fann ösku mikla og eldrenda steina. Á Flagbjarnarholti á Landi fann hann og fornan þingstað, um 11 búðir og dómhring ákaflega mikinn. Ýmsa aðra staði skoðaði hann og, sem hér yrði of langt upp að telja. Uppdráttu tók hann af mörgum sögustöðum, safnaði fornmenjum og ritaði upp allt það, er fornt var til í kirkjum og annarstaðar.

Frá *Fornleifafélaginu* og gjörðum þess hefir þegar verið skýrt, því að lítið hefir það annað getað gert. Því að fékraftur er svo lítill. Enn um leið verðum vér að geta *Forngripasafnsins*, því að svo má heita, að það sé tvennt og þó hið sama, þar eð Fornleifafélagið lætur þangað allt það, er því fénast. Þetta ár hefir verið hið mesta gróðaár fyrir forngripasafnið. Fyrst má þess geta, að það eignaðist hina ágætustu gipssteypu af hinni nafnkunnu *kirkjuhurð* frá Valþjófsstað, er send var til Kaupmannahafnar um 1830. Er hún máluð yfir með trélit, svo trúlega, að engum skyldi koma til hugar, að eigi væri af tré. Hurð þessi er slíkur gripur, að hún hefir verið mynduð í útlendum íþróttasögum (t. d. Lübke). Hún mun vera smíðuð um 1200, öll greypt myndum í forneskjulegum anda. Þá var og keypt fyrir gjafasamskot eftirmynd af *víkingaskipinu*, sem fanst við Sandefjord í Noregi 1880; kostaði hún nær 500 kr.; hún er nær 5 fet á lengd, og viðbrigðisvel gjörð; þetta er einn hinn merkasti fornmenjafundur, er nokkurn tíma hefir fundizt á Norðurlöndum. Landshöfðingi Hilmar Finsen gaf og mikið safn af fornum og nýjum peningum, er hann hefir safnað saman; er það frá mörgum þjóðum, og vegur nærfelt 4 pund. Þá fekk það og gipssteypu af *Vatnsfjarðarljóninu* frá Kaupmannahöfn. Það og Valþjófstaðarhurðin var gefið, og má það mest víst þakka J. J. A. Worsaae, yfirmanni hins konunglega fornmenjasafns í Kaupmannahöfn; ljónið gaf Stephensen «conservator» í Höfn. Dr. *Elmer E. Reynolds* í Washington í Bandaríkjunum í Ameríku sendi Fornleifafélaginu um haustið að gjöf 7—800 smíðisgripi af steini, eftir frumþjóðir Ameríku, er hann hefir mest sjálfur safnað. Það eru mest örvar, spjót, hnífar, hamrar o. fl. Mikið hefir og Forn-

leifafélaginu gefizt af bókum; þetta alt hefir það lagt inn og afhent Forngripasafninu til varðveizlu og ævarandi eignar.

XIII. Bókmentir.

Prentsmiðjur landsins voru hinar sömu og áður, nema Skuldarprentsmiðjan gamla, sem legið hefir aðgerðarlaus síðan 1880, tók nú aftur til starfa. Keypti hana Sigurður verzlunarstjóri Jónsson á Vestdalseyri; var hún sett niður á Seyðisfirði, og tók til starfa rétt fyrir árslokin. Sömuleiðis útvegaði Sigmundur Guðmundsson, fyrrum prentari í Ísafoldarprentsmiðju, sér prentsmiðju með hraðpressu frá Englandi, og tók hún og til starfa fyrir jólin. Hún er mjög vönduð að leturgerð, og prentar eigi síður fagurlega en Ísafoldarprentsmiðja, er hingað til hefir prentað fegurst á landi hér. Nú eru þá 6 prentsmiðjur starfandi, og hafa allar nóg að gera, því að nú er komin sú bókaöld — sumir segja: *hugvekjuöld* — á landi hér, að slíkt hefir eigi fyrr verið.

Blöðin þau, er áður voru, héldu áfram; Norðanfari og Fróði voru nyrðra sem áður; Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, kom til landsins í júní, og tók þá sjálfur við blaðinu af Eiríki Briem; af Þjóðólfi er það að segja, að Kristján bóksali Þorgrímsson seldi hann, og keypti Jón ritstjóri Olafsson, eigandi Skuldar, útgáfuréttinn. Síðan hvarf nafn Skuldar, en Þjóðólfur kom einn út, en bar fyrst með sér, að hann ætti líka að gilda fyrir Skuld. Þá stofnaði Gestur Pálsson, er nýkominn var frá Kaupmannahöfn, nýtt blað, er hann nefndi *Suðra*. Á Austfjörðum byrjaði að koma nýtt blað, er *Austri* nefndist, rétt fyrir árslokin.

Hið *íslenzka þjóðvinafélag* gaf út Andvara, 9. ár. Í því var andlitsmynd og æfiágrip Bjarnar Gunnlögssonar, og allnákvæm ferðasaga Þorvaldar Thoroddsens um Múlasýslurnar í fyrra. Þar var og ritgjörð eftir Finn Jónsson um lærða skólann, og önnur um merki Íslands eftir Pálma Pálsson, söguleg ransókn um flatta þorskinn, og endaði hún á svipaðri niðurstöðu og hann segði: «niður með hann»! Þá gaf það og út *Íslenzka garðyrkjubók* eftir Schübeler, háskólakennara í Kristjaníu, er Móritz

Halldórsson-Friðriksson, læknir í Kaupmannahöfn, hefir íslenzkað og aukið. Bók þessi er með fjölda mynda af garðplöntum og garðyrkjuverkfærum, og kennir að nota þau. Hið þriðja var *Almanakið*, með andlitsmyndum þeirra Gladstones og Beaconsfields, með æfisögum eftir Þórhall Bjarnarson, og ýmsum fróðlegum ritgerðum aftan við. Þar á meðal hefir verið í tveim árgöngum *grasatal* á Íslandi eftir Móritz Halldórson-Friðriksson, eftir Endlichers kerfi; það er ei nema nöfnin tóm.

Bókmentafélagið. Nú á síðari árum hefir því oft verið hreyft, að það væri bæði skynsamlegt og sanngjarnt, að félagið væri eigi lengur í tveim deildum, með sundurskiftum kröftum; hefir þetta mál verið talsvert rætt í blöðum, og oftast á þá eina leið, að Hafnardeildin ætti að flytjast til Reykjavíkur, og félagið síðan vinna þar með sameinuðum kröftum. Þetta kom til umræðu á fundi í febrúarmánuði í Reykjavík, og var þá þegar sett nefnd manna í málið: Magnús Stephensen, forseti félagsdeildarinnar í Rvík, Jón ritstjóri Ólafsson og Gestur ritstjóri Pálsson. Nefndin samdi tillögur um breytingar á lögum félagsins, er allar lutu að því að sameina deildirnar. Tillögur þessar voru síðan samþyktar á aðalfundi deildarinnar 9. júlí, með 90 atkv. gegn 12, eptir allmiklar umræður, er flestar hneigðust að sameiningunni. Síðan voru gjörðir þessar sendar Hafnardeildinni til álita og samþyktar. Enn ókljáð var málið þar um árslok. Félagið hefir aldrei gefið út eins miklar bækur og þetta ár. Nemur verð bóka þessara undir 20 kr. *Skírnir*, *Skýrslur*, *Fréttir frá Íslandi 1881 og 1882* og *Tímaritið*, *4. ár*, var framhald hinna eldri rita þess. Ritgjörðir í Tímaritinu voru: 1. Um síld og síldveiðar eftir Árna landfógeta Thorsteinson. 2. Halastjörnur og stjörnuhröp eftir Þorvald Thoroddsen. 3. Um Loft ríka og ættmenn hans eftir séra Eggert Brím. 4. Æfisaga Garfields eftir Sigurð kennara Sigurðsson. 5. Um fiskiveiðar við Ísland eftir Þorkel Bjarnason. 6. Um alþýðumentun eftir Jón Þórarinsson, og 7. Um búreikninga eftir Guðmund prófast Einarsson. Önnur rit Reykjavíkurdeildarinnar voru: *Óthelló*, sorgarleikur eftir Shakspere, þýddur af Matthíasi Jochumssyni. *Sýslumannaæfir* Boga Benediktsens, 2. hefti: Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur: Þá kom og framhald af *Veraldarsögu* Melsteðs; það var 10 arka hefti,

og náði frá dauða Robespierres til dauða Napóleons hins mikla. — Hafnardeildin gaf út *Íslenzkar fornsögur* III. Það er Svarfdælasaga og Þorleifs þáttur jarlskálds. Finnur Jónsson hefir séð um útgáfuna. Þar var og gefin út ný útgáfa af *Kvæðum Jónasar Hallgrímssonar*. Þar eru prentuð upp hin fyrri kvæði hans, og örfá óprentuð kvæði, og svo er aftan við prentað flest það, er hann hefir ritað í sundurlausu máli í Fjölni, og fáein sendibréf, sem hann hafði ritað kunningjum sínum. Með bókinni er andlitsmynd Jónasar, og sýnishorn af hendi hans, og framan við hana æfiágrip eftir Hannes Hafstein og álit á honum sem skáldi.

Í *guðfræði* var með meira móti gefið út þetta ár. Fyrst viljum vér telja *Helgidagaprédikanir* eftir Helga byskup Thordersen († 1867). Prédikanir þessar eru í alla staði vel úr garði gerðar, með steinprentaðri mynd höfundarins, og æfiágripi eftir Steingrím Thorsteinson. Prédikanir þessar eru fullar af kennimannlegri mælsku, og bera alstaðar vitni um hið innra djúp andlegrar auðlegðar, sem hefir ótæmandi búið í brjósti höfundarins. Sannanir og dómar hans eru skarpir, og svo vel orðaðir, að ekki er hægt að víkja við meiningu hans. Orðin leyfa það ekki. Ræðurnar eru reyndar nokkuð misjafnar, en ætíð er sami andi, sami maður og sama snild. Þær eru auðsjáanlega frá hans eigin brjósti runnar, en eigi aðfengnar. Hafa þær þegar fengið góðar viðtökur. *Níutíu kvöldhugvekjur* voru og gefnar út. Byskupinn sendi árið áður boðsbréf um land alt til presta, og bað þá að senda sér hugvekjur til prentunar; af þessum hugvekjum er þetta safn til orðið; fékk hann síðan 600 kr. af landsfé til að gefa þær út. Hugvekjur eru þar eftir 42 presta og andlegrar stéttar menn, og eru þær jafnbreytilegar bæði að lengd, efni og búningi, sem höfundar eru margir. Árið 1882 hafði Helgi Hálfdánarson prestaskólakennari fengið loforð fyrir 1200 kr. styrk af landsfé til þess að gefa út *Almenna kirkjusögu* frá upphafi kristninnar til vorra tíma. Bauð hann þá Bókmentafélaginu handrit sitt til prentunar á fundi, en félagsmenn höfnuðu því á fundinum með litlum atkvæðamun, þrátt fyrir tillögur forseta. Síðan réðst hann í að láta prenta hana á eigin kostnað, og kom þetta ár út hið *fyrsta hefti*. Það er 10 arkir, og nær fram undir árið 300. Saga þessi sameinar

einkar-vel alþýðlegan rithátt og vísindalega efnismeðferð; er þar einkarl-jóslega sýnd barátta kristninnar á hinum fyrstu öldum, meðan hún átti við ofurefli heiðindóms og harðstjórnar að etja. *Lúthers minning 400 árum eftir fæðing hans* eftir sama höfund kom og út rétt undir árslokin; það er fyrirlestur hans á afmæli Lúthers um veturinn; fyrst er lýsing á afbökunum kathólskrar trúar á undan Lúther; síðan er æfi sjálfs hans í fám orðum, og að síðustu álit um hann og rit hans.

Söngkenslubók fyrir börn og byrjendur, og rit *um notkun raddfæranna í söng* komu út eftir Jónas Helgason. Söngkenslubókin er stutt ágrip af söngfræði, og allmörg lög með nótum til æfingar í söng. Kver þessi þykja hentug til að kenna börnum eftir í barnaskólum, og unglingum, er byrja söngnám.

Eitt einasta *skáldskaparrit* hefir komið út: *Jökulrós*, tvær skáldsögur, eftir Guðmund Hjaltason. Sögurnar eru: *Sögubrot af Jökli Auðunnarsyni*, og *Hraunið*, skáldleg lýsing. Harla lítið mun skáldfróðum mönnum þykja koma til þessa rits.

Í *málfræði* hélt áfram *orðasafn* Jóns Þorkelssonar (óhyggiligr — skyldingi), og svo kom út *Enskunámsbók* eptir Jón Olafsson, er *þá* kendi ensku í lærða skólanum, og er bókin ætluð 1. bekk skólans. Hún hefir þegar fengið góðan orðstír. *Íslenszkt orðasafn* með *enskum þýðingum* kom út eftir Jón A. Hjaltalín; það á að vera mest fyrir þá, er vilja temja sér að rita eða tala ensku.

Árna-Magnússonarnefndin í Kaupmannahöfn gaf út *Grágás*: *Skálholtsbók* og aðra handritaparta, sem til eru af henni. Er þá búið að prenta öll handrit af Grágás, og það mjög vandlega, bæði Konungsbók, Staðarhólsbók og Skálholtsbók og brotin. Aftan við bindi þetta er langt safn af skýringum yfir ýmis orð og orðatiltæki hins forna lagamáls, alt ágætlega ritað. Alt þetta hefir gjört dr. juris Vilhjálmur Finsen. Þar kom og út 2. hefti 2. bindis af hinni ágætu útgáfu Konráðs Gíslasonar af *Njálu*. Það eru skýringar á vísunum í Njálu, yfir 300 bls.

Félagið til útgáfu norrænna fornrita (Samfundet til udgivelse af gammel nordisk literatur) lét prenta stafrétt *elzta hluta handritsins no. 1812 4to* í hinu kgl. bókasafni í Höfn, *Fljótsdælu* eða *Droplaugarsonasögu hina meiri*,

útgefna af Kaalund; hún hefir aldrei verið prentuð áður; og *Króka-refssögu og Krókarefsrímur*, gefnar út af Pálma Pálssyni; það eru hinar elztu rímur, sem menn vita aldur á, næst Ólafsrímu. Allar eru útgáfur þessar vandaðar.

Í Noregi var byrjað að prenta hina nýju og endurbættu útgáfu af orðabók Fritzners yfir hið forna íslenzka mál.

Björn Ólsen, kennari við lærða skólann, samdi og gaf út í Höfn rit um „*Runerne* í den oldislandske Literatur» (um rúnir í fornritum Íslendinga). Síðan ávann hann sér doktorsnafnbót fyrir rit þetta við háskólann; andmæltu honum þar, af kennanda hálfu Konráð Gíslason, og af heyranda hálfu Guðmundur Þorláksson.

Sagan af *Sigurði þögla*, ein af hinum gömlu riddarasögum, var prentuð í Reykjavík. Ekki var það vísindaleg útgáfa.

Þess má hér gæta, að Piltur og stúlka kom út í þýzkri þýðingu (Knabe und Mädchen) um sumarið; sá er þýddi heitir J. C. Poestion, og á heima í Vínarborg. Þýðingin er heldur góð. Þýðandinn hefur nú um alllangan tíma stundað nýja íslenzku, og lesið mikið hin nýrri skáld vor. Nokkur önnur rit komu út á öðrum málum, er snertu Ísland og íslenzkar bókmentir, og viljum vér þar til nefna norska þýðingu á *Lýsingu Íslands* eftir Þorvald Thoroddsen.

Margir útlendir ferðamenn komu hingað þetta sumar, enn af þeim viljum vér að eins minnast á Dr. Philipp Schweitzer frá Jena; hann ferðaðist hingað til þess að kynnast íslenzkri þjóð, lífi og bókmentum; dvaldist hann hér lengi sumars, og safnaði nokkru af íslenzkum bókum; hefir hann í huga að leggja alúð á bókmentasögu Íslands. Mjög lá honum vel hugur til Íslendinga.

— — Þess er vert að geta, að á gamlárskvöld var haldinn samsöngur með organslætti og *solo*-söngvum í dómkirkjunni í Reykjavík. Formenn voru þeir Steingrímur söngkennari Johnsen og Björn Kristjánsson organleikari. Með þeim sungu um 30 yngri karlar og konur í bænum. Þótti þetta hin bezta

skemtun, og einkanlega mikið koma til organsláttar Bjórns. Þetta er hinn fyrsti kirkju-samsöngur hér á landi.

Ritað í marzmánuði 1884.

Leiðrétting.

Í «Fréttum frá Íslandi 1881», bls. 45. er sagt, að síra Olafur Bjarnarson frá Ríp hafi dáið 27. dag *marz*-mánaðar, en á að vera 27. dag *maí*-mánaðar. Þetta óskast leiðrétt.

Höf.

Efni:

1.	Frá alþingi	3.—8. bls.
2.	Ný lög	8.—12. —
3.	Innanlandsstjórn	12.—17. —
4.	Samgöngur	17.—21. —
5.	Kirkjuhreyfingar	21.—24. —
6.	Árferð	24.—27. —
7.	Bjargræðisvegir	27.—35. —
8.	Iðnaðarsýningin í Reykjavík	35.—38. —
9.	Eldgos	38.—39. —
10.	Mannalát og fleira	39.—46. —
11.	Skólar	46.—51. —
12.	Vísindalegar ransóknir	51.—56. —
13.	Bókmentir	56.—61. —

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1884

EFTIR

JÓNAS JÓNASSON

PREST TIL GRUNDARÞINGA.



REYKJAVÍK.

PRENTSMIÐJA EINARS ÞÓRÐARSONAR

1885.

I. Ný lög.

Af lögum þeim, er þingið afgreiddi 1883, vóru að eins þrjú af öllum þeim, er eftir vóru um nýársleytið, samþykt af konungi, og hafa sérstaklega ein þeirra mikla þýðingu fyrir almenning; viljum vér því setja hér hin helztu atriði þeirra.

Lög um *bygging, ábúð og úttekt jarða* náðu konunglegri staðfestingu 12. janúar. Helztu undirstöðuatriði laga þessara eru þessi:

Ef ekki er fenginn ábúandi á jörðu fyrir sumardag fyrsta, skal jarðareigandi láta innan hálfsmánaðar bjóða hana upp til ábúðar næsta ár. Ef enginn vill þá taka hana, skal hann banna öllum nágrönnum að nota hana, og er hún þeim þá óheimil. Láti hann eigi bjóða upp jörðina, verðr hann að svara öllum lögskilum af henni, enn annars ekki, því að þá er hún honum arðlaus. Jarðir skal byggja með byggingarbréfi, er tiltaki ábúðartímann; ef tíminn er eigi til tekinn, skal álíta ábúðina æfilanga. Ekkja heldr ábúðarrétti manns síns, enn missir hann ef hún giftist aftr. Í byggingarbréfi skal tilgreina landamerki, ítök og ískyldur, og svo þá landsskuld, er gjalda skal, kúgildi jarðarinnar og leigur. Ef ekki er gefið byggingarbréf, þarf leiguliði ekki að gjalda annað eftir enn það, sem honum sýnist, og hann kannast við, að um væri samið. Við leiguliðaskifti má viðtakandi byrja voryrkju, þegar hann vill, enn eigi má hann koma sjálfr, nema fráfarandi leyfi, fyrri enn í fardögum. Ef leiguliði kemr ekki að jörðu, þá er sjö vikur eru af sumri, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, ef hann er ekki forfallaðr; má þá eigandi byggja öðrum hana. Fráfarandinn skal og hafa flutt alt sitt burt fyrir síðasta fardag; þó er honum heimilt að geyma þar búsmuni alt til vetrnótta, enn úr

því er farið með þá eins og óskilaeign. Hvorki má flytja af jörðu hey, áburð né eldivið; ef fráfarandi á fyrningar, skal hann bjóða landsdrotni og viðtakanda kaup á því eftir mati úttektarmanna; ef þeir vilja ekki kaupa, má hann flytja það burt, og skal það gert fyrir næstu heyannir. Sama er að segja um hús; skal hann, ef þau ekki seljast, hafa rofið þau fyrir Jónsmessu. Eigi má leiguliði byggja öðrum af eða hafa húsmenn, nema með leyfi landsdrottins, né ljá öðrum nein hlunnindi jarðar nema í skiftum móti öðrum. Hús jarðarinnar skal leiguliði ábyrgjast í fullu gildi, og svara álagi, ef til vantar, eftir úttekt. Ef jarðarhús farast af völdum náttúrunnar, skriðum, flóðum, landskjálfta eða eldsvoða, þá bæta báðir það í sameiningu, landsdrottinn viðu, enn leiguliði torfverk. Skemdir á jörðu, t. d. af skriðum, vatnagangi, bæta báðir að helmingi, að því er hægt er, enn fyrir stórskemdir til langframa á leiguliði heimting á að landsskuld sé færð niðr eftir óvilhallra manna mati. Ef jarðabætur eru áskildar í byggingarbréfi, og leiguliði svíkst um þær, og eins ef hann fer illa með áburð, skal landsdrottinn heimta af honum endrgjald þess. Enn ef hann heldr áfram uppteknum hætti meira enn eitt ár, missir hann ábúðarrétt sinn. Geri leiguliði jarðabót, sem er að óvilhallra manna mati til bóta, enn landsdrottinn hefir ekki heimtað hana eða styrkt hana, þá skal við úttektina meta, hvað afgjald jarðarinnar getr aukizt við hana, og landsdrottinn síðan orðið skyldaðr til að borga fráfaranda fyrir jarðabótina, þó aldrei meira enn tólffaldaða afgjaldshækkunina. Enn ef landsdrottinn gerir jarðabót, sem leiguliði tekr engan þátt í, ber leiguliða að svara hærra afgjaldi eftir mati. Afsögn jarðar og útbygging skulu fara fram fyrir jól. Enn ef ekki er hlýtt löglegri útbyggingu, má bera leiguliða út. Jarðir skulu teknar út við ábúandaskifti og kosta úttektina fráfarandi og viðtakandi að jöfnu. Skal allt út taka sem jörðu fylgir, bæði hús, kúgildi, garða og annað. — Lög þessi eru annar aðalþáttr löggjafar þeirrar, er landbúnaðinn snertir, enn hinn fyrri er landamerkjalögin.

Sama dag samþykti og konungur lög um *horfelli á skepnum*. Þau skylda hreppstjóra og hreppsnefnd til að hafa eftirlit með því að menn hafi nóg húsrúm og fóður handa skepnum sínum; enn ef einhver lætr fé sitt horast eða horfalla fyrir

illa meðferð eða fóðurskort, án þess það þó verði beinlínis heimfært undir «illa meðferð á skepnum», varðar það allt að 20 kr. sektum til sveitarsjóðs. — Lítinn árangr munu lög þessi því miðr hafa, því að það kom þegar fram þetta ár, að þau áttu við tvo vonda óvini að stríða: tíundarsvikin og einræningsskap manna.

Lög um *eptirlaun prestsekkna* voru staðfest 3. október. — Prestsekkjur hafa rétt til að fá í eftirlaun $^1/_{10}$ af tekjum brauðanna; þó mega eptirlaunin aldrei verða minni enn 100 kr., skulu þau goldin af brauðunum, ef þau nema 1200 kr., enn annars af landssjóði. Ef margar ekkjur eru í brauði, fær ein af brauðinu, enn hinar úr landssjóði. Prestsekkjur, er giftast manni eldri enn sextugum. eða manni á banasæng, eða leystum frá embætti, eða sem hafa skilið við mann sinn, fá engin eftirlaun. Að öðru stendur réttr prestsekkna við sama og áðr, t. d. með ábúðarrétt á kirkjujörðum, enn numið er úr lögum, að greiða gjald til prestsekkna og lærða skólans fyrir veitingu ýmissa brauða.

Ennfremur voru samþykt lög um *breytingu á nokkrum brauðum* í Eyjafjarðarsýslu og Vestur-Skaftafellssýslu 12. janúar, og lög um *breyting á tilskipun 5. sept. 1794* 29. febrúar. Lög þessi heimila skottulæknum að fást við lækningar átölulaust af laganna hálfu, meðan ekki verðr sannað, að þeir hafi gert skaða með því.

Við árslok var þá búið að staðfesta 25 af þeim 33 lögum, sem þingið 1883 samþykti. Fjórum var synjað staðfestingar, þar af þremur á þessu ári: lögum um landsskóla, um kosningu presta og afnám amtmannaembættanna.

Nýtt *brauðamat* endurskoðað var staðfest með konungsúrskurði 3. október; er það nokkuru hærra enn áðr var. Að eins eitt brauð, dómkirkjubrauðið í Reykjavík, er yfir 3000 kr. (3758 kr. 79 a.). Tíu brauð eru milli 2—3000 kr., 91 milli 1000—2000 kr. og 40 minna enn 1000 kr.. Minst brauð er Þykkvabæjarklaustur (637 kr. 51 a.). Brauðin eru metin með árgjaldi því, er þau fá úr landssjóði, og að frádregnu gjaldinu til landssjóðs. Sama dag var gefinn út konungsúrskurðr um, að vald landshöfðingja með brauðaveitingar væri rýmkað svo, að hann veiti brauð þau, sem nema minnu enn 1800 krónum;

áðr mátti hann eigi veita stærri brauð enn 1400 króna. Þau, sem undir konungsveitingu heyra, eru 17.

II. Innanlandsstjórn.

I fréttum í fyrra gátum vér um dóm hæstaréttar í laxamáli Thomsens og þvergirðingarrétt hans í Elliðaánum. Gáfum vér þar stutt yfirlit yfir sögu þeirra mála; enn þó að væri nú með þessum dómi lagðr fullnaðarúrskurðr á mál þetta, var eftir að dæma eina grein þessara margbrotnu Elliðaármála, sem var *kistubrotsmálið*. Hæstiréttr kvað upp dóm í máli þessu 18. janúar; var dómrinn á þá leið, *að* 4 þeirra, sem bornir voru sökum í kistubrotunum, Bergsteinn Jónsson, Marteinn Jónsson, Árni Jónsson og Þorbjörg Sveinsdóttir, skulu sæta 8 daga einföldu fangelsi; einnig skulu þau borga málskostnað að fjórða parti fyrir hæstarétti, enn hitt skal goldið af almannafé. Samkvæmt hæstaréttardóminum um þvergirðingarnar í ánum virtist dómendum Thomsen engar skaðabætr geta heimtað eða fengið fyrir skemmdir og veiðispjöll.

Önnur mál, sem dæmd hafa verið fyrir ýmsum dómstólum, hafa fá almenna þýðingu, og ef svo er, verðr þeirra getið þar sem þeirra er staðr.

Meðalalin í verðlagsskránum 1884—85 var sem nú skal greina:

Í Austr-Skaftafellssýslu	47 aura.
- Vestr-Skaftafellssýslu	46 —
- Rangárvallasýslu	50 —
- Vestmannaeyjasýslu	53 —
- Árnessýslu	62 —
- Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Reykjavík . . .	64 —
- Borgarfjarðarsýslu	60 —
- Mýrasýslu	61 —
- Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	63 —
- Dalasýslu	61 —
- Barðastrandarsýslu	59 —
- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	65 —
- Strandasýslu	60 —

Í Húnavatnssýslu . . . . . 56 aura.
- Skagafjarðarsýslu . . . . . 53 —
- Eyjafjarðarsýslu og Akureyri . . . . . 56 —
- Þingeyjarsýslu . . . . . 56 —
- Norðr-Múlasýslu . . . . . 56 —
- Suðr-Múlasýslu . . . . . 57 —

Er þá meðalalin um land alt 57 1/2 eyrir, eða tveim aurum hærri enn árið áðr.

Embættabyltingar þær, er fram fóru á þessu ári, voru þessar er nú skal greina:

Landshöfðingjaembættið var veitt settum landshöfðingja *Bergi Thorberg* 7. dag maímánaðar.

Sama dag var *amtmannsembættið* yfir norðr- og austramtinu veitt settum amtmanni þar, *Júlíusi Havsteen*.

Sama dag var *landritaraembættið* veitt settum landritara þar, *Jóni Jenssyni*.

Sýslumannsembættið í Skagafjarðarsýslu var veitt 2. júlí settum málaflutningsmanni við landsyfirréttinn, *Jóhannesi Ólafssyni*.

C. Fensmark, danskr sýslumaðr, sem hefir gegnt því embætti um nokkur ár í Ísafjarðarsýslu, hafði staðið svo illa í skilum með skatta og gjöld sýslunnar, að skuld hans var orðin um 20000 kr. eða meir. Þar eð hann borgaði enn ekki, veik landshöfðingi honum frá embætti um stundar sakir, og setti *Skúla Thoroddsen*, málfærslumann við landsyfirréttinn, í hans stað. Fensmark sigldi þegar óhindraðr, enn þegar út kom, var hann látinn fara upp til Íslands aftr að standa fyrir máli sínu.

Tvö embætti voru skipuð við lærða skólann á þessu ári: settr kennari *Björn Jensson* fekk embættið 17. september, og *Geir Zoëga*, kandídat í málfræði, var settr kennari 26. s. m. Bæði þessi embætti voru skipuð frá 1. október, með þeirri skyldu, að taka þátt í umsjón við skólann, ef krafizt yrði.

Prófastar urðu þessir á árinu: *Lárus Ó. Þorlákssson*, prestur í Mýrdalsþingum, settur í Vestr-Skaftafellsprófastsdæmi 8. janúar; *Janus Jónsson* prestr á Hesti í Borgarfirði settr í Borgarfjarðarprófastsdæmi, 28. jan. en síðar (í júní) séra *Þórhallr Bjarnarson*; *Kjartan Einarsson* prestr í Húsavík settr í Suðrþingeyjarprófastsdæmi 3. marz, og settr prófastr *Magnús Andrésson* á Gilsbakka virki-

legr prófastr í Mýraprófastsdæmi 22. s. m. og *Páll* prestr *Ólafsson* á Prestsbakka í Strandasýslu 28. nóv.

Brauðaveitingar voru þessar:

Stefán Pétrsson Stephensen prófastur í Holti í Önundarfirði fekk Vatnsfjörð 10. janúar. — Brauðin Vellir í Svarfaðardal og Staðarárskógr voru sameinuð, samkvæmt prestakallalögunum, 20. febrúar, og var *Tómás Hallgrímsson* prestr í Staðarárskógi skipaðr prestr í hinu sameinaða brauði. — *Jón Magnússon* prestr á Hofi á Skagaströnd fekk Hvamm í Norðrárdal 26. febrúar. — *Benedikt Eiríksson* prestr í Efri-Holtaþingum fekk lausn frá prestskap með 370 kr. eftirlaunum 28. janúar, enn það brauð var aftr veitt *Ólafi Ólafssyni* presti í Selvogi 15. dag marzmánaðar. — *Þórhallr Bjarnarson*, kandídat í guðfræði fekk Reykholt 18. marz. — *Janus Jónsson* prófastr á Hest, fekk Holt í Önundarfirði 20. marz. — *Lárus Eysteinsson* prestr á Helgastöðum í Þingeyjarsýslu fekk Staðarbakka s. d. — *Bjarni Þórarinsson* prestr í Þykkvabæjarklaustri fekk Kirkjubæ á Síðu 25. s. mán. — *Björn Þorláksson* prestr á Hjaltastað fekk Dvergastein 26. s. mán., með því skilyrði að taka að sér Klyppstað með, þegar hann losnaði, samkvæmt prestakallalögunum. — *Ólafr E. Johnsen*, prófastr á Stað á Reykjanesi, fekk lausn frá embætti sínu 20. marz, með 470 kr. eftirlaunum, enn í hans stað var skipaður þangað *Jón Jónsson* prestr á Söndum í Dýrafirði 6. maí. — *Þórðr Thorgrímsen* prestr á Brjámslæk fekk lausn frá embætti sínu 3. apríl með 290 kr. árlegum eftirlaunum, enn í hans stað var þangað skipaðr *Þorvaldr Jakobsson* á Stað í Grunnavík 28. maí. — *Jakob Björnsson*, prestr á Torfastöðum í Biskupstungum, fekk Saurbæ í Eyjafirði 16. apríl. — *Eggert Sigfússon*, prestr í Klausturhólum, fekk Vogsósa í Selvogi 10. maí. — *Stefán Pétrsson* prestr á Desjarmýri fekk Hjaltastað s. d. — *Finnbogi Rútr Magnússon* prestr í Kirkjubólsþingum fekk Otrardal 17. s. m. — *Arnór Þorláksson*, cand. theologiæ, fekk Hestþing 23. s. m. — *Eyjólfr Jónsson* á Mosfelli í Grímsnesi fekk Árnes í Strandasýslu 28. júní. — *Magnús Helgason* prestr á Breiðabólstað á Skógarströnd fekk Torfastaði í Biskupstungum 26. júlí. — 6. september fengu þessir þrír kandídatar brauð: *Kristinn Daníelsson* Sanda í Dýrafirði, *Pétr Þor-*

steinsson Stað í Grunnavík og *Halldór Bjarnason* Presthóla í Norðrþingeyjarsýslu. — *Eiríkr Gíslason* prestr á Lundi í Borgarfirði fekk Breiðabólstað á Skógarströnd 3. október. — *Árni Jónsson* kand. í guðfræði fekk Borg á Mýrum 8. s. m. — *Jónas Jónasson* prestur á Stóruvöllum fekk Grundarþing í Eyjafirði 21. október.

Á *læknaskipun* landsins varð þessi breyting: *Þórði Guðmundsen*, lækni í Gullbringusýslu, var veitt lausn frá embætti sínu 10. janúar eftirlaunalaust. — *Bjarni Jensson*, kand. í læknisfræði, fékk læknisstyrk þann, sem þeim lækni er á skilinn, sem verðr aukalæknir á Seyðisfirði og í næstu hreppum, 26. ágúst.

Ólafr E. Johnsen, prestr á Stað á Reykjanesi og fyrrum prófastr, var sæmdr riddarakrossi dannebrogsorðunnar, 29. apríl.

Heiðrsgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs 9. fengu þeir *Ólafr Sigurðsson* bóndi í Ási og *Sæmundr Sæmundsson* á Elliðavatni fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði, 160 kr. hvor.

Prestvígðir voru þessir: *Þórhallr Bjarnarson* sunnudaginn 18. maí, *Arnór Þorláksson*, *Halldór Bjarnason*, *Kristinn Daníelsson* og *Pétr Þorsteinsson* 14. september, og *Árni Jónsson* 18. október, til brauða þeirra, er að ofan eru greind.

III. Samgöngur.

Það má með sönnu segja og álíta, að fá mál eru ofar á dagskránni en samgöngumálið, nl. vegabætur á fjallvegum og í sveitum, og brúamálið. Brúarleysið á stóránum gerir slíkan trafala, að það er lítil von, að nokkur mentun eða framför þrífist fyrri enn þær eru með einhverju móti gerðar færar, svo að menn komizt sinna ferða yfir þær. Sunnlendingar þrá brýr á Þjórsá og Ölfusá, og er þeim það nauðverja að fá þær, því að yfir þær eiga þeir að sækja alla mentun, allt samblendi við það, sem ekki er mannsaldri á eftir tímanum, og alla matbjörg. Þingeyingar þrá brú á Jökulsá í Axarfirði, og svona er það víðar. Það er miklu fé varið árlega til fjallavegagjörðar, enn þó féð sé mikið, er þó vinnan í höndum misjafnra og misfróðra

manna, enda sýna það sumir fjallvegirnir, er þarf að leggja þá annaðhvort ár með ærnum tilkostnaði, t. d. Svínahraunsvegrinn. Vér setjum hér eins og að undanförnu yfirlit yfir fjárframlögur þær, sem lagðar hafa verið til vegabóta, eftir því sem skýrslur hafa um það birzt:

Til fjallavegagjörða í Skagafirði, á Mosfellsheiði, Bjarnadal, Þorskafjarðarheiði, Vestdalsheiði, og fullgerðar á Elliðaárbrúnum, alt í viðbót við framlögurnar 1883	kr.	3061,55
— vegagjörðar á Vaðlaheiði	—	1800,00
— sæluhússins á Mývatnsöræfum	—	850,00
— að ryðja Grindaskörð	—	100,00
— vegarins á Mosfellsheiði	—	1900,00
— endurbótar enn að nýju á Svínahraunsveginum	—	3500,00
— framhalds vegarins á Vestdalsheiði . . .	—	1500,00
— sýsluvega víða um land, aðgjörða og endurbóta á póstleiðum og fleira.	—	9885,00

Þetta er mikið fé, nærfelt 22600 kr., og svo bætist þar við sýsluvegagjald allra sýslna á landinu, sem einnig nemur allmiklu; enn miklu af þessu fé má telja á glæ kastað vegna fákænsku manna í þeirri grein. Réði því þingið 1883 það af, að leggja fé til þess, að útlendur vegagjörðarmaður væri fenginn upp til Íslands til að kenna þar að leggja vegi. Vegfræðingr þessi kom upp til Íslands í byrjun júnímánaðar; var hann norskr ingeniör, *Niels Hovdenak* að nafni; var honum þegar stefnt austr í Norðr-Múlasýslu, og átti hann að vera yfirsmiðr vegagjörðar á Vestdalsheiði, og ef til vildi líta yfir vegagjörðir víðar. Árangrinn af ferð þessari varð miuni en skyldi. Hovdenak fekk ekki nema óvalda menn, bæði fáa og stopula, og sem ekki skildu hann til hlítar, og svo var hann þarna úti á útkjálka landsins; það varð því ekkert að ráði með að nokkur maður lærði af honum; mun honum hafa þótt ferð sín miður orðin enn hann hafði til ætlazt. Vegr hans, það lítið sem hann gat með þessu liði, er sagðr ágætlega gerðr, hallinn hvergi meiri enn á vagnvegi má vera, og vandlega búið um rennur og ræsi. Enn því miður voru það engir, sem gátu svo lengi lært af honum, að þeim sé fremr vel trúandi til að gera traustan veg en áðr.

Af póstmálum og gufuskipaferðum eru engar fréttir þær að segja, er teljandi sé.

IV. Fríkirkjusöfnuðrinn í Reyðarfirði.

Vér gátum stuttlega fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði í fréttunum í fyrra, og má með sönnu segja, að þar hefir verið haldið fastlega áfram uppteknum hætti með það. Lárus Halldórsson prestr, sem áðr var á Valþjófsstað, þjónaði prestverkum hjá þeim, og brutust þeir nú þegar í það að fara að gera sér nýa kirkju; því að ekki máttu þeir hlýða guðsorði eða hafa það um hönd í sóknarkirkjunni. Fór einn af frumkvöðlum fríkirkjumanna til Noregs um vorið, og keypti þar kirkjuvið að fornum sið, og lét alsmíða þar viðinn. Hitti maðr þessi þar að máli forstöðumenn kristniboðsfélaga nokkurra norskra, og fór þess á leit við þau, að þau legði nokkurn styrk til kirkjusmíðarinnar. Voru þeir alltregir í fyrstu, því að þeim var sagan kunn eftir dönsku blaði (Nationaltidende), og eigi sem fegrst eða sannorðust. Enn þegar þeir fengu gjörr að vita, hvernig í öllu lá, gáfu þeir von um einhvern lítinn styrk, gegn því loforði, að norskir sjómenn fengi að nota kirkjuna þegar þeir væru þar á sumrum. Kirkjan var reist á Lambeyri á Eskifirði, og *gaf sýslumaðrinn* fríkirkjumönnum lóðina undir hana. Hún er með snotrustu kirkjum hér á landi, bygð í líku sniði og dómkirkjan í Reykjavík; hún er 18 álna löng og 12 álna breið, og 7 álnir undir upsir; 8 bogagluggar eru á hlið hverri, og 4 á göflum; svalir eru að innan fyrir framstafni og hliðum inn að kór. Eigi vitum vér hvað kirkjan hefir kostað; enn erfitt verðr það svo fáum mönnum að kosta jafndýran prest, og koma upp vandaðri kirkju í einu. Sóknarnefnd fríkirkjumanna sendi því í marz bréf út um land alt til allra kirkjulega frjálslyndra manna, og mæltist til þess, að hverjir þeir, sem ynni kirkjulegu frelsi, vildi g ra svo vel og styrkja sig með fjártillagi nokkuru. Bréfi þessu mun hafa verið nokkuð misjafnlega tekið, enn margir hafa þó, og það einkum málsmetandi menn, orðið til þess að senda þeim gjafir nokkurar. Enn það getr engum dulizt, sem er nokkuð kunnugr almenningi á Íslandi, að fjöld-

inn af mönnum eru þeim meðmæltir, þó að þeir annaðtveggja þori eða vilji ekki láta á því bera, enda eru fleiri enn færri, og eins af þeim, er fagna fyrirtæki þeirra, sem lítið eða ekkert vita eða skilja í því sem um er að ræða; flestir halda að það sé bæði annað og þýðingarmeira enn það er.

Þjóðkirkjuprestrinn í Reyðarfirðinum, Daníel Halldórsson, hafði ekki fengið eyrisvirði af því sem honum bar eftir lögum af tekjum frá fríkirkjumönnum; leitaði hann þá álita æðri manna, til að vita hvernig hann ætti að ná sér niðri, og varð það niðrstaðan, að hann skyldi taka það lögtaki hjá þeim. Í trausti til þess, að yfirvaldið hefði rétt að mæla, lét Daníel prestr hirða tekjur sínar lögnámi, og fór þar eftir hinni beinu skipun. Einn af hinum helztu forvígismönnum fríkirkjumanna, Jónas bóndi Símonarson á Svínaskála, kærði prest fyrir sýslumanni, og dæmdi sýslumaðrinn svo, að prestr skyldi *skila þeim aftr*. Þessi ósamkvæmni milli dómarans og þeirra, er fjárnámið skipuðu, er af því sprottin, að dómarinn bygði dóm sinn á því, að *grundvallarlög Danaveldis sé gildandi á Íslandi þar sem stjórnarskrána þrýtr;* enn í þeim stendr, að enginn sé skyldr til að inna af hendi persónulegar fjárframlögur til annarar guðsþjónustu enn hans eigin.

Ennfremr hafði Daníel prestr leitað úrskurðar ráðherrans um það, hvernig hann ætti að haga sér gagnvart þessum «vandræðamönnum», sem engum ráðum eða rétti skeyttu þar eystra. Ráðgjafinn svaraði með bréfi dags. 8. nóv., og þar eð bréfið er svo mikilvægt, setjum vér hér enn aðalkafla þess. Þjóðkirkjuprestrinn má færa inn í kirkjubækurnar hjá sér skírn þá, er fríkirkjuprestrinn hefir framkvæmt, með því að þjóðkirkjan telr gilda þá skírn, er framkvæmd er utan hennar; enn fermingar og hjónavígslur fríkirkjuprestsins má hann ekki bóka, því það eru þýðingarlaus verk. Grafa skal dána úr fríkirkjusöfnuðinum í kirkjugarði þjóðkirkjunnar, enn enga ræðu eða helgisiði mega fríkirkjumenn hafa þar við, enn sóknarprestrinn má, ef hann vill, ausa þá moldu á venjulegan hátt. Alla innkomna og burtvikna skal hann rita í kirkjubókina. Eftirlit með barnafræðslu skal hann hafa hjá báðum, enn ekkert eftirlit þarf hann að hafa með fermingu fríkirkjumanna, því að hún er að eins skipuð fyrir menn í þjóðkirkjunni, og ekki hvíl-

ir heldr nein skylda á honum með að hafa eftirlit með siðferði fríkirkjumanna. Bæði fríkirkjuprestrinn og aðrir meðlimir frísafnaðarins eru skyldir að greiða öll lögboðin gjöld til prests og kirkju og til viðrhalds kirkjugarðinum; enn ekki á sóknarprestrinn heimting á endrgjaldi fyrir aukaverk, sem fríkirkjuprestrinn framkvæmir, þar eð þau eru þýðingarlaus. Séu sóknarpresti gerðar tálmanir í prestsverkum sínum og húsvitjunum, skal hann höfða sakamál gegn hlutaðeigendum samkvæmt 99. gr. hegningarlaganna.

V. Félagsskapr.

Íslendingum hefir aldrei orðið brugðið um samtök og félagsskap til stórmuna, því að það má víst með fullu segja, að hvergi ber jafnlítið á slíku, og óvíða er þó meiri þörf á því enn hér, þar sem lítið verðr fengið eða á unnið nema með sameinuðum kröftum. Með því að ýmsum þykir sem Þjóðvinafélagið hafi lagt fyrir óðal sitt upphaflega ætlunarverk, þá tóku nokkrir menn í Reykjavík sig saman um sumarið, og stofnuðu félag sín í milli, og settu það á laggirnar 12. október. Sömdu þeir lög fyrir félag þetta og kölluðu það hið *íslenzka Þjóðfrelsisfélag*. Formaðr félagsins var Jón Ólafsson ritstjóri. Tilgangr þess átti að vera sá, "*að* styðja og efla sjálfsforræði Íslands, vekja alþýðu manna til hluttekningar á þjóðmálum, og auka almenna stjórnfræðislega þekkingu landsmanna»; þessum tilgangi vill það ná með ritgjörðum og ræðum, með því að halda úti tímariti, og annars á allan löglegan og leyfilegan hátt. Félag þetta ætlar sér þannig að koma því fram og taka upp aftr þann streng, sem það telur Þjóðvinafélagið hafa látið niðr falla. Ekkert hefir síðan frézt af framkvæmdum þess.

Undir árslokin var að byrja að komast á fót í Þingeyjarsýslu pólitiskt frelsisfélag, sem kallaði sig *Þjóðlið Íslendinga*; enn þar eð það komst ekki í lag eða fulla reglu fyrri enn með næsta ári, geymum vér fréttum næsta árs að skýra frá því.

Annar félagsskapr, sem er allrar eftirtektar verðr, er *bindindisfélögin*. Þegar fyrir nokkrum árum voru bindindisfélög stofnuð í Múlasýslum, mest fyrir ötula framgöngu Magnúsar

prests Jónssonar á Skorastað, nú á Laufási. Á þessu ári var stofnað bindindi á Akreyri nyrðra, sem er í lögum með bindistélagi því, er nær um mörg lönd í sameiningu, og kallast *Goodtemplars* eða musterismenn. Í félagi þessu voru orðnir um 100 á Akreyri og þar í grendinni um árslokin. Félag þetta er vel skipað, sett í smádeildir, sem lúta aftr stærri deildum; hafa félagsmenn með sér fundi á hverjum sunnudegi þegar því verðr við komið. Vonandi og óskandi er, að félagi þessu geti tekizt að breiðast út, því að öll þörf er á, að minkaði hin hóflausa ofdrykkja, sem við gengst í og kring um kaupstaði hér á landi. Félag þetta hefir byrjað á að gefa út lítið blað um bindindi og framkvæmdir þess hér á landi.

Önnur félög hafa ekki verið stofnuð svo teljandi sé; enn framkvæmdir annara félaga, síldveiðafélaga og búnaðarfélaga, hafa bæði verið sárlitlar, og hafi þær verið nokkurar, þá verðr þeirra getið á sínum stað.

VI. Tíðarfar.

Tíðarfar hefir verið furðu misjafnt og furðu óhagstætt víða hér um land þetta ár; það er eins og Ísland sé oft tveir landshlutar með fjarska millibili, svo er það sundrskift að veðrfari. Vetrinn frá nýári mátti teljast afbragðsgóðr. Rosarnir héldust við nokkuð fyrst eftir nýárið með geystum útsynningum, þar til viku af þorra, að lagðist í frost nokkur og snjóa. Stóð sá harðindakafli einn mánuð, þangað til viku af góu. Brá þá heldr til batnaðar, og var svo oftast veðri farið fram eftir góunni, að ýmist setti niðr snjó mikinn eða hann tók upp jafnóðum. Allan einmánuð mátti telja sumarveðráttu, hægð og blíðviðri, og oftast frostlaust fram yfir sumarmál. Voru flestir búnir að vinna á túnum sínum um það leyti. Eftir sumarmálin brá til norðanáttar og kulda mikilla, og snjóaði víða allmikið í maímánuði öllum, einkum norðanlands og austan, og svo í Skaftafellssýslum. Kuldaveðrátt þessi hélzt fram yfir fardaga, og var þá nærfelt enginn gróðr kominn. Þá skifti um, og var þá votviðrasöm tíð sunnanlands fram í byrjun júlímánaðar, enn nyrðra var þá þurrviðrasamara. Þó að seint færi að spretta

þaut nú grasið upp, og mátti telja hið bezta grasár nyrðra, og í betra meðallagi syðra. Í sláttarbyrjunina var ein vika þur sunnanlands, og náðust þar því víða eitt og tvö kýrfóður þur af töðum manna, enn þegar slepti miðjum júlímánuði, þá kom fram þessi geysilegi mismunr, sem stundum er á veðrlagi á ekki stærra hólma enn Ísland er. Norðanlands var tíð þerrisæl, fram um réttir, sömuleiðis vestra og eystra. Mestalt vestrland frá Hvítá í Borgarfirði og norðr til Horns, alt norðrland og austrland suðr undir Lónsheiði mátti telja að nyti ágætasta sumars; bæði var grasvöxtrinn víðast ágætr, að minsta kosti á túnum, enn sumstaðar lakari á engjum, og svo var nýtingin eftir því góð. Það var eðlilega eins og vant er heldr lakara á útkjálkum, t. d. Hornströndum, enn þó var það alt með betra móti, því að hafís enginn varð landfastr þetta vor; kom hann enginn annar enn að litlir lausajakar sáust á flækingi undan Horni. Heyjaföng manna nyrðra voru því bæði mikil og góð og fyrningar allmiklar til undan vetrinum, enda heyrðist helzt sú umkvörtun þaðan að norðan, að það fengist hvergi keypt kind, því að þar er nú víða fjárfátt síðan grasleysissumarið 1882. Enn á hinum suðlægari kjálka landsins var svo dæmafátt vætusumar, að elztu menn þykjast ekki muna annað eins, nema ef til vill sumarið 1819. Frá því seint í júlí og til höfuðdags var sífeld rigning af suðri eða landsuðri; með höfuðdegi létti dálítið upp, enn þó aldrei svo, að neinn dagr væri til enda þur. Þó var þerriflæsa með skúrum á milli í 4 daga, og náðu þá margir heyjum sínum inn hröktum og hálfþurrum í uppsveitum: Hreppum, Landi, Rangárvöllum og Fljótshlíð, þar sem þurlent var. Enn í mestu votlendissveitunum syðra, Landeyjum, Flóa og Ölfusi, varð að hætta slætti á miðju sumri vegna vatnsaga; störin stóð í kafi og yddi að eins á toppana, og sæti voru víða í svo djúpu vatni, að að eins sá ofan á þau. Í Landeyjum og Þykkvabæ og beggja megin við Ölfusá varð vatnsflóðið svo mikið, að sætið synti hundruðum saman eins og skipafloti fram í sjó, svo að ekkert var eftir af. Voru stórar brimrastir meðfram öllum söndum af sjóreknu heyi. Þegar spiltist eftir höfuðdaginn, keyrðu rigningarnar um þverbak; var þá líkast sem aldrei hefði komið skúr úr lofti; gekk á því til gangna, enn undir réttirnar fór þó að birta upp part

úr dögum, og svældu þá margir margra vikna hrakheyi inn í heygarðana; varð það óvíða að skaða, því að það var þá orðið svo ónýtt af útilegum, að það hitnaði ekki til muna, heldr myglaði og fúnaði. Enn í uppsveitunum, þar sem nokkru heyi varð áðr náð, fór víða vatn ofan í heyin í görðunum, og stórskemdust af því; þó var ekki víða bruni á heyjum, því að þau voru létt og kraftlítil, þó að þau væri ekki hrakin til stórmuna; mun það hafa valdið því að nokkru, að grasmaðkur var óvanalega mikill. — Um réttirnar, nál. 20. september, brá til norðráttar um land alt, sem til hefir spurzt, með hríðum og snjóum; setti þá niðr sjó mikinn nyrðra og í fjallasveitum syðra, með svo miklu frosti, að ár urðu ófærar fyrir ísskriði. Hélt því veðrlagi á víxl við stórfeldar sunnanrigningar fram til nóvemberbyrjunar. Í þessum norðanfrostum börðust menn víða syðra við að draga hey sín upp úr flóðunum, og tókst þannig að þurka þau nokkurnveginn á endanum og koma þeim í garða. Frá þessum tíma voru sífeldir umhleypingar syðra til ársloka; setti niðr stundum snjóa mikla, og tók þá upp aftr með sunnanstórrigningum. Enn í fjallasveitum, Laugardal, ofan til í Biskupstungum, Síðu og víðar, tók aldrei af fyrsta réttasnjóinn, og allar skepnur voru komnar á fulla gjöf mánuð af vetri. Nyrðra féllu þá og snjóar miklir á útsveitum og í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, enn þar voru aldrei frost mikil eða harðviðri. Um nýársleytið gerði blota syðra, og snjóaði ofan í, og frysti síðan, og var þar svo haglaust fyrir allar skepnur. Hey manna voru bæði lítil og vond víðast syðra; var því lógað um haustið fjölda af kúm og lömbum; enn þar eð þar er fjárhirðing óvönduð, og menn vanir því, að fé komist oft af með lítið, sást það brátt á, að ofmikið var á heyjum, og voru sumir farnir að skera af heyjunum fyrir nýár. Allar skepnur voru horaðar í votlendissveitunum, ullin datt af fótum og kviði á sauðfé, það fekk lopa á fæturnar, og varð víða að skera kindur á miðju sumri vegna máttleysis af hinum sífelda vatnsaga. Þetta alt: óhagstætt veðrfar, ónýt og lítil hey og megrð skepnanna, studdi alt að þeim vandræðum, er síðar komu fram.

VII. Bjargræðisvegir.

Skepnuhöld manna voru alment hin beztu að því er til fréttist um land alt. Vetrinn var svo góður, að allar skepnur gengu undan í beztu holdum, og sumargagn af þeim var í betra meðallagi. Bráðapest bar lítið á, og kvillar voru litlir í fé. Þó verður þess að geta, að allmikið upppot kom um *fjárkláða* norðanlands, alla leið austan úr Múlasýslum og vestr í Borgarfjörð. Mundu menn ofvel eftir fjárkláðanum gamla til þess, að gera nú ekki alt til þess, að sporna við honum eftir öllum mætti. Fyrst kom kláðinn upp eða hans varð vart á einum bæ í Jökulsárhlíð í Norðrmúlasýslu, og voru þar þegar drepnar niðr nokkurar kindr og amtmanni gert aðvart með voða þenna. Sýslumaðrinn í Þingeyjarsýslu lét þá það boð út ganga, að nákvæmar skoðanir skyldi fram fara um alt á fé, hvort það væri nokkur kláði þar í fé. Amtmaðr lét þá og fram fara fjárskoðanir í öllu amtinu, og kom þá fram, að víða, enn mest í Þingeyjarsýslu, Þingi og Hrútafirði í Húnavatssýslu og víðar, var allmikill kláði í fénaði. Mestr var kláðinn á þeim bæ, er á Geiteyjarströnd heitir við Mývatn, 18 kindr alls. Varð nú upppot mikið út úr þessu; sumir dæmdu þetta hinn gamla sunnlenzka fjárkláða, enn aðrir héldu það að eins vera óþrifa- og fellilúsarkláða. Gerði nú amtmaðrinn ýmsar ákvarðanir í maímánuði um það, hvernig skyldi að fara á þessum kláðasvæðum, banna samgöngur á fé og halda uppi stöðugum fjárskoðunum og halda öllu fé sínu í fastri vorhirðingu þangað til að búið væri að baða alt fé. Allir voru á móti niðrskurði, því að það var flestra manna mál, að kláði þessi væri að eins fellilús og óþrif, af því að vetrinn hafði verið óvenjulega votsamr, enn fé þar óvant stórfeldum og langvinnum rigningum. Yfirvöldin tóku nú maur úr þessu kláðafé í Þingeyjarsýslu og sendu landshöfðingja suðr, því að nyrðra skorti öll tæki til að skoða hann vel. Voru landlækni fengnir í hendr maurarnir, og skoðaði hann þá vandlega í sjónauka, og þóttist sjá að þetta væri hinn reglulegi kláðamaur (Dermatocoptes communis), og staðfesti dýralækningaráðið í Kaupmannahöfn þann dóm hans; með vorinu þutu upp nýjar fréttir með fjárkláða úr ýmsum áttum nyrðra, enn þegar til kom, og vor- og sumarblíða fór

að verða stöðug, og menn höfðu, sumir hverir, baðað fé sitt í almennu tókbaksbaði, hvarf þessi grýla með öllu og hefir enginn nefnt hann síðan. Enn þó að þetta kláða-upppot yrði þannig að engu, sem betr fór, varð það samt að miklu óánægjuefni manna á meðal í Þingeyjarsýslu, og væri betr að það væri úttalað um það mál.

Haustskurðr reyndist víðast mjög vel á fé, nema sumstaðar syðra, þar sem afréttarlaust er og ekki var annað að láta féð ganga á enn syndandi foræði. Þar reyndist fé víða svo illa, að Skaftfellingar úr Mýrdal og sumir undan Eyjafjöllum og úr Landeyjum þóttust góðu bættir að geta selt dilkær, á með lambi, á 10 kr. í Reykjavík um haustið, og var þó vænt sauðfé í dýrara lagi þar um haustið.

Landbúnaðr hefir ekki tekið neinum þeim stórframförum, er til hafi frézt eða orð sé á gerandi. Þó er altaf heldr að lifna með jarðabætr, þó hægt fari, enn því miðr getr manni ekki dulizt það, sem hefir séð sumar hverjar af jarðabótum þeim, sem verðlaunaðar hafa verið, að þær virðast fremr gerðar verðlaunanna vegna enn til frambúðar. Stórkostlegast jarðabótafyrirtæki, sem við var fengizt þetta ár, var garðrinn í Safarmýri í Rangárvallasýslu. Verk þetta var byrjað árið 1883, og varð ekki lokið þetta sumar; veðrlagið og rigningarnar höml-uðu líka mikið, enn þó voru unnin 637 dagsverk að henni, og var hleðslugarðrinn orðinn 1500 faðma langr; enn mikið af vinnunni gekk í aðgerðir á hinu eldra. Garðr þessi getr orðið að ómetanlegu gagni — segja allir nema eigendr mýrarinnar og næstu ábúendr, sem eiga að halda honum við eftir að hann er fullgerðr, enn mikið viðhald þarf hann árlega. Búnaðarfélög koma upp í ýmsum sveitum, eitt var stofnað í Hornafirði um vorið, og svo er víðar; enn þau fara jafnóðum á höfuðið aftr fyrir ónýta stjórn, áhugaleysi og ódugnað manna; mönnum er í því eins og öðru svo hætt við því, að horfa í eyrinn enn kasta krónunni. Að eins eitt búnaðarfélag stendr og hefir lengi staðið með blóma hér á landi, og gert afarmikið; það er búnaðarfélag Svíndæla í Húnavatnssýslu. Það er að eins í einum hreppi, enn þó hélt það allt sumarið búfræðing af Ólafsdalsskól-

anum, og annan mann til, til eintómra jarðabóta. Með því einu móti verðr gagn af því og einhver árangur sést. Ferðabúfræðingar voru fengnir líka sumstaðar, launaðir af landsfé og sýslufé, enn árangur af ferðum þeirra hefir ekki viljað reynast mikill, svo á beri enn.

Garðrækt er mikil sunnanlands, en nærfelt engin nyrðra; hafa menn reynt hana þar, enn hætt við aftr, og borið fyrir, að það borgaði sig ekki, af því að það brygðist svo opt vegna kulda. Garðávöxtr spratt heldr vel syðra, einkum rófur, enn jarðepli síðr: Sumstaðar kom svo mikill maðkr í garða, að þeir urðu ónýtir.

Þá er nú að víkja að hinum aðalatvinnuvegi landsins, sem er *sjávaraflinn*. Ár þetta var með hinum mestu bágindaárum í þá átt, og er þar fljótt yfir sögu að fara, að á öllum Faxaflóa og alt vestr til Ísafjarðardjúps mátti telja alfiskilaust árið í kring, því að hæstir hlutir suðr með Faxaflóa á vertíðunum voru um 200, og mikið af því ýsa og smáseyði, sem glæpist á lóðinni. Nærfelt sama var með öllu vestr- og norðrlandi, því að þó að kynni að aflast í einum eða tveimr róðrum, var það óðara horfið aftr. Sumstaðar á Austfjörðum var góðr afli um tíma. Syðra var aftr góðr afli austanfjalls, bæði í Þorlákshöfn, fyrir Landeyjasandi og einkum á Eyrarbakka. Hlutir voru til jafnaðar 6—8 hundruð tólfræð í Þorlákshöfn, enn til jafnaðar eigi meira enn hálft annað hundrað af því þorskr, enn hitt ýsa. Á Eyrarbakka voru jafnaðarhlutir um tíu hundruð tólfræð, enn dæmi til 15 hundraða, enn af þeim hlutum voru að eins 2 hundruð þorskr. Almennr sultr og bjargarbágindi voru með öllum Faxaflóa og öllum sjóplássum, og kvað ekki sízt að því, að þeir, sem fóru í kaupavinnu austr á bóginn, urðu að fara heim vinnulausir aftr á miðju sumri, þegar hætt var að vinna að heyvinnu þar vegna óþerranna. Lax- og silungsveiði var víðast mjög lítil í ám og vötnum.

Frá ýmsum nýjungum, er snerta fiskiveiðarnar við Ísland, munum vér skýra betr síðar.

Þá er að minnast í fám orðum á *verzlunina;* hún var í mörgu heldr óhagstæð þetta ár, og jukust kaupstaðarskuldir

manna stórum, sem ekki var heldr að furða, þar sem bæði var lítið inn í kaupstað að láta, og illa fyrir gefið á móti. Ullin er altaf að falla í verði, og hvergi mun hafa verið gefið meira fyrir hana enn 65 a. (nyrðra 64 a.), saltfiskrinn var lítill, og þá mest ýsa, enn ennþá tilfinnanlegra varð mönnum, að hann varð ekki í hærra verði enn 50 kr. málsþorskrinn og 30 kr. ýsan. Hlutir margra voru ekki meiri enn hálft skippund eða ekki það, og varð það lítið til skuldalúkninga og heimilisþarfa. Eftir skýrslum að dæma voru útfluttar aðalvörur af Íslandi þessar: (til samanburðar er sett í sviga vörumagnið árið áðr, 1883).

Ull 1204000 pd. (1306000 pd.). Saltkjöt 5200 tn. (4200 tn.) Saltfiskr 35750 skpd. (54406 skpd.). Tólg 217000 pd. (164000 pd.) Harðf. 260 skpd. (481 skpd.). Sauð.gær. 29200 tals (19600). Lýsi 8400 tn. (9300 tn.). Æðardúnn 6900 pd. (6700 pd.).

Tafla þessi sýnir, að allar verzlunarvörur, nema þær sem spretta af því, að menn urðu að fækka fé sínu svo stórum syðra vegna heyskaparvandræðanna, hafa lækkað að góðum mun frá því árið áðr. Verðlag á helztu vörum, útlendum og innlendum, var æði-misjafnt, eins og vant er að vera, enn hér skal setja hið venjulegasta af því: Rúgr og rúgmjöl 18—20 kr. tunnan (200 pd.), bankabygg 28—32 kr., baunir 26—28 kr., kaffi 50—65 a. pd., sykr 40—50 a. pd., steinolía 22—30 a. pottrinn. Saltfiskr 50 kr. skpd., smærri 35 kr., ýsa 25—30 kr., harðfiskr 80 kr., lýsi 30- 45 kr., hvít ull 60—65 a., mislit 45, æðardúnn 16 kr. pd. Lax 35 a. nýr, enn 75 a. saltaðr. Annars var verðlag til jafnaðar svipað og árinu áðr nema á fiskinum. Telja menn öll líkindi til, að hann komizt ekki í verð framar, því að, svo sem kunnugt er, drógst það einhvern veginn fyrir stjórninni árið 1883 að endrnýja saltfiskssamninginn við Spán, svo að Frakkar náðu gersamlega öllum markaðinum þar undir sig nú um sumarið. Það varð íslenzka fiskinum fyrir ári, að kólera gekk á Frakklandi um haustið, og var þá um tíma heft samganga milli landanna; gekk þá vel út saltfiskrinn á Spáni fyrir 56—58 kr. skippundið. Enn óðara enn vörnunum var hætt, féll það niðr. Frakkar áttu talsvert fleiri

skip hér við land þetta ár en að undanförnu (á fjórða hundrað), og bar ekki á aflaskorti hjá þeim, því að þeir drógu fiskinn í óða-önn í landhelgi, að minsta kosti fyrir suðrströndum Islands, þó að íslenzku bátarnir yrði ekki varir rétt í kring um þá.

Verzlunarlagið hefir verið þetta sama og áðr víðast hvar; verzlunarstaðir voru sumstaðar gjörtæmdir þegar undir haustið, og engan hlut þar framar að fá nema brennivín og annan slíkan óþarfa, enn gagnsvara var lítil, að minsta kosti sumstaðar. Þó viljum vér minnast á tvö fyrirtæki, sem komu upp, enn því miðr ekki urðu að fullu liði, sízt hið fyrra; það var *blautfiskisverzlun við Englendinga á sjó úti.* Englendingar höfðu ráðgert að senda gufuskip upp til Íslands í marzmánuði, og kaupa fiskinn blautan með höfði og hala af sjómönnum á sjó úti, og ætluðu þeir svo að flytja fiskinn í ísi til Englands, og selja hann þar eins og nýjan. Þorlákr kaupmaðr O. Johnson í Reykjavík var þeirra önnur hönd hér í landi til þess að semja við sjómenn um söluna. Sjómenn vildu ekki selja fiskinn minna enn 7 aura pd. blautan úr sjónum, sem lætr nærri að svara til þess, að skippundið af honum söltuðum sem venjul. saltfiski væri 100 kr.; það þótti þeim ofdýrt, einkum er litið væri til hins mikla verðfalls á fiskinum; þegar þeir komu, kváðu þeir upp, að þeir vildi gefa 5 aura fyrir pundið, er svarar til nál. 70 kr. fyrir skippund af saltfiski. Gerðu þeir ráð fyrir að sigla út um flóann þegar róið væri á daginn, enn leita hafna á nóttum, og gera þá að fiskinum. Það fór nú að sigla um flóann síðast í marz, enn sjómenn tóku því þá svo drengilega, að þeir réru fram hjá því og virtu það ekki viðlits, af því að þeir vildu hafa sína 7 aura. Loks samdist svo, að báðir létu undan, og kusu Englendingar heldr að gefa 6 aura fyrir pundið enn fara heim svo búnir. Enn þá var aflaleysið og gæftaleysið, svo að skipinu tókst loks eftir langa mæðu og illan leik að fá nokkra hleðslu og fór svo heim aftr 10. apríl. Bæði var að aflaleysið hamlaði og gæftaleysið, svo hafði það ekki nægan ís þegar til kom; enn ekki mun það sízt hafa spilt, að landsmenn tóku því dræmt og óliðlega, og jafnvel var talið sannað, að einhverir hafi selt þeim skemdan fisk: úldinn úr netjum; enn

hvort það hefir verið þetta alt eða eigi, þá var þessi verzlun á enda með þessari byrjun.

Annað fyrirtækið voru *pöntunarfélögin* nyrðra. Húnvetningar og Skagfirðingar tóku sig saman um að panta sér vörur frá Englandi, fyrir milligöngu Coghills hestakaupmanns; fengu þeir upp á Sauðárkrók vörur fyrir 20000 kr., og þóttu það bæði betri vörur og mun ódýrari enn í búðum. Vörur þessar áttu þeir að borga um haustið með sauðum og peningum. Mest var pantað matvara, kaffi, og ljáblöð og steinolía. Verðlag var á þessa leið: bezta kaffi 47 a., hvítt sykr 27 a., kandis 34 a., hveitimjöl (overhead) rúml. 10 kr. 130 pd. sekkr, hrísgrjón 13 kr., steinolía 12 a. pd. (um 17 a. pottrinn), ljáblöð 85 a.; við þetta bætist uppskipun og annar smákostnaðr við afhendingu og hirðingu á vörunum. Coghill gaf aftr í móti fyrir sauði tvævetra og eldri 18—21 kr., geldar ær 15—16 kr. og vetrgamalt 14 kr. Þessi verzlun féll mönnum svo vel eftir alla smákaupstaðaeinokunina, að þeir tóku sig þegar saman um, að halda áfram verzlun þessari, og koma sér upp húsi á Sauðárkrók; þá var og kosin 5 manna nefnd til að annast um alt þetta, og sjá um að það færi alt fram með reglu og góðri skipun, enn ekki eins og hefir stundum gengið til með vörupantanir. Með því einu móti er líka vonandi að það geti blessast.

Af öðrum innlendum verzlunarfélögum er fátt að segja. Hlutaveltan í Reykjavík var orðin gjaldþrota, enn Gránufélagið í sama mótinu og dönsku verzlanirnar, verzlanir Eggerts Gunnarssonar hættar eða orðnar að engu, og hin enska verzlun Weidners & Co., sem lét verzlunarstjóra sinn, Gunnlaug Briem alþingismann, kaupa fjölda fjár um haustið, vitjaði þess aldrei.

Síldveiðafélögin norsku og íslenzku öfluðu lítið sem ekkert; sunnlenzka félagið hætti veiðiútveg sínum syðra, og ákvað að selja bæði hús sín og veiðarfæri. Síldveiðafélögin nyrðra á Eyjafirði urðu og fyrir stórtjóni í landsynningsofviðrinu, sem gerði 11. september. Rak á land 19 skip í Hrísey, 3 íslenzkar hákarlaskútur, sem Norðmenn höfðu leigt til veiða, 15 norsk skip og 1 enskt. Auk þess mistu 10—12 skip möstur, og enn fleiri skemdust meira eða minna. Auk þess brotnaði mesti

fjöldi af nótnabátum, nótir flæktust, rifnuðu eða týndust. Als brotnuðu eða skemdust 41 skip, enn að eins 3 menn druknuðu. Skaðinn af skipahruni þessu var eftir lauslegri ágizkun metinn 2—300,000 kr. 24 af þessum 41 skipi voru frá Haugasundi í Norvegi, hin flest frá Stafangri eða Björgvin.

Almennr hagr manna hér á landi, einkum þó á suðrlandi, hefir því verið mjög erfiðr þetta ár. Menn bjuggu að fellinum frá 1882; fénaðr var fár, færri enn samanburðr á búnaðartöflum frá því árinu á undan bendir til; allir senda menn til sjávar þar úr sveitum, eða, ef ekki eru aðrir til, þá fara húsbændur sjálfir, svo að varla eru meira enn tvö eða þrjú heimili í stórum sveitum, er ekki hafa einn eða fleiri hluti úr sjó. Hefir það verið einka-kaupeyrir manna í verzlanir síðan fellinn; enn þetta brást nú gersamlega, og svo heyin handa kúnum, sem þó eru margra aðallíf á vetrum. Voru því flestar bjargir bannaðar; urðu því einkaúrræðin þau fyrir mörgum sveitum, að biðja hvað ofan í annað beininga af gjöfum þeim, er Íslandi voru sendar 1882 og 1883; hafa þannig að þessu ári borizt inn í flesta hreppa gjafir, er skiftu þúsundum króna í hvern. Sumt af gjöfum þessum var veitt í kornvöru, og varð það að góðum árangri víðast þar sem það kom, enn minni árangur hafa peningagjafir haft að sínu leyti; sveitanefndir hafa skift þeim misjafnlega, flestar þó líklega eftir beztu samvizku, enn þær hafa ekki verið alstaðar sjálfráðar. Þurfamaðrinn heimtar víða hvað ofan í annað, jafnóðum og hann er búinn með hinn fyrri skerf sinn, og heimtar peninga fremur enn matvöru; hreppsnefndin hlýðir honum til þess að verða ekki klöguð og dæmd óalandi og óferjandi og óráðandi þeim bjargráðum; svo þegar þurfamaðrinn fær peningana, kaupir hann kaffi, tóbak og á ferðapelann, enn lætr bjargræðið mæta afgangi. Þetta er því miðr margreynt, og er ilt að svo skuli ganga. Það er auðvitað að margir fara líka vel með það sem þeir fá. Gjafasjóðr gekk mjög til þurðar þetta ár, þar sem sjávarsíðan kom nú líka á hann, enn vandræðin í sveitunum æ að aukast, framlögur að hækka og þurfamenn að gjörast æ heimtufrekari. Hagr manna er afar-ískyggilegr í hvers þess manns augum, sem gætir þess

hvernig fram fer þar. Fátæklingarnir fjölga, hinir efnuðu kafna undir ofþungum álögum, og verða svo eins. Enn eitt er það, sem ekki minkar hvað sem harðnar í ári; það er kaffieyðsla á heimilum. Hún er þyngri skattr enn flest annað, því að verzlunarreikningar bænda bera það með sér svart á hvítu, að meira enn allr helmingr bænda kaupa fyrir meiri krónuupphæð kaffi enn matvöru í búðum. Brennivínskaup eru aftr á móti varla teljandi. Það er mest drukkið í og við kaupstaðina. Þetta alt er undirbúningr og orsakir báginda þeirra, sem fylgja áraskiftunum og fréttir frá næsta ári munu betr skýra frá.

VIII. Fiskiveiðamál landsins.

Á þinginu 1883 var veitt fé til þess, að útlendr maðr, sem væri vel að sér í fiskirækt og laxaklaki, yrði fenginn hingað til lands, til þess að leiðbeina mönnum í þeirri list, að ala hér upp lax og silung í ám og vötnum, eins og útlendar þjóðir gera. Tryggvi Gunnarsson útvegaði einn hinn mesta og helzta fiskifræðing meðal Dana, *Arthur Feddersen*, kennara í Viborg. Hann hefir verið erindreki Dana á útlendum fiskisýningum, dugnaðarmaðr hinn mesti og hollvinr Íslendinga Hann kom til Austfjarða í miðjum júlímánuði, og ferðaðist víða um land norðan og sunnan, og skoðaði laxár og stöðuvötn, og gaf þegar von um, að laxveiðin mætti verða talsvert arðsamari enn hún er, með umbótum nokkurum. Enn það sagði hann, að ekki væri tilhugsandi að hún kæmist í gott lag *með þeim eða undir þeim lögum um það efni, er nú gilda*. Hann dvaldist um vikutíma á Reynivöllum í Kjós til að undirbúa þar laxaklak; enn lengr mátti ekki Feddersen vera að heiman, svo að hann fór með septemberferðinni út aftr; enn með þeirri ferð kom sænskr laxamaðr, sem kunni vel til þeirra hluta, til að annast um klak þetta. Hann kom upp að Reynivöllum 23. sept. og fór þegar að láta smíða kassa, 3 ál. langan, 2 ál. háan og 1¾ ál. breiðan; rifur vóru á honum öllum millum borðanna, nema í lokinu, þumlungsbreiðar, til þess að vatnið gæti runnið gegn-

um hann. Kassa þessum var komið fyrir á hentugum stað í Laxá. Síðan var farið að veiða, til þess að fá hrogn; 13 hrygnur og 18 hængir náðust, og voru þau geymd í kassanum. Síðan var þar kofi bygðr, og veitt í hann vatni úr lind einni; í kofanum voru tilfæringar til klaksins. Hrygnurnar vóru orðnar gotfærar í miðjum október, og var altaf verið að frjófga hrogn frá 16. október til 8. nóvember. Urðu als frjófguð um 26000 hrogn þar. Um 800 þeirra vóru dáin fyrir nýár. Um jólin fór að votta fyrir augum í hrognunum, og vóru þannig góðar horfur á, að klakið ætlaði að hepnast vel. Lakast gekk þeim þar að halda vatninu nógu köldu (3 C). Snemma í októbermánuði fór Johnsen (svo hét hinn sænski laxamaðr) austr að Þingvöllum að koma þar á fót urriðaklaki; tókst þar að frjóvga um 18000 urriðahrogn; ekki hafa fregnir komið af því, hvernig því hafi reitt af. Þorkell prestr Bjarnason á Reynivöllum lét sér mjög ant um framkvæmdir á þessu þarflega fyrirtæki, og lofaði að gefa nákvæma skýrslu um klakið og alla tilhögun við það, þegar því væri lokið. Mestum örðugleikum ollu hin langvinnu illviðri framan af vetrinum, að það gæti orðið passað svo vel sem skyldi.

Sakir hins mikla fiskileysis undanfarið ár og þetta ár fóru menn með sjávarsíðunni syðra að hugsa um, hvað því mundi valda, og komust þá þeir, sem greindari og gætnari vóru, að þeirri niðrstöðu, að því mundi valda hinar almennustu veiðibrellur: netin og lóðin. Samkomulag og samþyktir hafa einatt verið gerðar um þetta efni, enn aldrei dugað neitt, því að samþyktirnar hafa verið rofnar þegar færi gafst á. Þegar fiskiganga hefir komið, hefir verið girt fyrir hana með netum, svo að hún hefir snúið frá landinu aftr, og verið svo elt með netunum dýpra og dýpra á haf út. Enn nær landi hefir verið alt drepið á lóðina, sem fengizt hefir, smátt og stórt; það kvað svo ramt að, að á vorvertíðinni fylti 60—70 fiska hlutr skeppumál, og 30 fiskar komust að sögn í sjóvetling af smáseyðum, sem glæptust á lóðinni. Seyði þessu eru uppvaxandi fiskr, og sami skaði að drepa hann eins og fyrir fénaðarbóndann að drepa altaf lömbin. Fiskiveiðafundr út úr þessu máli var haldinn í Hafnarfirði 11. sept.,

og komu fundarmenn sér þar saman um ýmisleg atriði, er snerta mál þetta, og þar á meðal það, að leggja eigi net fyrir utan vissa línu í Faxaflóa. Frumvarp fundarmanna var lagt fyrir sýslunefnd, og samþykti hún það; — enn við það sat við árslokin. Margir útvegsbændr vóru máli þessu heldr móthverfir, sáu eftir netafiskinum, og þótti lóðin fengsæl og happadrjúg; enn líklegast verðr þó hvorugt að liði, ef fiskiganga gengr eigi að landi. Mikill var áhugi manna á máli þessu um árslokin, svo og á því, að efla þilskipaútveginn, því að þó opnu bátarnir hafi einatt ekki orðið lífsvarir, hafa þilskipin oftast haft góðan afla; að minsta kosti hafa Frakkar fundið nógan fisk rétt hjá íslenzku bátunum.

IX. Frá ýmsu, framförum og öðru.

Sundkensla hefir alla tíð á síðari öldum verið lítt stunduð hér á landi, þangað til fyrir nokkurum árum að farið var að kenna sund í Eyjafirði við laugarnar á Laugalandi, enn fáum kom til hugar að nota laugarnar við Reykjavík til þess að hafa þar sundstæði. Maðr nokkr norðlenzkr, Björn L. Blöndal að nafni, fór um vorið að efna til sundkenslu við laugarnar þar; var gerðr stíflugarðr í laugarnar, og búið þar til laglegt sundstæði, þó ófullkomið væri; var þetta gert mest af samskotum í Reykjavík og þar í grend. Kensla Bjarnar þótti reynast ágæt, og þótti mönnum mikils um vert að framhald yrði á því. Var því stofnað *sundfélag* á fundi í Reykjavík 1. dag októbermánaðar, til þess að róa að því öllum árum, að halda uppi sundkenslu í Laugarneslaugum, og styðja og efla af öllu megni sund og sundkenslu hér um land. Þegar gengu 100 menn í félagið þar á fundinum, og var hver með krónu árstillagi. Síðan voru lög félagsins samin og samþykt.

Skemtanir, bæði til gagns og gamans, voru heldr fáar, því að þær geta illa þrifizt hér á landi vegna mannfæðar og smekkleysis manna. Sjónarleikar voru engir syðra, og lítið

um þá annarstaðar, sízt svo, að þess væri getandi. Helztar eru söngskemtanirnar í Reykjavík, þar eð þær eru ekki að eins skemtan, heldr og það, sem meira er vert, mentun í fegrðarlegu tilliti. Söngfélagið Harpa hélt samsöng einn ágætan um vetrinn með æfðum flokki karla og kvenna. Aðra samsöngva (á orgel) héldu þeir Björn Kristjánsson og Steingrímr Johnsen í dómkirkjunni í Reykjavík, og var ákveðið að verja því, sem fengist fyrir það, til þess, að kaupa nýtt orgel í kirkjuna. Samsöngvar þessir þóttu mjög ágætir þeim, sem höfðu vit á að meta, enn þó voru þeir ekki vel sóttir. Aðrar skemtanir voru litlar, aðrar enn það, að panórama-myndir voru sýndar þar, og helzt af útlendum mannvirkjum og stöðum og innlendum landstöðvum.

Eigi vita menn til, að *eldr* hafi verið neinstaðar uppi þetta ár, enn landskjálfti fanst allharðr á Húsavík og í héruðum þar í grend 2. dag nóvembermánaðar. Skemdir urðu þar nokkurar bæði á húsum og bæjum. Síðan fanst þar við og við altaf til landskjálfta fram yfir árslok.

Syðra kom upp um tíma upphot mikið um það, að *ey* hefði komið upp *fyrir Reykjanesi*. Það hefir áðr borið við, og síðast eldárið mikla 1783, auk þess sem eldr var þar uppi bæði 1830 og 1879. Vitavörðrinn á Reykjanesi, Jón Gunnlaugsson, sá fyrst 26. júlí eyju í útnorðrátt af Eldey, hér um bil í þriggja mílna fjarlægð. Sá hann hana í kíki, og svo á hverjum degi þaðan í frá. Ýmsir aðrir enn hann sáu og eyju þessa. Nú drógst það samt svona, að skeyta nokkuð um að skoða nýlundu þessa, þar til Paterson, konsúll Englendinga, fór suðr á Reykjanes í miðjum september að skoða hana þaðan í sjónpípum. Niðrstaðan af ferð þessari var sú, er nú skal greina. Eyjan er í lögun eins og keila, og er þriðjungi einum lengri enn hún er há til, hún er brattari að sunnan enn hún var áðr, og veldr því að það hafði hrunið úr henni nokkuð, og voru þar við hana frálaus björg, er stóðu upp úr sjónum. Grynningar sá hann í kring um hana af brimi, enn ekki var hægt að sjá, hvort fjara væri með henni. Hann fann og, að eyjan var ekki nema þrjá mílufjórðunga í útnorðr frá Eldey.

Þegar hún sást fyrst, var hún kolsvört eins og eldhraun, enn þegar Paterson skoðaði hana, var hún orðin hvít ofan af fugladríti. Fylla, herskip Dana, og Dupleix, herskipið franska, leituðu að henni eins og að saumnál í ágústmánuði, enn fundu hana hvergi, og héldu að það væri ekkert nema sjónhverfingar einar. Enn hvað sem því leið, þá var Paterson sannfærðr um, að hann og allir innlendir sem skoðuðu, hafi séð eyna, og þar að auk tveir frakkneskir sjóliðsforingjar. Eftir skýrslu hans og eigin áliti að dæma urðu síðustu líkindin með eyju þessa þau, að það væri Geirfuglaskerin; hafi þau lyfzt upp af eldsumbrotum, breytt lögun sinni, og hækkað svo upp, að þau hafi orðið sýnileg frá landi. Ekki hefir síðan verið talað um eyju þessa.

Eftir að iðnaðarsýningin í Reykjavík var um garð gengin árið 1883, fréttist, að *hannyrðasýning* ætti að haldast *í London* þetta sumar. Frú Sigríðr Einarsdóttir í Cambridge ritaði þá hvöt til íslenzkra kvenna að senda þangað sýnishorn af tóvinnu sinni og hannyrðum, og var það gert. Hinir íslenzku sýnismunir voru fyrst lengi á hakanum, og enginn leit við þeim, þangað til að grein ein kom út í hinu enska kvenna- og hannyrðablaði »The Queen» 4. okt., er benti á hina íslenzku muni með mestu vinsemdar- og viðrkenningarorðum. Grein þessi var stíluð með svo ynnilegum hug, að hún vakti mikla eftirtekt. Tóku munir þessir brátt að seljast vel, enn samt var hleypidómsandinn svo ríkr í dómsnefndinni, að frú Sigríðr fekk hana ekki til að líta við þeim fyrri enn eftir langa mæðu. Enn þá var samt ekki til að tala um nein betri verðlaun handa þeim, fyrri enn eftir miklar bréfaskriftir fram og aftr. Krafðist frú Sigríðr þess með miklu fylgi, að hin íslenzka vinna fengi æztu verðlaun, er völ var á (heiðrsdiplóma), «sem réttar, enn ei sem ívilnunar». Verðlaun voru þar veitt fyrir sokka, vetlinga og vaðmál. Sex fengu verðlaun fyrir vetlinga, fjórar fyrir sokka, og sex fyrir vaðmál. Pantanir voru miklar gerðar þegar á þessum vörum. Beztu fingravetlingar urðu þar seldir á 6 og alt að 9 krónum.

X. Heilsufar, slysfarir og lát heldra fólks.

Heilsufar manna var alment gott að því er frézt hefir, og bar hvergi á því, að nein sérstök veikindi gengi, nema að lungnabólga og taugaveiki stungu sér niðr hingað og þangað, eins og vant er, og einstöku menn dóu af afleiðingum misl-ingasýkinnar, þar sem þeir annaðtveggja höfðu snúið sér upp í brjóstveiki eða innanveiki.

Slysfarir voru miklar þetta ár, eins og oft vill verða hér á landi, og viljum vér hér geta hinna helztu þeirra.

Mánudaginn 7. dag janúarmánaðar réru þrjú skip til hákarlaveiða af Akranesi. Þegar fram leið á daginn, rokhvesti á landsunnan, síðan gekk í suðr, og um nóttina í ofsalegan útsynning með fjúki og gaddi. Formenn fyrir skipum þessum voru: Pétr Hoffmann kaupmaðr á Akranesskaga, við 11. mann, Ólafr Bjarnason bóndi á Litlateigi, og Þórður bóndi Guðmundsson á Háteigi við 7. mann. Eitt skipið réri af Álftanesi, frá Hliði; formaðr var þar Þórðr bóndi Þórðason á Hliði, við 11. mann. Það er skjótast frá að segja, að eitt af þessum fjórum skipum, Ólafr bóndi frá Litlateigi, náði lendingu eftir mikið sjóvolk og hrakninga á Melum í Melasveit seint um nóttina, enn hin fórust öll. Skip Þórðar frá Háteigi rak daginn eftir og öll líkin af því hjá Belgsholti í Melasveit, enn brot og flak-ar og eitthvað af líkum af hinum skipunum rak löngu síðar vestr á Mýrum og hingað og þangað. Sama daginn fórst bátr með tveim mönnum á á Hvalfirði; voru þeir þar úr Hvalfirð-inum, Sigurðr bóndi Jónsson á Sandi og vinnumaðr frá Botni. Alls drukknuðu því 31 maðr þenna eina dag, og var flest af því mannval hið mesta, ungir og efnilegir menn frá konu og börn-um. Helztir voru Pétr Hoffmann, Stefán Bachmann, sonr síra Geirs uppgjafaprests í Miklaholti, Georg Thorsteinsen, sýslumanns í Snæfellsnessýslu fyrrum, Halldór Einarsson á Grund, og Sveinn Hoffmann; Þórðr Guðmundsson á Háteig; Þórðr Þórðarson á Hliði. Eftir þessa fjóra skipskaða voru eftir 11 ekkjur og 17 munaðarlaus börn, og auk þess ýmsar munaðarlausar ekkjur og mæðr, sem þeir höfðu sumir verið fyrirvinnur hjá. Þeir Björn

Jónsson og Jón Ólafsson ritstjórar í Reykjavík gengust þegar fyrir samskotum handa þessum munaðarleysingjum; samsöngr var haldinn í dómkirkjunni í Reykjavík, og fekst fyrir hann um 200 kr., og ágóði af fyrirlestri einum þar varð alt að 100 kr., svo gáfu og ýmsir, bæði utan Reykjavíkr og í Reykjavík. Samskotin munu hafa numið alls hátt á annað þúsund krónum. — Seint í janúar urðu tveir menn úti á Mýrum. — Stúlka varð úti í Þingvallasveit 4. febrúar. — Bátr fórst í Gróttu á Seltjarnarnesi 21. dag marzmánaðar, með 7 mönnum, og 25. s. m. fórst einn maðr á báti frá Rauðará við Reykjavík úr hrognkelsanetum. — 16. apríl barst skipi á í lendingu undir Eyjafjöllum, og druknuðu af því tveir menn. — 26. marz kramdist maðr til bana undir hlið á hákarlaskipi á Flateyri vestra. — 7. maí fórst bátr í Bolungarvík, druknuðu af því 4 menn, enn 2 varð bjargað. — Í júní fórust 3 menn af báti við Ísafjarðardjúp, og í júlímánuði fórst maðr á Akranesi, Samson Magnússon verzlunarmaðr, þannig, að hann druknaði í sjóbaði, enn var ekki syndr. — 26. júlí fórst bátr á skemtisiglingu í Reykjavík; voru á honum Sigurður skólakennari Sigurðsson, L. Larsen verzlunarstjóri og unglingsmaðr frá Sölfhól. Þeir höfðu siglt inn í Elliðaár, og voru komnir miðja vegu milli Viðeyjar og Reykjavíkr, þegar síðast sást. Að báðum þessum mönnum var mannskaði mikill. *Sigurðr Sigurðarson* var fæddr 11. nóv. 1849; var hann bóndason af Mýrum vestra. Hann lærði undir skóla hjá síra Sveini Níelssyni á Staðarstað, og kom í Reykjavíkrskóla 1866; útskrifaðist hann þaðan 1872. Var hann síðan 2 ár heimiliskennari hjá Riis kaupmanni á Ísafirði, þar til hann fór til háskólans 1874, og lagði stund á málfræði; tók hann embættispróf í henni 1879, með lofseinkunn, og var þá um haustið settr kennari við lærða skólann í Rvík. Árið eftir var honum veitt kennaraembættið, og þá um leið fekk hann styrk af landsfé til þess, að sigla til Frakklands og fullkomna sig í franskri tungu. Sigurðr var gáfumaðr góðr, og ástundunarsamr, enn einkanlega var hann mesti tungumálamaðr. Hann var einkarvel látinn af lærisveinum sínum, og öllum þeim sem til hans þektu. Lík hans fanst löngu síðar

á Lambhússundi á Akranesi og var það jarðað í Reykjavík 16. september. Lík hinna fundust einnig, Larsens vestr í Miklholtshreppi. *Larsen* verzlunarstjóri var 34 ára, danskr maðr, frá Kaupmannahöfn; hafði hann verið um nokkur ár við verzlun á Eyrarbakka, og síðan í Reykjavík, og verið ágætlega látinn af öllum. — 20. júní druknaði Sveinn bóndi á Gufunesi við annan mann. — 11. september druknuðu 2 menn af báti á Höfða á Höfðaströnd, og 2 menn íslenzkir fórust í skipatjóninu mikla á Eyjafirði sem áðr er getið. — 12. september druknuðu tveir menn af bátkríli í Skálavatni við Veiðivötn inn af Landmannaafrétti; hétu þeir Stefán Guðlögsson frá Þúfu 34 ára, og Eiríkr Jónsson frá Lúnansholti 20 ára. Voru þeir þar með öðrum fleirum við silungsveiðar. — 23. ágúst druknaði einn af lærisveinum Ólafsdalsskólans í sjóbaði. — 30. október druknuðu 2 menn af báti í fiskiróðri frá Gróttu á Seltjarnarnesi, Þórðr Þórðarson við 5. mann. Þrem varð bjargað af kili. — 14. nóvember hljóp skriða á Hlíðartún í Sökkólfsdal í Dölum, og varð að bana öllum er inni voru, nema einni stúlku, er fanst með lífi. Sex manns biðu þar bana: hjónin, börn þeirra þrjú og aðkomumaðr er var þar nætrsakir. — 29. sama mánaðar druknaði maðr á fjörunum í Skilmannahreppi, Einar Guðmundsson bóndi á Heggstöðum í Andakíl. Hann var á heimleið úr kaupstað og mun hafa lagzt fyrir kendr, og sjór fallið yfir hann. Þetta eru 70 manns, einn af 1000 landsbúa, og er þó ógetið ýmissa smærri slysfara og mannadruknana, sem ekki hafa borizt ljósar fregnir af.

Prestar þeir er látizt hafa á árinu eru þessir: *Þórðr* prófastr *Þórðarson* í Reykholti andaðist 13. janúar. Hann var sonr Þórðar háyfirdómara Jónassens og Margrétar, dóttur Stefáns prests Einarssonar á Sauðanesi, og var fæddr þar 23. apríl 1825. Hann útskrifaðist úr Reykjavíkrskóla 1847, og var síðan fyrst skrifari hjá Grími amtmanni eitt ár, og síðan hjá Rosenörn og Trampe stiptamtmönnum, þar til hann vígðist prestr að Lundi í Borgarfirði 1853. 1856 fekk hann Möðruvallaklaustrsbrauð í Eyjafirði, og 1873 fekk hann Reykholt. Árið eftir, 1874, varð hann prófastr í Borgarfjarðarsýslu, þjónaði

hann því embætti til dauðadags. 1853 kvæntist hann Margréti Ólafsdóttur (Stefánssonar) Thorarensens frá Hofi í Eyjafirði, og áttu þau tvö börn, enn hún og börn þeirra vóru dáin löngu á undan honum. Þórðr sál. var einn hinn frægasti prédikari og barnafræðari hér á landi, og er barnafræðsla hans annáluð um land alt. — *Gunnlaugr Þorvaldr Stefánsson* prestr í Hvammi andaðist 11. dag maímánaðar. Hann var sonr síra Stefáns prófasts Þorvaldssonar, Böðvarssonar, og var fæddr 8. apríl 1836. Hann útskrifaðist úr latínuskólanum 1859 og af prestaskólanum 1861, og var þá vígðr til Nesþinga. Hvamm í Norðrárdal fekk hann 1867, og Árnes 1883. Þangað komst hann aldrei vegna brjóstveiki, og fekk hann lausn frá embætti hinn 7. maímánaðar, enn dó þá hinn 11. s. m. Hann var tvíkvæntr: fyrri kona hans var Valborg Sveinbjarnardóttir Egilssonar, dó 1870; síðari kona hans var Kristín Jónsdóttir prests Sigurðssonar á Breiðabólstað. Hann var góðr gáfumaðr, prúðmenni mikið og ástsæll af öllum er til hans þektu. — *Guðmundr Bjarnason* prestr á Borg á Mýrum lézt 2. dag júnímánaðar. Hann var fæddr á Kópsvatni í Hrunamannahreppi 31. maí 1816; var faðir hans þar hreppstjóri, og bændr ættmenn hans allir. Hann lærði undir skóla hjá síra Tómasi Sæmundssyni, og útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1844. Hann vígðist að Nesi í Aðalreykjadal 1847, fekk Mela í Melasveit 1858, og Borg 1875. Hann var vinsæll maðr og vel látinn. — *Brynjólfr Jónsson* prestr í Vestmannaeyjum andaðist 19. nóv. Hann var sonr Jóns Bergssonar, er síðast var prestr að Hofi í Álftafirði, og var fæddr þar 8. september 1826. Hann útskrifaðist úr skóla 1848, og af prestaskólanum 1850, og vígðist að Reynistað 1852, enn fór aldrei þangað, enn fór sem ábyrgðarkapellán til síra Jóns Jónssonar Austmanns í Vestmannaeyjum, þar til hann dó 1858. Var hann þá settr prestr þar, en veitt brauðið 1860 reglulega. Hann var þingmaðr Vestmannaeyinga 1859 og 1863. Hann þótti merkr prestr, og eftirsjá mikil í honum.

Af öðrum embættismönnum lézt Gunnlaugr Blöndal, fyrrum sýslumaðr í Barðastrandarsýslu, á geðveikraspítala í Dan-

mörku seint í maímánuði. Hann var fæddr á Hvammi í Vatnsdal 1. júlí 1834, og útskrifaðist úr skóla 1854. Hann tók lögfræðispróf við háskólann 1863 með annari einkunn. Honum var veitt Barðastrandarsýsla 1865, og hélt hann henni að mestu þangað til hann fekk lausn frá embætti 1879 sakir geðveiki. Kona hans var Sigríðr Sveinbjarnardóttir Egilssonar. Gunnlaugr sýslumaðr var duglegr maðr og samvizkusamr, þegar hann gat neytt sín vegna veikinda sinna.

Kaupmenn tveir hafa dáið hér á landi. Annar þeirra var *Simon* Hannesson (Steingrímssonar biskups) *Johnsen;* hann dó 2. febrúar, fæddr 22. júní 1848. Hann var ljúfmenni mikið; konsúll Svía stjórnar og Norðmanna hér á landi síðan 1879. Hinn var *Jóhann Gottfred Havsteen*, bróðir amtmanns Havsteins sáluga. Hann dó 30. janúar, fæddr 3. marz 1804. Hann verzlaði lengi á Akreyri, og var jafnan vel látinn. Hinn 23. júlí lézt *H. P. Duus* kaupmaðr, sem lengi hafði rekið verzlun í Keflavík, í Kaupmannahöfn. Hann var vænsti maðr.

Einn stúdent íslenzkr, *Gísli Guðmundsson*, lézt 30. júlí. Hann var fæddr á Bollastöðum í Húnavatnssýslu 12. janúar 1859. Hann gekk skólaveginn, og útskrifaðist með 1. einkunn af latínuskólanum 1882. Samsumars sigldi hann til Hafnar á háskólann, og gaf sig þar við þýzku og þýzkum bókmentum. Í júlí fór hann skemtiferð til Jótlands, en fór útbyrðis á skipinu á heimleiðinni. Hann var gáfaðr maðr, enn dulr og þunglyndr. Einn skólapiltr, *Hannes Sveinbjarnarson*, dó í Reykjavík 1. okt.

Af öðrum merkum mönnum, er látizt hafa, viljum vér að eins nefna *Stefán Eiríksson* í Arnarnesi, alþingismann Skaftfellinga. Hann dó 12. september. Hann var kominn undir sjötugt (f. $^{17}/_{6}$ 1817). Hann hefir verið á þingi síðan 1859. *Þorleifr Þorleifsson* frá Háeyri stökk fyrir borð á skipi í Kaupmannahöfn 17. okt. og druknaði; hann var um tvítugt. 5. september dó *Magnús* snikkari *Þórarinsson* úr brjóstveiki á spítala í Edinaborg.

Af *merkiskonum*, er dáið hafa, viljum vér að eins telja: *Ingileif Benediktsen* 21. janúar, 24 ára gömul, dóttir Brynjólfs

Benediktsens á Flatey; *Ingibjörg Þorsteinsdóttir*, systir Jóns Thorsteinsens landlæknis, í Reykjavík 14. júlí 88 ára; og frú *Guðrún Stephensen*, ekkja Þorvalds heitins Stephensens aðstoðarprests á Torfastöðum, 7. ágúst, 55 ára.

XI. Skólar.

Þingið 1883 samdi lög um það, að *landsskóli* skyldi verða stofnaðr á Íslandi, þannig, að kensla sú, er nú fer fram við prestaskólann og læknaskólann, skuli haldast óbreytt áfram, enn lagakensla tekin upp, enn heimspekin og aðrar vísindagreinir skyldu takast upp síðar og verða skipaðar með lögum. Mörgum var þetta mikið áhugamál, enn þegar það kom til ráðgjafans, varð öðru máli að gegna; hann fann öll tormerki á, að þessi mentunarstofnun kæmist á fót. Skrifaði hann loksins landshöfðingja 31. marz um lagafrumvarp þetta, og fann að því í alla staði, bæði hvað það væri illa samið og ófullkomið. Svo staðhæfði hann í alla staði, að Íslendingum væri engi þörf á slíkri mentunarstofnun, því að fleiri Íslendingar hefði nú undanfarin ár lesið lög við háskólann í Höfn enn þyrfti til að gegna þeim embættum á Íslandi; væri því beinasta óparfaverk að auka landssjóðnum óparfakostnað, enda mundi ekki verða auðhlaupið að því að fá tvo menn færa til að kenna lög á Íslandi. «Sökum þess hefir hans hátign konunginum . . . . . allramildilegast þóknast að synja frumvarpinu allrahæstrar staðfestingar».

Af *læknaskólanum* útskrifaðist ekki nema einn: *Þorgrímur Þórðarson*, með fyrstu einkunn.

Af *prestaskólanum* útskrifuðust 7, og fengu þeir þær einkunnir, er nú skal greina:

Árni Jónsson frá Skútustöðum	1.	eink.	50 tr.
Kristinn Daníelsson frá Hólmum . . .	1.	—	49 —
Jón Sveinsson frá Löngumýri	1.	—	49 —
Stefán Jónsson frá Hvammi	2.	—	35 —
Pétr Þorsteinsson úr Reykjavík . . .	2.	—	31 —

Jón Thorsteinsen úr Reykjavík . . . 2. eink. 27 tr.
Halldór Bjarnarson frá Sauðanesi . . . 2. — 23 —

Einn piltr stóðst ekki prófið. Í stað þessara bættust 11 piltar við um haustið, svo að um vetrinn voru 13 á prestaskólanum, og er það fleira enn nokkurn tíma hefir verið nú til langs tíma.

Latínuskólinn hefir gengið sinn vanagang þetta ár, fréttaog tilburðalítið, nema hvað stúdentar af honum voru með langflesta móti, sem von var eftir þennan fjölda sem var í skólanum undanfarin ár. Auk þess studdi það ekki lítið að stúdentafjöldanum í ár, að svo margir eru farnir að fá leyfi til að lesa utanskóla á einum vetri fyrir 5. og 6. bekk. Þeir sem útskrifuðust voru þessir:

Sigurðr Jónasson frá Eyólfsstöðum . . 1. eink. 96 tr.
Skúli Skúlason frá Breiðabólstað . . . 1. — 94 —
Bjarni Pálsson frá Akri . . . . . 1. — 89 —
Þorleifr Bjarnason úr Reykjavík . . . 1. — 84 —
Bjarni Thorsteinson úr Reykjavík . . 2. — 81 —
Ólafr Magnússon úr Reykjavík . . . 2. — 77 —
Axel Tulinius frá Eskifirði . . . . . 2. — 75 —
Magnús Ásgeirsson frá Kleyfum við Ísafjörð 2. — 75 —
Tómas Helgason úr Reykjavík . . . . 2. — 73 —
Sigurðr Sigurðsson frá Pálshúsum á Álftanesi 2. — 71 —
Christian Riis frá Ísafirði . . . . . 2. — 68 —
Sveinbjörn Egilsson úr Hafnarfirði . . 2. — 63 —
Páll Stephensen frá Holti í Önundarfirði 3. — 57 —
Ólafr Stephensen úr Viðey . . . . . 3. — 42 —

Enn utanskólasveinar, er lesið höfðu á einum vetri fyrir 5. og 6. bekk, voru þessir:

Björn Ólafsson frá Ási . . . . . 1. eink. 92 tr.
Björn Jónsson frá Broddanesi . . . . 1. — 85 —
Jón Finnsson frá Klippstað . . . . . 1. — 84 —
Einar Benediktsson frá Héðinshöfða . . 2. — 81 —
Kristján Jónsson frá Ármóti . . . . 2. — 81 —
Hálfdan Guðjónsson frá Saurbæ . . . 2. — 80 —
Stefán Stefánsson frá Heiði . . . . . 2. — 74 —

Árni Þórarinsson úr Reykjavík . . .	3.	eink. 58 tr.
Halldór Torfason frá Flateyri	3.	— 45 —
Arnór Árnason frá Höfnum	3.	— 42 —

Auk þessara 15, sem útskrifuðust úr skólanum, voru tveir sagðir úr skóla um vorið, og voru þá 99 eftir í skólanum; 19 nýsveinar komu í skólann, enn afr á móti voru fjórir, sem ekki komu til skólanáms, enn ætla að læra heima. Voru því skólapiltar als 114, og auk þeirra 11, sem læra utanskóla.

Kvennaskólarnir, bæði í Reykjvík, Laugalandi og Ytriey, héldust við með góðum kràfti, og var námsmeyjatala þar lík og áðr.

Búnaðarskólarnir, bæði í Ólafsdal, á Hólum og Eyðum, stóðu sem fyrr, og hafa litlar fregnir borizt af þeim. Ólafsdalsskólinn er elztr, enda er hann álitinn beztr þeirra, af þeim er til þekkja. Sunnlendingar hafa og haft í hyggju að koma upp hjá sér búnaðarskóla; lék þeim helzt hugr á Hvanneyri í Borgarfirði; Oddgeir Stephensen, eigandi jarðarinnar, ætlaði að láta Suðramtið sitja fyrir kaupum á jörðu þessari 1881, til þess að stofna þar búnaðarskóla, enn amtsráðið hafnaði þá boðinu. Nærsveitamenn jarðarinnar, sem bezt þektu kosti hennar, tóku sig þá saman um að reyna að festa kaup í henni, og fengu þeir Björn Bjarnarson búfræðing frá Vatnshorni til þess að festa kaup í jörðinni, og léðu honum jarðir í veð til þess að hann gæti fengið fjárlán úr landssjóði. Björn náði jörðinni keyptri fyrir 15000 krónur; sýslunefnd Borgfirðinga gekk síðan að boði Bjarnar, að selja henni jörðina, á sýslufundi 8. september 1883, fyrir 15000 kr. og 300 kr. í viðbót, er gjalda varð til manna, er áðr höfðu fengið ádrátt um jarðakaupin. Þetta boð af hendi Bjarnar átti svo að standa næstu 10 ár. Amtsráðið í suðuramtinu leyfði síðan sýslunefndinni að ganga að kaupunum sumarið 1884. Enn þegar kom til sýslufundar í Borgarfirði í október það ár, og gera átti enda á um jarðakaupin við Björn, þá vildi Björn engum boðum taka, og ekkert skifta sér um neitt, og vatt af sér sýslunefndinni og öllum hennar boðum, hver og hvernig sem þau voru. Eftir árslokin var því tekið til bragðs, að láta þetta mál ganga til dóms og laga.

Frá *Möðruvallaskólanum* eru tíðindi engin, nema ef telja skyldi þau ein, að þar fer lærisveinum heldur fækkandi. Í stað Þorvalds Thoroddsens, er fór utan um haustið, kennir þar Benedikt Gröndal í vetr.

Guðmundr Hjaltason, sem lengi hafði verið ytra í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, hélt eins konar *lýðháskóla* í Laufási hinn fyrra vetr, og á Akreyri hinn síðara, með líku sniði og þess konar skólar eru í Danmörku og kendir eru við Grundtvig. Var skóli þessi vel sóttur á báðum stöðum.

Alþýðu- og *barnaskólarnir* eru þeir, sem bezt blómgast og haldast við hér á landi; sýnir það að þeirra er mest þörfin, og að þeir svara bezt hér þeim tilgangi, sem í þá er lagðr. Auk þess styrks af landsfé, sem veittr er *alþýðuskólanum* í Flensborg, var 10 barnaskólum lagðr styrkr af landsfé, alls 2000 kr. Árangrinn af barnaskólum þessum sýnir það bezt, hvaða fé er bezt og hvaða fé síðr vel varið, af því sem lagt er fram til ýmissa endrbóta úr landssjóði.

XII. Vísindalegar ransóknir.

Fornleifafélagið hélt áfram ransóknum sínum sem að undanförnu. Sigurðr fornfræðingr Vigfússon ferðaðist nokkuð um Borgarfjörð, enn gat ekki starfað svo að ransóknum sem hann vildi sakir heilsubrests; byrjaði hann því ekki fyrri enn í september. Fyrst skoðaði hann sig um í Skorradal, og athugaði þar um víg Helga Harðbeinssonar (Laxdæla). Síðan fór hann til Lundar-Reykjadals, og fann þar hoftótt merka á Lundi, 72 fet á lengd og 26 fet á breidd, alla steinlagða í botninn eða gólfið. Þar var arinn á gólfi, sem langeldar höfðu verið kyntir eftir, og er það hið fyrsta hof, sem menn hafa fundið þannig. Þaðan fór hann að Reykjaholti, og skoðaði þar vandlega Snorralaug og hinn forna Reykholtsbæ; þaðan fór hann til Hvítár, og leitaði eftir, hvar Hvítárbrú hafi verið, og komst að þeirri niðrstöðu, að hún hafi verið á Kláffossi. Síðan athugaði hann för Barða, Gullteig og víg Gísla í Heiðarvígasögu

og kom það alt vel saman við sögurna. Þaðan fór hann síðan til Örnólfsdals, og skoðaði þar Blundketilsbrennu (Hænsa-Þórissaga); gróf hann þar til rústa, og fann öskuna og skálatóttina; var hún mjög hrunin saman, og fornleg, 99 fet á lengd og um 25 fet á breidd. Síðan hélt hann þar niðr eftir firðinum, skoðaði þingstað hinn forna við Gljúfrá, og fann þar tóttir; svo fór hann út á Mýrar, og skoðaði alt það, sem kostr var á á Borg, og stöðvum þeim öllum, er Egils saga talar um þar nærlendis, t. d. Skallagrímsstein í Raufarnesi, rauðablástrinn, Krumskeldu o. fl. Síðan fór hann yfir Gufuskála inn á Hvítárvöllu, og fann þar tóttir margar á kaupstefnustað hinum forna; þaðan skoðaði hann þingstaði Borgfirðinga hina fornu: Þingnesþing og Þverárþing. Í Þingnesi fann hann 10—12 búðaleifar, enn hitt þingið ætlar hann að verið hafi í Stafholtsey, og sé nú þingstaðrinn brotinn af, af Hvítá. Svo skoðaði hann hinn forna farveg Hvítár fyrir sunnan Ey, og fann þar vöð þau öll hin merkari, er sögur, einkum Eyrbyggja og Sturlunga, tala um. Margt fann hann fleira, sem frásögu er vert, enn rúm leyfir eigi að telja, enda mun það koma nákvæmar út á sínum tíma í Árbók félagsins. Allmarga hluti fekk hann til forngripasafnsins í ferð þessari, enn ekki gat hann komið þeim svo fyrir sem skyldi, því að húsrúm það, sem forngripasafninu er ætlað í alþingishúsinu, er þegar orðið langt of lítið. Leiðir af því, að nær ómögulegt er að hagnýta sér safn þetta eins vel og nauðsyn krefr.

Þorvaldr Thoroddsen hélt áfram fjallaransóknum sínum hér á landi sem fyrr. Tók hann nú til yfirferðar hið sagnaríka útilegumannabæli *Ódáðahraun*, og svo hinar stórkostlegustu eldstöðvar þar í kring. Fyrst skoðaði hann sig um í Mývatnssveit og mældi þar upp land af nýju, og fór síðan upp í Herðubreiðarlindir, og hafði þar aðsetr sitt til þess að geta skoðað þaðan austrhluta hraunsins. Fyrst skoðaði hann Öskju síðari hluta júlímánaðar; Askja er kringlóttr dalr, um 1 fermílu á stærð, í miðjum Dyngjufjöllum. Fullr er hann af eldhraunum, og þar eru eldgígar þeir, er gosið kom úr 1875. Við það gos hefir fallið þar niðr landspilda allmikil, um 740

feta djúpt, sem lægst er, og er þar sviplegt að sjá sundrsprungin forn eldhraunslög og forn jökullög á milli. Stöðuvatn allstórt er á botni jarðfalls þessa. Fyrst kannaði hann svo austrhluta Ódáðahrauns, fann hann þar leifar af fornum vegi ruddum og vegavörðum úr Fremri-Námum; þar fann hann einnig hraun mikið, sem enginn hefir vitað af; hefir það brunnið 1875. Mjög var torvelt og hættulegt að fara um hraunið fyrir sprungum, gjám og öðrum torfærum. Þaðan fór hann til byggða. 12. ágúst fór hann aftr frá Halldórsstöðum í Bárðardal, og hafði með sér mann vel kunnugan fjöllunum þar: Jón Þorkelsson bónda á Halldórstöðum í Bárðardal. Riðu þeir upp með Skjálfandafljóti, og skoðuðu Trölladyngju. Í toppi hennar er gígr afarmikill, fullur af jökli. Hraun hefir mikið runnið frá Trölladyngju til vestrs, en mest til norðrs. Eru þau hraun öll afargömul, eldri enn landnámstíð, enn lítt eru þau gróin. Hraun þetta nær alt ofan í Bárðardal, og er þar svo þykkt jarðlag ofan á því, að þar hefir verið tekin upp mór á því. Uppdráttr Íslands er hér mjög ógreinilegr og rangr, og í einum stað undir 20 fermílna svið sýnt sem hraun, þar sem enginn hraunsteinn er til. Þaðan fóru þeir upp í Vonarskarð, og upp að Gæsavötnum. Þar er dálítill hagi, enn annars eru slétturnar norðr af Vonarskarði ekkert annað enn gróðrlausar blágrýtisurðir og hraun á milli. Uppsprettur Skjálfandafljóts eru rangt sýndar á Uppdrætti Íslands; það kemur mestalt upp í Vonarskarði, enn tvær kvíslar allmiklar koma upp útnorðr af Gæsavötnum í Vatnajökli; kallaði Thoroddsen hina syðri þeirra Rjúpnakvísl, enn hina nyrðri Hraunkvísl. Síðan fór hann austr með Vatnajökli að norðan, líka leið og fjallkönnunarmennirnir norðlenzku fóru 1880. Lenti þá oftast í sífeldum illviðrum, og var ferð sú hin versta. Síðan skoðaði hann þá svo nákvæmlega sem auðið varð fjallið alt austr og norðr af Ódáðahrauni; getum vér ei rúmsins vegna lýst nákvæmar ferð þessari, enn viljum að eins taka saman í fám orðum hinn vísindalega árangr, sem orðið hefir af ferð þessari. Hann er sá, að uppsprettur Skjálfandafljóts reyndust aðrar enn eru sýndar á Uppdrætti Íslands; tvær ár fundust nýjar, er í það falla að austan;

Yxnadalsá og Hrauná eru miklu lengri enn í Uppdrættinum, og Ódáðahraun nær ekki eins langt vestur og þar er sett. Syðri hluti Ódáðahrauns er kominn undan Vatnajökli; hann fann og stærsta og voðalegasta skriðjökul á Íslandi milli Kistufells og Kverkfjalla; hann er um 20 fermílur á stærð. Þá fann hann og stöðuvatn milli Vaðöldu og Dyngjufjalla, á stærð við tvo þriðju hluti Mývatns; hefir það orðið til síðan 1880 við framhlaup jökulkvísla. Þjórsá, sem áðr var talin 24 mílur, er um 30 mílur á lengd, og kemur upp í útnorðrátt af Fjórðungsöldu; Jökulsá í Axarfirði kemur upp í Kverkfjöllum. Ódáðahraun var alt kannað og var þar hvergi nokkr hagablettr, og varla stingandi strá nema gisinn melnælingr. Jarðmyndanir eru líkar og á Reykjnesskaga.

Reynt var og að kanna fjöll og einkum afréttarland í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum. Nielsen, verzlunarmaðr á Eyrarbakka, fór að kanna Veiðivötnin á Landmanna-afrétti, eða inn af honum. Reyndust þau öll öðruvísi enn á Uppdrætti Íslands; hvergi fann hann Stórasjó þar vestan undir jöklinum, og eigi er hann til þar sem til hans er vísað á uppdrættinum. Ólafr Pálsson á Höfðabrekku fór einnig til fjalla upp úr Skaftártungu, með fleirum mönnum, og þóttust þeir finna Stórasjó austr með jöklinum að sunnanverðu.

XIII. Bókmentir.

Blöðin voru hin sömu og áðr; nyrðra Fróði og Norðanfari, syðra Þjóðólfr, Ísafold og Suðri, öll með líkri stefnu og áðr. Þá byrjaði þar og að koma út blað. Fjallkonan, 24 arkir á ári; ritstjóri þess er Valdemar Ásmundarsson; fer það í frjálslega stefnu. Á Seyðisfirði keypti félag eitt prentsmiðju Skuldar, er þar hafði legið aðgerðalaus um 3 ár; stofnaði það blað, sem sérstaklega á að vera blað Austfirðinga; nefndu þeir það Austra; það blað er 30 arkir á ári; það fer og í frelsisstefnu. Ritstjóri þess er kandídat Páll Vigfússon. — Eitt blað var stofnað ytra, af nokkrum Íslendingum í Khöfn, og var kallað Heimdallr; það kom út á hverjum mánuði, ein tveföld örk í einu;

það var með myndum, og frágangr vandaðr að ytra áliti. Efnið var mest stuttar skáldsögur, flestar þýddar. Ekki varð það almenningi að skapi, og hlaut að hætta aftr að árinu liðnu.

Tímarit eitt var þá og sett á stofn í Reykjavík, *Iðunn;* það er tólf hefti á ári, hvert 3—4 arkir (árið 40 arkir). Það hefir mest inni að halda þýddar smásögur útlendra rithöfunda og svo fræðandi alþýðlegar ritgjörðir. Í ritstjórn þess eru Steingrímr Thorsteinson, Jón Ólafsson og Björn Jónsson. Rit þetta hefir þegar fengið mikla útbreiðslu hjer á landi.

Bókmentafélagið gaf út þetta ár *Skírni*, eins og vant er, og *Tímaritið*. Helztu ritgjörðir þess voru tvær dæmandi ritgjörðir um hið nýja kvæðasafn, er Guðbrandr landi vor Vigfússon hefir gefið út í Oxford, eftir Benedikt Gröndal og Magnús Stephensen, og náttúrufræðileg ritgjörð *um hafið* eftir Gröndal. Þá gaf það og út *Fréttir frá Íslandi* fyrir árið 1883. Auk Skírnis gaf Hafnardeildin út *Kvæði Bjarna* amtmanns *Thorarensens;* hafði félagið gefið þau út áðr, 1847. Kvæði þessi eru vönduð að ytra frágangi, og eru þau nokkuru fleiri enn í fyrri útgáfunni, enn flest eru það tækifæriskvæði og vísur frá tímum skáldsins. Mynd höfundarins fylgir, og er hún tekin eftir myndinni í ferðabók Gaimards. Æfisaga skáldsins fylgir með, og fagurfræðilegur dómr um hann og hans tíma. Reykjavíkrdeildin gaf og út *Stutt rithöfundatal á Íslandi 1400—1880* eftir Jón Borgfirðing. Rithöfundatal þetta getr orðið góðr stuðningr þeim er leggja stund á bókmentasögu Íslands, einkum að því er snertir fæðingar- og dánardaga höfunda og útgáfur á bókum.

Þjóðvinafélagið gaf út Andvara, eins og vant er. I honum voru þessar helztu ritgjörðir: «Ferðir á Suðrlandi sumarið 1883» eftir Þorvald Thoroddsen, er það ferðasaga hans um Reykjanesskaga, sem ágripið er af í Fréttunum í fyrra; «um að safna fé», eftir Eirík Briem; þá eru þrjár ritgjörðir eftir Torfa Bjarnason í Ólafsdal, um alþýðumentun, um súrhey og um áburð. Annað rit þess var *um uppeldi* eftir Herbert Spencer, heimspekinginn mikla, sem nú er á Englandi. Í riti þessu eru fjöldamargar athugasemdir, sem áldrei hafa fyrr sézt

á íslenzka tungu, til góðrar leiðbeiningar fyrir hvern þann, er hefir þann starfa á hendi að ala upp börn bæði til mentunar, siðgæðis og menningar. *Almanak* þess hafði meðferðis myndir og ævisögur af Cavour og Garibaldi, þjóðhetjunum ítölsku, og sitt hvað annað.

Þá gáfu þeir Steingr. Thorsteinson og Jón Olafsson út *Almanak fyrir hvern mann*; það var með æfisögum og myndum af Eiríki Magnússyni, Darwin og Stuart Mill, spekingunum ensku, auk ýmislegs annars til fróðleiks eða skemmtunar.

Í *guðfræði* komu engin stórrit út. Prentuð var *Endrlausn Zions barna*, líkprédikun eftir Jón biskup Vídalín; hún er snjöll og áhrifamikil, eins og alt annað eftir hann. *Miðvikudagaprédikanir* á föstunni, eftir biskup Pétr Pétrsson voru gefnar út í Reykjavík. Þá voru og prentaðar í þriðja sinn *prédikanir* hans og *hugvekjur* og *bænakver*. Níutíu *kveldhugvekjur* komu út eftir Jónas Guðmundsson prest á Staðarhrauni. Nýjar *biflíusögur* voru gefnar út; hafði Jóhann Þorsteinsson snúið þeim úr dönsku eftir biflíusögum Tangs, sem nú eru notaðar þar í flestum skólum. Aftan við þær er stutt ágrip af kirkjusögunni, og þar á meðal kirkjusögu Íslands; með þeim fylgir uppdráttr af löndum þeim, er helzt koma við Gyðingasöguna. *Fimtíu bænir*, til að lesa á föstunni, komu út, eftir Sighvat alþingismann Árnason á Eyvindarholti. Þá má geta um smáritlinga eftir Pál prest Pálsson á Þingmúla, *um kirkjumál*; er þar reynt að skýra hin helztu atriði í kirkjumáladeilum þeim, er nú um hríð hafa verið svo mikið blaðamál hér á landi. Stefna þær mest að því, að skýra aðalparta guðsþjónustunnar, messuklæðin og þýðingu þeirra, og hvað sé leyfilegt og óleyfilegt í frelsishreyfingum þeim, er komið hafa fram á síðari árum hér á landi í kirkjumálum vorum, einkanlega á Austrlandi.

Til siðafræði má telja *bindindisfræði* eftir Magnús Jónsson prest á Laufási. Bók þessi er stíluð af fastri sannfæringu um það, að vínið sé banvænt í flestum eða öllum tilfellum, bæði fyrir sálu og líkama; er þar nákvæmlega lýst eðli alkóhólsins og verkunum, og síðan nákvæm saga bindindisfélaganna, bæði almennt og svo líka hér á landi.

Í læknisfræði kom út *Lækningabók handa alþýðu* eftir

Dr. Jónassen. Bók þessi kom í mjög góðar þarfir og hefir þegar hlotið góðan orðstír. Aftan við hana er skrá yfir hin helztu læknislyf, verkanir þeirra og meðferð.

Í náttúruvísindum kom út *Náttúrusaga handa alþýðu* eftir Pál Jónsson; það er ágrip af mannfræði og dýrafræði, mest ritað eftir dýrafræði Gröndals, grasafræði mest eftir Vaupell, og steinafræði og jarðarfræði, að mestu eftir fyrirlestrum Þorv. Thoroddsens á Möðruvallaskólanum. Kver þettta er ætlað alþýðu, en virðist þó fremr vera skólabók enn alþýðubók. Þá kom og út *Förin til tunglsins*, fyrirlestr eftir Sophus Tromholt, norðrljósafræðing, sem hér var þann vetr frá Norvegi. Það er alþýðleg lýsing á tunglinu, eins og vísindamenn ætla helzt að þar sé umhorfs. *Njóla* Bjarnar Gunnlaugssonar var og prentuð nú í þriðja sinn.

Í fornfræði er helzt getandi um *Corpus poeticum boreale* (kvæðasafn norðrlanda), sem Guðbrandr Vigfússon gaf út í Oxford í tveim bindum þykkum (kostar yfir 2 £). Það er samsafn allra íslenzkra fornkvæða: eddukvæðanna, sagnakviðanna, dráþa þeirra sem til eru eða brot af, og svo vísum, sem ort hefir verið og finst í íslenzkum fornritum fram undir lok 14. aldar, þá er alment er talið, að hinar fornu bókmentir sé á enda. Þar eru og enskar þýðingar af þessum kvæðagrúa. Þar með fylgja ritgjörðir eftir útgefandann um fornmentanám á síðari öldum, um goðatrú í fornöld og tímatal í fornöld. Efnið í tímatalsritgjörð hans er það, að alt það tímatal, er bygging Íslands hefir verið miðuð við, sé vitleysa; hafi það bygzt um 30 árum síðar enn sagt er, og alt sé eftir því. Fátt af ástæðum hans er sannfærandi, enda hafa þær verið hraktar. Eddukvæðin og margt annað fleira af fornmentum vorum hinum elztu telr hann enskt að uppruna, eins og áðr hefir borið fyrir hjá honum. Safnið er mjög mikils vert að því leyti, að þar er á einum stað svo margt, sem annars verðr að hafa saman og finna með mestu fyrirhöfn. Hér á landi var gefin út *Flóamannasaga* (útg. Þorleifr Jónsson), vönduð útgáfa og fagrlega prentuð. Prentað var og að nýju fyrsta bindi af *Fornaldarsögum Norðrlanda* eftir gömlu útgáfunni, *Klarussaga keisarasonar* eftir óvönduðu handriti, og *Mirmannssaga* prentuð upp eftir Riddarasögum Kölbings. *Árbók Forn-*

leifafélagsins fyrir 1883 kom út þetta ár; var í henni löng ritgjörð um Vestfjörðu og ransóknir á stöðvum í Gísla sögu Súrssonar, eftir Sigurð fornfræðing, og svo skýrsla um hag félagsins.

Í skáldskap og fögrum listum hefir ekki margt komið það, sem geti talizt þýðingarmikið, nema *Kvæði* Mattíasar Jochumsonar prests í Odda. Þar er safnað saman í eina heild helztu ljóðum hans frumkveðnum ásamt nokkrum þýðingum. Útgáfan er vönduð ið ytra, með mynd höfundarins, og mun vera kærkomin þeim hinum mörgu, sem unna kveðskap hans. *Friðþjófssaga* Tegnèrs, þýdd af Matth. Jochumssyni, í endrbættri útgáfu; sum kvæðin alveg þýdd að nýju. Nokkur önnur kvæðasöfn og rímur voru prentaðar, enn það var varla svo markvert, að þess sé getandi. Þá voru og prentuð í Reykjavík *Sögur og ævintýri* eftir Torfhildi Þorsteinsdóttur Hólm, þá er gaf út skáldsöguna um Brynjólf biskup Sveinsson 1882. Sögur þessar eru 15 að tölu og bera mikið af «Brynjólfi biskupi». Hefir hún ráðið hér betr við efnið, því að það var umfangsminna, og ekki bundið við sögulega viðburði.

Af íslenzkum bókmentum erlendis fara litlar sögur; þar hefir komið út 18. bindi af *lagasafninu íslenzka; íslenzk málfræði* á þýzka tungu eftir sænskan prófessor, A. Noreen, góð og vel samin að dómi þeirra er meta kunna. Finnr Jónsson, er nú nokkur ár hefr stundað málvísi við háskólann, gaf út á dönsku fyrir doktorsnafnbót *ransóknir um nokkurn hluta af elztu kvæðum Íslendinga og Norðmanna* (Kritiske studier over en del af de ældste norske og islandske skjaldekvad). Ritgerð þessi þykir málfræðingum í mörgu góð.

XIV. Frá Íslendingum í Vestrheimi.

Með þeim hefir fátt borið til tíðinda. Árið 1883 komu Íslendingar í Winnipeg upp blaði, er þeir nefndu *Leif*, enn hagrinn af því varð ekki meiri enn svo, að það gat ekki staðizt. Undir árslokin fór ritstjóri blaðsins til hinnar ensku stjórnar í Canada og taldi henni að sögn trú um, að Leifr gæti miklu komið til vegar um það heima á Íslandi, að menn færi til Canada. Gat hann svo talið um fyrir stjórninni, að hún lét

til leiðast að kaupa 2000 eintök af blaði þessu, og senda til Íslands til útbýtingar þar gefins. Útflutningar urðu þó nær engir þetta ár, 1884.

Hagr Íslendinga þar vestra er mjög misjafn; einna bezt líðr þeim, sem eru í Nýja-Íslandi, og svo Pembina, enn síðr í Winnipeg. Segja og rita sumir þaðan, að þá vanti ekki annað enn farkostinn til þess að þeir fari heim til Íslands aftr. Sumartíð var góð í Nýja-Íslandi, og er þar að batna í búi; menn kunna betr að verja kröftum sínum, og verjast slysum, svo að þar er einna álitlegast.

YFIRLIT EFNISINS.

I. Ný lög . . . . . bls. 3.
II. Innanlandsstjórn . . . . . — 6.
III. Samgöngur . . . . . — 9.
IV. Fríkirkjusöfnuðrinn í Reyðarfirði . . . . . — 11.
V. Félagsskapr . . . . . — 13.
VI. Tíðarfar . . . . . — 14.
VII. Bjargræðisvegir . . . . . — 17.
VIII. Fiskiveiðamál landsins . . . . . — 24.
IX. Frá ýmsu, framförum og öðru . . . . . — 26.
X. Heilsufar. slysfarir og lát heldra fólks . . . . . — 29.
XI. Skólar . . . . . — 34.
XII. Vísindalegar rannóknir . . . . . — 37.
XIII. Bókmentir . . . . . — 40.
XIV. Frá Íslendingum í Vestrheimi . . . . . — 44.

FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI

1885

EPTIR

JÓN STEINGRÍMSSON

STUD. THEOL.



Reykjavík.

Í prentsmiðju Einars Þórðarsonar.

1886.

I. Alþingi.

Þingvallafundur og undirbúningsfundir undir alþingi. — Þingstörf, ný lög og þingsályktanir.

Á þessu ári kom almennt fram hjá landsmönnum allmikill vaksandi áhugi til endurbóta á ýmsum stórmálum, svo sem fyrst og fremst á stjórnarskipun landsins. Allmargir höfðu frá upphafi engan veginn verið ánægðir með þá stjórnarskrá, er Kristján konungur IX. gaf Íslandi 5. jan. 1874, og litu svo á, að hún að eins gæti dugað til bráðabirgða; því var það, að alþingi hafði tekið endurskoðun hennar til meðferðar bæði 1881 og 1883, án þess þó að ljúka við hana; töldu því flestir sjálfsagt, að þing það, er saman kæmi 1885, léti hana ekki lengur undan draga. Til þess að veita þessari von manna meiri tryggingu og fyllra framfylgi, sendi alþingismaður Jón Sigurðsson á Gautlöndum áskorun til þjóðkjörinna þingmanna þess efnis, að þeir gengjust fyrir, að valdir yrðu að minnsta kosti 2 fulltrúar fyrir hvert kjördæmi til að mæta á **almennum fundi að Þingvelli við Öksará** 27. júní og ræða þar og undirbúa sérstaklega endurskoðun stjórnarskrárinnar, og svo fleiri nauðsynja- og áhugamál, ef tími væri til. Þessari áskorun var almennt vel tekið og fóru kosningar á þessum fulltrúum fram um vorið fyrir öll kjördæmi landsins, nema Vestmannaeyjar og Eyjafjarðarsýslu; þar fórst það fyrir sökum áhugaleysis eða andróðurs einstakra manna; þó sendu Akureyrarbúar 2 fulltrúa frá sér, í erindum bindindismálsins sérstaklega. «Þjóðlið Þingeyinga» sendi og 2 menn. Alls voru 36 menn kosnir til fundarins. Af þeim mættu 32, þegar á fundinn kom, sem haldinn var á ákveðnum tíma í slæmu veðri og við illa aðbúð, sem vonlegt var. Auk þeirra vóru þar komnir allmargir alþingismenn og ýmsir aðrir sjálfboðar, alls á 2. hundrað að tölu.

Atkvæðisrétt fengu fulltrúarnir einir, enn málfrelsi allir, sem viðstaddir vóru, þó fulltrúar fyrst og alþingismenn þeim næstir. Áður enn fundurinn var settur var sungið kvæði, er þjóðskáldið Steingrímur Thorsteinsson hafði orkt, og leikið á lúðra af Helga trésmið Helgasyni og söngflokki hans. Síðan setti Jón Sigurðsson á Gautlöndum fundinn kl. 10 f. hád.; var svo Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, kosinn fundarstjóri; vóru honum síðan afhendar til upplesturs fundarskýrslur úr héröðum og ávörp til fundarins, þar á meðal var eitt frá 20 íslenskum stúdentum og kandídötum í Kaupmannahöfn. Var svo fyrst tekið til umræðu málið um *endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874*. Eptir talsverðar undirbúningsræður var 5 manna nefnd kosin til að íhuga það og semja fundarályktun í því máli. Nefndin kom síðan fram með svohljóðandi tillögu til fundarályktunar:

«Fundurinn skorar á alþingi:

a., að láta endurskoðun stjórnarskrárinnar ganga fyrir öllum öðrum málum í sumar næst fjárlögunum, og leyfir sér að fara fram á, að það leggi til grundvallar frumvarp það, er alþingi samþykkti og sendi konungi til staðfestingar 1873, meðal annars sérstaklega að því er snertir fyrirmælin um jarl á Íslandi, er skipi stjórnarherra með ábyrgð fyrir alþingi; þó svo

b., að alþingi komi saman á hverju ári;

c., að kosningarréttur til alþingis sé ekki bundinn við neitt gjald til almennra þarfa; og

d., að sambandinu milli ríkis og kirkju skuli skipað með lögum».

Við þessar tillögur nefndarinnar komu fram nokkrar viðaukatillögur frá öðrum fundarmönnum, og vóru þær:

e., að konungur (eða jarl) hafi takmarkað neitunarvald, líkt því sem á sér stað hjá Norðmönnum;

f., að Ísland eigi rétt á að hafa sérstakan verslunarfána;

g., að bætt sé inn í titil konungs orðunum: «yfir Íslandi».

Eptir talsverðar umræður, er einkum spunnust út af frestandi neitunarvaldi konungs (staflið *e*), vóru allir stafliðirnir samþykktir með meiri hluta atkvæða.

Enn fremur vóru rædd á fundinum málin um *rétt utan-*

þjóðkirkjumanna, bankamálið, afnám amtmannaembættanna, alþýðumenntunarmálið, kosning presta, stofnun landsskóla og *takmörkun á vínsölu*, og samdar áskoranir til þingsins í hverju þeirra og samþykktar eptir litlar umræður í einu hljóði, um að halda þeim málum fram og fá þeim skipað í viðunandi horf sem fyrst, samkvæmt óskum og þörfum landsmanna, sem þegar höfðu lengi lýst sér og komið fram, einkum á alþingi 1883; þó má þess geta, að 7 atkv. vóru á móti 14 í þeirri fundarályktun, að alþingi haldi fastlega fram viðleitni sinni til þess að fá afnumin amtmannaembættin. — Aukning á valdi hreppsnefnda í fátækramálum kom og til umræðu; hafði frumvarp þess efnis komið fram á þingi 1883, enn verið fellt; vildu margir á þessum fundi senda áskorun til þingsins um að taka það frumvarp upp aptur, enn sú ályktun var felld með 12 atkv. móti 10. — Einni stundu eptir miðnætti var fundi slitið.

— Áður enn þingmenn höfðu farið að heiman höfðu flestir þeirra haldið **undirbúningsfundi** með kjósendum sínum. Þó vóru engir slíkir fundir haldnir, að því er sést hefir, í *höfuðstaðnum* Reykjavík, í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu og Ísafjarðarsýslu. Þau almenn mál, er víðast komu til tals, og óskað var bráðra úrslita, vóru: stjórnarskrárendurskoðunin, með ápekkum tillögum og komu fram á Þingvallafundi, bankamálið, afnám ábúðarskatts og einkum lausafjárskatts, enn setja í staðinn ýmist toll á innfluttan miður nauðsynlegan varning ýmiss konar, eða útflutta vöru, og sumstaðar jafnvel ekki neitt, — lagaskólinn, fiskveiðamálið, þurfamannalögin (einskorða meir rétt þurfamanna og rýmka rétt hreppsnefnda gagnvart þurfamönnum), afnám amtmannaembættanna og brúa- og samgöngumálið. Nákvæmari grein fyrir skoðun manna í héröðum á þessum málum og öðrum almennum áhugamálum má sjá í Fréttum fyrri ára, t. a. m. 1883 bls. 3—4 o. v., með því að þau velflest hafa nú um nokkur ár verið efst á baugi í ræðum manna og ritum bæði utan þings og innan.

— **Alþingi** (6. löggjafarþing) var sett 1. júlí af landshöfðingja Bergi Thorberg samkvæmt boði konungs 6. jan. 1885. Vóru þá allir þingmenn komnir til þings, nema 2 (Magnús prófastur Andrésson og Holger kaupmaður Clausen), er eigi

komu á þing fyr enn 20. júlí sökum forfalla. Þrír vóru nýir þingmenn: Jón prófastur Jónsson frá Bjarnanesi fyrir Austur-skaptafellssýslu í stað Stefáns bónda Eiríkssonar, er látist hafði 12. sept. 1884, og 2 konungkjörnir: Hallgrímur Sveinsson dómkirkjuprestur og Lárus Sveinbjörnson yfirdómari, í stað þeirra Bergs Thorbergs landshöfðingja og Sigurðar Melsteðs lektors, er báðir höfðu beðist lausnar frá þingstörfum.

Forseti efri deildar var Pétur biskup Pétursson og neðri deildar dr. Grímur Thomsen, enn í sameinuðu þingi Árni Thorsteinson landfógeti.

Þingið afgreiddi sem lög 26 frumvörp, 13 stjórnarfrumvörp (af 18) og 13 þingmannafrumvörp, og skal hér skýrt frá aðalefni þeirra af þeim, sem náðu staðfestingu konungs fyrir árslokin, enn þau vóru alls 15.

18. september vóru staðfest:

1. *Lög um stofnun landsbanka.* Aðalefni þeirra er: «Banka skal stofna í Reykjavík, er kallast landsbanki». Fyrir utan stofnfé hans (10,000 kr.), er landssjóður leggur til, fær hann að láni úr landssjóði allt að ½ miljón króna, er skal vera vinnufé hans, og er það greitt bankanum í seðlum smátt og smátt, enn upphæð seðlanna er 50, 10 og 5 kr. «Þessir seðlar eru gjaldgengir í landssjóð og aðra almannasjóði hér á landi og eru hér manna á milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. Engum öðrum enn landssjóði er heimilt að gefa út bréfpeninga hér á landi. Í bankanum má fá seðlunum skipt gegn *smápeningum eptir því sem tök eru á*". Við fölsun seðlanna liggur sama hegning og við fölsun á dönskum peningum. — *Störf* bankans eru: «1. Að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum, á dálk eða hlaupareikning. 2. Að kaupa og selja víksla og ávísanir, hvort sem þær eiga að greiðast heldur hér á landi eða erlendis, útlenda peninga, bankaseðla, bréfpeninga og auðseld arðberandi verðbréf. 3. Að lána fé gegn tryggingu í fasteign. 4. Að lána fé gegn handveði eða sjálfskuldarábyrgð. 5. Að veita lán sveitum, bæjum og almannastofnunum hér á landi gegn ábyrgð sveita eða bæja. 6. Að veita lánstraust gegn handveði eða sjálfskuldarábyrgð. 7. Að heimta ógreiddar skuldir». Bankinn skal svo fljótt sem auðið er setja á stofn aukabanka fyrir utan Reykjavík, einkum

á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. — *Hlunnindi* bankans eru þau helst, að honum er heimilt að áskilja sér hærri vöxtu enn 4% um árið af útlánum gegn fasteignarveðum. Ef láns er óskað gegn fasteignarveði, þá skal gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókunum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess. — *Stjórn* bankans er framkvæmdarstjóri bankans, er landshöfðingi skipar, og 2 gæslustjórar, er hvor deild alþingis kýs til fjögurra ára. Bókara og féhirði bankans skipar landshöfðingi. Aðra sýslunarmenn skipar forstjórnin. Landshöfðingi nefnir til endurskoðara, er rannsaki ársreikning bankans í hverju einstöku atriði og beri hann saman við bækur bankans og heimaféð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar ár hvert samreyna, hvort heimafé bankans og eignir sé fyrir hendi. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða bankareikning og skal útdráttur úr honum birtur í Stj.tíð. B. Af skuld sinni við landssjóð leggur bankinn árlega 2% í varasjóð og auk þess eptirstöðvar þær, er verða kunna við árleg reikningsskil bankans, og ef reikningsskilin bera með sér, að bankinn hafi tapað, ber varasjóður tapið.

2. *Lög um breyting á mati nokkurra jarða í Rangárvallasýslu.* Eru allmargar jarðir metnar upp og færðar niður sökum skemmda þeirra, er þær hafa orðið fyrir um nokkur síðustu ár, mest af sandfoki.

2. nóvember vóru staðfest:

3. *Fjárlög fyrir árin 1886 og 1887.* Stjórnin hafði ætlast á, að gjöldin yrðu 3935 kr. 84 au. *meiri* enn tekjurnar, sem þá yrðu greidd úr viðlagasjóði, enn hjá þinginu breyttist þetta svo, að það áætlaði tekjuafganginn 4561 kr. 16 au. *Tekju*hækkunin hjá þinginu frá stjórnarfrumvarpinu var mest í því fólgin, að þingið áætlaði lausafjárskattinn 10000 kr. hærri fyrir fjárhagstímabilið, aukatekjurnar 6000 kr. hærri, aðflutningsgjald af áfengum drykkjum 10000 kr. hærri og tekjur af póstferðunum 6000 kr. hærri; enn það hjó aptur á mót skarð í tekjuupphæðina, að þingið ætlaðist til, að fé það, sem greitt yrði frá prestaköllum (3300 kr.), hyrfi síðara árið sem tekjur landssjóðs, sökum þess, að stjórnin sæi þá um samkvæmt lögum 27. febr. 1880, að árgjöld brauðanna yrðu ekki lengur borguð til landssjóðs, þareð hann hefði beðið halla við það, af því þau hefðu

ekki greiðst frá sumum brauðum, heldur að þau yrðu sem mest greidd með fasteignum eða afgjaldi fasteigna til annara brauða. — *Útgjöldin* hækkaði þingið með því, að auka styrkinn til vegabóta um 6000 kr. á fjárhagstímabilinu og bæta við laun Schierbecks landlæknis 600 kr. hvort árið og laun Tómasar læknaskólakennara Hallgrímssonar 400 kr. hvort árið, auka styrkinn til aukalækna um 3200 kr. á fjárhagstímabilinu, með því það bætti við einu aukalæknishéraði í Dyrhólahreppi og eystri og vestri Eyjafjallahreppum, og ætlaði til þess eins og til hvers hinna þriggja 1000 kr. um árið. Til aðgerðar á latínuskólahúsinu ætlaði það og 5000 kr. Enn fremur vóru margar fleiri viðbætur og verður minnst á sumar þeirra síðar. Mest hækkuðu þó útgjöldin við það sem þingið jók styrkinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja (um rúm 8000 kr.) og skipti það honum *nú* að miklu leyti sjálft, og verður síðar minnst á sumar þær fjárveitingar.

4. *Fjáraukalög fyrir árin 1882 og 1883.* Til viðbótar útgjöldunum í fjárlögunum 1882 og 1883 veittar 7071 kr. 60 au.; mest af því var til útgjalda við póststjórnina (5199 kr. 79 au.).

5. *Fjáraukalög fyrir árin 1884 og 1885.* Til viðbótar útgjöldunum í fjárl. 1884 og 1885 vóru veittar allt að 13477 kr. 31 ey. Þar var Oddapresti veitt uppgjöf á 2013 kr. 31 ey. af afgjaldi því, er greiða hefir átt af Oddabrauði eptir lögum 27. febr. 1880; 3500 kr. vóru og veittar til að endurreisa kirkjuna í Bjarnanesi.

6. *Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1881 og 1882.* Eptir honum vóru tekjur Íslands það fjárhagstímabil 821860 kr. 76 au., enn útgjöldin 770871 kr. 49 au., og eigur viðlagasjóðsins í lok þess 809570 kr. 50 au.

7. *Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1882 og 1883.* Eptir honum vóru tekjur landsins það fjárhagstímabil 1022980 kr. 42 au., gjöld 797217 kr. 49 au., og innstæða viðlagasjóðsins í lok þess 824510 kr. 62 au.

8. *Lög um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.* Breytingin er sú, að í staðinn fyrir að leggja Staðarbakkabrauð niður og leggja sóknir þess til Melstaðar og Staðar í Hrútafirði samkv. lögum 27. febr. 1880, þá

er hinni gömlu brauðaskipun haldið. Enn fremur er gjörð nokkur breyting á Prestsbakka og Tröllatungu brauðum, m. m.

16. desbr. vóru staðfest:

9. *Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.* I. Um lögtak. Taka má lögtaki skuldir þær og gjöld, er nú skal greina, með ýmsum nánari skilyrðum: 1. Skatta og önnur gjöld til landssjóðs, sveitar- og bæjarsjóða, kirkna, opinberra stofnana, embætta og sýslana. 2. Gjöld af fasteignum landssjóðs, sveitar- og bæjarfélaga. 3. Gjöld fyrir notkun stofnana, landsnytja og annara hluta, er til almenningsþarfa eru ætlaðir. 4. Gjöld fyrir leyfisbréf, dómgjöld, endurgjald, sem greiða ber þeim, er framkvæmir eða er viðstaddur gjörðir eptir lagaákvæði og endurgjald annara lögmætra útgjalda samfara embættisrekstrinum. 5. Endurgjald þess, sem landssjóður, kirkjur, sveitar- eða bæjarsjóðir hafa orðið að greiða til að bæta úr vanrækslu einstakra manna. 6. Framfærslueyrir lögómaga. 7. Brunabótagjald af húsum. 8. Þóknunin í 7. gr. tilsk. 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót. 9. Álag eptir úttekt samkv. lögum 12. jan. 1884. 10. Andvirði fyrir lausafé keypt á opinberu uppboði. Aðrar kröfur má eigi lögtaki taka. Fógeti framkvæmir lögtakið; þó má hreppstjóri gera lögtak í sveit, ef fjárkrafan er eigi yfir 50 kr. að upphæð og lögtakið er eigi gert í fasteign. «Lögtaksskipunar» þarf eigi lengur við, til þess að lögtak fáist. II. Fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar má gjöra á tiltekinni skuld, sem þinglesið bréf er fyrir með veði í fasteign, hafi skuldunautur ritað undir það nafn sitt eða við það kannast í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta, þá er skuldin er komin í gjalddaga fyrir uppsögn, eða eptir ákvæði veðbréfsins, eða og fyrir greiðslufall á vökstum eða afborgunum, sé svo með berum orðum til skilið í veðbréfinu, bæði fyrir höfuðstól hennar, afborgun upp í hann og vökstum út af fyrir sig, þó ekki í öðru enn veðinu.

Frumvörp til allra þessara laga voru lögð fyrir þingið af stjórninni og tóku litlum breytingum á þinginu.

Þá er að telja þingmannafrumvörpin, er urðu að lögum og náðu staðfestingu þetta ár.

2. nóvember vóru enn fremur staðfest:

10. *Lög um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og*

á *lausafé fyrir árin 1886 og 1887;* þau eru sama efnis og þau, er gefin vóru fyrir árin 1884 og 1885, og runnin af sömu rótum (sjá Fr. 1883 bls. 11).

11. *Lög um sérstaka dómþinghá í Grafningshreppi;* þ. e. Grafningshreppur með þingstað að Úlfljótsvatni.

16. desember vóru staðfest:

12. *Lög er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatár í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. sept.*

13. *Lög um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872:* Ákvæðin um «kjörskrá þá er amtmaður á að semja um kjörgenga menn í amtinu og senda öllum sýslumönnum amtsins áður enn kosningar til amtsráðs fara fram» skulu úr lögum numin.

14. *Lög um selaskot á Breiðafirði.* Opna bréfið frá 22. mars 1855 um bann gegn selaskotum á Breiðafirði úr lögum numið, enn öll selaskot þó bönnuð þar fyrir innan tiltekna línu.

15. *Lög um breyting á lögum 17. mars 1882 um friðun fugla og hreindýra.* «Þessar fuglategundir friðaðar fyrir allri veiði á hverjum tíma árs sem er: kríur, snjótitlingar, púfutitlingar, maríuerlur, steindeplar, prestir, rindlar og auðnutitlingar; og allar aðrar fuglategundir, nema ernir, valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl, skulu friðaðar frá 1. apríl til 20. júlí ár hvert; þó skal lundi friðaður frá 10. maí til 20. júní, fýll frá 1. mars til 10. ágúst. Net og skot má eigi hafa við lunda eða fýla veiði».

Einum lögum, sem þingið samþykkti þetta ár, lögum um stækkun verslunarstaðarins á Seyðisfjarðaröldu, var synjað staðfestingar konungs, af því að sú ráðstöfun «heyrði ekki eptir eðli sínu og reglum þeim, sem hingað til hefir verið farið eptir, undir löggjafarvaldið, heldur undir úrskurð umboðsvaldsins». Enn stækkunin var heimiluð með konungsúrskurði 28. sept.

Þeim þremur lögum frá þinginu 1883, sem eptir vóru við árslok 1884, var synjað staðfestingar konungs: 22. maí lögum um friðun hvala, s. d. lögum um fiskiveiðar hlutafélaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland, af því að þau «útiloka alla danska þegna aðra enn Íslendinga frá því að fiska þar á

bátum»; og 26. maí lögum um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskveiða,! af því «fiskveiðum landsmanna væri mesti háski búinn», enda næði heimildin «eigi til allra danskra þegna, heldur einungis til Íslendinga þeirra sem heimilisfastir eru á Íslandi».

Við árslokin vóru þannig 10 lög frá þinginu eptir óstaðfest, flest hin mikilvægustu: lög um hluttöku safnaða í veitingu brauða (stj.frv.), lög um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir (stj.frv.), lög um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufélögum til æðarvarpsræktar (þm.frv.), lög um takmörkun á fjárforræði þurfamanna, er þiggja sveitarstyrk (þm.frv.), lög um utanþjóðkirkjumenn (stj.frv.), lög um friðun á laksi (þm.frv.), lög um friðun hvala (stj.frv.), lög um fiskveiðar í landhelgi (stj.-frv.), lög um stofnun lagaskóla á Íslandi (þm.frv.); og hið langmikilvægasta: *stjórnarskipunarlög um hin sérstaklegu málefni Íslands*. Samkvæmt margítrekuðum óskum og vonum meginþorra landsmanna varð þetta þing þó til þess að láta þetta mikilsvarðandi mál ekki lengur óútkljáð frá sinni hálfu. Grundvallarstefnan í þessum stjórnarlögum og aðalbreytingin frá þeim, sem gilda, er, að færa yfirstjórn sérstaklegra mála Íslands sem mest inn í landið sjálft samkvæmt frumvarpi alþingis 1873. Með þeim er stórt stig stigið til sjálfstjórnar Íslands, hvenær sem þau fást samþykkt. Þar sem þetta var fyrsta stjórnlagabreyting, er hið löggefandi alþingi hefir samþykkt, þá *leysti konungur* (2. nóv.) *alþingi upp* samkvæmt fyrirmælum 61. gr. í stjórnarskránni frá 1874 og fyrirskipaði (s. d.) nýjar alþingiskosningar frá 1. til 10. júní 1886 til 6 ára og stefndi alþingi saman til *aukaþings* 28. júlí sama ár, samkvæmt 6. og 8. gr. stjórnarskrárinnar, til eins mánaðar setu, enn gaf jafnframt þá auglýsing út, að hann «með engu móti mundi geta staðfest þetta stjórnskipunarlagafrumvarp alþingis, enda þótt það yrði samþykkt að nýju á hinu nýkosna alþingi,» af því að «Ísland mundi þá í raun og veru verða leyst úr öllu sambandi við ríkið,» auk fleiri agnúa.

Tala þeirra **lagafrumvarpa**, er þingið fékk til meðferðar, var alls 88, og hafa þau orðið það flest.

Enn svo vóru 19 **þingsályktanir** samþykktar og vóru **þessar hinar helstu:**

1. «Alþingi skorar á ráðgjafa Íslands, að sjá svo fyrir, að hin íslenska stjórnardeild í Kaupmannahöfn sé skipuð þeim mönnum, er kunna íslenska tungu til hlítar, og sem beri gott skyn á þau málefni landsins, er stjórnardeildin hefir til meðferðar». Orsakirnar til þessarar þingsályktunar var embættaskipunin (sjá síðar), er varð í stjórnardeildinni við fráfall forstjóra hennar, Oddgeirs Stephensens, sem gekk þvert ofan í venju þá, er fylgt hafði verið til þessa í embættaskipuninni.

2. Askorun frá neðri deild til ráðgjafans um «að veita eigi amtmannaembættin fyrst um sinn,» enn jafnframt kom

3. Áskorun frá neðri deild til landstjórnarinnar, um «að fela eigi dómendum landsyfirréttarins neina umboðslega sýslan eða embætti á hendur nema brýna nauðsyn beri til» (sjá þó síðar sýslanaskipunina).

4. Áskorun frá báðum deildum til landsstjórnarinnar, að hún láti þá, sem kaupa vilja þilskip til fiskiveiða, sitja fyrir öðrum að fá lán úr landssjóði til þess með venjulegum kjörum.

5. Áskorun frá neðri deild til landstjórnarinnar, «að hlutast til um, að verðlagsskýrslur verði framvegis samdar af hreppstjóra, presti og hreppsnefndaroddvita *í sameiningu*».

6. «Alþingi skorar á ráðherra Íslands, að hann geri það er í hans valdi stendur, til þess að haganlegur samningur komist sem fyrst á við Spán um toll af þar innfluttum íslenskum saltfiski».

7. «Alþingi skorar á ráðherra Ísland, að hlutast til um, að leyft verði konum: a, að ganga undir burtfararpróf við hinn lærða skóla; b, að njóta kennslu og taka burtfararpróf við æðri menntunarstofnanir landsins».

8. «Alþingi skorar á landshöfðingja að annast um, að öll fornbréf, máldagabækur og vísitatíubækur fyrri biskupa, sem snerta réttindi opinberra eigna eða stofnana eða sögu þeirra, og nú eru geymd í skjalasöfnum embættismanna, einkum í skjalasafni biskupsdæmisins og við kirkjur víðsvegar um land, verði framvegis geymd í landsbókasafninu».

Alls vóru bornar upp 23 þingsályktunaruppástungur.

Fyrirspurnir komu 3 og vóru allar leyfðar. Við þá fyrirspurn, hvað landsstjórnin hefði gert til að firra landsjóð peningatjóni við embættisfærslu C. Fensmarks, sampykkti neðri

deild þessa rökstuddu dagskrá: «Í trausti þess, að landssjóður bíði ekki fjártjón við embættisfærslu sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks, er næsta mál á dagskránni tekið til umræðu».

Þannig varð tala þingmála alls 114, eða 12 fleira enn áður, hefir flest verið (1883).

Þingi var slitið 27. ágúst; hafði það þá staðið 50 virka daga (eða alls 58 daga), og voru þingfundir í efri deild 52, og í neðri deild 51, enn í sameinuðu þingi 6; þess má þó geta, að fundir neðri deildar vóru miklu lengri (vanalega 2—3 klukkustundum) enn fundir efri deildar.

II. Önnur innanlandsstjórn.

Stofnun landsbankans. — Fensmarksmálið. — Söfnunarsjóðurinn í Reykjavík. — Efni sveitarsjóðanna 1872 til 1881. — Verðlagsskrár. — Embættaskipanir o. fl.

Um **stofnun bankans** má geta þess, að menn höfðu þegar séð, að hérlendur maður mundi varla fást, er treystandi væri til að standa fyrir bankanum svo í æskilegu lagi færi, og því hafði neðri deild þingsins sett þá bending inn í fjárlögin, að landsstjórnin gæti fengið útlendan bankafróðan mann til að standa fyrir bankanum fyrstu árin, og í því skyni heimilað fé honum til launa, auk þeirra sem ákveðin voru í bankalögunum, ef þörf gerðist. Þessu vildi efri deild þingsins ekki sinna og felldi það. Enn í þess stað var hinum fyrirhugaða íslenska bankastjóra veitt fé úr landssjóði til að sigla og kynna sér bankastörf erlendis, og svo lét landshöfðingi dómara í yfirdómi landsins takast þessa framkvæmdarstjórasýslan á hendur, án þess að öðrum gæfist kostur á að sækja um hana, og þrátt fyrir umgetna þingsályktun um umboðsleg störf og yfirdómendur. Síðan var ákvarðað, að bankinn yrði opnaður 1. júlí 1886. Til gæslustjóra við bankann kaus þingið prestaskólakennara Eirík Briem og háyfirdómara Jón Pétursson.

Þá er eitt sögulegt mál, er snertir innanlandsstjórnina, og það er **Fensmarksmálið** svo kallaða, sem drepið var á í Fr. f. á. bls. 7. — C. Fensmark bæjarfógeta á Ísafirði og sýslumanni í Ísafjarðarsýslu hafði loks verið vikið frá embætti um stundar-

sakir sumarið 1884 af landshöfðingja, fyrir fjárvanskil við landssjóð, og 16. júlí 1885 af konungi fyrir fullt og allt og án eptirlauna. Var hafin réttarrannsókn gegn honum veturinn 1885 og sakamál höfðað á hendur honum 5. ágúst eptir skipun stjórnarherrans; hafði Fensmark þá setið í gæsluvarðhaldi frá 12. maí. Héraðsdómarinn kvað upp dóm yfir honum 14. ágúst, og dæmdi hann í 8 mánaða betrunarhúsvinnu og að greiða málskostnað, enn ekki skaðabætur, þareð þá varð eigi nákvæmlega ákveðið, hve mikill sjóðþurður Fensmarks væri. Landsyfirdómurinn staðfesti héraðsdóminn 12. okt., og við hann undi Fensmark, sem vonlegt var, enn sótti um til konungs að verða náðaður, og það var honum veitt með konungsúrskurði 6. nóv., þannig, að hegningu þeirri, er hann var dæmdur til (8 mánaða betrunarhúsvinnu), var breytt í þriggja mánaða einfalt fangelsi; mæltist það misjafnt fyrir, sem vonlegt var, þegar litið er til saka og í samanburði við aðrar refsingar. Enn sakirnar eru sprottnar af dæmalausum embættisrekstri Fensmarks í þau fáu ár, sem hann var hér við embætti. Honum var veitt Ísafjarðarsýsla sem kandídat í lögfræði 16. apríl 1879, enn þegar við lok þess árs var sjóðþurður Fensmarks orðinn nálægt 5000 kr. eða næstum eins og sýsluveðinu (6000 kr.) nam, og síðan jókst hann árlega frá 2—3000 til 5—6000 kr., og eptir því sem næst hefir orðið komist nema vanskilin við landssjóð alls milli 26000 og 27000 króna. Auk þessa var hann í skuld um 1080 kr. 64 au. við sýslusjóð Ísafjarðarsýslu og 142 kr. 75 au. við dánarbú eitt, er var í vörslum hans. Og upp í alla þessa skuld gat hann eigi vísað á nema rúmar 8000 kr. Hann hirti aldrei um að hafa opinber gjöld aðgreind frá sínu eigin fé, og brúkaði að minnsta kosti síðustu árin (1883 og 1884) talsvert fé um fram laun sín til eigin þarfa, sem hann tók af landsfé, og hirti þannig ekkert um að spara við sig, þótt hann sjálfur játaði, að sér hefði verið kunnugt orðið um sjóðþurðinn haustið 1882. Öll bókfærsla var enn fremur í mestu vanrækslu hjá honum, og hann sýndi yfir höfuð svo staka óreglu og hirðuleysi í embættisrekstrinum þegar frá byrjun, að það má mestu furðu gegna, hversu lengi hann hélt embættinu, sér og öðrum til tjóns og hneisu.

Í landsyfirdóminum vóru dæmd 42 mál: 10 sakamál og 32 einkamál.

Í hegningarhúsinu í Reykjavík vóru þetta ár að eins 6 (2 kaupmenn, 1 hreppsnefndaroddviti, og svo Fensmark sýslumaður við einfalt fangelsi); 5 af þeim höfðu lokið þarvistartíma sínum einhvern tíma á árinu.

— Þá er að minnast á stofnun þá, er komst á fót í Reykjavík rétt fyrir árslokin og nefnd er **söfnunarsjóður.** Var það séra Eiríki Briem prestaskólakennara að þakka; enn stofnendurnir vóru 12, og ábyrgist hver þeirra með allt að 200 kr., að sjóðurinn standi í skilum. Tilgangur sjóðsins er, að geyma og ávaksta það fé, er standa skal óskert á vökstum og eigi útborgast fyr enn eptir langan ákveðinn tíma. Við fé, sem stöðugt á að standa í sjóðnum, skal ávallt bæta einhverju af vökstunum; enn það fé, sem eigi á stöðugt að standa á vökstum, skiptist í 3 deildir: útborgunardeild, bústofnsdeild og ellistyrksdeild. Í samþykkt sjóðsins, sem fylgir hverri viðskiptabók við hann, má að öðru leyti sjá nákvæmar tilhögun á honum, enn yfir höfuð veitir hann mönnum greiðan veg til að ávaksta tryggilega um ókomna tíð sjóði og fé, því sem aldrei á að eyða höfuðstólnum að, og gefur óhultasta ráð til þess, að menn geti séð sér og sínum niðjum borgið með dálitlum fjársparnaði og fjársöfnun smátt og smátt, hvað sem fyrir kann að koma, og notað sér það, hvað féð getur vaksið ótrúlega mikið á löngum tíma með nokkurri árlegri viðbót.

— Hér virðist mega geta þess, að þetta ár birtist í stjórnartíðindum landsins **skýrsla um efnahag** allra sveitasjóða í fardögum 1881 eptir hreppum, og svo skýrsla sama efnis eptir sýslum fyrir 10 ára tímabil: 1872—81. Árið 1881 vóru tekjur allra sveitasjóða alls 307,357 kr., enn útgjöldin 300,548 kr., þar af 173,153 kr. ómagaframfæri og sveitarstyrkur; enn um þessi 10 ár nam ómagaframfæri og sveitarstyrkur á landinu alls 3,095,758 kr. eða 309,575 að meðaltali um árið, og þó er álitið víst, að fátækraútgjöldin hafi í raun og veru verið langt um meiri, eða vissar 350,000 kr. á ári. Enn meðaltal allra sveitarútgjalda varð eptir skýrslunni 352,000 kr. þessi 10 ár, eða 4 kr. 93 au. á ári á hvert mannsbarn á landinu, enn 33 kr. á hvern gjaldanda, þar sem gjöldin til landssjóðs 1881 vóru

eigi meiri enn 3 kr. 79 au. á mann með tollum og skipagjöldum, enn annars ekki nema rúml. 1 króna. Þó fóru fátækraútgjöldin nokkuð minnkandi á þessum árum: um fimmtung alls á landinu, og tala sveitþega þó meir að tiltölu, því hún minnkaði um 35 af hundraði, og er það þakkað því, að ekkert hallærisár gekk yfir landið á þessu tímabili, landfarsóttir minni enn næstu 10 ár á undan, fjöldi ungbarna fluttist til Vesturheims og svo framfarir aukist dálítið í búnaði og verslun. Árið 1881 var þó 23. hver maður á sveit á landinu, enn 1850 48. hver maður.

— Verðlagsskrár fyrir árið 1885—1886 vóru þannig (í krónum og aurum):

	harðfiskur kr. vætt.	dagsverk kr.	lambsfóður kr.	Meðalin au.
A.-Skaptaf.s.	12,00	2,34	3,35	49
V.-Skaptaf.s.	12,00	1,92	2,69	46
Rangárvallas.	18,25	2,17	2,95	50
Vestm.eyjasýsla	22,75	2,00	3,00	52
Árnessýsla	19,35	2,75	3,66	58
Gbr.,K.s.ogRvík	19,86	3,06	4,77	61
Borgarfj.sýsla	15,00	2,37	3,87	60
Mýrasýsla	15,00	2,77	4,42	60
Snæf.ogHn.d.s.	18,03	2,84	5,00	63
Dalasýsla	15,15	2,77	5,07	63
Barðastr.sýsla	13,59	2,26	4,52	60
Ísaf.s.og kaupst.	13,02	2,66	5,14	63
Strandasýsla	12,40	2,27	5,46	60
Húnavatnssýsla	12,42½	2,24½	4,83½	57
Skagafj.sýsla	11,44½	2,27	4,10½	52
Eyjafj.s.og kpst.	11,18	2,50½	4,12½	56
Þingeyjarsýsla	11,11	2,60	4,44	54
N.-Múlasýsla	12,12½	2,83	4,82	55
S.-Múlasýsla	12,47½	3,14½	4,31	56

	saltfiskur kr. vætt.	sauð. vetrarg. kr.	hvít ull pd.	smér au. pd.	tólg au. pd.
A.-Skaptaf.s.	12,00	11,25	62	59	33
V.-Skaptaf.s.	0,00	9,62	58	55	37
Rangárvallas.	12,67	8,74	61	63	37
Vestm.eyjasýsla	12,50	9,00	60	68	40
Árnessýsla	12,41	11,58	62	67	43
Gbr.,K.s.ogRvík	12,50	13,95	63	75	44
Borgarfj.sýsla	12,12	14,11	62	67	39
Mýrasýsla	12,86	14,17	63	68	41
Snæf.ogHn.d.s.	12,76	14,29	62	73	46
Dalasýsla	13,09	16,50	64	68	44
Barðastr.sýsla	13,57	14,42	66	75	54
Ísaf.s.og kaupst.	14,16	15,42	63	84	59
Strandasýsla	12,83	17,00	64	73	43
Húnavatnssýsla	11,15	15,43	64	65½	39
Skagafj.sýsla	10,15	14,16½	64½	63	37
Eyjafj.s.og kpst.	10,35½	13,94	64½	62	36
Þingeyjarsýsla	10,61½	15,54	64	63	35½
N.-Múlasýsla	10,79½	15,34	65	72	34
S.-Múlasýsla	10,48	15,76½	63	76	36

Meðalalin um allt land verður 56½ eyrir.

— **Embættaskipanir** vóru þessar á þessu ári:

Brynjólfi Jónssyni, presti að Hofi í Álftafirði, vóru veittir Bergstaðir í Húnavatnssýslu 19. nóvember.

Einari Jónssyni, presti að Felli í Sléttuhlíð, var veittur Miklibær í Blönduhlíð 13. apríl.

Einari Vigfússyni, presti til Fjallaþinga í Norðurþingeyjarprófastsdæmi, var veitt Desjarmýri 8. apríl.

Kjartani Einarssyni, presti í Húsavík og prófasti, var veitt Holt undir Eyjafjöllum af konungi 28. ágúst.

Kristjáni Eldjárn Þórarinssyni, presti að Tjörn í Svarfaðardal, vóru veitt Mýrdalsþing 1. desember. (Skömmu seinna fékk hann þó að halda Tjörn eptir beiðni).

Ólafi Ólafssyni kand. theol. var veittur Lundur í Borgarfirði 4. sept.

Pálma Þóroddssyni kand. theol. var veitt Fell í Sléttuhlíð 1. sept.

Stefáni M. Jónssyni, presti á Bergsstöðum, var veitt Auðkúla 30. september.

Stefáni Stephensen, presti á Ólafsvöllum, var veitt Mosfell í Grímsnesi 8. apríl, og 9. maí var hann einnig settur til að þjóna Klausturhólaprestakalli frá fardögum 1885 til fardaga 1888.

Stefáni Thordersen, uppgjafapresti frá Kálfholti, var veitt Vestmannaeyjabrauð 24. febr.

19. mars samþykkti konungur brauðaskipti þeirra séra Guðmundar Helgasonar, prests á Akureyri, og séra Þórhalls Bjarnarsonar, prófasts og prests í Reykholti, að áður fengnu samþykki hlutaðeigandi safnaða.

Prófastar vóru skipaðir:

Guðmundur Helgason, prestur í Reykholti, í Borgarfjarðarprófastsdæmi 5. desember, og s. d.

Guttormur Vigfússon, prestur að Svalbarði, í Norðurþingeyjarprófastsdæmi;

Janus Jónsson, prestur í Holti í Önundarfirði, í Vesturísafjarðarprófastsdæmi 8. sept., og

Jón Jónsson, præp. hon., prestur að Hofi í Vopnafirði, í Norðurmúlaprófastsdæmi 21. apríl.

Forstöðumannsembættið við prestaskólann var veitt 1.

kennara þar, séra Helga Hálfdánarsyni, 1. okt., enn í hans stað var settur séra Þórhallur Bjarnarson prestur á Akureyri.

Á læknaskipun landsins varð engin önnur breyting enn sú, að cand. med. & chir. Þorgrími Þórðarsyni var 17. apríl heitinn af ráðgjafanum styrkurinn til aukalæknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu, 700 kr. á ári, samkv. fjárlögunum 1884—85, og fór hann þangað um vorið. Var þá eptir ófenginn læknir til aukalæknishéraðsins í Dalasýslu, og óveitt eitt læknishérað (Austurskaptafellssýsla), enn að eins eitt læknisefni útskrifaðist af læknaskólanum. Þó bætti þingið við 4. aukalæknishéraðinu (sjá fjárlögin framar) og hækkaði aukalæknastyrkinn til hvers héraðs upp í 1000 kr. á ári. Bænir um aukalækna komu þó víðar að inn á þing, enn bænheyrslan fékkst eigi, mest af því, að engin völ var á mönnum.

Geir Tómassyni Zoëga, settum kennara við Reykjavíkur lærða skóla og

Þorvaldi Thoroddsen, kennara við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, vóru veitt (4. og 5.) kennaraembætti við lærða skólann 29. júlí; enn í stað Þorvaldar var breskur konsúll W. G. Spence Paterson settur af landshöfðingja til að gegna kennarastörfum á Möðruvöllum (10. sept.); gekk hann undir próf í íslensku (12. s. m.) í Reykjavík, og stóðst það vel, enn réttindi innfæddra manna hafði hann ekki.

Eptir fráfall Oddgeirs Stephensens, forstjóra íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn, var skrifstofustjóri deildarinnar John Hilmar Stephensen, *danskur maður*, skipaður af konungi stjórnardeildarforstjóri 30. apríl; og jafnframt var assistent í stjórnardeildinni, Anders Dybdal, (sömuleiðis danskur maður), skipaður þar skrifstofustjóri, svo í stjórnardeildinni fyrir Ísland varð að eins einn maður íslenskur (Ólafur Halldórsson, prófasts Jónssonar), (sjá þingsályktunina framar).

Lausn frá embætti fengu:

Halldór Guðmundsson, skólakennari, 19. mars, með eptirlaunum (1200 kr.);

Jakob Benediktsson, prestur á Miklabæ í Blönduhlíð, 27. febr., (með 300 kr. eptirlaunum), og

Sigurður Melsteð, forstöðumaður prestaskólans, (sökum sjónleysis) 16. júlí, með eptirlaunum (3381 kr. 33 au.).

Þessar opinberar *sýslanir* vóru veittar:

Við landsbankann fyrirhugaða:

Halldóri Jónssyni, kand. theol. í Reykjavík, var veitt féhirðissýslanin 27. nóv., og sama dag

Sighvati Bjarnasyni, landshöfðingjaskrifara, bókara-sýslanin, enn 24. okt. hafði landshöfðingi veitt

L. E. Sveinbjörnson, yfirdómara, framkvæmdarstjóra-sýslanina.

10. mars var Jón Sigurðsson, alþingismaður á Gautlöndum, skipaður *umboðsmaður* yfir Norðursýslu- og Reykjadalsjörðum og ¾ Flateyjar, enn

29. ágúst var Ásmundi Sveinssyni stúdent, umboðsmanni Arnarstapa og Skógarstrandar umboðs og jarðarinnar Hallbjarnareyrar, vikið frá þeirri sýslan fyrir vanskil, og kaupm. og alþingismanni Holger Clausen s. d. falið á hendur þá fyrst um sinn að innheimta ógreitt jarða-afgjöld, enn síðar (7. nóv.) var verslunarstjóri S. Richter settur umboðsmaður þessara jarða til fardaga 1886. — N. S. Krüger lyfsali var viðurkenndur af konkgl. hollenskur konsúll í Reykjavík 24. júlí.

— *Prestvígðir* vóru:

Ólafur Ólafsson, kand. theol., 6. sept., og s. d.

Pálmi Þóroddsson, kand. theol., (til áðurnefndra brauða); og

Stefán Jónsson, kand. theol., 19. apríl, sem *aðstoðarprestur* til Stefáns prófasts Þorvaldssonar í Stafholti.

Við árslokin vóru 15 prestaköll óveitt.

— Heiðursmerki: Jón Ólafsson, útvegsbóndi í Hlíðarhúsum í Reykjavík, fékk heiðursmedalíu fyrir björgun manna úr sjávarháska (13. nóv. 1883), og Jóhann Gunnlaugsson, formaður fyrir eyfirðsku hákarlaskipi, fékk vandaðan sjónauka frá Bretastjórn fyrir björgun á manni frá ensku hvalveiðaskipi. 14. apríl var landshöfðingi Bergur Thorberg sæmdur af konúngi kommandörskrossi dannebrogsorðunnar á 2. stigi, og s. d. var séra Magnús Bergsson í Heydölum sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar og bændurnir Erlendur Pálmason í Tungunesi í Húnavatnssýslu, Jóhannes Þorgrímsson á Sveinseyri við Tálknafjörð og Eiríkur Eiríksson á Reykjum á Skeiðum, og sjálfseignarbóndi og kaupmaður Jón Árnason í Þorlákshöfn sæmdir heiðursmerki dannebrogsmanna, og 16. júlí var Sigurður Melstað, forstöðumaður prestaskólans, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna.

III. Samgöngur.

Póstgöngur og gufuskipaferðir. — Veggerðir. — Brúamál.

Póstgöngurnar og gufuskipaferðirnar þóttu ganga nokkuð

skrykkjótt með köflum, og var það bæði kennt forsjáleysi póststjórnarinnar og óþjálni hinna dönsku póstskipsstjóra, eins og optar hefir brunnið við. Þannig gaf póststjórnin ferðaáætlun landpóstanna svo seint út á árinu 1884, að hún komst eigi í tæka tíð til austfjarða, og fengu austfirðingar því póstbréf frá Reykjavík, sem koma áttu með 1. ferð (í jan.), ekki fyr enn með 3. ferð (í mars). Auk þessa kvörtuðu blaðamenn yfir því, að bréfhirðingamenn tóku sumstaðar (í Arnarholti og Hjarðarholti í Dölum) upp á því einu sinni, að kyrsetja blaðaböggla, þótt þeir hefðu að lögum jafnrétti til flutnings á við lausabréf. Enn fremur kvað að óáreiðanleik sumra póstanna, er kom tilfinnanlegast fram í óráðvendi með peningasendingar, eins og fyr hefir komið fyrir; þannig varð einn póstur (sem fór milli Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar þetta sumar) uppvís að, að hafa tekið um 900 kr., er honum hafði verið trúað fyrir til flutnings, þó mest án milligöngu póststjórnarinnar. — Ekki þótti kenna minna óáreiðanleiks með gufuskipaferðirnar enn undanfarin ár, bæði af hendi gufuskipafélagsstjórnarinnar sjálfrar, og þó einkum af hendi póstskipstjóranna; þannig vóru skipin stundum látin dvelja svo dögum skipti í Færeyjum (eitt skipti 4 daga) við það, að skjökta þar milli hafna á ýmsum stöðum, þvert á móti samningi félagsins við stjórnina (frá 1880). — Eins þótti bera á óáreiðanleik af hendi skipstjóra á fjárkaupaskipi Slimons kaupmanns í Skotlandi með það, að halda ferðaáætlun þess. — Annars hafa gufuskipsferðirnar gengið tálmunarlítið og stórslysalaust. — Sem framfara í póstsamgöngumálum Íslands má geta þess, að 2 aukapóstum var bætt við í Árnessýslu, er ganga: annar frá Hraungerði að Eyrarbakka, og hinn frá Hraungerði að Arnarbæli í Grímsnesi. Þennan vetur bauð enska póststjórnin milligöngu sína til þess, að *póstávísana*-sendingar gætu gengið milli Íslands og ýmissa landa í hinum álfunum yfir England, þannig, að enska póststjórnin tæki dálitla ákveðna þóknun fyrir að koma þeim áleiðis af upphæð þeirri, er ávísanirnar hljóða upp á, þegar þær koma til Englands. Þessu boði hennar var tekið fyrir Íslands hönd (4. maí). Þessi lönd vóru flestar nýlendur eða eignir Englendinga í Asíu, Afríku, Ameríku og Ástralíu og auk þess Japan, ýmsir staðir í Kína o. v. — 4. júní þ. á. kom auglýsing frá ráðgjafa Íslands, þar sem

«viktartakmarki því, sem sett er í auglýsingu 26. sept. 1872 (5. gr.) fyrir prentað mál, er senda á millum hins danska og íslenska póstumdæmis, skal frá 1. júlí breytt úr 50 kvintum í 4 pund». Sömuleiðis «skal burðargjaldi því, er ákveðið er í auglýsingu 10. febr. 1876 (2. gr.) fyrir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, er fara millum fyrnefndra umdæma, frá greindum degi breytt í 5 au. fyrir hver 10 kvint, ef frímerki eru viðhöfð».

Til veggerða hefir allmiklu fé verið varið þetta ár, enn mest er það í viðbót við fjárframlögur til vegbóta, er áður hefir verið byrjað á. Þannig er um þær 9391 kr. 89 au., er veittar hafa verið þetta ár til framhalds veggerða og vegbóta á mörgum þeim fjallvegum, er nefndir eru í Fr. f. á. bls. 10 (á Vaðlaheiði og Vestdalsheiði: 3289 kr., í Svínahrauni enn að nýju *5162* kr. *2* au., á Grindaskörðum 100 kr. og á Mosfellsheiði 840 kr. 87 au.). Auk þess var 111 kr. varið til aðgerðar á Öksnadalsheiðarfjallveginum Eyjafjarðarmegin og 138 kr. upp í kostnað við bráðabirgðaraðgerðir á fjallvegunum yfir Öksnadalsheiði og Vatnsskarð Skagafjarðarsýslumegin. — Til sýsluvega og vegbóta á aðalpóstleiðum vóru veittar alls 7883 kr. 17 au. Alls verður þetta fé 17524 kr. 6 au. og lagt við fjárveitingu árið áður 40120 kr. 61 ey. Af öðrum veggerðum skal að eins nefna veg þann, er bæjarstjórn Reykjavíkur byrjaði á að láta gera milli Reykjavíkur og Laugarneslauganna; hann náði frá Reykjavík að Reyðará um áramótin (600 faðma). — Þess má geta, að í fjárlögunum var aptur veitt fé til að fá vegfróðan mann frá útlöndum hingað til lands, eins og gert var 1883.

Ekki komst hið margrædda mál um brú *á Ölfusá* neitt áleiðis þetta ár. Það komst þó inn á þing, enn þar var sami andróður gegn því og áður, ekki samt svo að skilja, að mótmælendur þess máls, sem mest var mark að, þættust ekki vilja sinna málinu í sjálfu sér, heldur eins og það lá fyrir; þótti þeim það helst að, að málið væri illa undirbúið eða óundirbúið, svo að ómögulegt væri að veita nokkra ákveðna fjárupphæð til þess; alls óvíst væri, að brúarstæðið sjálft væri óyggjandi, og hlutaðeigandi sýslufélög hefðu ekki sýnt aðra alvöru í þessu máli, enn að heimta, að brúin væri kostuð af landsfé að öllu leyti.

Ýms héröð eru að vakna upp til þess, að koma brúm á ár hjá sér, einkum nú loksins á suðurlandi; þannig hefir nokkur undirbúningur verið gerður að því, að koma brúm á Grímsá og Hvítá í Borgarfirði.

Þótt hreyft hafi verið því nauðsynjamáli, að Íslendingar sjálfir kæmu á gufubátaferðum kringum landið eða að minnsta kosti um helstu flóa og firði og milli helstu staða, þá hefir það þó ekkert komist áleiðis, er teljandi sé; þó veitti þingið nú, eins og 1883, 1500 kr. styrk á ári til þess, að koma á gufubátsferðum á Ísafjarðardjúpi.

IV. Kirkjumál.

Prestakosningarlögin. — Utanþjóðkirkjumennirnir í Reyðarfirði.

Af kirkjumálum og kirkjustjórn er fátt að segja. Þingið samþykkti lög, sem stjórnin hafði lagt fyrir það, «um hluttöku safnaða í veitingu brauða», með litlum breytingum. Þau fengu eigi samþykki konungs fyrir árslokin, og því geymum vér næsta árs fréttum að geta þeirra nákvæmar. Þau veita söfnuðum atkvæðisrétt við brauðaveitingar frá 1. jan. 1887.

Utanþjóðkirkjumennirnir í Reyðarfirði. Þess er getið í Fr. f. á. (bls. 12), að þjóðkirkjupresturinn séra Daníel Halldórsson á Hólmum í Reyðarfirði hafði fengið það svar upp á kæru sína til yfirvaldanna yfir því, að hann fengi engar tekjur hjá utanþjóðkirkjumönnum, að hann skyldi taka þær lögtaki, og að hann gerði það, enn að sá, er hann fyrst lét fremja lögtak hjá, Jónas bóndi Símonarson á Svínaskála, kærði það fyrir sýslumanni, sem dæmdi prest til að skila hinum lögteknu tekjum aptur, og jafnframt eru teknar fram ástæður sýslumanns fyrir dómnum. Þessu máli áfrýjaði séra Daníel til yfirdóms, og hann dæmdi (24. ágúst) á þá leið, að hann áliti ekki, að Jónas hefði eigi verið skyldur til að greiða þessi prests og kirkju gjöld (40 kr. 68 au.), þótt hann hefði sagt sig úr þjóðkirkjunni, og þægi engin prestsverk af séra Daníel, þvíað þótt «stjórnarskrá Íslands heimili mönnum að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, er best á við sannfæringu þeirra, þá heimilar hún þeim ekki að leysa sig með því undan að gjalda

þeim presti, sem skipaður er í því prestakalli, sem þeir eru búsettir í, öll lögboðin gjöld til kirkju þeirrar, sem er í þeirri sókn, þar sem þeir búa». Röksemdaleiðsla dómarans þótti «mjög fjarri sanni», og var Daníel prófastur sýknaður af kærum og kröfum Jónasar út af þessu lögtaki og Jónas dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum (60 kr.). Að öðru leyti er ekkert nýtt að segja af söfnuði þessum. Enn nú varð þingið loksins til að samþykkja lög, er skipa fyrir um rétt þessara manna; hafði stjórnin lagt frumvarp þess efnis fyrir þingið, enn það tók töluverðum breytingum þar, og hafði konungur eigi staðfest það fyrir árslokin. Lögin vóru í 3 köflum: 1. um borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjumanna og trúfræðslu barna þeirra; 2. um konunglega staðfesting utanþjóðkirkjupresta og gildi embættisverka þeirra; og 3. um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna.

V. Árferði.

Veðrátta. — Hafís. — Jarðskjálftar. — Grasvöxtur og nýting (súrheysverkun). — Heybirgðir og skepnuhöld.

Veðrátta var yfir höfuð í lakara meðallagi þetta ár. Þegar eptir nýár vóru geysimiklar fannkomur og harðindi um allt land, og héldust þau lengi fram eptir. Á *suðurlandi* var þó frost lítið, enn stórviðri og umhleypingasamt framan af janúar og jarðbann algert, svo að þá var í austursýslunum þegar farið að skera af heyjum. Í vesturhlutanum og eins um norðurland brá þó til hláku og hlýinda síðari hluta janúar, og kom þá víða upp góð jörð. Framan af febrúar var stórviðri mjög mikið sunnanlands; þannig urðu þá í Reykjavík um 8 menn veðurtepptir úti í póstskipinu á höfninni í 3 daga, og frost og ofsaleg norðanátt hélst út allan febrúar og fram í mars í vestursýslum suðurlands, enn jörð að kalla auð; síðan brá til útsynninga og svo landsynninga með nokkrum snjó, enn eigi miklu frosti. Seinast í apríl brá þar til hlýrrar vorveðráttu; þó féll öklasnjór á sumardaginn fyrsta. Í austursýslunum vóru enn þá meiri og stöðugri harðindi og stormar; þannig var slíkt sandrok á Rangárvöllum um hálfan mánuð framan af

febrúar, að líkast var vorinu 1882; menn máttu þar þó illa við þeim harðindum eptir hina dæmafáu óveðráttu sumarið á undan, eins og sýndi sig. Á *vestfjörðum* vóru sífelldir norðanbyljir með fannkomum og frosti mjög miklu fram yfir sumarmál; þannig reið póstur í mars á ísum beina leið úr Ögri í Vatnsfjörð og þaðan aptur beint að Arngerðareyri (yfir Reykjarfjörð og Ísafjörð þveran). Sömuleiðis var Hvammsfjörður allur lagður þá, svo fara mátti á ís beint frá Dagverðarnesi í Stykkishólm, og sunnudaginn fyrstan í sumri var hann lagður hestís út undir eyjar, og þá (í apríl) fór póstur á ís yfir Álftafjörð og Ísafjörð. Um páskana varð póstur að fara selflutning á sleðum með koffortin norður yfir Holtavörðuheiði, enda urðu vetrarharðindin *norðanlands* enn þá meiri úr því janúar lauk, heldur enn sunnanlands, einkum í austursýslunum, eins og vant er. Fannfergjan varð þar svo mikil um langan tíma af vetrinum, einkum þó í febrúar, að elstu menn mundu eigi aðra eins, og bæir fóru víða í kaf; þó tóku snjókyngjurnar út yfir á *austurlandi;* janúar var þó víða góður, enn svo hlóð snjó niður í sífellu mestallan febrúar, og sökum þeirra dæmalausu snjóþyngsla, er þá komu, urðu þar tíð geysimikil snjóflóð, er gerðu ógurlegan skaða og manntjón, eins og síðar verður getið. Frost voru þó ekki eins sterk að sínu leyti (þó 10°—18° á R. í Fljótsdalshéraði t. d. fyrstu dagana af mars).

Eptir þennan dæmalausa snjóavetur víðast um land tók við eitthvert kaldasta *vor*, svo að jörð leysti mjög seint alstaðar; vóru sífelldir kuldanæðingar og náttfrost allt fram í júlí, og frostbyljir enda allopt á vesturlandi, norðurlandi og austfjörðum; þar var fullkomið jarðbann í öllum sjávarsveitum frá því fyrir sunnan Mjóafjörð og norður fyrir Vopnafjörð af gömlum gaddi viku eptir fardaga, og á vestfjörðum sumstaðar, t. a. m. á Snæfjallaströnd, vóru tún undir fönn um sama leyti, og því fremur í norðursýslunum norðanlands. Fyrri hluta júlímánaðar (11 vikur af sumri) var allvíða enn þá ekki leyst af túnum á austurlandi og frost og snjóar öðru hvoru allt til þess tíma, og eins í Þingeyjarsýslu og víðar nyrðra. Á vesturlandi kól tún víða jafnóðum og af þeim leysti, og í júlí byrjun var þar víða varla fært yfir fjallvegi öðruvísi en skaflajárnað, og sumstaðar enda ókleyft fyrir snjó og frosthríð. Þótt *sumarið* byrj-

aði þannig alstaðar í langseinasta lagi, þá varð það þó ekki slæmt þann litla tíma, er þess naut (ágústmánuð einn hér um bil). Í lok júlímánaðar kom loksins alstaðar hagstæð sumarveðrátta, mild og þó þerrisöm víðasthvar; urðu þau umskipti snöggust víða norðanlands, og varð af því vatnagangur mikill, einkum í Skagafjarðar- og Eyjafjarðar-sýslum, er snjó tók að leysa upp; urðu þar skaðar miklir af vatnavökstum á engjum, er ár gengu yfir og báru leir á; þannig var um Eyjafjarðará, er aldrei í manna minnum hafði vaksið eins. Vegir spilltust, einkum á fjöllum, og braut þá af brú á Valagilsá o. v. Í ágústmánuði vóru þerrar og blíðviðri víðast um land, enn með september tók veður að spillast; þá gengu rigningar miklar sumstaðar um austurland um hálfan mánuð, og seinni hluta september fóru krapahryðjur og snjóar að koma víðast um land, svo að hey fennti, einkum þó á norður- og austurlandi. *Haustið* varð því eigi sem best; þó mátti það allgott heita á suðurlandi, og þar héldust meðfram hlákur og hægviðri fram til nýárs; þó lagðist vetur snemma að, einkum á austurlandi, og snjór var kominn víða allmikill snemma í nóvember. Bærileg tíð var þó yfir höfuð allt til nýárs.

Hafís gerði eigi sérlegt mein þetta ár; hann gerði vart við sig fyrir vestfjörðum snemma í apríl, og var svo á slæðingi þar fram með og allmikill skammt undan landi fram eptir öllu sumri, enn þó ekki mjög mikið eða til stórbaga. Í maí varð strandferðaskipið að hverfa aptur á Reykjarfirði fyrir íshroða, og var hann þá á reki inn á Húnaflóa; þó hélst hann þar eigi lengi, og varð eigi landfastur við norðurland, svo að hann tálmaði ekkert siglingum þangað.

Jarðskjálfti varð 25. janúar. Hans varð vart í Reykjavík lítið eitt og víðar um land, enn mest þó á norðurlandi og austurlandi, og stórkostlegastur varð hann í Kelduhverfi. Allur ís brotnaði af Jökulsá (í Aksarfirði) frá sjó lengst upp á öræfi; hestar fældust, hús skekktust og hrundu, og margir hlutir skemmdust, og á 2 stöðum sást þar rjúka upp úr jörðu. Í Fljótsdalshéraði hafði áður orðið vart öskufalls, svo að fé varð kolótt í haga, og þar kom jarðskjálftinn úr vestri.

Grasvökstur varð almennt lítill, sem von var. Sláttur byrjaði því mjög seint, almennt ekki fyr enn undir mánaða-

mótin júlí og ágúst, einkum norðan- og austanlands. Tún spruttu svo illa, að varla fékkst meira enn helmingur af þeim móts við meðalár og sumstaðar varla það, einkum á vesturlandi. Engjar spruttu betur, enda vóru þær að því fram til september byrjunar; aflaðist úthey því næstum eins og í meðalári víðasthvar. Nýting varð allvíðast dágóð, þó hraktist hey nokkuð í rigningum víða upp á síðkastið, og sumstaðar urðu hey úti (t. a. m. um 100 hestar á Grenjaðarstöðum). Menn héldu slætti áfram svo lengi sem mögulegt var fyrir frosti og illviðri; þannig var sumstaðar á austurlandi stör slegin á ís.

Í sambandi við nýtinguna má geta *heysúrsunarinnar*. Vegna óþurkasamra sumra, sem svo opt eru hér á landi og svo opt ónýta eða skemma að mun heyafla manna, hafa hugir manna einkum á síðari árum beinst að því, að geta á sem heppilegastan hátt aflað sér heyforða, án þess að vera algerlega háðir veðráttunni, og geta orðið lausari við það fjártjón og tímaspilli, sem óþurkarnir valda bændum. Menn hafa vænt góðs af búfræðingum vorum í þessu efni og sívaksandi búnaðarþekkingu, og séð, að heyþurkunaraðferðin var ekki einhlít. Því var það, að Torfi Bjarnason, búnaðarskólastjóri í Ólafsdal, skrifaði ritgerð í Andvara 1884 um súrhey og áburð, og var henni vel tekið af landsmönnum. Til þess að láta ekki þar við lenda, skrifaði Torfi áskorun til landsmanna þetta ár og bað þá fáu, sem áður höfðu reynt súrheysverkun, að gefa skýrslur um hana, og birta í blaði, helst fyrir apríl byrjun, og tók hann jafnframt fram, hver atriði skýrslurnar þyrftu sérstaklega að tilgreina, um leið og þær gætu um, hvort súrheysverkunin hefði tekist vel eða illa. Menn tóku þessu vel, og birtu allmargir í blöðunum Þjóðólfi og Ísafold tilraunir sínar, sem höfðu heppnast misjafnlega, enn gátu þó jafnframt orðið til mikillar leiðbeiningar, svo að ýmsir fleiri urðu til að reyna þessa heyverkunaraðferð, þótt ekki þyrfti sérstaklega á henni að halda þetta sumar víðasthvar. Sem dæmi þess, að áhugi manna hefir aukist í þessu efni, má nefna það, að Vestmanneyingar vörðu búnaðarstyrk sínum úr landssjóði (60 kr.), með samþykki landshöfðingja og eptir tillögum sýslunefndar sinnar, til þess að kenna almenningi þar á eyjunum súrheysverkun.

Heybirgðir manna reyndust almennt furðugóðar í svo

löngum og miklum harðindum; þó var það síst á suðurlandi, eins og vant er, einkum í austursýslunum, enda var eitthvert mesta ópurkasumar þar næst á undan. Urðu menn þar því víða að skera mjög mikinn fénað af heyjum þegar um miðjan vetur; þannig var í Meðallandi og víðar í Skaptafellssýslu lógað annari hverri kú og sauðfénaði að sama skapi á góu, og í Árnessýslu vóru t. d. á einum bæ í Ölfusi skornar 30 ær lambfullar á föstudaginn langa, og víðar því ápekkt, enda vóru margir þar að þrotum komnir með heyföng á þorra og góu og jafnvel fyr, sökum harðindanna. Horfellir varð líka einhver, enn þó ekki teljandi mikill eptir áhorfum, og sama kom fyrir á austurlandi víðar, þótt menn reyndust þar þrautseigir (einkum austast).

Skepnuhöld urðu slæm; gekk fé almennt fremur illa fram, sem von var, og svo bætti vorið ekki úr. Lambadauði varð þó ekki mjög mikill, nema sumstaðar á austurlandi hrundu þau niður. Sauðburður gekk yfir höfuð stirt. Um haustið leitaðist almennt vel, enn rýrt þótti fé reynast á hold og þó einkum mör, og kenndu menn um vorkuldunum; var þó fé lógað mjög um haustið bæði til heimilisþarfa og fjárkaupmanna, mest sökum lítils heyfengs. Fjárskaðar urðu talsverðir um veturinn sökum óveðranna, einkum á vesturlandi; þannig fórst 120 fjár í á (Selá) frá Skjaldfönn á Langadalsströnd. Bráðafár í sauðfé var óvanalega almennt sumstaðar á austurlandi framan af árinu (t. d. á 5. hundrað í Fljótsdal), og gáfu menn þó fé allmikið inni í útigangssveitum þar, því til varnar, enn um haustið kvað lítið að því víðast um land. Miltisbruni í nautpeningi og hrossum kom fyrir á 2 bæjum í Grafningi og 1 bæ í Borgarfirði og í Dalasýslu. Eptir því sem heyrst hefir orsakaðist hann í Grafningnum af útlendum skinnum, eins og vant er. Annars hafa verið allgóð höld á stórgripum.

VI. Bjargræðisvegir.

Bjargarvandræði. — Sjávarútvegur og fiskiveiðar. — Landbúnaður. — Iðnaður. — Verslun. — Bindindisfélög.

Bjargarvandræðum kvað ekki að þetta ár, nema á suðurlandi í sjávarsveitunum; var Gullbringu- og Kjósarsýslu veitt

20000 kr. hallærislán af landshöfðingja (24. júní); hafði hann áður (17. mars) ritað amtmanninum í suðuramtinu og skorað á hann, «að brýna fyrir sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu þá skyldu sýslunefndarinnar, að gera í tíma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru til að afstýra hallæri»; gerði landshöfðingi þetta sökum þess, að «óttast mátti fyrir, að mikil bjargarvandræði kynnu að koma uppá í Gullbringusýslu á útmánuðunum, ef fiskleysið héldi áfram». Enn það hélt áfram, eins og síðar má sjá, og sá þar víða mjög á mönnum, og hávaðinn af öllum heimilum í suðurhreppunum varð að fá styrk; hefði vafalaust orðið mannfellir, hefði ekki útlenda gjafaféð verið til, enda gekk það þá upp, sem til var hjá landshöfðingja. Ýmsar kvartanir gengu opinberlega út af skiptingu þess, eins og vant var, svo sem í Mosfellssveit, þar sem hreppsnefndin þótti hafa tekið meira til sjálfrar sinnar, enn æskilegt hefði verið í samanburði við aðra, er meira þurfandi þóttu; úr Rosmhvalaneshreppi kom og kvörtun út af ósanngjarnri skiptingu og veitingu hallærislánsins. Enn þótt eitthvert tilefni kunni að hafa verið til þessa, þá er hér illt við að eiga, þvíað menn hafa yfir höfuð of mjög skoðað sig eins og á hvalfjöru í þessari sök, og gleymt tilgangi gjafanna og sönnum notum fjárins fyrir græðgi og kæruleysi, sumir hverjir (sbr. Fr. f. á., bls. 23—24).

Sjávarútvegur og fiskveiðar. Þetta ár færði menn óefað almennt nær þeirri skoðun, hvílík nauðsyn sé á, að bæta og breyta til með sjávarútgerðina, einkum á suðurlandi, og þá helst, að leggja meiri stund á þilskipaveiðar, enn að undanförnu. Það, sem einkum studdi að því, var hinn mikli mismunur á fiskafla á opin skip og báta og á þilskip. Framan af árinu fiskaðist ekkert við Faksaflóa, nema hvað reytingsafli byrjaði í febrúar í Höfnum og á Miðnesi og síðar í Grindavík og hélst það nokkuð áfram, og í maí var þar góður afli; um miðjan mars byrjaði þorskafli fyrst í Garði og Leiru í net, enn lengra komst aldrei fiskgangan; þar urðu meðalhlutir um 200, hæst á 4. hundrað, allt hjá sjósóknamönnum af inn-nesjum, enn lítið sem ekkert í samanburði við það hjá þarlendum mönnum (sökum ófullkomnari útbúnings). Síðan smádró úr öllum fiskafla, og horfði víða til stórra vandræða, og vorvertíðin bætti ekkert úr. Um haustið hélt sama fiskleysi áfram þangað til um jól; þá fór töluvert

að aflast, þegar gaf; þó varð ekkert framhald á því. Á Eyrarbakka var góður afli framan af, einkum af ýsu, og í mars vóru þar komnir um 300 fiska hlutir, þó ekki nema ¼ af þorski; enn svo gjörtók fyrir hann og hélst fiskleysið þar áfram. Í Landeyjum og á Vestmannaeyjum var dágóður afli um tíma; enn undir Jökli var alltaf fisklaust. Við Ísafjarðardjúp var fiskur fyrir landi, enn gæftaleysi bannaði að ná honum, og því hélst þar til ársloka næstum sama aflaleysið og árið áður; þó reyttist þar eitthvað í apríl og undir jól. Á norðurlandi mátti og fisklítið heita allt árið, nema hvað síld aflaðist dálítið á Eyjafirði; þó var nokkur þorskafli um vorið á Árskógsströnd og Upsaströnd og í Hrísey og eins þar um haustið. Á austurlandi víðast hvar var og aflalítið optastnær, einkum á haustvertíðinni; þó var um tíma um sumarið mokfiski af ýsu á Vopnafirði og þar í grennd. Allt fram í nóvember varð síldarafli þar víðasthvar jafnvel minni enn árið áður, þótt þá væri hann langminnstur, og fóru Norðmenn snemma heim og höfðu flestir tapað stórum, enda var síld í mjög lágu verði erlendis. Enn í desember var mikill síldarafli í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði; þannig var Tulinius kaupmaður á Eskifirði búinn að fá 3300 tunnur um nýár. Hófust þá aptur siglingar milli Noregs og austfjarða, (og því varð sá atburður, að með miðsvetrarferð póstskipsins til Reykjavíkur komu nýrri fréttir af austfjörðum með norskum blöðum, heldur enn þá komu með austanpósti).

Þótt fiskveiðarnar á opnum skipum gengju þannig erfiðlega sunnan- og vestanlands, þá var allt öðru máli að gegna með þilskipaveiðarnar. Bæði þorskveiðaskipin (um 17) og hákarlaskipin (3) mokuðu upp aflanum á Faksaflóa og þar vestur af allt vorið og sumarið. Þannig fengu þilskip Geirs kaupmanns Zoëga: annað (Gylfi) 245 tunnur af hákarlslifur (18 kúta mál) og 29400 af þorski, og hitt (Reykjavík) 566 tunnur af lifur. Svo var enda mikið úti fyrir landi af fiski, að frakkneskur skipstjóri, sem kom til Reykjavíkur í apríl með 24000 af þorski, sagðist aldrei hafa hitt eins mikinn fisk fyrir um 30 ár, er hann hefði stundað hér veiðar. Það var því tilfinnanlegt fyrir landsmenn yfir höfuð, að geta ekki náð í fiskinn, og það því fremur, sem mönnum var um það kennt, bæði Frökkum, sem vóru svo nærgöngulir, að friðlaust var með

net og báru auk þess svo niður fyrir fisk, að hann lagðist frá, og svo netlagnamönnum sjálfum, sem þóttu spilla fyrir fiskgöngu með veiðiaðferð sinni; einkum varð megn óvild fyrir þá sök gegn þeim, er sjó sóttu suður í Garð og Leiru af innnesjum (Seltirningum), af hendi flestra suðurnesjamanna; lenti í stappi miklu og blaðadeilum milli þeirra, og vildu suðurnesjamenn fá staðfesta fiskveiðasamþykkt fyrir Faksaflóa, og stóð lengi á því fyrir ýmsa galla og snurður, þangað til hún loks var staðfest af amtmanni 9. júní, og skyldi gilda frá 14. mars 1886; takmarkaði hún allmikið netlagnir bæði að svæði og tíma og bannaði að varpa seglfestugrjóti í sjóinn, enn fyrirskipaði niðurburð á fiskmiðum á öllum hrognum úr fiski, sem fengist frá 14. mars til 10. maí, nema þeim, sem til manneldis væru notuð; enn fremur bannaði hún að flytja háf í land, nema lifrina, allt að viðlögðum sektum. Sýslumaður skyldi skipa tilsjónarmenn í hverjum hreppi eptir þörfum. Með þessari samþykkt átti að gera tilraun til þess, að fiskur gæti óhindraður gengið á grunnmið. Á Akranesi og Eyrarbakka vóru gerðar samþykktir um takmörkun á lóðabrúkun, og í Gullbringusýslu var gerð tilraun til að koma á samþykkt um takmörkun á ýsulóðarbrúkun, enn hún ónýttist.

Þetta ár vóru 5 skip frá Bandaríkjunum í Norðurameríku við heilagfiskiveiðar hér við land, og öfluðu vel; eitt þeirra (um 70 smálestir að stærð) strandaði 6. sept. á skeri fram undan Hvammi á Barðaströnd; þótti sumum sem það mundi með vilja gert, og hefði skipstjóri eigi aflað nægilega (hafði þó 150000 pund af heilagfiski að sögn), svo að kostnaði og ábyrgð svaraði. Menn björguðust.

Frakkar höfðu þetta ár að eins 186 fiskiskip hér við land, enn 218 árið áður, líkt og vant var.

Laksveiði var óvíðast svo mikil þetta ár, að orð sé á gerandi. Eins og sjá má á síðasta árs fréttum (bls. 24—26) hefir áhugi manna mjög snúist að því á síðustu árum, að bæta og efla einnig þá atvinnugrein. Af því að Arthur Feddersen hafði orðið að hætta eins og við hálfgerða rannsóknarför sína hér 1884, veitti þingið aptur fé til þess, að hann (eða annar

laksfróður maður) gæti komið hingað og ferðast um það sem eptir var. Hinn helsti og mikilvægasti árangur, sem varð af komu Feddersens, var óefað þau áhrif, er hann bersýnilega hafði á skoðunarhátt manna á laksveiðinni og svo á löggjöf þingsins; það samdi lög um friðun á laksi í staðinn fyrir þau eldri, og sýna þau ljóslega, að Feddersen hefir tekist að hnekkja þeirri rótfestu meinvætt í skoðun þjóðarinnar á laksveiðinni: að margskipta veiðinni eða hafa svo margar smáveiðistöðvar, að ómögulegt sé til þess að hugsa, að bæta og efla þá atvinnugrein, svo að veruleg not geti orðið að henni, þvíað það getur ekki orðið — segir Feddersen — nema «fáir menn eða ef til vill *einn maður hefði alla veiðina á höndum við hvert fiskvatn*». — Þess skal getið um laksaklakið til framhalds því, sem sagt er í Fr. f. á., að á Reynivöllum reiddi því vel af, og var 21000 laksungum sleppt þaðan út í Laksá og Bugðu 23. og 25. maímán. Næsta vetur hélt séra Þorkell því sjálfur áfram á líkan hátt, og heppnaðist vel. Á Þingvöllum heppnaðist urriðaklakið líka vel, og vóru þó klakkassarnir þar undir beru lopti og urðu fyrir ágangi Þingvallavatns og Öksarár; um 7000 urriðaungum (af hér um bil 20000, er frjóvgaðir höfðu verið) varð hleypt burt 29. apríl. 1. mars vóru 3400 lakshrogn flutt að undirlagi Feddersens frá Reynivöllum að Þingvöllum (í votum dýjamosa), og lifðu þau næstum öll af, og 30. maí var laksungunum, er úr þeim komu (fyrst 25. mars), hleypt út í Öksará, og «hafa laksar eigi synt þar fyr, svo menn viti» segir Jens prestur Pálsson á Þingvöllum, er lét sér hugað um þessar framkvæmdir.

Landbúnaðurinn hefir engum stórframförum tekið þetta ár. Þótt einstök búnaðarfélög vinni mikið gagn, svo sem búnaðarfélagið í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu, þá verður það langt frá sagt um allan þorrann af þeim, og eru þau þó mörg að tölunni; virðist áhugaleysi manna, bæði stjórnenda og annara, á þrifum þeirra vera aðalmeinið, eins og optast er, og sem dæmi þess má nefna það, að búnaðarfélag suðuramtsins gat ekki haldið aðalfund sinn fyrir mannfæð frá því í júlí 1883 til 23. apríl þetta ár, og þarf þó að eins 7 menn til að lögmætur fundur sé; það er þó stærsta félagið á suðurlandi, og í

sjóði átti það við aðalfund þ. á. 17360 kr. 67 au., enda safnar það fyrir nokkru af þeim styrk, er það fær úr landssjóði.

Þetta sumar var haldið áfram og lokið að leggja undirstöðuna undir allan flóðgarðinn í Safamýri; vóru hlaðnir 810 faðmar (í viðbót við 1515 faðma, er áður vóru komnir); er garðurinn hér um bil 1—5 álnir á hæð, 3—12 álnir á breidd að neðan, enn 2 að ofan. Kostnaðurinn við hann er orðinn alls 6750 kr. 33 au. (þar af úr landssjóði 2950 kr. 33 au.). Svo er nú eptir að skera mýrina fram, og þykir það eins nauðsynlegt, til þess að bæta hana að fullu. Hún er 400 dagsláttur og gefur af sér að minnsta kosti 30—40000 hesta af heyi, enda sækir mestallur Holtamannahreppur þangað allt sitt hey, og þar að auki ýmsir af Rangárvöllum og Landi. Má telja þessa jarðabót þarfa og nauðsynlega því fremur, sem hún er í nánd við og getur komið að gagni þeim sveitum, er hafa verið svo hart leiknar nú um tíma af vikursandfoki: Landsveit og Rangárvöllum; í Landsveit eru þegar gjöreyddar 11 eða 12 jarðir, þótt reyndar sumar þeirra hafi verið byggðar upp aptur í bithaga og einar 17 jarðir eru að gjöreyðast; yfir höfuð lítur svo út sem öll Landsveit leggist í eyði innan skamms. Á Rangárvöllum eyddust 2 eða 3 jarðir í mikla sandfokinu í janúar og febrúar um veturinn, sem nefnt er hér að framan, og þar heldur eyðingunni áfram með líkum útlitum.

Úr landshagsskýrslunum má geta þess hér, að árið 1881 var nautpeningur á landinu alls talinn 20923 (83 færri enn árið áður), sauðfénaður 524516, og hross 38627 (hvorttveggja heldur fleira enn árið á undan, enda sauðfé aldrei jafnmargt áður).

Þess nýmælis er vert að geta, að sýslunefndirnar í Þingeyjarsýslu sendu mann til Englands, einkum Bradford á Englandi, þar sem mestöll íslensk ull er unnin, til þess að fá vitneskju um, hverjar væru orsakirnar til hinnar sífelldu verðlækkunar á íslenskri ull, og hvað gjöra mætti til þess að fá hana betur borgaða; fengu þær Kristján Jónasson frá Narfastöðum í Reykjadal til fararinnar, og var hún kostuð að þriðjungi af *sýslusjóðum Þingeyinga*, enn að $^{2}/_{3}$ (600 kr.) af fé því, sem

norður- og austuramtinu var veitt til eflingar búnaði. Hann áleit, að ekkert væri annað betra að gera til þess að hækka verð ullarinnar, enn að *vanda* betur verkun hennar og meðferð; verkunaraðferðin, sem hér tíðkaðist, væri sú heppilegasta, ef hún að eins væri alstaðar eins og þar sem hún væri best, t. d. víða á norður- og austurlandi, og þaðan ættu aðrir að læra hana; og þar næst þyrftu kaupmenn jafnframt að gera hæfilegan verðmun á henni eptir gæðum. Aðalorsakirnar til verðlækkunarinnar væru: verslunarástandið, samfara óvandaðri verkun á ullinni, og svo samkeppnin frá Ástralíu o. v. Að öðrum kosti mundi hollast og framfaravænlegast að auka og bæta heimavinnuna og minnka kaup á útlendri dúkvöru. Annars vísum vér til fróðlegrar skýrslu um þetta efni eptir Kristján í Andvara.

Enn fremur er að geta *æðarræktarfélags* þess, er stofnað var árið áður af flestum ábúendum og eigendum æðarvarpsjarða í Barðastrandar-, Stranda-, Dala- og Snæfellsnessýslum. Mark og mið þess er, að efla æðarvarp á ýmsan hátt, svo sem með því, að leggjast á eitt með að eyða varpskemmdafuglum, hætta að taka æðaregg o. fl.; sótti það um 10000 kr. lán til þessa úr viðlagasjóði, með meðmælum amtsráðs og hlutaðeigandi sýslunefnda, og veitti þingið það fé með lögum, sem konungur staðfesti eptir árslokin (8. jan.).

Eitt félag var stofnað þetta ár, sem ætti að geta orðið að talsverðu liði fyrir landbúnaðarframfarir Íslendinga; það heitir *hið íslenska garðyrkjufélag;* var það stofnað í maí fyrir forgöngu Schierbecks landlæknis. Mark og mið þessa félags er, að efla og styðja garðyrkju hér á landi yfir höfuð, enn fyrst um sinn einkum að betri ræktun venjulegra garðávaksta og nokkurra *fóður*-jurta, svo sem kálrabís, túrnips, kartaflna o. fl. Þessum tilgangi sínum vill það fyrst og fremst ná með því að sjá um, að fræ fáist auðveldlega til útsæðis, og svo að útbreiða þekkingu á ræktun jurta og hver aðferð við hana komi að bestum notum, og enn fremur með því að veita verðlaun fyrir jurtir, sem best eru ræktaðar, og fyrir gott fræ, sem hér er

aflað. Þetta ár gat félagið að eins búið sig undir störf til næsta árs.

Annars brást garðyrkja þetta sumar víðasthvar með öllu sökum kulda og mikilla frosta; þannig mátti heita að frostnæturnar milli 11. og 12. og 13. ágúst dæi allur garðávöxtur út um allt suðurland. Hinar miklu og margvíslegu ræktunartilraunir Schierbecks landlæknis í Reykjavík hafa tekist miður enn vænta mátti, sökum kuldanna, enn gefa þó engu að síður góðar vonir um að margt megi rækta hér, sem áður hefir eigi reynt verið, og gæti orðið til stórgagns bæði til manneldis og skepnufóðurs.

Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. veitti landshöfðingi þetta ár þeim Lopti bónda Gíslasyni á Vatnsnesi í Árnessýslu og Finni Finnsyni, bónda á Finnsmörk í Húnavatnssýslu, 160 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í landbúnaði Þessi Loptur fékk og miklu fágætari heiðurslaun þetta ár fyrir jarðabætur á ábýli sínu, þar sem hann fékk vandaðan steinhring úr gulli að gjöf frá landsdrottni sínum.

Iðnaði landsmanna miðar lítið áfram; þó má þetta ár segja frá verulegum og lofsverðum tilraunum til eflingar og framfara í honum, þar sem eru ullarvinnuvélar þær, er Magnús Þórarinsson á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu fékk hingað til lands árið áður. Þær vóru 2: kembivél, er kostaði alls um 1700 kr. og gengur fyrir vatnsafli (¼ hestafls), og handspunavél, er kostaði 300 kr. og gengur hún fyrir eins manns handafli. Tilraunir hans heppnuðust vel; í kembivélinni, sem kembir og lopar ullina undir spunavélina, kembdi hann um veturinn (1884—85) 1800 pund ullar, enn spunavélin vann 400 pund þráðar; það, sem honum þótti mest ábótavant, var kembingin, með því að ein vél nægði ekki, heldur þarf ullin að ganga gegnum 4 vélar, til þess að vera svo vel kembd, sem þörf er á. Þessi kembivél gat þó með þessu lagi unnið 20 pund á dag af hreinni og vel undirbúinni ull, enn spunavélin spunnið 8—10 pund af meðalfínum fræði; enn báðar hefðu þær getað unnið meir með fyllri og betri útbúnaði. Það var hvorttveggja, að þetta var þörf og góð tilraun, enda lét og sýslunefnd Suðurþingeyinga það ásannast, er hún gekkst fyrir því að veita 1800 kr. lán þessum manni, sem hefir sjálfur

smíðað vandaða vél til að smíða kambavíra, og er enda mesti völundur. Þingið lét og sitt ekki eptir liggja, þar sem það veitti honum 500 kr. styrk til að fullkomna þessar tóvinnuvélar sínar, og efri deild þingsins samþykkti í þingsályktun það sem neðri deild hafði þó neitað: að veita honum þar að auki í sama tilgangi allt að 2500 kr. lán úr viðlagasjóði í 10 ár; enn þessa þingsályktun tók ráðgjafinn eigi til greina, eptir undirlagi landshöfðingja, sökum þess að «eigi væri hægt að veita slíkt lán úr viðlagasjóði, nema með því að taka af fé því, er búið væri að koma í ríkisskuldabréf». Þetta þótti kynlegt; enn bankastofnunin bætir líklega úr því tjóni, sem annars gæti af þessu leitt, svo að Magnús gæti fullkomnað vélar sínar, þvíað við þessa fyrstu tilraun sína stuðlaði hann að því, að þeir, er til hans náðu, gátu unnið mun betur og komið af miklu meira af vefnaði enn undanfarin ár, enda sóttu til hans allar nálægar sveitir með mestalla vinnuull sína, einkum til kembinga, og kostaði hún 33 au. fyrir ullarpundið ofan af tekið og greitt.

Verslun og vöruverð. Verslunin tókst fremur óhappalega þetta ár. Siglingar og viðskipti við erlendar þjóðir vóru að vísu álíka og undanfarið ár, eða jafnvel meiri, að því er fjárverslun snerti; enn það, sem bagaði helst, var hið lága verð í útlöndum á allri aðalvöru íslenskri, svo sem á fiski og ull, og svo fé því, er landsmenn sjálfir seldu í útlöndum. Þar á móti varð fjársalan til Skota, sem hér keyptu, hagstæð og góð, enn við það förguðu menn fremur til þeirra, sem von var, heldur enn að láta fé upp í kaupstaðarskuldir sínar til kaupmanna; hafa þær því almennt fremur aukist enn lækkað; enn við það hefir nú loksins komið tilfinnanlega í ljós sú eðlilega afleiðing, að þegar áður enn haustlestum var lokið og jafnvel um sumarið fór að brydda á matvöruskorti í mörgum kaupstöðum, og um haustið var matvörulaust í öllum kaupstöðum á vesturlandi að kalla mátti, og á austurlandi og á Eyrarbakka, enn skárra var þó á norðurlandi, þótt á því bólaði þar líka; urðu af þessu mestu vandræði og matvöruskortur manna á meðal. Á austurlandi bættu loks úr skipakomur frá Noregi, er hófust í desember, þegar síldin fór að veiðast mest. Á norðurlandi hjálpuðu

pöntunarfélögin. A pöntunarfélag Húnvetninga og Skagfirðinga er minnst í Fr. f. á. (bls. 22). Það fékk vörur til Sauðárkróks 21. júní frá Slimon á Skotlandi og átti virði þeirra að vera c. 70000 kr. Verðlag á þeim var heldur lægra enn árið áður, og miklu lægra enn í kaupstöðum, og svo vóru þær borgaðar með fé (sauðum, tvævetrum og eldri) um haustið, og var það tekið á 17—20 kr., svo að bændur biðu engan skaða við þá geysimiklu verðlækkun, er varð á fé í Englandi um haustið, er héðan af landi kom; enn hún stafaði af því, að um sumarið vóru fjarskamiklir hitar á Englandi og Skotlandi, þar sem íslenskt fé hefir verið selt undanfarin ár, svo að rófnaakrarnir, sem fénu eru ætlaðir til beitar á vetrum, skrælnuðu og urðu víða ónýtir. Af því leiddi, að innlendum fénaði var fargað miklu meira enn vant var. Enn fremur studdi að því, að mikið af kjöti var flutt frá Ástralíu til Englands og aðflutningur á lifandi fé frá Ameríku fer árvaksandi. Á þessu fengu Skotar, er hér keyptu fé, að kenna, og þá einkum Coghill, er keypti hér mjög margt fé fyrir sig og Slimon á Skotlandi; gaf hann hér frá 17—22 kr. fyrir sauði, enn í Englandi seldust þeir mjög illa; töpuðu þeir þannig stórfé á þessari verslun sinni þetta ár; og fyrir hinu sama urðu þeir Íslendingar, er sendu fé til Englands á eigin ábyrgð; þannig var um pöntunarfélag Þingeyinga og Eyfirðinga, er stofnað var 1881. Vörupantanir þeirra höfðu orðið miklu meiri enn áður, svo að félagið lenti í skuld við umboðsmenn sína, enn það stafaði af því, hve sauðir þess gengu illa í Englandi, og fékk það þó rúmar 11 kr. fyrir hvern þeirra að frádregnum öllum kostnaði, og reiddi því þess vegna best af, enda vóru sauðir þess metfé. Samt sem áður hefir vörupöntun þessara félaga gert stórgagn, þegar litið er á verðmun á hinum pöntuðu vörum og vörum í föstum verslunum; nemur munur sá til jafnaðar árlega frá 30—50%. Hagnaðurinn liggur og mjög mikið í því, að vöruverð lækkaði að stórum mun í föstum verslunum sökum pantananna, og er hann ekki talinn hér með, enda lendir hann mestur í vasa þeirra, er lítið eða ekkert eru við pantanirnar riðnir. Enn svo er aptur á móti kvartað yfir því,

að jafnframt hafi kaup á útlendum vörum, einkum munaðarvöru, aukist almennt nokkurn veginn að sama skapi sem verðið hefir lækkað, svo að verslunarútgjöld manna yfir höfuð hafi samt eigi minnkað; enn þar á móti hafi verslunartekjur flestra minnkað sökum hins sílækkandi verðs á innlendum vörum. Enn þetta er auðvitað ekki vörupöntununum að kenna í sjálfum sér.

Þetta var flutt út af aðalvörum íslenskum þetta ár: Ull 1463000 pund, saltkjöt 6000 tunnur, saltfiskur 31949 skippund, harðfiskur 644 skpd., tólg 123000 pd., sauðagærur 37400 (að tölu), lýsi 10600 tnr., og æðardúnn (hreinsaður) 7200 pd. (Sjá Fr. f. á. bls. 20).

Þessi skýrsla sýnir, að vöruflutningar héðan út hafa aukist frá því árið áður, nema á saltfiskinum, og stafar það af fiskleysinu. Ekki gekk betur enn áður með saltfisksölunа til Spánar, og var það eins og áður mest að kenna viðurkeppninni frá Frakklandi; svo þótti sunnlenskur fiskur slæmur, einkum af því, að þar var netafiskur saman við. Sunnlenskir kaupmenn og útvegsbændur fóru því að halda fundi sökum þessa um árslokin, og vóru gerðar samþykktir og samtök til að bæta fiskverkun og vanda útskipun og alla móttöku á fiski. Fyrir skippundið af stórum saltfiski fékkst á Spáni frá 50—53½ kr., enn 41—43 kr. af smáum, enn af öðrum vörum fékkst ytra: fyrir hvíta ull frá 54—64½ ey. (með umbúðum), mislita frá 45—48 au., fyrir saltkjöt (tn. = 224 pd.) frá 37—46 kr., fyrir harðfisk frá 110—150 kr., fyrir tólg frá 22—24 au., fyrir sauðagærur frá 3,75—4,10 kr. vöndullinn (= 2 gærur), og þóttu þær rýrar, sökum vorkuldanna. Æðardúnn var 18—19½ kr. pd. (umbúðalaust).

Verðlag á útlendum aðalvörum hér á landi var almennast þannig: 100 pd. af rúgi á 9 kr., af rúgmjöli 9,50—10 kr., af bankabyggi 13 kr., af baunum 12—13 kr., kaffipundið á 50—60 au., kandíssykur á 30—40 au., steinolía 16—28 au. Enn á innlendum vörum: skippundið af saltþorski 44—60 kr., af saltaðri ýsu og smáfiski 30—40 kr., af harðfiski 100—120 kr., þorsklýsistunnan 32 kr., pundið af hvítri ull 55—60 au., af

mislitri ull 40—45 au., af æðardún 18 kr., af söltuðum laksi 40—65 au.

Eins og áður er getið, keyptu Skotar og Englendingar hér margt fé, einkum austanlands og norðan; enn svo keypti og Coghill hér um allt land hross fyrir Slimon, eins og vant er, og gaf líkt fyrir þau og áður, enn tapaði einnig á þeim í Englandi. — Í sambandi hér við skal þess getið, að þetta sumar (22. ágúst) sendu 27 þingmenn þeim Slimon og Coghill ávarp í viðurkenningarskyni «fyrir framtakssemi þeirra og dugnað í að leita markaðar hingað og koma þannig á viðskiptum milli Íslands og Skotlands», og fyrir þau hlunnindi, er landinu hafa orðið að þessum viðskiptum í þau 15 ár, er þau hafa nú staðið.

Skipströnd urðu ekki mörg þetta ár. Norskt timburskip strandaði snemma í júní á Hvammsfirði, enn mannbjörg varð, og 15. sept. strandaði norskt vöruskip við Ísafjarðardjúp á leiðinni frá Ísafirði til Flateyrar, hlaðið kolum og fleiri vörum, og nokkrum fleiri hlekktist meira og minna á. Tvær franskar fiskiskútur strönduðu 30. apríl, og enn þá einhverjar fleiri, og ensk fiskiskúta strandaði við Sléttu um haustið, fisklaus; hún var seld með öllu fyrir 190 kr.

Þá er eptir að minnast á eitt atriði, er miðar til blómgunar á efnahag og velmegun þjóðarinnar, og það eru **bindindisfélögin.** Í Fr. f. á. bls. 14 er drepið á Goodtemplarsbindindið, er komst á á Akureyri. Þetta félag hefir útbreiðst mjög þetta ár; þannig vóru stofnaðar allfjölmennar deildir úr því á Ísafirði og víðar um vesturland, og af Akureyri var sendur maður, Björn Pálsson, frá félaginu þar suður til Reykjavíkur með Þingvallafundarmönnum, og stofnaði hann deild í Reykjavík; fékk þetta mál þar svo góðan byr, að þar vóru komnar á fót 3 deildir um árslokin, og vóru í þeim alls hátt á 3. hundrað manna af öllum stéttum; þaðan breiddist félagið út, fyrst til Hafnarfjarðar og síðan suður um öll suðurnes o. v., og auk vínbindindisins komst og jafnframt á sumstaðar (í Hafnarfirði) tóbaksbindindi, og jafnvel bindindi með fleiri munaðarvörur. Í Árnessýslu myndaðist og bindindisfélag all-

víðtækt, laust við þessa bindindisreglu, og nefndi það sig Bræðrafélag Árnessýslu; svo var og í Mýrasýslu o. v. Þannig hefir á þessu ári komist bindindi á víða um vesturland og suðurland, svo að nú má heita, að bindindisöld sé runnin upp yfir mestallt landið, og nú er full ástæða til að vona, að hér verði framhald á, enda gefur einkum fyrirkomulag Good-Templars-bindindisins góðar vonir í því efni, allra helst sökum hinna tíðu funda og samkvæma, er það hefir í för með sér, og að því leyti virðist, að það ætti að geta komist á og þrifist í hverjum kaupstað og þéttbyggðum sjóplássum; þetta sýndi það t. d. í Reykjavík, þar sem það mjög opt stofnaði til söngskemmtana, lét halda fyrirlestra og lesa upp þýðingar af útlendum skemmtisögum fyrir félagsmenn, og bauð jafnvel allopt öðrum bæjarbúum til áheyrnar, enda mátti heita, að það væru þær einu almennar opinberar skemmtanir í Reykjavík, sem það stóð fyrir, fyrir utan gleðileiki þá, sem bindindisfélag skólapilta hélt milli jóla og nýárs. Áhrif þessara bindindishreyfinga komu fram í ályktunum Þingvallafundar og komust jafnvel inn á alþing í frumvarpi um takmörkun á vínsölu, enn fékk þar samt óblíðar viðtökur hjá sumum þinggörpum neðri deildar, er fengu því í hel komið.

VII. Slysfarir og skaðar.

Snjóflóðið á Seyðisfirði og manntjón. — Eldsvoðar.

Slysfarir og skaðar urðu talsverðir og sumir á dæmalausan hátt, eins og hið voðalega **snjóflóð á Seyðisfjarðaröldu 18. febr.** Það kom kl. 8 um morguninn úr fjalli þar rétt fyrir ofan kaupstaðinn; vóru menn ekki almennt risnir úr rekkju; dimmdi svo yfir, þegar snjóflóðið féll, að sýnilegur munur varð á birtu í kaupstaðnum; sópaði flóðið 15 íveruhúsum að miklu leyti út á sjó eða skildi þau eptir mölbrotin í fjörunni auk fjölda úthýsa; urðu eitthvað um 80 menn fyrir flóðinu og létust þar af 24, enn margir limlestust að auki; var hryllilegt að koma þar að: úr öllum áttum heyrðist óp og vein, og menn komu

naktir alstaðar að um snjóinn. Helstur þeirra manna, er fórust, var cand. pharm. Markús lyfsali Ásmundsson Johnsen frá Odda (fæddur 1855); hann hafði fengið konungsleyfi 1883 til að setja lyfjabúð á Seyðisfirði og hafði þá nýlega lokið því, enn hún fór með öllu, er í var. Eignaskaðinn var alls metinn á 55600 kr. fyrir utan atvinnumissi og skuldir; misstu margir þar aleigu sína; var þegar gengist fyrir samskotum bæði um Ísland, Noreg og Danmörku, og safnaðist allmikið fé til styrktar hinum bágstöddu og húsvilltu, og forstöðunefnd hallærissamskotanna íslensku í Kaupmannahöfn sendi þangað 10000 kr. virði af þeim til úthýtingar. Alls vóru samskotin orðin um 14000 kr., er síðast fréttist, mest af austur- og norðurlandi, og allmikið frá Noregi. Manntjón og skaðar af snjóflóðum urðu annars víðar, einkum á austurlandi, og stafaði það af hinni áköfu fannfergju, sem að framan er lýst (bls. 24). Þannig tók snjóflóð bæinn Naustahvamm í Norðfirði 26. febr. um nóttina; urðu þar 9 menn fyrir því, og náðust 6 þeirra úr fönninni eptir 7 klukkustundir, enn 3 létust. Auk þess fóru víða peningshús og hjallar í snjóflóðum.

Annars konar slys bæði á sjó og landi, sem vér höfum af frétt, vóru: Í *jan.*: Um þrettándaleytið fórst bátur í fiskróðri með 4 mönnum á Ísafjarðardjúpi. 22. drukknaði vinnukona úr Reykjavík í lækjarsprænu milli höfuðstaðarins og Laugarneslauganna; hún kom frá þvottum og bar þvottinn, eins og vani er, enn örmagnaðist undir honum í læknum. 31. drukknaði maður í Úlfsdölum norður; var að setja bát undan sjó. S. d. varð maður frá Stóru-Ökrum í Blönduhlíð úti á heimleið af Sauðárkróki; hafði lagt drukkinn af stað. Í *febr.* varð Skaptfellingur einn úti í Skriðdal milli bæja, og í fyrstu viku góu fórst bátur úr fiskiróðri með 4 mönnum frá Hnífsdal við Ísafjörð, og 2 menn urðu úti milli bæja frá Hraundal á Langadalsströnd að Melgraseyri um sama leyti. 6. varð smali frá Draghálsi úti í Svínadal í Borgarfirði. 7. varð 15 vetra stúlka frá Bollastöðum í Flóa úti milli bæja; var að sækja mjólk. Í *mars* fórst bátur með 4 mönnum á leið frá Bjarneyjum til Stykkishólms. Í *apríl* varð óvanalegt slys, þar sem vinnu-

maður einn frá Siglunesi nyrðra skaut annan vinnumann á sama bæ til bana, óviljandi þó. 21. fór bóndi frá Brúnavík eystra á heimleið úr Borgarfirði í sjóinn fram af hömrum og drukknaði. Í *maí* (18.) drukknaði Ásmundur bóndi Sæmundsson frá Flögu í Þistilfirði í lendingu á heimleið úr kaupstaðarferð. Í *júní* (11.) fórst bátur með 6 mönnum frá Nýjabæ á Seltjarnarnesi; 2 þeirra náðust þó lifandi, enn annar þeirra létst samdægurs. 19. varð bóndi einn úti á Fjarðarheiði eystra; hafði lagt upp á hana ölvaður með 2 öðrum eins, enn þeir svo yfirgefið hann eða týnt honum. Í *ágúst* (1.) drukknaði bóndi einn í Hofsá í Skagafirði. 9. drukknuðu 2 menn af ferju á Lagarfljóti; hafði hún verið hlaðin mjög, enn stórveður á. 16. drukknaði Bjarni bókbindari (Skúlason læknis) Thorarensen í Markarfljóti; var á skemmtiferð með 10 öðrum, á heimleið af Þórsmörk, enn reið á undan ógætilega í ófæru. Í *september* (14.) létst maður voveiflega í Reykjavík af steinshöggi. Í *nóvember* (24.) vildi það slys til í Reykjavík, að ferðamaður að austan, Gottskálk bóndi Einarsson frá Sogni í Ölfusi, saup á karbólsýruflösku hjá kunningja sínum í misgripum fyrir brennivínsflösku og létst af því. Í *desember* (4.) varð bóndi einn úti á Hrútafjarðarhálsi, og rétt fyrir jólin annar ungur bóndi, milli Keflavíkur og Grindavíkur, ölvaður. 15. fórst bátur með 3 mönnum á heimleið frá Mjóafirði til Ísafjarðar. Um veturinn hrapaði maður úr Hergilsey fram af hömrum skammt fyrir innan Geirseyrarkaupstað og beið bana af. Um sumarið hrapaði og maður til bana úr Látrabjargi við fuglveiðar; báðir vóru þeir á unga aldri. — Nokkrar fleiri slysfarir kunna að hafa orðið, sem oss er eigi kunnugt um.

Slys og skaðar af eldsvoða vóru þó nokkrir þetta ár. 20. jan. kviknaði í sölubúð (Bráðræði) einni í Reykjavík, enn varð slökkt; húsið skemmdist þó mjög og vörur brunnu að mun. 12. mars kviknaði og í húsi því í Reykjavík, er hin nýja prentsmiðja Sigmundar Guðmundssonar var í; í húsinu varð slökkt, enn öll prentáhöld ónýttust af eldganginum. Sigmundur fékk sér ný og betri prentáhöld þegar aptur um sumarið, þvíað hin eldri höfðu verið vel vátryggð. 13. mars brann að

köldum kolum baðstofan á Víkingsstöðum í Vallanessókn með öllum þeim munum, er í vóru; þar á meðal geysimiklu af smíðatólum, er bóndinn, Sölfi smiður Jónsson, átti. Í september brann og bær og eldhús á Eyri við Skutulsfjörð með öllu, er í var. 3. okt. brann íbúðarhús á Auðnum á Vatnsleysuströnd, og brann þar inni eigandinn Magnús Þorkelsson, mesti dugnaðar- og merkisbóndi; annað fólk bjargaðist, enn fáum munum varð bjargað. Orsakir þessara eldsvoða eru óvísar.

VIII. Heilsufar og lát heldra fólks.

Heilsufar var gott yfir höfuð að tala þetta ár. Engar sóttir gengu, er höfðu nokkurn teljandi manndauða í för með sér.

Lát heldra fólks. Af embættismönnum í prestastétt létust 6; þeir vóru:

Arngrímur Bjarnason (prests Arngrímssonar á Melum í Borgarfirði), fæddur á Melum 7. júní 1804; útskrifaðist frá Bessastöðum 1825, enn var loks settur prestur á Stað í Súgandafirði 1849; ekki var honum þó veitt það brauð fyr enn 1852; þar var hann til 1863, er honum var veitt Álftamýri, og svo fékk hann loks Brjámslæk 1881, og 1884 fékk hann lausn frá prestskap. Hann lést 13. apríl.

Hákon (Jónsson sýslumanns) *Espólín*, fæddur í Þingnesi í Borgarfirði 1801; útskrifaðist 1821, og bjó svo sem bóndi á Ystu-Grund í Flugumýrarsókn um nokkur ár; vígðist (19. maí) 1834 sem aðstoðarprestur að Stærra-Árskógi og fékk veitingu fyrir því brauði 1838, og hélt því til 1861, er honum var veittur Kolfreyjustaður; þar var hann til 1874, er hann fékk lausn frá prestskap, og bjó síðan á Brimnesi í Fáskrúðsfirði til dauðadags. Séra Hákon var vel látinn og góður kennimaður; hann var talinn manna mestur veksti og sterkastur á Íslandi.

Jón Þórðarson (síðast prests að Mosfelli í Mosfellssveit Árnasonar), prófastur í Húnavatnssýslu og prestur að Auðkúlu frá því 1856, er hann vígðist þangað; fæddur 3. okt. 1826,

útskrifaður úr Reykjavíkurskóla 1849 og prestaskóla 1851 með 1. einkunn; var svo um 4 ár skrifari hjá Helga biskup Thordersen; prófastur var hann fleirum sinnum í Húnavatnssýslu, síðast frá 1881. Hann var merkisprestur, vel látinn og mikils metinn. Hann létst 13. júní.

Lárus Ólafur Þorláksson (síðast prests að Undirfelli Stefánssonar), settur prófastur í Vesturskaftafellsprófastsdæmi og prestur í Mýrdalsþingum, er hann vígðist til 1882; fæddur 18. febr. 1856 og útskrifaðist 1882 af prestaskólanum með 2. einkunn; létst 28. apríl úr brjóstveiki. Hann var efnilegur prestur og ljúfmenni.

Ólafur Einarsson (Jónssonar kaupmanns) *Johnsen,* uppgjafaprestur, riddari af dbr., síðast prestur á Stað á Reykjanesi frá 1840—1884; fæddur 8. jan. 1809 í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi; útskrifaðist úr heimaskóla hjá Árna stiptprófasti Helgasyni 1831 og frá Kaupmannahafnarháskóla 1837, og vígðist sama ár að Breiðabólsstað á Skógarströnd, er hann hélt til 1840; prófastur var hann í Barðastrandarsýslu frá 1861—1878. Hann var annar þjóðfundarmaður Barðstrendinga árið 1851. Hann andaðist 17. apríl. Hann var einn af helstu prestum þessa lands, mikill trúmaður og góður kennimaður, duglegur embættismaður, og héraðs-höfðingi.

Sveinbjörn Guðmundsson (hreppstjóra Torfasonar í Bæ í Borgarfirði), fæddur í Bæ 18. apríl 1818; útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1843; vígðist til Keldnaþinga (13. maí) 1847, fékk Kjalarnessping 1858, Kross í Landeyjum 1860, og Holt undir Eyjafjöllum (26. maí) 1874, og þar létst hann 15. maí. Hann þótti góður kennimaður og embættismaður.

Aðrir embættismenn önduðust eigi hér á landi þetta ár, enn hér má nefna 2 íslenska menn, er önduðust í embættum erlendis; þeir vóru:

Jón Constant Finsen, dr. med., sonur Ólafs yfirdómara Hannessonar biskups Finnssonar; útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1848, tók embættispróf við Kaupmannahafnarháskóla 1855 og varð þá héraðslæknir á Akureyri til 1867, er hann fluttist til Danmerkur og varð héraðslæknir í Örsted á Jótlandi og síðan

stiptslæknir á Lálandi og Falstri 1875. Hann varð doctor med. 1874 fyrir ritgerð sína: Iagttagelser angaaende Sygdomsforholdene i Island. Þar að auki ritaði hann ýmislegt í dönsk tímarit, einkum áhrærandi sullaveikinni á Íslandi. Hann andaðist 12. okt., 58 ára gamall. Hann var heppinn læknir, einkum við sullaveiki hér á landi, og duglegur embættismaður, vinsæll og höfðinglyndur. — Hinn var:

Oddgeir Stephensen etatsráð, kommandör og riddari af dbr. og dbr.m., sonur Björns Ólafsonar stiptamtmanns Stefánssonar. Hann var fæddur 27. maí 1812, útskrifaðist úr heimaskóla af Árna Helgasyni 1831, og varð kandídat í lögfræði 1842. Síðan var hann nokkur ár í rentukammerinu og því næst skrifstofustjóri í hinni ísl. stjórnardeild í Kaupmannahöfn, er hún var stofnuð 1848, og formaður hennar 1852 til dauðadags; auk þess varð hann formaður fyrir 2. deild dómsmálastjórnarinnar dönsku 1858. Hann dó 5. mars. Þannig átti hann um langan aldur mikinn og eflaust mikilsverðan þátt í yfirstjórn helstu íslenskra mála. Hann var talinn einkar-ættrækinn og vinfastur, og vel leikinn og lipur í embættisfærslu sinni. Hann átti þátt í útgáfu Lagasafnsins íslenska með Jóni heitnum Sigurðssyni. Hann var og einn af þeim, er gáfu út Ný Félagsrit, nokkur fyrstu árin; sjálfur skrifaði hann að eins nokkrar greinir í dönsk og íslensk blöð.

Af kaupmannastétt hér andaðist einn merkur maður: *Hannes* (Steingrímsson biskups) *Johnsen*, fæddur 22. maí 1809 að Lambhúsum á Álptanesi, og var hann einn af hinum mörgu heldri manna sonum, er útskrifuðust úr heimaskóla hjá Árna stiptprófasti Helgasyni; paðan útskrifaðist hann 1830, og tók síðan að lesa læknisfræði við Khafnarháskóla, enn varð að hætta sökum sjúkleiks; varð hann síðan verslunarstjóri í Reykjavík um nokkur ár, og hóf þar síðan sjálfur verslun, er hann rak um 50 ár. Hann andaðist 16. nóv. Hann var vel látinn af hverjum manni.

Af bændastétt hafa þessir látist helstir, sem vér þekkjum til:

Ásgeir Einarsson (dbrm. og bónda Jónssonar í Kolla-

fjarðarnesi í Strandasýslu), alþingismaður, dbrm. og bóndi á Þingeyrum í Húnavatnssýslu, fæddur 23. júlí 1809; bjó fyrst í Kollafjarðarnesi, enn fluttist síðar að Þingeyrum, og þar reisti hann úr steini veglegustu bændakirkju á landinu, með miklum kostnaði og fyrirhöfn; hann var yfir höfuð mesti rausnar- og dugnaðar-bóndi. Hann var sem þingmaður Strandamanna á fyrsta ráðgjafarþingi voru, og síðan á þeim flestum og á öllum löggjafarþingum vorum, optast fyrir Strandamenn. Á síðasta þingi var hann með mjög veikum burðum, enn áhuginn á þingmálum var þó svo eldfjörugur hjá honum, jafnvel þá er hann gat ekki staðið á fótum fyrir sjúkleik, að hann var sífellt að tala um þau, og hann kvaðst jafnvel heldur láta bera sig á þing, enn að geta ekki verið þar, þegar ganga skyldi til atkvæða í stjórnarskrármálinu, til þess að greiða atkvæði sitt með henni. Hann lézt 15. nóv.

Filippus Þorsteinsson, dannebr.m., lengi bóndi á Bjólu í Rangárvallasýslu, létst snemma í mars 84 ára gamall. Hann var dugnaðarbóndi og máttarstoð sveitar sinnar, enda vel fjáður maður.

Páll Vigfússon (síðast prests að Ási í Fellum, Guttormssonar), cand. phil., ritstjóri blaðsins Austra; fæddur 1851, útskrifaður úr Reykjavíkurskóla 1873 með 1. einkunn; sigldi sama ár til háskólans í K.höfn, enn varð að hverfa heim næsta ár við lát föður síns, og annast bú með móður sinni; síðast bjó hann á Hallormsstað. Hann lézt úr brjóstveiki 16. maí. Hann var mikill framkvæmdar- og framfaramaður og einn hinn mesti héraðshöfðingi á austurlandi.

Af *merkiskonum*, er látist hafa þetta ár, vóru helstar:

Anna Margrét Bjarnardóttir (Ólsens frá Þingeyrum), ekkja Jósefs heitins Skaptasonar, héraðslæknis í Húnavatnssýslu († 1875). Hún var fædd í febr. 1814 og létst í febr. (14.?) þetta ár að Hjallalandi í Vatnsdal. Hún var talin sóma- og rausnarkona, enda miklum mannkostum búin.

Guðný Einarsdóttir (Helgasen), kona séra Sveins Skúlasonar í Kirkjubæ í Hróarstungu; hún var fædd 23. sept. 1828 og létst 12. nóv. í Reykjavík, þar sem hún var að leita sér lækninga. Hún var mikilhæf rausnar- og ágætiskona.

IX. Menntun og menning.

Skólar og kennsla. — Menntafélög og bókmenntir. — Ýmiss konar vísindalegar framkvæmdir o. fl.

Þingið tók nú upp aptur frumvarpið um stofnun *landsskóla* á Íslandi, enn nefndin (L. E. Sveinbjörnsson, Benedikt Kristjánsson og Einar Ásmundsson), er í það var sett í efri deild, lagði það til að fella það, enn samþykkja í þess stað frumvarp um stofnun *lagaskóla* á Íslandi, er hún kom fram með. Þetta hvorttveggja gekk að óskum, enn allt fyrir það heyrðist ávæningur um, að stjórnin mundi enn þá einu sinni neita því; enn ekki var neitt orðið endilegt um það um árslokin.

Við *háskólann* tóku þetta ár 2 Íslendingar embættispróf: Pálmi Pálsson meistarapróf (Magisterconference) í norðurlandabókmenntum (21. maí), og Sigurður Þórðarson (Guðmundssonar) í lögfræði með 2. einkunn (15. júní). Heimspekipróf við háskólann tóku allir (8) þeir íslenskir stúdentar, er siglt höfðu árið áður (4 með ágætiseinkunn).

Af *prestaskólanum* útskrifuðust 2 (eldri deildin): Ólafur Ólafsson og Pálmi Þóroddsson, báðir með 1. einkunn (43 tr.). Enn þangað komu 12 um haustið í viðbót við 10, er fyrir vóru, og urðu nemendur þar því fleiri enn nokkru sinni áður. Einn af þeim, sem viðbættust, Jón Bjarnason Straumfjörð, hafði eigi lögskipað stúdentspróf, enn hafði í þess stað fengið konungsleyfi til að ganga á prestaskólann. Kennaraskiptin þar eru áður nefnd (bls. 18).

Af *læknaskólanum* útskrifaðist einn: Ólafur Guðmundsson (prófasts Einarssonar) með 1. einkunn, og sigldi hann samsumars, eins og fyrirskipað er. Enn 3 bættust við um haustið við 7, er fyrir vóru.

Heimspekipróf tóku 15 presta- og læknaskólamenn eða allir nemendur við þessa skóla, er því áttu ólokið (4 með ágætiseinkunn, allir af prestaskólanum).

Burtfararprófi úr *lærða skólanum* náði 21. Ágætiseinkunn (105 st.) fékk einn (Jón Steingrímsson), 1. aðaleinkunn 9: Ólafur

Pálsson (102), Adolph Nicolaisen (100), Andrés Gíslason (98), Jón Arason (97), Ólafur Petersen (95), Ríkarður Torfason (93), Árni Bjarnarson (92), Magnús Magnússon (91), Magnús Bjarnarson (86); 2. aðaleinkunn 7: Pétur Hjaltested (79), Lárus (Hákonarson) Bjarnason (78), Björn Gunnlaugsson Blöndal (77), Einar Friðgeirsson (75), Þórður Ólafsson (72), Þórður Jensson (69), Guðlaugur Guðmundsson (65); 3. aðaleinkunn 4: Gísli Einarsson (45), Ólafur (Stefánsson) Stephensen (45), Sigurður Jónsson (45), og Þorsteinn Bergsson (43). Einn piltur stóðst eigi prófið. Af þessum sigldu 8 sama ár til háskólans í Khöfn, 10 fóru á prestaskólann, 2 á læknaskólann. 10 af þessum stúdentum höfðu verið sagðir úr skóla fyr og síðar síðasta veturinn, og útskrifuðust því sem utanskólasveinar, enn höfðu allir lesið 2 vetur undir burtfararpróf frá því er þeir tóku fyrra hluta þess (4. bekkjar próf), eins og ráð er fyrir gert, enda hefir enginn fengið 2 síðustu árin leyfi til að lesa undir það á einum vetri, sem veittist nokkrum (5) svo auðveldlega árið 1883; þess hafa eigi heldur beiðst nema einir 3 síðan. Við árslokin vóru skólapiltar alls 114, og auk þeirra 12, sem höfðu sagt sig úr skóla um haustið (úr 1. bekk 5, úr 3. bekk 1, úr 4. bekk 2, úr 6. bekk 1, og svo 3, er áður höfðu farið burt), og lesa þeir heima til prófs. Um kennaraskipun er áður talað (bls. 18).

Af *Möðruvallaskólanum* er eigi annað að segja þetta ár enn kennaraskiptin (bls. 18) og að hann er langt frá því að vera fjölsóttur.

Alþýðuskólinn í Flensborg eflist töluvert; þannig færði þingið upp styrkinn til hans, svo að hann nú á að verða 2500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, þar sem hann þetta árið var 1600 kr. Þó fer aðsóknin lítið vaksandi og er miklu minni enn hún ætti að vera og gæti verið.

Alþýðuskólinn á Akureyri stóð með blóma þetta ár, enda fékk hann 600 kr. styrk úr landssjóði; þar vóru 25 nemendur, þar af 6 úr Eyjafjarðarsýslu, enn 19 úr Þingeyjarsýslu; enn útlit var fyrir, að nemendum fækkaði þar næsta vetur. Annars eru Suðurþingeyingar að koma upp hjá sér alþýðuskóla í

Hléskógum í Grýtubakkahreppi, og hafa fengið til þess 1500 kr. lán úr viðlagasjóði.

Fjárveitinguna til *kvennaskóla* færði þingið úr 3000 kr. upp í 3600 kr. á ári fyrir næsta fjárhagstímabil. Námsmeyjafjöldi í kvennaskólum þeim, sem stofnaðir eru (í Reykjavík, á Ytriey og Laugalandi), var líkur og að undanförnu.

Búnaðarskólamálum miðaði lítið áfram, þótt menn óski þess, eins og líka þörf er á. Það var einna helst, að búnaðarkennslustofnunin í Ólafsdal var af landshöfðingja eptir tillögu amtsráðsins í vesturamtinu gerð að *búnaðarskóla fyrir vesturamtið* (19. okt.), og skyldi til hans varið 3880 kr.; þar af 2450 kr. til meðgjafar með 11 námspiltum, er þar ætluðu að verða næsta ár, og 800 kr. til launa handa forstöðumanninum, Torfa Bjarnasyni, og 350 kr. til aukakennara. Sökum fjárskorts urðu eigi þær umbætur gerðar á húsrúmi skólans, er með þurfti, né neinu öðru.

Búnaðarskólinn á Hólum, er Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur eru 2 einar orðnar saman um, hefir lítið eflst þetta ár, og á erfitt uppdráttar sökum fjárskorts. Hann má þó heita kominn á fastan fót. Þar vóru 10 nemendur þetta ár, enn 8 var synjað viðtöku sökum húsrúmsleysis, sem enn hefir eigi orðið ráðin bót á; ákveðið er, að námspiltar úr þeim 2 sýslum þurfi ekkert að gefa með sér í skólanum. Sýslunefndir beggja sýslnanna hafa kosið 3 menn í skólastjórn, er hafa skulu yfirstjórn í öllum málum skólans, og hún samdi og fékk samþykkta reglugerð um skyldur og réttindi skólastjóra og skólastjórnar. Hún skal og á hverju vori taka út skólabúið á Hólum; það átti 12. maí að frádregnum skuldum 7513 kr. 95 au., og hafði það grætt síðastliðið ár 905 kr. 15 au.

Þótt Eyjafjarðarsýsla hafi enn þá hikað sér við að ganga í félag við Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur um Hólaskóla, eins og hún hafði dregist á (sbr. Fr. 1883 bls. 50), þá hefir samt ekki orðið af því, að hún sameinaðist við Þingeyjarsýslu um skólastofnun, eins og komið hefir til mála.

Búnaðarskólinn á Eiðum, sem báðar Múlasýslurnar hafa stofnað og halda við, er enn þá styttst á veg kominn af bún-

aðarskólunum, eptir því sem sést og heyrst hefir, enda er hann yngstur þeirra. Af honum hafa farið litlar aðrar sögur, enn þær, að báðar sýslunefndir Múlasýslnanna héldu fund að Eiðum 9. sept., og þar var borið upp til atkvæða, hvort skólanum skyldi haldið áfram og það samþykkt með því skilyrði, að reglugerð skólans skyldi breytt, og var svo til þess kosin þriggja manna nefnd. 2 piltar útskrifuðust þaðan þetta vor, og vóru þeir hinir fyrstu. Þá vóru eptir 3, enn svo bættust við 11 nýsveinar um haustið, enda var ákveðið, að námsveinar þyrftu ekkert að gefa með sér þetta ár, enn árið á undan hafði meðgjöfin með hverjum þeirra verið 60 kr. og fyrsta árið var hún ákveðin 100 kr. Fleiri höfðu nú æskt viðtöku, enn fengu eigi sökum rúmleysis. Áhöfn jarðarinnar hafði og aukist að nokkrum mun, svo að útlit er þó fyrir, að skólinn leggist eigi niður fyrst um sinn, þótt fé skorti einnig þar tilfinnanlega.

Í Fr. f. á. (bls. 36) var drepið á þref það, er varð milli sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu og Björns búfræðings Björnssonar út úr eignarhaldi á jörðinni Hvanneyri í Borgarfirði fyrir búnaðarskóla. Eptir allmikla vafninga lyktaði því máli svo, að Þórður bóndi Þorsteinsson á Leirá keypti jörðina Hvanneyri til handa sýslunefndinni af Birni búfræðing fyrir 16000 kr., auk kirkjuportíónar á 3. þúsund kr., og var jörðin þar með fengin til að stofna þar búnaðarskóla, og síðan veitti landshöfðingi 19. okt. sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu 1200 kr. lán til bráðabirgða úr viðlagasjóði til þeirra kaupa. Seinna lét sýslunefnd Borgfirðinga með samþykki amtsráðs Sveini búfræðing Sveinssyni eptir kaupin á jörðinni með sömu kjörum, og þeim skilmála þar að auki, að hann yrði búinn að koma þar upp búnaðarskóla fyrir lok ársins 1888.

Sem eins af því, er gert hefir verið til að efla búnaðarþekkingu Íslendinga þetta ár, má geta þess, að um haustið vakti hið danska búnaðarfélag máls á því við landshöfðingja, hvort eigi mundi mega efla framfarir í búnaði á Íslandi með því, að íslenskum mönnum gæfist kostur á, að fara til Noregs og læra þar *verklegan búnað hjá bændum* á hagkvæmum og vel setnum jörðum, þannig, að staða þeirra, er því vildu sæta,

yrði sem vinnumanna í Noregi, án þess þó þeir fengju laun, og yrðu því að kosta sjálfir föt handa sér og annað, sem húsbændur eigi leggja vinnumönnum til í Noregi. Námstíminn áætlaður 2 ár. Þessi aðferð hefir verið reynd í Danmörku og gefist vel. Búnaðarfélagið lofaði jafnframt að útvega námspiltunum góða og hentuga verustaði í Noregi, og láta þá fá nokkur búnaðarrit, gefa þeim vitnisburðarbréf, er námi væri lokið, og þar að auki veita 2 fátækum efnilegum bændasonum íslenskum 100 kr. styrk hvorum á ári til ferðarinnar til Noregs og verunnar þar. Landshöfðingi leitaði álits amtmanna um þetta 2. nóv., enn þeir höfðu eigi gert uppskátt álit sitt, er þetta var skrifað.

Barnaskólum fjölgar árlega og þrífast þeir vel. Þingið jók styrkinn úr landssjóði ríflega til þeirra; þannig veitti það 3000 kr. árlega til þeirra fyrir næsta fjárhagstímabil, þar sem það þetta árið hafði að eins veitt 2000 kr., enn batt styrknotin sama skilyrði og áður (að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna enn helmingur móts við styrkinn úr landssjóði. Sama gildir og um kvennaskóla og alþýðuskóla, að undanteknum Flensborgarskóla). Sérstaklega verður hér að minnast á stofnun barnaskóla í Haukadal í Dýrafirði þetta ár; stofnuðu hann 4 búlausir menn og byggðu af eigin efnum vænt timburhús fyrir hann. Mestan þátt í því átti barnlaus maður, Andrés skipstjóri Pétursson. — Barnaskóli Reykjavíkur mun öflugastur og fjölsóttastur allra barnaskóla á landinu, eins og eðlilegt er. Stuðlar auðvitað meðfram að því hið ágæta steinhús, er honum var byggt 1883; þar vóru þetta ár um 150 börn um haustið.

Þá er að minnast á *sjómannaskóla*. Það hefir lengi verið ósk manna, að fá innlenda kennslu í sjómannafræði, helst með því, að stofnaður væri sjómannaskóli hér á landi. Þessar óskir hafa farið vaksandi með vaksandi þörf. Enn svo kom stofnun reglulegs sjómannaskóla til aðgerða þingsins, og varð minna úr enn menn væntu; þó veitti það í fjárlögunum 1886—87 «til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík» 1200 kr. fyrra árið, og 1000 kr. síðara árið, þar af til kennara 600 kr. og

til námspilta 200 kr. styrk á ári. Landshöfðingi veitti svo Markúsi Bjarnasyni, skipstjóra í Reykjavík, 100 kr. til «að byrja kennslu í sjómannafræði í Reykjavík».

Í fyrra árs fréttum (bls. 26) er drepið á *sundkennslu* í Reykjavík. Sundfélagið hélt henni og áfram þetta ár, og notuðu hana allmargir, einkum unglingspiltar, enn daufur virtist þó áhugi manna á að færa sér hana í nyt, jafnvel þótt nógur tími og tækifæri væri fyrir marga. Auðvitað hamlaði reyndar nokkuð ófullkominn útbúnaður, svo sem sundlaugin sjálf að nokkru leyti, og tjaldskrifli eitt til skýlis á bakkanum, enn einkum þó ógreiðfær og langur vegur til aðsóknar að lauginni. Á ógreiðfæri vegarins verður ráðin bót með veggerð þeirri, sem að framan er nefnd (bls. 21).

Menntafélög og bókmenntir. Fyrst skal minnst á *bókmenntafélagið*. Reykjavíkurdeildin gaf fátt út af bókum þetta ár og bagaði féleysi, svo að alþingi hækkaði landsfjárstyrkinn til hennar upp í 1500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, þar sem hann þetta ár og nokkur undanfarin var 1000 kr., enn um leið lögbatt þingið deildina til að gefa út sýslumannaæfir Boga Benediktssonar, er deildin hafði orðið sökum féleysis að hætta við í miðju kafi að gefa út. Þetta ár komu frá deildinni að eins ársbækur hennar: Fréttir frá Íslandi 1884 og Tímaritið (6. ár). Hafnardeildin gaf út eins og venjulega: Skýrslur og reikninga fyrir 1884, og Skírni. Auk þess gaf hún út Skýrslu um handritasafn bókmenntafélagsins, II. Á bókmenntafélagið nú eptir henni alls 1550 handrit (1217 í Khöfn, og 333 í Reykjavík). Svo lét og þessi deild endurprenta kvæði Stefáns prests Ólafssonar (I. bindi).

Þjóðvinafélagið gaf út margar og þarfar bækur þetta ár. Þær vóru: ársrit þess Almanakið og Andvari 11. ár með ýmsum góðum og gagnlegum ritgerðum, t. a. m. meðal annars um veggerð á Íslandi, skýrsla frá Niels Hovdenak, þeim er fenginn var hingað til að kenna að leggja hér vegi (sjá Fr. f. á. bls. 10). Enn fremur gaf það út «Sparsemi» eptir Samuel Smiles, nytsama bók og góða. Loks kostaði það að nokkru leyti og gaf út bók, er hét Dýravinurinn, gefin af «dýraverndunarfélagi *danskra*

kvenna», með laglegum smásögum, er eiga að innræta mönnum viðbjóð við illri meðferð á skepnum og aptur á móti vekja tilfinning fyrir rétti þeirra. Félagsmönnum fjölgar ár frá ári; þeir vóru þetta ár milli 1200 og 1300 (bókmenntafélagið hefir um 800). Við byrjun ársins átti það í sjóði rúmar 1100 kr. auk talsverðra bókaleifa. Annars er mjög langt liðið síðan skýrslur hafa sést frá því á prenti. Þingið veitti Þjóðvinafélaginu 300 kr. á ári af landsfé fyrir næsta fjárhagstímabil.

Fornleifafélagið gaf út árbók sína fyrir árin 1884—85, með allfróðlegum ritgerðum.

Hið íslenska þjóðfrelsisfélag, sem nefnt var í Fr. f. á. bls. 13. byrjaði á að gefa út Lagasafn handa alþýðu; kom út eitt hepti með stöðulögin, stjórnarskrána frá 1874, kosningalögin og sveitastjórnarlögin. Auk þess ætlaði það að byrja á tímariti þetta ár, enn ekki varð af því né af neinum öðrum framkvæmdum af þess hálfu.

Tímaritið *Iðunn* hélt áfram að koma út (í 40 örkum) og var í því, eins og áður, talsvert af skemmtisögum, bæði þýddum og frumrituðum, og nokkuð af fræðandi ritgerðum.

Blöð komu út hin sömu og áður og með sömu ritstjórn, nema Norðanfari gamli gafst upp á miðju ári (29. ágúst); var það 24. ár hans. Undir lok ársins skipti Þjóðólfur um eigendur og ritstjóra: Jón Ólafsson hætti, enn við tók Þorleifur Jónsson cand phil. frá Stóradal í Húnavatnssýslu. Við lát Páls Vigfússonar ritstjóra Austra tók Sigurður Jónsson verslunarstjóri á Vestdalseyri við ritstjórn blaðsins. Boðsbréf gengu um árslokin að blaði, er koma skyldi út á Akureyri eptir áramótin og átti að heita Norðurljós, og að öðru blaði, er koma átti út á Ísafirði næsta ár; höfðu Ísfirðingar fengið sér prentáhöld um haustið.

Nýjar bækur hafa hér eigi komið margar út þetta ár, er mikils sé um vert. Þessar má helstar nefna:

Í *guðfræði:* 2. hepti (10 arkir) af almennri kirkjusögu eptir forstöðumann prestaskólans Helga Hálfdánarson, og nær það að miklu leyti allt fram undir lok 7. aldar, og Prédikanir Péturs biskups Péturssonar, 3. útgáfa.

Í *málfræði:* síðasta heptið af orðsafni dr. Jóns Þorkelssonar rektors (válað — øxnadraumr). Er þessari söfnun því lokið og heitir: Supplement til islandske Ordbøger, anden Samling, og er hún viðbót við hinar norrænu orðbækur eptir Fritzner og Cleasby-Vigfússon (Guðbr.); hefir þetta orðsafn verið að koma út með skólaskýrslum á hverju ári síðan 1879, og er það alls XX + 639 bls. Það tekur yfir 5 aldir (1300—1700) og hefir höf. notað við það hátt á annað hundrað heimildarrita. Þess hefir verið minnst með miklu lofi í

ýmsum útlendum blöðum og tímaritum, sænskum og þýskum, af merkum vísindamönnum, og þar á meðal segir próf. dr. Fr. Zarncke í blaði sínu Lit. Centralblatt nr. 18. 1885, er gefið er út í Leipzig á Þýskalandi, meðal annars þetta um það: «— Bókin þarf að sjálfsögðu ekki sérstaks lofs frá oss: vandvirkni og hin djúpa þekking hins lærða höfundar er þegar fyrir löngu kunn, og hvar sem litið er í þessa orðbók, sést nýr vottur um þessa eiginleika hans. Enginn, sem stundar fornnorrænu, getur verið án þessarar orðbókar, og hver, sem notar hana, mun, eins og vér vitum af reynslu, senda höfundinum í anda marga þakkarkveðju til hins fjarlæga eylands hans». — Þá kom og út Forníslensk málmyndalýsing eptir háskólakennara í Khöfn, dr. Ludv. F. A. Wimmer, þýdd úr dönsku af stud. mag. Valtý Guðmundssyni. Bókin er talin ágæt til að efla rétta þekking á íslenskri tungu, enn því miður þykir hún varla við alþýðuhæfi.

Í *læknisfræði* má geta um: Hjálp í viðlögum, bók eptir þýskan lækni, dr. Esmarch, íslenskaða og lagaða eptir þörfum Islendinga af dr. J. Jónassen. Bæklingur þessi þykir ómissandi fyrir hvert heimili að minnsta kosti, þvíað í honum eru ráðleggingar um, hvernig að skuli fara, þegar menn slasast, til þess að bæta úr því, eða haga að minnsta kosti hjálp sinni svo, að illt verði eigi gert verra, þangað til í lækni næst, ef með þarf, og þar að auki ýmsar varúðarreglur og leiðbeiningar, er snerta viðhald á heilsu og lífi.

Í *skáldskap* verður ekkert talið frumsamið, nema ef vera skyldi Ljóðmæli eptir Gísla Thorarensen, fyrrum prest á Stokkseyri († 1874); þó þykja þau, að undanteknum fáeinum fyndnikvæðum, ekki mikilsverð. Sömuleiðis hafa líka komið þetta ár eins og optar nokkrar ómerkilegar riddarasögur (sagan af Villifer frækna, af Marsilius og Rósamundu o. fl.); enn þeirra er að eins getandi til viðvörunar, þvíað þær gera ekkert annað enn spilla smekk manna, og þar á ofan eru þær laklega útgefnar. Öðru máli er að gegna um þýðingu þá, er Eiríkur Magnússon M. A., landi vor í Cambridge, gaf út af einu af hinum heimsfrægu leikritum Shaksperes: The Tempest (Stormurinn), ásamt frumtekstanum, með fróðleiksmiklum og góðum skýringum, og geta menn því tekið miklum framförum í enskri tungu á því að lesa þær með tekstanum og þýðingunni, og skilið leikritið vandlega. Framan við þýðinguna er: «úr æfi Shaksperes», og mynd af honum. Bæði þýðinguna og frumtekstann gaf meistari Eiríkur út á eigin kostnað, og er slíkt sérstaklega nefnandi sökum þess, að hér á landi sést bók nú varla öðruvísi útgefin enn með landsfjárlaunum, þótt bókin gangi mjög vel út meðal almennings.

Þá er að geta um *Kirkjusöngsbók* með 4 röddum eptir Jónas Helgason organista við dómkirkjuna í Reykjavík. Í henni eru 122 sálmalög eða öll þau lög, sem eru í sálmabók vorri frá 1871. Hún þykir mikilsverð bók fyrir kirkjusöng vorn og mjög þörf, þar sem hljóðfærum fjölgar svo mjög í kirkjum um allt land.

Af bókum, sem erlendis hafa komið út þetta ár og snerta Ísland, má nefna 4. bindi af *Norges gamle Love indtil 1387*, udgivet ved Gustav Storm; þar er Jónsbók prentuð eptir 4 skinnhandritum frá byrjun og fyrri hluta 14. aldar, mjög vandlega, og til grundvallar er lagt nr. 3268 qv. í konungsbóksafninu í Khöfn frá byrjun 14. aldar. Enn fremur hefir «félagið til útgáfu norrænna fornrita» fengið hjá bókmenntafélaginu nokkur eintök af Reykholtsmáldaga og gefið út með þeim nákvæmar og vandaðar skýringar og athuganir á honum eptir ýmsa fræðimenn, þar á meðal dr. Björn M. Ólsen í Reykjavík. Þá hefir og prófessor Eduard Sievers, þýskur maður, skrifað bragfræði Eddukviðanna og lagað tekstann dálítið eptir því. Annar þýskur maður, Jos. C. Poestion, hefir og ritað stóra bók um Ísland, er hann nefnir: Island, das Land und seine Bewohner; það er lýsing á landi og þjóð, rituð með velvild og furðanlega rétt, þar sem höf. hefir þó aldrei komið hingað og orðið því að styðjast við annara frásagnir, enda kennir þess á stöku stað. Hann hefir áður ritað ýmislegt um Ísland til að vekja athygli manna á því á Þýskalandi, og lagt út á þýsku bæði «Pilt og stúlku» (sjá Fr. 1883, bls. 60) og ýmsar betri þjóðsögur vorar; bókmenntafélagið gerði hann og að heiðursfélaga þetta ár í viðurkenningarskyni. Sama vináttu- og sanngirnis-þel til Íslendinga er í bók um Ísland, sögu þess, bókmenntir o. fl. eptir dr. Ph. Schweitzer, þýskan mann, er ferðaðist hér um land sumarið 1883 (sbr. Fr. 1883, bls. 60). Bókin heitir: Island, Land und Leute (Ísland: land og þjóð), og er allvel samin, þótt höf. vanti auðsjáanlega nægа reynslu á þjóð vorri og þjóðlífi og sjálffengna þekkingu á bókmenntum vorum. Öðru máli er að gegna um ferðabók («Reisebilder aus Island», ferðasögur frá Íslandi) eptir annan þýskan mann, Konrad Keilhack, er ferðaðist hér sama sumar. Hann vantar alla þekkingu og hæfileika til að geta dæmt rétt um þjóðina og þjóðlífið; bókin er því full af misskilningi og jafnvel óhróðri um einstaka menn, t. d. fylgdarmann hans og ýmsa presta; þannig kvartar hann yfir því, hversu dýr allur ferðagreiði sé hér, og hversu ragir(!) Íslendingar séu að ferðast. Hinn góðfrægi Íslandsvinur dr. Konr. Maurer tók svari voru og leiðrétti ósannindin hjá Keilhack. Þessi Keilhack er jarðfræðingur, og gerði dágóðar athuganir viðvíkjandi jarðfræði landsins. Sama og í ferðabók Keilhacks

brennur við í «Breve fra Ultima Thule», ferðabók eptir Tromholt þann, er hér dvaldi veturinn 1883—84 til þess að rannsaka hér norðurljós. Aptur á móti lýsir Arthur Feddersen, sá er ferðaðist hér til að skoða laksveiðar vorar, þjóð og þjóðháttum furðu rétt í ferðabók sinni: «Paa islandsk Grund», og er mjög sanngjarn við oss og góðviljaður.

Ýmiss konar vísindalegar framkvæmdir. Af ferðum þeirra Þorv. Thoroddsens og Sigurðar fornfræðings Vigfússonar er eigi mikið að segja þetta ár. Þorv. Thoroddsen fór enga rannsóknarferð um landið, enn fékk um vorið styrk af landsfé (hjá ráðgjafa Íslands), til að ferðast suður um Evrópu allt suður á Ítalíu, sér til fróðleiks og gagns fyrir jarðfræðisrannsóknir sínar. Sigurður Vigfússon fór í þetta sinn um Rangárvallasýslu og vesturhluta Skaptafellssýslu, einkum til að rannsaka nákvæmlegar enn áður ýmsa sögustaði úr Njálu og fullvissast um árangurinn af ferð sinni þangað 1883, og varð því þessi ferð aðeins viðbætir við þá ferð (sbr. Fr. 1883 bls. 53—54), enn með því að það vóru eigi nein mikilvæg atriði, sem ljósari urðu, þá getum vér þeirra eigi hér, enda koma þau síðar út í Árbók Fornleifafélagsins. Hér skal og minnst á það helsta, er þingið gerði til eflingar vísindalegu lífi. Það veitti Páli Briem cand. juris 2000 kr. styrk fyrir 1886 til að stunda íslensk lög að fornu og nýju, mest sökum hinnar fyrirhuguðu lagaskólastofnunar hér. Þorv. Thoroddsen veitti það og styrk í sama tilgangi og áður, að því viðbættu, að hann enn fremur safnaði til jarðfræðislýsingar Íslands. Enn fremur veitti þingið málflutningsmanni Páli Melsted 1800 kr. laun á ári sem sérstökum kennara í sagnfræði við latínuskólann, enn hann sleppti jafnframt málflutningsstörfunum, svo að hann gæti betur iðkað sagnfræði og ritað söguritgerðir. — *Fyrirlestrar* ýmislegs vísindalegs efnis vóru haldnir í Reykjavík mjög margir þetta ár. Fyrstur hélt dr. Grímur Thomsen fyrirlestur (17. febr.) um gagnsemi klassiskrar menntunar. Allmikil nýung þótti fyrirlestur, er cand. juris Páll Briem hélt til ágóða fyrir Thorvaldsensfélagið (kvennfélag) í Reykjavík, um *kvennfrelsi*, og var honum vel tekið. Hann var síðan prentaður (Sig. Kristjánsson, bóksali í Rvík). Þessir vóru helstir fyrirlestrar, enn alls vóru þeir milli 10 og 20.

Málverkasafni fyrir Ísland var komið á fót þetta ár; hafði cand. juris Björn (Stefánsson) Bjarnarson farið þess á leit við ýmsa málara á norðurlöndum og höfðingja, að þeir gæfu Íslandi málverk til að koma þar upp málverka- eða myndasafni. Þetta bar þann ávöxt, að hann fékk á skömmum tíma safnað um 40 stórum olíumyndum af ýmsum sérstökum lífsháttum manna, merkum viðburðum og stöðum, þar á

meðal af stöðum á Íslandi, mikil smilldarverk. Meðal þeirra, sem gáfu, var konungur vor og krónprinsinn. Einar 11 af þeim komust til Reykjavíkur um sumarið og vóru þar til sýnis um tíma á hverjum degi í barnaskólahúsinu, enn vóru svo fluttar í lestrarsal alþingishússins, þegar barnaskólinn var settur, og urðu eigi sýndar eptir það. Sökum húsrúmsleysis geta þessar fögru gjafir því eigi notið sín og bætt smekk og fegurðartilfinningu manna.

* * *

Þetta ár var sálmaskáldi voru Hallgrími Péturssyni († 1674) reistur *minnisvarði* úr íslenskum steini, með hörpu ofan á eptir danskan mann; hann er 10 álna hár, og stendur norðanhallt við dómkirkjudyrnar í Reykjavík. Hann var reistur með almennum samskotum, er þeir gengust fyrir dr. Grímur Thomsen og Snorri Pálsson verslunarstjóri og eptir dauða hans Tryggvi Gunnarsson. Framan á varðann var höggvið: Hallgrímur Pétursson | 1614—1674. | Fyrir blóð lambsins blíða | búinn er nú að stríða | og sælan sigur vann. | P. s. 25. 12. Dr. Grími Thomsen var síðan veittur styrkur af landsfé til að gefa út kvæði séra Hallgríms.

X. Íslendingar í Ameríku.

Þetta ár fluttust til Ameríku eitthvað um 120 menn, eða heldur í færra lagi, í samanburði við meðaltal af flutningum til Ameríku í skýrslu þeirri, er kom í Stjórnartíðindunum 1884 fyrir árin 1873—1880, þvíað á þeim tíma hafa alls fluttst vestur 2713 Íslendingar, þar af 811 börn, yngri enn 10 ára, 601 milli tvítugs og þrítugs og 165 yfir fimmtugt, og ferðakostnaður þeirra er áætlaður samtals 450000 kr. eða um 163 kr. á mann, og svo þar að auki aukakostnaður ásamt fatnaði og farangri, svo sem 70 kr. á mann. Allmjög þótti bera á því þetta ár, að menn strykju héðan frá skuldum, eða sökum annars klandurs. Yfir höfuð leið Íslendingum vestra allvel í aðalbyggðum þeirra; þeir vóru þar að ganga í söfnuði, og reyna að fá sér prestsþjónustu. Séra Jón Bjarnason, er var kominn aptur til þeirra, vakti hjá þeim áhuga í þá stefnu, og hann lét boðsbréf ganga fyrir árslokin að kirkjulegu tímariti, er nefnast skyldi Sameiningin. Leifur hélt áfram að koma út, þótt stjórnin í Canada hætti að kaupa hann, og ritstjóri hans valdi nýja byggð fyrir Íslendinga í «norðvesturlandinu», er hann nefndi Þingvelli.

FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI

1886

EFTIR

JÓN STEINGRÍMSSON

STUD. THEOL.



Reykjavik.

Prentaðar í Ísafoldarprentsmiðju.

1887.

I. Löggjöf og landsstjórn.

Undirbúningur undir aukaþingið og kosningar. — Aukaþingið. — Lög samþykt af aukaþinginu og staðfest af konungi þetta ár. — Lög samþykt af þinginu 1885 og staðfest þetta ár. — Þingsályktanir aukaþingsins (Spánarfiskur og Fensmarksmál). — Fyrirspurn á aukaþinginu (landsbankinn). — Verðlagsskrár. — Dómar í einka- og sakamálum. — Embættaskipanir o. fl.

Eins og getið er um í Fr. f. á. (bls. 11) hafði konungur leyst alþingi upp 2. nóvember og fyrirskipað nýjar alþingiskosningar 1.—10. júní þ. á. og stefnt alþingi saman til aukaþings 28. júlí, sökum stjórnlagabreytingar þeirrar, er samþykt var á alþingi 1885. Svo sem við mátti búast var þegar um veturinn tekið *að ræða um kosningarnar og störf aukaþingsins* í blöðum vorum, sem öll, nema blaðið Fróði, vóru stjórnlagabreytingunni hlynt og héldu því fram þeim þingmönnum til endurkosningar, sem fylgt höfðu stjórnarskrárbreytingunni árið áður, enn lögðu móti þeim, er móti höfðu mælt og réðu til að velja þá eina í þeirra stað, er fylgja vildu þessu frumvarpi, helst óbreyttu. Hins vegar risu þá upp nokkrir, er óskuðu breytinga á því, og var dr. Grímur Thomsen helstur þeirra. Þorkell prestur Bjarnason vildi alls engar stjórnlagabreytingar nú, sökum kostnaðarins, er af þeim hlytist í því harðæri, sem yfir stæði, og Arnljótur prestur Ólafsson ritaði og ákaft í blaðið Fróða móti frumvarpinu; þennan flokk fyltu og margir æðstu embættismenn landsins, þó að þeir létu það ekki opinberlega í ljós, og Arnljót gerði stjórnin að konungkjörnum þingmanni 24. febr. í stað Péturs biskups, er beðist hafði lausnar frá þingsetu, enda hafði Arnljótur greitt atkvæði á móti frumvarpinu á þingi 1885. — Snemma um vorið var farið að halda undirbúningsfundi undir kosningar í hér-

uðum og urðu einhverjir slíkir fundir nálega í hverju kjördæmi landsins og allvíða fleiri enn einn; kom það þá þegar í ljós, að allur þorri manna hneigðist helst að því, að haldið yrði fram frumvarpi alþingis 1885 óbreyttu á aukaþinginu; þó vóru þeir nokkrir, er fylgdu hinum stefnunum: að breyta frumvarpinu eða fella það alveg, þeir samt fleiri og merkari, er breytinga óskuðu. Síðan fóru kosningar fram á ákveðnum tíma, og geta menn séð á eftirfarandi samanburði á sókn manna á kjörfundi, hve miklu meiri áhuga menn sýndu nú í því efni enn þegar kosningar fóru síðast fram (1880); talan aftan við nöfn þingmannanna táknar atkvæðafjölda þann, er hver fékk, og nöfn hinna nýju þingmanna eru prentuð með skáletri, enn þeir urðu alls 15 eða helmingur hinna þjóðkjörnu og flestir ungir menn og lítt reyndir í þjóðmálum. Af þjóðkjörnum þingmönnum á þingi 1885 var því helmingurinn (15) endurkosinn, 8 vildu eigi gefa sig aftur við þingmennsku og hafði einn þeirra (Tryggvi Gunnarsson) greitt atkvæði móti frumvarpinu 1885 og ritað móti því í Fróða. Af þjóðkjörnum þingmönnum á þingi 1885 höfðu einir 5 (Arnljótur, Halldór Kr. Friðriksson, Tryggvi, Þorkell Bjarnason og Þorsteinn kaupmaður Thorsteinsen af Ísafirði) greitt atkvæði móti frumvarpinu; hinir 3 buðu sig nú aftur fram til þingmennsku og var þá einum þeirra (Þorst. Thorsteinsen) snúinn hugur og lofaði hann fylgi við frumvarpið, enn þeim var öllum hrundið við kosningarnar; 2 öðrum þingmönnum (Eiríki próf. Kúld og Jóni próf. Jónssyni í Bjarnanesi), er fylgt höfðu frumvarpinu, var og hafnað fyrir öðrum 2 eindregnum fylgismönnum þess, og einn þingmaður (Ásgeir Einarsson) var dáinn. Í 16 kjördæmum (eða öllum nema Snæfellsness-, Dala-, Stranda-, Suðurþingeyjar- og Vestmannaeyja-sýslu) höfðu fleiri (1, 2 og 3) enn þeir, er kosningu náðu, boðið sig fram til þingmennsku á kjörfundi: vóru sumir þeirra hlyntir breytingu á frumvarpinu frá 1885, enn þeir urðu alstaðar undir fyrir þeim, er því vildu fylgja óbreyttu að þessu sinni, nema í Borgarfjarðarsýslu; og í Reykjavík komst að það þingmannsefnið, er ekkert vildi segja um frumvarpið sjálft, enn kvaðst aðhyllast stefnu þess, fyrir öðrum tveim, þar sem annar var á móti frumvarpinu og stjórnarskrárbreytingum yfir höfuð, enn hinn eindreginn fylgismaður frum-

varpsins. — Þessir menn áttu samkvæmt kosningaúrslitunum setu á aukaþinginu:

A. Þjóðkjörnir:

	Kjósendur á kjörfundi 1880:	1886:
Fyrir Reykjavík: dr. med. *Jónas Jónassen* (82)	84	124
— Gullbr. og Kjósars.: Þórarinn próf. Böðvarsson (146) og *Jón* alþýðuskólastjóri *Þórarinsson* (143)	164	239
— Borgarfjarðarsýslu: dr. Grímur Thomsen (30)	70	44
— Mýrasýslu: *Árni* prestur *Jónsson* (54)	56	61
— Snæfellsnessýslu: *Sigurður* sýslum. *Jónsson* (86)	194	86
— Dalasýslu: Jakob prestur Guðmundsson (85)	25	88
— Barðastr.sýslu: *Sigurður* próf. *Jensson* (24)	32	41
— Ísafjarð.sýslu: *Sigurður* prestur *Stefánsson* (68) og *Gunnar* bóndi *Halldórsson* (50)	63	70
— Strandasýslu: *Páll* prófastur *Ólafsson* (25)	42	25
— Húnavatnss.: Eiríkur dósent Briem (97) og kand. *Þorleifur Jónsson* ritstj. (83)	115	133
— Skagafj.sýslu: *Ólafur* stúdent *Briem* (102?) og Friðrik bóndi Stefánsson (75)	108	110
— Eyjafj.sýslu: Jón bóndi Sigurðsson (193) og Benedikt sýslum. Sveinsson (190)	81	229
— Norðurþingeyjarsýslu: *Jón* bóndi *Jónsson* (36)	59	58
— S.þingeyjars.: Benedikt próf. Kristjánsson (89)	95	89
— Norðurmúlas.: *Einar* sýslum. *Thorlacius* (82) og Þorvarður læknir Kjerulf (65)	96	100
— Suðurmúlas.: Jón bæjarfulltrúi Ólafsson (134) og *Lárus* prestur *Halldórsson* (101)	43	140
— Austurskaftafs.: *Sveinn* prestur *Eiríksson* (49)	49	82
— Vesturskaftafs.: Ólafur bóndi Pálsson (42)	67	77
— Rangárvallas.: Sighv. bóndi Árnason (104) og *Þorvaldur* bóndi *Björnsson* (61)	88	108
— Vestm.eyjas.: Þorsteinn bóndi Jónsson (24)	30	24
— Árnessýslu: Þorlákur bóndi Guðmundsson (108) og Skúli bóndi Þorvarðarson (77)	57	108

B. Konungkjörnir:

Þeir voru hinir sömu og 1880, þar eð kjörtími þeirra var eigi á enda fyr enn eftir aukaþingið, með þeim breytingum, er síðan höfðu smámsaman á orðið, nl. Jón Pétursson háyfirdómari (1.), Magnús Stephensen landshöfðingi (2.), Árni Thorsteinsen landfógeti (3.). Lárus Sveinbjörnsson yfirdómari (4.), Hallgrímur Sveinsson dómkirkjuprestur (5.) og Arnljótur Ólafsson prestur (6.).

Bæði á kjörfundum og eftir þá höfðu hinir kosnu þingmenn allvíða *fundi* með kjósendum sínum og var þar alstaðar uppi látið að fylgja helst stjórnlagabreytinga-frumvarpi alþingis 1885 óbreyttu á aukaþinginu og álitið sjálfsagt, að jafnframt yrðu samin ýms fylgilög við frumvarpið, svo sem kosningalög, launalög hinnar fyrirhuguðu landsstjórnar, ráðgjafaábyrgðarlög. Fá önnur mál komu til umtals.

Aukaþingið var sett 28. júlí, eins og til stóð, og vóru allir þingmenn til þings komnir. Allar vóru kosningar teknar gildar og komu þó kærur fram gegn kosningunum í Reykjavík, Gullbr.- og Kjósarsýslu og Árnessýslu, enn þingið sampykti að senda þær forsetaveginn til landshöfðingja til frekari rannsókna eða áminninga til kjörstjórna um betra lögfylgi og löghlýðni, því að mikið þótti á bresta í því efni, einkum í Árnessýslu. Forseti neðri deildar varð Jón bóndi Sigurðsson frá Gautlöndum, enn forseti efri deildar Árni landfógeti Thorsteinson og forseti sameinaðs þings Benedikt sýslumaður Sveinsson. Stjórnin lagði ekkert frumvarp fyrir þingið né sendi því nokkur skeyti. Enn þingmenn komu fram með 22 lagafrumvörp (af þeim voru 11 samþykt sem lög, 5 tekin aftur og 6 feld), 12 tillögur og ályktanir (af þeim voru 5 samþ., 4 teknar aftur, 2 feldar og 1 óútrædd), og 3 fyrirspurnir (allar leyfðar, enn rökstuddar dagskrár út af þeim vóru 2 feldar enn 1 samþykt). Þingmál urðu alls 43.

Þinginu var slitið 26. ágúst; höfðu 23 fundir verið haldnir í hvorri deild, og 3 í sameinuðu þingi. Ekki sendi þingið konungi ávarp að þessu sinni. Kostnaðurinn við aukaþingið varð alls 17496 kr. 6 au.

Af lögunum, sem samþykt vóru nú, skulu talin:

1. Stjórnarskipunarlög um hin sérstaklegu málefni Íslands;

þau vóru samþykt óbreytt eins og þingið 1885 hafði skilið við þau. Í báðum deildum vóru settar nefndir í þau, enn þær réðu til að samþykkja þau óbreytt að þessu sinni, þrátt fyrir hina konunglegu auglýsingu frá. 2. nóvbr. f. á. Landshöfðingi hélt sér til hennar fyrir stjórnarinnar hönd (sjá Fr. f. á., bls. 11), enn taldi auk þess ýmsa galla á frumvarpinu, einkanlega ýmsa bága við stöðulögin 2. jan. 1871, svo að það aldrei mundi verða staðfest. Nokkrar breytingartillögur við það komu að eins frá einum þingmanni (dr. Grími Thomsen), er var frumvarpinu samþykkur að öðru leyti; enn þær vóru allar feldar. Að síðustu greiddu atkvæði í móti því í neðri deild: dr. Grímur Thomsen og dr. Jónas Jónassen; hann talaði þó ekkert móti frumvarpinu. Í efri deild greiddu atkvæði móti því: allir (4) konungkjörnir þingmenn, er atkvæðis gátu neytt, nema Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson, er einnig hafði greitt atkvæði með því fyrra árið; þó komu engar breytingartillögur við það frá hendi mótmælenda þess í efri deild. Á sama hátt gekk fylgilögum stjórnarskipunarlaganna, enn þau vóru:

2. Lög um kosningar til alþingis (hlutfallskosningar um land alt á 12 þingmönnum til efri deildar, enn einfaldar kosningar í 24 kjördæmum á 24 þingmönnum til neðri deildar).

3. Lög um ráðgjafa-ábyrgð.

4. Lög um laun nýrrar landsstjórnar samkvæmt stjórnskipunarlagafrumvarpinu. (Landsstjóri skyldi fá 15000 kr. árslaun og leigulausan bústað, hver ráðgjafi 6000 kr. á ári og hver skrifstofustjóri hjá þeim 3000 kr. og til skrifstofukostnaðar á ráðgjafaskrifstofunum alt að 8000 kr. árlega).

5. Lög um afnám embætta (landshöfðingja, landritara, landfógeta og amtmanna; »enn fremur skulu versleg störf greind frá biskupsembættinu«. Niðurskipun á störfum þessara embætta var frestað, enn hinni nýju landsstjórn samkvæmt stjórnskipunarlagafrumvarpinu gert að skyldu að »leggja fyrir hið fyrsta reglulega alþingi, er kemur saman eftir að hin endurskoðuðu stjórnskipunarlög hafa öðlast gildi, frumvarp til laga um skipun framkvæmdar- og umboðsvaldsins«). Staðfesting allra þessara fjögra síðast töldu laga var bundin staðfestingu stjórnskipunarlaganna, enn 29. sept. félst konungur eftir tillögu ráðgjafans á,

»að téð frumvarp . . . hlyti ekki staðfestingu konungs« samkvæmt ástæðunum og ummælunum í auglýsingunni frá 2. nóv. f. á.; vóru þau þá öll úr sögunni. Menn vóru alment við þessum málalokum búnir. — Dönsk blöð höfðu töluvert minst á frumvarp þetta, bæði þetta og fyrirfarandi ár, og kröfur Islendinga, og tóku blöð »vinstri manna« yfir höfuð vel undir þær, enn blöð »hægri manna« fremur þunglega. Málið komst og til umræðu í ritstjórnargreinum í heimsblaðinu Times í Lundúnum, Le Temps, einu helsta blaði Frakka, og New York Herald, mesta blaði Bandamanna í Vesturheimi, og var alstaðar vel tekið í málið að því er Íslendinga snerti og kröfur þeirra álitnar sanngjarnar og eðlilegar. »Hægri menn» í Danmörku kunnu því illa og sendu mótmælagrein til Times. Annars var hér á landi eigi mikið rætt né ritað opinberlega um þetta mál eftir þessi úrslit það sem eftir var ársins.

Enn 4. desember staðfesti konungur þessi lög frá aukaþinginu:

6. *Lög um prentsmiðjur.* Hið mikilvægasta, er þessi lög skipa fyrir um, er, að hér eftir eru allar prentsmiðjur, sem eru og verða hér á landi, »skyldar að láta landsbókasafninu ókeypis í té 2 eintök og amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi sitt eintakið hvoru af hverju því, sem prentað er, hvort heldur er smátt eða stórt, svo og hinni konunglegu bókhlöðu í Khöfn 2 eintök, er annað sé á skrifpappír, og háskólasafninu eitt eintak«. — Frumvarp til þessara laga hafði verið falt í efri deild 1885, en var borið þá fyrst upp í neðri deild af Jóni Ólafssyni.

7. *Lög um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskveiðar á opnum skipum 14. des. 1877.* Með þeim var 7. gr. þeirra laga úr gildi numin, og í hennar stað mælt nákvæmar og rýmra fyrir um það, er *fiskveiðasamþyktir megi kveða á um*, svo sem: 5—500 kr. sektir fyrir samþyktarbrot, »að öll veiðarfæri, er brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþyktar, megi skipaðir umsjónarmenn upp taka og í land flytja án úrskurðar yfirvalds«, og enn fremur, að afli, fenginn með ólöglegri veiðiaðferð, skuli upptækur. Lögreglustjóri má og úrskurða, að þannig upptekin veiðarfæri séu höfð í haldi með nákvæmari fyrirmælum í því efni. — Til-

efni til þessara laga má telja deilur þær, er urðu um veturinn ('86) út af fiskveiðasamþyktinni fyrir Faksaflóa, og verður síðar skýrt frá henni nákvæmar.

8. *Lög um breyting á lögum 8. janúar 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufélögum til æðarvarpsræktar.* Lögin frá 8. jan., er samþykt vóru á alþingi 1885, kváðu svo á um, að »sýslunefndunum í Snæfellsness-, Dala-, Barðastrandar- og Strandasýslum sem og Mýra- og Ísafjarðarsýslum, ef þær beiðast þess veitist samtals alt að 10,000 kr. lán úr viðlagasjóði til eflingar æðarvarpsræktar«. Þessum fyrirmælum var þegar á aukaþinginu breytt þannig, að »í stað sýslunefndanna . . . veitist lánið amtsráði vesturamtsins. Skal það verja því til að eyða flugvargi þeim, er æðarfugli grandar á Breiðafirði og við Strandaflóa, samkvæmt reglum þeim, er *æðarræktarfélagið* á Breiðafirði og við Strandaflóa« (sjá Fr. frá f. á., bls. 33) »setur og amtsráðið samþykkir«. Orsök breytingarinnar var samkomulagsleysi sýslnanna um skiftingu lánsins m. fl.

9. *Lög um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Höfðahús í Suðurmúlasýslu* fyrir 1000 kr. samkvæmt lögunum 8. nóvbr. 1883, 2. og 3. grein.

Við árslok var ekki útséð um afdrif tveggja þeirra laga, er aukaþingið sendi frá sér: um löggildingu (7) nýrra verslunarstaða og um afnám svonefndra Maríu og Péturslamba.

Af lögum þeim, er þingið 1885 samþykti og óstaðfest vóru þá við árslokin (sjá Fr. frá f. á., bls. 11) hlutu þessi

8. janúar staðfestingu konungs:

16. *Lög um hluttöku safnaða í veitingu brauða.* Með þeim er sú breyting gerð, að hér eftir tekur söfnuður hvers óskipaðs prestakalls í þjóðkirkjunni þátt í veitingunni þannig, að »um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal« á fundi fyrir alt prestakallið »öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspilt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru fullra 25 ára, þegar kosningin fer fram, og hafa kosningarrétt á safnaðafundum samkv. lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882«; þó »skal landshöfðingi« áður »velja 3 af umsækjendum til kosningar, þegar fleiri enn 3 hafa sótt um embættið«, og »má á sama hátt velja 2« úr »til kosningar, hafi að eins 3

slíkir menn sótt um brauð«; samt verður »að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrétt hafa, að hafa tekið þátt í kosningunni og einhver af umsækjendum að hafa hlotið að minsta kosti helming atkvæða þeirra, er greidd hafa verið«, til þess að »honum verði gefið veitingarbréf af hlutaðeigandi stjórnarvaldi« og eigi séu aðrir gallar á, því »ella skal við veiting embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rétt sé«; »hafi ekki nema einn sótt um brauðið, skal leita tillögu safnaðarins um, hvort hann heldur kjósi, að brauðið verði veitt þessum eina umsækjanda eða prestsþjónusta í brauðinu verði fyrst um sinn falin á hendur nágrannaprestum, verði því viðkomið eða settur verði prestur til að þjóna brauðinu til bráðabirgða, geti hann fengist«. Lög þessi öðluðust gildi við árslokin (1. jan. 1887).

17. *Lög um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir.* Þær eru 17 alls í viðbót við þær 17, er þingið og konungur hafði áður leyft að selja með lögum 8. nóv. 1883, og er með þessum nýju lögum fært niður söluverð einnar jarðarinnar í þeim lögum (Víkur í Dyrhólahreppi, er nú má seljast fyrir 6000 kr., áður fyrir 7370 kr. minst); fer um söluna samkvæmt þeim (sjá Fr. 1883. bls. 11). Af öllum þessum þjóðjörðum, sem leyft hefir verið að selja, hafði kaupbréf verið gefið út fyrir 5 (Grund í Svínadal, Þverá í Kleifahreppi, Hlíð í Leiðvallahreppi, Arnarnesi í Eyjafjarðarsýslu og Orrastöðum í Húnavatnssýslu) við árslokin, enn þar að auki hafði um sömu mundir verið leitað samþykkis ráðgjafans til að selja aðrar 8 (og vóru 7 þeirra úr þessum lögum), enn þá var eigi lengra komið.

18. *Lög um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufélögum til æðarvarpsræktar.* Beiðnin sprottin frá æðarræktarfélaginu við Breiðafjörð og Strandaflóa (sbr. 9. bls., nr. 8).

Og 19. febrúar:

19. *Lög um utanþjóðkirkjumenn.* Þau eru í 3 köflum (sjá Fr. f. á., bls. 23), og er aðalefni þeirra, að »rétt er að veraldlegir valdsmenn gefi hjón saman, og hefir slíkt hjónaband fulla löghelgi, þótt kirkjuleg vígsla eigi komi til, ef annaðhvort hjónaefna eða bæði eru utan þjóðkirkju; hjónaband

þeirra verður og löglegt, ef einhver þjóðkirkjuprestur, sem í embætti er, vígir þau«; þau verða áður að skýra frá trú sinni og í hverjum trúbrögðum börn þeirra skuli uppfræða; »ekki má uppfræða börn í öðrum trúbrögðum enn þeim, er annaðhvort foreldra hefir, eða að öðrum kosti í trú þjóðkirkjunnar«. Enn fremur getur kirkjufélag hér á landi utan þjóðkirkjunnar, er kýs sér prest eða forstöðumann, leitað staðfestingar konungs á kosningunni, og fái það hana, þá »hafa kirkjuleg embættisverk þau, er sá prestur fremur fyrir utanþjóðkirkjumenn, þar á meðal hjónavígsla, alla hina sömu borgaralegu þýðingu, sem væru þau af þjóðkirkjupresti framin«. Um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna er svo ákveðið, að »allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir kgl. staðfesting, skulu lausir við gjöld fyrir aukaverk, svo og offur, lambseldi, dagsverk, ljóstoll og lausafjártíund til kirkna og presta þjóðkirkjunnar. Þeir, sem ekki eru í neinu slíku kirkjufélagi, eru aftur á móti eigi undan þegnir nokkru lögboðnu gjaldi til prests og kirkju«.

20. *Lög um friðun á laksi.* Með þeim eru numin úr lögum ákvæðin í Jónsbókar landsleigubálki 56. kap. um veiðar í ám, sem og viðaukalögin 11. maí 1876 um friðun á laksi (sjá Fr. 1875, bls. 30–31). Lög þessi eru til orðin (sbr. Fr. f. á., bls. 31) sökum breytinga þeirra, er orðið hafa á laksveiðinni hér á landi, síðan laks fór að ganga sem verslunarvara að mun, í þeim tilgangi að auka laksgengdina og jafnframt gera laksveiðina arðsamari og hagkvæmari, bæði með tvöföldum friðunartíma, þar sem annar nær yfir 9 mánuði á ári, enn veiðitíminn er aðeins 3 mánuðir á sumrin, sem færist þó til eftir þeim reglum, er sýslunefnd setur í héraði hverju, enn hinn er 36 stundir í viku hverri á veiðitímanum eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og með því, að meiri hluti veiðieigenda í laksgengri á getur nú ráðið því að ganga í félag um veiðina til að koma á meiri friðun enn til er tekið í lögunum og veitt á hentugri hátt og heppilegri enn áður, meðan hver veiddi út af fyrir sig, þar sem sýslunefndir geta nú sett um það reglugerðir sem um annað, er nauðsyn þykir til bera að kveða skýrara á um, enn í lög-

unum er gert. Feddersen, sá er hér ferðaðist um 1884 og aftur þetta ár að undirlagi alþingis til að skoða laksvötn og laksveiðar, var spurður ráða af stjórninni áður enn hún staðfesti frumvarp þetta og lagði hann ekki á móti staðfestingu þess, þótt honum þætti því í sumu ábótavant; þannig þótti honum betur farið, ef 36-stunda-friðunin hefði ekki verið fastsett milli laugardaga og mánudaga, heldur falin sýslunefndum til ákvörðunar, eins og hinn friðunartíminn; hefði sá friðunartími og gjarnan mátt vera lengri: frá 36 til 48 stundir, eins og er á Englandi; smálaks (í 5. gr.) væri of óákvarðað; ef með því orði væri átt við unglaks á 2. ári, ætti það vel við. Enn aðalgallinn þótti honum sá, að selur væri ekki gerður alveg ófriðhelgur, þar sem sagt er (í 4. gr.): »þó má ekki raska (með selaskotum) þinglesinni friðun eggvera og selalátra, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta«, því að sel þyrfti algerlega að eyða, til þess að koma laksveiðinni upp. Enn fremur þótti honum vanta ákvörðun um það, hversu stór opin skuli vera á veiðivélunum, er opnar skulu standa þessar 36 stundir, til þess laksinn komist óhindraður, og að bann vanti gegn því, að hræða þá laks upp í ár.

21. *Lög um friðun hvala.* »Allir hvalir, nema tannhvalir og smáhveli, svo sem hnýsur, höfrungar og marsvín, skulu friðhelgir fyrir alls kyns skotum hvervetna í landhelgi . . . frá 1. maí til 31. okt. ár hvert, nema í ísvök sé, fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Eigi má heldur hvali skjóta á öðrum árstíma á fjörðum eða vogum meðan síldveiði er þar stunduð. Enn reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagjárnum, enn eigi með skotum«.

Við árslok vóru því óstaðfest frá því þingi: lög um fjárforræði þurfamanna, um fiskveiðar í landhelgi og um stofnun lagaskóla á Íslandi, og var alment talið úti um þau.

Þar á móti gaf konungur út *tilskipun* 4. desbr. (út af þingsályktuninni árið áður, sjá Fr. f. á, bls. 12, 7. tölul.) um að »konum sé heimilt með sömu skilmálum og lærisveinum hins lærða skóla í Reykjavík að ganga undir árspróf 4. bekkjar og eins undir burtfararpróf skólans. . . . Konur eiga enn fremur rétt á að njóta kenslunnar« og ganga undir burtfarar-

próf við læknaskólann, »ef þær fullnægja að öðru leyti skilyrðunum fyrir því«, enn þær mega samt »að eins að nokkru leyti njóta kenslunnar« í prestaskólanum eftir nákvæmari reglum, er Íslands ráðgjafi setur um það, og eins geta þær að eins »lokið námi sínu þar, með því að ganga undir sérstakt próf í guðfræði«, er ráðgjafinn einnig skipar fyrir um. »Próf þau við prestaskólann, er fyrirskipuð eru í sálfræði og hugsunarfræði, eiga námskonur rétt á að ganga undir«. Enn með þessum prófum »öðlast konur engan aðgang að embættum né heldur rétt til að njóta góðs af tyrktarfé« til presta- og læknaskólans, og »mega heldur eigi stíga í stólinn«.

Þessar vóru helstar þingsályktanir, er aukaþingið samþykti:

1. »Alþingi ályktar að skora fastlega á stjórn H. H. konungsins að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins með því nú þegar að gera þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að tollmunur sá, landinu og verslun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk þangað fluttan frá Íslandi og þar verkaðan og sem um undanfarin ár hefir valdið landsbúum ærnu fjártjóni, verði sem allra fyrst af numinn«. Þingið hafði í fyrra sumar samþykt áskorun til ráðherrans sama efnis, enn enginn hafði árangurinn sést, og nú komu til aukaþingsins bænaskrár þessa efnis úr fjölda mörgum hreppum og kaupstöðum um alt land og frá íslenskum kaupmönnum flestum bæði á Íslandi og í Kaupmannahöfn, og vóru alls um 1600 manna skrifaðir undir þær; var í bænaskránum tollhækkun sú, sem þegnar Danakonungs þurfa að gjalda umfram þegna annara ríkja af innfluttum fiski til Spánar talin 5 kr. 50 au. af skippundinu, og tjón það, er Ísland, sem harðast yrði úti sökum þessa, hefði beðið, væri um 100,000 kr. á ári nú í síðustu ár; þetta væri því tilfinnanlegra, sem fiskurinn hefði verið í lágu verði og fremur lítið fiskast þessi ár. Þetta stafaði allt af samningsleysi Danastjórnar við Spánverja, enn ríkisþingið í Danmörku hafði eigi viljað ganga að þeim skilyrðum af hendi Spánverja fyrir tollhækkuninni, er komið höfðu síðast til umtals (1884), og því hefir þessi skaðlegi dráttur á orðið.

2. Ályktun um að setja nefnd til að rannsaka Fensmarksmálið (sjá Fr. f. á., bls. 13—14) kom fram þegar fyrstu

þingdagana, og setti neðri deild til þess 5 manna nefnd (Þorleif Jónsson, Lárus Halldórsson, Sigurð Stefánsson, Ólaf Briem og Þorvarð Kjerulf). Nefnd þessi kom með langt nefndarálit undir þinglok; hafði hún komist að þeirri niðurstöðu, að landstjórnin (ráðgjafi, landshöfðingi, amtmaður) »hefði sýnt ótilhlýðilega vanrækt í eftirliti því, er henni bar að hafa með embættisrekstri Fensmarks« og því »eigi landsstjórnin að ábyrgjast landssjóði fullar bætur fyrir vanskil þessa embættismanns«. Nefndin kom með þessa tillögu til þingsályktunar, er var samþykt:

3. »Neðri deild alþingis skorar á ráðgjafann fyrir Ísland að gera ráðstafanir til þess að ógoldnar tekjur landssjóðs úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað fyrir árin 1879—1884 verði greiddar í landssjóð áður enn lagt verður fyrir alþingi frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885«. Lengra vildi nefndin eigi fara að þessu sinni (á miðju fjárhagstímabili) fyr enn útséð væri um, hvernig ráðgjafinn, sem bæri ábyrgðina af gerðum landsstjórnarinnar, snerist við málinu, er hann sæi niðurstöðu þingsins nú, enn það væri ekki fullséð fyr enn á alþingi 1887, og ef hann þá hefði ekkert að gert til fullnægju þessum vilja þingsins, þá væri fyrst sjálfsagður vegur að höfða mál móti honum. Nefndin lét prenta helstu bréf landshöfðingja og amtmanns til Fensmarks í þessu máli (alls 19 bréf) og skýrslu um reikningsskil Fensmarks. Á henni sést, að »reikninga fyrir tekjum landssjóðs af sýslunni afgreiddi hann mjög sjaldan á réttum tíma, stundum allt að misseri eða jafnvel heilu ári eftir að þeir áttu að vera samdir, og loksins, þegar reikningarnir komu, báru þeir það jafnaðarlega með sér, að mikið af tekjunum var ekki greitt fyr enn löngu eftir gjalddaga og fór sú upphæð, er þannig stóð ógreidd frá einu ári til annars, sívaksandi. . . . Þegar Fensmark fór frá embættinu (í ágúst 1884) stóð óborgað: 25211 kr. 62 au. Þar upp í hefir síðan verið borgað 5425 kr. 41 ey., svo að nú eru eftirstöðvarnar 19786 kr. 21 ey., enn þar við bætist það, sem vantalið er í reikningunum að upphæð 2361 kr. 60 au., svo að alls nema vanskilin 22147 kr. 81 ey«. Auk þessa er skuld Fensmarks við sýslusjóð Ísafjarðarsýslu og dánarbú eitt (sjá Fr. f. á., bls. 14). Upp í þetta var búist við, að enn

þá mundi fást af sýsluveði Fensmarks um 3000 kr. — Af prentuðu bréfunum má sjá, að »hin einu þvingunarmeðöl, er beitt hefir verið af hálfu landsstjórnarinnar til að fá Fensmark til að rækja skyldur sínar, eru ýmist lítilfjörlegar fjársektir eða hótanir um embættismissi, sem ekki vóru framkvæmdar«, þrátt fyrir þau fyrirmæli og ráð, er gefin eru í reglug. 13. febr. 1873, 8. gr., og auglýs. 22. febr. 1875, 5. gr., og seinast, þegar Fensmark loks var vikið frá og landshöfðingi tilkynti ráðgjafa það, segir í bréfinu: »Þar eð hann (o: Fensmark) líklega getur ekki, eins og nú er ástatt, fengið eftirlaun samkvæmt eftirlaunalögunum, skal eg undirgefnast skjóta því til hins háa ráðaneytis, hvort það kynni að finna tilefni til að reyna að fá handa honum einhver eftirlaun úr landssjóði með sérstökum lögum«.

Helsta fyrirspurnin var um landsbankann, er opnaður hafði verið 1. júlí. Konungur hafði 20. maí úrskurðað, hvernig seðlarnir skyldu gerðir, og 5. júní staðfesti landshöfðingi reglugerð fyrir bankann. Aðsóknin að bankanum varð mjög mikil framan af, þótt fjölda manna þættu seðlar bankans alls eigi tryggilegir og hefðu ýmugust á þeim, enda höfðu bankalögin og fyrirkomulag stofnunar hans sætt óvægum ummælum í ræðum og ritum, enn menn þá almennt fengið fremur óljósa hugmynd um, hvernig alt væri í garðinn búið, meðan innlend reynsla var engin. Þar við bættist, að reglugerðin þótti mjög óhagfeld í ýmsum greinum, er til framkvæmda kom, og jafnvel breyta og spilla bankalögunum sjálfum; svo þóttu og sumar ákvarðanir bankastjórnarinnar eða framkvæmdarstjóra óheppilegar og ónærgætnar, einkum ákvörðunin um vinnutíma bankans og lánbeiðslur og fyrirgreiðslu ýmsa. Út úr þessu reis bráðlega megn óánægja og því var máli þessu hreyft á þingi til lagfæringar á snurðunum. Fyrirspurnin var stíluð til landshöfðingja og hljóðaði svo: »Hvers vegna framkvæmir landsbankinn ekki þau ætlunarverk, sem 6. grein bankalaganna« (sbr. Fr. f. á., bls. 6: störf bankans) »hefir sett honum? Hvers vegna lánar bankinn ekki móti tryggingu í húsum annarstaðar enn í Reykjavík eða móti sjálfskuldarábyrgð annara enn þeirra, sem búsettir eru í Reykjavík eða í nágrenni við hana? Hvers vegna gerir bankastjórnin mönnum

viðskifti við bankann mjög svo ógreið og óhagkvæm, með því meðal annars að hafa ekki bankann opinn nema að eins tvisvar í viku, 2 tíma í hvert skifti, og taka jafnan rentu af lánum fyrir fram fyrir eitt ár?« Við umræðurnar skýrðist málið mjög frá báðum hliðum, eins og sjá má í þingtíðindunum (sbr. og reglugerð landsbankans í Stjórnartíðindunum B, bls. 72—75), enn við lok þeirra var samþykt með þorra atkvæða þessi dagskrá: »Í því trausti, að landshöfðingi geri ráðstafanir til þess, *að* landsbankinn takist tafarlaust á hendur þau störf, sem hann samkvæmt 6. gr. bankalaganna á að hafa á hendi og sem hann hefir ekki nú þegar tekist á hendur, og *að* bankastjórnin láti sér *fyrst og fremst* umhugað um, að gera öllum almenningi viðskifti við bankann svo greið og hagkvæm, sem hann fær framast staðist við, með því meðal annars að hafa bankann opinn að minsta kosti 2 klukkustundir hvern virkan dag árið um kring og binda ekki lánveitingu gegn húsum við hús í Reykjavík og lánveitingu gegn sjálfskuldarábyrgð við búsetu ábyrgðarmanna í Reykjavík eða í nágrenninu við hana, — tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Eftir 11. okt. var bankinn opinn á hverjum virkum degi frá kl. 1—2 e. h. fram til jóla, og hafði verið opinn 2 kl.st. á hverjum dagi frá 1—20. júlí; þrisvar í viku 2 kl.st. til 28. júlí; tvisvar í viku til 20. ágúst, 5 sinnum í viku frá 20.—27. ágúst, enn frá 28. ágúst til 12. sept. aftur tvisvar í viku og frá 12. til 30. sept. þrisvar í viku »og oftar, ef þörf gerðist«. Seinast í ágúst var og hætt að taka veksti af lánum fyrir fram fyrir heilt ár, ef menn óskuðu lausnar frá þeirri greiðslu; þegar áður höfðu menn verið teknir sem sjálfskuldarábyrgðarmenn (t. d. stjórnarnefnd »kaupfélags Þingeyinga«), sem ekki vóru búsettir í Reykjavík né í grend við hana, þó að það væri móti reglugerðinni. Annars er ekki frekara að segja af framkvæmdum bankans eða stjórnar hans, og ekki var hann kominn í samband við neinn erlendan banka fyrir árslok. Yfir höfuð þótti mikil varkárni lýsa sér í allri stjórnun bankans. Við árslok hafði bankinn lánað gegn fasteignarveðum: 289065 kr. 79 au., þótt ekki væri lánað nema út á $^1/_2$ til $^2/_3$ virðingarverðs og að eins gegn 1. veðrétti; gegn sjálfskuldarábyrgð: 32695 kr., gegn handveði (þ. e. verðbréfum að eins):

14100 kr. og gegn skuldabréfum bæja- og sveitafélaga: 3950 kr. eða alls 339810 kr. 79 au., enn úr landssjóði hafði hann fengið í seðlum 340000 kr. af vinnufé sínu (500000 kr.). Við bankalánin bættist mjög úr þeirri peningaþröng, er yfir var kvartað áður, enn í engin framfarafyrirtæki var þó ráðist frekar eftir enn áður, að því er til spurðist.

Verðlagsskrár frá fardögum 1886 til fardaga 1887 vóru þannig (í ágripi af hinu helsta, í krónum og aurum; verðið á ull, smjöri og tólg miðað við pund, og á fiski við vætt):

	Ær	Sauður veturg.	Hvít ull	Smjör	Tólg	Salt-fiskur	Harð-fiskur	Dagsverk	Lambs-fóður	Með-alalin
Austurskaftafellssýsla	11,15	7,39	59	59	31	»	12,00	2,27	3,37	*58*
Vesturskaftafellssýsla	9,12	6,59	50	54	35	»	14,00	1,93	2,74	*48*
Rangárvallasýsla	8,24	7,16	54	64	36	11,32	23,02	2,23	3,00	*51*
Vestmannaeyjasýsla	9,50	7,50	46	68	39	11,75	26,00	2,50	3,00	*48*
Arnessýsla	11,24	9,25	51	67	40	12,34	24,44	2,55	3,82	*57*
Gbr. og K.sýsla og Rvík	13,99	10,68	54	76	44	12,50	27,27	3,03	4,39	*61*
Borgarfjarðarsýsla	13,88	10,58	55	56	38	12,69	17,65	2,25	3,93	*59*
Mýrasýsla	13,75	11,22	56	67	39	12,58	18,04	2,73	4,41	*60*
Snæf.- og Hnappad.s.	14,08	11,18	59	66	37	12,35	18,88	2,69	4,85	*60*
Dalasýsla	15,19	10,87	59	65	40	12,25	15,25	2,75	5,10	*61*
Barðastrandarsýsla	13,97	11,25	62	71	51	14,46	14,46	2,09	4,61	*58*
Ísafj.sýsla og kaupst.	14,69	11,49	59	80	52	14,02	15,38	2,42	5,04	*59*
Strandasýsla	16,29	11,48	61	72	42	11,53	13,50	2,31	5,59	*58*
Húnavatnssýsla	15,21½	10,70	60	64	35½	10,75	12,72½	2,28½	4,44½	*56*
Skagafjarðarsýsla	13,66½	8,84	60	60	32	9,83	11,83½	2,27	4,18	*50*
Eyjafj.s. og kaupst.	13,61	9,05½	60½	61	30½	9,83	12,96	2,37	4,36½	*51½*
Þingeyjarsýsla	15,06	9,87½	60½	60½	29½	10,01½	10,95	2,58½	4,66	*53*
Norðurmúlasýsla	14,97	10,11	60½	73	31	10,95½	11,85½	2,93½	4,46	*54*
Suðurmúlasýsla	15,42½	10,26½	59½	76½	32½	10,29½	13,35½	3,15½	4,31½	*53½*

Meðalalin um alt land verður því 55 11/19 ey.

Dómar uppkveðnir í landsyfirdómnum og hæstarétti í íslenskum málum þetta ár vóru engir sérstaklega varðandi almenning. Í landsyfirdómnum vóru dæmd 11 sakamál og 15 einkamál, enn í hæstarétti á hæstaréttarárinu 1885—1886 3 mál (2 sakamál og 1 einkamál).

Embættaskipanir vóru þessar:

Veitt *prestaköll:*

Árna Þórarinssyni, kand. theol., Miklaholts prestakall 31. ágúst.

Árna Þorsteinssyni, presti til Rípur, Kálfatjörn 30. júní.

Arnóri Árnasyni, kand. theol., Tröllatunga 31. ágúst

Bjarna Pálssyni, kand. theol., Ríp 31. ágúst.

Birni Jónssyni, kand. theol., Bergsstaðir 31. ágúst.

Brandi Tómassyni, presti á Ásum í Skaftártungu, Þykkvabæjarklaustursbrauð 6. ágúst.

Brynjólfi Jónssyni, presti að Hofi í Álftafirði, er fengið hafði Bergsstaði (sjá Fr. f. á., bls 17), enn afsalað sér þeim síðar, vóru veittir Ólafsvellir á Skeiðum 15. mars.

Finnboga Rúti Magnússyni, presti í Otrardal, veitt Húsavík 27. febrúar.

Hálfdáni Guðjónssyni, kand. theol., Goðdalir 31. ágúst.

Hannesi Lárusi Þorsteinssyni, kand. theol., Fjallaþing 31. ág.

Jens Pálssyni, presti á Þingvelli, Útskálar 27. júlí.

Jóhanni Þorsteinssyni, kand. theol., biskupsskrifara, Stafholt 27. júlí.

Jóni Benediktssyni, presti í Görðum á Akranesi, Saurbær á Hvalfjarðarströnd 24. febr.

Jóni Jónssyni, kand. theol., Kvíabekkur 30. okt.

Jóni Sveinssyni, kand. theol., landfógetaskrifara, Garðar á Akranesi 24. apríl.

Jóni Thorstensen, kand. theol., Þingvöllur 8. sept.

Matthíasi Jochumssyni, presti í Odda, veitt Akureyri af konungi 25 maí.

Oddgeiri Þ. Gudmundsen, presti í Miklaholti, Kálfholt 29. maí.

Ólafi M. Stephensen, kand. theol., Mýrdalsþing 1. sept.

Páli St. Stephensen, kand. theol., Kirkjubólsþing og Staður á Snæfjallaströnd 31. ágúst.

Skúla Skúlasyni, kand. theol., Oddi á Rangárvöllum af konungi

28. desbr. eftir tilmælum safnaðarins, er í þetta sinn fékk að velja um umsækjendur (5).

Sófoníasi Halldórssyni, presti í Goddölum, Viðvík 6. maí.

Stefáni Sigfússyni, presti á Skútustöðum, Hof í Álftafirði 29. maí.

Prófastar vóru skipaðir 2. september:

Hjörleifur Einarsson, prestur að Undirfelli, áður settur, í Húnavatnsprófastsdæmi og

Jónas P. Hallgrímsson, prestur að Skorrastað, í Suðurmúlaprófastsdæmi.

Önnur embætti veitt:

Eggert Theodór Jónassen, bæjarfógeta í Reykjavík, veitt amtmannsembættið í suður- og vestur-umdæminu 13. apríl (laust síðan 7. maí 1884; sbr. Fr. f. á., bls. 12).

Franz Siemsen, settur málflutningsmaður við yfirdóminn af ráðgjafa 16 apríl, var veitt sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. nóv., og hafði hann áður verið settur í það af landshöfðingja 23. ágúst.

Halldóri Daníelssyni, sýslumanni í Dalasýslu, var veitt bæjarfógetaembættið í Reykjavík 28. júlí.

Jóhannesi D. Ólafssyni, sýslumanni í Skagafjarðarsýslu, var veitt Mýra- og Borgarfjarðarsýsla 5. nóv., enn því embætti hafði kand. Sigurður Þórðarson, er settur var málflutningsmaður við yfirdóminn af landshöfðingja 6. febr. og síðan af ráðgjafa 16. apríl, gegnt á eigin ábyrgð frá 6. júlí, enn áður verið settur af amtmanni sýslumanninum, Guðmundi Pálssyni, til aðstoðar í veikindum hans frá júníbyrjun.

Kristjáni Jónssyni, sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, veitt 2. yfirdómara- og dómsmálaritara-embættið við yfirdóminn 28. júlí, og sama dag var

Lárusi E. Sveinbjörnson, yfirdómara og dómsmálaritara við yfirdóminn og bankastjóra, veitt 1. yfirdómaraembættið.

Magnúsi M. Stephensen, 1. yfirdómara og settum amtmanni (síðan 29. mars 1883), var veitt landshöfðingja-embættið yfir Íslandi 10. apríl, enn því embætti hafði háyfirdómari Jón Pétursson veitt forstöðu frá 21. jan. samkvæmt 21. gr. í erindisbréfi landshöfðingja frá 29. júní 1872.

Páli E. Briem, kand. juris, er stundaði bæði í Reykjavík og Khöfn íslensk lög að fornu og nýju þetta ár samkvæmt styrkveitingu alþingis (sjá Fr. f. á., bls. 55), var veitt Dalasýsla 5. nóv., enn því embætti hafði Hannes Hafsteinn, kand. juris, gegnt frá 23. ágúst, enn síðar (27. des.) var Hannes settur málflutningsmaður við yfirdóminn.

Á læknaskipuninni varð sú breyting, að ráðgjafinn veitti 26. maí læknaskólakandídat Ólafi Guðmundssyni 1000 kr. styrk þann, sem ætlaður var í fjárlögunum til handa aukalækni á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu, með því skilyrði, að hann settist þar að sem læknir, enn 13. apríl hafði

Þorgrími Þórðarsyni, aukalækni á Skipaskaga, verið veitt 16. læknishérað (Austurskaftafellssýsla).

Þórhalli Bjarnarsyni, presti á Akureyri, var veitt 1. kennaraembættið við prestaskólann 24. febr., er hann hafði verið settur í árið áður.

Umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs og jarðarinnar Hallbjarnareyrar var skipaður Jón bóndi Jónsson á Brimilsvöllum 6. maí af landshöfðingja. Í því umboði vóru eftirstöðvar af ógreiddum tekjum þess taldar 11,171 kr. 53 au. við þessa árs byrjun, og umboðið hefir stórum rýrnað á síðustu árum; þannig var við árslok 1884 9. hver jörð í öllu umboðinu algerlega komin í eyði, enda námu brúttó-tekjur þess ekki nema 5338 kr. 19 au. það ár, enn 6395 kr. 17 au. árið áður, og vorið 1882 var ¼ allra kúgilda umboðsins fallinn sökum harðærisins.

Lausn frá embætti fengu prestarnir:

Halldór Jónsson í Tröllatungu 19. mars (fæddur 1808, vígður þangað 1838) með 390 kr. eftirlaunum úr landssjóði.

Jón Brynjólfsson í Kálfholti 10. apríl (f. 1809, vígður þangað sem aðstoðarprestur 1870) með 303 kr. 53 au. eftirlaunum úr landssjóði.

Kjartan Jónsson í Eyvindarhólaprestakalli 29. júlí, sökum heyrnarleysis (f. 1804, vígður 1830) með 340 kr. eftirlaunum úr landssjóði.

Páll Jónsson í Viðvík 19. mars (f. 1813, v. 1841) með 400 kr.

eftirlaunum (355,32 kr. úr landssjóði og 44,68 kr. af brauðinu).

Sigurður Br. Sivertsen, r. af dbr., í Útskálum 15. júní (f. 1808, vígður þangað sem aðstoðarprestur 1831) með 500 kr. eftirlaunum (3,12 kr. úr landssjóði og 496,88 kr. af brauðinu), og sama dag

Stefán Þorvaldsson, præp. hon., r. af dbr., í Stafholti (f. 1808, v. 1835) með 510 kr. eftirlaunum (35,37 kr. úr landssjóði og 474,63 kr. af brauðinu). Séra Stefán var orðinn blindur fyrir rúmu ári, enn séra Sigurður fyrir nokkrum árum, og höfðu þeir því hvor um sig fengið sér aðstoðarprest, enn sögðu nú báðir af sér embætti að fyrirlagi hins nýja landshöfðingja.

Stefán S. Thorarensen að Kálfatjörn 7. maí (f. 1831, v. 1855) með 521 kr. 80 au. eftirlaunum (468,17 kr. úr landssjóði og 53,63 kr. af brauðinu).

Þorvaldur Böðvarsson í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 7. janúar (f. 1816, v. 1848) með 468 kr. 66 au. eftirlaunum (330,04 kr úr landssjóði og 138,62 kr. af brauðinu).

Af *öðrum embættismönnum* fékk

Páll Melsteð. málflutningsmaður við yfirdóminn, lausn frá þeim starfa 6. febr. (sjá Fr. f. á., bls. 55).

Prestvígðir vóru þessir kandídatar í guðfræði frá prestaskólanum til áðurnefndra prestakalla: Jón Sveinsson 23. maí, Árni Þórarinsson, Arnór Árnason, Bjarni Pálsson, Björn Jónsson, Hálfdán Guðjónsson. Hannes Lárus Þorsteinsson, Jóhann Þorsteinsson, Jón Thorstensen, Ólafur Stephensen, Páll Stephensen 12. sept. og Jón Jónsson 7. nóv.

Við árslokin vóru 11 prestaköll óveitt.

— *Prentfélag Ísfirðinga*, er fengið hafði prent-áhöld árið áður (sjá Fr. f. á, bls. 52), fékk 19 ágúst konungsleyfi til að stofnsetja prentsmiðju á Ísafirði. Í umboði þess hafði Skúli sýslumaður Thoroddsen sótt um leyfið undir sínu nafni til konungs og sent bónarbréfið amtmanni áleiðis til landshöfðingja snemma vetrar, enn 1. mars kom það svar frá amtmanni, að landshöfðingi gæti eigi mælt með beiðni hans, af því að hann væri lögreglustjóri og eftirlitsmaður prentfrelsislaganna; síðan fékk Þorvaldur prófastur Jónsson leyfið. Sök-

um þess dráttar, er þessir snúningar höfðu valdið, kom þingmaður Ísfirðinga, Sigurður Stefánsson, með fyrirspurn á aukaþinginu um, hvernig á honum stæði, enn þá svaraði landshöfðingi því, að bónarbréfið lægi hjá ráðgjafa. Féll það mál svo niður.

S. O. Kjær, cand. pharm., danskur maður, fékk 17. júní konungsleyfi til að reka lyfjaverslun á Seyðisfirði.

— *Heiðursgjafir* úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. veitti landshöfðingi þetta ár Þorkeli dbrm. Jónssyni á Ormstöðum og Guðbrandi Sturlaugssyni í Hvítadal 160 kr. hvorum fyrir framúrskarandi dugnað í landbúnaði.

II. Samgöngur.

Skipaferðir og póstgöngur.—Fjallvegabætur.—Málþráður.

Strandferðaskipin þóttu, auk þess sem hafís var þeim til fyrirstöðu, halda mjög illa ferðaáætlun sína kringum landið, eins og vant er, enda hringluðu þau mjög til með hana: komu ekki við á höfnum, sem þau áttu að koma á, þótt þeim væri það innan handar, hefði góður vilji verið til þess (komu t. d. ekki Skagaströnd í tveim ferðum), mörgum (kaupafólki, skólapiltum og öðru ferðafólki) til stórtjóns, höfðu hausavíksl á ákveðinni komu sinni á margar hafnir og einu sinni fórust þau þess vegna á mis hvort við annað, svo að flutningsgóss og bréf urðu einni ferð seinni til Khafnar. Annars var mikið um *skipaferðir* um sumarið og fram á haust bæði milli hafna (af skipum frá Noregi og fjárkaupa- og verslunarskipum Skota o. fl.) og milli Íslands og útlanda: Skotlands, Danmerkur og Noregs (fiskveiðaskip, er fóru flutningsferðir fyrir Íslendinga), og skemtiskip (tvö, frá Skotlandi með rafmagnsljós og frá Frakklandi) komu til Reykjavíkur, eins og títt er, enda kom hingað allmargt af ferðamönnum, einkum enskum, sumum tignum (Henrik prins af Bardi og 2 ítalskir greifar með honum). — Frá stjórninni kom 29. okt. auglýsing um, að »bögglar, sem senda á millum konungsríkisins og Færeyja annars vegar og þeirra póststöðva á Íslandi hins vegar, er póstskipin koma við á, mega vega 10 pund í mesta lagi; 5 pund mega bögglar vega, sem sendir eru í mánuðunum apríl til október millum kon-

ungsríkisins og Færeyja annars vegar og hins vegar annara póststöðva á Islandi, enn þeirra er áður gat um, enn 1 pund ef þeir eru sendir í mánuðunum nóvember til mars.

Póstgöngurnar þóttu ganga stórslysalaust; tveim aukapóstum var við bætt: frá Arnarholti að Borg á Mýrum, og frá Ísafirði um Stað í Grunnavík til Hesteyrar í Sléttuhreppi. — Í tilefni af þingsályktunartillögu, er kom fram á alþingi, enn var þar tekin aftur, bauð landshöfðingi 18. sept. póstmeistaranum að sjá um, að póstafgreiðslumennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði hefðu eftirleiðis næg eyðublöð undir *póstávísanir* til afnota handa þeim, sem senda vilja peninga í póstávísun til Danmerkur eða útlanda, enn póstafgreiðslumennirnir sendi póstávísanirnar útfyltar með peningunum til póststofunnar í Reykjavík.

Til *fjallvegabóta* var þetta ár varið minna enn áður eða alls 5988 kr. 41 ey., þar af í Svínahraun 2458 kr. 41 ey., 3400 kr. til veggerða á Vaðlaheiði og Öksnadalsheiði, og upp í kostnað við vegruðning á Rauðamelsheiði 30 kr., og til að fullgera síðasta kaflann af fjallveginum yfir Grindaskörð 100 kr; þar að auki má hér til teljast aðgerð á sæluhúsinu á Kolviðarhóli (171 kr. 65 au.), er í fyrra var falið hreppsnefnd Ölfushrepps til umsjónar. Til sýsluvega í norður og austuramtinu vóru veittar 4000 kr. og til endurbóta á aðalpóstveginum í Hraungerðishreppi í Árnessýslu 350 kr. Hovdenak, norski vegfræðingurinn, var hér um sumarið og vann nú í 2½ mán. að Svínahraunsveginum eða framhaldi hans áleiðis ofan að Lækjarbotnum með 4 norskum verkmönnum, er hann hafði áskilið sér að hafa með sér hér, og milli 30 og 40 íslenskra verkmanna; veglögðu þeir alls ¾ úr mílu, með töluvert öðru lagi, enn hér hefir áður tíðkast, og þótti honum flórlögðu vegirnir hér ótækir, enda slíkir vegir alt of dýrir hér, ef í lagi ættu að vera; var í ráði, að fenginn yrði næsta sumar einn af norsku verkmönnunum til að standa fyrir veggerðinni áfram, þvíað Hovdenak fékst eigi. Hann var og látinn skoða brúarstæðin fyrirhuguðu á Ölfusá og Þjórsá; þótti honum hið valda brúarstæði á Ölfusá (á Selfossi) fulltryggilegt, enn valdi annað á Þjórsá, þar sem hún kvíslast. Hann áleit, að brýrnar mundu nú verða ódýrri enn áður var áætlað, sökum verðlækkunar á

járni. Annars lá það mál í salti að kalla má og eins önnur brúa- og gufubáta-fyrirtæki, er byrjað hefir verið á. — Þess virðist mega geta hér, að þetta ár heyrðist það, að enskum mönnum, Baird og Wood, hefði verið veitt leyfi til að leggja *málþráð* til Íslands og að þeir mundu bráðlega byrja á því, enda hefir það lengi verið á orði einkanlega meðal veðurfræðinga, að nauðsyn bæri til þessa, og 18. apríl þ. á. hafði konungur vor fullgilt samning þann um vernd á hraðfréttaþráðum neðansjávar, er Danmörk og ýms önnur ríki höfðu gert með sèr í París 14. mars 1884.

III. Kirkjumál.

Synodus.—Kirkjulegar landstjórnarráðstafanir.—Kirkjulíf í Reykjavík.—Júbilhátíð biskups.—Leikprédikanir og trúboðun.

Á bls. 9—11 er getið laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða og laga um utanþjóðkirkjumenn, er bæði eru þýðingarmikil fyrir kirkjuna hér, að efninu, þótt þau þyki miður vel úr garði gerð að sumu leyti. — Á *synodus* 5. júlí var meðal annars rætt um frumvarp úr Norðurísafjarðar-prófastsdæmi um breyting á greiðslu nokkurra af tekjugreinum presta (leggja toll á álnavöru aðflutta og kaffi, enn afnema svo lambsfóður, dagsverk o. fl.), enn af því málið þótti ekki nægilega undirbúið undir meðferð alþingis, var það sent héraðsfundum til frekari umræðu og álita. — Landshöfðingi gerði undirbúningsráðstafanir til að kirkjujarðir verði lagðar út í árgjald frá brauðum hér eftir samkvæmt tilætlun alþingis 1885 (sbr. Fr. f. á bls. 7—8), og að söfnuðir taki að sér umsjón og fjárhald landsjóðskirkna samkvæmt áskorun þingsins 1885, þvíað þær kirkjur þykja miklu kostnaðarfrekari enn aðrar kirkjur tiltölulega; enn sumstaðar, t. a. m. í Reykjavík, neitaði söfnuðurinn algerlega að gera nokkra samninga í því efni. — Landshöfðingi samþykti 11. mars, að nýja kirkju mætti byggja á Eyrarbakka í Stokkseyrarsókn, enn Stokkseyrarkirkja skyldi þó standa, og þær hafa sameiginlegan sjóð og kirkjugarð fyrst um sinn; og 21. sept. leyfði landsh. að nýja kirkju mætti reisa á Lágafelli í Mosfellssveit, enn Mosfells og Gufunesskirkjur lagðar niður og sóknirnar sameinaðar, enn 11. maí leyfði hann, að Stóruvallakirkja yrði lögð niður og sókninni, sjóði, skrúða

og áhöldum kirkjunnar skift milli Skarðs, Arbæjar og Marteinstungu kirkna. — Til skýringa um *kirkjulífið í Reykjavík* má hér nefna áskoranir þær og bendingar til sóknarmanna, er þar voru samþyktar á almennum safnaðarfundi þetta ár, til eflingar kristilegu helgihaldi og góðri reglu og siðsemi í söfnuðinum. Þær voru: 1. að reyna að vinna formenn í sókninni til að bindast föstum samtökum um, að *róa eigi til fiskjar eða vitja um net á helgum dögum*, nema brýn nauðsyn krefji og að stuðla eftir megni til þess að samkynja samtök komist á í næstu veiðistöðum þar í grend. 2. að reyna að vinna járnsmiði til að bindast samtökum um, að *fást eigi við hestajárningar á helgum dögum*, nema brýn þörf sé á því. 3. að reyna að vinna kaupmenn til að *láta hvorki ferma né afferma skip sín á helgum dögum*, nema veruleg nauðsyn krefji. 4. að reynt sé að afstýra þeim ósið, að *menn á helgum dögum séu að fuglaveiðum* sérstaklega í bænum eða á höfninni eða mjög nærri bænum, hvort heldur er á sjó eða landi. 5. að skora á lögreglumenn og aðra fullorðna menn að afstýra því, að *unglingar séu hópum saman úti við leika* (knattleik, skautahlaup o. s. frv.) *um messutímann*, einkanlega, að slíkt fari fram nálægt kirkjunni. 6. að skora á menn alment, að *hafa eigi ókyrð eða umgang í kirkju* á meðan guðsþjónustan stendur yfir og biðja ekki einungis sóknarnefndarmenn, heldur og aðra sem geta, að afstýra öllu slíku. 7. að skora á foreldra og húsbændur að áminna unglinga og börn um, að troðast eigi um of inneftir kirkjunni, þegar börn eru fermd, og valda með því þrengslum og glepja fermingarbörnin á alvarlegri stundu. 8. að vara menn við, að þyrpast of þétt saman í kórnum við altarisgöngu. 9. að skora á menn að haga svo til, að hjónavígslur í kirkjunni fari jafnaðarlega fram við dagsbirtu, enn sem sjaldnast við ljós, allra síst á laugardagskvöldum; sömuleiðis að gæta þess, að brúðhjón og boðsfólk sé komið í kirkju á ákveðnum tíma, svo athöfnin þurfi eigi að dragast fyrir seinlæti þeirra. 10. að reynt skuli til að koma því til leiðar, að þeir sem fara í *skemtireið* á helgum dögum, fari af stað úr bænum annaðhvort tímanlega að morgni eða eigi fyrri enn að aflokinni messugerð, enn varist að fara af stað rétt fyrir messu byrjun, eða á meðan hún stendur yfir. 11. að reynt sé að

afstýra því, að nokkur *sala á vínföngum* eða ölföngum fari fram á helgum dögum. 12. að hvetja menn til að viðhafa sem almennast *húslestra* á heimilunum eða lestur í ritninguunni, og áminna um, að börn séu látin læra bænir og sálma; og skora á foreldra og húsbændur, að sporna sem mest við blóti, formælingum, hæðnistali, uppnefnum og öðru ósiðlegu orðbragði.—Þó að margir þeir ósiðir, sem hér eru nefndir, einkanlega viðgangist í Reykjavík, eiga þó einnig margir þeirra sér stað að einhverju leyti víðar um land, einkum í kaupstöðum; enn engin sérstök gangskör hefir heyrst gerð að því, að eyða þeim annarstaðar.

Hér má enn fremur geta þess, að 17. júlí þ. á. vóru *50 ár liðin* frá því biskup landsins, dr. theol. Pétur Pétursson, var vígður til prestsembættis; var þess minst með hátíðabrigðum í Reykjavík og honum færð ávörp frá nokkrum guðfræðingum, er þar vóru, og frá forstöðumönnum skólanna í Reykjavík og síðar frá héraðsfundum sumum, fyrir hið mikla ævistarf hans í þjónustu kirkjunnar, fyrst sem prestur og prófastur og síðan sem forstöðumaður prestaskólans (um 19 ár) og síðan sem biskup (yfir 20 ár) og höfundur margra og góðra bóka o. fl.

— Um haustið hélt *leikmaður* einn, Lárus Jóhannsson úr Húnavatnssýslu, er lengi hefir áður verið í sjóferðum erlendis, *guðsorðs-prédikanir* fyrir Reykvíkingum í dómkirkjunni á sunnudagskvöldum; hann var styrktur til þess af innra-kristniboðsfélagi (Methódinga) í Ameríku; var talsverð aðsókn að fyrirlestrum hans. — Mormónar höfðu og hér, eins og nokkur undanfarin ár, *trúboða* íslenskan, ættaðan úr Reykjavík, enda hafðist hann þar helst við og varð eitthvað ágengt.

IV. Árferði.

Veðrátta.—Grasvöxtur og nýting.—Heybirgðir og skepnuhöld.

Veðrátta. Með nýári hófst harðindatíð yfir alt land með miklum snjógangi, og allmiklu frosti (þó sjaldan yfir 10° Cels. í Reykjavík, mest 18° Cels. 15. febr., enn við Eyjafjörð stundum um 20° C. í jan., enn 4° frost að meðaltali í febr.). Þessi veðrátta hélst út allan janúar og mestallan febrúarmán., og var þá farið að skera af heyjum sumstaðar á suðurlandi. 7.

jan. var mesta afspyrnurok á austurlandi; fauk þá nýsmíðuð kirkja á Kálfafellsstað í Suðursveit af grunni og brotnaði, menn týndust, fiskhús fuku, fjárhús rauf, skútur rak upp og um 1000 fjár fórst þar; seinast í febr. batnaði nokkuð og var gott og stilt veður mestallan mars, einkum sunnanlands og tók snjó upp nokkuð; enn seinast í mars gerði ofsa-norðanveður um alt land og illviðri (mest frost í Reykjavík þá 13° C., við Eyjafjörð 15° C.); þá rak hafís mikinn að norður- og vesturlandi, enda hafði hafís-hroði þegar sést þar í janúar og hélst hafís þar, einkum við Strandir, allmikill, ýmist landfastur eða skamt undan landi alt fram í ágústmánuð; bægði hann strandferðaskipunum tvisvar sinnum frá því að halda ferðaáætlun sína og tálmaði siglingum nokkuð, enn þó minna enn von var á og vóru kaupför komin að norðurlandi á allar hafnir (nema Borðeyri og Raufarhöfn) þegar í maí. Þetta harðindakast stóð miklu lengur og var harðara á norður- og vesturlandi enn á suður- og austurlandi; þar batnaði það fyrri hluta aprílmán. og tók þar upp snjó og gerði gott veður yfir höfuð síðari hluta apríl og fram í maí; norðanlands og vestan var og allgóð veðrátta um tíma um páskaleytið. Mestallan maí var kuldaveðrátta um alt land, þó einkum vestanlands og norðan og stafaði hún af hafísnum, sem þá rak vestnorðan að landinu (í 3. sinn) og hindraði og spilti mjög gróanda, þar sem hann var kominn; hélst hún fram í júní; þannig kom jörð t. d. í Fljótum og á Skaga ekki upp fyr enn undir fardaga; þó var vorið ekki kallað mjög hart á suðurlandi nema í Borgarfirði. Sláttur byrjaði á norður- og vesturlandi ekki fyr eða litlu fyr enn í fyrra, enn á suðurlandi um miðjan júlímánuð; vóru þar þerrar allgóðir framan af slætti, enn á norðurlandi þá oftast þokur og deyfur, og í ágústmánuði vóru dæmafáir óþerrar um land alt, nema á suðurlandi með köflum, og héldust þeir fram í september; gerði þá oft bleytu-köfðld og snjódrífur, einkum á vestur- og norðurlandi, svo að menn urðu alloft verklausir svo dögum skifti um heyanna-tímann. Á suðurlandi vóru svo miklar rigningar í september-byrjun, að á Kjalarnesi hlupu skriður allmiklar úr Esjunni á tún og engjar og spiltu mjög 9 jörðum, og ár báru víða grjót og leir á engjar og ónýttu hey að mun í Kjós og Mosfellssveit, og haustið

varð á suðurlandi fremur rigningasamt, enn gott veður að öðru leyti fram á vetur (mest frost í Rvík í nóv. 4° C. í desbr. 5—10° C.). Fyrri hluta septembermánaðar náðust fyrst alment töður og úthey á norður- og vesturlandi og slætti var þar haldið áfram lengi fram eftir, sumstaðar alt til Mikjálsmessu. Haustið þótti yfir höfuð gott (meðaltalshiti við Eyjafjörð 5° C. í sept., 4° í okt., ÷0,09° í nóv. og —6,8,0 í des.), og bætti það mjög úr sumrinu og stóð sú tíð víðast fram á vetur, er einnig var mildur framan af; miklir snjóar vóru þó í Skaftafellssýslum, og sumstaðar á norður- og vesturlandi komu hríðir (í nóv. byrjun), svo að fé fenti og hrakti í vötn og ár (einnig t. d. að Leirá í Borgarfirði um 70 fjár í Laksá).

Grasvöxtur þótti lítill víðast, eins og í fyrra, og einkanlega á útkjálkum, enda tún kalin sumstaðar (t. d í Norður-þingeyjarsýslu); þó þóttu yfir höfuð tún og valllendi nú betur sprottin að tiltölu enn í fyrra, enn engjar miður; enn *nýting* á heyjum varð yfir höfuð hin versta sem lengi hefir verið, nema hvað töður náðust óskemdar víðast á suðurlandi og eins framan af slætti í upphéruðum austurlands. Súrheysverkun jókst þó mjög lítið. *Heyfengur* varð því með versta móti bæði að vöxtum, enn einkum að gæðum, og hey brunnu (t. d. á Svarfhóli í Miðdölum 200 hestar).

Heybirgðir manna um veturinn ('85—'86) reyndust þó svo, að horfellis var ekki getið nema eitthvað í Ólafsfirði, Fljótum og Hegranesi, enn alment gáfu menn upp hey sín, einnig á norðurlandi.

Skepnuhöld vóru yfir höfuð ekki talin mjög vond eftir veturinn og ekki var kvartað mjög yfir sauðburðinum, enda lambadauði lítill, né fé talið sérstaklega rýrt um haustið að niðurlagi nema ungt fé. Þá var víða kvartað yfir megnu bráðafári í sauðfé, einkum þó í Eyjafirði og dugðu þar ekkert steinolíugjafir við því, sem sumstaðar hafa reynst vel. Um aðra sauðfjárkvilla var ekki talað sérstaklega, þvíað þótt höfuðsótt (vanki) í sauðfé geri alment mikinn skaða, (drepi 10 kindur á einum bæ á misseri, sem dæmi er til), þá er lítið um slíkt fengist og það skoðað víðast sem önnur óviðráðanleg búmannsraun. Fé var lógað enn þá meira

enn árið áður, einkum sökum verslunarókjaranna og heyrýrðar.

V. Bjargræðisvegir.

Bjargarvandræði.—Sjávarútvegur og fiskveiðar.—Landbúnaður.—Iðnaður.—Verslun og vöruverð.—Bindindishreyfingar.

Bjargarvandræðum bar á allmjög þetta ár, þar sem 7 sýslur fengu 16350 kr. hallærislán alls úr landssjóði: Gullbr. og Kjósarsýsla 2000 kr. til handa Vatnsleysustrandarhreppi (20. febr.) og síðar (2. nóv.) 1500 kr. til handa sama hreppi, og höfðu þar við skoðunargerð um haustið 100 heimili reynst bjargarlaus að mestu; sýslunefndin hafði viljað fá 20,000 kr. hallærislán aftur þ. á. (sjá Fr. f. á. bls. 28), enn fékk eigi, af því amtsráð neitaði meðmæla; var því svo hreyft á þingi, enn þingið fann eigi ástæðu til að áfella amtsráðið fyrir það; Mýrasýsla fékk 350 kr. til handa Álftaneshreppi (26. júní), Snæfellsnessýsla 2500 kr. (5. maí); Dalasýsla 3000 kr. (27. febr.); Barðastrandasýsla alt að 2600 kr. (29. des.); Strandasýsla 4000 kr (19. okt.) og Húnavatnssýsla 400 kr. til handa Vindhælishreppi (6. maí), og enn fremur fékk Skagafjarðarsýsla eftirgjöf á leigum af 1000 kr. hallærisláni, fengnu 1884, til ársloka 1887, og hafði beðið um eins árs frest á greiðslu vaksta og afborgana af hallærisláni, veittu 1883, enn fèkk eigi, af því stjórnina brast heimild til þeirrar veitingar samkvæmt 4. gr. fjárl. 1886—'87; sömuleiðis kom bæn úr Rangárvallasýslu um frest á greiðslu vaksta og afborgana af hallærisláni veittu 1882 til ársloka 1887, enn áður hafði verið veitt eftirgjöf á um 2 ár, enn fékst eigi af sömu ástæðum. — Hvergi heyrðust miklar kvartanir um hungur, þó að matvöruskorturinn hefði verið svo almennur í kaupstöðum árið áður (sjá Fr. f. á. bls. 35), og því færi póstskipið 19. mars til Stykkishólms með matvöru handa Snæfellingum. Landshöfðingi hafði enn þá dálitlar eftirstöðvar af hallærisgjafafé til útbýtingar frá hallærisgjafanefndinni (J. P. T. Bryde, H. A. Clausen, W. Fischer, L. P. Holmblad og H. T. Mohr) í Khöfn frá 1882, enn eigi er kunnugt, hvernig því var útbýtt; þar á móti gaf

nefndin skýrslu um gjafirnar úr Danaveldi og höfðu þær orðið alls 335013,40 kr. auk mikillar matvöru (flórmjöls, hveiti- og hagldabrauðs, rúgs); var ekki eftir orðið í vörslum nefndarinnar, er skýrslan var gefin (23. okt.), nema um 1100 kr., er fengnar skyldu landshöfðingja. — Munaðarvörukaup fóru heldur þverrandi, sem ekki er heldur þakkarvert; þó var alment engin sérstök gangskör gerð í þá átt, svo orð sé á gerandi né félagskap komið á til þess, nema það sem bindindisfélögin gerðu í afnámi vínnautnar, og verður þess síðar getið. Þó má geta þess, að *konur* kring um Mývatn höfðu fund með sér í mars og bundust samtökum til munaðarvörusparnaðar (svo sem takmörkun kaffinautnar, álnavörukaupa í verslunum o. fl.). Greiðasala jókst nokkuð, og var komið félagskap á í því efni meiri enn að undanförnu; þannig var gerð samþykt fyrir alla Dalasýslu um að selja máltíð af góðum óbreyttum mat á 30 au., kaffibolla 10 au., rúmlán fyrir 1 mann næturlangt 15 au., og fjórðung af heyi eftir gæðum 25—50 au.

Sjávarútvegur og fiskveiðar. Þetta ár má sjálfsagt telja aflaár í betra meðallagi, þvíað yfir höfuð var talinn góður fiskafli í flestöllum verstöðum allar vertíðirnar, þegar gæftir vóru, og fiskur í meðallagi vænn. Þetta sýnir sig og á fiskútflutningi héðan af landi þetta ár (sjá síðar um verslunina), þvíað hann var töluvert meiri nú enn í fyrra, þóað fiskur væri í talsvert lægra verði, og þó hefir sjálfsagt meira að tiltölu verið nytjað af landsmönnum sjálfum, einkum haustvertíðaraflanum, er varð í mesta lagi á suðurlandi við það, er hann hefir verið um nokkur undanfarin ár. Þilskipa-þorskveiðin gekk líkt og og árið áður, þvíað fiskur var nógur fyrir; þó öfluðu íslensk þilskip miklu miður enn frönsk, eins og áður hefir verið, og það jafnvel svo, að helmingi munaði alloft; ísl. þilskipin við Faksaflóa fengu þó allmörg frá 24000 til 30000 af þorski. Áhuginn á þilskipaveiðum þótti dofna, enn það var fisksöluverðinu þó mest að kenna; svo þóttu og forréttindin fyrir lánum úr landssjóði til þilskipakaupa (sbr. Fr. f. á., bls. 12, 4. tl.) ekki notuð samkvæmt tilgangi sínum, og var kvartað yfir því á Ísafirði, þar sem skipið var hvergi nærri talið lánsins virði. Hákarlsafli varð allgóður, þar sem þær veiðar eru stundaðar. Síld aflaðist vel með köflum bæði á Eyjafirði og austfjörðum.

Ekki var kunnugt fyrir árslokin, hvað Norðmenn öfluðu mikið hér þetta ár, enn árið áður höfðu þeir fengið als 6 miljónir punda, og þótti þá ganga illa veiðin. Þeir höfðu þá (1885) og rekið þorskveiðar hér (á Eyjafirði) bæði jafnframt síldveiðinni nokkuð og 2skip eingöngu, sem fengu als 64000 af þorski; þar af seldu þeir 2000 lifandi í Grimsby á Englandi og fengu 3 kr. 29 au. fyrir hvern þorsk. — Þrjú innlend síldveiðafélög gáfust upp þetta ár, 2 við Eyjafjörð og »hið sunnlenska síldveiðafélag«; hjá því var áætlað, að hver hlutur væri þá kominn niður í 40 kr. (úr 100 kr. upphafl.). — Færeyingar, er hingað koma á vorin og reka fiskveiðar og hafa rekið um 10 undanfarin ár einkum á Seyðisfirði, frá 100 til 200 að tölu, þóttu mjög spilla þar veiði, og var megn óánægja þar út af fiskveiðum þeirra þetta ár. — Hvalrekar vóru talsverðir um veturinn norðanlands.

Frakkar höfðu hér þetta ár nál. 200 skip við þorskveiðar og öfluðu vel.

Heilagfiskiveiðaskipum Ameríkumanna fjölgaði enn þá meir, þvíað nú vóru þau að minsta kosti 10 (eftir Boston Daily Advertiser 10. apríl; ýmsir hérlendir kváðu þau hafa sjálfsagt verið 12); þau fengu flestöll fullfermi; færðust þau nú vestan frá landinu austureftir inn á Breiðaflóa.

— Fiskveiðasamþyktir samkv. lögum 14. des. 1877 vóru gerðar í ýmsum verstöðum (t. d. fyrir Stokkseyrarhrepp) þetta ár og aðrar eldri endurbættar (t. d. við Ísafjarðardjúp); aðalefni þeirra og tilgangur er sá, að vernda og efla fiskgöngu upp að landi, og því er fyrirskipaður niðurburður á grynstu fiskimiðum, takmörkun á veiðarfærabrúkun (netjum og lóðum) og veiðitíma og á notkun ýmissa beitu-tegunda (skelfisks o. fl.), alt undir umsjón gæslunefnda. Af samþykt þeirri fyrir nokkurn hluta Faksaflóa, er um er getið í Fr. f. á. (bls. 30) hlutust lögbrot, deilur og flækjur, er hún kom til framkvæmda; þannig var samþyktin sjálf rofin aftur og aftur, einkum af innesjamönnum, og þar að auki (í fyrsta skifti) lögin um þorsknetjalagnir í Faksaflóa frá 1875. Net lögbrjótanna vóru tekin upp og höfð í haldi, enn sökum þess að ákvæði þótti vanta í samþyktina um það efni, höfðuðu þeir mál móti upptökumönnum og vóru þau ekki útkljáð fyrir árslok. Enn til þess

að geta bætt þá galla, er á samþyktinni reyndust, vóru þær breytingar gerðar á lögunum 14. des. 1877, er getið er um að framan (bls. 8). Meðhaldsmenn samþyktarinnar þökkuðu henni þó fiskgöngu þá, er nú varð inn á grunnmið Faksaflóa venju fremur.

Laksveiði varð í meðallagi þetta ár og mun betri enn í fyrra. Laksaklak hélt áfram á Reynivöllum og Þingvelli, og var landsfjárstyrkur veittur til þess og jafnframt til kenslu á Reynivöllum (200 kr.); sömuleiðis var styrkur veittur laksræktarfélagi, er myndast hafði í Dalasýslu, »til að gera geymslupolla fyrir hrognfiska o. fl.« (500 kr.).

Landbúnaður. Af framkvæmdum búnaðarfélaga landsins er ekkert nýtt að segja annað enn það, að búnaðarfélag suðuramtsins samþykti (eftir tillögu Hermanns búfræðings Jónassonar) að veita ferðastyrk á þessu ári alt að 100 kr. ungum mönnum af suðurlandi, sem óskuðu að fara norður í land (í Þingeyjarsýslu) og dvelja þar svo sem 2 ár til að nema fjárrækt hjá bændum þar, og urðu 2 þegar til að sæta því. Þar á móti var ekkert hugsað um tilboð búnaðarfélagsins danska, er getið var um í Fr. f. á. (bls. 49—50).

Garðyrkja tókst vel þetta ár á suðurlandi, af því að haustið reyndist svo gott, enn illa á Akureyri og sumstaðar austanlands; hún útbreiddist þó dálítið þetta ár eða áhugi vaknaði á henni og má það mest þakka Schierbeck landlækni, er hvatti menn mjög í þá átt og gaf leiðbeiningar; »garðyrkjufélagið íslenska« studdi og að því fyrir hans forgöngu; það hafði yfir 200 félagsmenn um árslokin; fékk hver félagsmaður ókeypis »Leiðarvísi til að rækta gulrófur, turnips og bortfeldskar rófur« eftir Schierbeck, er fengið hafði landsfjárstyrk til útgáfunnar. Enn fremur fengu félagsmenn til útsæðis mikið af fræi og gulrófnaplöntum úr vermireit og höfðu verið útvegaðar (100) rabarber-plöntur, (200) ribsrunnar og margar tunnur af norskum (10) og dönskum (20) kartöflum til útsæðis. Félagið hafði þó eigi fengið nóg af fræi í tæka tíma, enn ætlaði sér að búa betur næsta ár, og þareð fræið er dýrt (4 kr. pundið), enn félagið efnalítið, sótti það um styrk af landsfé til að byrgja sig upp með norskt kálrabífræ, og fékk til þess 200 kr.

Búnaðarskýrslur. Í Fr. f. á. (bls. 32) var getið um tölu nautpenings, sauðfjár og hrossa árið 1881 eftir framtali landsmanna. Samkvæmt skýrslu í Stj.tíð. C. þ. á vóru veturgamlir og eldri:

	1882	1883	1884
nautgripir:	18,415	17,120	18,462
sauðfé:	424,154	337,420	406,245
hross:	33,436	30,695	32,065

Vorið 1882 drápust um 65,000 lömb og því fækkaði fé svo mjög 1883, að það þá hefir orðið fæst síðan 1853, nema þegar kláðinn var verstur: 1859 og 1861. Þessar tölu-upphæðir eru þó óáreiðanlegar sökum hinna almennu tíundarsvika, og er ætlað með töluverðum líkum, að undan sé dreginn fullur þriðjungur. Þess skal og getið eftir sömu skýrslu, »að aldrei hafa verið gerðar eins miklar jarðabætur og 1883—84, síðan farið var að gefa út skýrslur um jarðabætur« (1843), enn árið 1884 vóru kálgarðar alls 405,376 ferhyrningsfaðmar eða $^{3}/_{5}$ meiri enn 1853—55 og 1871—75, vatnsveitingaskurðir 70,640 faðmar, eða sjöfalt lengri enn að meðaltali 1866—69, og púfnasléttun seksfalt meiri enn þá, enn 1884 var hún talin 124,920 ferhyrningsfaðmar; túngarðar vóru 19,400 faðmar, eða þrefalt meir hlaðið af þeim enn meðaltalið 1866—69, enn stundum þó áður meir enn 1884. Það sést og af skýrslunum, að nautpeningi hefir farið fækkandi hér á landi framt að því í 2 aldir, að sauðfénaði hefir stöðugt fjölgað um sama tímabil, að geitfjáreign er að leggjast niður (geitur vóru hér 1884: 23, enn 1703: 818), og að hrossum hefir fækkað síðan þau urðu verslunarvara.

Iðnaður. Magnús Þórarinsson á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu fékk fyrirkembivél (á 1486 kr. í innkaupsverði) og greiðsluvél (á 240 kr.) þetta ár í viðbót við þá (lopavél), er hann hafði áður, enn vantaði enn þá eina kembivél til að fullkomna samstæðuna; hann fékk og sérstaka tvinnunarvél (á 280 kr.), svoað hann hefir nú alls 5 vélar með ýmsum tilheyrandi útbúnaði, og hefir stofnun sú kostað alls 7000 kr. með húsi og ofnum; landshöfðingi veitti (13. okt.) sýslunefnd Suðurþingeyjarsýslu 3200 kr. lán úr landssjóði í viðbót (sbr. Fr. f. á., bls.

34) handa Magnúsi, til þess að geta komið þessu fram. Í verslun gekk þetta ár 900 pd. af hvítu príþættu bandi úr vélum hans áður enn viðbótin kom, og seldist þelbandið (100 pd.) á 1 kr. 80 au. pdið. á Englandi, og sama verð fékkst fyrir pdið. hjá lausakaupmanni á Húsavík (300 pd.), enn úr óaðskildri ull seldist pdið. 1 kr. 53 au. á Englandi. Hagurinn við að vinna þannig ullina varð 15 au. á pdinu., er söluverð þess var reiknað 1 kr. 64 au. að meðaltali. Nokkrar konur í Mývatnssveit fengu sér og handspunavél. Nokkrir menn við Ísafjarðardjúp höfðu gert samtök, er þeir heyrðu, hversu vel íslenskt ullarband seldist á sýningunni í Lundúnum 1884 (sjá Fr. 1884, bls. 28) og stofnuðu hlutafélag til þess að kaupa bæði kembi- og spunavélar, létu mann læra vinnu-aðferðina hjá Magnúsi og fengu vélarnar og bygðu hús yfir þær á Nauteyri á Langadalsströnd, svoað þeir gátu látið þær taka til starfa þegar haustið 1885 og var haldið áfram allan veturinn. Enn bæði varð kostnaðurinn meiri enn menn bjuggust við og bandið seldist miklu lakar enn ráðgert var, svoað nú um haustið var eigi annað sýnna enn vélarnar yrðu alveg að hætta vinnu og lágu þær ónotaðar allan veturinn. Fleiri tilraunir hafa eigi verið gerðar enn þá í þessa átt, svo kunnugt sé.

Verslun og vöruverð. Verslunin var þetta ár, eins og næst undanfarið, hin óhagstæðasta og þó nú jafnvel enn tilfinnanlegar, þvíað nú mátti heita að gjörtæki fyrir lán í kaupstöðum, er undanfarin ár, einkum betri árin, höfðu fengist helst til auðveldlega, enda vóru verslunarskuldir manna orðnar dæmalausar hér á landi, og þær vóru aðalorsökin til lánsþurðarinnar jafnframt getuleysi manna til skuldalúkninga, er stafaði mest af verðlækkun gjaldeyris og harðærinu; var það kunnugra manna áætlun, að verslunarskuldir landsmanna næmu þetta ár yfir 2 miljónir króna; kaupmenn urðu því mjög illa staddir, einkum innlendir kaupmenn, enda urðu nokkrir þeirra gjaldþrota, þvíað þeir sátu líka í skuldasúpu hjá erlendum kaupmönnum, og margir vóru hætt komnir; gengu kaupmenn því hér mjög ríkt eftir skuldum, enn erfiðlega gekk innheimtan; urðu sumstaðar málsóknir allmiklar út úr verslunarskuldum, og var einkum kvartað yfir þeim í Þingeyjarsýslu af þeim, er riðnir vóru við Húsavíkur-verslun þeirra Örum & Wulfs;

þar var mönnum »stefnt fyrir 2—4 kr.« skuld og »sumir knúðir til að skrifa undir harðar skuldbindingar«. Menn urðu því nú að lóga fé um haustið miklu meir enn áður, bæði til að halda lífi í sér og vegna kaupstaðarskuldanna, auk þess sem hinn litli og ódrjúgi heyfengur studdi að því. Fjárverslun Skota (Slimons og Coghills) varð nú þar á ofan verri enn undanfarin ár; sökum fjártjóns þess, er þeir höfðu beðið fyrra árið, gáfu þeir nú fyrir bestu sauði á suður- og norðurlandi ekki meira enn 14 kr. og fjöldann þar undir, enn í Múlasýslum hæst 17 kr. 50 au., þvíað þar þykir sauðfé vænna. Enn Skotar ráða hér öllu fjársöluverði að heita má, nema að nokkru leyti ekki í Reykjavík. Fyrir hesta (3—8 vetra) gáfu þeir Slimon og Coghill vanalega ekki meir enn 30—50 kr. Í þessum verslunarókjörum leituðu menn nú helst þeirra úrræða, að koma *vörupöntunarfélögum* á fót; vóru slík félög stofnuð í Múlasýslum og í Dalasýslu og þóttu reynast vel og vonum framar, er miðað var við verslunarúrkosti hér annars; vóru því fleiri sýslufélög eða nokkrir menn að hugsa um að koma slíkum félögum upp hjá sér, t. a. m. einu við Önundarfjörð. Kaupfélagi Þingeyinga gekk og vel þetta ár og efldist það töluvert; það var í 20,000 kr. skuld við árs byrjun við erlenda viðskiftamenn, enn losaði sig við hana. Þessi heppni og uppgangur þessara pöntunar- og kaupfélaga stafaði mest af því, að sauðasala gekk vel á Englandi nú, og að þau fengu útlendar vörur með mun lægra verði enn í verslunum landsins. Öll þessi félög kostuðu kapps um að senda sem vænst fé á útlenda markaði og enga kind rýra; þannig lét kaupfélag Þingeyinga enga kind fara, er minna vó enn 100 pund, og létu pundsverðið hækka um 1% við hvern tug í þyngdinni þar fyrir ofan, og þykir það reynast miklu happasælla og lang-gróðavænlegast. Þótti það nú verst við sauðakaup þeirra Slimons og Coghills, og eins margra kaupmanna hér, að ekki væri gerður hæfilegur munur á rýrum og vænum kindum. Alt fyrir það fengu þeir Slimon hér margt fé og náðu nú upp miklu af tjóni því, er þeir biðu í fyrra. Hingað kom nýr fjárkaupmaður frá Newcastle þetta ár til að keppa við þá Slimon, Lauritzen að nafni; hafði hann áður haft viðskifti við kaupfélag Þingeyinga; mis-

jafnt þótti mönnum verslun hans reynast, enda borgaði hann fé manna í vörum, sumum ekki góðum, enn fremur ódýrum, og svo varð hann að fá fénað að láni hjá bændum.

Af íslenskum aðalvörum var eftir áætlun flutt út þetta ár: Af ull: 1,368,000 pund (1,092,000 pd. til Khafnar og 276,000 pund til Englands), af saltkjöti (til Kh.): 3,400 tnr., af tólg (til Kh.): 65,000 pd., af söltuðum sauðargærum: 21,800, af saltfiski: 38,178 skippund (12,217,000 pd., þar af til Khafnar: 3,520,000 pd., til Spánar: 4,000,000 pd. og til Engl.: 4,697,000 pd.), af harðfiski (til Kh.): 822 skippd (263,000 pd.), af lýsi: 9,828 tnr. (til Kh.: 9,600 tnr. og til Liverpool: 228 tnr.), og af æðardúni (hreinsuðum): 8,700 pd. — Þessi skýrsla samauborin við skýrsluna í Fr. f. á. (bls. 37) sýnir, að fiskútflutningur hefir aukist að mun, og er það auknum fiskafla að þakka, þvíað verðið var þó miklu lægra bæði hér og erlendis; þannig var í Reykjavík gefið fyrir skippundið af saltfiski 30 kr., af saltýsu 25 kr. og smáfiski og saltþorski (nr. 2) 27 kr. og harðfiski 60—80 kr. eftir gæðum, og líkt mun hafa verið í öðrum verslunarstöðum. Aðrar íslenskar aðalvörur seldust í Reykjavík: þorsklýsistunnan (hrálýsi) 24 kr., hákarlslýsi (soðið) 18—19 kr. tunnan, hvít ull 50 au. pdið., mislit 35 au. og æðardúnn 18 kr. pundið. Eftir því sem sjá má af verslunarskýrslum um undanfarin ár hefir ekki verið stór munur á söluverði á þessum vörum í Rvík og annarstaðar. Sama má og segja um söluverð á útlendum aðalvörum hér í verslunum; það var í Reykjavík: 100 pd. af rúgi 8 kr., af rúgmjöli 9 kr., af bankabyggi 13—14 kr., af baunum 13 kr., af hrísgrjónum 13—14 kr., af overheadmjöli 12 kr. 50 au., pundið af kaffi 40—60 au. eftir gæðum, af kandís 30—36 au. og potturinn af steinolíu 18—22 au. Vörupöntunarfélögin fengu sínar vörur mun ódýrari; þannig fékk kaupfélag Þingeyinga 126 punda sekki af overheadmjöli á 9 kr. 39 au. og flest annað eftir því, og verslunarfélag Dalasýslu fékk sínar pöntuðu vörur (hveitimjöl, hrísgrjón, bankabygg, klofnar ertur, rúg, kaffi, hvítt sykur, tóbak, steinolía og steinkol) 26 % ódýrri að álögðum öllum kostnaði, heldur enn þær fengust í verslunum hér. Það fékk og, eins og önnur kaupfélög, meira fyrir fé sitt, enn fyrir það fékst hjá kaupmönnum, eða 4 kr. 15 au. fyrir hverja kind til jafnaðar, og

hafði því alls 4,934 kr. haguað. Verðið á kjötpundinu var annars hjá kaupmönnum í Reykjavík 14—20 au. (seinast) eftir gæðum og mörpundið 25—28 au., enn hjá kaupmönnum á Akureyri og Sauðárkrók 10—14 au. kjötpundið og mörpundið hjá þeim 18 au. og gærur frá 1 kr. 25 au. (af dilkum) til 2 kr. 25 au. eftir aldri sauðfjárins.

Erlendis fengu kaupmenn enn þá minna fyrir allar íslenskar aðalvörur enn undanfarið ár, nema ull, er komst þetta ár jafnvel upp í 70 au. og varð ekki minna enn 58 au. og var uppseld um árslokin; lýsi og fiskur varð meira að segja í miklu lægra verði; þannig komst stór saltfiskur á Spáni ofan í 24 kr. skippundið og smár í tæpar 20 kr. og hæst verð á saltfiski varð 45 kr. (í Khöfn) skpdið. fyrir hnakkakýldan vestfirskan saltfisk, og harðfiskur norðlenskur komst jafnvel ofan í 45 kr. skpdið., og hefir eftirsókn eftir harðfiski alt af orðið minni með ári hverju hin síðustu ár, og á norskur harðfiskur (ráskerðingur), sem er ódýrri, mestan þátt í því. Þó leiddi utanríkisstjórnin danska athygli verslunarstéttarinnar í Khöfn að því (23. nóv.), að í Belgíu kynni að geta orðið nýr markaður fyrir íslenskan harðfisk eftirleiðis, enn þangað hefir fiskur verið fluttur að eins frá Noregi og Svíþjóð. Kaupmenn biðu því meira og minna tjón á sölu flestra helstu íslenskra vörutegunda, þótt þeir gæfu hér minna fyrir þær enn áður. Sökum þessa óefnis var það, að kaupmenn og útvegsbændur við Faksaflóa fóru að halda fundi til umræðu og samtaka um endurbætur á saltfisksverkuninni og saltfisksgeymslunni. eins og vikið er á í Fr. f. á (bls. 37). Kvartanir Spánverja yfir íslenskum saltfiski, einkum frá suðurlandi, vóru þær, að hann væri dökkur á lit, illa þveginn, illa þurkaður, laus í sér og sprunginn. Komu kaupmenn og útvegsbændur sér saman um »reglur um saltfisksverkun« sama efnis og þær, er samþyktar höfðu verið á samkynja fundi 7. des. 1878 og vikið er á í Fr. 1878, hls. 19, enn aldrei hefir fylgt verið að ráði; enn fremur ákváðu þeir, að hafa skyldi eiðsvarna fiskimatsmenn með erindisbréfi frá hlutaðeigandi yfirvaldi við móttöku fisksins hjá kaupmönnum, og að allur haust- og vetrarvertíðar-afli skyldi lagður inn hjá kaupmönnum að minsta kosti innan 15. júlí hvers árs, og að kaupmenn gerðu sér far um, að fiskurinn skemdist ekki, úr því hann væri kom-

inn í þeirra hendur. Þess skal og getið í sambandi hér við, að samkvæmt tillögu amtmanns samþykti landshöfðingi, að bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar verði sínum hluta (40 kr.) af fénu til eflingar búnaði »til verðlauna handa einhverjum þeim, er sérstaklega hefir vandað verkun á fiski«. (Sbr. og hér við þingsályktunina um Spánarsamninginn á bls. 13).

Bindindis-hreyfingin hélt áfram þetta ár; einkum efldist og útbreiddist Góðtemplara-reglan; þannig vóru í henni 1. ágúst þessa árs taldar 893 sálir á öllu Íslandi í 18 undir-stúkum (deildum), þar af í suðurumdæminu 487, auk unglingastúku (í Reykjavík) með 98 unglingum (yngri enn 18 ára), í vesturumdæminu 155 og í norður- og austur-umdæminu 153; þó hafði reglan þá ekki fest rót til sveita svo að nokkru næmi. Upphaflega stóðu undir-stúkur hér á landi undir stórstúku í Noregi, af því að norskur skóari (Ole Lied) hafði fyrstur komið þessari reglu á hér á landi 1884 (á Akureyri); enn í júnílok þetta ár var stofnuð hérlend stórstúka, er allar undir-stúkur eiga að lúta, enn hún stendur beinlínis undir aðal-yfirstúku erlendis, er nefnist »veraldar-stórstúka«. Mestu hefir þessi regla komið til leiðar í Reykjavík, þvíað þar vóru þetta ár milli 300 og 400 manns í henni. Hins vegar hefir hún einnig þar haft mesta mótspyrnu, þó eigi að mun, nema af þeim, er rofið höfðu heit sín í reglunni eða farið úr henni á einhvern slíkan hátt; enn þeir vóru orðnir allmargir við árslokin. — Góðtemplara-reglan hélt uppi ýmsum *skemtunum*, fyrirlestrum, söngvum o. fl. í Reykjavík nú eins og árið áður, og í sambandi við þetta má geta þess, að 18 menn úr reglunni leigðu sér hús í bænum og héldu uppi sjónleikum meginhluta ársins; létu þeir leika bæði innlenda leiki (»Skuggasveinn« og »Vesturfarana« eftir Matth. Jochumsson) og útlenda (»Valdsmaður konungs« eftir Al. L. Kielland, »Ímyndunarveikin« eftir Molière, og »Box og Kox«, enskan leik). »Bindindisfélag skólapilta« (með um 80 félagsmanna, er eiga að halda vínbindindi að eins skóla-árið) hélt og leiki í jólaleyfinu, eins og árið áður. Annars var ekki um sérstakar skemtanir að tala í Reykjavík, nema nokkra fyrirlestra, og söngskemtanir, er söngfélagið »Harpa«

og »söngfélag skólapilta« hélt nokkrum sinnum. Í Ytrieyjarkvennaskóla og á Akureyri vóru og leiknir sjónleikir, og ef til vill fleiri kaupstöðum, eins og verið hefir stöku sinnum ýmsa undanfarna vetur. — Af öðrum biudindisfélögum er annars ekkert að segja, nema að þau vilja reynast völt og ótrygg. Samt má telja víst, að vínnautn hafi farið mjög minkandi þetta ár, og eiga bindindisfélögin góðan þátt í þeirri framför.

VI. Skaðar og slysfarir.

Skaðar af skipströndum og eldsvoðum vóru ekki miklir þetta ár, þótt hvorttveggja kæmi fyrir; strönduðu 5 franskar fiskiskútur um veturinn og fórust allir (10) menn af einni.

Aftur á móti urðu allmiklir mannskaðar hér á landi af slysförum, og skulu hér taldar upp þær slysfarir, er heyrst hafa: Í *jan.* (6.) fórst bátur með 4 mönnum á leið úr Stykkishólmi undir Jökul. 7. urðu 6 menn úti á austurlandi í roki því, er að framan er getið (bls. 27). og vóru 3 þeirra við fé, enn marga kól; þá fórst og bátur á Norðfirði með 4 mönnum ísl., 1 kvonguðum, er lét eftir sig 7 börn flestöll í ómegð. Þá drukknuðu og 5 Norðmenn af báti, og þeir mistu mikið af bátum og skipabúnaði. Í *febr.* (aðfaranótt hins 4.) hljóp snjóflóð á Sævarenda í Fáskrúðsfirði: 4 menn, er sváfu undir lofti, týndu lífi, enn fólk (8). er var á lofti, bjargaðist út um gluggana. 21. týndist maður á leið frá Eyrarbakka út á Þorlákshöfn, drukkinn mjög. Í *mars* (4) fórst sjómaður úr Húnavatnssýslu á Svínaskarði í Kjós á leið til sjóróðra suður; datt hann ofan í vatnsker í fönn í gili einu, og náðist eigi fyr enn daginn eftir. 13. drukknuðu 2 menn af báti á Seyðisfirði; lét annar, er var kvongaður, eftir sig bláfátæka ekkju og 3 börn. Í *apríl* (7.) rákust á frönsk fiskiskúta og ísl. tólfæringur af Miðnesi í Gullbringusýslu með 18 mönnum, fram undan Miðnesinu; brotnaði íslenska skipið og drukknaði einn af því; var Frökkum fremur kent slysið; enn ekki varð þó af skaðabótum

af þeirra hendi; enn óánægja út af þessu og annari nærgengni Frakka, er oft þykja fara inn fyrir leyfileg takmörk (¾ úr mílu) til fiskjar bæði á Faksaflóa og annarstaðar, gaf tilefni til, að þingsályktunaráskorun var borin upp á aukaþinginu til stjórnarinnar um að sporna betur við þeim ófögnuði, enn hún varð eigi útrædd. 13. apríl drukknaði stúlka um tvítugt í Kaldá í Mosfellssveit ofan um ís (?). 20. drukknuðu 10 menn af áttæring í lendingu á Eyrarbakka. Í *maí* (4.) drukknaði Bogi Smith (sonur Mart. Smiths [† 1884] konsúls og kaupmanns í Reykjavík), bóndi á Arnarbæli á Fellsströnd, af báti með 2 sonum sínum á 17. og 15. ári. Í *júní* (17.) drukknuðu 2 menn af ferju í Þjórsá. Í *ágúst* drukknuðu 2 menn af hákarlaskipi eyfirsku á vestfjörðum; ultu þeir ölvaðir útbyrðis í ryskingum; var annar kvongaður. Í *október* (18.) fórust 3 ókvongaðir menn af Ísafirði í fiskiróðri vegna ógætilegrar siglingar, og kappsiglingu var kent, að (30.) drukknuðu 7 menn af Akranesi úr fiskiróðri; var einn þeirra kvongaður. Í *nóvember* (22.) fórst stúlka niður um snjóspöng í Úlfsá í Skutulsfirði og 30. fórust 2 fiskiróðraskip úr Reykjavík með 14 mönnum á; þar af varð einum bjargað, er dálítið kunni til sunds; þessir 13 létu eftir sig 15 börn í ómegð. Í *desember* (21.) fórst ungur maður í snjóflóði í Gilsárdal í Eyjafirði, og (20.) 3 menn frá Villingadal á Ingjaldssandi vestra; einn þeirra, bóndinn þar, Jón Jónsson, 25 ára. frá ungri konu og 3 börnum kornungum; urðu alls 5 menn fyrir flóðinu, enn 2 komust úr því skemdir. 25. fórst bátur úr Höfnum í Gullbringusýslu með 5 mönnum í fiskiróðri. Um haustið hafði og stúlka týnst í Blöndu í Húnavatnssýslu. Þess skal hér og getið til fullkomnunar slysfara-skýrslunni í Fr. f. á., að 19. des. 1885 fórst bátur á Reyðarfirði með 3 mönnum, enn einum þeirra varð bjargað; annar sá, sem drukknaði, var kvongaður; og í sama mánuði fórst maður ofan um ís á Skorradalsvatni í Borgarfirði.

VII. Heilsufar og lát heldri manna.

Heilsufar var talið gott þetta ár yfir höfuð.

Lát heldri manna. Af mönnum í embætti hér á landi létust þessir þetta ár:

Bergur landshöfðingi Thorberg kommandör og riddari af dbr. og dbr.m., sonur Ólafs prests Hjaltasonar (Þorbergssonar), fæddur á Hvanneyri í Siglufirði 23. jan. 1829; komst í lærða skólann í Reykjavík fyrir tilstyrk Arnórs Árnasonar, sýslumanns í Húnavatnssýslu, og útskrifaðist þaðan 1851 með 1. einkunn; varð kandídat í lögfræði við Khafnarháskóla 1857 með 2. einkunn; varð árið eftir assistent í dómsmálastjórninni dönsku og var þar þangað til 1865, er hann var settur amtmaður í vesturumdæminu og var veitt það embætti ári síðar. Þegar vesturumdæmið var sameinað suðurumdæminu 1872, varð hann amtmaður í þeim báðum og fluttist þá vorið 1873 frá Stykkishólmi til Reykjavíkur. Hann var settur landshöfðingi 1882, er Hilmar Finsen landshöfðingi fór utan, og gegndi því embætti ásamt amtmannsembættinu til 1. maí 1883, enn síðan landshöfðingja-embættinu einu, og var veitt það 7. maí 1884. Hann var konungkjörinn þingmaður 1865—1883, forseti efri deildar og sameinaðs þings 1881. Hann var tvíkvæntur; var fyrri kona hans Sesselja († 1868) Þórðardóttir stúdents Bjarnasonar í Sviðholti og síðari kona Elinborg Pétursdóttir biskups Péturssonar; þau áttu 2 börn, er lifa. Hann lést snögglega 21. janúar. (Sjá Ísafold XIII 4., Þjóðólf XXXVIII 4. og æviminning hans prentaða þetta ár).

Guðmundur Pálsson (prests [† 1846] Guðmundssonar að Borg), fæddur 9. ágúst 1836 að Ánabrekku í Borgarhreppi. Lengi framan af ævinni var hann skrifari, fyrst sýslumannsskrifari í Ísafjarðarsýslu, svo hjá amtmönnunum Páli Melsteð, Pétri Havstein og Bergi Thorberg; 1859 sigldi hann og tók undirbúningspróf við háskólann í Khöfn, enn kom svo inn aftur; fór aftur utan 1873 og tók próf í dönskum lögum 14. júní 1875 með 1. einkunn; árið eftir var hann settur málflutningsmaður við yfirdóminn og var jafnframt skrifari hjá bæjarfógetanum í Reykjavík, er þá var einnig sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu. 3. júní 1878 var hann settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, enn fékk veitingu

fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. nóvbr. s. á. Hann átti Björgu Pálsdóttur (amtmanns Melsteðs) og varð þeim eigi barna auðið. Hann létst 2. júlí. — Erlendis (í Khöfn) létst fyrrum landshöfðingi hér

Sören Hilmar Steindór Finsen, sonur Jóns [† 1848] bæjarfógeta á Jótlandi Hannessonar biskups Finnssonar biskups, fæddur 28. jan. 1824 í Kolding á Jótlandi; varð kandídat í lögfræði með besta vitnisburði 1846; 1851—64 var hann bæjarfógeti í Suðurborg á eynni Als í Danmörku, enn er eyin Als gekk með hertogadæmunum undan Danmörku 1864, varð hann stiftamtmaður hér á landi (1865), næstur eftir greifa Trampe, er héðan fór 1860, og var það þangað til 1873, enn árinu áður (29. júní) hafði verið stofnað hér landshöfðingjaembættið og fékk Hilmar það þá, og gegndi því til 1883, er hann fékk yfirborgstjóra-embættið í Khöfn; 1884 varð hann innanríkisráðgjafi í Danmörku í ráðaneyti Estrúps, enn slepti því embætti eftir tæpt ár og settist þá í sitt fyrra embætti, enn létst 15. janúar (sjá Ísafold XIII. 19.). Kona hans var Olufa (fædd Bojesen); þau áttu 4 börn á lífi, öll í Danmörku.

Af *prestvígðum* mönnum létust hér að eins 2 uppgjafaprestar:

Geir Jónsson (prests [† 1845] Hallgrímssonar) *Bachmann*, fæddur í Miklaholti 1804; útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1827, sigldi til Khafnarháskóla 1828, enn kom þaðan aftur 1832 og var síðan 3 ár barnakennari í Keflavík og var svo vígður 1835 að Stað í Grindavík; var þar þangað til 1850, er hann fékk Hjarðarholt í Dölum, og var þar til 1854, er hann fékk Miklaholt, og var þar prestur þangað til hann fékk lausn frá prestskap 22. nóv. 1881. Kona hans var Guðríður Magnúsdóttir Bergmanns († 1879). Hann létst 29. ágúst á Akranesi, þar sem hann hafði dvalið frá því hann hætti við prestsskap. — Hinn var:

Jón Ásgeirsson (prófasts Jónssonar í Holti í Önundarfirði), fæddur í Holti 28. nóv. 1804; lærði skólalærdóm fyrst (3 ár) hjá Arnóri próf. Jónssyni í Vatnsfirði og síðan (2 ár)

hjá séra Sigurði Jónssyni á Rafnseyri, enn var útskrifaður 1828 af Páli Hjálmarssyni, presti að Stað á Reykjanesi, er fyr var rektor Hólaskóla; var vígður 1830 sem aðstoðarprestur föður síns í Holti, enn eftir að hann drukknaði (1835) var séra Jón 1 ár embættislaus, enn varð svo 1837 aðstoðarprestur séra Markúsar Þórðarsonar á Álftamýri og var veitt það brauð að honum látnum 1839, og var þar þangað til hann fékk Rafnseyri 1862 og þjónaði því brauði til 1882, er hann fékk lausn frá embætti (10. maí). Hann kvongaðist (1828) Guðrúnu Guðmundsdóttur, ekkju. Hann létst í októbermánuði.

Af heldri bændum og öðrum merkismönnum létust þessir, að því er hefir tilspurst:

Árni Sigurðarson (bónda Árnasonar í Höfnum á Skaga), fæddur á Ytriey í Húnavatnssýslu 7. mars 1835; fluttist að Höfnum með foreldrum sínum 1845; hóf búskap í Eyjarkoti vorið 1857, enn fluttist að Höfnum (á hálflenduna) vorið eftir, enn tók við allri jörðinni 1867 af föður sínum og bjó þar síðan alla ævi rausnarbúi, og bætti jörðina, þjóðjörð, mikið. Árni var tvíkvæntur; hét fyrri kona hans Margrét Guðmundsdóttir († 1878); þeirra sonur Arnór prestur í Tröllatungu auk 4 barna annara á lífi; hin seinni heitir Jónína Jónsdóttir frá Espihóli; þau áttu 2 börn á lífi. Árni létst 17. júlí.

Benedikt Jóhannesson (bónda), sýslunefndarmaður, á Hvassafelli í Eyjafirði, einstakur búhöldur, valmenni og héraðsstoð. Hann létst 24. okt. á sekstugsaldri.

Björn ritstjóri *Jónsson* (prests Jónssonar á Grenjaðarstöðum), fæddur 14. maí 1802; ólst upp hjá foreldrum sínum, og bjó síðan sem bóndi og hreppstjóri á ýmsum jörðum í Eyjafirði frá 1826—45; þá varð hann verslunarstjóri, fyrst á Siglufirði, svo á Akureyri; árið 1849 var hann helsti hvatamaður þess, að prentsmiðja yrði sett upp á Akureyri og árið 1853 tók hann að sér með öðrum útgáfu blaðsins Norðra og hélt því seinna úti einn og veitti prentsmiðjunni forstöðu þangað til 1856, er hann slepti blaðinu við Svein Skúlason kandídat, og gaf sig aftur við verslun; svo tók hann aftur við stjórn prentsmiðjunnar (»norður- og austuramtsins«), fékk hana á leigu og

stofnaði blaðið »Norðanfara« 1860, er hann hélt úti þangað til í fyrra (um 25 ár; sjá Fr. f. á., bls. 52); sjálfur kom hann sér upp »prentsmiðju (Norðanfara«), er hann varð að sleppa hinni (1876). Hann ritaði sjálfur fremur lítið í blað sitt, enn fékk framan af góða og vel hæfa menn til að rita fyrir sig. Hann var kosinn þjóðfundarmaður 1851 fyrir Norðurþingeyjarsýslu og gegndi mörgum og margvíslegum mikilsvarðandi störfum á Akureyri, þar sem hann dvaldi síðan til dauðadags (20. júní). Hann var tvíkvæntur; fyrst: Önnu Árnadóttur frá Reistará († 1866) og síðar Hermannínu Kr. Finnbogadóttur.

Daníel dbr.m., hreppstjóri og sýslunefndarmaður *Jónsson* (bónda Daníelssonar), fæddur á Sveðjustöðum í Miðfirði í desember 1821; fór á barnsaldri með móður sinni að Þóroddstöðum í Hrútafirði og var þar síðan alla ævi og þótti besti bóndi, félagsmaður og hjálparvættur sinnar sveitar. Hann kvæntist (1848) Valgerði Tómasdóttur frá Broddanesi, enn lét ekkert barn eftir sig á lífi. Hann létst 23. okt.

Jón Jónsson (prests Jónssonar prests lærða í Möðrufelli Jónssonar) á Æsustöðum í Eyjafirði, góður og gildur bóndi, létst 17. október. Kona hans var Vilborg ljósmóðir Pétursdóttir frá Ánastöðum í Hjaltastaðaþinghá og lifði hann með 2 dætrum.

Jón hreppstjóri og hreppsnefndaroddviti *Pálmason* (bónda Jónssonar), fæddur í Sólheimum í Húnavatnssýslu 10. júlí 1826; ólst upp hjá foreldrum sínum, til þess er hann misti föður sinn (1846), tók þá við bústjórn fyrst með móður sinni í Sólheimum og síðan (1848) reisti hann þar sjálfur bú; þaðan fluttist hann að Stóradal í sömu sýslu og bjó þar síðan til dauðadags (9. okt.); þótti mesti framkvæmdar- og fyrirmyndarbóndi; hann var kosinn á amtsfundinn á Akureyri 1858 og oftar enn einu sinni á Þingvallafund; hann sat sem varaþingmaður Húnvetninga á alþingi 1863 og 1865. Hann kvongaðist (1848) Ingibjörgu Salóme Þorleifsdóttur frá Stóradal; þeirra son Þorleifur ritstjóri auk 3 annara barna á lífi..

Þorsteinn Jónsson, hreppstjóri og alþingismaður, fæddur 11. maí 1840 í Sólheimum í Mýrdal; fluttist til Vestmanna-

eyja 1861 og dvaldi þar síðan. Hann sat sem þingmaður Vestmanneyinga á öllum löggjafarþingum vorum, enn lét þar lítið á sér bera, þóað mikið þætti til hans koma í sveitarfélagi hans. Hann kvongaðist (1861) Kristínu Einarsdóttur, ekkju cand. theol. Magnúsar Jónssonar Austmanns og varð þeim eigi barna auðið. Hann létst í Reykjavík 28. ágúst eða 2 dögum eftir að þingi var slitið, enda hafði hann verið lasinn fyrir og um þingtímann, þótt hann að öllum jafnaði sækti þingfundi næstum framúr.

Af látnum merkiskonum eru nefndar:

Elinborg Pétursdóttir (prófasts Péturssonar frá Víðivöllum), fædd 1. nóvbr. 1805, ekkja séra Sigurðar Arnórssonar († 1866), síðast prests að Mælifelli, létst 9. febr. að Sjávarborg hjá syni sínum Pétri kaupmanni Sigurðarsyni.

Marie Nikoline Finsen, dóttir Ole Möllers kaupmanns í Reykjavík, fædd 28. apríl 1803, ekkja Ólafs (Hannessonar biskups) Finsens yfirdómara († 1836), er hún giftist 1820; þeirra börn, er uppkomust: dr. Vilhjálmur hæstaréttardómari, dr. Jón stiftslæknir (sjá Fr. f. á., bls. 43—44), Hannes stiftamtmaður í Rípum, Ole póstmeistari í Reykjavík og frú Valgerður síðari kona Halldórs prófasts Jónssonar á Hofi († 1881). Hún létst 27. nóvember.

Solveig ljósmóðir *Pálsdóttir* (prests Jónssonar »skálda«), fædd í Vestmannaeyjum 8. okt. 1821; nam ljósmóðurfræði í Khöfn og gegndi ljósmóður-embætti í Vestmannaeyjum 1842—1867, enn síðan í Reykjavík til dauðadags (24. maí); giftist 1845 Mattíasi trésmið Markússyni (Þórðarsonar prests á Álftamýri) og áttu þau 9 börn, er 7 lifa uppkomin.

Þórunn Hannesdóttir (biskups Finnssonar), fædd 30. júlí 1794, ekkja Bjarna amtmanns Þorsteinssonar († 1876), er hún giftist 22 júlí 1821; þeirra synir Árni landfógeti og Steingrímur skáld, kennari við lærða skólann í Reykjavík; hún létst 28. mars.

Hér má og geta láts *Jóhönnu Kristíönu Gunnlaugsdóttur* (sýslumanns Briem frá Grund í Eyjafirði), er fædd var 20. janúar 1806 í Arnarbæli á Fellsströnd; fór 18 ára gömul til

Khafnar til móðurbróður síns Páls rektors Árnasonar (»Arnesen«), enn varð síðan fósturdóttir Byrgis Skúlasonar Thorlacius († 1829) og fór með honum til Rómaborgar og víðar og var þar veturinn 1826—27 og kyntist í þeirri ferð meðal annara þýskum vísindamanni, dr. Carl Schütz, sanskrítmálfræðingi, er síðan var lengi skólakennari á Þýskalandi, og giftist honum 1831, og lifði hann hana; þeim varð 7 barna auðið. Hún lézt í Bielefeld á Þýskalandi 15. apríl. Hún bar alla ævi mesta ræktarþel til ættjarðar sinnar og týndi ekki móðurmáli sínu, þótt hún aldrei kæmi hingað aftur og sæi ekki Islending svo tugum ára skifti.

VIII. Mentun og menning.

Skólar.—Mentafèlög og bókmenntir.—Ýmiss konar vísindalegar framkvæmdir.—Hundrað ára afmæll Reykjavíkur-kaupstaðar.

Við *háskólann í Khöfn* tóku 2 Íslendingar embættispróf þetta ár: Hannes (Péturssón amtmanns) Hafsteinn í lögfræði 19. júní með 2. einkunn, og Jón Þorkelsson (prests Eyjólfssonar) próf í norrænni málfræði (magisterconferense) 26. júní með einkunninni: admissus. Heimspekipróf tóku þeir stúdentar, er siglt höfðu árið áður (4 með ágætiseinkunn).

Frá *prestaskólanum* útskrifuðust 12 (eldri deildin), þar af 11 á vanalegum tíma (16.—27. ágúst), 5 með 1. einkunn: Hafsteinn Pétursson (er lesið hafði guðfræði við háskólann í Kmh. 3 undanfarin ár,enn kom til Íslands um veturinn og fékk leyfi til að taka próf við prestaskólann, og sigldi aftur til háskólans að því loknu) fékk 51 stig, Björn Jónsson (frá Broddanesi) fékk 50 stig, Skúli Skúlason 49 st., Hálfdán Guðjónsson 45 st. og Bjarni Pálsson 44 st.. 5 með 2. eink.: Arnór Árnason 41 st., Árni Þórarinsson 39 st., Hannes L. Þorsteinsson 37 st., Ólafur M. Stephensen 31 st. og Páll St. Stephensen 29 st. og 1 með 3. eink.: Jón Jónsson (frá Hlíðarhúsum) fékk 19 stig. Einn, Friðrik Jónsson (Péturssonar), tók prófið fyrst 23. des. sökum veikinda og fékk 2. eink. 41 st. Heimspekipróf tóku (26., 28. júní og 1. okt.) 14 stúdentar frá presta- og læknaskólanum (1 með ágætiseinkunn). Um haustið fjölgaði nem-

endum við prestaskólann enn þá meir, þvíað þangað komu 15 í viðbót við 12, er fyrir vóru.

Frá *læknaskólanum* átti einn að útskrifast, Stefán Gíslason, enn fékk hér ekki lokið prófi (í verklegri handlæknisfræði); enn lauk því í Khöfn. Einn kom í hans stað um haustið.

Burtfararpróf úr *lærða skólanum* náðu 22; 1. einkunn fengu 12: Hannes Þorsteinsson 102 stig, Jóhannes Jóhannesson 97 st., Stefán Stefánsson 97 st., Páll Einarsson 97 st. Magnús Blöndal Jónsson 96 st., Kjartan Helgason 95 st., Árni B. Gíslason 95 st., Jóhannes Lynge Jóhannsson 93 st., Ólafur Finnsson 89 st., Gísli Pétursson 87 st., Jón Guðmundsson 86 st. og Jón Helgason 84 st.; 2 einkunn fengu 8: Sigfús Jónsson 83 stig, Guðmundur Helgason 77 st., Jósef Hjörleifsson 77 st., Hallgrímur M. Thorlacius 74 st., Árni Jóhannesson 73 st Eggert Pálsson 70 st., Theódór Jónsson 70 st. og Jón Pálsson 63 st.; 3. einkunn fengu 2; Þórarinn Þórarinsson 59 stig og Bjarni Einarsson 49 st. Einn stóðst eigi prófið. Af þeim sigldu 5 til háskólans samsumars, 12 fóru í prestaskólann og 1 í læknaskólann, enn 4 urðu heima. 5 af þeim höfðu lesið utanskóla 2 og 3 ár eftir fyrri hluta burtfararprófsins. Við árslokin vóru skólapiltar 111, og auk þeirra 3, er lásu utanskóla heima (2 úr 5. bekk og 1 úr 1. bekk)

Úr *Möðruvallagagnfræðaskóla* útskrifuðust 7 þetta vor, enn 13 árið áður; höfðu þar verið þá 22 piltar um veturinn ('85—'86), enn um haustið urðu þeir 17. Þeir urðu æ fleiri, er töluðu um, að skólinn væri óforsjállega stofnaður og settur og um sambandsleysi hans við aðra skóla. Enn af kennslu og stjórn skólans var vel látið.

Um aðsóknina til *alþýðuskólans í Flensborg* er sama að segja og áður. Um veturinn ('85—'86) höfðu þar verið um 50 nemendur, flestir úr Hafnarfirði og nágrenninu eins og áður, og um haustið urðu nemendur 49 og 5 þeirra utansýslu; flestir vóru unglingar fyrir innan fermingaraldur. Af kenslu þó vel látið.

Í *alþýðuskólann* á Akureyri, er Guðmundur Hjaltason hafði haldið um veturinn ('85—'86), kom enginn um haustið fram til nýárs. Skólahús vóru reist og kensla byrjuð um haustið með 19 piltum í Hléskógum þetta ár í *alþýðuskóla* Suð-

urþingeyinga, er haldinn hafði verið í Laufási veturinn '85—'86, fyrir forgöngu Einars umboðsmanns Ásmundssonar í Nesi; þar hafði fæðiskostnaður námspilta (10 að tölu) orðið rúmir 40 aurar á dag; þeir vóru látnir hafa samlagsbú og héldu svo matselju og þjónustukonu, og sama fyrirkomulag var í Hléskógum.

Af *kvennaskólunum* er lítið frekara að segja enn að undförnu. Forstöðukona kvennaskólans í Reykjavík, Thora Melsteð, ætlaði um haustið að bæta einni deild (3. bekk) við þær 2 deildir, er skólanum hefir verið skift í að undanförnu (8 ár), »handa þeim námsmeyjum, sem lengra eru komnar og vilja ná meiri mentun enn alment gerist, ef nógu margar þroskaðar og hæfilega undirbúnar stúlkur gæfu sig fram« fyrir haustið, enn því varð ekki komið fram. Þar urðu samt 26 stúlkur við nám að meira og minna leyti um haustið eða líkt og áður hafði verið. Í kvennaskóla Skagfirðinga og Húnvetninga á Ytriey vóru 30 námsmeyjar flest veturinn 1885—'86, enn þar af að eins 12 allan veturinn. Skólinn var þann vetur í 3 deildum (bekkjum; einn eingöngu handvinnubekkur). Þá héldu og kenslukonur og námsmeyjar hlutaveltu til að stofna bókasafnssjóð fyrir kvennaskólann. Um haustið urðu námsmeyjar 16 til nýárs. Námsmeyjar í kvennaskólanum á Laugalandi vóru 9 um haustið. Félag eitt á Akureyri, er átt hafði »prentsmiðju norður- og austuramtsins«, hafði selt prentfærin og lagði söluverð þeirra (2,700 kr.) í sjóð, er það nefndi »prentsmiðjusjóð norður og austuramtsins«; skyldi vökstunum (108 kr.) varið til »að styrkja fátækar og efnilegar námsmeyjar og unglinga, er ganga í kvennaskólann í Eyjafjarðarsýslu og gagnfræðaskólann á Möðruvöllum«, með 4 27-króna-ölmusum, 2 til hvors skóla.

Um *búnaðarskólana* er það að segja, að skóla vesturumdæmisins í Ólafsdal var ætlaður 3630 kr. styrkur fyrir skólaárið 1886—'87; þar af 2200 kr. í meðgjöf með 14 piltum, er þar ætluðu að vera það ár; 3 piltar höfðu útskrifast þaðan um vorið; vóru þá eftir 8 (yngri deildin). Húsrúm skólans varð eigi stækkað. Frá búnaðarskólanum á Hólum útskrifuðust 3 af 10, er verið höfðu um veturinn ('85—'86) og 10 urðu þar um haustið, og frá búnaðarskólanum á Eiðum útskrifuðust 3 piltar, og 12 urðu þar um haustið. Fjárskortur krepti að skólum þessum á allar lundir, enda þykir

kenna á ýmsu ólagi í stjórn og stefnuleysi með fyrirkomulag sumra þeirra. — Sýslunefndir Þingeyinga höfðu þetta ár undirbúning til að koma upp hjá sér búnaðarskóla eða fyrirmyndarbúi út af fyrir sig, enn ekkert var fullgert fyrir árs lok. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fékk 11. júní 3000 kr. bráðabirgðalán úr landssjóði til að kaupa Hvanneyri með eignum þeim, sem undir hana liggja, til búnaðarskólastofnunar, auk þess er áður hafði veitt verið (sjá Fr. f. á. bls. 49); þó skyldi endurgreiða lánin að öllu innan loka þessa árs, ef sýslunefndin afsalaði öðrum eignina innan þess tíma. Nefndin hafði árið áður æskt þess, að búnaðarskóli vesturamtsins í Ólafsdal yrði fluttur að Hvanneyri og sameinaður búnaðarskólastofnun þeirri, er þar er fyrirhuguð, og nú áleit amtsráð suðurumdæmisins á aðalfundi sínum (29. júní til 3. júlí) »það æskilegt, að einn væri búnaðarskóli fyrir suðuramtið og vesturamtið, á Hvanneyri«. Lengra var eigi komið fyrir árslok.

Markús skipstjóri Bjarnason í Rvík veitti skriflega og munnlega *kenslu í stýrimannafræði* 11 piltum, þegar flest var, frá októberbyrjun 1885 til febrúarloka þetta ár (sjá Fr. f. á. bls. 50—51) og byrjaði hana aftur 1. okt. þ. á. og hafði þá nokkra hina sömu og nokkra nýkomna, og um árslokin vóru þeir 11; vóru þeir margir ýmist að koma eða fara, vegna vertíðar og annara orsaka. 25. og 27. nóv. tóku 2 piltarnir próf í stýrimannafræði. — Landshöfðingi veitti og um haustið 100 kr. til að koma á sjómannakenslu á Ísafirði, og sjómannakensla hafði verið í Hafnarfirði um veturinn 1885—'86 og 1886—'87.

Sundfélag Reykjavíkur fékk 100 kr. styrk af landsfé til að halda uppi sundkenslu þetta ár, enn henni var lítið sint. Þó hafði félagið látið reisa 9 álna langt og 6 álna breitt timburskýli yfir miðri sundlauginni, og bæjarstjórn Reykjavíkur hét að greiða kenslukaup (4 kr.) fyrir alt að 10 sveitlæga drengi, eins og hún hafði gert árið áður.

Mentafélög og bókmentir. Af *bókmentafélaginu* er frásagnaverðast hið svonefnda heimflutningsmál Hafnardeildarinnar. Eins og getið er um í Fr. 1883 (bls. 57) vóru það ár samþyktar á fundi Reykjavíkurdeildarinnar, sem breyting á lögum félagsins, greinir, sem lutu að því, að afnema deilda-

skifting félagsins og vóru þær síðan sendar Hafnardeildinni til atkvæða. Hún setti nefnd í málið og sú nefnd hafði málið til meðferðar í 2 ár, og þetta ár kom hún fram með sitt álit prentað, og var það þess aðalefnis, að þegar raska skyldi grundvelli félagsins og afnema aðra hvora deild þess, þá yrði það ekki gert með lagabreytingum, heldur þyrfti til þess sérstakt samþykki þeirrar deildar, er hlut á að máli, án tillits til atkvæðagreiðslu hinnar deildarinnar, auk þess sem það væri í alla staði mjög óhagfelt að sameina deildirnar; réð hún því til að vísa málinu frá og var það samþykt á fundi 30. mars. Þessi úrslit vóru kynt Reykjavíkurdeildinni og setti hún nefnd til andsvara, og kom sú nefnd með prentað álit á aðalfundi deildarinnar 8. júlí og réð í niðurlagi þess til þess, að skora á forseta Hafnardeildarinnar enn á ný að bera upp til atkvæða á fundi þar samkvæmt 53. gr. í lögum félagsins lagabreytingatillögurnar, eða ef hann vildi ekki verða við þeim tilmælum, að deildirnar velji þá »óvilhallan gerðarmann til þess að skera úr, hvort fara eigi með« lagabreytinga-tillögurnar »eftir 53. gr.« félagslaganna »eða Kaupmannahafnardeildin eigi sjálfstætt samþyktaratkvæði um þessar tillögur« og stakk nefndin upp á geheimeetatsráði A. F. Krieger, þeim er gefið hefir landsbókasafninu flestar og bestar bækurnar um undanfarin ár og lengi hefir verið heiðursfélagi í bókmentafélaginu. Þessar ályktanir nefndarinnar vóru samþyktar og síðan sendar Hafnardeildinni; lengra var ekki málið komið fyrir árslokin. Þetta ár gaf Reykjavíkurdeildin út að eins ársbækur sínar: Tímaritið (7. ár) og Fréttir frá Íslandi 1885, enn Hafnardeildin sínar ársbækur: Skírni 1885 og skýrslur og reikninga 1885, og auk þeirra: kvæði Stefáns prests Ólafssonar II. (síðara bindi), útgefin af Jóni Þorkelssyni cand. mag. og Hirðstjóra-annál Jóns prófasts Halldórssonar, útg. af Guðm. Þorlákssyni cand mag.; var þar með lokið 2. bindi af Safni til sögu Íslands, er byrjað var á 1860 og fylgdi registur yfir það. Þessar bækur vóru nú allar komnar út í júnímánuði.

Þjóðvinafélagið gaf út sínar ársbækur: Almanak fyrir 1887 með æviágripi og myndum Grants og Lincolns, o. fl. og Andvara 12. ár með æviágripi og mynd Halldórs prófasts Jónssonar og ýmsum ritgerðum, svo sem um ull eftir Krist-

ján Jónasson (skýrsla, sjá Fr. f. á. bls. 33); þar að auki gaf það út þýðingu af bók John Stuart Mills: On the Liberty (Um frelsið) eftir Jón Ólafsson alþingismann.

Tímaritið *Iðunn* kom þetta ár út að eins í 30 örkum, og var Björn Jónsson ritstjóri einn kostnaðarmaður þess.

Blöðum fjölgaði mjög þetta ár. Á Akureyri kom út nýtt blað um veturinn (18. mars): Akureyrarpósturinn, útgefandi Björn Jónsson prentari, sá er gefið hafði út Fróða, enn hætt þá við og fengið Fróða í hendur Þorsteini Arnljótssyni (prests Ólafssonar), og síðar á árinu tók »félag í Eyjafirði« að sér útgáfu Fróða; enn Akureyrarpósturinn gafst upp á árinu. »Norðurljósið« (sjá Fr. f. á. bls. 52) kom og út á Akureyri (11. ágúst); ritstjóri þess var Páll Jónsson (skólagenginn á Möðruvöllum). Þar komu og út um veturinn 3 nr. af háðblaði, er nefnt var »Jón rauði«, útgefandi Ásgeir Sigurðarson. Blað kom út á Ísafirði 30. okt., er nefnt var »Þjóðviljinn«; »ritnefnd: stjórn prentfélags Ísfirðinga« og »útgefandi: prentfélag Ísfirðinga« (sjá 21. bls. að framan). Í Reykjavík kom út boðsbréf að nýju blaði: »Alþýðlegt fréttablað«, ritstjóri Björn Björnsson (búfræðingur), enn ekki varð af útkomu þess sökum kaupendafæðar. Bindindisregla Góðtemplara hóf útgáfu bindindisblaðs, er nefnt var: »Íslenski Good-Templar. Blað stórstúku Íslands«. Hermann búfræðingur Jónasson gaf út boðsbréf að búfræðitímariti, er koma skyldi út næsta ár. Eldri blöðin (Austri á Seyðisfirði, Fjallkonan, Ísafold, Suðri og Þjóðólfur í Reykjavík, öll með sömu ritstjórn, sjá Fr. f. á. bls. 52, og líkri stefnu, sbr. 3. bls. að framan) héldu öll áfram að koma út til árs loka, og vóru því þá alls 9 blöð gefin út á Íslandi auk tímarita (2 vikublöð, 6 hálfsmánaðarblöð og 1 mánaðarblað).

Nýjar bækur komu fremur fáar út þetta ár.

Merkasta bókin var *(í guðfræði)*: »Sálmabók til kirkju- og heima-söngs« (Rv. Kostnaðarmaður Sigfús Eymundsson). Hún var verk þeirra sjö manna, er biskup hafði skipað í nefnd árið 1878 til að endurskoða sálmabókina, enn nefndin hafði ráðið af, með samþykki biskups, að stofna til nýrrar sálmabókar (sjá Fr. 1878 bls. 34). Hún var stærri enn sú næsta sálmabók á undan (frá 1871), eða rúmar 30 arkir, með 650 nr.,

flestum þó stuttum. 124 sálmar vóru óbreyttir eða lítið breyttir úr eldri sálmabókinni og þar að auki 126 sálmar í umbættum nýjum þýðingum, enn 400 máttu kallast nýir, þar af nokkuð margar þýðingar af bestu útlendum sálmum; viðlíka margir (410) eru frumorktir alls í sálmabókinni og flestir þeirra af nefndarmönnum, þar af undir 200 af 2 (Helga Hálfdánarsyni og Valdimar Briem). Á synodus 5. júlí var samþykt, að leita leyfis ráðgjafans til að hafa sálmabókina við guðsþjónustu, þar sem prestar og söfnuðir í sameiningu óska þess, og veitti ráðgjafinn það leyfi 25. ágúst; hafði sálmabókin þá þegar verið höfð við guðsþjónustu í ýmsum kirkjum og söknum landsins, og þar sem fundir vóru haldnir til að innleiða hana var henni hvergi hafnað, nema í Reykjavík (24. okt.), þrátt fyrir meðmæli dómkirkjuprestsins. Enn litlu áður höfðu þar verið vakin mótmæli móti henni opinberlega, einkum vegna kostnaðarins við að eignast hana. Upp úr þessu reis ritdeila í ýmsum blöðum, engu minni enn áður um sálmabækur vorar, þóað hún væri annars eðlis, þvíað flestum þótti þessi sálmabók taka hinum fyrri langt fram.

Svo kom og þetta ár út »sálmasafn yfir guðspjöll allra sunnu- og helgidaga árið um kring, einnig til jólanætur og gamlaárskvölds og missiraskifta. Samið á árunum 1877 til 1885 af *Pétri* presti *Guðmundssyni* að Miðgörðum í Grímsey. Prentað á kostnað höfundarins« með mynd hans. Í sálmasafni þessu eru 223 sálmar og vers, og þykja »þeir flestir fornlegir að bifíulegri trú og einfaldri guðrækni«, enn einnig »margir fornir í anda hvað fátækt nýrri hugmynda og andríkis snertir«. Höfundurinn hefir forðast alla jambiska hætti og sjálfur »myndað nálægt 30 söngbraghátta«, og vandað »mjög mál og kveðandi« (sjá Ísaf. XIII 37).

Til *fornfræði* má telja »Yfirlit yfir Goðafræði Norðurlanda eptir Halldór Briem« kennara á Möðruvöllum; það á að vera sem lykill að eddusögunum.

Í *málfræði* kom út þýsk lesbók eftir Steingrim Thorsteinsson með þýskri málfræði og orðsafni. Þykir hún vel af hendi leyst og mikill fengur fyrir oss Íslendinga.

Í *lögfræði* kom út: Lögfræðileg formálabók, eða leiðarvísir fyrir alþýðu til að rita samninga, arfleiðsluskrár, skiftagjörn-

inga, sáttakærur, stefnur, umsóknarbréf og fleiri slík skjöl, svo að þau séu lögum samkvæm, eftir Magnús Stephensen og L. E. Sveinbjörnsson. Bók þessari hefir verið tekið vel og hún þótt koma í góðar þarfir, og yfir höfuð þykir hún vel samin.

Í *læknisfræði* má geta um þýðingu Þorvarðar Kjerulfs (læknis í Norðurmúlasýslu) á 11. útgáfu (síðan 1874) af þýskum bæklingi (homöopathiskum) eftir dr. med. Schüszler: »Um lækningar, líffræðileg og efnafræðileg meðferð á sjúkdómum«. Enn læknfróðum mönnum hér þykir þessi bæklingur mjög óþarfur og lítils virði.

Í *náttúrufræði* var prentuð efnafræði, 5 arka kver, eftir mag. Bened. Gröndal, er hafði fengið nálægt 200 kr. landsfjárstyrk »til að gefa út tvær stuttar og alþýðlegar smábækur um eðlisfræði og efnafræði«

Af *skáldskap* kom lítið út auk þess er áður er getið. Torfhildur Þorsteinsdóttir Holm (í Ameríku) gaf út »smásögur handa börnum og unglingum«, 7 talsins, svipaðar þeim, er hún gaf út 1884. Af skáldskapar-þýðingum má geta hinnar heimsfrægu sögu Róbinson Krúsóe, er Steingr. Thorsteinsson þýddi eftir ágætu þýsku ágripi af sögunni. Þýðing bréfa Hórazar eftir Jón rektor Þorkelsson og Gísla kennara Magnússon, er bókmentafélagið byrjaði á að prenta 1864 með mjög löngum skýringum, enn lauk aldrei við, kom öll út þetta ár, skýringalaus, með skýrslu hins lærða skóla; þykir þýðingin nákvæm og góð eftir því sem orðið getur, þegar ljóð eru þýdd með óbundnu máli.

Ferðasaga frá Englandi og Skotlandi eftir Kristján Jónasson, þann sem Þingeyingar fengu til utanferðarinnar í fyrra (sjá Fr. f. á., bls. 32—33), kom út þetta ár, og nefndi höf. hana: »Utanför«. Hefir hún fengið góðar viðtökur meðal alþýðu eins og flest þess konar rit.

Þá þótti koma í góðar þarfir *„Leiðarvísir til að nema kvenlegar hannyrðir“* eftir Þóru Pétursdóttur (biskups) og Jarðprúði og Þóru Jónsdætur (háyfirdómara Péturssonar), er út kom þetta ár, enda tók kvenfólkið honum tveim höndum. Fyrirsögnum hannyrðanna fylgdu myndir og uppdrættir eftir sömu höfunda. Þótti það alt vel um vandað.

Með tilvísun til bókskrárinnar í skýrslum og reikningum bókmentafélagsins 1886 yfir þær bækur og ritgerðir, er snerta Ísland og komið hafa út erlendis þetta ár eftir útlenda og innlenda höfunda, skal hér að eins getið „sögu fornnorrænna bókmenta frá elstu tímum til siðbótarinnar“ („Geschichte der altskandinavischen Litteratur von den ältesten Zeiten bis zur Reformation“) eftir *Ph. Schweitzer* dr., er hér ferðaðist 1883. Síðan á þessi saga að halda áfram og ná til þessa tíma og heita þá: Geschichte der skandinavischen Litteratur von ihren Anfängen bisauf dei neueste Zeit; kemur hún sem 8. bindi í „Heimsbókmentasögu“, er gefin er út í Leipzig. — Af hérlendum mönnum skrifaði mag. Benedict Gröndal þetta ár „skrá yfir fugla, er sést hafa á Íslandi“ („Verzeichniss der bisher in Island beobachteten Vögel“) í tímaritið Ornis, útg. í Vín, fyrir félag það (Internationale permanente ornithol. Comité), er gefur tímaritið út, og kosið hafði Gröndal fyrir félaga 1884. Í sama tímariti vóru og „athuganir á fuglum á Eyrarbakka“ (Ornithol. Beobachtungen zu Eyrarbakki) eftir P. Nielsen, verslunarstjóra. — Þetta ár kom út í Washington í Ameríku þýðing (Observations on Volcanic Eruptions and Earthquakes in Iceland within historic times translated and condensed by G. H. Boehmer) á riti Þorv. Thoroddsens: Oversigt over de isl. Vulkaners Historie, og fylgdi þar með aukin skrá yfir þau innlend og útlend handrit, bækur, blaðgreinir og uppdrætti frá elstu tímum til þessa tíma, er snerta náttúru Íslands á einhvern hátt. — Sænskt skáld A. U. Bååth þýddi á sænsku sögu Gunnlaugs ormstungu, Gísla Súrssonar og Hrafnkels Freysgoða, og fylgdu þeim myndir. Fengu sögur þessar mjög mikið orð á sig í Svíþjóð, einkum sem ágætar lesbækur fyrir alþýðu. Þess virðist og mega minnast hér, að þetta ár kom út í danskri þýðingu („Amerikas første Opdagelse“) bókin: America not discovered by Columbus“ eftir Rasmus B. Anderson (norðmann), núverandi sendiherra Bandaríkjanna í Danmörku; hafði hann skrifað hana í Ameríku (á ensku) 1875, og heldur hann því þar fram, að Íslendingar eigi í raun-inni fyrstir heiðurinn fyrir það, að hafa uppgötvað Ameríku og reynir að sanna þá skoðun Finns Magnússonar, að Kolumbus hafi ráðist í uppgötvunarferð sína bæði af viðtali við íslenska menn, er hann hafi komið hingað til lands árið 1477, og af því hann hafi þekt frásögur Íslendinga um landnám þeirra og ferðir til Ameríku (Vínlands) nálega 5 öldum áður. Þótt þessi skoðun Finns þyki eigi fyllilega sönnuð, þá er nú samt mjög að útbreiðast erlendis viðurkenning fyrir því, að Íslendingar hafi fyrstir fundið Ameríku; þannig mintist eitt helsta blað Þjóðverja, „Illustrirte Zeitung“, þetta ár á 900-ára-afmæli þessa Ameríkufundar Íslendinga; að minsta kosti gengur oss Íslendingum betur að fá tileinkað oss þennan heiður, enn Kínverjum, sem líka vilja ná í hann.

Hér skal og getið nokkurra ritlinga, er snerta Ísland og hafa þýðingu að einhverju leyti, enn gleymst hefir að geta í „skýrslum og

reikningum“ bókmentafélagsins undanfarin síðustu ár. Þeir eru: „Isländische Gesteine“ (doctors-disputatía) eftir P. Schirlitz (Vín 1882); „Islændingens Sveinn Pálsson's (læknir) beskrivelse af islandske vulkaner og bræer. Meddelte af Amund Helland“ (Kría. 1882); „Islands kärlväxter“ eftir H. F. G. Strömfelt, greifa sænskan, er hér hefir ferðast (Stokkhólmi 1884); „Notes pour servir à l'étude de la géologie de l'Islande et des îles Faeroe“ (París 1884) eftir franskan mann, Bréon, er hér ferðaðist sumarið 1880 að fyrirlagi kenslumálaráðaneytisins franska. Og þetta sumar sendi franska stjórnin hingað dr. med. H. Labonne til að rannsaka dýra og jurta líf hér, og í fyrra hafði hún sent hingað prófessor Paul Passy til að kynnast mentunarhögum landsins. Og 1885 kom í Botanisk Tidskrift ritgerð eftir danskan mann, E. Rostrup, er hét „Islands Svampe“.

Ýmiss konar vísindalegar framkvæmdir. Sigurður fornfræðingur Vigfússon, varaformaður fornleifafélagsins, fór um sumarið um Húnavatnssýslu og Skagafjörð til fornmenjarannsókna; athugaði hann ýmsa sögustaði, svo sem í Vatnsdal, vígvöllinn á Örlygsstöðum og í Haugsnesi og atburði við Flugumýrarbrennu, þingstaðinn í Hegranesi o. fl., er nákvæmar verður fráskýrt í árbók fornleifafélagsins. Hann fékk og ýmsa góða gripi handa forngripasafninu; þar á meðal flesta gripi úr Hólakirkju, er hún mátti missa frá guðsþjónustugerð, og fornir vóru og merkilegir. — Þorvaldur adjunkt Thoroddsen ferðaðist þetta sumar að fyrirlagi alþingis til jarðfræðisrannsókna; fór hann um alla strandlengju Barðastrandarsýslu inn í Gilsfjarðarbotn, alla Strandasýslu og Hornstrandir norður á Horn. Hið kgl. sænska vísindafélag í Stokkhólmi sendi honum þetta ár heiðurspening úr gulli í viðurkenningarskyni fyrir jarðfræðisrit hans og rannsóknir. — Þess skal enn fremur getið, að 3 ungir íslenskir málfræðingar í Khöfn sóttu fund þann, er haldinn var af allmörgum málfræðingum frá norðurlöndum og nokkrum frá Þýskalandi og Frakklandi í Stokkhólmi 10—13. ágúst.

* * *

Þess var minst 18. ágúst þetta ár með töluverðum hátíðabrigðum í Reykjavík, að þá vóru liðin 100 ár frá því, er Kristján 7. Danakonungur lét Reykjavík fá kaupstaðarréttindi, þegar hann gaf út úrskurð um afnám hinnar konunglegu einkaverslunar á Íslandi 18. ágúst 1786 eftir 1. jan. 1788 og verslunin þar og fiskveiðar vóru opnaðar öllum þegnum Danakonungs, þeim er eigi vóru þá bundnir einkaleyfisverslun, þótt konungur ákvæði þau kaupstaðarréttindi Reykjavíkur ekki fyr enn með tilskipun 17. nóv. 1786. Bæjarstjórn Reykjavíkur stóð fyrir hátíðahaldinu; var fyrst haldið samsæti (í einu veitihúsi bæjarins) og síðan söngur, ræður og dans á Austurvelli og öll hús þar í kring upplýmuð með ljósum um kvöldið og flugeldum

skotið af frakknesku gætisluskipinu minna, er þá lá á höfninni.

IX. Íslendingar í Vesturheimi.

Til Vesturheims fluttust héðan þetta ár um 500 manna, og var mikill ferðahugur þangað í mönnum hér á landi og gátu færri komist enn vildu vegna árferðisins; flestir fluttust til Kanada, einkum »Þingvalla«-nýlendunnar (sjá Fr. f. á., bls. 56), enda höfðu Bandamenn ýfst við innflutningi manna, enn Kanadastjórn tók fegins hendi móti innflytjöndum og sendi hingað sem útflutnings-fulltrúa sinn íslenskan mann, Baldvin L. Baldvinsson. — Margir Ísl. settust þetta ár að í Washington Territory í eignum Bandamanna vestur við Kyrrahaf og nokkrir höfðu setst að á eynni Vancouver í Kyrrahafinu í eignum Breta. Ekki urðu nýbygðir Íslendinga fyrir neinu stórtjóni né óskunda þetta ár; þó biðu einhverjir þeirra í Nýja-Íslandi tjón af skógaeldi, er þar geisaði í ágúst, og sléttueldur mikill (í október) gerði og víðar Íslendingum tjón í Manitoba-fylki. Alls vóru Íslendingar í Vesturheimi þetta ár taldir um 6000; lifa þeir flestir saman í ýmsum nýbygðum til og frá, og í Winnipeg-borg vóru um 1000 Íslendingar, enda má þar kallast höfuðstöðin. Þar er fjölbreyttust atvinna þeirra og líf; vóru þar 7 íslenskar verslanir þetta ár og ein herdeild þar (í »Winnipeg Light Infantry«) var skipuð íslenskum mönnum (um 40); þar eru og félög meðal Íslendinga (»Framfara-félag«, »Kvenfélag«, söngfélag og bindindisfélag, stofnað fyrir 2 árum) og eins eru í Dakota ýmis félög. Þó er ekkert allsherjar-félag til fyrir Íslendinga í Vesturheimi, nema »hið evangelska lúterska kirkjufélag«, er komist hafði á árið áður, mest fyrir forgöngu Jóns Bjarnasonar prests í Winnipeg-söfnuði; þó höfðu þetta ár ekki nærri allir söfnuðir Íslendinga vestra gengið í félag þetta. Félagið studdi þó mjög að sunnudagaskólum þeim, er komnir eru á sumstaðar meðal Íslendinga, og það hélt úti kirkjulegu tímariti, »Sameiningin«, er kom út þetta ár (í Winnipeg). Annars fengu Íslendingar í Dacota nú nýjan prest ísl., Friðrik J. Bergmann, er lesið hafði guðfræði við háskólann í Kristíaníu í Noregi; enn Hans prestur Thorgrímsen fór frá þeim til norsks safnaðar; hafa Íslendingar vestra því alls 2 presta. Blaðið »Leifur« hætti að koma út, enn í hans stað kom út (9. sept.) nýtt blað, »Heimskringla« (í Winnipeg), gefið út af Frímanni B. »Anderson« undir ritstjórn hans og tveggja annara (Einars Hjörleifssonar stúdents og Eggerts Jóhannssonar), enn hætti að koma út nálægt jólum sökum fjárskorts o. fl., enda óánægja og óvild mikil gegn því og ritstjórunum.

FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI

1887

EFTIR

JÓN STEINGRÍMSSON.

Reykjavík.
Prentaðar í Ísafoldarprentsmiðju.
1888.

I. Löggjöf og landsstjórn.

Stjórnarskrármálið í héröðum; afdrif þess á þingi. — Ný lög staðfest. — Lagasynjanir.—Þingsályktanir, og stjórnarsvör (Fensmark).—Fyrirspurnir. —Bankinn.—Leigubreyting á kgl. ríkisskuldabréfum.—Dómar og málaferli. — Verðlagsskrár. — Embættaskipanir. o. fl.

Hið sögulegasta af viðburðum þessa árs er óneitanlega **rekstur stjórnarskrármálsins í héröðum og afdrif þess á alþingi.** Þess var getið í Fr. f. á., bls. 8, að það mál hefði eins og legið að miklu leyti í þagnargildi eftir úrslitin það ár. Og svo leið á veturinn, að ekki var að marki við það átt í ræðum né ritum, enda töldu þá flestir fylgismenn málsins það sjálfsagt, að málið yrði tekið fyrir og samþykt, annaðhvort óbreytt frá frumvarpi þingsins eða með litlum breytingum til samkomulags, á því reglulega alþingi, er halda skyldi um sumarið, og þyrfti því síður frekari orðum að því að eyða, sem þingmenn væru hinir sömu. En undir eins og á þessari skoðun bólaði opinberlega (í »Þjóðólfi«), fóru og að heyrast raddir um það, að best mundi að láta málið hvílast á þessu þingi vegna hins óhagkvæma ástands landsins; fór á því að bera, að hugir manna beindust nú mjög að því, að reyna einhvern annan veg enn þann, er nú hafði verið farinn, til að halda málinu þó áfram og vakandi, enn með minna kostnaði. Einn af forvígismönnum málsins (Jón Sigurðsson) hafði þá þegar í blaðinu »Norðurljósið« minst á ávarp til konungs um málið sem einn úrræðaveg til að halda því áfram í stað frumvarpsleiðarinnar, án þess þó að ráða til þess. Að þessu tóku nú að hneigjast allir þeir, er þinari vóru í sóknum og það því fremur, sem þessi aðferð losaði menn við nýtt aukaþing. Enn nú var kominn tilfinnanleg-

ur geigur í allmarga við aukaþing, af því að menn einblíndu svo mjög á kostnaðinn við það, enda var ekki trútt um, að aukaþingið sjálft hefði gefið átyllu til þess, þar sem ferðakostnaðarreikninganefnd þess (Ben. Sveinsson, Lárus Halldórsson, Jakob Guðmundsson, Sig. Stefánsson, Ólafur Pálsson) hafði úrskurðað þeim þingmönnum, er sjóveg ferðuðust, með strandferðaskipinu, fæðispeninga heim og að heiman, auk þeirra 6 króna, er lög ákveða þeim og öðrum þingmönnum sem dagpeninga, og víst var um það, að einn af þeim þingmönnum (Einar sýslumaður Thorlacius) skilaði aftur þeim peningum, er honum þannig þóttu sér ofreiknaðir; óvinir stjórnarskrárhreyfingarinnar lögðu ekki þetta í lágina, og kölluðu ólögum beitt og jafnvel hlutdrægni af nefndinni, af því að undanteknin hefði verið gerð í þessu efni með Arnljót Ólafsson; var þessu hreyft opinberlega (í Fjallk.) og engin mótmæli gerð af hinna hálfu. Var þetta ærið eitt til þess að gefa mönnum vopn í hendur móti nýju aukaþingi. Í blaðinu Þjóðólfi kom fram tillaga til að forðast alt þess háttar eftirleiðis með því að fastákveða ferðakostnað þingmanna með lögum og hins sama var krafist í sumum kjördæmum um vorið á undirbúningsfundum þingmanna við kjósendur og það varð úr, að þingið tók til meðferðar lagafrumvarp þess efnis frá nefnd, er sett hafði verið í efri deild til að íhuga það mál, enn þetta frumvarp féll í neðri deild.

Enn það sem í sumum héröðum landsins, einkum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, tók að síðustu skarið af með stefnuna í þessu máli, vóru vorharðindin miklu, er verst fóru með þær sýslur (sjá síðar veðráttukaflann); þar varð það algjörlega ofan á eftir þau, að hreyfa ekki við stjórnarskrármálinu að þessu sinni öðruvísi enn í ávarps-formi. Meðhaldsmenn frumvarpsins höfðu alt af fremur hægt um sig í ræðum og ritum; þó taldi »Þjóðviljinn«, hið nýja blað Ísfirðinga, það eitt rétt og gagnlegt til framhalds málinu, að »samþykkja á ný frumvarp til stjórnarskipunarlaga«, gagnvart »Fróða«, er hélt fram sömu stefnu og áður og hafði hent á lofti orð Jóns Sigurðssonar um ávarpið og það því fremur sem Tryggvi Gunnarsson hafði haldið því fram á þingi 1885. Hins vegar taldi »Fróði« nú það eitt rétt

gert af stjórnarskrármönnum, ef þeir vildu vera sjálfum sér samkvæmir, að halda málinu áfram með því að samþykkja frumvarpið eldra alveg óbreytt, enn sagði jafnframt, að það »væri með öllu ótiltækilegt«; enn þeir vóru nú allmargir meðal meðhaldsmanna málsins, er óskuðu ýmissa breytinga á því frumvarpi, margra í líka átt og breytingar dr. Gríms Thomsens höfðu verið árið áður, enn þá vóru feldar; nú þótti flestum skaðlaust að gera breytingar á frumvarpinu.

Landshöfðingi og stjórnin vóru nú að sínu leyti ekki aðgerðalaus; nú var kjörtími hinna konungkjörnu útrunninn; skipaði stjórnin nú 15. apríl hina konungkjörnu sveit þessum mönnum: Árna Thorsteinsson, Arnlj. Ólafssyni og L. E. Sveinbjörnson, öllum endurkosnum, og þessum nýjum: amtmönnunum E. Th. Jónassen og Júlíusi Havstein og Jóni A. Hjaltalín, skólastjóra á Möðruvöllum; þessir 3 komu í stað M. Stephensen sem landshöfðingja, Jóns Péturssonar háyfirdómara, sem annars hefði orðið elstur þingmanna á þingi, og séra Hallgr. Sveinssonar dómkirkjuprests, er var hinn eini af konungkjörnum, sem sinnandi var stjórnarskrármálinu. Nú er enn þá eitt ótalið. Það hafði kvisast árið áður, að stjórnin mundi nú fara að bægja sýslumönnum frá að sitja á þingi; þetta varð orð og að sönnu, þvíað þeir sýslumenn, sem kosnir höfðu verið til aukaþingsins og yfirstandandi kjörtíma, fengu nú fyrst eftir aukaþingið afstaðið þá skipun frá amtmönnum, að þeir fengju ekki að fara til þings, nema þeir útveguðu löglærða menn í sinn stað á meðan, er dveldu innan sýslu; á sama hátt fengu og læknar þeir (Þorv. Kjerulf og Þorsteinn Jónsson læknir í Vestmannaeyjum, er kosinn var þar 9. maí [með 30 atkv. af 35, er greidd vóru] í stað Þorst. sál. Jónssonar, sjá Fr. f. á., bls. 45), er til þings skyldu fara, skipun um að útvega læknfróða menn til að dvelja í þeirra stað innanhéraðs, enn þeim vildi það til, að 2 lærisveinar læknaskólans vóru álitnir hæfir til þess af landlækni, og var það látið gott heita; verr leit út fyrir sýslumönnunum, þvíað þar þótti að eins einn maður (cand. jur. Björn Bjarnarson) tiltækilegur, enn hann var erlendis; einn sýslumannanna (Sigurður Jónsson) sagði loks (16. maí) af sér þingmensku; buðu Snæfellingar

þá séra Hallgrími Sveinssyni þingmensku, enn hann gat ekki komið því við að þiggja hana; kusu þeir þá 17. júní sýslumann Pál Briem (með 33 atkv. af 44), er þá hafði sagt Dalasýslu lausri (sjá síðar um embættaskipun). Nú þótti stjórnarskrársinnum súrt í brotið, þar sem útlit var fyrir, að einn helsti forvígismaður stjórnarmálsins, Ben. sýslum. Sveinsson, kæmist ekki á þing að sinni, enn stjórnin hefði hins vegar kvatt amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu á þing, og látið sér það nægja, samkvæmt skilyrðunum, að hann setti sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu í sinn stað; þó fór svo, að Benidikt gat komist suður til Reykjavíkur, þrátt fyrir þessar og fleiri tálmanir, þó að eins í þeirri veru, að leita sér lækninga; hinn sýslumaðurinn, Einar Thorlacius, gat og komist þangað; lögðu þeir Benedikt þá hvor um sig að Birni Bjarnarson, er þá var kominn til Reykjavíkur, að hann kæmi í þeirra stað í sýsluna og fékk Benedikt hann loks, og gat því setið kyr á þingi; enn Einar varð að fara heim við svo búið. Þessu tiltæki stjórnarinnar var síðan hreyft á alþingi með fyrirspurn, er síðar verður frá skýrt. Það lá og við, að einum presti (Sveini Eiríkssyni) yrði hamlað frá þingsetu, af því að hann hafði ekki hirt um að sjá nógu vel fyrir prestsþjónustu í fjarveru sinni, enn honum tókst að fá embættislausan prestvígðan mann (Brynjólf Gunnarsson) fyrir sig.

Flestir þingmenn héldu að vanda um vorið undirbúningsfundi með kjósöndum sínum og var stjórnarskrármálið auðvitað helsta umræðuefnið alstaðar. Auk Húnvetninga og Skagfirðinga urðu daufar undirtektir Strandamanna, Vestmanneyinga, Norður-Múlsýslunga, Árnesinga og Gullbr.- og Kjósarsýslu-manna, enda vóru fundir þeirra fámennir mjög (7 menn á fundinum í Hafnarfirði), og vildu þeir ekki láta hreyfa málinu á þessu þingi, nema ef vera skyldi helst með ávarpi, enn varast þingrof.

Alþingi (7. reglulega löggjafarþing) var sett af landshöfðingja að konungsboði 1. júlí. Ókominn vóru þá þingmennirnir: Einar Thorlacius, Lárus Haldórsson og Þorv. Kjerulf, enn þeir komu allir 5. júlí, enn Einar varð að fara austur aftur um miðjan júlí án þess að hafa setið á þingi, eins og áður var

getið. — Forsetar þingsins urðu allir hinir sömu og í fyrra. Þess skal enn fremur getið um kosningarnar á þinginu, að nú varð þjóðkjörinn þingmaður (Jakob Guðmundsson) aldursforseti í efri deild, enn hingað til hefir það ráðist svo, að einhver hinna konungkjörnu hefir ávalt verið það, og hinir þjóðkjörnu í þeirri deild því ávalt getað ráðið forsetakosningu, enda valið hann ávalt úr flokki konungkjörinna og með því trygt sér þjóðkjörinn meiri hluta á þingmannabekkjunum, enn aldursforseti aldrei greitt atkvæði; þjóðkjörnu þingmennirnir sáu nú, hvað verða vildi og tók aldursforseti það nú til bragðs að greiða atkvæði; skar nú hlutkesti loks úr að jöfnum atkvæðum milli konungkjörins (Á. Thorst.) og þjóðkjörins (Ben. Kristj.) eftir prítekna kosning, og varð hinn konungkjörni þannig forseti; enn til lítils þótti þó barist síðar, er á þingið fór að líða, eins og síðar mun sagt verða. — Kjörbréf nýju þingmannanna vóru tekin gild. Stjórnin lét leggja 11 frumvörp fyrir þingið, enn engan fékk það boðskap frá konungi, og hafði þó verið í ráði hjá stjórninni, að senda hingað forstjóra ísl. stjórnardeildarinnar í Khöfn, Hilmar Stephensen, auðvitað einkum vegna stjórnarskármálsins, enn ekkert varð af þeirri sendiför, enda hafði fólksþingið sérstaklega synjað samþykkis fjárveitingu til slíks ferðakostnaðar. Að öðru leyti heyrðist ekkert frá stjórninni um stjórnarskrármálið. Nú er þingmenn komu saman, var mikill tvíveðrungur og hik á mörgum með það mál, álíka og komið hafði fram á ýmsum undirbúningsfundum; þó varð helmingur þeirra eftir ítrekaðar umræður á utanþingsfundum ásáttur um það, að koma því fram frumvarpsleiðina, sem hina einu lögheimila leið, er nokkurs árangurs helst mætti nokkurn tíma af vænta; lögðu því 5 flutningsmenn (Ben. Sv., Þorv. Kjerulf, Jón Jónsson, Páll Briem, Sig. Stef.) frumvarp fram í neðri deild, er var að mestu samhljóða hinu eldra frá 1885 og '86; breytingarnar vóru helst orðabreytingar eða nánari útskýring á stöku fyrirmælum í hinu eldra frumvarpi, mest til að eyða eldri mótmælum og aðfinningum, enn sárfá ný ákvæði. Nú var nefnd (Ben. Sv., Árni Jónsson, Lárus Haldórsson, Páll Briem, Sig. Stef., Þorleifur Jónsson, Þorv. Kjerulf) sett í málið og gerði hún litlar breytingar á frumv. og lagði það fram til

samþykkis án ágreinings. Við fyrstu atkvæðagreiðslu um frumvarpið í heild sinni greiddi einn (dr. Gr. Th.) atkvæði móti því; við aðra urðu þeir 7 (auk Gr. Th.: Þór. Böðv. og Jón Þórarinsson, Jónas Jónassen og Þorsteinn Jónsson, Eiríkur Briem og Þorlákur Guðmundsson), enn samþyktu þó flestar hinar einstöku greinir, og við þriðju höfuðatkvæðagreiðslu bættist einn við þessa 7: Lárus Haldórsson, nefndarmaðurinn. Urðu þannig alls 8 til að greiða atkvæði móti framgangi málsins í neðri deild. Aðrir, er hikandi höfðu verið, greiddu nú atkvæði með frumvarpinu, er þeir sáu engin önnur úrræði málinu til verulegs og viðunandi framhalds. Landshöfðingi taldi frumvarpið með breytingunum gert óaðgengilegra fyrir stjórnina, ef það annars hefði getað orðið, þar sem það hefði aldrei komið og kæmi því síður nú til mála, að stjórnin aðhyltist það, enda ekki nokkur stjórn í heimi; þó talaði hann hins vegar um, að ýmsar misfellur hefðu verið lagaðar; samt væru margar eftir; enn aðfinningar hans þóttu nú sýna berlega, að hann áliti sjálfur, að ekkert yrði gert í því aðalefni, er stjórnarbreytingin fór fram á. Aðrir mótmælendur töluðu með landshöfðingja um misfellur á frumv., án þess þó að koma með breytingartillögur, um óhentugan tíma nú, árangurlausa baráttu um langan tíma, þar sem nú fyrst væri lagt út í nýja stjórnarbaráttu, ef frumv. yrði samþykt af þinginu, að sannan og almennan þjóðvilja vantaði fyrir því, og nú væru þeir neyddir af kappi forgöngumanna málsins að greiða atkvæði móti því, þótt þeir væru því í raun og veru hlyntir, þar eð því hefði verið dembt inn á þing móti vilja svo margra; sumir (Eir. Br. og Jón Þór.) tóku þó ekki til máls móti frumv. Ben. sýslumaður Sveinsson, framsögumaður málsins nú eins og áður, hélt svörum uppi fyrir það, og gekk það þannig gegnum neðri deild (1. ágúst). Í efri deild mátti óttast meiri hættu fyrir það, sökum þess, hve sú deild er skipuð, og auðvitað þótti, að konungkjörnir nú mundu halda vel hópinn, sem oftar gagnvart þjóðkjörnum; vóru því afdrif þess komin undir því, að hinir þjóðkjörnu fylgdust að sem einn maður í því. Enn öðru var nær, eins og oftar þótti við brenna; þar urðu 2 þjóðkjörnir bændur, Friðrik Stefánsson og Skúli

Þorvarðarson til þess (5. ágúst), þvert ofan í vilja annara þjóðkjörinna í deildinni, að koma 5 manna nefnd í málið, þar sem meiri hlutinn var úr flokki hinna konungkjörnu (Arnlj. Ól., Júlíus Havstein, Jón A. Hjaltalín); hinir 2 þjóðkjörnu (Sighv. Árnason, Jak. Guðm.) skildust brátt við meiri hlutann og komu fram með sitt álit, er lagði málið óbreytt til samþykkis; reyndu nú 4 þeir þjóðkjörnu að ná málinu úr höndum hinna með þingsályktun, enn fengu ekki að gert sökum fylgis þeirra Friðriks og Skúla við hina konungkjörnu, og þraukuðu þeir þannig með málið, þrátt fyrir áminningar forseta (Á. Th.), þangað til síðustu þingdagana, að loks kom álit frá þeim, sem auðvitað gekk á móti; og varð málið því fyrst rætt að nýju daginn áður enn þingi var slitið (25. ágúst), og þá vísað til 2. umræðu með öllum atkvæðum hinna þjóðkjörnu. *Stjórnarskrárbreytingarnar urðu þannig* **ekki útræddar** *á þinginu 1887.* Þegar meiri hluti hinna þjóðkjörnu í máli þessu í efri deild sáu, hvað verða vildi með þetta mál, hvernig forsetakosningin hafði atvikast, samheldni konungkjörinna þingmanna gagnvart þjóðkjörnum og svo nefnd liðhlaup hinna þjóðkjörnu, komu þeir fram með lagafrumvarp samkvæmt 15. gr. stj.skr. frá 1874 um að breyta tölu þingmanna í efri deild þannig, að þar skyldu eftirleiðis sitja 9 þjóðkjörnir, enn 21 í neðri; það frumvarp fór sem lög frá þinginu; enn þá þegar var talið víst eftir ummælum landshöfðingja, að stuttur yrði á því ómagahálsinn hjá stjórninni.

Þessi afdrif stjórnarskrármálsins á sjálfu þinginu vöktu megna gremju hjá fylgismönnum þess, er einkum kom fram í blöðum þeirra. Í útlöndum var þeim minna sint, af því að Fensmarksmálið eða »Fensmarks-hneykslið«, sem svo er nefnt, varð aðalumtalsefnið, ef á Ísland var minst; enn frá aðgerðum þingsins í því máli verður síðar skýrt.

Sumir forkólfar stjórnarskrármálsins töldu nú á þingmenn og aðra fyrir fylgisleysi og kendu það einkum linri sókn blaðamanna; ætluðu þeir því að sjá við þeim leka eftirleiðis með því að stofna nýtt blað, er heita skyldi »Íslenskt vikublað« og skyldi »vera málgagn forvígismanna stjórnarskrárbaráttunnar og halda hátt á lofti merki sjálfstjórnarflokksins«; enn svo

daufar urðu undirtektir manna, að ekkert varð af útkomu þess, enda enginn nafngreindur sem útgefandi né ritstjóri blaðsins. Var svo að öðru leyti tíðindalítið í þessu máli það sem eftir var ársins.

Þinginu var slitið 26. ágúst; þingmál urðu alls 91: 63 lagafrumvörp, þar af samþykt 28 (17 þingm. frv. og 11 — *öll* — stjórnarfrv.), 5 óútrædd, hin feld; þingsályktanir urðu 26 að tölu: 8 feldar eða ekki ræddar og teknar aftur, hinar samþyktar; fyrirspurnir vóru 2, báðar leyfðar. Alþingiskostnaðurinn varð alls um 36000 kr.; fæðispeningar og ferðakostnaður þingmanna varð um 1000 kr. meiri enn 1885, mest sökum þess, að helmingur hinna konungkjörnu átti nú heima norður í Eyjafirði.

Nú skal skýrt frá lögum þeim, sem samþykt vóru af þessu þingi og náðu staðfestingu konungs fyrir árslokin.

4. nóv. vóru staðfest:

1. *Fjárlög fyrir árin 1888 og 1889.* Tekjur vóru nú settar nálægt 40000 kr. *minni* enn gjöldin, líkt og stjórnin hafði gert í fjárlagafrumv.sínu, og vóru bæði tekjur (einkum) og gjöld gerð miklum mun minni nú enn í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887. Tekjulækkunin saman borin við þau fjárlög var nú einkum í því fólgin, að aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, er reynst hafði langt of hátt sett þá, var nú ætlað 80000 kr. minna á fjárhagstímabilinu eða 90000 kr. hvort árið; enn árið áður hafði það orðið að eins 80123 kr. Gjöldin lækkuðu mest við það, að þingið færði styrkinn til gufuskipaferða hér, 18000 kr. á ári, niður um helming, og veitti nú rúmum 18000 kr. minna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja enn þá, enda lét stjórnina (landsh. og ráðgj.) ekkert hafa til útbýtingar af því fé, er það veitti í þessu skyni (6180 kr.), þvíað sá andi varð nú ráðandi í fjárlögunum jafnframt meiri sparnaði, að láta stjórnina eina *ekkert fé* hafa til ótiltekinna umráða og útbýtingar. Helstu gjaldauka-nýmæli fjárlaganna vóru þau, að bókkaupafé landsbókasafnsins var hækkað um helming á ári, úr 600 kr. á ári, áður og til forngripakaupa vóru veittar 1000 kr. á ári í stað 700 kr. áður. Alþingiskostnaðurinn var settur hærri sökum »alt að 5000 kr.« fjárveitingu »til kostnaðar við máls-

höfðun út af vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað«. Mikið þjark varð millum deildanna út af allmörgum atriðum fjárlaganna, einkum fjársparnaði neðri deildar og hafði hún að mestu sínar tillögum fram í sameinuðu þingi, nema launabætur þingsins 1885 (sjá Fr. 1885, bls. 8) til læknanna Schierbecks og Tómasar Hallgrímssonar, sem hún vildi nú af nema, enn fékk eigi fram komið. Sömuleiðis varð ekki framgengt neinum nýjum toll- eða tollauka-frumvörpum, er komu fram nú eins og á aukaþinginu, svo sem um hækkun brennivíns- og tóbakstolls og um nýjan toll á kaffi og kaffibæti o. fl. Þó batt þingið nýjar fjárbyrðar, sem lenda hlutu á viðlagasjóði, eins og tekjuhalli fjárlaganna, þar sem það samþykti brúargerð á Ölfusá með 40000 kr. framlögum af landssjóði, auk 20000 kr. láns til Árness- og Rangárvalla-sýslna og jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins til sama fyrirtækis, og

2. *Lög um linun í skatti af ábúð og afnotum jarða og af lausafé*, eins og áður (sjá Fr. 1885, bls. 10).

3. *Fjáraukalög fyrir 1884 og 1885* með 7600 kr. aukafjárveitingu, mest til póstflutninga (5000 kr.) og ferðar A. Feddersens (1300 kr.).

4. *Fjáraukalög fyrir árin 1886 og 1887* með 12,300 kr. aukafjárveitingu, þar af 11,200 kr. launauppbætur til þriggja héraðslækna (Hjartar, Þorsteins og Þorvaldar Jónssona) fyrir 10—11 síðustu ár, eftir tillögum stjórnarinnar; úrslitum þeirrar veitingar nú réð mest dómur hæstaréttar (sjá síðar) í máli, er einn héraðslæknir (Þorgr. Johnsen) höfðaði móti landssjóði út af áþekkri launabótarkröfu og fékk dæmda sér til handa.

5. *Lög um samþykt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885*. Tekjur landssjóðs urðu á því fjárhagstímabili 975 327 kr. 79 au., enn höfðu verið settar í fjárlögunum 875 032 kr.; gjöldin urðu 855 511 kr. 70 a. í stað 856 976 kr. 7 au. í fjárlögunum. Innstæða viðlagasjóðs var því við árslok 1885 964 781 kr. 13 au.

6. *Lög um að stjórninni veitist heimild til að selja nokk-*

rar (alls 14) *þjóðjarðir*, eftir sömu reglum og skilyrðum og áður (sjá Fr. f. á., bls. 10).

7. *Lög um að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju* (í Þingeyjarsýslu) *og Ingjaldshólskirkju skuli fengin hlutaðeigandi söfnuðuðum í hendur.* Þessi lög spruttu af ályktun alþingis 1885, sem fór fram á, að stjórnin leitaði tillögu safnaða landssjóðskirkna um það, hvort þeir fengjust ekki til að taka þær að sér og með hvaða kjörum; hafði alþingi þótt landssjóðskirkjur reynast frekar á fóðrunum, fremur enn aðrar kirkjur; nú höfðu söfnuðirnir annaðhvort alls ekki sint þessu (t. d. í Reykjavík) eða sett afarkosti, nema þeir, er um ræðir í þessum lögum; lagði stjórnin því alt málið undir alþingi samkvæmt tilætlun þess, um leið og hún sendi frumvarpið til laga þessara. Þingið samþykti það lítið breytt og endurnýjaði áskorun sína til stjórnarinnar í sömu átt og áður með þingsályktun.

8. *Lög um sveitarstyrk og fúlgu* urðu til upp úr frumvarpi stjórnarinnar með »nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk«, er hún sendi nú í stað laga alþingis 1885 »um takmörkun á fjárforræði þurfamanna«, enn þeim hafði verið synjað staðfestingar 15. apríl, af því að þau þóttu of harðráð. Sama mál hafði verið borið upp á þingi 1883 í frumv. »um rétt hreppsnefnda í fátækramálum«, enn féll þá, enn fékk nú úrslit með þessum lögum, sem eiga að girða fyrir uppivöðslu þurfalinga með ákvæðum um fjárforráðasvifting, vinnuskyldu og forsjá útfara með ósjálfbjarga lögómögum, alt til að sporna við vaksandi sveitarþyngslum, er stjórninni þótti ásamt með landsmönnum »ætla að verða að sönnu átumeini í þjóðfélaginu«.

9. *Lög um veð* urðu til úr frumv. stjórnarinnar, »er hafði inni að halda nokkur ákvæði um veð«, lítið breyttu að öðru leyti; eiga þau að bæta úr skorti á ísl. lagafyrirmælum, einkum um handveð og »reisa nægar skorður við vanbrúkun á almennri veðsetning og á sjálfsvörsluveði í lausafé«; banna þau meðal annars að veðsetja alt sem maður á og eignast kann, er mikið hefir þótt kveða að meðal skuldunauta kaupmanna.

10. *Lög um áðför*, frá stjórninni, í 53 gr., samin með hliðsjón af dönsku frumvarpi frá 1868 og miða eins og hin síðasttöldu til þess að veita mönnum greiðari og tryggari rétt í skuldaskiftum.

10. nóv. hlutu staðfestingu:

11. *Lög um vegi*, í 30 gr., nema úr gildi tilsk. 15. mars 1861 og lög nr. 19 15. okt. 1875 og taka upp nauðsynleg ákvæði þeirra með endurbótum nokkrum og viðbótum, sem veglagning Norðmanna hér sýndi einkum að með þurfti, svo sem um ákveðinn halla á vegum (3—4 þuml. á alin hverri að jafnaði), til þess þeir gæti orðið vagnvegir, í stað þeirrar aðalreglu, sem viðgengist hefir hér, að hafa sem beinasta stefnu vega og taka ekki tillit til halla, þótt vegir fyrir það þyrfti að ganga yfir háa hóla og hryggi.

12. *Lög um að nema úr gildi lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli á sjávarsvæðinu milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatár í Húnavatnssýslu frá 1. nóv. til 14. sept.* Strandamenn, er fastast höfðu sótst eftir hinum afnumdu lögum, vildu þegar fá þau afnumin á aukaþinginu, enn fengu því eigi framgengt. Landsyfirdómurinn dæmdi um veturinn í máli, er reis út af broti á þeim, þar sem tveir menn höfðu álitið sér heimilt að skera hákarl niður *fyrir norðan* beina línu hugsaða milli hinna nefndu takmarka, og sýknaði hann lögbrjótana samkvæmt þeim skilningi, þó að »hann væri eigi vel samrýmanlegur við tilgang laganna«, þar sem að öðrum kosti »væri gjörsamlega vikið frá orðum þeirra«. Strandamenn fengu sér nú samþykt í stað laganna.

2. desbr. hlutu staðfestingu:

13. *Lög um verslun lausakaupmanna*, er áður hafa verið til meðferðar á þingi (síðast 1885), gera greiðari viðskifti lausakaupmanna við menn, með því að leyfa þeim að versla á skipi annarstaðar enn á löggiltum höfnum, þó eigi með áfenga drykki, ef þeir kaupi leyfisbréf árlega fyrir 100 kr. Fengu lög þessi góðar undirtektir hjá þinginu nú meðfram sökum staðfestingar-synjunar á verslunarstaðalöggildingar-frv. aukaþingsins og ófara slíkra frumv. á þessu þingi framan af, eins og síðar verður sagt.

14. *Lög um að skifta Barðastrandarsýslu í 2 sýslufélög* eftir óskum sýslubúa og meðmælum amtráðs.

15. *Lög um löggilding verslunarstaðar í Vík í Skaftafellssýslu.*

16. *Lög um stækkun verslunarstaðarins á Eskifirði.*

17. *Lög um breyting á landamerkjalögunum 17. mars 1882* lengja frestinn í 5. gr. þeirra um 2 ár, einkum eftir beiðni Húnvetninga.

18. *Lög sem nema úr gildi konungsúrskurð 22. apríl 1818* (um 60 rbd. tillag úr jarðabókarsjóði til hins ísl. biblíufélags), komu frá fjárlaganefnd neðri deildar.

Um árslok vóru því óstaðfest 10 lög (um síldveiði félaga í landhelgi, um bátfiski á fjörðum, bæði frá stjórninni, um tölu þingmanna í efri og neðri deild alþingis, um uppeldi óskilgetinna barna, um söfnunarsjóð Íslands, viðaukalög við útflutningalögin, um veitingu og sölu áfengra drykkja, um brúargerð á Ölfusá, um stofnun lagaskóla, um þurrabúðarmenn, alt þingmannafrumvörp); engum þeirra hafði þá heldur verið synjað staðfestingar. Þar á móti hafði verið synjað staðfestingar þetta ár þeim 3 lögum frá þinginu 1885, sem eftir vóru (sjá Fr. f. á., bls. 12): lögum um takmörkun á fjárforræði þurfamanna (sjá bls. 12), lög um stofnun lagaskóla (8. júní) með þeim mótbárum, að íslenskir lögnemar væru nægta-nógu margir við háskólann í Khöfn, og einkum, að fjárhagur Íslands stæði svo illa, að töluvert mundi vanta á, að tekjur hrykkju fyrir útgjöldunum; þingið samþykti nú lögin enn af nýju með þeirri tilhliðrunarbreytingu, að lögin skyldu þá fyrst koma til framkvæmda, er alþingi hefði í fjárlögunum veitt fé til skólans, enn slepti því að sjálfsögðu í þetta sinn; enn einmitt fyrir þessa tilslökun og þó ekki væri nema »samkvæmnis vegna« (Þjóðviljinn) vóru forlög laganna talin sjálfsögð hin sömu og áður, þar sem það þykir sýnt nógsamlega, að stjórninni er um það eitt að gera, að alt laganám íslenskra embættismannaefna fari fram í Danmörku undir handarjaðri hennar, enn launin hæst og völdin æðst í lögfræðisembættunum á Íslandi. Og 15. apríl var synjað staðfestingar lögum um fiskveiðar félaga í landhelgi, af sömu ástæðum og áður (sjá Fr. 1885, bls. 10), með

skírskotun til nýfenginna mótmæla móti lögunum frá foringja danska herskipsins, er liggur hér við Ísland um tíma á sumrin, og frá amtmanninum á Færeyjum, og til eldri bænaskráa Færeyinga gegn lögunum; sendi stjórnin nú eins og fyr 2 frumv. í stað þess: um bátfiski á fjörðum og fiskveiðar félaga í landhelgi, er bæði vóru nú samþykt af þinginu, hvort í sínu lagi, hið síðara undir nafninu: lög um síldveiði félaga í landhelgi, og slakaði þingið í orði kveðnu til við stjórnina. Enn fremur var synjað staðfestingar þeim 2 lögum aukaþingsins, er óstaðfest vóru í fyrra um árslokin: 8. jan. lögum um afnám svo nefndra Maríu-og Péturslamba, af því að með þeim væri gengið á lagarétt nokkurra kirkna og rýrum prestaköllum (Hjaltastöðum, Desjarmýri, Klyppsstað, Svalbarði og Sauðanesi) ekki jafnframt bættur töluverður skaði, er þau yrðu annars að sæta; enn af kappi flutningsmanna málsins á alþingi hafði breytingartillaga við þessi lög um sanngjarna sölu á þessum kvöðum fallið á aukaþinginu. Og 8. maí var synjað staðfestingar lögunum um löggilding 7 nýrra verslunarstaða; hafði bænarskrá ein komið frá Akureyri (kaupmönnum) móti löggildingu eins þeirra (Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, sem »kaupfélagi Þingeyinga« var einkum umhugað um að næði löggildingu); var bænarskráin tekin til greina og lagt móti lögunum af ráðgjafa Íslands, af umönnun fyrir gæslu toll- og sóttvarnarlaganna, stöðu fastra verslana o. fl., er fyrir var borið. Enn sjálfu þinginu nú þótti fara hálf-slyðrulega í þessu máli gagnvart þessum tiltektum stjórnarinnar; þangað streymdu löggildinga-frumvörp eins og vant er, sumpart um nýja staði, sumpart um þá, er staðið höfðu í lögum þessum; enn þótt meiri hluti hvorrar deildar þingsins mótmælti ástæðum stjórnarinnar fyrir synjuninni og væri meðmæltur löggildingum staðanna, þá féllu öll slík frumvörp framan af á þinginu í efri deild; var það talið sök Jóns Ólafssonar, er vildi hnýta aftan í hvert þeirra banni gegn sölu áfengra drykkja; enn er þeir þjóðkjörnu í efri deild gátu eigi allir orðið á það sáttir, féll sá viðauki og greiddi Jón þá atkvæði með þeim konungkjörnu, er héldu hóp með stjórninni móti löggildingunum; þó komst eitt löggildingar-frumv. (á Vík, sjá bls. 14) gegnum þingið síðar viðaukalaust. Úr þessum

misförum og löggildingabónunum vildi þingið nú bæta með lausakaupmanna-lögunum, er að framan vóru nefnd.

Þá er að minnast á nokkrar ályktanir eða tillögur þingsins, af þeim sem samþyktar vóru. Helstar þeirra vóru:

1. *Fensmarks-málið.* Ráðgjafinn hafði 11. júní skrifað landshöfðingja út af ályktun aukaþingsins í þessu máli (sjá Fr. f. á., bls. 14) og talið þar yfirboðara Fensmarks sýkna af eftirlitsskorti, bæði sig og landshöfðingjana þrjá (Hilmar Finsen, Berg Thorberg og Magnús Stephensen), samkvæmt áliti landshöfðingja M. Stephensens í bréfi til ráðgjafans 18. sept. f. á. út af þingsályktun þessari. Til sýknunar sjálfum sér tók hann það fram, að »umsjón með reikningsmálum Íslands og eftirlitið með öllum gjaldheimtumönnum« hafi verið falið landshöfðingjanum með k:gsúrskurði 20. febr. 1875 og »ráðgjafinn *geti* alls ekkert verulegt eftirlit haft í málum þessum«, enda hafi hann ekki séð athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir 1882 og 1883, þar sem kvartað var um misfellur á embættisfærslu Fensmarks, fyr enn 1884, »eftir að Fensmark hafði verið vikið frá embætti«. Eftir þessa niðurstöðu kvaðst hann »eigi geta álitið ástæðu vera til að gera neitt út af áskorun alþingis«. Þótti mönnum þetta snubbótt. Nú með því að stjórnarskráin, hin einu lög í þessu efni, er eftir yrði farið, mælti svo fyrir meðal annars, að landshöfðingja skyldi falið hið æðsta vald innanlands á hendur á *ábyrgð ráðgjafans* og alþingi gæti því ekki með góðu móti snúið sér að öðrum enn honum í þessu máli, þótt hann nú ekki væri sekur, — einhver í stjórninni hlyti að vera það —, og með því að ótrúlegt væri, að ráðgjafa hefði verið ókunnugt um vanskil Fensmarks svona lengi, þar sem kassabók ráðgjafans væri annar meginþáttur landsreikninganna og athugasemdir yfirskoðunarmanna yrði því að koma honum fyrir sjónir, nema hann hins vegar vildi játa, að hann kæmi hvergi nærri því, er hann ætti að gera í þessu efni, enda hefði Hilmar Finsen svarað umræddum athugasemdum frá Höfn, — og samkvæmt stefnu sinni og ummælum áður ályktaði þingið því nú, **»að höfða mál gegn ráðgjafa Íslands, J. Nellemann**, til þess að fá hann með dómi skyldaðan til að greiða landssjóði 22,219 kr. 70 au. sem eftir-

standandi (1885) af skuldasúpu Fensmarks við landssjóð; ályktunin var borin upp í neðri deild og skyldi falið »forsetum þingdeildanna að útvega málfærslumann til að sækja mál þetta, veita honum umboð til þess og ávísa« málsóknarkostnaði af alþingiskostnaðarfénu; enn þegar til efri deildar kom, skoruðust forsetar hennar (Á. Thorst. og L. E. Sveinbj. varaforseti) undan þessari kvöð; varð hún því með nýju formi þingsályktunarinnar að lenda á forseta neðri deildar (J. Sig.). Stjórnarblöð Danmerkur urðu ókvæða við þessa ályktun; kváðu þau ráðgjafa Íslands eigi hafa ábyrgð fyrir alþingi á öðru enn stjórnarskrárbrotum, enn hér væri eigi um slíkt að ræða, og jafnvel þótt hann hefði látið vanta af sinni hendi nauðsynlega yfirumsjón með reikningsmálum Íslands, þá gæti alþingi ekki höfðað mál gegn honum; hefði ábyrgð ráðgjafans gagnvart alþingi verið takmörkuð á þennan hátt í stjórnarskránni af *ásettu ráði*. Þá var stjórnin mint í vinstriblöðum á auglýsinguna 2. nóv. 1885, þar sem stjórnskipunarmál Íslands væri talið »að fullu og öllu« til lykta leitt með stjórnarskránni 1874, og á orð hennar sjálfrar í svörum hennar í Times í fyrra, þar sem stjórnarskráin sé talin að þræða nákvæmlega grundvallarlög Dana og að hún veiti í heild sinni frelsið í eins ríkulegum mæli og til er í nokkru ríki í heiminum, enn nú hrósi stjórnin því, að henni sé mjög áfátt og að í hana vanti nauðsynleg ákvæði, sem standi í dönsku grundvallarlögunum. Yfir höfuð þótti stjórnin komast í bobba, »í sjálfheldu«, með svörum sínum og röksemdum; var allmikið þrefað um þetta fram til ársloka; töldu flestir hér á landi, einkum stjórnbreytinga-vinir, það mikilsvert, er úrslit dómstólanna fengjust í þessu máli, *hvernig* svo sem þau félli.

2. *Spánarsamningur*. Neðri deild samþykti áskorun í því efni líka og árið áður, þvíað ekkert hafði áunnist; þó hafði ráðgjafinn nú svarað upp á áskorun aukaþingsins 13. júní og lofað öllu fögru, enn sagt, að ýmsar tilraunir til umbóta hefðu þangað til mistekist fyrir stjórninni. Efri deild þóttu þau svör svo góð og gild, að það væri að bera í bakkafullan lækinn að vera að nauða á stjórninni með nýrri áskorun og sneri

henni því fyrir fylgi eins hinna þjóðkjörnu (Jak. Guðm.) upp í rökstudda dagskrá um traust á tilraunum ráðgjafans.—Engra umbóta var þó orðið von um árslokin, jafnvel þótt fólksþingið hefði fengið það mál til meðferðar.

3. »Alþingi skorar á ráðgjafann, að hlutast til um, að einungis hinn íslenski teksti af lögum alþingis verði hér eftir staðfestur af konungi«; enn konungur hefir ritað líka undir dönsku þýðinguna af ísl. lögum, eins síðan alþingi varð lögsemjandi, og þótti þinginu það geta leitt ófróða í villu, eins og dæmin hefðu sannað, enda í alla staði rangt.

4. *Hallærislánabeiðslur.* Yfirskoðunarmenn landsreikningsins 1885 (Gr. Thomsen og Jón Ólafsson) höfðu lagt til, að alþingi íhugaði sérstaklega hallærislána-málið; lánbeiðni var nú komin frá Húnavatnssýslu (um 14,000 kr.) og Skagafjarðarsýslu (12,000 kr.) og um hallærisgjöf (3000 kr.) frá Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu; orð lék á, að sýslur og hreppar tækju og hefðu tekið hallærislán úr landssjóði án »yfirvofandi manndauða« og að slík lán hefðu sumstaðar verið tekin til að létta útsvarabyrði á efnabændum og sumstaðar til að koma þyngsla-fólki til Vesturheims og gekk sú fregn staflaust með lánbeiðslunum úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, höfð eftir sýslunefndarmanni þar; vitanlegt þótti einnig af ummælum manna, að oft hefði verið beðið um hallærislán í þeirri von, að þau yrðu að síðustu gefin eftir, að minnsta kosti að einhverju leyti, eins og slíkar beiðnir hafa sýnt. Neðri deild setti nú nefnd í málið í heild sinni og þótti nefndinni svo margir misbrestir á af líku tægi, að hún kom fram með nokkrar tillögur til þess, að sporna við slíkum fjáraustri úr landssjóði; þær þóttu þó of strangar, einkum að því er snerti Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, enn komust með breytingum í því efni til efri deildar, sem feldi þær allar, helst af því, að sýslunefndum yrði ómögulegt samkvæmt skyldu sinni í sveitarstjórnarlögunum að afstýra hallæri eftir þessum nýju reglum, þegar lán þyrfti að taka til þess, með því að landsbankinn væri eigi nógu greiður aðgöngu; neðri deild skoraði þá að nýju á landsstjórnina, »að veita ekki hallærislán úr landssjóði nema að sannaðri brýnni

nauðsyn og ef manndauði bersýnilega vofir yfir; að veita Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum alt að 10,000 kr. hvorri eigi fyrir lengri tíma enn í hæsta lagi 10 ár, og að láta alþingi í hvert sinn, er það kemur saman, í té nákvæmar skýrslur um hallærislán úr landssjóði, sem veitt hafa verið milli þinga, sem og um það, hvernig þeim hafi verið varið«. Þetta varð endilegt í málinu þetta sinn.

5. *Arnarstapa og Skógarstrandar-umboð.* Nefnd var sett eftir tillögum yfirskoðunarmanna til að íhuga reikningsskil þess og hag (sjá Fr. f. á., bls. 20). Hún vildi að svo stöddu ekki gera neina tillögu um reikningsskilin, sem henni þóttu þó mjög bágborin, aðra enn þá, að vísa »hinni nánari rannsókn umboðsreikninganna fyrir árin 1884 og 1885, eftir að hinni umboðslegu endurskoðun þeirra væri lokið, til yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1886 og 1887«. Enn fremur lagði nefndin til, »að allar þjóðjarðir í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, þær sem nú eru í eyði og ekki verða bygðar með vanalegum skilmálum, verði boðnar duglegum mönnum til á-

búðar næstu 5 ár landsskuldarlaust, gegn því, að þeir svari venjulegum smjörleigum eftir kúgildi þau, er jörðunum kunna að fylgja, og vinni að jarðabótum og húsabótum eftir því sem um semur. Allar þær jarðir, sem gerðar eru falar til ábúðar með þessum kjörum, skulu auglýstar í blaði því, sem birtar eru í stjórnarvalda-auglýsingar«. Báðar þessar tillögur vóru samþyktar.

— Út af ályktun alþingis 1885 um *samning verðlagsskýrslna* (sjá Fr. 1885, bls. 12, nr. 5) skrifaði ráðgjafi landshöfðingja 14. maí, að samkvæmt tillögum landshöfðingja treystist hann eigi að gjöra neitt í því efni, er tryggilegra væri eftir enn áður; það yrði og ekki gert með k:gsúrskurði, heldur með lagafrumv. með líkum reglum og gilda í Danmörku og Færeyjum, nefnil. að þriðju skýrslurnar yrðu samdar af kosnum manni fyrir hvern hrepp eða kaupstað, enn frá því hafði landshöfðingi ráðið.

Nú sendi ráðgjafinn reglugerð 7. nóv. um sérstakt *nám* og *próf kvenna í guðfræði* (sjá Fr. f. á., bls. 12—13). Kon-

ur mega njóta kenslu í öllum námsgreinum, sem kendar eru í prestaskólanum, nema í prédikunarlist, kennimannlegri guðfræði og kirkjurétti, og taka próf í þeim hjá föstu kennurunum eftir sömu reglum og karlmenn, nema hvað þær þurfa 2. eink. til að standast prófið.

Fyrirspurnin önnur var um *þingsetu sýslumanna* út af þingfararbanninu svo nefnda, sem að framan er getið (sjá bls. 5—6); taldi hún nýjum og óþektum skilyrðum beitt í því efni, enn við það vildi landshöfðingi ekki kannast; upptökin til þessarar stjórnarathafnar ætti hann einn og áliti hann þessa tryggingu nauðsynlega, sem heimtuð hefði verið samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem þingseta embættismanna er bundin við það, að þeir annist um, að embætti þeirra sé gegnt á meðan á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja, enda hefði sýslumönnunum verið mögulegt að fá löglærða menn fyrir sig til að vera innan sýslu, ef þeir hefðu leitað fyrir sér í tíma og viljað kosta til því sem þurfti, enn þó nefndi hann ekkert dæmi þess, er á hann var skorað. — Samþykti deildin svo felda rökstudda dagskrá í einu hljóði: »Í því trausti, að stjórnin eftirleiðis beiti 31. gr. stjórnarskrárinnar á sem frjálslegastan hátt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«. Lengra vildi eigi þorri þingmanna fara, þó að reynt væri að fá þá til þess. Þó leiddi þetta til þess, að ein breyting í stjórnarskrárfrumv. nú frá því eldra var sú, að slept var þessu teygju-ákvæði: »á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja«. Síðar hentu stjórnarskrársinnar gaman að því, er sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu fékk ólöglærðan mann, Stefán Stephensen, umboðsm., bróður landshöfðingja, til að gegna embættinu meðan hann væri snöggva ferð utanlands til lækninga.

Hin fyrirspurnin, *um sameining og niðurlagning brauða*, reis út af því, að landshöfðingi hafði 27. maí, eftir skilningi sínum á 4. gr. laga um skipun prestakalla 27. febr. 1880, lagt fullnaðarsamþykki sitt á sameining Mosfells- og Klausturhólaprestakalla samkvæmt beiðni sóknarmanna, meðmælum héraðsfundar og biskups, og fengið samþykki ráðgjafans til þessa skilnings síns, þegar breytingin ekki hefði »gjöld í för með sér fyrir landssjóð«. Nú þótti mörgum þingmönnum þó oflangt

farið, enda annari reglu áður verið fylgt samkvæmt skilningi Finsens landshöfðingja og ráðgjafans sjálfs fyr meir, og öllum brauðabreytingum dembt inn á þingið; hafði og þangað komið frumv. um þessa breytingu á Mosfells- og Klausturhólaprestaköllum, en verið felt (á aukaþinginu) sem óþarft í bráð; töldu fyrirspyrjendur vandgert að gefa almenna reglu fyrir því, hvenær slíkar breytingar hefðu engin gjöld (eða tekjur) í för með sér fyrir landssjóð, svo að alþingi þyrfti eða vildi engin afskifti af þessu hafa; varð mikið þref um þetta út af fyrirspurninni, og þó kom enn meira kapp í málið, er fyrirspyrjendur komu fram með breytingu á þessari 4. gr. prestakallalaganna, er tæki af öll tvímæli; enn svo lauk, að það frumv. féll með jöfnum atkvæðum; hinir þjóðkjörnu í efri deild reyndu til að bæta úr þessu með nýju frumv., enn einn (Friðrik Stefánsson) gekk þá í flokk hinna konungkjörnu, er til atkvæðagreiðslu kom um málið, svo að það féll og ekkert varð frekar úr því að þessu sinni.

Bankinn. Af honum fóru ekki stórar sögur þetta ár né ófriðlegar, nema hvað Eiríkur Magnússon M. A. í Cambridge hélt áfram aðfinningum sínum við stofnun hans og fyrirkomulag, einkum óinnleysanleik seðlanna; hóf hann þær þegar í byrjun af miklu kappi og kom þeim jafnvel í útlend (ensk) blöð. Sparisjóði Reykjavíkur var steypt saman við bankann í mars-lok og var þá varasjóður hans talinn um 27,000 kr.; byrjaði bankinn 13. apríl að taka á móti innlögum með sparisjóðskjörum og á hlaupa-reikninga og gaf út reglur fyrir þeim, sem þóttu í mörgu um of sniðnar eftir reglum þjóðbankans í Khöfn. Á alþingi kom bankinn ekki til umtals nú að öðru leyti enn því, að af því að gangeyris-þörfin væri nú minni enn áður hefði verið, sökum rýrnunar á vörumagni í harðæri síðustu ára, kom Jón Ólafsson fram með »frumvarp til laga um seðla-útgáfu og seðla-innlausn landsbankans«, í þeim tilgangi »að búa í hag fyrir fullkomna innlausnarskyldu á seðlum landsbankans með tímanum«; enn það var felt, enda þótt menn játuðu, að landsbankinn ætti að stefna að því takmarki, að gera seðlana algjörlega innleysanlega og stjórn bankans gerði sér far um að skifta við menn á seðlum við silfri eða gulli. Seðl-

arnir hlóðust einkum að Reykjavík, svo að tilfinnanlegt þótti, þvíað enn þá höfðu margir óbeit og tortryggni á þeim, einkum þar sem menn ekki höfðu vanist norskum seðlum, eins og helst er austanlands; þannig var um mann einn nálægt Reykjavík, að hann hafði tekið út 4000 kr., er hann átti í sparisjóði, án þess að þurfa á þeim að halda; fékk hann þær að sjálfsögðu í seðlum; keypti síðan póstávísun til Khafnar fyrir peningana og fær þaðan aftur sent gull hingað til Rvíkur í staðinn. Ekki hafði bankinn í árslok fengið meir enn 375,000 krónur í seðlum af vinnufé sínu (500,000 kr.). Viðskiftasamband komst á þetta ár að nafninu til milli bankans og banka eins í Hamborg; nokkrir hreppar í Suður- og Norðurmúlasýslu ætluðu í sveitar-nafni að koma á verslunarfyrirtæki með tilstyrk landsbankans, þannig, að hönd seldi hendi, og höfðu sýslunefndirnar samþykst því, enn það strandaði á neitun amtsráðs, af því það heyrði ekki undir »verksvið hreppsnefnda að standa fyrir pöntunarfélögum«. Við árslok hafði bankinn þetta ár alls lánað gegn fasteignarveði 159,885 kr., gegn sjálfsskuldarábyrgð 18,280 kr., gegn handveði 810 kr., gegn ábyrgð bæja- og sveitafélaga 8,900 kr., keypt víxla: 22,210 kr. og ávísanir 457 kr. 13 au. Varasjóður bankans var við árslok orðinn 26,109 kr. og varasjóður sparisjóðsins 27,912 kr. 59 au. Sparisjóðs-innlög námu alls 131,204 kr. 82 au., enn útborgað úr sparisjóði 152,134 kr. 67 au. Bankinn var nú að jafnaði opinn eina stund hvern virkan dag. Eiríkur Briem, er fór frá eftir hlutkesti, var endurkosinn gæslustjóri af þinginu.

Leigubreyting konunglegra ríkisskuldabréfa. Í Danmörku komu út lög 12. nóv. f. á., þar sem leigan af kgl. ríkisskuldabréfum var færð niður úr 4 % ofan í $3\frac{1}{2}$ %. Það var ætlun kunnugra manna, að íslenskir menn og sjóðir, að fráskildum viðlagasjóðnum, ættu þá rúma $\frac{1}{2}$ miljón króna í kgl. ríkisskuldabréfum; urðu nú allmargir þeirra til að kjósa þann kostinn fremur að fá upphæðirnar útborgaðar hér, heldur enn að sætta sig við leigubreytinguna, og var ætlast á, að hingað hefði þannig verið borgað alt að 200,000 kr. Þessi útborgun varð til þess að minka í bráðina halla hann, er orðið hefir ár-

lega um nokkur undanfarin ár í skuldaskiftunum milli ríkissjóðs Dana og landssjóðs, enn mest hefur borið á, sem vonlegt er, síðan seðlarnir komu, og peningasendingar með póstávísunum því jukust; hefir ríkissjóður oft lánað landssjóði talsvert fé um tíma rentulaust, enn síðan hefir orðið að senda héðan út í gulli og silfri til að jafna hallann; stafar þetta af því, að peningar ganga altaf svo lítið hingað frá Danmörku og tollar og skattar borgaðir til landfógeta fremur enn til Khafnar nú orðið. Og nú samþykti þingið þá tillögu frá landsreikninganefndinni, »að gjaldheimtumönnum landssjóðs verði veitt heimild til að taka gildar upp í landssjóðstekjur ávísanir á landsbankann«.

Dómar og málaferli. Fyrir hæstarétti vóru dæmd 5 mál hæstaréttarárið 1886—87, 3 einkamál og 2 opinber mál. Eitt málanna var launabótamál Þorgríms læknis Johnsens, sem áður er nefnt (bls. 11) og dæmdi hæstiréttur honum launabótina 1190 kr. Í landsyfirdómi vóru þetta ár dæmd 29 opinber mál og sakamál og 28 einkamál; vóru 20 málin úr Reykjavík, enda kveður þar mest að málaferlum; þó eru það aðeins fáir menn, oftast nokkrir hinir sömu, er í málaferlunum liggja, og flest eru þau meiðyrðamál. Sýna landsyfirréttardómasöfnin, að einna efstur á blaði með málsóknir um undanfarin 7 ár er þar Kristján Ó. Þorgrímsson bóksali, er varð svo nafnkunnur þetta ár fyrir málsóknir o. fl., að hans verður að geta nákvæmar í þessu efni; hann átti þetta ár 7 mál aðeins fyrir landsyfirdómi; meðal þeirra var hið nafnkunna mál, er höfðað var út af kærum gegn honum af réttvísinnar hálfu að boði amtmanns 24. jan. þ. á. »fyrir skjalafals og fjárdrátt í sviksamlegum tilgangi og út af óskilum á fé því, er honum var trúað fyrir sem fyrverandi gjaldkera Reykjavíkurkaupstaðar«, enn gjaldkera-starfinu hafði hann orðið að skila af sér, er hann komst í bæjarstjórn Reykjavíkur haustið áður. Lauk því máli svo fyrir hæstarétti um haustið, að hann var sýknaður af skjalafölsun og sviksamlegum fjárdrætti, »þar sem upplýsingum í þessu máli væri svo ábótavant«, enn dæmdur fyrir sjóðþurð, er hjá honum fanst, í »einfalt fangelsi í 3 vikur«. Í sambandi við þetta mál stóðu ýms mál, er Kristján síðan átti við ritstjóra

bladanna Þjóðólfs og Fjallkonunnar. Gjörðir Kristjáns komust og að einu leyti undir atkvæði alþingis nú; hann hafði haft á hendi útsölu og útsending þingtíðindanna 1883 og 1885; þingið setti nefnd til rannsóknar í því efni eftir tillögum yfirskoðunarmanna landsreikningsins 1885 og komst það að lyktum til aðgjörða forsetanna einna. Sem fjárhaldsmaður Reykjavíkurdómkirkju, er Kristján hafði verið um tíma og var þangað til í byrjun þessa árs, átti hann merkilegt mál þetta ár fyrir landsyfirdómi við yfirréttarmálfærslumann Guðlaug Guðmundsson, er neitað hafði að greiða ljóstoll fyrir fardagaárið $18^{84}/_{85}$, »með því hann hefði þá ekkert tíundbært lausafé talið fram né átt«; enn *samkvæmt venju*, sem komist hefði á í kaupstöðum, að »borgarar þar og aðrir, er höfðu bú og héldu vinnuhjú, greiddu til kirkju heilan ljóstoll, þótt þeir ættu ekkert af munum þeim«, er lagðir eru til tíundgerðar í reglugjörð 17. júlí 1782 og þá var eingöngu farið að taka tíund af, áleit landsyfirdómur hann skyldan til að greiða ljóstoll, með því hann »enga skýrslu hefði gert fyrir því, að hann ekki ætti skuldlaust $\frac{1}{2}$ hndr.«, enn við það væri þó ljóstollsskyldan bundin eftir Kristinrétti Árna byskups. — Enn fremur skal hér getið hins mikla þjófnaðarmáls úr Árnessýslu, er landsyfirdómur gekk nú í; hafði þar sannast þjófnaður á alls konar munum til og frá um Árnessýslu og í Rangárvallasýslu, Gullbringusýslu og Reykjavík, þar á meðal stórkostlegur sauðaþjófnaður, innbrotsþjófnaður og enn fremur meinsæri; innbrotsþjófnaðurinn hafði verið framinn í verslunarbúð á Eyrarbakka aðfaranótt hins 3. febr. f. á. af 2 vinnumönnum frá Laugardælum; skömmu síðar komst hann upp og komst þá upp annar þjófnaður og glæpir þeirra og annara fleiri; urðu 9 persónur, þar á meðal bóndi einn í Rangárvallasýslu, sannar að sök um að hafa verið ýmist samvinnandi að einhverju leyti eða samráðandi og samvitandi og samhilmandi þjófnaðinn svo árum skifti, enda þjófnaðurinn svo stórkostlegur, að sannað var t. a. m. að bóndinn úr Rangárvallasýslu hafði stolið 25—31 kind frá því haustið 1882 til haustsins 1885 og hinir þjófarnir, 5 karlmenn, vóru fyrir undirdómi dæmdir til að greiða alls

776 kr. 71 ey. í iðgjöld hins stolna. — Að síðustu (sjá og bls. 13) skal af þessa árs málum getið fiskisamþyktarbrotanna, er minst var á í Fr. f. á., bls. 31. Tilsjónarmaður einn, er lögsóttur var af lögbrotsmanni fyrir netaupptöku, var sýknaður, þrátt fyrir galla samþyktarinnar, og hið opinbera lét aftur á móti tvisvar höfða mál móti formönnum, er brotið höfðu samþyktina, í fyrra sinn 29 að tölu og síðara sinn móti 14, sumum þeim sömu og áður, enda brutu þeir sumir hana margsinnis, einn jafnvel 7 sinnum; flestir lögbrjótar þessir vóru úr Reykjavík og af Seltjarnarnesi; vóru þeir allir sektaðir. Nú var í undirbúningi endurbót á samþyktinni samkvæmt nýju lögunum frá 4. desbr. f. á. (sjá Fr., bls. 8—9).

Verðlagsskrár frá fardögum 1887 til fardaga 1888 vóru þannig (í ágripi af hinu helsta, í krónum og aurum; verðið á ull, smjöri og tólg miðað við pund, enn á fiski við vætt):

Ær	Austurskaftafellssýsla	Vesturskaftafellssýsla	Rangárvallasýsla	Vestmannaeyjasýsla	Árnessýsla	Gbr. og K. sýsla og Rvík	Borgarfjarðarsýsla	Mýrasýsla	Snæf.- og Hnappadalss.	Dalasýsla	Barðastrandarsýsla	Ísafj.sýsla og kaupst.	Strandasýsla	Húnavatnssýsla	Skagafjarðarsýsla	Eyjafj.sýsla og kaupst.	Þingeyjarsýsla	Norðurmúlasýsla	Suðurmúlasýslu
9,85	9,16	7,85	8,50	10,32	13,24	12,45	11,90	12,58	12,71	12,95	13,87	13,52	12,64½	12,45	11,75	13,58	14,20	14,32½

Sauður veturg.	Hvít ull	Smjör	Tólg	Salt-fiskur	Harð-fiskur	Dagsverk	Lambs-fóður	Með-alalin
6,28	54	54	20	12,00	11,75	2,25	3,33	43
5,65	48	52	28	„	14,25	1,91	2,89	43
6,06	50	57	31	7,25	17,46	2,17	3,01	45
7,50	50	50	33	7,25	16,00	2,50	3,50	42
8,06	51	63	34	8,10	19,49	2,35	3,70	52
8,75	54	67	37	7,42	19,06	2,82	4,27	55
8,55	52	64	34	7,69	16,50	2,21	3,89	51
8,56	52	64	34	8,65	15,00	2,67	4,44	56
9,26	50	59	35	7,72	18,36	2,70	4,87	54
9,26	51	62	38	9,44	14,00	2,67	5,25	55
9,77	54	66	48	8,76	13,50	2,06	4,79	54
10,08	50	73	45	8,38	13,46	2,38	5,05	53
9,42	52	62	34	8,46	13,67	2,10	5,71	52
8,12½	54	60	31	8,65	12,34½	2,14½	4,54	49
7,82	55½	59½	27	9,03	11,54½	2,25	4,33½	47
7,05	56	55	26	8,96	11,28½	2,57	4,39	47
8,29½	55	56	23	9,44½	10,32	2,34½	4,53	48½
8,78	55½	68½	24½	9,56½	11,15	2,72	4,30	50
8,89	54½	74½	25	9,05	12,26	3,08	4,22½	53

Embættaskipanir o. fl. Veitt *prestakoll:*

Árna Björnssyni, kand. theol., Reynistaðarþing 25. okt.

Bjarna Pálssyni, presti á Ríp, Þingeyraklaustur 14. okt.

Brandi Tómassyni, presti til Þykkvabæjarklausturs, Ásar í Skaftártungu 8. júní.

Gísla Einarssyni, kand. theol., Hvammur í Norðurárdal 5. nóv.

Jóni Magnússyni, presti í Hvammi í Norðurárdal, Mælifell 15. júlí.

Jóni Steingrímssyni, kand. theol., Gaulverjabær 4. nóv.
Ólafi Magnússyni, kand. theol., Eyvindarhólar 17. okt.
Stefáni Jónssyni, fyrrum aðstoðarpresti í Stafholti, Hítarnesþing 5. nóv. (af því að Staðarhraunsprestur vildi eigi sætta sig við breytingu prestakallalaganna).
Sveini Eiríkssyni, presti að Sandfelli, Kálfafellsstaður 24. nóv.
Þórði Ólafssyni, kand. theol., Dýrafjarðarþing 25. okt.

Löglegar prestkosningar fóru aðeins fram í Reynistaðar-, Þingeyra-, Mælifells- og Gaulverjabæjar-prestaköllum, enda sótti fleiri enn einn um þau, enn eigi önnur; kapp átti sér aðeins stað við eina kosningu (í Reynistað); annars alt farið vel og lögunum vel beitt af veitingarvaldinu. Dráttur veitinganna, sem orsakaðist af lögunum, þótti einkum meinlegur kandídötum.

Önnur embætti veitt:

Jóhannesi Ólafssyni var veitt Skagafjarðarsýsla aftur 15. apríl; hafði hann afsalað sér Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eftir beiðni Skagfirðinga, enn sú sýsla var því s. d. veitt
Sigurði Þórðarsyni (Guðmundsen), settum sýslumanni þar.
Páll Briem, sýslumaður í Dalasýslu, afsalaði sér henni, og var 25. maí skipaður málflutningsmaður við yfirdóminn frá 1. júlí. Sigurður Sverrisen, sýslumaður í Strandasýslu, settur 30. júní til að gegna Dalasýslu jafnframt, enda farið fram á það á þingi að sameina þær sýslur, með góðum undirtektum landshöfðingja.
Ásgeiri Blöndal, lækni í Vesturskaftafellssýslu (17. læknishéraði), veitt Þingeyjarsýsluhérað (12.) 28. júlí, enn það hérað aftur veitt 10. nóv.
Bjarna Jenssyni, aukalækni á Seyðisfirði, enn í það hafði verið settur frá 1. sept.
Stefán Gíslason, kand. med. & chir., er 9. maí hafði fengið aukalæknastyrkinn (1000 kr.) til að vera aukalæknir í Dyrhóla- og Eyjafjallahreppum. — Þingið bætti við einu aukalæknishéraðinu enn (5.) á fjárlögunum: í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði. Þar á móti féll frumv. um að breyta skipun læknahéraðanna og fjölga þeim jafnframt.

Haldóri Briem, 2. kennara á Möðruvöllum, veitt 1. kennaraembættið þar 29. ágúst, enn 31. ágúst var

Stefán Stefánsson, stud. mag., settur í 2. kennaraembætti. Paterson fór þaðan, með því hann ekki heldur fékk innfæddra réttindi eptir beiðni sinni.

Lausn frá prestskap fengu prestarnir Jón Sveinsson að Mælifelli (vígður 1842) og Þorvaldur Ásgeirsson í Steinnesi (v. 1862), báðir 2. mars, Jóhann Knútur Benediktsson á Kálfafellsstað (v. 1849) 19. mars, Snorri Norðfjörð í Hítarnesi (v. 1849) 16. apríl, Tómas Þorsteinsson í Reynistaðarþingum (v. 1842) 15. júlí og Stefán Jónsson á Kolfreyjustað (v. 1844) 2. sept.

Lausn frá sýslan var Jóni Árnasyni landsbókasafnsverði veitt 5. júlí, með 800 kr. eftirlaunum í fjárlögunum, enn 29. septbr. var aðstoðarbókavörður Hallgrímur Melsteð skipaður aðalbókavörður í hans stað.

Prestvígðir vóru kandídatarnir Skúli Skúlason 15. maí til Odda, Einar Friðgeirsson 11. sept. sem aðstoðarprestur séra Þorkels Bjarnasonar á Reynivöllum, og 6. nóv. Árni Björnsson, Jón Steingrímsson og Þórður G. Ólafsson til áðurnefndra prestakalla.

— H. J. Ernst, cand. pharm., var veitt kgl. leyfi til að reka lyfjaverslun á Seyðisfirði, sem S. O. Kjær (sjá Fr. f. á.) hafði afsalað sér.

— N. Chr. Gram, kaupmaður á Dýrafirði, var 2. ágúst viðurkendur konsúll (consular-agent) á Íslandi fyrir Bandaríkin með konungsúrskurði.

Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Christians konungs IX. fengu þetta ár Eiríkur Björnsson, bóndi á Karlskála, og Oddur Eyjólfsson, bóndi á Sámstöðum í Fljótshlíð, 140 kr. hvor, því konungur hafði breytt þannig (8. júlí) upphæð gjafanna með viðauka við skipulagsskrá sjóðsins.

Heiðursmerki. Landshöfðingi Magnús Stephensen 24. febr. dannebrogsmaður og s. d. amtmennirnir E. Th. Jónassen og Júlíus Havsteen riddarar af dannebr. og 29. maí séra Eiríkur prófastur Kúld riddari af dannebr.

II. Samgöngur.

Strandferðirnar (breytingin). — Vegir (framhald Svínahraunsvegarins). — Útlendur maður vegfróður og fyrirhugaðir vegir og brýr.

Strandferðirnar. Út af lækkun þingsins á styrknum til strandferðanna, sem áður er getið (bls. 10), varð breyting á ferða-áætlun næsta árs hjá hinu danska gufuskipafélagi, þannig, að fækkað skyldi 2 ferðum kringum alt land og ekki farnar nema 3, enn auk þess farnar 3 ferðir fram og aftur til Ísafjarðar frá Reykjavík og komið á flestar venjulegar hafnir þar á milli af póstskipinu, sem fara skyldi milli Rvíkur og Khafnar í jafnmörgum (8) ferðum og áður. Strandferðirnar gengu með langversta móti þetta ár, sökum ísins, svo að ferðaáætluninni varð sjaldnast fylgt. — Breytingar vóru í ráði á *póstferðunum*, einkum til að fjölga þeim um austursýslur landsins að sumrinu og bæta þeim þannig betur það, sem þær missa í tiltölulega af strandferðunum.

Vegir. Vegalögin nýju er áður á minst (bls. 13). Til að bæta vegi á aðalpóstleiðum veitti þingið nú 15000 kr. hvort árið og til annara vega 2000 kr. Auk þeirra 2458 kr. 41 ey. til Svínahraunsvegarins 1886 var varið til hans það ár 10851 kr. 59 au. eða alls 13310 kr.[1], enn til framhalds þess vegar frá Fóelluvötnum áleiðis til Rvíkur eftir þeirri stefnu, sem upphaflega var tekin af Íslendingum, þeim er fyrstir unnu að Svínahraunsvegi sjálfum, enn Hovdenak hafði haldið áfram, var þetta sumar varið alls 14700 kr.; unnu 3 norskir menn að þeirri vegagerð, þeir er verið höfðu með Hovdenak sumarið áður, auk fjölda íslenskra manna. Luku þeir í nóv. seinast við að gera brú á Hólmsá. Enn fremur gengu þetta sumar 2500 kr. til framhalds Vaðlaheiðarvegarins og 150 kr. til aðgerðar á vegunum yfir Vatnsskarð og Siglufjarðarskarð Skagafjarðarsýslumegin og 300 kr. til endurbóta á fjallveginum yfir Laksárdalsheiði. Til sýsluvega var lítilræði varið. — Þingið ætlaði á fjárlögunum 3000 kr. hvort árið »til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða, hvar helstu vegi skuli leggja«. Enn fremur skoraði neðri deild alþingis »á

---

1) Lagfærist þá það, er vansagt er um þetta efni á bls. 23 í Fr. f. á.

landshöfðingja, að hlutast til um, að verkfróður maður verði látinn skoða brúarstæði á Lagarfljóti, Jökulsá í Aksarfirði, Héraðsvötnum í Skagafirði og Blöndu og gera áætlanir um kostnað við brúargerðirnar«.—Ölfusárbrúarlögin er áður minst á (bls. 11 og 14).

III. Kirkjumál.

Kirkjustjórn (árgjöld).—Synodus.—Biblíufélagið.—Utanþjóðkirkjusöfnuðurinn og prestur hans.

Frá *kirkjustjórninni* er fátt að segja auk þess sem að framan er getið um prestkosningarnar (á bls. 27, sbr. og bls. 20—21). Nú tók landshöfðingi að jafna (sjá Fr. 1885, bls. 7—8) árgjaldagreiðslur brauða þannig, að árgjöldin yrðu greidd beinlínis með fasteignum árgjaldsbrauðanna til þeirra brauða, er uppbót áttu að fá; gerði hann allmikla gangskör að því, enda var farið að bóla á talsverðum vanskilum af hendi sumra presta, er greiða áttu árgjald og málsókn því fyrir dyrum að skipun landshöfðingja 14. sept. þ. á., ef ekki yrðu greið skil á gerð þá innan skamms. — Á *synodus* 4. júlí vóru meðal annars borin fram álit allmargra héraðsfunda um greiðslubreytingu á tekjum presta og síðan var sett nefnd til að semja frumvarp þess efnis, er leggja skyldi fyrir næstu synodus. — *Hið íslenska biblíufélag*, er minst var áður á (bls. 14) og lengi hefir þótt ofur-aðgerðahægt, afréð nú að byrja á endurskoðaðri þýðingu af biblíunni, einkum bókum gamlatestamentisins; átti það nú í sjóði 17,318 kr. 46 au.—Konungur staðfesti 14. jan. samkvæmt utanþjóðkirkjulögunum kosningu séra Lárusar Halldórssonar til *prests fyrir hinn evangelisk-lúterska utanþjóðkirkjusöfnuð í Reyðarfirði;* skyldi séra Lárus og eftir fyrirmælum landshöfðingja »færa bækur þær viðvíkjandi söfnuði sínum, er þjóðkirkjuprestar eru skyldir að færa, alt undir umsjón prófasts« í því prófastsdæmi (Suðurmúla-) »og einnig senda prófasti hinar árlegu lögboðnu skýrslur, sem prestar þjóðkirkjunnar eru skyldir til að semja, að undantekinni verðlagsskýrslunni, sem þjóðkirkjupresturinn einn á að gefa«.

IV. Árferði.

Veðrátta ; hafís.—Eldgos.—Jarðskjálftar.—Grasvökstur ; nýting.—Skepnuhöld (fellir).

Veðrátta var um veturinn óstöðug, nokkuð snjóasöm, með hryðjum og stormum ; þó ekki frosthart (t. d. í Reykjavík einna mest 7—10° C. og austanlands 1—2° C. að meðaltali í jan., febr. og mars ; mest 14° frost) ; jarðleysur héldust þó víða lengi, svo sem í Dölum og í Múlasýslum, enn um miðporra gerði góða veðráttu um tíma um land alt. Fyrri hluti mars var stormasamur með hryðjum og því hagleysum ; síðan brá til hægviðra ; enn um páska komu aftur hríðir með frosti og um fyrstu sumarvikuna var hart kast : norðanbál og frost í mesta lagi (eystra 4—9° C. og í Rvík 11° C. 25. apríl; nyrða 8—12°, vestra 12—14 R.). Úr því stóð fremur hagstæð veðrátta til 17. og 18. maí : uppstigningardagskastið; þá var frostmikið og snjóburður um land alt, þó vægast austanlands ; fenti sauðfé og jafnvel hesta, og fé hrakti til bana í ár og vötn, einkum þar sem því hafði verið slept, t. a. m. í Þingeyjarsýslum og sumstaðar í Húnavatnssýslu. Í júní var og kalsa-veðrátta og vætusamt mjög, einkum seinni hlutann; hafði *hafís* rekið að norðurlandi um sumarmál ; hélst hann þar á reki inn og út fram yfir höfuðdag, og við austurland kom hann í maí-byrjun og var oft landfastur um sumarið ; komst hann vestur á móts við Kúðafljótsós seint í ágúst ; í okt. og nóv. var þó talið íslaust hér við land eins og vant er ; enn í desbr. varð hans aftur vart við Horn og Skaga. Þó var yfir höfuð góð sumarveðrátta og framúrskarandi góð um suðurland og austurland; enn annarstaðar nokkrar svækjur og molla, enn þó furðanlega og jafnvel fádæma hlýtt veður og þurt, enda áttin sjaldan af norðri ; þó vóru nokkur næturfrost nyrðra, er á leið sumarið. Í sept. (9.) gerði hríðarkast nyrðra og jafnframt eftir miðjan mánuðinn ákafar rigningar víða um land, nema austanlands, svo að menn mistu mörg hundruð heyhesta í flóðum; um mánaðarlokin (27.—28.) varð snjókoma svo mikil nyrðra, t. d. í Þingeyjarsýslu, að fé fenti víða, enn vatnagangur varð svo mikill, einkum í Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslu, að óminnilegur þótti; féllu þar skriður svo undrum sætti og tók af vegi (t. d. mikið af hinum nýja póstvegi

yfir Öksnadalsheiði o. v.) og fjöldamargar jarðir skemdust að meiru og minna leyti í Eyjafirði (t. d. í Svarfaðardal að sögn 17 jarðir) og í Skagafirði; hljóp ómuna-flóð í Héraðsvötnin; skriður féllu þar og stórkostlega, einkum í Heiðardal, og eins austantil í Húnavatnssýslu. Sumstaðar tóku skriður þessar af hús, fénaðarhús og urðu skepnum að bana. Haustið var upp frá því gott víðast um land: stillur, frost og fannkoma lítil. og stóð sú tíð að mestu fram til ársloka; þó var frosthart nyrðra (t. d. 14—16° R. í Þingeyjarsýslu um miðjan nóv. og um 20° C. í Eyjafirði í desbr.) og óstöðug veðrátta (einkum fyrri hluta desbr.) með snjóburði, enn skánaði seinni hluta mánaðarins.

Eldgos þóttust menn verða varir við úr Vatnajökli síðari hluta sumars, enn engin brögð urðu þó að því.—*Jarðskjálfta* varð aftur vart við að mun; fyrst 27. febr. í Reykjavík, þó linan kipp einn; enn 23. okt. varð jarðskjálfta vart víða um land; urðu einkum mörk að honum á Reykjanesi. Í Valahnjúk, sem vitinn stendur á, komu 3 eða fleiri sprungur fáar álnir frá vitanum og hrundi nokkuð framan úr, og 9 glös í vitanum sprungu áður enn slökt varð. 13. nóv. varð aftur vart jarðskjálfta þar og skömmu síðar hrundi 7 faðma langt stykki framan úr hnjúknum örskamt frá vitanum.

Grasvöxtur var almennt talinn í betra lagi og **ágætur** sunnanlands og **nýting** varð góð yfir höfuð; enn hey drap mjög, einkum norðanlands, í haustrigningunum og lá við skemdum og brann sumstaðar, enda nokkuð djarflega hirt að venju í upphafi. *Eldiviður* náðist seint sökum júní-rigninganna og fiski hélt þá við skemdum.

Skepnuhöld urðu hin verstu norðanlands og vestan, svo að jafnað var til ársins 1882; olli því mestmegnis heyafli hins liðna árs, er bæði var lítill, enn reyndist þar á ofan afarilla að gæðum: heyin bæði skemd, óholl og létt, og heyásetning afardjörf allvíða, eins og vant er; var sagt, að jafnvel í jan. væri farið að skera fé sökum heyþurðar á nokkrum stöðum í Aksarfirði og á Sléttu og í mars var í Dölum vestra farið að sækja korn í kaupstaði til skepnufóðurs sökum heyleysis, enda var í frásögur fært, að í miðþorra (febr.) átti einn bóndi þar 1 faðm útheys fyrir 100 fjár og 11 hesta. Í Eyjafirði

varð smásíld mönnum og skepnum til bjargar um veturinn; hún aflaðist þar mjög síðari hluta vetrar og var gefin kúm, hrossum og kindum; var tunnan seld á 1—1,50 kr. Í apríl vóru hey mjög víða algjörlega uppi fyrir sumarmálakastið, og þegar það skall á, varð fénaður sumstaðar nyrðra og vestra að standa á svelti í húsunum, þvíað engri skepnu var úthleypandi; kýr vóru sumstaðar fóðraðar eingöngu á hrísi og mjólkurdreitlinum úr sjálfum þeim. Á einum bæ í Húnavatnssýslu féllu þá þær 50 kindur, sem eftir lifðu af 150; hinar höfðu þá litlu áður verið skornar af heyjum; verst var þó talið ástandið í Geiradalshreppi vestra, þeim er síðar sótti um 3000 kr. hallærisgjöfina til alþingis, í Laksárdal og Haukadal; féllu þá hross og einkum gemlingar; annars drápust gemlingar víða, þótt ekki væri úr hor: drógust upp úr lungnaveiki og alls konar torhöfn. Þó versnaði um allan helming, er uppstigningardagshretið kom; féll þá allur fénaður unnvörpum vestra, nyrðra og jafnvel eystra, þó mest í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum og enn fremur í Strandasýslu og Dalasýslu, bæði úr hor og beinlínis sökum veðurgrimdarinnar, sem áður er frá sagt; var svo talið í skýrslum um um fellinn frá nýári í Húnavatnssýslu, er sýslunefndin lét safna til, að drepist hefði um 11000 sauðfjár, 60 nautgripir og og 337 hross; líkur var fellirinn talinn í skýrslum í Skagafjarðarsýslu; enn aðgætandi er þó, að í þessum skýrslum töldu margir alt, sem þeir höfðu mist allan veturinn, úr hverju sem var, og jafnvel var talið, að sumir hefðu ýkt um missi sinn, eins og líka hitt, að sumir hefðu dregið dulur á hann skömmustu vegna.—Miltisbruna varð að nýju vart á Skáney í Borgarfirði, er geisað hafði þar fyrir 14 árum; sömuleiðis á 2 bæjum í Húnavatnssýslu og í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi; þar var rækileg ráðstöfun gerð til að eyða sóttnæminu.

V. Bjargræðisvegir.

Bjargarleysi og vandræði.—Sjávarútvegur og fiskveiðar.—Landbúnaður. Verslun og vöruverð.—Bindindishreyfingin.

Þar sem skepnuhöldin urðu slík og nú var talið, vóru ekki tiltök, þó að kvartað væri um **bjargarleysi og vandræði**

manna á meðal. Þegar í mars var talið, að heimili væru farin að flosna upp í Laksárdal í Húnavatnssýslu, og eftir það, einkum eftir sumarmálakastið, þótti bóla á verðgangsfólki venju framar í Húnavatnssýslu. Kaupstaði þraut matvara í fyrra lagði (t. d. Borðeyri), þar sem hún var einnig höfð til skepnueldis að mun; vóru Húnvetningar að síðustu farnir að sækja matvöru suður í Borgarnes, og þegar vöruskip, hið fyrsta norðanlands, kom í apríllok að Sauðárkróki, var það brátt tæmt af mönnum alstaðar að úr nálægum sýslum; þó var sagt, að fjöldi fólks þar hefði lítið haft sér til munns að leggja annað enn horkjötið af skepnunum, er vóru að horfalla og féllu; hallæris- og manndauðasögurnar gengu líka fjöllunum hærra, einkum úr Strandasýslu framan af, og reyndist það eitt satt, að snögt varð um 2—3 menn og var um kent óhollu viðurværi til langframa: illa þurrum fiski og hákarli, og dálítið bar á skyrbjúg venju framar. Síðar var einkum látið illa af ástandinu í Sléttuhreppi vestra og hungurdauða, enn reyndist ýkjur; enn manndauði varð þar í mesta lagi: dóu 32 frá nýári fram á sumar af rúmum 400 manns í Aðalvíkursókn, enn mest úr skæðri taugaveiki, svo og úr skyrbjúgi. Allvíða mun hafa séð á mönnum í meira lagi, enda gerðu kýr sárlítið gagn nú sökum heyjanna. Sveitarþyngsli jukust mjög í harðindasveitunum og fóru sumir til Vesturheims þeirra vegna og sveitarstjórnir tóku að keppast við að koma þangað þyngslafólki af sér, eins og áður hefir við brunnið sumstaðar; bárust síðan gífurlegar almennar hallæris- og manndauða-sögur héðan með þeim til Vesturheims og komust þar í blöð—Nú mátti þó líklegt þykja, að menn þættust þurfa hallærislán úr landsjóði, enda komu nú fram eftir vorharðindin lánbeiðslur þær úr Húnavatns- og Skagafjarðar-sýslum, sem áður er getið (sjá bls. 18). Þessi hallærislán og eftirgjafir af vakstagreiðslu og afborganafrestur eldri hallærislána úr landssjóði vóru veitt á þessu ári: 27. jan. Gullbr.- og Kjósarsýslu eftirgjöf á vakstagreiðslu af 20000 kr. hallærisláni frá 1885 til ársloka 1887; 3. febr.: Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu veitt 2200 kr. hallærislán; 14. mars Strandasýslu veitt eftirgjöf á leigum og frestur á greiðslu afborgana af 6000 kr. hallærisláni frá 1884 til ársloka 1887; 14. mars Mýrasýslu veitt eftirgjöf á leigum

fyrir árið 1886 af 3200 kr. hallærisláni frá 1884; 24. mars Húnavatnssýslu veitt eftirgjöf á leigum og frestur á greiðslu afborgana af 900 kr. hallærisláni frá 1884 til ársloka 1887; 26. ágúst Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum heitið alt að 10000 kr. hallærisláni hvorri, enn amtmanni jafnframt boðið, »að hafa strangar gætur á því, að þessi sýslufélög taki eigi meira fé að láni enn það sem óumflýjanlegt er til að afstýra yfirvofandi manndauða«. Gjafafénu útlenda var nú alls ekki lengur til að dreifa.

Sjávarútvegur og fiskveiðar. Þetta ár þótti eitthvert hið besta afla-ár, eins og sjá má af fisk-útflutningnum, einkum þó á suðurlandi. Sem dæmi má taka, að haustvertíðarhlutir urðu víða við Faksaflóa töluvert á 2. þúsund; þessi góðfiski var í flestum veiðistöðum landsins sunnan og vestan allar vertíðirnar, þó með með nokkrum mun; norðanlands og austan var og dágóður afli, nema hvað sumarafli austanlands brást að mestu; var hafísnum um kent; þó veiddist síld töluvert, bæði þar og á Eyjafirði einkum (sbr. bls. 33); samt er síldveiði Norðmanna óðum að minka hér við land, síðan verðlækkunin varð svo mikil á henni, og þetta ár vóru þeir hér í langfæsta lagi, enda farnir að selja hús sín og aðra byggistöðu. Hvalveiðafélag þeirra, er aðsetu hefir á Langeyri vestra, fékk 38 hvali þetta sumar. Annars vóru hvalrekar allmiklir norðanlands og höfrungar náðust í meira lagi, einkum á Eyjafirði. Hákarlsafli varð þar á móti sárlítill nyrðra vegna ísins, enn allgóður syðra og vestra.

Í Gullbringusýslu og Reykjavík vóru enn þá hreyfingar allmiklar út af fiskveiðunum, eins og sjá má af málunum, sem að framan er getið (bls. 25). Nú átti enn fremur að koma á samþykt um takmörkun á ýsulóðarbrúkun í nokkrum verstöðum í suðurhluta Gullbringusýslu, enn hún var feld.

Engan styrk vildi þingið nú veita til framhalds *laksaklaks*-tilraunum, þar eð það vildi láta þær verða eingöngu einstakra manna fyrirtæki; þó hélt Laksræktarfélag Dalasýslu þeim áfram þetta ár með nokkrum almannafjárstyrk; þar á móti lagðist laksaklak algjörlega niður á Þingvöllum, og eins á Reynivöllum um haustið. Enn Austfirðingar höfðu eftir hvötum Ei-

ríks Magnússonar M. A. samtök um haustið með að koma á laksklaki og laksveiði í Lagarfljóti. — *Laksveiði* var talin í lakara meðallagi þetta ár, að minsta kosti sunnanlands. Allmargir Englendingar, er ætluðu sér bæði að ferðast hér um og stunda hér laksveiði nú eins og nokkur undanfarin ár, settust aftur, er þeir heyrðu mikið látið af hafísnum um vorið; þó dvöldu þeir hér nokkrir við laksveiði og leigðu veiðiár, einkum í Mýra-, Borgarfjarðar- og Gullbringu-sýslum.

Landbúnaður. »Búnaðarfélag suðuramtsins« hélt 50 ára afmæli sitt 28. jan. Framkvæmdir félagsins hafa þann tíma verið með ýmsu móti; þannig gaf það fyrst nokkur ár út búnaðarrit og hét verðlaunum fyrirfram fyrir verk, er unnin skyldu á tilteknum tíma og hafði þannig borgað alls 1005 rd. árið 1863 til verðlauna fyrir jarðabætur, refaveiðar o. fl.; enn síðar, undir yfirstjórn yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar (frá 1868), hafa framkvæmdir þess einkum beinst að því að fá vatnsveitingamenn og aðra búfræðinga til að ferðast á sumrum um sýslur suðurumdæmisins og leiðbeina bændum og aðstoða þá til jarðabóta; enn fremur veitt nokkur verðlaun, styrkt menn til að læra búfræði (í Noregi) og til að kenna hér betri mjólkurmeðferð, smjör- og ostatilbúning. Nú um nokkur síðustu sumur hefir það haft 2 búfræðinga, Svein Sveinsson og Sæmund Eyjólfsson, til ferða, Svein um Borgarfjörð einkum og Sæmund um Skaftafellssýslur og var þar undir hans fyrirsögn þetta ár haldið áfram með vatnsveiting, er byrjuð hafði verið árið áður, á sanda milli Skaftár og Geirlandsár á Síðu, í því skyni, að hefta sandfok, enn landssjóður veitti sérstaklega til þess 400 kr. og Vesturskaftafellssýsla 155 kr. af búnaðarstyrk sínum. Félagsmenn »Búnaðarfélagsins« hafa alloftast verið fáir (112—200), enn félagið notið mikils landfjárstyrks (1500 kr. þetta ár); var eign þess nú við ársbyrjun um 18000 kr.

Í Dalasýslu réðst sýslunefndin í að hvetja menn til að *stofna búnaðarfélag* í hverjum hreppi sýslunnar, með fylgi Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal; þar reyndu menn og einkanlega að bindast föstum samtökum með *betri heyásetningu* eftirleiðis, sem og um stofnun svo nefndra *heyforðabúra;* komu þær hugmyndir og fram á þingi fyrir flutning Páls Briems í lagafrumvarpi einu frá nefnd þeirri, er þingið setti til að íhuga

búnaðarmál landsins, »atvinnuveganefndinni«; átti það að veita sýslunefndum heimild til að setja samþyktir og vald til að framfylgja þeim, er þær hefðu náð staðfestingu amtmanns, að sínu leyti eins og fiskveiðalögin gera, alt til að sporna við horfelli á skepnum; enn þetta frumvarp féll í efri deild, þar sem menn vildu að eins skerpa eitthvað horfellislögin frá 1884, sem litlu hafa þótt áorka til bóta í því efni; eins fór um annað frumvarp nefndar þessarar: almennar reglur fyrir þjóðjarðasölu, enn þriðja frumvarp hennar: um þurrabúðarmenn, samþykti þingið, eins og áður er getið.

Ísfirðingar höfðu þetta ár undirbúning með að halda næsta ár *búskaparsýningu* hjá sér. — Ekki vildi þingið sinna þeirri tillögu stjórnarinnar, að veita í fjárlögum 2000 kr. til að koma ísl. sýnismunum á sýningu þá, er halda skyldi næsta ár í Khöfn; taldi það hana þýðingarlitla hljóta að verða fyrir Ísland. Samt gerði forstöðunefnd sýningarinnar fyrir tilmæli stjórnarinnar, einkum landshöfðingja, Íslendingum ýms vilkjör með sendingu muna; verður svo að geyma Fr. næsta árs frekari frásögn þessa.

Garðyrkja tókst mjög vel þetta ár á suðurlandi og fer áhugi á henni allmikið í vöxt; einkum gerðu menn víðs vegar um land tilraunir með sáning í vermireiti eftir fyrirsögn Schierbecks landlæknis og lánaðist vel. Félagsmenn »Garðyrkjufélagsins« vóru þetta ár 262; hafði félagið varið 470 kr. til fræ-kaupa og fræinu mestmegnis útbýtt til félagsmanna fyrir tillögin; enn 630 kr. höfðu félaginu alls goldist í tillögum þangað til; átti það þá um 350 kr. í sjóði auk nokkurra fræbirgða.

— Í sambandi við Fr. fyrri ára skal þess hér getið, að sýslunefnd Suðurþingeyjarsýslu var 17. ágúst veitt 1800 kr. lán úr viðlagasjóði í viðbót við 5000 kr. áður til handa Magnúsi Þórarinssyni á Haldórsstöðum til að fullkomna tóvinnuvélar.

Verslun og vöruverð. Þetta ár lifnaði aftur dálítið yfir versluninni, enda jókst vörumagnið einkum frá sjávarsíðunni, og þær vörur eða saltfiskurinn komst jafnframt í mun hærra verð. Með hross og sauðfé og afurðir þess gekk þó verslunin hér innanlands líkt eða jafnvel í sumu miður enn áður; bar einkum tilfinnanlega á því norðanlands og austan.

Af aðalsöluvörum íslenskum var eftir skýrslum miðlara í Khöfn flutt út þetta ár (sbr. skýrsluna í Fr. f. á. bls. 36): af *ull* 1,350,000 pd. (980,000 pd. til Khafnar og 370,000 pd. til Englands); af *saltkjöti* (til Khafnar): 2400 tunnur (224 pd. í tn.); af *tólg* (til Kh.): 59000 pd.; af *söltuðum* sauðargærum 15800 (7900 vöndlar); af *saltfiski 16,126,000* pd. (4,344,000 pd. til Khafnar, *7,370,000* pd. til Spánar, 4,200,000 pd. til Englands og 192,000 pd. [einn skipsfarmur] til Genua); af *harðfiski* (til Kh.): 137000 pd.; af *lýsi* (til Kh.): 6100 tnr., og af *æðardúni* 7300 pd. Eftirtektavert þótti sérstaklega, hvað vöruflutningur jókst beint til Englands þetta ár.

Erlendis seldust þessar íslensku vörur með mjög líkum hætti og árið á undan, nema saltfiskur, eins og áður er getið; hann seldist miklum mun betur og með hærra verði, *einkum á Spáni*, eins og hann fluttist miklum mun meir út vegna góðfiskinnar hér, eða nál. helmingi meir til Spánar nú enn árið áður, og var þó alt af að hækka í verði fram eftir árinu; seldist skippundið (320 pd.) af stórum saltfiski sunnlenskum þar fyrir 38½ ríkismark (rm.=89 au.) upp að 43 ríkismörk-um og jafnvel meira seinast, og af smáum 34—36 ríkismörk; vestfirskur saltfiskur seldist fyrir 48 upp að 56 ríkismörk skippundið. Á Englandi seldist smár saltfiskur framan af að jafnaði fyrir 12—13 £ (1 pd. sterl. = 18 kr.) »tonnið« (hver 127 lýsipund) og ýsa 10—11 £. Þegar fiskveiðar brugðust við Newfoundland, varð mikil eftirspurn frá Ítalíu eftir smáum saltfiski, svo að í okt.—nóv. seldist hann á 13,17 upp að 20½ £ tonnið og ýsa 11,12 alt að 16½ £. Skipsfarmur sá af smáum saltfiski, sem verslun Fischers kaupmanns í Reykjavík sendi þetta ár beina leið frá Íslandi til Genúa, seldist fyrir 52 ríkismörk skippundið. Stór vestfirskur saltfiskur bnakkakýldur seldist í Khöfn fram í sept fyrir 42—55 kr. skippd., enn síðar alt að 60 kr., enn óhnakkakýldur fyrst fyrir 38—46 kr. og síðar 47—54 kr. Sunnlenskur, norðlenskur og austfirskur saltfiskur seldist þar 4—8 kr. minna skippd. Smár saltfiskur steig þar einnig í verði undir eins og á Englandi og komst jafnvel upp í 54 kr. skpd. og ýsa upp í 40 kr. hæst. Þetta gengi saltfisksins nú, einkannlega frá suðurlandi, var og meðfram eignað betri verkun enn áður. Harðfiskur seldist mjög

illa eins og árið áður, þó að nú flyttist næstum helmingi minna út af honum og var hann þó alt af að lækka í verði, enda opnaðist honum enginn nýr markaður. Saltkjöt steig í verði, er svo lítið fluttist út af því sökum fjárflutningsins til Englands, og komst jafnvel upp í 50 kr. tn. hæst úr 33 kr. minst. Ull seldist fremur vel líkt og árið áður.

Hér á landi gáfu kaupmenn, t. a. m. í Reykjavík, líkt fyrir íslensku vörurnar og árið áður, lítið betur fyrir þær, er betur seldust erlendis, svo sem saltfisk (34 kr. skippd. af nr. 1) og hvítri ull (60 au. pd.). enn talsvert minna fyrir þær, er ver seldust, svo sem harðfisk (50—60 kr. skpd.) og lýsi (hrátt 22 kr., soðið 15 kr. tn.) og æðardún 15 kr. pd. Mikið orð komst á blautfiskverslunina, einkum á Ísafirði, í Reykjavík og Gullbringusýslu, um haustið; komu skuldir manna við kaupmenn jafnframt eyðslusemi henni af stað, enda sagt, að kaupmenn væru nú sem oftar tregir til að láta salt af hendi, nema móti skuldbindingum um fisk og jafnvel sumstaðar nú alls ekki viljað láta salt úti; hvað um gilti: blautfiskssala komst á, og þutu enda margir upp aðrir enn reglulegir kaupmenn til að kaupa blautan fisk; var í búðum í Rvík gefið fyrir lýsipundið af flöttum þorski blautum almennast 50 au. og fyrir smáfisk 40 au., enn talið, að um 50 lýsipd. færi af flöttum þorski blautum í 1 skippd. af þurkuðum saltfiski. Þótti þessi sala mjög skaðsöm, enda freista þar að auki til óforsjálni, leti og drykkjuskapar; þó kvað mikið að henni, jafnvel þóað margir kaupmenn ekki vildu gefa sig við henni.

Útlendar vörur vóru seldar í Reykjavík með sama verði og árið áður, nema kaffi, er þar komst í 95 au., enn sumstaðar annarstaðar jafnvel í 1 kr. 10 au. pd., enda varð það loks til að kenna mönnum að fara sparlegar með kaffi enn áður, auk þess, sem raddir fóru að heyrast á móti því; kaffibrúkun, eins til sveita, hefir verið talin svo mikil, að kaffidrykkjan kostaði landsmenn árlega 1 miljón króna. Það var líka sem komið væri við hjartað í mörgum, er kaffitolls-frumv. heyrðist getið á þingi nú, líkt og verið hafði 1885, enn þá fóru að koma þakkarávörp í blöðunum til þeirra þingmanna, er mótfallnir höfðu verið kaffitolli.

Slimon og Coghill keyptu hross og sauðfé hér eins og undanfarin ár, enn fyrir sauðfé gáfu þeir enn þá minna enn í fyrra: 11—13 kr. að jafnaði fyrir sauðinn og ekki hærra enn 14 kr. Varð nú almennur kurr í mönnum við þá, einkum í Húnvetningum og Skagfirðingum, er mest hafa skift við þá með vörupöntun, og höfðu margir þeirra í hyggju að hætta þeim skiftum og reyna þau heldur við C. Knudsen, félaga Lauritzens í fyrra; þeir versluðu nú báðir hér hvor um sig á eigin hönd og tóku fé hærra verði; það jók óánægjuna og eins það, að *vörupöntunarfélögin* fengu miklu betra verð fyrir fé, er þau sendu út á eigin ábyrgð og vörur þó jafnframt ódýrri enn þær fengust hér. Þau eru 4 félögin, er mest kveður að og áður hefir verið getið í Fr.: í Dalasýslu, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Múlasýslu (pöntunarfélög Fljótsdælinga); skifta þau öll við Zöllner & Co. í Newcastle on Tyne fyrir milligöngu Jóns (Pálssonar) Vídalíns. Að frá dregnum kostnaði fékk kaupfélag Þingeyinga 15 kr. 55 au. fyrir hvern sauð, og Eyfirðingar 15 kr. 19 au., enn sendu alls 3900 sauði til samans, »pöntunarfélag Fljótsdalshéraðs« fékk 15 kr. 41 ey. og sendi 3600 sauði og »kaupfélag Dalasýslu« 14 kr. 29 au. og sendi alls um 1700. Auk þessa sendu félögin nokkuð af geldum ám, og fengu fyrir þær meira og minna á 11. krónu; enn fremur ýmsa aðra vöru (t. d. æðardún), enn um það hafa ekki sést skýrslur. Þessi uppgangur pöntunarfélaganna fór að lyfta undir Sunnlendinga um árslokin til samtaka í sömu átt; enn hér verður eigi sagt meira, hvað úr verður (sbr. enn fremur bls. 22). — Verð á afnytjum sláturfjár var líkt og árið áður (sjá Fr. f. á., bls. 37: talsvert hærra syðra enn nyrðra).

Bindindis-hreyfingin hélt áfram þetta ár með Góðtemplarreglunni, þó með nokkru daufara móti enn árið áður; féllu stúkur hennar um koll á Ísafirði, er þó höfðu komið sér þar upp samkomuhúsi; annars eru húsabyggingar reglunnar þetta ár mest um verðar í þessu efni; reisti hún sér hús í Reykjavík og á Eyrarbakka. Í Reykjavík höfðu Góðtemplarar enn fremur samtök um að mynda sjóð, »Atvinnusjóð«, til þess að geta veitt þurfandi mönnum í félaginu atvinnu. Á alþingi kom bindindis-hreyfingin fram í lögum þeim, er þingið samþykti úr frumvarpi frá Jóni alþm. Ólafssyni, »Stór-Templar«, »um

veiting og sölu áfengra drykkja«. Góðtemplarar höfðu einnig sent þinginu áskorun þess efnis og fengið víða undirskriftir manna, sem og fyrir því, að hækka toll á áfengum drykkjum.

VI. Skaðar og slysfarir.

Skipströnd. — Eldsvoðar. — Manntjón.

Skipströnd urðu nokkur þetta ár hér við land; þar á meðal fórust 2 vöruskip um haustið, og átti annað að fara til Blönduóss, hitt til Borðeyrar; Borðeyrarskipið strandaði á Sléttu og björguðust vörur og vóru seldar við uppboð, enn fóru með afarlágu verði, eins og oft gerist á strandgóssi fyrir samtök manna, annarstaðar enn í Reykjavík og þar í grend; þannig fór matvörutunnan óskemd fyrir 2 kr., sykurpundið 6 au. o. s. frv. Urðu síðan illar horfur með vörubirgðir í þessum kaupstöðum norðanlands og fleirum.

Eldsvoðar urðu talsverðir þetta ár; bar mest á þeim í Reykjavík með grunsamlegum hætti; brann þar útihús með bókaleifum hjá bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni um vorið, enn grunur um íkveiking af manna völdum sannaðist ekki; síðar (11. nóv.) kviknaði í íbúðarhúsi einu í útjaðri bæjarins, þá mannlausu, auðsælega af mannavöldum: með 7 eldhreiðrum og púðri hjálögðu á einum stað, enda komst það síðar (á gamlaársdag) upp fyrir játningu húseiganda, konu hans og bróður, er haldið hafði verið í fangelsi fyrir grunsemdar sakir; höfðu þau öll verið í samráðum með íkveikinguna. Þótti bæjarbúum eftir það von til að víti þeirra yrðu öðrum að varnaði eftirleiðis, enn eldsvoðar orðnir ískyggilega tíðir, síðan bærinn komst í brunabóta-ábyrgð.

Manntjón af slysförum varð með mesta móti þetta ár, einkum í sjó; skal hér sagt frá þeim, er skýrslur hafa borist um: Í *janúar*-byrjun týndist í sjó nýkvæntur maður úr Skutulsfirði af kletti þeim, er Pallur er nefndur, milli Hnífsdals og Seljadals í Óshlíð, enda er nú klöngrast yfir klettinn á köðlum og borðum. 3. jan. fórust 5 fiskiskip frá Skagaströnd með 24 mönnum, er skildu eptir 9 ekkjur og 27 börn. Í

sama mánuði bar kvennmaður út barn í Mýrdal. 12. jan. drukknuðu 4 menn af báti í Vestmannaeyjum. 26. jan. drukknuðu 8 menn af 2 skipum í Bolungarvík, 4 kvongaðir. 31. hrapaði vinnumaður frá Hvítadal í Dalasýslu til bana; vinnumaður í Vigur drekti sér fram af kletti á eyjunni í sama mánuði. — *Febr.* (2.) varð úti Egill bóndi Benediktsson frá Köldukinn í Dalasýslu. 5. varð og úti Jón bóndi Jónsson að Reynisvatni í Mosfellssveit. 24. fórst bátur frá Eyrarbakka með 6 mönnum; í febrúar fórust og 2 menn af báti á Mjóafirði og 1 maður á Eskifirði. — Í *mars* (20.) fórst bátur með 3 mönnum í Varaósi Rosmhvalaneshreppi. 23. drukknaði unglingsmaður úr Reykjavík af fiskiskútu íslenskri. 29. varð mikill mannskaðadagur, þótt ekki væri neinn ýkja-stormur; þá fórst bátur úr Reykjavík skamt undan landi og drukknuðu 3 menn; einn þeirra var Björn Lúðvíksson Blöndal sundkennari[1]; s. d. fórst skip frá Vatnsleysu syðra og drukknuðu 3 menn; enn fremur fórust s. d. 2 skip úr Keflavík syðra, annað með 3 og hitt með 4 mönnum, og eitt skip frá Bár í Eyrarsveit með 5 mönnum. Um mánaðamótin mars og *apríl* fórst bátur af Snæfjallaströnd og drukknuðu 2 menn. Í sumarmálakastinu löskuðust 5 bátarskútur eyfirskar við norðurland og drukknaði formaður einnar þeirrar, Jón Gunnlaugsson að nafni. 15. apríl drukknðu 2 vinnumenn frá Krossavík í Vopnafirði ofan um ís í Hofsá. 17. drukknaði Ari bóndi Jónsson í Múla við Kollafjörð í Barðastrandarsýslu í á nálægt bænum; átti hann þá á lífi 20 börn af 29, er hann hafði eignast í 3 hjónaböndum. 22. varð kvennmaður úti frá Geldingalæk á Rangárvöllum; s. d. varð maður úti á Laksárdalsheiði. 29. fórst seksæringur af Miðnesi syðra uppi við landsteina og drukknuðu 4 menn, ölvaðir. Í *maí* (9.) drukknuðu 4 menn við hvalskurð fyrir innan Hálsa-ós í Suðursveit í Austurskaftafellssýslu; seint í maí drukknaði kvennmaður í Norðurárdal á norðurleið; enn fremur drukknaði í maí Gísli bóndi Magnússon frá Hrafnabjörgum í Dalasýslu; féll útbyrðis af báti. Í *júní* (20.) drekti sér vinnukona úr

---

1) Þar sem í Fr. f. á, bls. 40, var sagt, að sá eini maður, sem bjargað var af þeim 2 skipshöfnum, er drukknuðu úr Reykjavík 30. nóv. hefði kunnað dálítið til sunds, þá skal það hér með leiðrétt sem ofhermt.

Reykjavík. Í júní eða *júlí* fórst bátur á Vopnafirði og drukknuðu 3 menn, einn kvæntur. 15. júlí fór bóndi einn úr Holtum í Rangárvallasýslu í sjóinn hjá Eyrarbakka. Í *ágúst* (5.) drukknaði Björn Benediktsson Blöndal, bóndi frá Breiðabólsstöðum í Vatnsdal, undir Þyrilsklifi í Hvalfirði á heimleið úr Reykjavík; í sama mánuði fór útbyrðis af póstskipinu Romny á leið til Khafnar milli Vestmannaeyja og Færeyja stud. mag. Sigurður Jónasson frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal og drukknaði. Í *sept.* (3.) skar maður sig til ólífis í Flóa austur. 20. fórust 4 menn af báti af Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, 2 kvæntir, annar þeirra formaðurinn Jakob bóndi Bjarnason á Illugastöðum, sýslunefndarmaður. Í sama mánuði drukknaði maður í Hjaltadalsá, Björn, faðir Jósefs yfirkennara á Hólum. Í *okt.*-byrjun týndist maður í Karlsá í Skagafirði. 31. okt. drekti sér unglingsmaður í Reykjavíkur-gróf, úr Kjós. Í *nóv.* (16.) drukknuðu 5 menn í fiskiróðri í Olafsvík, í lendingu; 17. drukknuðu 6 menn í fiskiróðri frá Húsavík, og sama dag drukknuðu 2 menn af báti í fiskiróðri frá Krossavík í Þistilfirði. Í *desbr.* (13.) drekti maður sér í Reykjavíkurgróf, austan úr Árnessýslu; í sama mán. drukknaði og maður í Héraðsvötnum í Skagafirði, Aron að nafni, og 31. desbr. drukknuðu 11 menn úr Keflavík af 2 skipum, allir einhleypir. Þannig klyfti árið út með manndrukknanir af róðrarskipum hér syðra; varð mikið tilrætt um þær að vonum og ýmsum útbúnaði sérstaklega um kent, svo sem báta- og segla-lagi, seglfestugrjóti o. s. frv., enn næsta árs Fr. verður að geyma að skýra frá tilraunum þeim, er farið var að gera um áramótin til að firrast slíkt tjón. Enn þá er þó ótalið, að um sumarið fórust í ís 3 hákarlaskútur af vesturlandi, hver með 9 til 10 menn. Smalamaður og stúlka (á grasafjalli) eystra viltust um sumarið í poku þeirri, er af hafísnum stóð, og týndu lífi. Um *hálft annað hundrað* manna hefir þannig farið í sjóinn þetta ár eftir þeim skýrslum, sem enn hafa sést.

VII. Heilsufar og lát heldri manna.

Heilsufar manna var talið í lakara lagi, þar sem þó engar stórsóttir gengu; lungnabólga gerði töluvert vart við sig, einkum

á Akureyri, enda varð þar manndauði venju framar. (Sbr. enn fremur bls. 34 að framan).

Lát heldri manna. Þessir *prestvígðir menn* létust á árinu:

Hjörleifur uppgjafaprestur *Guttormsson* (prófasts Þorsteinssonar að Hofi í Vopnafirði), fæddur að Hofi 31. maí 1807, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1832, vígður 1835 sem aðstoðarprestur til séra Björns Vigfússonar á Kirkjubæ og kvæntist Guðlaugu dóttur hans; fékk Skinnastaði 1849 og Tjörn í Svarfaðardal 1870 og síðast Velli 1878, enn fékk lausn frá prestskap 1884 og andaðist að Lóni í Kelduhverfi hjá tengdasyni sínum 1. ágúst.

Jón Jónsson (bónda Björnssonar að Gilsá í Breiðdalshreppi) *Austmann*, f. 9. okt. 1809, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1838, kvæntur 1840 Málfríði Guttormsdóttur (próf. Pálssonar í Vallanesi) og bjó að Gilsá til 1847, er hann vígðist sem aðstoðarprestur séra Stefáns Þórarinssonar á Skinnastöðum, enn varð prestur að Lundarbrekku í Bárðardal sama ár; þaðan fluttist hann að Saurbæ í Eyjafirði, er hann fékk 1872, enn þaðan aftur að Stöð í Stöðvarfirði 1881 og þar lést hann 6. septbr., þá fyrir skömmu kominn úr ferð frá Khöfn í lækningaleitun; annars var hann sjálfur einkum kunnur sem heppinn læknir, enda skipaður læknir norðanlands af amtmanni um tíma. Seinni kona hans, Helga Jónsdóttir frá Sörlastöðum, lifði hann. Hann gekst fyrir, að þýdd var á íslensku »homöopathisk lækningabók« (sjá Fr. 1882, bls. 38).

Jón Eiríksson (hreppstj. og dbrm. [† 1844, 82 ára] Sveinssonar að Ási í Holtum í Rangárvallasýslu og Guðrúnar, seinni konu Eiríks, Jónsdóttur, systur Steingríms byskups), f. að Ási 1807, útskrifaður af séra Helga Thordersen í Odda 1827 og varð þá skrifari Magnúsar sýslum. Stephensens í Vatnsdal, enn var vígður 1834 sem aðstoðarprestur séra Brynjólfs Árnasonar í Meðallandsþingum, fékk Stórólfshvolsþing 1839 og Stóranúp 1859, fékk lausn frá prestskap 1880 og andaðist 4. mars hjá Sigurði syni sínum, bónda í Hrepphólum. Kona hans var Guðrún Pálsdóttir prests (drukkn. 14. sept. 1823) Ólafssonar í Guttormshaga, systir Olafs dómkirkjuprests.

Jón Kristjánsson (dbrm. Jónssonar, bróður Björns í Lundi),

f. 17. maí 1811 á Þórðarstöðum í Fnjóskadal, var 3 ár til kenslu hjá Jóni lærða í Möðrufelli og útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1833, enn vígðist 1836 sem aðstoðarprestur séra Eiríks Þorleifssonar á Þóroddstöðum í Kinn og fékk það brauð að honum látnum 1843, fékk Þingeyraklaustur 1862 og Breiðabólsstað í Vesturhópi 1868, og fékk þar lausn frá prestskap 1883 og fluttist að Þverá og lést þar 14. apríl. Hann sat á þingi fyrir Suðurþingeyjarsýslu 1853, '55 og '57.

Páll Sigurðsson (bónda Jónssonar), f. 16. júlí 1838 að Bakka í Vatnsdal í Húnavatnssýslu; komst í Reykjavíkurskóla 1855 fyrir tilstuðlun Ólafs dbrm. Jónssonar á Sveinsstöðum, og útskrifaðist þaðan 1861 og úr prestaskólanum 1863; varð síðan heimiliskennari hjá Þórði kammeráði Guðmundssyni sýslumanni á Litlahrauni og kvongaðist dóttur hans, Margrétu Andreu; 1866 fékk hann Miðdalsprestakall í Árnessýslu og vígðist þangað s. á.; fékk Hjaltabakka í Húnavatnssýslu 1870 og Gaulverjabæ í Árnessýslu 1880, og sótti um Þingeyraklausturs brauð þetta ár og var rétt að því komið að veita honum það, er hann lést 23. júlí af fótbroti og liðhlaupi eftir litla byltu. Eftir hann liggur prentuð skáldsagan »Aðalsteinn« (sbr. Fr. 1879, bls. 29) og önnur skáldsaga, »Draummaðurinn«, prentuð nafnlaus í »Norðlingi« (3. ári 1877, 59.—86. dálki), auk ýmissa blaðgreina. Hann var latínumaður einhver hinn besti af yngri mönnum, enda mikill hæfileikamaður.

Sigurgeir Jakobsson (dbrm. og umboðsmanns Péturssonar á Breiðumýri), f. 27. ágúst 1824 á Stóru-Laugum í Þingeyjarsýslu, útskrifaður úr Rvíkurskóla 1850, úr prestaskólanum 1852, og var vígður til Breiðuvíkurþinga 1854, enn fékk Grundarþing 1860. Að öðru leyti skal vísað til Fr. 1882, bls. 8, um prestskap og embættismissi hans eftir hæstaréttardómi. Hann lést í mars(?).

Sigurður Sivertsen r. af dbr. (son Brynjólfs dómkirkjuprests Sigurðssonar og Steinunnar Helgadóttur, móður Helga byskups, eftir fyrra mann hennar Guðmund Þórðarson verslunarmann í Hafnarfirði), f. 2. nóv. 1808, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1829, og vígður 1831 sem aðstoðarprestur föður síns að Útskálum og fékk það brauð að honum látnum 1837 og var þar síðan, til þess er hann sagði af sér prestskap í

fyrra (sjá Fr. f. á., bls. 21). Hann létst 24. maí. Að öðru leyti verður að vísa til sérprentaðrar ævisögu þessa ágætisprests.

Skapti Jónsson (prófasts Þorvarðarsonar síðast í Reykholti og Guðríðar Skaftadóttur [læknis]), f. í Hvammi í Norðurárdal 26. apríl 1855. Fyrir tilstuðlun Skafta afa hans komst hann í skóla 1867 og var útskrifaður þaðan 1875, og úr prestaskólanum 1877, og vígður að Hvanneyri í Siglufirði 1878 og þar lést hann snögglega 24. júlí.

Snorri Jónsson (bónda Jónssonar) *Norðfjörð*, f. 24. ágúst 1819 að Höskuldarkoti á Vatnsleysuströnd, útskrifaðist frá Bessastöðum 1844 og var vígður 1849 sem aðstoðarprestur séra Péturs Jónssonar á Kálfatjörn, fékk Goðdali 1858, Reynisþing 1869, enn Hítarnesþing 1875, enn slepti þar prestskap þetta ár um vorið og lést 17. sept.

Stefán Pétursson (prests Jónssonar, síðast að Valþjófsstöðum), f. 22. okt. 1846, útskrifaður úr Reykjavíkurskóla 1871 og úr prestaskólanum 1873 og fékk Desjarmýri sama ár, enn Hjaltastaði 1884 og lést þar 12. ágúst, og lifði hann kona hans Ragnhildur Björg Metúsalemsdóttir og 12 börn þeirra (af 14alls).

Þorvaldur Ásgeirsson (dbrm. og bókbindara Finnbogasonar síðast bónda að Lundum í Mýrasýslu og fyrri konu hans Sigríðar Þorvaldsdóttur prófasts Böðvarssonar), f. 20. maí 1836 í Rvík, útskrifaður úr Reykjavíkurskóla 1859 og úr prestaskólanum 1861, vígður að Þingmúla 1862, hafði brauðaskifti við séra Þorgrím Arnórsson á Hofteigi 1864, og fékk Hjaltabakka og Þingeyraklaustur 1880, og hafði nýlega fengið lausn frá prestskap, er hann lést 24. ágúst. Hann var tvíkvæntur, fyrst Önnu Þorsteinsdóttur (Jónssonar kaupm. í Rvík), er skildist við hann, og síðan Hansínu Þorgrímsdóttur (prests á Hofteigi), er lifir hann.

Einn *læknir* lést þetta ár, 18. jan.: *Jón Sigurður Karl Kristján Sigurðsson* (fyrr. kaupmanns Johnsens í Flatey), f. í Flatey á Breiðafirði 30. maí 1853, útskrifaður úr Rvíkurskóla 1877 og úr læknaskólanum 1881, fékk 12. læknishérað (Þingeyjarsýslur) 1882, og kvæntist 27. ágúst 1886 Guðrúnu Gísladóttur Oddssonar bónda að Lokinhömrum vestra.

Af öðrum látnum mönnum skulu þessir enn nefndir:

Brynjólfur Oddsson bókbindari, fæddur að Reykjum í Lundarreykjadal 26. ágúst 1825, dáinn í Reykjavík 11. ágúst (enn jarðsettur 21. okt.). Eftir hann eru prentuð »Nokkur ljóðmæli« (Rvík 1869), auk fleiri kveðlinga til og frá, enda var hann mesti bókmentavinur. — *Einar Gíslason* bóndi á Höskuldsstöðum í Breiðdal, 48 ára, dáinn 8. júlí; hafði hann verið hreppstjóri, hreppsnefndaroddviti, sýslunefndarmaður og alþingismaður (1875 og 1877 fyrir Suðurmúlasýslu). — *Guðmundur* dbrm. *Jónsson* að Hnjúki á Skarðsströnd, dáinn 4. apríl, 88 ára, og *Jón* bróðir hans, dáinn 10. apríl, 90 ára, höfðu báðir verið hreppstjórar; vóru þeir bræður Búa prófasts á Prestsbakka († 1848). — *Magnús Gíslason* bóndi að Villingavatni í Árnessýslu, fæddur 21. júlí 1813, dáinn 4. júlí; hafði hann verið hreppstjóri og hreppsnefndarmaður, sáttasemjari og meðhjálpari, enda fyrirmynd að stjórnsemi og reglusemi. — *Magnús Pétursson*, bóndi í Holti á Ásum, dáinn að Hofi 17. febr. á 100. ári. — Seltjarnarneshreppur misti 3 nefndarbændur; þeir vóru: *Ólafur Guðmundsson*, bóndi í Mýrarhúsum, dáinn 28. mars, 54 ára, aðalhvatamaður að stofnun barnaskólans í Mýrarhúsum (1875); hafði hann verið hreppstjóri, hreppsnefndar- og sýslunefndarmaður; *Pétur Kristinsson*, bóndi í Engey, dáinn 6. des., 35 ára, og *Sigurður Ingjaldsson*, bóndi í Hrólfskála, dáinn 6. okt. 81 árs; studdi hann og mjög að stofnun barnaskólans, »þótt hann sjálfur hefði lítt notið mentunar í æsku«. — *Teitur Símonarson*, bóndi að Hvítárósi (Hvanneyri) í Borgarfirði, 91 árs að aldri, lést 1. apríl. — *Þorbjörn Sigurðsson* (aðstoðarprests Þorbjarnarsonar gullsmiðs að Lundum), bóndi að Helgavatni í Þverárhlíð, lést 19. apríl, áttræður.

Heldri *konur* nokkrar, er létust þetta ár: *Björg Pálsdóttir* (amtm. Melsteðs) ekkja Guðm. sýslum. Pálssonar, í febr., rúmlega sekstug. — *Elín Thorstensen*, dóttir Stefáns amtm. Stephensens, ekkja Jóns landlæknis Thorstensens, fædd 24. des. 1800, lést 4. júní (jarðsett 7. júlí); dætur þeirra hjóna á lífi: Guðrún Hjaltalín á Möðruvöllum og Ragnheiður ekkja eftir amtm. Kr. Christiansson. — *Guðlaug Jónsdóttir* (sýslum. frá Melum), ekkja Ásgeirs alþm. Einarssonar, f. 14. sept. 1814, lést 10. febrúar. — *Guðrún Guðbrandsdóttir* (járnsmiðs

Stephensens í Rvík), ekkja Teits dýralæknis Finnbogasonar, f. 17. mars 1809, lést 18. apríl; börn þeirra hjóna á lífi: Guðbrandur Finnbogason verslunarstjóri í Rvík og Arndís, kona Fischers stórkaupmanns. — *Hólmfríður Árnadóttir* (dbrm. Magnússonar að Stóra-Ármóti, kona Jóns bónda Eiríkssonar að Stóra-Ármóti, lést 21. febr., 57 ára. — *Ingibjörg Jónsdóttir* (prófasts Péturssonar í Steinnesi), f. 13. des. 1805, lést 28. mars og hafði lifað nál. 52 ár í hjónabandi með eftirlifandi manni sínum séra Stefáni Þorvaldssyni præp. hon. í Stafholti; þeirra sonur var meðal annara 8 barna séra Þorvaldur, síðast prestur í Hvammi í Norðurárdal. — *Margrét Narfadóttir*, ekkja séra Svb. Hallgrímssonar († 1863), lést 14. júlí, sjötug; lifðu hana öll (5) börn þeirra hjóna, þar á meðal Sveinbjörn, er um nokkur ár hefir stundað (frönsku)nám við Khafnarháskóla og þetta ár var settur kennari við lærðan skóla í Árósum á Jótlandi. — *Sigríður Þorsteinsdóttir* (bónda Magnússonar frá Núpakoti), kona Bergs prófasts Jónssonar í Vallanesi, lést 16. mars, 64 ára.

VIII. Mentun og menning.

Skólar og kensla. — Mentafélög og bókmentir, o. fl.

Við *háskólann* í Khöfn tók einn ísl. námsmaður próf, Valtýr Guðmundsson, 31. mars, í norrænni málfræði (magisterconf.). Heimspekipróf tóku þeir (5), er siglt höfðu árið áður, og einn eldri (Brynjólfur Kuld).

Úr *prestaskólanum* útskrifuðust 12 (eldri deildin); þessir 24. ágúst, með 1. einkunn: Jón Steingrímsson (50 stig), Jón Arason (49), Olafur Petersen (49), Einar Friðgeirsson (45), Ólafur Magnússon (45), Magnús Björnsson (43), og með 2. einkunn: Árni Björnsson (41), Gísli Einarsson (39), Þórður Ólafsson (39) og Jón Bjarnason Straumfjörð (23 st.); enn þessir ekki fyr enn 3. nóv. meðfram sökum hindrana, er nokkrir menn úr Góðtemplarareglunni höfðu gert þeim með ákærum fyrir slark: Guðlaugur Guðmundsson með 2. eink. (35 st.) og Þorsteinn Bergsson (prof. Jónssonar frá Vallanesi) með 3. eink. (17 st.); Þorsteinn lést 27. s. m. úr taugaveiki, er hann hafði fengið að afloknu prófi. Heimspekipróf tóku 17 presta- og

læknaskóla-menn 27. og 28. júní (2 með ágætiseinkunn). Um haustið komu 9 í prestaskólann; vóru 23 þar um veturinn (1887—88), þvíað einn úr eldri deildinni (Kjartan Helgason) var heima (í Birtingaholti).

Úr *læknaskólanum* útskrifuðust 2 um vorið (í júnílok): Oddur Jónsson með 1. eink. (101 st.) og Guðmundur Scheving Bjarnason með 2. eink. (64 st.). Um haustið kom einn í þeirra stað.

Úr *lærða skólanum* útskrifuðust 20, núna fyrir júnílok; með 1. eink.: Guðmundur Björnsson (102 st.), Guðmundur Guðmundsson (101), Eggert Briem (98), Þórður Þórðarson (92), Guðm. Hannesson (89), Marínó Havstein (89), Jón Þorvaldsson [frá Saurbæ] (87), Geir Sæmundsson (87), Haldór Bjarnason (86) og Þórður Þórðarson Guðjohnsen (86); með 2. eink.: Ólafur Hjaltason Thorberg (79), Magnús Jónsson (73), Ólafur Helgason (71), Einar Stefánsson (68), Ólafur Sæmundsson (67), Sigurður Magnússon [trésmiðs Árnasonar] (63), og með 3. eink.: Einar Þorsteinsson Thorlacius (61), Jón Árnason (57), Vilhelm Knudsen (50) og Benedikt Eyjólfsson (43). Einn þessara (Guðm. Guðmundsson) hafði fengið leyfi yfirstjórnenda skólans til að útskrifast, þótt aðeins 1 ár væri síðan hann tók fyrra hluta burtfararprófsins og hann hefði verið það ár í 5. bekk skólans. 11 af þessum stúdentum sigldu samsumars, 1 til Ameríku, hinir til Khafnar-háskóla, 6 gengu í prestaskólann og 1 í læknaskólann. 20 nýsveinar komu í skólann, svo að skólapiltar vóru við lok skóla-ársins alls 114 að meðtöldum þeim (4), er utanskóla stunduðu skólanám, enn um haustið tóku svo margir fyrir að lesa utanskóla, einkum af þeim, er kyrsettir vóru í bekkjunum (úr 4. bekk 3), að í skólanum sjálfum vóru um árslokin ekki nema 99; sumir höfðu og alveg orðið að hætta námi, kostnaðar vegna. Þingið færði nú niður ölmusustyrk þann (8000 kr.), er ætlaður hefir verið skólanum árlega nokkur síðustu ár, ofan í 7500 kr. fyrra árið og 7000 kr. síðara árið; þótti því aðsóknin að skólanum vera orðin nógu mikil. Eitt svefnloft (10 heimavistir af 50) var tekið þetta ár til nota fyrir náttúrugripasafn það, er í skólanum er, og til betri

varðveislu ýmissa vísindalegra áhalda, og til þeirra veitti þingið nú 400 kr. hvort árið.

Fyrir *Möðruvallagagnfræðaskóla* horfðist svo dauflega þetta ár, að þar vóru einir 7 nemendur við árslok, er allir höfðu verið þar veturinn áður, enn 9 höfðu útskrifast um vorið. — Ýmsir hreyfðu þeirri tillögu að leggja hann niður eða þá að flytja hann burt (til Akureyrar eða Reykjavíkur) eða breyta fyrirkomulagi hans; þingið tók hana þó ekki sérstaklega til athugunar. (Sjá enn fremur kennaraskipunina á bls 28).

Eins dofnaði fremur enn lifnaði yfir *Flensborgar-alþýðuskóla*, þó að nú væri þar í boði ókeypis húsnæði fyrir nokkra námsmenn; enginn varð til að sæta því, enda vóru nemendur flestir úr Hafnarfirði, eins og að undanförnu, í barnaskóladeildinni. Þingið ætlaði skólanum sama styrk í fjárlögum og síðast (sjá Fr. 1885, bls. 47). Ekkert varð úr þeirri tilraun forstöðumanns skólans (Jóns Þórarinssonar), er hann kom fram með á þingi í frumv. um alþýðumentun, að gera þann skóla og Möðruvallaskólann að kennaraskólum; komu alls fram á þingi 3 frumvörp um skipulag á alþýðumentun um land alt, enn strönduðu öll; svo skiftar vóru skoðanir manna, þótt allir þættust telja slíkt mál nauðsynjamál mikið.—Aftur á móti komust færri að enn vildu í *alþýðuskólann í Hléskógum;* þar vóru 18 nemendur við árslok. Þingið ætlaði þeim skóla nú 500 kr. styrk í fjárlögum.

Kvennaskólunum (3) lagði þingið hærri styrk enn að undanförnu eða alls 4300 kr. á ári í stað 3600 kr. og skifti honum nú þannig, að kvennaskóla Reykjavíkur vóru ætlaðar 1500 kr., þar af 300 kr. í ölmusur til sveitastúlkna, Ytri-Eyjar- og Laugalands-kvennaskólum 700 kr. hvorum, enn báðum til samans 1400 kr., er skift skyldi milli skólanna eftir nemendafjölda, þar af 500 kr. til námsmeyja.

Um leið og þingið hækkaði styrkinn til *barnafræðslu* úr 3000 kr. upp í 4000 kr. á ári breytti það og stefnu undanfarandi þinga (síðan 1877) bæði í skiftingu hans og skilyrðum fyrir styrknotum. Það ætlaði nú 2500 kr. á ári »til barnaskóla í sjóþorpum og verslunarstöðum öðrum enn kaupstöðum, er skifta skyldi milli barnaskólanna *eftir nemenda-fjölda*“, auk þess skilyrðis, er áður var sett, að skólarnir »njóti einnig ann-

arar tillögu, er eigi sé minni enn helmingur móts við styrkinn úr landssjóði«. Enn svo bætti þingið við 1500 kr. »til sveitakennara, alt að 50 kr. til hvers á ári, er veitt skyldi eftir tillögum sýslunefnda«. Af stefnu fyrri þinga í þessu máli hafði það leitt, að menn keptust við að koma upp barnaskólahúsum til að geta komið upp skólum og náð í styrk, er eigi fékst ella, og hafa því fastir barnaskólar risið upp til sveita (t. a. m. að Leirá, á Reynivöllum, á Þingvelli og á Kröggólfsstöðum í Ölfusi), þótt erfitt hafi gengið. Og með því að það þótti reynast sumstaðar, að almenningi yrðu lítil not að slíkum skólum og þeim enda eigi mögulegt að koma við víða hvar, þá tók þingið nú þessa stefnu, jafnvel þótt hinir föstu sveitaskólar þættu nú verða of mjög útundan.

Búnaðarskólamálum og búnaðarskólunum miðaði lítið áfram þetta ár; nú jók þó þingið fjárframlögur landssjóðs til hvers skóla (Hóla 3500 kr., Ólafsdals 2500 kr. og til Eiðaskóla og búnaðarfélaga til samans 6000 kr., er útbýtt skyldi af landshöfðingja eftir tillögum sýslunefnda og amtsráða); aftur á móti feldi þingið frumvarp (frá Ben. Sveinssyni) um að leggja 20,000 kr. úr landssjóði til handa búnaðarkenslustofnunum til skiftingar milli sýslufélaga. — Allar sýslunefndir vesturumdæmisins höfðu »ráðið frá því að svo stöddu að stofna búnaðarskóla á Hvanneyri sameiginlegan fyrir suður- og vesturumdæmið«, og Borgfirðingum var neitað um (2000 kr.) lán til að »styrkja Svein búfræðing Sveinsson til að reisa bú á Hvanneyri næsta vor«, enda höfðu þeir eigi greitt alla veksti af lánum sínum (9000+1200+3000 kr.) til Hvanneyrarkaupanna. Sömuleiðis neitaði sýslunefnd Eyfirðinga (21. febr.) »að ganga í félag við vestursýslurnar (Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur) um búnaðarskólann á Hólum«; enn fremur féllu búnaðarskólamál Þingeyjarsýslnanna niður.

Til *sjómannakenslu* veitti þingið nú 800 kr. á ári til kennara og húsnæðis í Reykjavík og 1000 kr. til kenslu »annarstaðar«, enda var eitthvað stofnað til kenslu á Ísafirði um haustið, enn í Hafnarfirði varð eigi af því fyrir árslok. Í Reykjavík nutu þar á móti 9 piltar kenslu í sjómannafræði hjá Markúsi skipstjóra Bjarnasyni, og hann sá um ísl. þýð-

ingu af danskri kenslubók í þeirri grein, er nefnd var »Frumatriði stýrimannafræðinnar«, og kom hún út rétt fyrir árslokin.

Sundkenslan í Reykjavík féll alveg niður við fráfall sundkennarans Björns Lúðvíkssonar Blöndals, sem að framan er nefnt (bls. 42), og ekkert bar framar á »sundfélagi Reykjavíkur« (sjá Fr. 1884, bls. 27).

Mentafélög og bókmentir. Hér skal þá fyrst framhaldið sögunni um deildastríðið í *bókmentafélaginu* eða hið svonefnda »heimflutningsmál«. I Fr. f. á. (bls. 50) var síðast sagt frá tillögu Reykjavíkurdeildarinnar um gerðarmenn til endilegs úrskurðar um meðferð málsins, er lögð var fyrir Hafnardeildina. Enn hún hafnaði þessum tillögum Rvíkurdeildarinnar 12. jan., enn lýsti þó yfir því, »að ef leggja skyldi málið í gerð, ættu gerðarmenn að vera 3, og ættu þá jafnframt hinu að skera úr um réttan skilning á 53. gr. félagslaganna, hvort eigi þurfi samþykki hvorrar deildar um sig til lagabreytinga samkvæmt þeirri grein«; kæmi Rvíkurdeildin fram með breytingu í þessa átt, kvaðst Hafnardeildin »mundu taka til álita, hvort hún vildi að henni ganga«. Rvíkurdeildin hélt þá aukafund 7. febr. og gerði tillögu í þá átt, sem Hafnardeildin hafði tilmælst, enn krafðist jafnframt samþykkis Hafnardeildarinnar með marspóstskipi; kaus Rvíkurdeildin Kristján yfirdómara Jónsson fyrir gerðarmann af sinni hálfu og A. F. Krieger fyrir sitt leyti sem oddamann, þann er bæri saman úrskurði hinna tveggja, auglýsti þá, ef þeir yrðu sammála, enn kvæði upp fullnaðarúrskurð, ef þá greindi á, sem báðar deildir skyldu tafarlaust hlíta. Hafnardeildin hafði og á fundi sínum ályktað að áskildu samþykki Rvíkurdeildarinnar að hefja úr ríkissjóði þær 14,000 kr., er félagið átti í ríkisskuldbindingum, sökum leigubreytingarinnar, sem að framan er nefnd (bls. 22). Á þetta félst Rvíkurdeildin á þessum fundi, þó »með því skilyrði, að 9000 kr. af því (þ. e. helmingurinn af öllum fastasjóði félagsins) væru þegar sendar« henni »til ávöxtunar hér á landi, enn að 5000 kr. væru ávaxtaðar undir umsjón Hafnardeildarinnar, svo framarlega sem hún ábyrgðist að það fé væri ávaxtað gegn 4 % í minnsta lagi á áreiðanlegum skuldastað; að öðrum kosti skyldi senda alla upphæðina (14,000 kr.) til Rvíkurdeildarinnar með sömu kjörum«. Nú samþykti Hafnardeildin 26.

febr. gerðardóms-tillögu Rvíkurdeildarinnar næstum óbreytta að öðru enn því, að hún feldi í einu hljóði oddamanninn A. F. Krieger frá kosningu, enn kaus í hans stað próf. dr. Konrad Maurer í München og til gerðarmanns af sinni hálfu stiftamtmann Hannes Finsen (í Rípum). Um féð ályktaði hún í einu hljóði, að »ekki gæti komið til greina, að nokkuð af félagssjóðnum yrði að sinni sent Rvíkurdeildinni«; samt tók hún alt féð út og fékk það útborgað; var því atriði ekki hreyft síðan á þessu ári. Enn nú hafði Hafnardeildin áður fengið að vita álit dr. Konrad Maurers og það álit hafði þegar 11. febr. verið birt í Þjóðólfi með vitund Hafnardeildar-stjórnarinnar, og virtist það vera meðmælt skilningi Hafnardeildarinnar á 53. gr. heldur enn hitt. Þess vegna feldi nú Rvíkurdeildin hann frá kosningu á fundi 3. maí, og frestaði málinu til aðalfundar 8. júlí. Þá var kosin eftir tillögu stjórnarinnar 5 manna nefnd úr flokki aðkomandi alþingismanna til þess að íhuga með stjórn deildarinnar og gera tillögur um, hvað gjörlegast væri við heimflutningsmálið fyrir Rvíkurdeildina. Eftir tilætlun var síðan haldinn fundur 29. júlí og var þar samþykt að mestu eftir tillögum nefndar þessarar, að »jafnvel þó að deildin haldi enn fast við skoðun sína um nauðsyn heimflutningsins, vill fundurinn þó að sinni una við, að frá nýári 1888 skuli Rvíkurdeildin hafa til umráða allar tekjur frá félagsmönnum hér á landi, enn Hafnardeildin félagstekjurnar erlendis, — að áskildu samþykki Hafnardeildarinnar fyrir 1. nóv. þ. á.« Á þessa tillögu kvaðst Hafnardeildin ekki (28. okt.) geta fallist skilyrðislaust, enn gaf þó jafnframt ádrátt um, að hún væri ekki ófáanleg til að »gera ákvæði um fjársambandið, frekar enn lögin segja« með því að »skifta tekjum öllum jafnlega eftir ástæðum öllum og málavökstum«. Þetta vildi Rvíkurdeildin reyna, er hún síðar við árslokin svaraði Hafnardeildinni og lét í ljósi, að hún mundi taka að sér útgáfu »Skírnis« og »Skýrslna og reikninga« til að fá ályktan sinni 29. júlí framgengt, enn kostnaðinn (um 12—1400 kr.) við útgáfu þessara ársbóka félagsins hafði Hafnardeildin talið, að Rvíkurdeildin þyrfti að taka að sér til þessa, enda eigi talið sig ófúsa þá til að sleppa þeim bókum í hendur Rvíkurdeildinni. Lengra rekjum vér eigi

þennan rekstur heimflutningsmálsins í þessa árs Fr. — Báðar deildir félagsins mintust 100-ára-afmælis stofnanda félagsins, málfræðingsins R. Kr. Rasks, er fæddur var 22. nóv. 1787. Rvíkurdeildin hafði í ráði að gangast fyrir, að brjóstlíkneski af honum yrði reist í Reykjavík og að undirlagi stjórnarinnar í þeirri deild flutti dr. Björn M. Ólsen fyrirlestur um ævi Rasks við árslokin, er síðar skyldi prenta í »Tímaritinu«. Hafnardeildin gaf út í minningu hans »Íslendingabók« Ara prests fróða. Annars gáfu deildirnar út hvor sínar venjulegu ársbækur, og Rvíkurdeildin auk þess framhald af mannkynssögu Páls Melsteðs (II. b. 3. h.) og Rómeó og Júlía eftir W. Shakespeare þýdda af Matth. Jochumssyni, og Hafnardeildin »Íslenskar gátur«, er bókavörður Jón Árnason hefir safnað; eiga þær að vera partur úr ritsafni, er heita skal: »Ísl. gátur, þulur og skemtanir«.

Þjóðvinafélagið gaf út ársbækur sínar Andvara og almanak og að auki »Dýravininn« II. Í Andvara var meðal annara merkra ritgerða ritgerð »um banka« eftir Jón Ólafsson alþm. Almanakið flutti nú myndir af Pasteur og Lister, læknfræðingum, með ævisögum þeirra; annars þótti nú óvandaður frágangur á almanakinu einkenni þess, einkum í orðfæri, sem þótti greinilegt sýnishorn hinnar svo nefndu »Kaupmannahafnar-íslensku«. Stjórn félagsins hefir um nokkurn undanfarinn tíma þótt slá slöku við hinn upphaflega tilgang þess: að halda öfluglega uppi þjóðréttindum Íslendinga; urðu nú nokkrir þingmenn til að víta þetta, enn stjórnin bar fyrir áhugadeyfð landsmanna, og því hefði félagið tekið að gefa út bækur 1877, að það skyldi eigi með öllu liðast í sundur, enda hefði það vel dafnað síðan, enn stjórnin þó hins vegar allajafna haft hug á hinni upphaflegu og eiginlegu stefnu félagsins með því að láta Andvara flytja öðru fremur ritgerðir um stjórnarmálefni. Þó virtust þingmenn nú vilja herða á þeim strengjum með því að koma inn í stjórnina nokkrum af hinum ötulustu stjórnbreytingasinnum úr flokki yngri þingmanna (Jóni Ólafssyni, Páli Briem, Þorleifi Jónssyni), enn eigi veitti þingið nú félaginu neinn styrk í fjárlögum til bóka-útgáfna.

Fornleifafélagið átti rúmlega 300 kr. í sjóði þetta ár; þó hefir það með landsfjárstyrknum stutt að ferðum varaformanns félagsins, Sigurðar Vigfússonar, undanfarin ár í fornmenjaleitir og fornmenjarannsóknir, sem hafa haft töluverðan árangur, einkum fyrir Forngripasafn Íslands; mesta athygli hefir vakið fundur Sigurðar 1883 og 1885 í rústum að Bergþórshvoli; það vóru ýms hjáleit jarðefni, og komst danskur efnafræðingur, V. Storch, að þeirri niðurstöðu eftir langa og nákvæma (kauplausa) rannsókn þetta ár, að þau væru leifar af mjólkurefnum (skyri og ef til vill osti), sem orðið hefðu fyrir um 100° hita; var þetta því ugglaust talið menjar frá Njálsbrennu. Sigurður hafði fengið keppinaut í gripasöfnun, þar sem var Arthur Feddersen, er ferðaðist hér um land að fyrirlagi alþingis vegna laksveiðanna; dró hann þá að sér gripi allmarga eldri og yngri úr landinu og kom þeim til sýnis í Danmörku þetta ár og ritaði loflega um þá í danskt tímarit (Tidskrift for Kunstindustri). — *Forngripasafninu* áskotnaðist ekki neinir sérlega merkir munir þetta ár, enn lét þar á móti af hendi við forstöðunefnd Árna Magnússonar safnsins í Khöfn þau 14 skinnblöð úr Hauksbók, er því höfðu verið gefin af erfingjum dr. Hallgr. Schevings, enn dr. Jón Þorkelsson rektor gaf út fyrir bókmentafélagið 1865.—Alþingi jók nú fjártillagið til forngripakaupa, eins og áður er sagt (bls. 10) og ætlaði nú fornleifafélaginu 300 kr. á ári í fjárlögum, líkt og það hefir áður fengið hjá landshöfðingja. Fornleifafélagið gaf þetta ár út árbók sína fyrir 1886 með ýmsum ritgerðum, flestum eftir Sigurð Vigfússon, eins og vant er.

—Þorvaldur skólakennari Thoroddsen ferðaðist þetta ár um Vestfirði alt í Suðurfirði, og síðan kring um Ísafjarðardjúp og um Grunnavíkur og Sléttuhreppa. Kom nú út ferðasaga hans um Vestfjörðu árið áður í þessa árs Andvara. Þingið veitti honum sama styrk og fyr til ferðalags og rannsókna o. s. frv.

Bókagerð var lítil þetta ár umfram það, er nú er talið. Blöðin vóru þau sömu, nema 2: »Suðri«, er sá eigi þetta ár; var ritstjóri blaðsins, cand. phil. Gestur Pálsson, þá orðinn eigandi þess, enn blaðið óvinsælt. »Stjórnarvalda-auglýsingarnar«, er teknar höfðu verið af »Þjóðólfi« til handa Suðra vóru nú settar í Ísafold. Hitt var »Fróði«, blað mótmælenda stjórn-

breytingarinnar nýju; hann dagaði uppi (10. sept.) rétt á eftir stjórnarskrármálinu á alþingi, enda löngu áður talinn vonargripur, síðan er Einar alþm. Ásmundsson slepti stjórn hans.— Reykvíksku blöðin Þjóðólfur og einkum Fjallkonan fóru þetta ár að koma með myndir af merkismönnum erlendum og jafnvel innlendum og mannvirkjum ýmsum. Að öðru leyti hefir að nokkru verið að framan drepið á stefnu blaðanna í helsta máli þessa árs, stjórnarskrárbreytingunni, að svo miklu leyti sem um hana hefir verið að tala í raun og veru.

Í *tímaritinu* Iðunni kom enn þá ein frumsamin saga, »Offrið« eftir Jónas prest Jónasson, og önnur saga, »Sigurður formaður«, eftir Gest Pálsson; þeir 2 eru einu skáldsagnahöfundar vorir nú, er nokkuð láta á sér bera.—Annars vóru þýddar sögur í Iðunni, eins og vant er, enn hún talin allgóð alþýðu-skemtibók.—Í *skáldskap* er auk þessa getandi um »Nokkur kvæði« eftir Hannes S. (Gunnlaugsson) Blöndal; þóttu þau að vísu allmikið bergmála af öðrum skáldum vorum nú, enn lipur, og enda laglegur vísir í sumar stefnur skáldskaparins.— Þá komu út *Sálmar og kvæði* eftir Hallgrím Pétursson, 1. bindi (sbr. Fr. 1885, bls. 56). Í því vóru Passíusálmar hans (prentaðir nú í 38. sinn, gefnir út eftir eigin handarriti, þó eigi stafrétt), Samúels-sálmar og Andleg keðja, sem Hallgr. er eignuð, þó að margt mæli móti því. Bindinu fylgdi ritgerð um Hallgrím Pétursson eftir dr. Grím Thomsen, er sá um útgáfuna. Var bókinni tekið vel af almenningi.

Þá má geta um „*Búnaðarrit*“, gefið út þetta ár af Hermanni búfræðing Jónassyni; styrkti »Búnaðarfélag suðuramtsins« að útgáfu þess og landshöfðingi veitti 200 kr. styrk til þess af landsfé, ætluðu til eflingar búnaði; alþingi ætlaði því nú á fjárlögum 240 kr. (20 kr. fyrir örk hverja). Fékk ritið góðar undirtekir og gott álit; í því vóru meðal annars ritgerðir »um fóðrun búpenings«, »um uppeldi kálfa«, »um mjaltir á kúm«, »um áburð«, allar eftir útgefanda. — Árni landfógeti Thorsteinsson gaf út ritgerð »um súrhey« og mælti fram með heysúrsun, sem fer mjög hægt í vöxt; af því riti keypti landssjóður 1000 eintök til gefins útbýtingar meðal almennings.

Annars var lítið sem ekkert um rit í nokkurri fræðigrein. Með skýrslu lærða skólans fylgdi nú ritgerð eftir dr. Jón

Þorkelsson rektor: »Breytingar á myndum viðtengingarháttar í fornnorsku og fornískensku«, og 4. nóv. um haustið kaus »Vísindafélagið í Kristíaníu« höfundinn (og dr. Guðbrand Vigfússon, landa vorn, í Oxford) fyrir félaga í sögu-heimspeki-deild sína, er flest 30 útlendir menn mega í vera. Alþingi veitti og 300 kr. á ári í fjárlögunum til þess að gefa út vísindalega ritgerð með skólaskýrslunni.—Í Reykjavík var prentuð þetta ár og þýdd á ensku ævisaga Jóns Sigurðssonar (»Jón Sigurdsson, the Icelandic patriot. A biographical sketch. Published by one of his relatives« [= Þorlákur O. Johnson kaupmaður]). — Töluverða eftirtekt vakti bæklingur einn, saminn og prentaður í Khöfn þ. á. og gefinn út af nokkrum Íslendingum og nefndur »Launalög og launaviðbætur. Jöfnuður —ójöfnuður. I«, enda mælti hann einkum gegn háum embættislaunum og var skrifaður með miklum áhuga og kappi; komu áhrif hans jafnvel fram á þingi í launbitlinga-barátttunni (sjá bls. 11) og í nýju frumv. um lækkun á hæstu launum embættismanna, sem þó var látið daga uppi á þinginu. — Enn fremur komu út nokkrir þýddir smáritlingar, svo sem »Nýjar smásögur« þýddar af dr. Pétri byskupi Péturssyni, og »Skógarliljurnar, kristileg smásaga handa unglingum, þýdd af Hrefnu« (=ungfrú Guðrúnu Mattíasdóttur í Holti við Reykjavík), báðar góðar og uppbyggilegar sögubækur. — Annars létu fleiri kvenmenn á sér bera í ritstörfum; þannig hélt (30. des.) ungfrú Bríet Bjarnhéðinsdóttir opinberan fyrirlestur í Reykjavík »um hagi og réttindi kvenna« og þótti takast vel að mörgu leyti.

Að síðustu skal hér minst á bréfin í dönskum blöðum með nöfnunum: „Brev fra Island“ eða „Fra Island“, í tilefni af bæklingi einum, er út kom á dönsku í Khöfn í fyrra, án höfundar-nafns; titill hans, lánaður af riti Chr. K. F. Molbechs, er: „Fra Danaidernes Kar. 1876—86 (Trykt som Manuskrift)“; þar hann að mestu samsafn af slíkum bréfum úr Morgunblaðinu danska, mest frá árunum 1877—1878, enn þá vóru bréf þess „frá Íslandi“ talin saman tekin í Khöfn af Moritz Haldórssyni eftir bréfum frá föður hans H. Kr. Friðrikssyni yfirkennara, o. fl. Einkunnarorð ritlingsins: „Andinn lifir æ hinn sami“ þykja vel eiga bæði við öll slík bréf fyr og síðar til danskra blaða frá Íslandi og einkum þó þessi bréf, að því er snertir hinar hæfulausu persónulegu árásir á einstaka menn íslenska og palladóma, sem í bréfunum eru, og má því hér gagnvart þeim taka undir álitsdóm þann. sem stóð í „Þjóðólfi“ 31. okt. 1879 frá ritstjórninni um þessi bréf: „Eins og áður í

þlaði þessu [„Morgenbladet“] í „bréfum frá Íslandi“ eru þar sérstök mál og sérstakir menn dregnir fram, þannig að oss virðist, að persónuleg óvild tali þar mjög svo milli lína“. Stjórnarmálinu á þeim árum er þar þó haldið fram í anda Jóns Sigurðssonar og á líkan hátt og alþingi gerði síðan 1885 og 1886, enda eru þessi bréf ekki með öllu þýðingarlaus fyrir söguna í því máli; enn þýðingarlítil má þó segja þessi bréf og önnur slík fyrr og síðar yfir höfuð, þvíað það vill alt af verða, sem stóð í því blaði „Þjóðólfs“, er áður var nefnt, að nafnleysi greina-höfundanna og ábyrgðarleysi þeirra „teygi þá upp til að segja fréttirnar svo eða svo sökum persónulegra hvata“; hefir upp á síðkastið einkum farið ilt orð í því efni af „bréfum frá Íslandi“ í blöðunum „Dagbladet“ og „Nationaltidende“ út af stjórnarskrárbreytingunni og öðrum fleiri slíkum bréfum bæði með og móti henni. — Aftur á móti hafa oft komið allgóðar og rækilegar greinir í dönskum blöðum um mál vor Íslendinga (sbr. bls. 17).

IX. Íslendingar í Vesturheimi.

Útflutningar til Vesturheims urðu héðan af landi þetta ár meiri enn nokkru sinni áður, og vóru þeir alls taldir um 2000, er fluttust nú vestur; einkum fóru menn úr norðursýslum landsins, eins og vant er, sökum harðærisins nú; þar á meðal einn prestur, Magnús Jósefsson (Skaftasonar) í Hvammi í Laxárdal, er þótti hafa orðið að skilja miður vel við; varð hann prestur Íslendinga í Nýja-Íslandi, er vestur kom. Íslendingar vestra fengu og annan prest, Níels Steingrím Þorlákssson, er vestur hafði flutst 1873 og síðan gengið í latínuskóla norskan í Vesturheimi og mentast í guðfræði í Kristjaníu. Á þessu ári var líka vígð hin fyrsta íslenska kirkja vestra, í Winnipeg, »mikið hús og veglegt«; annars virtist kirkjufélag Íslendinga eiga að ýmsu leyti fremur í vök að verjast; auk þess sem margir standa enn þá fyrir utan það, vóru íslenskir menn að smeygja inn óróa- og efa-kenningum, svo sem kenningum »Únítara«; vóru rit og ræður þess efnis eftir Kristófer Janson, skáldið norska, sem oss er kunnur frá þjóðhátíðinni 1874, enn nú er prestur vestra, þýddar á íslensku af Birni nokkrum Péturssyni; gegn þeim barðist formaður kirkjufélagsins séra Jón Bjarnason. Annars segjum vér fátt af hag Íslendinga þar vestra þetta ár. Nýja Ísland varð að lögbundnu sveitarfélagi og 2 nýjar íslenskar nýlendur mynduðust, »Álftavatnsnýlenda« og önnur í Qu'Appelle-dalnum; þess má geta, að nokkuð fóru

að aukast undir árslokin peningasendingar Íslendinga vestra heim til Íslands til styrktar útflutningi frænda og vina; að öðru leyti bar enn þá lítið á skiftum þeirra við »gamla ættlandið«, nema helst í bókakaupum, að bréfaskiftum frátöldum; þó vöknuðu ýmsir menn þar til hlutttekningar gagnvart bágindunum hér á landi, enn þeim báruşt orðum auknar sögur af þeim (sbr. bls. 34), og var ekki trútt um, að menn þar festu of mikinn trúnað á mishermið; kom það fram í tillögum þeirra, sem vildu, að allir Íslendingar hér eða að minsta kosti sem flestir yrðu fluttir vestur, og vóru gerðar tilraunir til að koma slíku áleiðis, og eins þótti bóla á skökkum skoðunum Íslendinga þar á ástandi og hag Íslendinga hér í ýmsum öðrum efnum og jafnvel að litið væri smám augum á landið í heild sinni; enn ágætlega tóku þeir við vesturförum héðan, eins og vant er, og spöruðu engan kostnað til að hjálpa þeim; eins sendu íslenskar konur í Winnipeg dálítið samskotafé til hjálpar þurfalingum hér, sérstaklega þeim, sem hjálparþurfa urðu í Vindhælishreppi eftir mannskaðann (sjá bls. 41), og til fleiri samskota var stofnað til handa bágstöddum mönnum hér á landi. Þó lét einn vesturfari, kominn heim þetta ár, afarbáglega af hag Íslendinga vestra, einkum í Dakota, enn í »Heimskringlu«, er vaknað hafði upp aftur 15. mars, var það lýst orðum aukið, enda hagur almennings þar talinn viðunanlega góður, og sögðu mörg trúanleg bréf hið sama, og víst var um það, að uppskeru töldu menn þar hjá sér í langbesta lagi þetta ár; enn hérlend blöð gerðu allmikið úr sögusögnum manns þessa, enda fór nú að brydda á meiri mótspyrnu hér gegn Vesturheims-ferðum enn áður. Enn á alþingi höfðu verið samþykt viðaukalög við útflutningalögin 14. jan. 1876 til að girða fyrir strok manna (sbr. og lögin um sveitarstyrk og fúlgu á bls. 12) og einkum, að útfarar væru ekki táldregnir af útflutningastjórum eða umboðsmönnum þeirra, svo sem með biðum á útfararstöðum; enn um 300 vesturfarar höfðu um sumarið orðið að bíða á Borðeyri í 7 vikur eftir skipi, þótt reyndar útflutningsstjóri ekki væri sök í því, þvíað það sannaðist, að bæði sökum íss og kæruleysis útgerðarmanna útflutningsskipsins, Camoens, hafði biðin orðið svona löng, og kærðu

þessir vesturfarar meðferðina, enn ekki var um árslokin séð fyrir endann á árangri kæru þeirra, þó að útlit væri fyrir, að þeir fengju skaða sinn bættan, enn hann töldu þeir nema rúmum 9000 króna.

Efnis-yfirlit.

Bls.

I. Löggjöf og landsstjórn 3
Stjórnarskrármálið í héröðum (1.—6.); afdrif þess á þingi (7.—9). Ný lög staðfest (10.—14.). Lagasynjanir (14.—15.). Þingsályktanir og stjórnarsvör (Fensmark) (16.—19.). Fyrirspurnir (20.). Bankinn (21.). Leigubreyting kgl. ríkisskuldabréfa (22.). Dómar og málaforli (23.—24.). Verðlagsskrár (25.). Embættaskipanir o. fl. (26.—28.).

II. Samgöngur 29
Strandferðirnar (breytingin). Vegir (framh. Svínahraunsvegarins). Útlendur maður vegfróður og fyrirhugaðir vegir og brýr.

III. Kirkjumál 30
Kirkjustjórn (árgjöld). Synodus. Biblíufélagið. Utanþjóðkirkjusöfnuðurinn og prestur hans.

IV. Árferði 31
Veðrátta; hafís. Eldgos. Jarðskjálftar. Grasvöxtur; nýting. Skepnuhöld (fellir).

V. Bjargræðisvegir 33
Bjargarleysi og vandræði (33.—34.). Sjávarútvegur og fiskveiðar (35.). Landbúnaður (36.). Verslun og vöruverð (37.—39.). Bindindis-hreyfingin (40.)

VI. Skaðar og slysfarir 41
Skipströnd. Eldsvoðar. Manntjón af slysförum.

VII. Heilsufar og lát heldri manna 43

VIII. Mentun og menning 48
Skólar og kensla (48.—51.). Mentafélög og bókmentir o. fl. (52.—57.).

IX. Íslendingar í Vesturheimi 58

FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI

1888

EFTIR

JÓN STEINGRÍMSSON.

REYJKAVÍK.

Prentaðar í Ísafoldarprentsmiðju.

1889.

Efnisyfirlit:

		Bls.
I.	Löggjöf og landsstjórn ..... Þingvallafundurinn (1—5). Lög staðfest og lagasynjanir (5—6). Fensmarksmálið (6—7). Bankinn (7). Dómar (7—8). Verðlagsskrár (8). Embættabreytingar o. fl. (9—10).	1
II.	Samgöngur	10
III.	Kirkjumál ..... Synodus. Embættiseiðar. Kjörprestur. Kirkjur (fjöldi, bygging, fjáreign, umsjón).	11
IV.	Árferði .... Veðrátta (hafís). Grasvökstur og nýting. Skepnuhöld.	12
V.	Bjargræðisvegir .... Bjargarvandræði [hallærislán] (16). Sjávarútvegur og fiskveiðar [varnir gegn manntjóni í sjó] (16—19). Landhúnaður (19—20). Verslun og vöruverð (20—25). Bindindishreyfingin (25). Sýningin i Khöfn (25—27).	16
VI.	Skaðar og slysfarir ..... Skipströnd og manntjón af slysum.	27
VII.	Lát heldri manna	29
VIII.	Mentun og menning ..... Skólar og kensla (37—38). Mentafélög og bókmentir (38—44). Rannsóknarferðir o. fl. (44—45).	37
IX.	Íslendingar í Vesturheimi o. fl.	45

I. Löggjöf og landsstjórn.

Þingvallafundurinn. — Lög staðfest og lagasynjanir. — Fensmarksmálið. — Bankinn. — Dómar. — Verðlagsskrár. — Embættabreytingar, o. fl.

Þingvallafundurinn 20.—21. ágúst. Þegar eftir ófarir stjórnbreytingamálsins á alþingi 1887, fóru margir að tala um nauðsyn á að koma á almennum þjóðfundi eða »Þingvallafundi«, til þess að fá að vita, hvort þjóðin vildi yfirleitt, að fram skyldi halda málinu frumvarpsleiðina hiklaust eða ekki, með því að þingmenn þeir, er þá fylgdu eigi málinu fram, vitnuðu jafnt hinum til vilja þjóðarinnar eða »þjóðviljans« í því máli (sbr. Fr. f. á.) og svo mátti álíta, sem hann væri að minnsta kosti að einhverju leyti umbreyttur eða linaður frá því, er í ljós kom við kosningarnar til aukaþingsins (sjá Fr. 1886 bls. 4), enn nú varð eigi með nýjum kosningum komist að sönnum vilja þjóðarinnar með mál þetta; greindi menn í fyrstu á, hvort fundinn skyldi halda á þessu ári eða rétt fyrir þing 1889, enn svo fór, að eftir undirlagi og tilmælum nokkurra þingmanna (Þjóðvinafélags-nefndarinnar o. fl.) boðuðu þingmennirnir Benedikt Sveinsson, Benedikt Kristjánsson og Jón Sigurðsson, sem helstu forgöngumenn málsins á þingi, til almenns fundar á Þingvelli 20. ágúst þetta ár, til þess að þingmenn gætu fengið að vita vilja þjóðarinnar með stefnu málsins; vóru kosnir tvöföldum kosningum 1 eða 2 fulltrúar fyrir hvert kjördæmi landsins alt eftir tölu þingmanna þeirra, nema á Vestmannaeyjum; þar var fundarboðinu ekki sint; vóru því alls kosnir 29 fulltrúar til fundarins og komu þeir allir á til-

teknum tíma, nema fulltrúi Barðstrendinga, enda var það þingmaður þeirra, einn af fylgjendum málsins á þingi; annarstaðar höfðu þingmenn ekki verið kosnir fulltrúar eftir tilætlun fundarboðsmanna. Fundurinn var settur á tilteknum stað og degi (kl. 11) af Benid. sýslum. Sveinssyni; var þá sungið kvæði eftir Benid. Gröndal; síðan var fundarstjóri kosinn Björn ritstj. Jónsson, fulltrúi Reykvíkinga, nú eins og á fundinum 1885. Eftir alllangar undirbúningsumræður um (1.) *stjórnbreytingamálið* var um kvöldið sett í það sjö manna nefnd (Skúli sýslum. Thoroddsen, Páll prestur Pálsson, Jón prestur Steingrímsson, Pétur bóndi Jónsson, Páll bóndi Pálsson, Jón prófastur Jónsson og Andrés bóndi Fjeldsteð); kom hún með aðaltillögu þá í stjórnbótamálinu, er var samþykt með litlum orðabreytingum, og var þannig:

»Fundurinn skorar á alþingi að semja og samþykkja frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, er bygt sé á sama grundvelli og fari í líka stefnu og frumvörpin frá síðustu þingum, þannig, að landið fái alinnlenda stjórn með fullri ábyrgð fyrir alþingi«.

Allir fulltrúarnir greiddu tillögunni atkvæði við nafnakall, nema einn, Hannes Hafstein, annar fulltrúi Gullbringu- og Kjósarsýslu, er einn fulltrúanna mælti móti hiklausu framhaldi málsins í frumvarpsformi; höfðu og slíkar raddir látið til sín heyra í sumum kjördæmum, enn alstaðar örfáar móts við hinar, flestar þó í Gullbringusýslu, enda báðir þingmennirnir þar harðir á sömu skoðun sem þeir fylgdu á síðasta þingi. Með þessu var sýndur vilji þjóðarinnar í málinu svo sem framast var mögulegt eftir ástæðum. Í samkvæmni við þessa stefnu samþykti fundurinn svofelda tillögu að undirlagi stjórnarskrárnefndarinnar:

»Fundurinn skorar á þá alþingismenn, er eigi fylgdu stjórnarskrárfrumvarpinu 1887, að gefa nú þegar kjósendum sínum fullnægjandi loforð um að framfylgja framvegis stjórnarskrárbreytingunni í frumvarpsformi hiklaust og röksamlega, enn leggja ella tafarlaust niður þingmensku«.

Ísfirðingar höfðu um veturinn á stjórnmálafundi samþykt áskorun í sömu átt, og á kjörmannafundi Árnesinga var lík á-

skorun samþykt á undan þingvallafundi til þingmanna þeirrar sýslu, er báðir urðu málinu mótfallnir í frumvarpsforminu 1887.

Þá vildi og stjórnarmálsnefndin, að fundurinn lýsti yfir því, að hann teldi »æskilegast, að meðan stjórnarbaráttan stendur, séu verslunarviðskifti við Danmörku takmörkuð sem mest«; enn þá tillögu varð nefndin að taka aftur eftir talsverðar umræður.

Auk stjórnbótamálsins komu ýms önnur mál til umræðu á fundinum fyrir flutning ýmissa fulltrúa samkvæmt fundargjörðum héraðanna; þau vóru: (2.) *Búseta fastakaupmanna*, og í því samþykt, að »skora á alþingi, að semja og samþykkja lagafrumvarp, er geri fastakaupmönnum á Íslandi að skyldu að vera búsettir hér á landi«. (3.) *Um kvennfrelsi*, eftir áskorunum frá konum í Þingeyjar- og Ísafjarðarsýslum, og var samþykt eftir tillögum þriggja manna nefndar (Skúla Thoroddsen, Péturs Jónssonar og Hannesar Hafstein), að »skora á alþingi að gefa málinu um jafnrétti kvenna við karla sem mestan gaum, svo sem með því fyrst og fremst, að samþykkja frumvarp, er veiti konum í sjálfstæðri stöðu kjörgengi í sveita- og safnaðamálum; í öðru lagi með því, að taka til rækilegrar íhugunar, hvernig eignar- og fjár-ráðum giftra kvenna verði skipað svo, að réttur þeirra gagnvart bóndanum sé betur tryggður enn nú er; í þriðja lagi með því, að gera konum sem auðveldast að afla sér mentunar«. (4.) *Um gufuskipaferðir kringum landið*, og samþykt, að »skora á alþingi að veita framvegis ekkert fé til hins danska gufuskipafélags og koma einkanlega á gufubátsferðum eingöngu með ströndum fram og innfjarða«. (5.) Um *tollmál*: »skorað á alþingi að leitast við, að rétta við fjárhag landssjóðs með tollum á óhófs og munaðarvöru, þar á meðal kaffi og sykri, svo og á álnavöru, glysvarningi og aðfluttu smjöri«. (Sjá síðar um bindindishreyfinguna). (6.) Um *alþýðumentun*, og samþykt: a) að skora á alþingi að styðja alþýðumentamálið eftir því sem efni og ástæður landsins leyfa; b) að afnema Möðruvallaskólann og verja heldur því fé, sem til hans gengur

til alþýðumentunar á annan hátt (samþ. með 14 atkv. móti 13 við nafnakall). (7.) Um *fjölgun kjördæma*, samþykt áskorun til alþingis um, »að samþykkja lög um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar, í þá átt, að tekin verði upp 6 ný kjördæmi, svo að í efri deild alþingis sitji framvegis 14 þingmenn og í neðri deildinni 28« (sjá síðar lagasynjanir og Fr. f. á. bls. 7 (forsetakosning í efrideild) og bls. 8 og 9). Enn fremur: (8.) *afnám dómsvalds hæstaréttar í íslenskum málum*, (9.) *afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða*, (10.) *stofnun landsskóla* og (11.) *stofnun sjómannaskóla*. Að endingu var lesið upp ávarp frá »Þjóðliði Íslendinga« (sjá Fr. 1884 bls. 13 og Fr. 1885 bls. 3*)*, og minst á 100-ára-afmæli Dana þetta ár í minningu þess, að bólfestuánauð bænda var aflétt og á 25-ára ríkisstjórnarafmæli Kristjáns konungs 9. og honum óskað langra lífdaga og undir það tekið af þingheimi með níföldu »húrra«-ópi, og var þá fundi slitið (kl. 5) að kvöldi hins 21. ágústm.; hafði veður verið hið blíðasta, enda höfðu sótt fundinn á 3. hundrað manna, þar á meðal 18 (þjóðkjörnir) þingmenn, stöku bóndi úr Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Eyjafirði, Múlasýslum, Barðastrandarsýslu, enn flest úr grendinni, einkum úr Rvík og af Seltjarnarnesi. Fundargerðir með óleiðréttum ræðuágripum fundarmanna (nema þeirra, er heima áttu í Rvík) voru síðan prentaðar (»Þingvallafundartíðindi 1888«). —Af ummælum og dómum um fundinn skal hér að eins getið orða dansks stjórnarblaðs, »Dagbladet«, um árslokin: »Af ýmsum ræðumönnum vóru gerðar slíkar árásir gegn Dönum«(!), »að ef ætla mætti, að í því kæmi fram skoðun almennings á Íslandi, gæti það verið gott tilefni fyrir oss Dani til að hugleiða, hvort eigi ætti að láta Ísland sigla sinn eigin sjó. Vér höfum að eins útgjöld af eyjunni og mjög lítinn hag af að halda henni undir Danmerkurkonungi«. — Landshöfðingi lét sekta Skúla sýslumann Thoroddsen um »50 krónur til landssjóðs« fyrir það, að hann hafði farið á Þingvallafundinn án þess að leita leyfis yfirboðara sinna, enn það var fyrir borið, að engin

*) Þar er prentað af vangá „þjóðlið þingeyinga“ í stað „þjóðlið Íslendinga“, þótt byggistöð þess sé aðallega í þingeyjarsýslu.

póstferð hefði orðið til Reykjavíkur eftir að kjörfundur Ísfirðinga var haldinn (30. júlí) og þangað til sýslumaður varð að fara af stað. Nokkrir kjósendur sýslumanns færðu honum síðar sektarféð á afmælisdegi hans, og var þessi sekt af sumum nefnd »pólitiskur títuprjónsstingur«.

Þá skal minst á lög þau, er óstaðfest vóru við árslokin síðustu (sbr. Fr. f. á. bls. 14):

Staðfest vóru 12. janúar:

19. *Lög um þurrabúðarmenn*; skyldu þau helst takmarka þurrabúðarvist utan kaupstaða, er hingað til hefir reynst helst til greið aðgöngu, einkum við sjávarsíðuna, með því að binda búðsetuleyfið samþykki sveitarvalda auk skilríkja fyrir reglusemi, ráðdeild og fjáreign (400 kr. skuldlausar) beiðanda, og að þurrabúðinni fylgi enn fremur nægileg og góð húsakynni og lóð (400 ferh.faðmar) með matjurtagarði og sé búðin tekin út og bygð.

10. febrúar:

20. *Lög um söfnunarsjóð Íslands*, í 24 greinum, flutt af séra Eiríki docent Briem, höfundi stofnunarinnar. Með þeim var »Söfnunarsjóður Reykjavíkur« (sjá Fr. 1885 bls. 15) þannig umnefndur og settur undir ábyrgð landssjóðs, »enu aldrei má eign Söfnunarsjóðsins blandast saman við landssjóð«.

21. *Lög um veiting og sölu áfengra drykkja*, sprottin af bindindishreyfingunni og flutt af Jóni Ólafssyni, áttu að takmarka vínsölu og vínnautn með ýmsum fyrirmælum, svo sem að eigi skuli vín selja í smærri skamti enn »3 pelum í einu« (sjá síðar um bindindishreyfinguna).

19. júní:

22. *Lög um síldveiði félaga í landhelgi.* »Fiskiveiðar í landhelgi mega félög eigi reka, er þegnar annara *ríkja* eiga hlut í«, nema síldveiðar sé, þó með ýmsum nánari skilyrðum og takmörkunum.

23. *Lög um bátfiski á fjörðum;* leyfa þau »að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sé, á fjörðum, sökum fiskiveiða fjarðarbúa«, með samþykt samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 og 4. desbr. 1886, sem og annars að leggja

sveitarútsvar á slíka menn eftir nánari reglum. Með þessum lögum þótti ráðgjafa Íslands nauðsynlegt, að skrifa landshöfðingja og skora á hann, að brýna fyrir amtmönnum, að »ekki beri að staðfesta neina samþykt, sem inniheldur slíka útilokun, nema amtmanni sé með áreiðanlegum skýrslum sannað, að eigi sé á annan hátt hægt að vernda fiskveiðar þarsveitarmanna«, og enn fremur, »að brýna fyrir öllum sýslumönnum og amtmönnum, að gefa nákvæmar gætur að væntanlegum kærum frá aðkomandi fiskimönnum yfir því, hvernig sveitarstjórnir beiti heimild« laganna til útsvarsálagna. Þótti mörgum ráðgjafinn sýna nú enn sem optar, að hann væri í meira lagi fastur við sinn keyp (sbr. Fr. f. á. bls. 14–15), enn amtmönnum hins vegar tiltrúandi að fara ekki flaumósa í þessu efni, samkvæmt reynslu undanfarinna ára, þótt engin sérstök áminning hefði fylgt.

Þessum 2 lögum þingsins 1887 var synjað staðfestingar: 1. febr. *lögum um stofnun lagaskóla* (sbr. Fr. f. á. bls. 14); mönnum taldist svo til, að þetta væri í 15. sinni, sem stjórnin réð til að neita lagaskólastofnuninni; hengdi hún nú að sjálfsögðu hatt sinn á hið nýja ákvæði, að lögin skyldu þá fyrst koma til framkvæmda, er alþingi hefði í fjárlögunum veitt fé til skólans. »Í öðru lagi« kvaðst stjórnin »halda föstum öllum tormerkjum þeim, sem hún mörgum sinnum áður hefði talið á stofnun skólans. — Hitt var *lög um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar um tölu þingmanna í efri og neðri deild alþingis*, neitað um staðfestingu 10. febr. og bygt á tillögum landshöfðingja (sbr. Fr. f. á. bls. 9), sem þótti meðal annars tortryggni lýsa sér í lögunum gagnvart konungkjörnum þingmönnum, enda breytingin ástæðulaus og naumast rètt, þar sem fjölda þjóðkjörinna þingmanna sjálfra væri ekki breytt, enn við hann yrði að álíta fjölda þingmanna í hvorri deild miðaðan og bundinn í stjórnarskránni. (Sbr. ályktun Þingvallafundarins, nr. 7, að framan).

Var þá um árslokin óútséð um 3 lög þingsins 1887: Um brúargerð á Ölfusá, um framfærslu óskilgetinna barna og viðaukalög við útflutningalögin 1876.

Af **Fensmarksmálinu** er það nýtt að segja þetta ár, að

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, forseti neðri deildar 1887, bað landshöfðingja í bréfi 18. ágúst, að ávísa cand. juris Páli Briem 2000 krónum af fé því, sem veitt var í 9. gr. fjárlaganna til kostnaðar við málshöfðun út af vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað, enn landshöfðingi áleit sér »ekki heimilt að svo stöddu að ávísa« neinu af fé þessu, »þegar af þeirri ástæðu«, að sér væri »ekki kunnugt um, að neitt mál væri höfðað út af þessu tilefni«, enda ætlaði hann, að ávísa yrði þessum málskostnaði sem öðrum að eins »eftir sundurliðuðum úrskurðuðum reikningi«. Í ágripi af sýslusjóðsreikningum Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1886 var nú færð »til útgjalda sem ófáanleg« skuld Fensmarks að upphæð 1080 kr. 64 au.

Ógreiddar tekjur landssjóðs við byrjun þessa árs vóru eftir landsreikningnum árið fyrir um 50000 kr., enn vóru fyrir nokkrum árum yfir 100,000 kr. Þetta hefir gjaldheimtan skánað á síðari árum.

Bankinn lánaði á þessu ári gegn fasteignarveði: 104028 kr. 30 au., gegn sjálfskuldarábyrgð 17030 kr., gegn handveði 7100 kr., gegn ábyrgð sveita- og bæja-félaga o. fl. 4050 kr. Víkslar keyptir: 59710 kr. 13 au., ávísanir keyptar: 6422 kr. 81 ey. Sparisjóðsinnlög námu 160282 kr., enn útborguð sparisjóðsinnlög 143392 kr. 44 au.; innlög á hlaupareikning námu alls 11066 kr. 81 ey. Varasjóður bankans var nú við árslokin orðinn að upphæð 45289 kr. 81 ey. (að meðtöldum þeim 1007 kr. 64 au., sem í Fr. f. á. bls. 22 eru vantaldar sem eign hans þá, eftir úrskurði á bankareikningi þess árs síðar), enn varasjóður Reykjavíkursparisjóðs nam 26231 kr. 13 au. Talsvert bar á vanskilum við bankann, enn hann gekk ríkt eftir lögskilum og fyllri tryggingum enn áður hafði tíðkast; hafði hann því á árinu orðið að fá sér »útlagðar fasteignir« fyrir lánum að upphæð 6300 kr., enn þar af selt fasteign fyrir 2200 króna láni. Jók þetta fápykkju manna til bankans eigi lítið.

Dómar dæmdir í landsyfirdómi þetta ár vóru að tölu 46, auk 1 úrskurðar: 31 einkamál og 14 opinber mál. Í hæstarétti vóru 1887—88 dæmd 3 íslensk mál (öll opinber mál).

Markverðustu málaferlin hér petta ár verður minst á í kaflanum um »Íslendinga í Vesturheimi«.

Verðlagsskrár frá miðju maímán.* 1888 til sama tíma 1889 vóru pannig (í ágripi af hinu helsta, í krónum og aurum; verðið á ull, smjöri og tólg miðað við pund, enn á fiski við vætt):

	Ær	Sauðr veturg.	Hvít ull	Smjör	Tólg	Salt-fiskur	Harð-fiskur	Dagv.	Lamba-fóður	Með-alin
	9,91	6,28	57	52	21	»	12,00	2,17	3,94	43
	7,41	5,53	52	49	28	»	9,50	1,83	2,89	41
	7,92	6,28	58	52	91	8,17	13,54	2,14	2,98	44
	8,50	7,00	55	50	80	8,00	13,50	2,50	3,50	41
	10,40	8,27	58	58	33	8,25	14,51	2,22	3,57	50
Gbr.ogKja.sýslaogBvík	13,08	8,91	59	64	38	8,35	16,12	2,75	4,38	54
Borgarfjarðarsýsla	11,58	9,13	58	63	36	8,84	15,38	2,32	3,89	52
Mýrasýsla	10,76	8,52	58	58	36	8,39	13,03	2,74	4,16	56
Snæf. og Hnappad.s.	11,52	8,58	60	58	36	8,20	13,88	2,64	4,85	52
Dalasýsla	12,01	8,99	60	57	37	9,25	12,02	2,55	4,96	52
Barðastrandarsýsla	13,16	10,09	61	65	47	9,66	12,67	2,10	4,69	55
[illegible]	13,66	10,60	60	70	46	9,27	12,82	2,27	4,91	53
[illegible]	13,09	10,09	59	63	33	9,21	12,41	2,13	5,63	53
	11,08	7,97½	60	61½	33½	8,00	11,78	2,04½	4,38½	48½
	11,67	7,68½	60½	59	30	8,07	10,50½	2,12	4,03½	45½
upst.	11,61	7,20½	58½	53½	25	8,17	9,21½	2,03	4,12½	45½
	12,52	7,81	59½	54	22½	8,84	9,72	2,22	4,30	46
	13,55	8,49	59½	66½	25½	8,86	10,80½	2,58	4,20½	61
	12,81½	8,11½	58	69	23½	8,66½	12,24	2,64	4,26	47

*) Í Fréttum 1886 og 1887 er af vangá talið frá fardögum; petta leiðréttist samkvæmt því, sem hér er sagt.

Embættabreytingar o. fl. Veitt *prestaköll*:

Árna Jóhannessyni cand. theol., Þönglabkki 28. sept.

Árna Jónssyni, presti að Borg, Skútustaðir (Mývatnsþing) 19. mars.

Bjarna Einarssyni, cand. theol., Þykkvabæjarklaustur 26. sept.

Einari Friðgeirssyni, aðstoðarpresti á Reynivöllum, Borg 18. júlí.

Guttormi Vigfússyni, presti að Svalbarði í Þistilfirði, Stöð 17. maí.

Hallgrími (Magnússyni) Thorlacius, cand. theol., Ríp 27. sept.

Helga Árnasyni, presti í Nesþingum vestra, Hvanneyri í Siglufirði 27. jan., enn 17. maí var honum leyft að vera kyrrum.

Jóni Arasyni, cand. theol., Þóroddstaðir í Kinn 25. júní.

Jóni Bjarnasyni Straumfjörð, cand. theol. (sjá Fr. 1885 bls. 46), Meðallandsþing 24. jan.

Jóni Guðmundssyni, cand. theol., Skorrastaðir 28. sept.

Jónasi Hallgrímssyni, presti að Skorrastöðum, Kolfreyjustaðir 14. mars.

Jósepi Hjörleifssyni, cand. theol., Otrardalur 5. sept.

Magnúsi Björnssyni, cand. theol., Hjaltastaðir 5. maí.

Mattíasi Eggertssyni, cand. theol., Helgastaðir 29. sept.

Ólafi Magnússyni, cand. theol., er fengið hafði Eyvindarhóla 17. okt. f. á., var veitt Sandfell í Öræfum 17. maí.

Bjarni Þorsteinsson, cand. theol., var 28. sept. settur til að þjóna Hvanneyrar og Kvíabekkjar prestaköllum, enn presturinn að Kvíabekk, Jón Jónsson (frá Hlíðarhúsum), hafði farið frá brauðinu um vorið og hætt prestskap.

Söfnuðir afsöluðu sér kosningarrétti víða, þar sem einn sótti um brauðið, og komust því nýútskrifaðir kandídatar fyr að.

Önnur embætti og sýslanir:

Stefáni Stefánssyni, settum kennara á Möðruvöllum, var veitt 2. kennara-embættið þar 25. júlí.

Guðmundi Bjarnasyni Scheving, cand. med. & chir., var 30. júní veitt aukalæknishéraðið á Seyðisfirði, Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði.

Oddi Jónssyni, cand. med. & chir., var 20. mars veitt aukalæknishéraðið í Dýrafirði, Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði.

Ólafi Briem, alþingismanni, var 31. janúar veitt Reynistaðarklausturs-umboð, er Ólafur bóndi Sigurðsson í Ási slepti.

Lausn frá prestskap fengu sökum ellilasleika: séra Finnur Þorsteinsson á Klyppsstað 20. febr. og séra Jón Reykjalín á Þönglabakka 20. mars. — Dr. Vilhjálmur Finsen hæstaréttardómari í Khöfn fékk og lausn frá embætti þetta ár.

Prestvígðir vóru kandídatarnir Jón Bjarnason Straumfjörð, Magnús Bjarnarson, Ólafur Magnússon 24. maí, Jón Arason 8. júlí, Arni Jóhannesson, Bjarni Einarsson, Bjarni Þorsteinsson, Hallgrímur Thorlacius, Jón Guðmundsson, Jósep Hjörleifsson, Mattías Eggertsson 30. sept., til áðurnefndra brauða, og s. d. Jóhannes Lárus Lynge Jóhannsson sem aðstoðarprestur séra Jakobs Guðmundssonar á Sauðafelli og Ólafur Finnsson sem aðstoðarprestur séra Þorkels Bjarnasonar á Reynivöllum, og 10. júní Guðlaugur Guðmundsson sem aðstoðarprestur séra Jónasar Guðmundssonar að Staðarhrauni.

— *Heiðursgjafir* úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. hlutu þetta ár: Pétur Jónsson í Reykjahlíð við Mývatn fyrir jarðrækt, garðyrkju, kirkju- og húsa-byggingar, og Steinn Guðmundsson á Eyrarbakka fyrir skipasmíðar (138 skip með betra lagi enn áður tíðkaðist), 140 kr. hvor.

— *Heiðursmerki* dannebrogsmanna fengu bændurnir: Ketill Ketilsson í Kotvogi og Sigurjón Jóhannesson á Laksamýri 5. jan., og Ólafur Sigurðsson f. umboðsmaður að Ási, Magnús Magnússon í Skaftárdal og Magnús Brynjólfsson á Dysjum í Gullbr.sýslu 8. desbr.

II. Samgöngur.

Póstgöngur og vegir. Póstferðir vóru auknar (sjá Fr. f. á. bls. 29) um helming á póstleiðinni milli Reykjavíkur og Eskifjarðar á tímabilinu frá 14. apríl fram í sept. og hagað

sem vetrarferðunum (sbr. Fr. 1883 bls. 18—19) og 4 aukapóstum bætt við: 2 nyrðra (frá Akureyri að Grýtubakka, og frá Sveinstöðum um Vesturhópshóla að Tjörn á Vatnsnesi), 1 eystra (frá Eskifirði um Kolfreyjustað að Stöð) og 1 vestra (frá Hjarðarholti í Dölum út Fellsströnd um Staðarfell og inn Skarðsströnd um Skarð að Máskeldu). Til *vegagerða* var varið allmiklu fé, þar á meðal til framhalds Svínahraunsvegarins niður til Reykjavíkur alls 12648 kr. 86 au.; stóð norskur maður enn þá fyrir verkinu; vóru bættar að miklu skemdir þær, er orðið höfðu um veturinn (sjá síðar kaflann um veðráttu) og gekk til þess fullur mánuður, enda traustlegra umbúið enn áður, þótt vegstæðið væri ekki fært; veginum síðan haldið áfram langt niður fyrir Hólm. Til vegagerðar á Vaðlaheiði veittar 2000 kr. og 500 kr. til aðgerðar á vegi yfir Öxnadalsheiði Skagafjarðarmegin; enn fremur lítilræði til annara vega. Nú var verið að undirbúa breytingar nýju vegalaganna á vegum (hvar aðalpóstleiðir skyldu liggja o. s. frv.). *Ölfusárbrúarmálið* lá í salti þetta ár, nema hvað Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson rannsakaði brúarstæðið o. fl. um vorið til að greiða fyrir málinu, þar eð sökum ónógs undirbúnings enn þá fekst enginn til að taka brúargerðina að sér fyrir fjárupphæðina (60,000 kr.) í lögunum sem enn vóru óstaðfest.

III. Kirkjumál.

Synodus. — Embættiseiðar. — Kjörprestur. — Kirkjur (fjöldi, bygging, fjáreign, umsjón).

Synodus, í Reykjavík 4. júlí, samþykti frumvarp um tekjur presta frá nefnd, er þar var kosin í fyrra (sjá Fr. f. á. bls. 30) og átti það síðan að koma til aðgerða alþingis næsta fyrir milligöngu stiftsyfirvalda og landshöfðingja. Þórarinn próf. Böðvarsson kom og fram með frumvarp um tekjur kirkna (greiðslubreyting) í svipaða stefnu, er lagt skyldi fyrir héraðsfundi. Fundinn sóttu nú 13 prestvígðir menn auk stiftsyfirvalda, allir úr grendinni, eins og vant er. — Konungur leyfði

20. ágúst þetta ár, að »í stað hinna latnesku embættiseiða, er prófastar og prestar í þjóðkirkjunni hingað til hafa unnið, kæmu eftirleiðis *eiðspjöll á íslensku*«, með þeirri vægð í orðum og kröfum, sem aldarfarið þykir krefja. — Þetta ár kom fram megn óánægja hjá nokkrum bændum í Mosfellssveit sökum sókna- og kirkjubreytinganna þar (sjá Fr. 1886, bls. 24); báru þeir sig nú fyrst opinberlega (í blaði) upp undan ólögum af hendi fylgismanna breytinganna, þegar langt var komið byggingu Lágafellskirkju; enn er engin leiðrétting gat þá fengist, tóku þeir sig (10 til 12 heimilisfeður) saman um að ráða sér *kjörprest* séra Þorkel Bjarnason á Reynivöllum, gamlan sóknarprest sinn. — Um aðrar hreyfingar er ekki að tala, fyrir utan þær sem síðar verða nefndar í bókmentunum. — Eftir skýrslu í Stjórnartíðindum um *ástand og fjárhag kirkna* hér á landi frá 1879—1887 vóru kirkjur að tölu 290 í fardögum 1887; hafði þeim fækkað um 9 á síðustu 10 árum, mest vegna brauðasamsteypanna; af þeim vóru 232 timburkirkjur, 47 torfkirkjur og 11 steinkirkjur; hafði torfkirkjum fækkað um 140 á síðustu 30 árum; 6 steinkirkjur reistar á þessari öld, allar síðan 1876. Sjóðir kirkna vóru alls s. á. rúmar 226 þús. kr., enn skuldir 87½ þús. kr., eða meðaleign hverrar kirkju skuldlaus um 500 kr., enn árið 1853 var hún 179 kr. 22 kirkjur vóru (í fardögum 1887) komnar undir umsjón og fjárhald safnaðanna, 11 vóru landssjóðseign (sbr. Fr. f. á. bls. 12).

IV. Árferði.

Veðrátta (hafís) — Grasvöxtur og nýting. — Skepnuhöld.

Veðrátta. Veturinn var fremur snjólítill, enn þó gjaffeldur, jafnvel þótt auða jörð gerði með köflum, af því að tíð var óstilt og enda áfreðar. Í janúar gerði hláku mikla og hlupu ár og lækir þá mjög fram og ollu skemdum; þannig hljóp Ölfusá 13. og 14. jan. og varð fénaði að bana, t. a. m. í Kaldaðarneshverfi (25 kindum), og setti alt láglendi þar undir margra álna þykka íshrönn og skemdi hús og hey; var

giskað á, að flóðhæðin þar, er mest var nál. hálfa stund, hefði verið 15—20 álnir yfir vanalegt flóðfar, og á Selfossi, þar sem brúin á að standa, hækkaði áin um 8 álnir fram yfir meðalvöxt, og þótti þetta flóð þar góð aðvörun í tíma. Sömuleiðis urðu miklar skemdir af þessum leysingum aðfaranótt hins 11. jan. á hinum nýja vegi Norðmannanna (sbr. Fr. fyrri ára: Samgöngur) niður af Svínahrauni: veginum sumstaðar gjörsópað burt og vatnsaugu og brýr sprengdar burt, þar á meðal 18 álna löng brú á Hólmsá, í 4 álna hæð fyrir ofan vatnið venjulega, og var tjónið talið skifta allmörgum þúsundum króna. Vestanpóstur misti og í vesturleið koffort af hesti í sömu leysingum í Austurá í Sökkólfsdal með peningum (926 kr. 59 au.[1]) bréfum og bókasendingum. — Það var *hafísinn*, sem, eins og vant er, hafði mikil áhrif á veðráttu fyrri helming þessa árs, enda var hann nú venju meiri og þaulsætinn; hans var þegar vart í janúar víða fyrir norðurlandi, einkum á Ströndum; var síðan á slæðingi, uns hann lagðist algerlega að landi og inn á firði um páska bæði að norður- og austurlandi, og fór að reka inn á Ísafjarðardjúp í maí, og í júníbyrjun sást hann frá Loftsstöðum í Árnessýslu suðvestur af Vestmannaeyjum, enda lá hrannarís þangað að austan og íshella að Dyrhólaey. Frá norðurlandi lónaði ísinn eftir hvítasunnu, enn kom inn aftur eftir skamma stund, og fór ekki af Húnaflóa fyr enn seint í júní og komust þá kaupför þar inn á hafnir (Borðeyri, Blönduós, Skagaströnd), enn þó ekki inn á Skagafjörð sökum íss; enn í júlí létti honum fyrst algerlega frá landi á vesturfjörðum norðurlands, enn eystra (t. d. Þistilfirði) fór hann ekki fyr enn í ágúst. Af hafísnum stóðu eins og vant var sífeldir kuldar, næðingar og þyrkings-veðrátta, stundum með fjúki og illviðri; urðu fjárskaðar miklir af hríðarbyl í Þingeyjarsýslum (á 3. hundrað fjár að því er tilspurðist), enn höpp færði ísinn engin teljandi; 4 bjarndýrum varð þó náð á Melrakkasléttu og Tjörnesi um veturinn. Frost vóru sjaldan mjög mikil; í Reykjavík mest 12. febr. 15° C. (um hádegi) og 27. mars 12°

---

1) Peningarnir fundust síðar af vinnumanni frá Sauðafelli, er hélt þeim til skila og fekk 50 krónur í fundarlaun.

C. (um hád.) — *Vorið* varð sökum íssins mjög kalt, þurt og hart, og var nyrðra og eystra jafnað til vorsins 1882; kom gróður ærið seint og klaka leysti seint úr jörðu; þannig var þriggja kvartila þykkur klaki í Vallarkirkjugarði í Svarfaðardal seint í ágúst. Þó minkuðu vorkuldarnir með júní, einkum sunnanlands. — Enn sama þyrking hélt áfram *sumarið* út um alt land, nema hvað hafíspokubræla olli óþurkum austnorðan á landinu; varð sumarið því eitt hið mesta þurkasumar og góðviðristíð oftast yfir höfuð, er stóð fram í september; þann mánuð gerði miklar rigningar með illviðrum stundum; enn upp frá því varð um *haustið* yfirleitt mesta blíðviðri; þó gerði hríðarkast nyrðra og vestra 23. okt. í viku, enn batnaði aftur úr því. Enn æði-vindasamt varð víða um land bæði um haustið og framan af vetri, svo að víða varð tjón að; í okt. (26.) fuku skip og bátar í Vík í Reynishverfi og víðar í Mýrdal eystra af ofsastormi; Reyniskirkja fauk og til, (og kirkjan í Holti undir Eyjafjöllum hafði fokið og brotnað um veturinn (á pálmasunnudag) og sömuleiðis bátar þar eystra). Sandfok gerði í Meðallandi í þessum stormum um haustið og skemdi jarðir að mun; ýmsar jarðir höfðu og skemst þar eystra um veturinn og vorið af sandfokstri. Í nóvbr. fuku og brotnuðu hús og bátar (20) á Seyðisfirði og hey fauk og hús rauf, og í stormi og stórflóði aðfaranótt hins 22. nóv. fórust skip og bátar ýmist alveg svo tugum skifti eða skemdust meir og minna í Reykjavík, á Akranesi, í Hafnarfirði, á Álftanesi, í Brunnastaðahverfi, í Höfnum, í Selvogi og á Eyrarbakka; enn fremur urðu skemdir í þessum stöðum meira og minna á bryggjum, húsum, kálgörðum, túnum og varnargörðum og fé fórst í Höfnunum. Skipatjónið varð stórkostlegast í Reykjavík, og var næturvörðum bæjarins um kent, að þeir hefðu ekki aðvarað menn í tíma, og þeim síðan vikið frá sýslaninni af bæjarstjórninni, er sannast þótti vanræksla af þeirra hendi. Strandferðaskipið Thyra hafði og orðið að kasta útbyrðis 90 sauðkindum á leið frá Akureyri til Seyðisfjarðar sökum stórviðris. Rafnseyrarkirkju tók af grunni í ofsaveðri 28. október, enn brotnaði ekki; enn á Þorláksmessu fyrir jól fauk og molbrotnaði næstum fullsmíðuð timburkirkja á Narfeyri á Skógarströnd, þá

fuku og heyhlöður (járnþaktar) víða eða skemdust. Að öðru leyti var tíðin ágæt alt þangað til 3 vikur af vetri; þá vóru lömb fyrst tekin á innigjafarjörðum, er snjó setti niður, einkum vestra; í rauninni kom þó ekki veturinn annarstaðar fyr enn með sólstöðudegi; þá skifti algerlega um til harðinda með snjógangi til ársloka.

Grasvöxtur varð alment í minsta lagi, og einkum þó eystra og nyrðra, þar sem hafísinn bagaði mest; ollu hinir langvinnu þurkar bæði vorið og sumarið grasbrestinum; einkum varð vatnsaga-mýrjörð ónýt til sláttar. Sökum ágætrar *nýtingar* rættist þó furðu vel úr heyskapnum og varð hann alt að því í meðallagi sumstaðar og hey góð, nema hvað það hey hraktist nokkuð, sem laust var í sept., og hey drap dálítið í görðum og kumblum. Fiskur og eldiviður þornaði ágætlega.

Skepnuhöld urðu góð yfirleitt; hey gengu þó víða alveg upp og það enda sunnanlands, þar sem hey vóru ómunalega mikil og góð undan sumrinu, enda hafði það freistað til djarfrar ásetningar, enn innistöðutíminn langur; þannig var talið að fé hefði sumstaðar í Húnavatnssýslu staðið inni 35 vikur, er því var sleft í 5. viku sumars og sumstaðar var fé magurt orðið nyrðra, einkum austan til, þar sem jafnvel var talað um fjárfelli (á Langanesströndum) sökum heyþurðar, enda vetur og vor harðast þar eystra. Lambdauði varð þó sárlítill yfirleitt og fé vel framgengið og gerði því gott gagn og fjallfé allvænt að hausti og heimtur góðar yfirleitt að síðustu, þótt leitarveður væru stirð. Fyrir vangeymslu mistu Skeiða og Flóamenn í Árnessýslu um 200 fjár af fjallsafni sínu í síkislæmi á Murneyrum við Þjórsá, er drukknaði þar og kafnaði, enn vötn mikil. — *Hundapest* gekk syðra um veturinn og slæddist norður, þó eigi mögnuð.

V. Bjargræðisvegir.

Bjargarvandræði (hallærislán). — Sjávarútvegur og fiskveiðar (varnir gegn manntjóni í sjó). — Landbúnaður. — Verslun og vöruverð. — Bindindishreyfingin. — Sýning í Khöfn.

Bjargarvandræði var talað um að mun, nema sunnanlands, mest sökum matvöruskorts í kaupstöðum; verst var af látið norðanlands og í þeim vandræðum sá blaðið Norðurljósið það eitt til úrræða, að menn flyttu til Vesturheims, og þurfti þó ekki á það að minna; þá kvað Mattías prestur Jochumsson á Akureyri um »hafísinn« (»Ertu kominn landsins forni fjandi«, 31. mars) og gremjukvæði sitt um Ísland, er síðar verður nefnt; sá til muna á ýmsum nyrðra, enn hungurdauði varð þó hvergi, bætti það mikið úr fyrir héruðum þeim norðanlands, er náð gátu til Sauðárkróks, að þar vóru vörubyrgðir allmiklar, er fjárkaupmaður C. Knudsen átti geymdar, enn kaupmenn þar matvörulausir sem víða annarstaðar. Kaupfélag Þingeyinga og félag Eyfirðinga og Fljótsdæla fengu matvörur með skipi frá Skotlandi (Miaca), er kom til Akureyrar 29. febr. og Norðmaður einn (Otto Wathne) fór með; þótti það glæfraför, enda skipið orðið sem ísjaki að sjá, er til Akureyrar kom, og talið, að aðalþilfar væri komið (3 fet) niður fyrir sjávarflöt. Skipið strandaði seinna (27. maí) í Suðurmúlasýslu, og töldu félögin ekki framar upp á, að fá vörur um hávetur, þótt þetta hepnaðist nú. — *Hallærisláns*-austurinn úr landssjóði minkaði þetta ár, þó ekki með góðu; Strandsýslungar báðu um lán, enn amtmaður synjaði samkvæmt skýrslum þeim um ástandið, er sendar vóru, og var þó tvívegis gerð gangskör að, að láta þær verða fullnægjandi; amtsráðið staðfesti síðar neitun amtmanns. Húnavatnssýsla fékk 19. mars 2950 kr. í viðbót við það, er hún áður hafði fengið af því er lofað var (sbr. Fr. f. á. bls. 19 og 35) og hafði þá fengið alls af því 7950 kr., enn Skagafjarðarsýsla alt sitt (7. nóv. f. á.). Sumir hreppar Húnavatnssýslu forðuðust þó að taka lán og misjafnar sögur gengu enn af úthlutun þess og þörfinni.

Sjávarútvegur og fiskveiðar. Þótt árið mætti teljast fullkomlega í meðallagi að gæðum að öllu samtöldu til lands, þá

var það svo miklu framar að gæðum til sjávarins, að talið var ómuna-aflaár sunnanlands og vestan, einkum haustvertíðin við sunnanverðan Faksaflóa enn þá betri enn árið fyrir, og að líkindum hin besta á þessari öld; fengust t. a. m. í Njarðvíkum syðra frek 3000 í hlut á bát frá haustvertíðarbyrjun til jóla og hér um bil helmingur þorskur, og margir á 3. þúsund, enn alment syðra 12—16 hundraða hlutir, helmingur þorskur og fiskurinn þar alstaðar uppi í landsteinum (t. d. á Reykjavíkurhöfn, þar sem einn maður aflaði í nóv. í einum róðri fyrir 28 kr. eftir búðarverði á blautfiski, auk hausa o. fl.). Um sumarið var og góðfiski við Faksaflóa; sömuleiðis hinar vertíðirnar þar og annarstaðar syðra og vestra. Austanlands var stopull afli sökum gæftaleysis og íss og eins nyrðra, nema hvað hákarl aflaðist þar vel þann stutta tíma, sem skútur gátu stundað þá veiði fyrir ísnum (7—12 tnr. í hlut á 9—10 vikum; meðalafli á 13 hákarlaskútum á Eyjafirði 290 tnr., eða 3770 tnr. alls). Síldhlaup mikil komu og á Eyjafirði milli þess, er ísinn lónaði frá; hafsíld fékst þar og síðar að mun. Norðmönnum gekk ágætlega hvalveiðin vestra: fengu alls 58 hvali, hver metinn á 2000 kr. Fiskisamþyktir vóru enn gerðar og staðfestar, t. a. m. á sjávarsvæðinu milli sýslutakmarka Eyjafjarðarsýslu að vestan og Gjögratáar í Þingeyjarsýslu, $^3/_4$ mílu frá landi (staðfest 15. júní); svo og endurbót og viðbót fiskisamþyktarinnar fyrir Faksaflóa sunnanverðan (staðf. 11.jan.) Samþyktir Strandamanna (sjá Fr. f. á. bls. 13) um hákarlaveiðar og fiskveiðar á opnum skipum vóru og staðfestar þetta ár (20. okt.), enn fiskisamþykt fyrir hluta af Ísafjarðarsýslu (sjá Fr. 1886 bls. 31) varð fyrst staðfest í fyrra (11. okt.).

Laksveiði varð með minnsta móti þetta ár, nema við árósa; gekk laksinn lítið sem ekkert upp í ár og var um kent þurkunum og of litlum vatnsbreytingum í ám.

— Þá virðist mega geta um tilraunir þær, er gerðar vóru á þessu ári sunnanlands til að *afstýra manntjóni á sjó* (sbr. Fr. f. á. bls. 43). Það var séra Oddur V. Gíslason, prestur á Stað í Grindavík, annálaður sjósóknarmaður og formaður, er kom mikilli hreyfingu á stað syðra í þá átt á þessu ári.

Hann hélt fyrst fyrirlestur í Reykjavík 16. jan. (»um bjargráð í sjávarháska«): um nytsemi sundkunnáttu, um lýsi eða oliu til að lægja brim eða öldugang, eins og farið er að tíðkast erlendis, og sýndi hann þá tvö áhöld er hann hafði gert í þeim tilgangi: »bárufleyg«, strýtumyndaður kútur, til að hafa aftan í skipi á sjó, á taug, með götum í botni fyrir lýsið til að vætla út um, og »lábrjót«, gjörð, vafnri hampi til að fleygja út í lendingum, löðrandi í lýsi. Enn fremur sýndi hann »kjalfestupoka« líka flösku í lögun, úr segldúk, vatns og jafnvel lofthelda með góðri bikun; hafði Jón útvegsbóndi Ólafsson í Hlíðarhúsum við Rvík fundið þá upp til að hafa á sjó í stað seglfestugrjóts, fylla með sjó, 4—8 með skipi. Séra Oddur fór síðan um veturinn um allar (27) verstöður í Gullbringu- og Árness-sýslum, hélt 11 fundi og fyrirlestra á 6 stöðum og fékk 111 útvegsmenn (með 150 skipum) við Faksaflóa sunnanverðan til að bindast samtökum til bjargráða á þennan hátt sem allra fyrst. Seinna (14. desbr.) hélt séra Oddur aftur fyrirlestur í Rvík (»um líf og lífsvon sjómanna«) og sýndi þá ný áhöld og umbætt: »rekstjóra«, sem sparar menn við andóf o. fl., »skiftispjöld« til að skifta afla réttlátlega, meðan afli hvers skips væri ekki verkaður allur saman og síðan skift eftir vikt, »íla«, lýsisílát, þríhyrndur dúkpoki til að hafa ýmist á stefni eða borðstokki, sem lýsi drýpur í gegnum; sund þótti honum ekki koma að tilætluðu gagni til bjarga, meðan skinnklæði væru eins og nú eru þau, einkum brókin, sem enginn gæti synt í«; þyrfti í hennar stað skinnsokka og stuttbuksur úr skinni; annars kvað hann sundkunnáttu lífsnauðsynlega, enn í því sem öðru mesta tjón að fákunnáttu formanna, er fæstir kunna að nota loftvogir eða áttavita, enda hafa þá alls ekki, og jafnvel þekkja lítið leiðir og lendingar, og enn fremur að agaleysi háseta; var ágrip af fyrirlestrum séra Odds (um »lýsi«) kostað til prentunar af landsstjórninni; enn nokkuð (»saltfiksverkun«) gaf hann út sjálfur. Síðan fór séra Oddur um verstöðurnar aftur til að koma á frekari samtökum í þessu efni og tryggja þau með endurbótum þessum, og vóru um árslokin stofnaðar fyrir hans forgöngu svonefndar »bjargráðanefndir« í flestum veiðistöðum við Faksaflóa málinu til framkvæmda-

Enn fremur vandaði séra Oddur um kristnihald og siðferði sjómanna og lét prenta og útbýta »sjómannabæn«. Amtsráð Suðurumdæmisins veitti honum 400 krónur úr jafnaðarsjóði fyrir þessar framkvæmdir. Síðan var það um áramótin, að Geir kaupmaður Zoëga, er mestan á þilskipastólinn við Faksaflóa, kom á samtökum meðal þilskipaeigenda í Rvík og Seltjarnarnesi, að hafa lýsi á þilskipum til að verja þau áföllum. Enn er eitt ótalið af tilraunum þessum: að sýslunefnd Gullbr. og Kjósarsýslu ákvað 24. maí, að veita úr sýslusjóði alt að 100 kr. styrk þeim manni úr Rvík eða Gullbr.sýslu, sem vildi láta vanan skipasmið úr Vestmannaeyjum búa til róðrarskip eftir lagi Vestmannaeyinga.

Þess skal að síðustu getið, að allmikil gangskör var gerð að því fyrir áskorun stjórnarnefndar »styrktarsjóðs handa þurfandi ekkjum og börnum druknaðra sjómanna«, að auka þann sjóð; hann var stofnaður með kgsúrskurði 24. júní 1840, og var nú orðinn alls 5711 kr., enn hafði veitt alls 4325 kr. sem styrk. Ísfirðingar fóru og að efla til meiri samskota til sjóðs er hjá þeim var til í sama tilgangi, og enn fremur Árnesingar, er settu sér jafnframt prentuð »Lög fyrir sjómannasjóð Árnessýslu«; víðar var og byrjað að stofna slíka sjóði.

Landbúnaður. Af honum verður fátt í fréttum að segja þetta ár; þó vóru gerðar nokkrar frekari tilraunir til *betri heyásetningar*; hafði amtmaður E. Th. Jónassen brýnt fyrir sýslumönnum í suður- og vestur-umdæminu eftir þingið afstaðið (sjá Fr. f. á. bls. 37) að framfylgja vel horfellislögunum frá 1884, enn þá þegar (20. okt. f. á.) hafði sýslumaður Snæfellinga, Sigurður Jónsson, gefið hreppstjórum og hreppsnefndum í sinni sýslu »erindisbréf um eftirlit með hirðingu búpenings og heyásetning« og fyrirskipað 3 skoðunarferðir (laust eftir veturnætur, við þorrakomu, og um sumarmál); skyldi alt, sem gert yrði, skrifað í skoðunarbók og tilkynt sýslumanni síðan. Slíkar skoðunarferðir vóru farnar enda áður í ýmsum sýslum og hreppum, einkum um veturnætur. Í blöðunum var mikið rætt og ritað um betri heyásetning, einkum út af frumvarpi síðasta þings, er helst varð til að hreyfa þessu máli (sjá Fr. f. á. bls. 37).

Þá skal minst á *æðarræktarfélagið*, þess er áður hefir verið getið (í Fr. 1885 og 86) og stofnað var fyrir tilhlutun Péturs Friðrikssonar Eggerz, f. kaupmanns, í Akureyjum á Breiðafirði. Um haustið (26. sept.) höfðu verið skotnir að þess tilhlutun nál. 7000 flugvargar (ernir, fálkar, svartbakar, mávar, hrafnar, kjóar) og um vorið (26. júní) hafði það varið til verðlauna fyrir vargfugladráp alls 3400 kr. og til eitrana m. m. nál. 300 kr. og ætlaði þá að fá »stryknin« fyrir 100 kr. til eitrana. Félagsmenn vóru um Jónsmessu árið fyrir (1887) alls 93 (þar af 65 varpbændur), enn 33 varpmenn á því svæði, er félagið nær yfir, höfðu þó enn þá ekki gengið í það.

Verslun og vöruverð. Hið eftirtektaverðasta við verslun þessa árs er eins og áður fjársalan til Englands og Skotlands og vörupantanir landsmanna þaðan; mun lifandi sauðfé hafa nú flutst út með mesta móti, enn nákvæmar skýrslur vanta þó um fjölda fjársins, enn eftir blaðafréttum var hann víst um 30000; þannig var talið, að frá Seyðisfirði hefði flutst 10000 fjár, sumpart keypt af Skotum, lánað eða sent út af kaupfélögum á eigin ábyrgð. »Kaupfélag« (vörupöntunarfélag) komst á fót í Árnessýslu og nokkrum hluta Rangárvallasýslu (sbr. Fr. f. á. bls. 40) og sendi það út um 1100 sauði; Ísfirðingar stofnuðu félag sér og sendu út saltfisk (rúm 700 skippund) og seldu hann með hagnaði (7000 kr. rúmar, eða hjá hverjum félagsmanni um 25% í gróða í samanburði við verslunarviðskifti við kaupmenn þar). Mjófirðingar eystra stofnuðu og kaupfélag »með skuldlausri verslun«. Ekkert hinna eldri kaupfélaga leið undir lok; fengu þau betra verð (hér um bil einni krónu meira) fyrir sauði sína að meðaltölu, heldur enn í fyrra (sbr. Fr. f. á. bls. 40). Húnvetningar og Skagfirðingar hugsuðu nú um vörupöntun á eigin hönd; skiftu þeir við C. Knudsen fjárkaupmann þetta ár, enn fór ekki að lítast á blikuna, er Knudsen varð fyrir óhöppum miklum um haustið (sjá »skipströnd« síðar) og gat ekki fyllilega staðið í skilum og að síðustu ekki fengið útflutt hesta og sauði, er hann hafði átt þar geymt síðan í ágúst- og sept. og hann því varð að selja eftir miðjan desbr.; fór sauðkindin þá (alls 680) að meðaltali á 9,37 kr., enn áður keypt af Knudsen fyrir 14 kr. og tryppi (alls 183) hvert að

meðaltali 23 kr., enn áður keypt á 40—50 kr. og kostnaður við gæslu alls fjárins skift þúsundum króna. Suðurnesjabúar í Gullbringusýslu ætluðu sér enn fremur að reyna vöruskifti við Englendinga næsta ár. — Mestan hag höfðu kaupfélögin af vörukaupunum erlendis nú sem áður. Enn gengi þessara kaupfélaga, sem gert hafa landsmönnum margt gott, og áræði manna til vörupantana, þrátt fyrir ýmislegt basl og óhagræði, sem þeim fylgir, sýnir ljóslega, hversu ófug og óhagstæð verslunin er og hefir verið hér á landi (sbr. ályktun og aðgerðir Þingvallafundarins að framan um verslunarmálin)*.

---

*) Sem sýnishorn af reglum fyrir kaupfélögum þessum nú set eg hér „Lög kaupfélags þingeyinga. Endurskoðuð 1888: 1. gr. Tilgangur félagsins er: a. Að ná svo góðum kaupum á útlendum varningi, sem unnt er, og leitast við að gera útvegur hans sem kostnaðarminstar fyrir félagið og hvern einstakan félagsmann; b. Að efla vöruvöndun og koma innlendum varningi í sem hæst verð; c. Að koma í veg fyrir alla skuldaverslun svo sem framast er unt; d. Að draga arð verslunarinnar inn í landið svo sem mest má verða. — 2. gr. Félagsmaður er sá, sem á 10 króna hlut í húsum og áhöldum félagsins, og sem að öðru leyti gengst undir lög og reglur þess. Hluteignin er óuppsegjanleg og veitir eiganda heimild til vörupöntunar í félaginu með þeim takmörkunum, sem reglugjörð félagsins ákveður. — 3. gr. Félagsmenn skipast í deildir, eigi færri en 10 í hverri, og skal hver félagsmaður telja sig til einhverrar deilar, en þó eigi nema til einnar á sama reikningsári félagsins. Hver deild kýs úr sínum flokki einn deildarstjóra, og annan til vara, sem gengur að öllu í stað hans, ef hann hindrast á einhvern hátt. — 4. gr. Í hverri félags-deild skal halda einn aðalfund árlega, áður enn fyrsta árspöntun félagsins fer fram. Á þeim fundi skal ræða öll deildarmálefni og hver önnur félagsmál, er heyra undir álit og tillögur deildarmanna; þá skal og kjósa deildarstjóra og vara-deildarstjóra og gildir sú kosning að eins til næsta ársfundar á eptir. — 5. gr. Skyldur er hver félagsmaður að taka á móti deildarstjórakosningu í þeirri deild, sem hann telur sig til, þó því að eins, að 2 deildarmenn, þeir er hann til nefnir, beri með honum ábyrgð á því, að deildin standi í fullum skilum í félaginu, og að hann hafi hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, sem samið sè um fyrirfram í hvert skifti. — 6. gr. Störf deildarstjóra eru einkum þessi: a. Hann hefir alla stjórn og framkvæmd á hendi í deildinni, samkvæmt þeim reglum og samþyktum, sem þar eru viðteknar. b. Hann kallar saman fundi í deildinni, stjórnar þeim, og ber þar upp þau félagsmálefni, er deildarmenn varða og undir þeirra atkvæði heyra. c. Hann annast um allt, er lýtur að vörupöntun hans deildar, og ábyrgist með ábyrgðarmönnum deildarinnar full skil af hennar hendi gagnvart félagsstjórninni og hverjum einstökum felagsmanni. — 7. gr. Deildarstjóri er skyldur að mæta á fundum félagsins sem fulltrúi sinnar deild-

Að öðru leyti var flutt út af aðalsöluvöru frá Íslandi þetta ár: Af *ull* um 935000 pund til Khafnar og um 200000 pd.

---

ar. Allir deildarfulltrúar félagsins í sameiningu mynda eitt fulltrúaráð, sem hefir hið æðsta úrskurðarvald í öllum þeim málum, er félagið snerta. Fulltrúaráðið skal halda einn aðalfund árlega nálægt miðjum vetri. Aukafundi skal og halda, þá er formanni félagsins þykir þörf til, eða meiri hluti deildarfulltrúa æskir þess. Á fundum félagsins hafa allir félagsmenn málfrelsi og tillögurétt, enn fulltrúar einir atkvæðisrétt. Fulltrúaráðið kýs í hvert skifti fundarstjóra, og ber hann upp þau málefni, er fundurinn tekur til meðferðar. — 8. gr. Á aðalfundi skulu rædd öll almenn félagsmálefni, sem fyrir koma, og gerðar þær ákvarðanir um framkvæmdir félagsins, sem þörf er á. Ræður afl atkvæða öllum úrslitum mála á félagsfundum. Komi upp ágreiningur með félagsmönnum um félagsmálefni, má leggja þau mál undir aðalfund, og hefir hann æðsta úrskurðarvald í þeim, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir landslög og aðgerðir dómstólanna. Aðalfundur ákveður fyrirfram það gjald, er félagsmenn þurfa að leggja á sig fyrir kostnaði þeim, er leiðir af stjórn félagsins, og eftir hverjum reglum það skal greiðast. — 9. gr. Fulltrúaráðið kýs formann fyrir félagið, og annan til vara, er gegni formannsstörfum í forföllum hans. Kosning formanns og varaformanns fer fram á hvers árs aðalfundi, og gildir að eins til næsta aðalfundar. Formaður tekur sér tvo meðstjórnendur, er séu honum til aðstoðar og ráðaneytis í öllum stjórnarstörfum félagsins. — 10. gr. Þessi eru einkum störf félagsformannsins: a. Hann kveður til allra félagsfunda, setur þá, og framleggur þau málefni, er hann eða einhverjir félagsmenn óska að rædd séu á fundi. b. Hann hefir á hendi allar framkvæmdir á ákvörðunum fulltrúaráðsins og öðrum störfum félagsins. Hann annast um kaup og sölu á vörum félagsins, flutning þeirra og afhendingu. Skulu allar vörupantanir gjörðar undir nafni formanns og meðstjórnenda hans og hefir formaður ábyrgð á þeim gagnvart þeim er útvega vörurnar. Allir þeir samningar, er formaður gerir fyrir félagsins hönd samkvæmt lögum þessum eða öðrum ákvörðunum fulltrúaráðsins, eru bindandi fyrir félagið í heild sinni og hvern einstakan félagsmann, enda séu þeir undirskrifaðir af meðstjórnendum hans. c. Hann ræður þá verkamenn fyrir félagið, sem nauðsyn ber til, og semur um kaup við þá. d. Hann annast um allar bréfagerðir félagsins, færir bækur þess og reikninga, enda snúa deildarstjórar sér til hans með öll reikningsskil deildanna. Rétt er honum og að heimta af hverjum deildarstjóra skýrslur þær, er félagið varða gagnvart deild hans. e. Hann hefir sjóð félagsins í sínum vörslum og innir af hendi allar fjárreiður þess, og gerir grein fyrir á hvers árs aðalfundi eða hvenær sem fulltrúaráðið krefst þess. f. Hann hefir umsjón yfir húseign félagsins, uppskipunaráhöldum og öðru því er félaginu tilheyrir. g. Hann er aðalfulltrúi félagsins gagnvart öllum utanfélagsmönnum, og svarar til alls þess, er félagið í heild sinni kann að verða sakað um. Hann gætir hagsmuna félagsins í einu sem öllu, og hefir fulla heimild til að neyta aðstoðar landslaga og réttar, ef þörf

til Englands beint að auki; af *saltkjöti* (til Kh.) um 3700 tunnur; af *tólg* (til Kh.) um 39000 pd.; af *söltuðum sauðargærum* um 10600 vöndlar (21200 gærur); af *saltfiski* um 24 miljónir punda (til Kh. um 6 miljónir, til Spánar um 9462000, til Englands 5580000 [enn þar af flutt þaðan til Spánar 1013000 pd.] og til Genúa 1952000 pd.*); af *harðfiski* (til Kh.) um 239000 pd; af *lýsi* (til Kh.) um 6500 tunnur; af *æðardúni* (hreinsuðum, til Kh.) um 7500 pd. Erlendis seldust þessar vörur bæði skjótara og heldur betur enn í fyrra, enda í minsta lagi óselt eftir af þeim um árslokin og sumar uppseldar. Hvít ull var seld í Kh. í kring um 60 au. pd. og hæst 68 au. (norðlensk); saltkjöt kringum 50 kr. tn. (224 pd.) hæst 55 kr.; tólg komst upp í 30 au. pd., af því að miklu minna var flutt út enn áður; gæruvöndullinn var 4 kr. alt upp í 5 kr. 75 au. eftir stærð og gæðum; sunnlenskur saltfiskur fékk gott orð á sig þetta ár fyrir óvenjulega góða verkun og þótti standa vestfirskum fiski jafnt, enda var skippundið af honum selt á Spáni smáhækkandi alt að 50 ríkismörk, enn vestfirskur hæst 57 ríkism., enn var smálækkandi eftir því

---

gerist, því til verndar. Öll störf sín getur formaður eftir atvikum falið öðrum mönnum á hendur upp á sína ábyrgð. — 11. gr. Formaður hefir ábyrgð á gjörðum sínum fyrir fulltrúaráði félagsins Hann fær hæfileg laun fyrir skyldustörf sín, og skal samið um þan fyrirfram á hvers árs aðalfundi. Hann greiðir meðstjórnendum sínum hæfilega þóknun fyrir störf þeirra eftir samkomulagi við þá. — 12. gr. Á aðalfundi skal kjósa árlega tvo endurskoðunarmenn, til að rannsaka reikningsskil formanns og gera ákveðnar tillögur um þau, er síðan skulu lagðar fyrir næsta fulltrúafund á eftir til úrskurðar og endilegra úrslita. — 13. gr. Hvert það málefni, er leiðir af sér kostnað fyrir félagið,—enda heyri það ekki undir stjórn félagsins eða kaupskaparstörf—verður eigi gert út um til fullnaðar nema félagsmenn hafi átt kost á að ræða það á deildafundum. Sama regla gildir og um breytingar á félagslögunum. — 14. gr. Lög þessi skulu lesin á hvers árs aðalfundi. Þeim verður eigi breytt nema á aðalfundi, og sé meiri hluti allra deildarfulltrúa félagsins fyrir breytingunni".

*) Í fyrra var flutt til Genúa alls 499200 pd. af saltfiski eftir skýrslu frá dönskum konsúl í Genúa til utanríkisráðherrans danska og er henni fylgt nú, enn Færeyjar eru taldar með hjá honum. Brakúnarnir Simmelhag & Holm höfðu í skýrslu sinni fyrir þetta ár talið flutt til Genúa að eins 867200 pd. frá Íslandi (og einn skipsfarm frá Færeyjum), enn það er að líkindum of lágt áætlað og eins hefir verið í fyrra (sbr.Fr. f. á. bls. 38), enn þá var farið eftir skýrslu þeirra eingöngu.

sem á árið leið; í Genúa varð smáfiskur 42—57 kr. skipp., og er verðið á honum og Spánarfiskinum alt af miðað við fiskinn hér í stórkaupum án kostnaðar við flutning o. fl. Á Englandi gekk fiskur alt að því eins og í fyrra best, einkum smáfiskur (sökum Genúa-markaðarins) og ýsa, og í Khöfn var verðið líkt að jafnaði og í fyrra; þó komst stór hnakkakýldur jaktafiskur í 65 kr. skipp., smáfiskur 38—53½ kr. og ýsa 35—40 kr. skipp.; harðfiskur varð þar 65 kr. og alt niður að 48 kr. skipp. Æðardúnn var 12—15½ kr. pd. — Hér á landi var verð á þessum innlendu vörum líkt og árið áður, nema hærra á saltfiski; gáfu kaupmenn almennast 40 kr. fyrir skippd. af honum, og sumir bættu hann síðar svo upp, að hann varð 42 kr. Mjög sóttust kaupmenn eftir blautfiski um haustið til að geta komið honum sem fyrst út að vorinu, af því að þá er mestur hörgull á saltfiski, enda var talið, að megnið af hinum geysimikla haustvertíðarafla við Faksaflóa t. a. m. hefði verið lagður inn hjá kaupmönnum blautur; var og verðið á honum miklu hærra enn áður í Rvík: 90 au. lísipundið gegn vörum, enn 75—85 au. gegn peningum; nú var kvartað yfir því einkum, að blautfiskskaupmenn verkuðu fiskinn illa. — Verð á slátri um haustið var 12—18 au. kjötpundið nyrðra og eystra, gærupundið 25 au. og mörpundið 18 au. og sumir kaupmenn vildu ekki mör; í Reykjavík var verðið nokkru hærra (mör- og gærupund 30 au.). Skotar gáfu eystra 13—18 kr. fyrir sauðkindina á fæti, enn Coghill (nyrðra) 13—15 kr. Sýslunefnd Húnvetninga samdi »reglur um fjársölu á mörkuðum« (með tilteknum markaðsstöðum og 2 skoðunarmönnum í hreppi hverjum) til að afstýra sauðapjófnaði, enn þá hafði orðið uppvíst nýlega, að maður einn í Miðfirði hafði stolið 12 sauðum og selt Coghill þá, og enda bólað á slíka víðar. Amtmaður gat þó ekki síðar staðfest þær né landshöfðingi, af því »ýms ákvæði þeirra hefðu enga lagaheimild við að styðjast og yrðu ekki sett nema með lögum«. — Verð á útlendum vörum var hér líkt og áður; kaffi varð þó ívið lægra (80—85 au. pd.). — Eftir skýrslum um útflutning á útlendum vörum um undanfarin ár skal þess hér getið, að af kaffi (-baunum og -rót m. m.) var talið aðflutt árið sem leið (1887): 568404 pund (sbr. Fr. f. á. bls. 39) og

aðflutningur farið minkandi síðan 1885 (þá alls: 812187 pd.). Álnavöru-flutningur var og talinn minni síðari árin (fyrir 190000 kr. árið 1886 og 228000 kr. árið 1887, enn um og yfir 400000 kr. árin 1883 og 1884). Rúmar 3000 tnr. vóru útfluttar af síld árið 1887, enn nál. 30000 tnr. á ári árin 1884 og 1885. Hross vóru talin flest útflutt 1884: 3859 alls, eftir skýrslum síðan 1883 (fæst 1663 árið 1886), enn sauðfé flest á sama tímabili 1885: 31542; enn þær útflutningsskýrslur taldar mjög óáreiðanlegar. Tala kaupmanna var árið 1887 á öllu landinu 112, þar af 38 útlendir.

Bindindishreyfingin. Góðtemplarafélagið hér á landi hélt aðalfund (»stórstúku-þing«, hið annað þetta vor; var þar *nú* samþykt »að semja frumvarp til laga, er leggi algert bann fyrir aðflutning og sölu áfengra drykkja, og gera ráðstafanir til að það frumvarp verði borið upp á næsta alþingi«. Út af þessu sendu Góðtemplarar um árslokin bænarskrá út um land er skoraði á alþingi 1889: »1. að það banni með lögum tilbúning, aðflutning og verslun með áfenga drykki hér á landi; 2. að það nemi úr gildi öll lög um aðflutningsgjald af áfengum drykkjum«. Svo taldist til, að vínfangatollurinn hefði lækkað úr 170 þús. kr. hæst (árið 1883) ofan í 71 þús. kr. (árið 1887), enda það ár talið aðflutt af brennivíni og vínanda tæpl. 150-000 pt., enn 3 árum áður (mest) 340000 pt., og að sama skapi minna af öðrum vínföngum, enn aukist aftur aðflutningur óáfengra drykkja lítið eitt. Mest sökum hinnar miklu lækkunar tollsins hafa tekjur landssjóðs ekki hrokkið fyrir útgjöldum hin síðari árin (hallinn talinn nema 114700 kr. árið 1887, sbr. ályktun Þingvallafundarins um tollmál, bls. 4). Góðtemplarar og bindindismenn eignuðu áhrifum sínum tolllækkun þessa, enda eiga þau mikinn þátt í henni; þó var mörgum sterkur grunur á, að tollsvik ættu og nokkurn þátt í henni. Annars útbreiddist Góðtemplara-reglan þetta ár og bindindismálinu miðaði mikið áfram með aukinni hófsemi. (Sjá enn fremur bókmentakaflann).

Sýningin í Khöfn þ. á. skal hér að síðustu nefnd, að því er Ísland snertir (sbr. Fr. f. á. bls. 37). Þegar alþingi hafði neitað að leggja fram fé í þessu skyni, urðu samt sem áður

einkum 2 menn til að gangast fyrir sýningu íslenskra muna í Khöfn, þeir Arthur Feddersen, er var formaður fiskimunadeildarinnar á sýningunni, og Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson; tilkynningarfresturinn var lengdur fyrir ísl. muni til 23. júní, þótt sýningin væri opnuð 18. maí; stjórn »hins sameinaða gufuskipafélags« lofaði eftir tilmælum forstöðunefndar sýningarinnar að taka til flutnings frá Íslandi sýnimuni frá efnalitlum fiskimönnum alveg ókeypis og bauðst til að flytja 20 efnalitla Íslendinga til sýningarinnar með vægari kjörum enn ella (100 kr. fyrir far og fæði fram og aftur); urðu þó ekki svo margir til að sinna þessu boði, og flestir þeir, er það gerðu, ekki fyr undir lok sýningarinnar (18. sept.), er gufuskipafélagið hafði fallist á, að aðrir enn fátæklingar mættu njóta ívilnunarinnar; urðu það þá helst efnaðir útvegsbændur og iðnaðarmenn. Amtsráð norður- og austur-umdæmisins veitti umboðsmanni Einari Ásmundssyni í Nesi 300 kr. styrk úr búnaðarsjóði til siglingar á sýninguna til að nema þar fróðleik og kenna síðan. Þegar nú til kom, þótti lítið til hinna íslensku sýnismuna koma og þeir jafnvel vera Íslandi til stórhneisu: langt á baki sýnismunum Grænlands og enda Færeyja, enn settir á bekk með þeim; létu menn reiði sína eða gremju bitna ýmist á alþingi fyrir afskifta- og rænuleysi, eða Feddersen og Tryggva fyrir hlutsemi, enda þótt báðir létu sér allant um málið eftir litlum föngum samanreittum; þar vóru beltis-hnappar og millur, gamlar rúmfjalir með »lítilsigldum útskurði«, þrjú áklæði fornleg, brúða í skautbúningi, eggjasafn og fiður, dálítið af sjávarafurðum og prjónlesi m. m. Þó komu 6 verðlaunapeningar á íslenska sýnismuni, 3 af silfri (æðstu verðlaun): einn til handa landlækni G. Schierbeck fyrir matjurtir, er þóttu »bera vott um hans mikilsverðu framkvæmdir til eflingar garðyrkjunni«, enda bera af öðrum ísl. sýnimunum þar; annar silfurverðlauna-peningurinn var til handa Tryggva fyrir lýsi, og þriðji til handa N. Chr. Gram konsúl á Dýrafirði fyrir saltfisk og fiður; koparpeninga fengu: Tryggvi fyrir saltfisk, Thomsen kaupm. í Rvík fyrir »fiskmeti« og ungfrú Kristín Aradóttir (frá Flugu-

mýri) í Khöfn fyrir prjónles. Þeir fáu Islendingar, sem á sýninguna komu frá Íslandi, létu vel yfir ferðinni og þótti betur farið enn heima setið.

VI. Skaðar og slysfarir.

Skipströnd og manntjón af slysum.

Skipströnd urðu allmörg þetta ár; varð í mesta lagi tjón á fiskiskútum Frakka; týndust bæði menn svo tugum skifti og skip (víst 7). Kaupför urðu og fyrir tjóni og áföllum (sbr. bls. 22); skonnert »Ingeborg« kom frá Khöfn með vörur til Höepfners-verslunar á Akureyri og á Skagaströnd og komst tvívegis undir land um haustið og veturinn (1887—88), enn varð í hvorttveggja sinni að snúa frá til Noregs vegna storma og dimmviðris, með miklum skemdum; í þriðja sinni lenti skipið í ís hér við land og strandaði loks 9. apríl í Borgarfirði eystra, menn héldu lífi, og farmur og skip var selt á uppboði fyrir nál. 14000 kr. að sögn. Gránufélagið misti og 2 haustskip sín hér við land, annað á leið héðan, með mannbjörg héðan, nema stýrimaður lést. Ýms fleiri kaupskip löskuðust á útsiglingu um haustið eða fórust, svo sem skip eitt af Ísafirði, »Johanne«, er hvergi kom fram; með því var farþegi *Þorsteinn Thorsteinsen*, fyr alþingismaður (sbr. Fr. 1886 bls. 4), kaupmaður á Ísafirði. Merkilegt er orðið strand á gufuskipi ensku (»Lady Bertha«), er C. Knudsen fjárkaupmaður hafði fengið hingað með vörur; það misti stýrið á útsiglingu frá Borðeyri um haustið; beið þar síðan uns gufuskip kom frá Skotlandi með stýri; for þá til Sauðárkróks, rak þar upp og brotnaði nokkuð; lá þar í lamasessi, uns sjógarpurinn Otto Wathne kom á gufuskipi (»Wågen«) eftir nýár (4. jan. 1889) og náði skipinu þaðan og fékk með miklum erfiðismunum komið því austur á Seyðisfjörð í febrúar til aðgerða; kostaði hann förina sjálfur, enn átti að fá hluta (18000 kr.) í verði skipsins hjá ábyrgðarmönnum þess á Englandi, ef ferðin tækist, annars ekkert. Wathne er hinn fyrsti maður, sem farið hefir með gufuskip

fyrir norðurströndum Íslands um hávetur (sbr. bls. 16). Hann bauð kaupfélagi Fljótsdalshéraðs, að flytja vörur fyrir það upp í Lagar fljótós næsta sumar; þótti það »einkar-nauðsynlegt fyrirtæki«.

Mannfjón af slysförum. Í *jan.* (10.) fórust 2 unglingsmenn ofan um ís á Markarfljóti; 12. drukknaði kona frá Þverá í Eyjahrepp og unglingspiltur frá Dalsmynni í Núpá; 14. drukknaði í Gönguskarðsá Daníel Andrésson bóndi frá Ingveldarstöðum. 27. drukknaði vinnumaður frá Hnausum í Þingi í tjörn austan við bæinn. Í s. mán. varð úti kvenmaður frá Höskuldstöðum í Blöndudlíð á heimleið frá Hofdölum. Í *febr.* (6.) fórst 6-manna-far í fiskiróðri í Bolungarvík með 6 mönnum; formaður Guðm. Magnússon hreppstjóri, dugnaðar- og aflamaður. 8. d. fórst bátur úr Steingrímsfirði með 2 mönnum. 8. d. varð kvenmaður úti í Álftafirði eystra. »Í mannskaðabylnum« 9.—10. febr. varð enn fremur úti vinnumaður frá Háagerði á Skagaströnd. á suðurleið; þá urðu og úti á Skagafirði feðgar 2 frá Mallandi: enn fremur Jón bóndi frá Þrándarkoti í Laksárdal á Laksárdalsheiði á heimleið frá Borðeyri, og Stefán prestur á Þóroddstöðum í Kinn nyrðra, sem síðar verður minst á. Stúlka varð og úti í febr. frá Geithellum í Suður-Múlasýslu og maður frá Króki í Norðurárdal. Í *mars* (2.) drukknuðu 3 menn af bát á Eyjafirði, er vóru að sækja vörur yfir á Svalbarðseyri. 23. mars drukknaði maður, er Þórhallur hét, ofan um ís á Eyjafirði. 26. fórst skip í lendingu í Bolungarvík með 3 mönnum. Í þeim mánuði fórst og með öllu fiskiskúta, Jósefína úr Vestmannaeyjum með 8 mönnum, öllum ókvæntum. Í apríl á sumardaginn fyrsta drukknaði maður við Látrabjarg. 24. drukknuðu 4 menn af skipi á Dýrafirði. 28. drukknuðu í fiskileitum 3 menn frá Stóru-Vatnsleysu, 1 bóndi giftur fyrir 3 mánuðum. Í sama mánuði steypti vinnukona sér fram af kletti í Æðey og fórst. Um þær mundir varð og kona úti á Laksárdalsheiði frá Borðeyri. Í *maí* (2.) fórst bátur frá Látrum með 5 mönnum. 22. drukknuðu 3 menn af skipi úr Reykjavík á uppsiglingu úr fiskiróðri. Í sama mánuði fannst örendur af veðaskoti unglingspiltur á Mýrum, sem farið hafði til fuglveiða. I *júní* (22.) fórst bátur á Jökulfjörðum og drukknuðu 3 menn. Í *júlí* (25.) steypti

sèr maður útbyrðis af hákarlaskútu vestra og drukknaði; í sama mánuði duttu og 2 menn út af hákarlaskipi á Siglufirði og drukknuðu, og barn lést af byssuskoti á Seyðisfirði. Í *ágúst* (12.) drukknaði vinnukona frá Svínhaga á Rangárvöllum í bæjarlæk. 19. drukknuðu í Varmá í Mosfellssveit í hyl undir fossi 2 ungir menn, er vóru ásamt fleirum að baða sig og reyna sund. 27. drukknaði maður af bát á Eyjafirði. Seint í sama mán. drekti bóndi sér í mógröf í Miklaholtshrepp. Í *sept.* (17.) drukknuðu 4 ölvaðir Englendingar af gufuskipinu Lady Bertha, er þá var strandað á Borðeyri. Í sama mánuði varð úti bóndi úr Staðarsveit, að nafni Jón Árnason, á leið frá Búðum, mjög drukkinn. Í *okt.* (12.) hröpuðu 2 menn til bana úr Látrabjargi. S. d. drukknuðu 2 ógiftir bræður úr Rvík á fiskiróðri á siglingu, enn »seglin föst eins og vant er«. 24. drukknaði maður af bát í Arnarfirði vestra. Um mánaðamótin okt og *nóv.* drukknaði maður í Héraðsvötnum, er var að ferja sauði; öðrum manninum bjargaði einn sauðurinn. Í *desbr.* varð úti maður frá Hólsseli á Hólsfjöllum, er var að sækja föng í brúðkaupsveislu sína á Vopnafjörð.

VII. Lát heldri manna*.

Þessir *prestvígðir* menn létust á árinu:

Finnur Þorsteinsson (bónda Mikaelssonar í Mjóanesi og Kristínar Jónsdóttur prests í Vallanesi Stefánssonar), fæddur 8. febr. 1818, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1845, vígður að Þönglabakka 1857, fékk Desjarmýri 1861 og Klyppsstaði 1869, er hann þjónaði þangað til hann fékk lausn frá prestskap 20. febr. þ. á. Hann lést 25. nóv. og lét eftir sig konu, Ólöfu Einarsdóttur (bónda í Hellisfirði Erlendssonar) og 2 börn á lífi (Jón stud. theol. og Kristínu).

---

*) Í ýmsum atriðum þessa kafla hefi eg nú og fyr notið nokkurra leiðbeininga fróðs manns, Hannesar Þorsteinssonar í Rvík, einkum í ættfærslu, og skal þess þakklátlega getið, enn ekki er honum um að kenna. ef ónákvæmni eða villur hafa innslæðst. Höf.

fyrir norðurströndum Íslands um hávetur (sbr. bls. 16). Hann bauð kaupfélagi Fljótsdalshéraðs, að flytja vörur fyrir það upp í Lagar fljótsós næsta sumar; þótti það »einkar-nauðsynlegt fyrirtæki«.

Manntjón af slysförum. Í *jan.* (10.) fórust 2 unglingsmenn ofan um ís á Markarfljóti; 12. drukknaði kona frá Þverá í Eyjahrepp og unglingspiltur frá Dalsmynni í Núpá; 14. drukknaði í Gönguskarðsá Daníel Andrésson bóndi frá Ingveldarstöðum. 27. drukknaði vinnumaður frá Hnausum í Þingi í tjörn austan við bæinn. Í s. mán. varð úti kvenmaður frá Höskuldstöðum í Blönduhlíð á heimleið frá Hofdölum. Í *febr.* (6.) fórst 6-manna-far í fiskiróðri í Bolungarvík með 6 mönnum; formaður Guðm. Magnússon hreppstjóri, dugnaðar- og aflamaður. S. d. fórst bátur úr Steingrímsfirði með 2 mönnum. S. d. varð kvenmaður úti í Álftafirði eystra. »Í mannskaðabylnum« 9.—10. febr. varð enn fremur úti vinnumaður frá Háagerði á Skagaströnd, á suðurleið; þá urðu og úti á Skagafirði feðgar 2 frá Mallandi; enn fremur Jón bóndi frá Þrándarkoti í Laksárdal á Laksárdalsheiði á heimleið frá Borðeyri, og Stefán prestur á Þóroddstöðum í Kinn nyrðra, sem síðar verður minst á. Stúlka varð og úti í febr. frá Geithellum í Suður-Múlasýslu og maður frá Króki í Norðurárdal. Í *mars* (2.) drukknuðu 3 menn af bát á Eyjafirði, er vóru að sækja vörur yfir á Svalbarðseyri. 23. mars drukknaði maður, er Þórhallur hét, ofan um ís á Eyjafirði. 26. fórst skip í lendingu í Bolungarvík með 3 mönnum. Í þeim mánuði fórst og með öllu fiskiskúta, Jósefína úr Vestmannaeyjum með 8 mönnum, öllum ókvæntum. Í apríl á sumardaginn fyrsta drukknaði maður við Látrabjarg. 24. drukknuðu 4 menn af skipi á Dýrafirði. 28. drukknuðu í fiskileitum 3 menn frá Stóru-Vatnsleysu, 1 bóndi giftur fyrir 3 mánuðum. Í sama mánuði steypti vinnukona sér fram af kletti í Æðey og fórst. Um þær mundir varð og kona úti á Laksárdalsheiði frá Borðeyri. Í *maí* (2.) fórst bátur frá Látrum með 5 mönnum. 22. drukknuðu 3 menn af skipi úr Reykjavík á uppsiglingu úr fiskiróðri. Í sama mánuði fannst örendur af veðaskoti unglingspiltur á Mýrum, sem farið hafði til fuglveiða. I *júní* (22.) fórst bátur á Jökulfjörðum og drukknuðu 3 menn. Í *júlí* (25.) steypti

sèr maður útbyrðis af hákarlaskútu vestra og drukknaði; í sama mánuði duttu og 2 menn út af hákarlaskipi á Siglufirði og drukknuðu, og barn lést af byssuskoti á Seyðisfirði. Í *ágúst* (12.) drukknaði vinnukona frá Svínhaga á Rangárvöllum í bæjarlæk. 19. drukknuðu í Varmá í Mosfellssveit í hyl undir fossi 2 ungir menn, er vóru ásamt fleirum að baða sig og reyna sund. 27. drukknaði maður af bát á Eyjafirði. Seint í sama mán. drekti bóndi sér í mógröf í Miklaholtshrepp. Í *sept.* (17.) drukknuðu 4 ölvaðir Englendingar af gufuskipinu Lady Bertha, er þá var strandað á Borðeyri. Í sama mánuði varð úti bóndi úr Staðarsveit, að nafni Jón Árnason, á leið frá Búðum, mjög drukkinn. Í *okt.* (12.) hröpuðu 2 menn til bana úr Látrabjargi. S. d. drukknuðu 2 ógiftir bræður úr Rvík á fiskiróðri á siglingu, enn »seglin föst eins og vant er«. 24. drukknaði maður af bát í Arnarfirði vestra. Um mánaðamótin okt og *nóv.* drukknaði maður í Héraðsvötnum, er var að ferja sauði; öðrum manninum bjargaði einn sauðurinn. Í *desbr.* varð úti maður frá Hólsseli á Hólsfjöllum, er var að sækja föng í brúðkaupsveislu sína á Vopnafjörð.

VII. Lát heldri manna*.

Þessir *prestvígðir* menn létust á árinu:

Finnur Þorsteinsson (bónda Mikaelssonar í Mjóanesi og Kristínar Jónsdóttur prests í Vallanesi Stefánssonar), fæddur 8. febr. 1818, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1845, vígður að Þönglabakka 1857, fékk Desjarmýri 1861 og Klyppsstaði 1869, er hann þjónaði þangað til hann fékk lausn frá prestskap 20. febr. þ. á. Hann lést 25. nóv. og lét eftir sig konu, Ólöfu Einarsdóttur (bónda í Hellisfirði Erlendssonar) og 2 börn á lífi (Jón stud. theol. og Kristínu).

---

*) Í ýmsum atriðum þessa kafla hefi eg nú og fyr notið nokkurra leiðbeininga fróðs manns, Hannesar Þorsteinssonar í Rvík, einkum í ættfærslu, og skal þess þakklátlega getið, enn ekki er honum um að kenna. ef ónákvæmni eða villur hafa innslæðst. Höf.

Halldór Jónsson (bónda Þorleifssonar á Kleifum í Gilsfirði og Halldóru Ólafsdóttur [Mála-Ólafs] prests í Saurbæjarþingum Gíslasonar), fæddur 10. sept. 1808, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1832, vígður aðstoðarprestur séra Björns Hjálmarssonar í Tröllatungu 27. maí 1838, fékk það brauð við uppsögn hans 1847 og var þar síðan prestur (48 ár alls) þangað til hann fekk lausn frá prestskap 1886. Hann lést 14. júlí í Hlíðarseli í Strandasýslu.

Helgi Sigurðsson (dbrm. Helgasonar bónda á Jörfa), fæddur 2. ágúst 1815, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1840, tók síðan 2 fyrstu lærdómspróf við Khafnar-háskóla og las læknisfræði um hríð, enn nam dráttlist o. fl. jafnframt við listaskólann í Khöfn og lærði ljósmyndagerð fyrstur Íslendinga. Embættis-próflaus sigldi hann síðan heim aftur og bjó á Jörfa uns hann var prestvígður að Setbergi 26. ágúst 1866; síðan fékk hann Mela í Melasveit 1875 og lausn frá prestskap 1883; lifði síðan á Akranesi til þess er hann lést 13. ágúst, ókvæntur, enn átti börn. Nafnkunnastur varð hann fyrir forngripasöfnun, enda byrjaði hann á henni einna fyrstur manna hér á landi og gaf Forngripasafninu nokkra fornmuni, er það var stofnað, fyrstur manna. (Sjá síðar um 25-ára-afmæli Forngripasafnsins). Síðan safnaði hann forngripum sér, og átti allmikið safn er hann lést; hafði hann þá boðið það forstöðumanni forngripasafnsins, Sigurði gullsmið Vigfússyni. til kaups gekk ekki saman með þeim, enda þótti Sigurði munirnir lítilfjörlegir og bauð séra Helgi þá gripina til kaups forngripasafni í Stokkhólmi («Nordiska Museet»), og varð það úr að það safn keypti gripina, þó ekki fyr enn að séra Helga látnum, samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá hans. Auk nokkurra ritgerða í blöðum og tímaritum (t. d. «Örnefni einkum í Bjarnarsögu Hítdælakappa», í Safni til sögu Ísl. II.) liggja eftir hann ýmsar ritgerðir óprentaðar, þar á meðal rímnaháttalykill með rúmum 2000 bragháttum, og auk þess uppdrættir og myndir af einstökum mönnum, og honum er að þakka sú eina mynd, sem til er af Jónasi skáldi Hallgrímssyni; hana tók séra Helgi af Jónasi látnum.

Hjálmar Þorsteinsson (smiðs Þorsteinssonar), fæddur á

Fornastöðum í Fnjóskadal 18. júlí 1814; kom í Bessastaðaskóla 1834, enn var útskrifaður af séra Hallgrími prófasti á Hólmum 1844 og vígður aðstoðarprestur séra Jóns Jónssonar á Grenjaðarstöðum 1845; þjónaði síðan Presthólum, Stærra-Árskógi og Kirkjubæ í Hróarstungu og fékk lausn frá prestskap 1883 og lèst 20. jan. í Bót í Hróarstungu, og skömmu síðar kona hans Jóhanna Jónsdóttir (prests í Öksnafelli Jónssonar lærða, prests í Dunhaga); höfðu þau átt mjög erfitt uppdráttar, hin síðustu ár einkum; börn þeirra 2 þá dáin.

Lárus Jóhannesson (sýslumanns í Hjarðarholti Guðmundssonar), fæddur 4. nóv. 1858, útskrifaður úr Rvíkurskóla 1881 og úr prestaskóla 1883; vígður s. á. aðstoðarprestur séra Vigfúsar prófasts Sigurðssonar á Sauðanesi og þar lést hann 9. sept. og lét eftir konu og börn.

Skúli Gíslason (prests Gíslasonar, síðast að Gilsbakka, og Ragnheiðar Vigfúsdóttur Thorarensen), fæddur 14. ágúst 1825 í Vesturhópshólum og útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1849 og frá háskólanum í Khöfn 1855 með 1. einkunn í guðfræði og árið eftir vígður prestur að Stóra-Núpi; 1859 fekk hann Breiðabólstað í Fljótshlíð og þjónaði því brauði til þess er hann varð bráðkvaddur á heimili sínu 2. des., nýkominn heim frá messugjörð á útkirkjunni Teigi; hafði hann þá nýlega sagt af sér prófastsembætti í Rangárvallasýslu, er hann hafði gegnt síðan 1881, enn amtsráðsmaður var hann og hafði verið síðan amtsráð komst á. Ekkja hans er Guðrún Þorsteinsdóttur (prests Helgasonar í Reykholti) og lifa 5 börn þeirra, þar á meðal Skúli prestur í Odda og Soffía kona Gunnlaugs bónda Þorsteinssonar (fyr sýslumanns) á Kiðjabergi. Séra Skúli þótti þjóðhöfðingi mesti, gáfu- og fjörmaður, fróður mjög, framúrskarandi hreinskilinn og prestur hinn besti; hann var vel fjáður maður, enda búsýslumaður góður.

Stefán Jónsson (prests að Mælifelli Sveinssonar landlæknis Pálssonar), fæddur 14. okt. 1847, útskrifaður úr Rvíkurskóla 1871 og úr prestaskóla 1876 og vígður s. á. prestur að Þóroddsstöðum í Kinn, fekk Mývatnsþings 1879, enn Þóroddsstaði aftur 1880 og var þar prestur, til þess er hann varð úti á Skarðahálsi skamt frá Húsavík í dimmviðrisfjúki 9. febr., eigi

algáður, enða hneigður til drykkjuskapar, enn einkargóðum hæfileikum gæddur; lét eftir konu, Önnu Kristjánsdóttur (bónda á Núpum í Aðaldal Jóhannessonar), og börn (2 eða 3).

Stefán Þorvaldsson (prófasts og sálmaskálds Böðvarssonar og síðustu konu hans Kristínar Björnsdóttur), fæddur á Reynivöllum 1. nóv. 1808, útskrifaður úr skóla 1830, var síðan 5 ár hjá Gunnlaugi Oddssyni dómkirkjupresti á Lambastöðum, vígður prestur að Knappstöðum 1835, fekk síðan Mosfell í Mosfellssveit 1843, Hítarnesþing 1855 og síðast Stafholt 1866 og varð s. á. prófastur í Mýrasýslu, og riddari dannebrogsorðunnar 1883; hann lét af prestskap 1886, þá orðinn blindur og lést í Munaðarnesi hjá tengdasyni sínum Birni Þorlákssyni (prests að Undirfelli) 20. okt. Kona hans var Ingibjörg Jónsdóttir (sjá Fr. f. á. bls. 48) og höfðu þau haldið gullbrúðkaup sitt 1885, sama árið sem séra Stefán varð jubilprestur.

»Gleði var í anda,
gæðska í hjarta,
stöðug og stór var lund«,

kvað Benedikt Gröndal um hann látinn.

Sveinn Skúlason (Sveinssonar og Guðrúnar Björnsdóttur), fæddur að Ytri-Þverá í Vesturhópi 12. apríl 1824, útskrifaður úr Rvíkurskóla 1849, tók síðan 2 lærdómspróf við Khafnarháskóla og ætlaði að stunda málfræði, enn var um tíma skrifari í íslensku stjórnardeildinni; hætti námi og kom hér til lands aftur 1856 og varð ritstjóri »Norðra« (4.—9. árg.) og forstöðumaður prentsmiðjunnar á Akureyri til 1862, er hann fór til Reykjavíkur og þar dvaldi hann til 1868, er hann eftir kgs.leyfi 2. ágúst 1865 tók prestvígslu til Svalbarðs enn skifti á því brauði jafnharðan og Staðarbakka, og þar var hann til þess er hann fluttist að Kirkjubæ í Hróarstungu 1884, og þar lést hann 21. maí, all-hrumur og sjóndapur. Þingmaður var hann fyrir Norður-Þingeyjarsýslu 1859—67 og á Akureyri fékst hann við bókaútgáfur (Jóns lagabók, fornsögur ýmsar o. fl.) og ritaði ýmsar ritgerðir þess utan, t. a. m. »Ævi Sturlu lögmanns Þórðarsonar« í »Safni til sögu Ísl«. I. o. fl.; þótti hann

mikilhæfur maður. Kona hans var Guðný Einarsdóttir (sjá Fr. 1885, bls. 45), og áttu þau börn, er lifa.

Þá skal getið tveggja fræðimanna, er lètust þetta ár; annar var

Jón Árnason (prests Illugasonar) fæddur í Hofi á Skagaströnd 17. ágúst 1819, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1843, og hafði síðan ýms störf á hendi: barnakenslu hjá Svb. Egilssyni dr., tímakenslu við latínuskólann, ritarastörf hjá Helga biskupi Thordersen, umsjón Forngripasafnsins um nokkur ár eftir dauða Sigurðar málara, enda studdi hann að stofnun þess, forstöðu stiftisbókasafnsins frá 1848 og síðan landbókasafnsins til 1887, launalaust fram að 1882, umsjón við latínuskólann frá 1867—79, er sú sýslan var af numin sem sèrstök, en falin kennurum skólans. Nafnkunnur varð hann einkum fyrir afskifti sín af þjóðsögum vorum, er þeir Magnús prestur Grímsson († 1860) byrjuðu fyrstir manna að safna (1845), sbr. Formála Guðbr. Vigfússonar fyrir Þjóðs. I. bls. xxvii; gáfu þeir fyrst út «Íslensk æfintýri» 1852; síðan kom Þjóðsögusafnið út í 2 bindum 1862 og 1864 fyrir ötulleik Jóns og öfluga aðstoð ýmisra styrktarmanna hans; hefir það getið Íslandi heiður erlendis, og úrval þess verið þýtt á þýsku og dönsku (oftar enn einu sinni), ensku, frönsku og norsku. Jón safnaði og þulum, gátum og leikjum (sem bókm.fèl. er nú að gefa út með viðbótum) og urmul af þjóðkvæðum. Hann gaf ásamt fleirum út rit Svb. Egilssonar og ritaði ævisögu hans (1856) og sögu Karlamagnúsar, og Lúters (1852) o. fl. Kona hans Katrín Þorvaldsdóttir (Sigurðssonar frá Hrappsey) lifir hann barnlaus. — Hinn var

Gísli Brynjúlfsson (sonur dr. Gísla Brynjólfssonar prests á Hólmum í Reyðarfirði, er drukknaði 26. júní 1827, og Guðrúnar Stefánsdóttur amtmanns Þórarinssonar), fæddur á Hólmum 3. sept. 1827, útskrifaður úr Bessast.skóla 1841, tók síðan 1. og 2. lærdómspróf við háskólann í Khöfn; hann varð stipendiaríus Arnamagnæanus 1848 og 1874 docent (oxtraord.) við háskólann í ísl. bókmenntum og sögu, og var það til þess er hann lést 29. maí, og hafði hann þá verið veill á geðsmunum

um hríð. Kona hans var dönsk. Gísli fékst allmikið við ritstörf: gaf úr Norðurfara (Kh. 1848—49), með Jóni Thoroddsen, Svöfu (Kh. 1860) með Ben. Gröndal og Stgr. Thorsteinsson; skrifaði allmargar ritgerðir í Ný Fèlagrrit, «Andvara», Arböger for nordist Oldkyndighed» o. v. Hann átti og við útgáfu af «sögu af Trístram og Ísönd með Möttulsögu» (Kh. 1878) fyrir hið kgl. norræna forfræðafèlag, enn hina minni Trístramssögu hafði hann gefið út 1851 í «Annaler for nordisk Oldkyndighed og Historie», og almanakið íslenzka gaf hann út eptir dauða Jóns Sigurðssonar. Gísli var skáldmæltur vel og einkennilegur; eru nokkur kvæði eptir hann prentuð til og frá; náði hann þó aldrei almanna viðurkenningu sem skáld, enda sum kvæði hans torskilin og nokkuð styrfin, þó einstaka hafi orðið þjóðkunnugt og vinsælt, svo sem «Grátur Jakobs yfir Rakel». Gísli var þingmaður Skagfirðinga 1859—63; það spilti áliti hans á síðari árum, að hann slóst í fjandaflokk Jóns Sigurðssonar, þegar hann barðist fyrir stjórnbót Íslands, og þótti Gísli koma þar illa og óhreinlega fram, og við lát hans var hans ekki getið til lofs nema sem skálds, af þeim einum þó, sem hægt láta sèr um frekari stjórnarbót Íslands, enn annars var hans sárlítið minst og aðeins með hnífilyrðum; eru þessa fá dæmi hèr á landi.

Í *kaupmannastétt* dó meðal annara einn íslenskur kaupmaður: *Jón Guðmundsson* (bónda Brynjólfssonar á Mýrum í Dýrafirði), kaupm. í Flatey á Breiðafirði († 15. jan.), tæplega 45 ára gamall, vel fjáður og dugmaður. Enn fremur lést *Valdimar Fischer* († 22. nóv.), danskur maður, er rekið hafði verslun hèr á landi (í Rvík og Keflavík) um mörg ár og grætt of fjár. Hans skal hèr sèrstaklega getið að því, að harða árið 1882 gaf hann Borgarfjarðar- og Mýrasýslu 5000 kr. til skiptingar, einkum meðal viðskiptamanna hans í þeim hèruðum. Kona hans var íslensk: Arndís Teitsdóttir (dýralæknis Finnbogasonar), og lifir hún hann með 3 börnum, alt í Danmörku.

Af öðrum mönnum dánum skal hèr nefndur *Einar* prentari *Þórðarson* (bónda Jónssonar), fæddur í Skildinganesi 23. desbr. 1818, var hann forstöðumaður landsprentsmiðjunnar frá

1852 til 76, er hann keypti hana; síðan seldi hann hana Birni ritstjóra Jónsyni 1886, og hafði þá 50 ár fengist við prentstörf og gefið út allmargar bækur og bæklinga; hafði hann verið í bæjarstjórn Rvíkur allmörg ár; þótti hann yfrinn stórbokki á velgengnis-árunum og varð honum stundum að orði það sem eftir er haft: «Eg skapa peninga». Hann dó að Hálsi í Kjós 11. júlí, mjög þrotinn á sál og líkama, ekkjumaður í 3. sinn og öreigi. Hann var greptraður í Reykjavík 18. júlí og mintist Gestur Pálsson hans meðal annars þannig í erfiljóðum:

Hann stóð í broddi lífsins með sterkum framahug,
var stórvirkur og framgjarn og sýndi þrek og dug,
og gæfan honum brosti, hann safnaði' auði' og seim,
og sigurópi fjöldans og virðing hér í heim.

Hann stóð á aptni lífsins sem einstæðingur ber,
með æfifjörið þrotið og harm að baki sér.
Hans lífsstrit varð allt gagnslaust, hans auður öskufok.
og ellimóður horfði' hann á gæfu sinnar lok.

Af ýmsum merkum *bændum*, sem létust þetta ár, var dbrm. *Erlendur Pálmason* (bónda Jónssonar og Óskar Erlendsdóttur á Holtastöðum Guðmundssonar) í Tungunesi langmerkastur; fæddur á Holtastöðum 20. nóv. 1820, og dó 28. okt. þ. á., tvíkvæntur. Hann var fremsti maður í hverju félagsskaparfyrirtæki sinnar sveitar og sýslu, því er til framfara horfði; einkum í búnaði og verslun, enda fyrirmyndar-bóndi sjálfur, þannig var hann einn af frumkvöðlum hins merka búnaðarfélags í Svínavatnshrepp (stofnað 1843) og forseti þess frá 1855 til dauðadags; þegar búnaðarskólinn á Hólum var stofnaður (1883), varð hann formaður yfirstjórnarinnar og upp frá því, enda studdi það mál með frábærum áhuga til framhalds og umbóta; hann var og formaður pöntunarfélags Húnvetninga og Skagfirðinga frá 1884, er það komst á fyrir hans forgöngu. Hann var hreppstjóri (1855–59), hreppsnefnarmaður, (12 ár) og sýslunefndarmaður (14 ár) og í ýmsum aukanefndum og fulltrúi á Þingvallafundi 1876 til upprætingar fjárkláðanum. Viðurkenningu hlaut hann, þar sem hann fékk jarðyrkjuverk-

færi 1863 frá landbúnaðarfélaginu danska, heiðursgjöf 1880 úr styrktarsjóði konungs, dannebrogskross 1885, og silfurdósir frá sveitungum hans þetta ár í þakklætis- og heiðursskyni. Í framkomu sinni «sameinaði hann fjör og framsókn æskumannsins og hyggni og varfærni öldungsins». -- Af öðrum látnum bændum skulu nefndir: *Eyvindur Pálsson*, fyr hreppstjóri, á Stafnesi syðra, † 2. febr., á 78. ári. *Páll Steinsson*, óðalsbóndi á Tjörnum í Fyjafirði; gerði hann t. a. m. 9 dagslátta graslaust holt að sléttu túni, girtu, enda gildur bóndi; dó í febrúar á sjötugsaldri. Sonur hans er Pálmi cand mag., tímakennari við latínuskólann og aðstoðarmaður landsbókavarðar. *Sæmundur Sæmundsson*, lengi bóndi á Reykjum í Ölvesi, fjáður vel; keypti síðan Elliðavatn af Ben. sýslum. Sveinssyni, gekk þá af honum og upp frá því. Hann dó á Elliðavatni 13. sept. á sjötugsaldri. *Þorleifur Þorleifsson* (læknis), hreppstjóri, í Bjarnarhöfn vestra, dó 10. mars, rúml. 40 ára, atorkumaður.

Af látnum merkiskonum skulu nefndar: *Guðríður Jónsdóttir* (Magnússonar klausturhaldara), fædd 1809 á Kirkjubæjarklaustri, ekkja Páls próf. Pálssonar í Hörgsdal á Síðu († 1861); þeirra börn á lífi: sèra Páll í Þingmúla, Guðríður kona séra Sveins Eiríkssonar á Kálfafellsstað, og Helga kona Bjarna Bjarnasonar í Hörgsdal. Guðríður dó í Þingmúla 1. desbr. — *Guðrún Þorvaldsdóttir* (próf. Böðvarssonar), fædd 15. maí 1810, ekkja sèra Stefáns Stephensens, síðast á Reynivöllum; þeirra börn meðal annara á lífi: Stefán prestur á Mosfelli í Grímsnesi, Þorvaldur, fyr verslunarstjóri, nú í Ameríku, og Sigríður ekkja séra Guðjóns Hálfdánarsonar í Saurbæ í Eyjafirði, nú í Goðdölum. Guðrún dó 16. mars. — *Margrèt S. Hjálmarsen*, ekkja Þorsteins próf. E. Hjálmarsens († 1871); lifa 5 börn þeirra af 13. Hún dó 11. okt., rúml., sekstug. — *Margrèt Sigurðardóttir*, alsystir Jóns sál. Sigurðssonar forseta, gift Jóni skipstjóra Jónssyni á Steinanesi; meðal barna þeirra, 7 á lífi, er Sigurður sýslumaður Snæfellinga. Hún dó í Hokinsdal 5. desbr. og «þótti forn í háttum og föst í lund».

VIII. Mentun og menning.

Skólar og kensla. — Mentafélög og bókmentir. — Rannsóknarferðir o. fl.

Við *háskólann* í Khöfn tók einn Íslendingur embættispróf: Klemens Jónsson (Borgfirðings) í lögfræði með 1. einkunn. — Úr *prestaskólanum* útskrifuðust nú 14: Hannes Þorsteinsson, Jóhannes Lárus Lynge Jóhannsson, Eggert Pálsson og Jón Guðmundsson með 1. einkun; með 2. einkunn Bjarni Þorsteinsson, Sigfús Jónsson, Theodór Jónsson, Árni Jóhannesson, Jósef Hjörleifsson, Ólafur Finnsson, Hallgrímur Thorlacíus, Mattías Eggerstson, Ríkarður Torfason og Bjarni Einarsson. Í prestaskólanum urðu 21 um haustið. — Úr *læknaskólanum* útskrifuðust 4: Björn Ólafsson, Kristján Jónsson og Tómas Helgason með 1. einkunn, og Haldór Torfason með 2. einkunn; þar urðu 8 nemendur um haustið. — Úr *lærða skólanum* útskrifuðust 19: 6 með 1. einkunn, 9 með 2. eink., og 4 með 3. einkunn. Af þeim fóru 8 til háskólans og 1 eldri stúdent að auki; 7 af þeim gengu í prestaskólann og 2 í læknaskólann. Um árslokin voru nemendur í lærða skólanum 86 og auk þeirra nokkrir, er utan skóla stunduðu skólanám.

Möðruvalla- gagnfræðaskóla hefur áður verið getið (bls. 3); 9 nýsveinar komu þangað um haustið, enn allir (7) nemendur höfðu útskrifast um vorið. Vist lærisveina var gerð kostnaðarminni: þeir leggja nú sjálfir til mat, en kaupa matreiðslu og þjónustu að eins fyrir 36 kr. um skólaárið af bónda jarðarinnar, enn urðu áður að kaupa af honum fæði og aðhlynning fyrir 1 kr. á dag. -- Yfir *Flensborgar- skóla* lifnaði og nokkuð: sóttu hann fleiri (alls 70, í 2 barnabekkjum 49 og í 2 alþýðuskólabekkjum 21, af þeim 10 staðfestir), og 7 notuðu heimavistina. — *Hlèskógaskóla* hnignaði nú aftur á móti: Þaðan komu 2 nemendur um haustið. Hermann búfræðingur Jónasson, er þar var kennari síðastliðinn vetur, varð búnaðarskólastjóri á Hólum þetta ár. — Annars verður ekkert nýtt að segja af *búnaðarskólunum*, sem upp eru komnir, nema forstöðumannaskipti urðu einnig við Eiðaskóla; tók við Jónas búfræðingur Eiríksson, af Guttormi búfræðing Vigfússyni, og hafði óvild mikil snúist gegn honum: sakaður fyrir horfelli á fénaði

skólabúsins o. fl. Enn gegnum alt það mál þóttu skína vandræði Austfirðinga með skólastofnunina.

Hvanneyrarskóla-málið fèkk nú loks kollhríðina; amtsráð suðurumdæmisins samþykkti (10. okt.) og landshöfðingi staðfesti (10. nóv.), að amtsráðið keypti Hvanneyri (af Borgfirðingum) undir búnaðarskóla fyrir allt að 16000 kr., og til skóla þess skyldi varið búnaðarskólagjaldi suðurumdæmisins og vökstunum af búnaðarskólasjóði umdæmisins og taka lán (6000 kr.) til að koma stofnuninni á fót næsta vor; var Sveinn búfræðingur Sveinsson ráðinn forstöðumaður; höfðu allar sýslur suðurumdæmisins samþykkt þetta.

Mentafèlög og bókmentir. Þessa árs fréttir geta að líkindum sagt frá endalokum deilunnar út af «Heimflutningmálinu» í *bókmentafèlaginu.* Hafnardeildin svaraði svo Rvíkurdeildinni viðvíkjandi jafnari skiptum á félagstekjunum (sbr. Fr. f. á. bls. 53), að hún (ɔ: Rvd.) skyldi fá innlendar fèlagstekjur allar, enn svara þar af árlega 500 kr. til Hafnardeildarinnar og borga að auki helming af skuld þeirri (á 6. þúsund kr.), er Hafnard. kvaðst í komin, og taka síðan útgáfu «Skírnis» og «Skýrslna». Rvíkurd. neitaði á fundi 9. maí að taka skuldagreiðsluna að sér, enn að öðru leyti vildi hún binda 500 kr. skattinn við 5 ára tíma og 1000 króna tillag úr landssjóði um þann tíma; enn gengi Hafnard. eigi að slíkum kostum, samþykkti Rvd. með 26 atkv. gegn 18, «að beita tafarlaust lögsókn til að ná rètti» deildarinnar. Hafnard. feldi síðan sáttaskilmálana á fundi 16. júní, enn bjó til aðra þannig: «Fundurinn veitir fyrir sitt leyti samþykki til að deildir hins íslenska bókmentafèlags skipti svo með sér árstekjum fèlagsins, að deildin á Íslandi hafi til umráða allar félagstekjur þaðan, enn beri jafnframt upp frá því allan kostnað af útgáfu ársritanna «Skírnis» og «Skýrslna og reikninga, og borgi Hd. 500 kr. á ári, sem auk þess skal hafa allar tekjur af félagssjóðnum og félagstekjur erlendis. Þessi skifti skulu fram fara eftir að reikningar eru gerðir og samþyktir á fundum fyrir árið 1889.» Bréfaskipti urðu síðan á milli deildanna út af skilningi á ýmsum orðtækjum samþyktar þessarar, enn þar eftir aðhyltist Rvíkurdeildin þessa skilmála óbreytta (2. febr. 1889) og bjó

til lagabreytingar, er af þeim flutu. — Deildirnar gáfu út sínar venjulegu ársbækur: Skírni (nú saminn af stud. mag. Jóni Stefánssyni, í stað Eiríks varaprófast Jónssonar), Skýrslur, Tímarit og Fréttir 1887; auk þessa gaf. Hd. út 1. hefti 2. bindis af Íslensku Fornbréfasafni (Diplomatariun Islandicum); hafði alþingi síðast ætlað til þess 1200 kr. í fjárlögum á fjárhagstímabilinu (25 kr. fyrir örkina) og ríkisþingið danska 600 kr. á ári, og dr. Jón Þorkelsson í Khöfn búið það undir prentun. Þá kom og út frá sömu deild 2. hefti af ritsafninu «Íslenskar gátur, þulur og skemtanir»; það hefti var um «íþróttir og leiki» (ófullbúið), og er höf. þess Ólafur Davíðsson stud. mag. og hefir hann stuðst við söfn ýmissa manna (Jóns Árnasonar o. fl.). Rvíkurd. gaf út «Sýslumannaævir» 1. hefti II. bindis, eftir Boga Benidiktsson, með viðaukum og leiðréttingum Jóns Péturssonar yfirdómsforseta.

Þjóðvinafèlagið gaf út ársbækur sínar: Almanak og Andvara 14. ár með, ýmsum ritg.: ævi Tómasar Sæmundssonar eftir Stgr. Thorsteinsson (með mynd), Athugasemdir um stjórnarskipunarmálið eptir Ben. Sveinsson, Ferðasaga frá Vestfjörðum eptir Þorv. Thoroddsen, Frelsi og réttur eptir Pál Briem, Um Söfnunarjóð Íslands eptir Eirík Briem og Um ómagaframfærslu eptir Arnljót Ólafsson. Auk þessa gaf fèlagið út bók, er nefnd var «Auðnuvegurinn», eftir William Matthews, háskólakennara í Chicago.

Búnaðarfèlag Suðuramtsins styrkti enn þá að útkomu «Búnaðarritsins», 2. ári, er Hermann Jónasson búnaðarskólastjóri á Hólum hélt úti. Það þótti enn þá mikilsvert rit; höfðu þeir nú ritað í það: Einar umboðsmaður Ásmundsson («Hugleiðing um landúnað Ísl. að fornu og nýju»), Sæm. Eyjólfsson («Um efnahaginn og landbúnaðinn á Ísl.»), Torfi Bjarnason («Um súrhey; mikilsverðar bendingar eftir tilraunir hans sjálfs, jafnframt mörgum leiðréttingum við ritgerð Árna landfógeta Thorsteinssons um sama efni, sjá Fr. f. á. bls. 56), Stefán Stefánsson gagnfræðaskólakennari («Um kartöflur») og útgefandinn (meðal annars: «Athugasemdir um heimilisstjórn, vinnumensku og lausamensku», þar sem hann finnur að stjórnleysi húsbænda og agaleysi hjúa, leggur til «að allir hafi

frían aðgang að lausamensku» og að «almenn greiðasala þyrfti að komast á um allt land, svo að letingjar og slóðar gætu ekki haldið sér uppi á flækingi»; þessi ritg. vakti almennt mikla athygli).

Nýtt tímarit byrjaði þetta ár «um uppeldi og menntamál». Útgefendur: Jóhannes Sigfússon, Jón Þórarinsson, Ögmundur Sigurðsson», með ýmsum ritg.: «Lestur» (J. Þ.), «Um kennaraskóla á Finnlandi» (Ö. S.), «Um meðferð ungbarna (dr. J. Jónassen), «Um áhrif kennara á uppeldi barna» (J. S), «Löggjöf um barnauppfræðing á Íslandi» (J. Þ.) og «Skýrsla um barnaskóla 1887—88» (J. Þ.). Í sömu grein skal hèr getið sérstaks ritlings: «Um menningarskóla eða um lærða skólann í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann. Eftir Boga Th. Melsteð, Kh. Gefið út af nokkrum Íslendingum». Aðaltillögur sínar tekur höf. fram með þessum orðum að síðustu: «Einn almennur æðri menningarskóli ætti að vera í Reykjavík fyrir alt landið, og til hægðarauka fyrir Norðlinga, þá sé Möðruvallaskólinn, sem flytja ætti við fyrsta tækifæri á Akureyri, sem nokkur hluti hans, eins og 3 neðstu bekkirnir. Skólatíminn árlega sé 9 mánuðir í báðum þessum skólum og séu þeir algjörlega kostaðir af landsfé. Lægri almennir mentunarskólar sèu barnaskólar 1—5 bekkir eptir ástæðum. — — Í hinum stærstu og efnuðustu barnaskólnm sé skólatíminn 7½ mánuður. Í minstu og strjálbygðustu sveitum, þar sem eigi eru fastir barnaskólar, séu farandkennarar. Hvorirtveggja fái styrk úr landssjóði að rèttu hlutfalli við annað fjártillag (frá hreppunum o. fl.). Allir þessir skólar, æðri sem lægri, séu sameiginlegir fyrir pilta og stúlkur». Fyrirkomulag skóla og kenslu útlistar höf. í ritgerðinni.

Einstakar bækur og bæklingar í öðrum greinum skulu hér enn fremur nefndir: Í *guðfræði* «Páskaræða eftir séra Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ (1885)»; gaf Þorlákur Ó. Johnsson kaupmaður o. fl. hana út; er þar sterklega mótmælt þeirri kenning kirkjunnar, «að hegning syndanna sé óendanleg», enn sagt jafnframt, að það séu «fleiri kenningar enn þessi, sem kirkjan mundi þurfa að leiðrétta, ef vel væri», með ýmsum beiskyrðum að auki, flest talað frá sjónarmiði «Únítara»-trúflokksins,

og var höfundurinn þó prestur þjóðkirkjunnar til dauðadags (sjá Fr. f. á. bls. 45). Ræðan miðar aðallega við tilfinning höf. og skynsemi, og eru kenningar hennar freklega fullyrtar, einkum gagnvart heilagri ritningu. Þorlákur lét þýða ræðuna á ensku og kom ágrip af henni í blaði «Únítara», «The Christian Life», með æviágripi höf., og þar lokið miklu lofsorði á hana, sem við var að búast af því blaði, og hrósaði happi yfir því og ræðunni af ísl. blaðinu «Fjallkonan»; annars var hér á landi ekkert opinberlega á hana minst, enn margir einkum nýungagjarnir menn, tóku henni tveim höndum, og nefndu hana með útgef. «andlegan sólargeisla» og fleira slíkt.

Í *lögfræði* var eina bókin «Lagasafn handa alþýðu», og sem þingið hafði veitt þeim Magnúsi Stephensen landshöfðingja og Jóni Jenssyni landritara styrk til að gefa út; það vóru 2 bindi (2. bindi 1841—72, og 3. bindi 1872—86; 1. bindi ókomið), og þótti það þörf bók og vel útgefin.

Í *læknisfræði* skal getið rits eftir dr. Jónas Jónassen: «Barnfóstran, fyrirsögn handa alþýðu um rétta meðferð á ungbörnum,» enda telur höf. «hinn ógurlega barnadauða hèr á landi stafa eingöngu af óviturlegri meðferð barnanna». Þjóðvinafèlagið keypti þá bók af höf. til útbýtingar til handa félagsmönnum næsta ár.

I *málfræði* komu út í byrjun ársins 2 arkir af: «Islensk orðabók með frakkneskum þýðingum (dictionnaire islandais-français)» eptir Pál Þorkelsson (gullsmið og tannlækni) og átti að verða um 100 arkir og ná yfir málið frá elstu tímum, enn þó einkum eins og það nú er talað og ritað; skömmu síðar kom út ritdómur í blaðinu «Ísafold» um þessar 2 arkir eptir Geir Tómasson Zoëga skólakennara (í frönsku) og kom hann þar með mörg dæmi upp á «málfræðisleg aksarsköft». Höf. bókarinnar reyndi að verja sumt, sem Geir hafði að fundið. Annars var bókinni það til bóta mælt, að í hana voru «tekin upp ýms orð úr nútíðar máli, sem ekki eru í öðrum íslenskum orðabókum», og þótti fyrirtækið alment sýna «fátítt áræði hjá manni, sem í hjáverkum hefir aflað sér mentunar». —«Ensk hljóðfræði og nokkur framburðarsýnishorn» kom út eftir Geir T. Zoëga, sem upphaf kenslubókar í ensku,

er koma skyldi næsta ár; var af kveri því vel látið. — Þá kom og út: «Ný dönsk lestrarbók» með orðasafni (með þýðingum og áherzlutákni á hverju orði), eftir Jóh. Sigfússon og Jón Þórarinsson, kennendur við Flensborgarskólann. — Með þessa árs skólaskýrslu fylgdi byrjun á ritgjörð eftir Jón rektor Þorkelsson um «beyging sterkra sagnorða í íslensku». — Að síðustu skal nefnt: Um íslenskan skáldskap á 15. og 16. öld («Om digtningen på Island i det 15. og 16. Århundrede»), Khöfn, doktorsdispútasía eptir Jón Þorkelsson (Eyjólfssonar prests á Staðarstað), cand. mag. í Khöfn, er hann varði 30. júní; þótti ritið «efnismikið og gott safn og sýnishorn af kveðskap 15. og 16. aldarinnar», enda feikn prentað þar af áður óprentuðum handritum, og höf. manna fróðastur nú um íslensk handrit hér og erlendis, enn sumum þótti hann heillaður í dómum sínum um gæði og gildi skáldskaparins á þessu afturfarar- tímabili skáldskapar og sagnfræði.

Sem merkastan *skáldskap* á þessu ári má telja «þrjár sögur» eftir Gest Pálsson: «Grímur kaupmaður deyr», «Tilhugalífið» og «Vordraumur». Lífsskoðun sú, er kemur fram í sögum þessum, einkum í hinni síðustu, virðist þó sérstaklega athugaverð gagnvart kirkju og kristindómi í stöku greinum, eins og bera þykir á hjá öðrum realistum vorra tíma, velflestum. Hinni sömu skoðun bólar og að sjálfsögðu á hjá Hannesi Hafstein í «úrvali» því er hann gerði af «kvæðum og kviðlingum Bólu-Hjálmars» (sjá Fr. 1875 bls. 57 og 1879 bls. 28) og kostað var til prentunar þetta ár af Sigfúsi Eymundssyni bóksala og prentsmiðjueiganda, enn einkum sést hún berlega af ævisögu Hjálmars og skáldlýsingu þeirri, er Hannes hefir gert framan við kviðlingana. Hannes Hafsteinn hafði líka um veturinn (14. jan.) í fyrirlestri «um ástand íslensks skáldskapar nú á tímum» kveðið upp þann dóm, að íslenskur skáldskapur væri á afturfararskeiði, nema hjá Gesti Pálssyni sem skáldsagnahöfundi. Ben. Gröndal, sem hlotið hafði einna óvægilegastan dóm hjá Hannesi, einkum fyrir grafskrifta-vinnu sína, reis þá upp (4. febr. og síðar 15. des.) og andmælti Hannesi o. fl. Síðar (10. nóv.) kom Gestur Pálsson fram og hélt fyrirlestur um «lífið í Reykjavík», er var síðan prentaður;

er sá fyrirlestur hæðileg vandlætingar-prédikun út af óvenjum í bæjarbrag, sönnum og ímynduðum; er því ritlingurinn spé-spegill sem lýsing, en frásagan fjörug og fyndin með snjallu máli. — Annars var mikið um fyrirlestra í Rvík þetta ár, þótt ekki væru þessa efnis («Um búnaðarmálefni», er Sveinn búfræðingur Sveinsson hélt fyrir Búnaðarfélag Suðuramtsins 13. jan.; «Um ættjarðarást og þjóðernistilfinning Ísl., einkum í fornöld», er Guðmundur Guðmundsson stud. theol. hélt 3. marz, meðfram út af fyrirlestri Hannesar Hafsteins, er nærri hafði höggvið því hvorutveggju). Var Þorlákur Ó. Johnson kaupmaður lífið og sálin í, að koma slíku af stað, ásamt fleirum skemtunum (sögu-upplestrum, söng myndasýning o. fl.) «fyrir fólkið» í Rvík, og klykti út árið með því að láta kveða Andra-rímur opinberlega.

Þá er ótalin hlutdeild sú, er kvennfólk tók í ritsmíðum þessa árs, einkum skáldskap; þar komu 2 kvennmenn fram: *Ólöf Sigurðardóttir*, er gaf út «Nokkur smákvæði», sem þóttu lýsa «töluverðri skáldskapargáfu», þótt sum væri «smá að efni», enda «mörg líkjast ótölulegum öðrum yngri höfunda kvæðum um sams konar efni» (sorg og ást), enn laus við smekkleysur, rímararugl, öfgar og íburð; —og *Ingibjörg Skaftadóttir*, er gaf út sögu: «Kaupstaðarferðir», til formæla bindindismálinu, enda kostuð af góðtemplarstúku og prýðisgóð í þeim tilgangi, enn skáldskapur smávaksinn. Þriðja konan, sem fékst við rit-störf, var *Elín Briem*, forstöðukona kvennaskólans á Ytri-Ey; hún gaf út bók, er heitir «Kvennafræðarinn», fyrra hefti, eins konar matreiðslufræði m. fl., einkar gott og þarflegt rit fyrir konur. —Annars fór talsvert að bera á því, að konur notuðu kosningarrétt þann, er þær hafa fengið, einkum við presta-kosningar, enn mjög tregar hafa þær þótt að nota þann rétt hingað til; þannig var það fyrst þetta ár, að ein kona í Rvík kaus bæjarstjóra, af rúmum 30, er þar hafa kosningarrétt; víða annarstaðar höfðu konur þó orðið fyrri til þess. (Sjá enn fr. bls. 3.).

Í *tímaritinu Iðunni* var þetta ár meðal annars ný skáld-saga eftir Jónas prest Jónasson, er hét «Frelsisherinn», um pólitísk gönuskeið, bæði blinda vanafestu og einkum óstjórn-

lega breytingafýsn undir yfirskini frelsis og framfara og svo um óljósar miðlunar-tilraunir á þessum tveim öfgum.

Í *söngfræði* kom út «Stafrof söngfræðinnar» eftir Björn Kristjánsson (gjaldkera Rvíkurbæjar), og 6. hefti söngva og kvæða eftir Jónas Helgason, organleikara Rvíkur dómkirkju.

Blöðin vóru þau sömu, nema Austri, blað Austfirðinga, gafst upp; hafði prentari hans (Baldvin Stefánsson) sýkst og dáið, og kom síðasta blað hans (nr. 22 af 4. árg.) út á Akureyri 28. maí; hafði síðast áður komið út 5. desbr. eystra (á Seyðisfirði). Nýtt blað bættist í skarðið á Akureyri 19. sept., nefnt «Lýður»; var ritstjóri Mattías prestur Jochumson; þótti vart verða talað um neina fasta stefnu þess blaðs í neinu máli, enn þó helst að mæla máli þeirra, er mótfallnir eru frekari baráttu fyrir stjórnarendurbót, enda af þeim stofnað í því skyni. Um stefnu hinna eldri blaða skal það eitt frekar sagt, að Þjóðólfur og Þjóðviljinn fylgdu sem áður fast fram endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ísafold átti að stækka um ársbyrjun næstu og koma út tvisvar í viku (104 nr.).

Rannsóknarferðir o. fl. Þorvaldur skólakennari Thoroddsen ferðaðist rúman mánaðartíma um sumarið og fór fyrst um Árnessýslu upp í Þjórsárdal (Fossárdal); staðfesti hann þá ætlun manna (Brynjólfs Jónssonar frá Minna-Núpi í Árb. Fornl. 1884–85 bls. 55), að Rauðukambar hefðu aldrei gosið (1343), enn Þjórsárdalsbygðin mundi hafa eyðst í Heklugosum einkum um miðja 14. öld; í Kerlingarfjöllum hjá Hofsjökli fann hann eitthvert merkilegasta hveraplass á landinu, í Hveradölum: mörg þúsund brennisteins- og leir-hverir (macaluba) og vellandi leirtjarnir bláar, gular, rauðar, grænar, og standa reykjarstrókar víða út um sprungur, sumir 2—3 mannhæða háir, með miklu öskri og gný. Hann fór víðar þar um pláss. Öskurhólshverinn á Hveravöllum norðan undir Kjalhrauni var hættur að gjósa, er Þorv. kom nú þangað, fyrstur eftir Henderson (1815). —Sigurður fornfræðingur Vigfússon fór og í fornmenjarannsóknir um Vestfirði, mest til að fá frekari vissu um ýmsa sögustaði (í Gísla sögu Súrssonar einkum), er hann hafði áður komið við á (1882, Árb. 1883). Til forngripasafnsins fékk Sigurður og ýmsa muni gefna og keypta.

Á þessu ári komu fyrst til forngripasafnsins gripirnir úr Hólakirkju (sjá Fr. 1886, bls. 55); hafði orðið þras um verð þeirra. *25-ára-afmæli forngripasafnsins* var haldið 24. febr.; risu þá deilur út af því, hvern nefna ætti stofnanda safnsins, milli blaðanna Ísafoldar, er nefndi til séra Helga Sigurðsson (sjá bls. 37) og Þjóðólfs, er til nefndi Sigurð málara Guðmundsson. Enn svo framarlega sem einn mann má nefna stofnanda þess, verður það Sigurður málari, eins og tekið er fram í Fr. 1874 bls. 51.

*

* *

IX. Íslendingar í Vesturheimi.

Vesturheimsflutningar héðan um sumarið urðu nokkru minni enn árið áður; þó var talið, að vestur hefði flutst alls þetta ár 1160 menn (1044 til Winnipeg), mest að norðan og austan; fóru Norðlingar (100) að koma í júní landveg til Reykjavíkur til útflutnings vegna íssins. Þetta ár harðnaði deilan út af Vesturheims-flutningum bæði hér á landi og vestra meðal Íslendinga; var hér einkum mótspyrna móti þeim hjá fáeinum mönnum, enn þar stuðningur að þeim. Svo bar við um vorið, að mag. Ben. Gröndal í Rvík ritaði bækling «um Vesturheimsferðir» og fordæmdi þær frá sjónarmiði lands og þjóðar hér, enn taldi þó hins vegar flesta þá mestu óreiðumenn, er vestur höfðu flutst, og tilvinnandi að vera laus við þá, kvartaði mjög yfir löstum þjóðarinnar íslensku og bar landkostum Íslendingabygða í Vesturheimi og útflutningsmeðalgöngurunum íslensku herfilega söguna. «Ófgar Grönd als» í ritlingi þessum hleyptu Jóni alþm. Ólafssyni af stað; hann var þá nýlega orðinn skrifstofumaður hjá Sigf. Eymundssyni, og skrifaði sem gamall Alaskafari ritling, er hann nefndi: «Eitt orð af viti um Vesturfara og Vesturheimsferðir, og B. G. afklæddur, hirtur og settur í gapastokkinn». Þess þarf ekki að geta, að um leið og hann sýndi fram á ýmislegt ranghermi Grönd als, tíndi hann til flest það, er hann gat fundið Gröndal til hneisu persónulega; risu óðara meiðyrðamál út úr þessu, stefndi

Sigfús Eymundsson Gröndal annars vegar og Gröndal Jóni hins vegar; unnu báðir stefnendur fyrir undirdómi, og var Jón sektaður um 400 kr. fyrir það, er hann hafði ekki getað sannað um Gröndal. Síðar skrifaði Gröndal: «Enn um Vesturheimsferðir», hóflegra enn áður. Nýtt blað var stofnað í ársbyrjun af Íslendingum vestra og nefnt «Lögberg», gefið út í Winnipeg; var Einar stúdent Hjörleifsson einn meðal útgefanda; það blað varð ókvæða við ritlingi Gröndals og vóru fyrir fylgi þess samskot hafin meðal Íslendinga vestra til heiðurslauna til handa Jóni Ólafssyni, einkum fyrir ritling hans móti Gröndal, og urðu þau 1100 kr., er Jóni vóru fyrst sendar eftir árslokin. Sum hérlend blöð (sbr. þó. bls. 16) lögðu nú og fastara móti útflutningum, einkum þó Ísafold, er stutt hafði útbreiðslu Gröndals-ritsins; þótti þeim kasta tólfunum, er Lögberg flutti kvæði um Ísland, þar sem landinu var fundið flest til forátttu, enda gerði blaðið sér mat úr því; er þetta upphaf kvæðisins:

Volaða land,
hörsælu hjervistar slóðir,
húsgangsins trúfasta móðir,
volaða land.

Þóttust margir hér þegar vita, að séra Mattías Jochumsson væri höfundur þess, enda lýsti hann yfir því síðar, að svo væri (sbr. bls. 21), en kvaðst aldrei hafa leyft að prenta það vestra þótt hann sendi það, enda væri kvæðið úr ófullbúnu leikriti («Idealistar og Realistar»), og væri því «níð þetta» ekki ort í nafni sjálfs hans; olli kvæði þetta megnri gremju hér á landi. Undir merkjum mannúðar og meðaumkunar studdu allmargir Íslendingar vestra fast að útflutningum héðan; þeim höfðu borist bréf og áskoranir frá mörgum hérlendum mönnum, einkum að norðan, er báru sig hörmulega, en hinir lögðu fullan trúnað á og þótti «útlit fyrir mikið hungur og ef til vill mannfelli» á Norður-Íslandi; og samþykti Íslendingafélag í Winnipeg því nú (11. sept.), að reyna að fá Kanadastjórn til að kosta 2 menn til Norðurálfunnar, og síðan Manitoba-stjórn, ef Kanadastjórn daufheyrðist, í þeim tilgangi, að «koma þar á félögum, til að hjálpa bágstöddu fólki til að komast burtu af

Íslandi», «þareð áður hefir árangurslaust verið reynt, að vekja áhuga manna í Ameríku fyrir þessu harðærismáli og fá þá til að safna fé í því skyni að hjálpa mönnum á Íslandi». Jafnframt hugsuðu Ísl. þar þá sem áður mikið um, að «hjálpa íslenskum innflytjöndum til að setja sig niður í Ameríku», og eins, að senda peninga hingað til útflutnings vina og vandamanna; enn hversu það fé nam, er hingað var sent þetta ár, er ekki mögulegt að segja nú; þó var það talið víst, að veturinn 1887—88 vóru um 20,000 kr. sendar til Íslands að vestan um pósthúsið í Reykjavík og fyrir milligöngu Sigfúsar Eymundssonar. —Íslendingur einn (Eiríkur H. Bergmann) var kosinn þetta ár þingmaður á hjálendu-þing í Dakota, fyrsti Íslendingur, er hlotnast hefir sá frami. Annars verður hér fátt sagt af hag Íslendinga þar vestra, enn þeir létu almennt vel yfir sér og fullyrtu, að hagur íslenskra bænda þar hefði aldrei staðið jafnvel og nú yfirleitt. Kirkjumálum þeirra þokaði áfram í betra horf, þó að nú ætti kirkjufélag þeirra («hið evangelisk-lúterska») við mótspyrnu að stríða frá hálfu presbyteríanska trúflokksins, er fengið hafði jafnvel íslenska menn (Jónas og Lárus [sjá Fr. 1886, bls. 26] Jóhannssyni, bræður) í þjónustu sína; það bólaði og enda á vantrúarflokki meðal íslenskra manna þar vestra («Menningarfélag»), er jafnvel vildi opinberlega slíta sig frá kirkju og kristindómi («guðsorð biblíunnar hið versta átumein í mannfèlaginu»). Þó mynduðust söfnuðir og bættust (2 nýir) við kirkjufélagið lúterska, og 2 kirkjur vóru fullbygðar og byrjað á 2 öðrum kirkjum, enn prestafátt var. Kirkjufélagið hélt 4. ársþing sitt í júní (á Mountain í Dakota); þar flutti séra Jón Bjarnason, formaður félagsins, fyrirlestur, er hann nefndi: «Ísland að blása upp»; hann var síðan prentaður í Reykjavík; leit hann svo á, eins og flestir Íslendingar í Vesturheimi, að Íslandi og Íslendingum hér væri «stórum að fara aftur í öllum efnum» («blása upp bókstaflega og andlega»); taldi hann til þess fyrst eyðing birkiskóga með grassverði bæði af náttúrunnar og mannavöldum: með fjárbeit og óvönduðu höggi[1] og hrísrifi; lét hann þá í

1) Hér skal þess getið, að svo var t. a. m. talið til, að fardaga-árið 1887—88 hefðu verið höggnir 1340 hestar af viði í Grímsnesi og Laugar-

ljósi, að plöntun væri ráð við uppblæstri fjallahlíða, þó að eins til að hindra framhald eyðingar, enn ekki til að græða upp. Í öðru lagi, enn ekki síður, taldi hann deyfð og dá í kristindómslífi þjóðarinnar, enda «kirkjan íslenska í daudsjúku ástandi, með nauðalitlu lífi», segir hann. Ekki verður móti því borið, að höfundur notar sumstaðar rangskilin dæmi sínu máli til sönnunar, eins og bent var á að nokkru leyti í mótmælum þeim, er hann sætti hér, og að ástandið er ekki nærri því eins geigvænlegt, eins og honum virðist í vandlætingu sinni, allra helst í samanburði við hina «gullvægu liðnu tíma», enn þó er það hvergi nærri viðunandi, einkum að því, er snertir dygðir og dug landsmanna yfirleitt, og er því aldrei of aukið þeirri röksamlegu áminningu, er höf. endar ræðu þessa á: «Enn um það hugsi menn fremur öllu öðru, að planta lífsins tré í hin ungu hjörtu vors íslenska þjóðflokks, til þess að Ísland hið unga hér og hinum megin blási ekki upp siðferðislega og andlega». —Í prentsmiðju Lögbergs var þetta ár prentuð fyrsta íslenska bókin, sem út hefir komið í Ameríku og nokkuð kveður að: þýðing séra Jóns Bjarnarsonar á bók D. G. Monrads biskups «Úr heimi bænarinnar». —Blöðin íslensku þar vestra, Heimskringla og Lögberg, gátu aldrei á sátts höfði setið, enda er ósamlyndi meðal íslenskra manna alstaðar erlendis orðlagt. —Annars þótti það hér einkennilegt og sorglegt, að svo virtist sem Íslendingar í Vesturheimi, þeir er helst létu á sér bera (eins og hvað greinilegast kom fram í Lögbergi) hefðu flest á hornum sér það sem hér á landi var talað um eða framkvæmt í þeim tilgangi að hjálpa við landi og þjóð: teldu það öfugt eða einkisvert «smá-kák», enn létu sem engar hentugar leiðbeiningar eða meðmæli í té í afskiftunum, enda menn þar vestra mjög farnir að glata íslenskri tungu og þjóðerni.

dal; hefir þó kola-tilgerð stórum minkað við innflutning og almenna brúkun skosku ljósanna.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1889

EPTIR

PÁLMA PÁLSSON

CAND. MAG.



REYKJAVÍK.

PRENTAÐAR Í ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU.

1890.

Löggjöf og landsstjórn.

Á þingmálafundum þeim, sem haldnir voru í flestum kjördæmum landsins fyrir alþingi, var víðast hvar samþykkt, að halda áfram stjórnarskrármálinu í líka stefnu, sem á undanförnum þingum og Þingvallafundi 1888, bæta fjárhaginn og tekjuþurð landssjóðs með nýjum tollum, efla samgöngur bæði á sjó og landi meir en verið hefir, koma alþýðumenntamálinu í betra horf, lækka laun hinna æðstu embættismanna og gera þar á jafnari skipun o. s. frv.

Alþingiskosning hafði farið fram í Norður-Múlasýslu og var kosinn Jón Jónsson, bóndi á Sleðbrjót, í stað Einars Thorlaciusar. Tálmanir engar lagðar að öðru leyti fyrir þingför embættismanna.

Alþingi setti landshöfðingi 1. júlí. Voru þá ókomnir til þings Jón Sigurðsson á Gautlöndum, sjera Lárus Halldórsson, sjera Sveinn Eiríksson og Þorsteinn Jónsson; komu 2 hinir síðarnefndu síðar, en hinir ekki. Forseti sameinaðs þings var kosinn sjera Benedikt Kristjánsson, neðri deildar Benedikt Sveinsson, efri deildar með hlutkesti (milli hans og Árna Thorst.) sjera Benedikt Kristjánsson.

Fundarfall var annan dag eptir, 3. júlí, í báðum deildum sökum hins sviplega fráfalls Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, er þá hafði frjett borizt um suður.

Stjórnarskrármálið varð á þessu þingi sem á undanförnum þingum efst á baugi, enda hafði Þingvallafundur í fyrra skorað á þingið að halda því máli fast fram. Framsögumaður þess í neðri deild var Páll Briem. Voru nokkrar breytingar,

eigi óverulegar, gerðar við frumvarpið frá þinginu 1887; var sú helzt, að landstjórinn einn átti að staðfesta lög alþingis, en ef konungi sýndist lögin síðan viðsjárverð, sökum sambands Íslands og Danmerkur, þá getur hann ónýtt staðfesting landsstjórans, »ef hann gerir það innan árs frá því að lögin hafa verið birt á lögboðinn hátt á Íslandi«. Gekk málið með þessum breytingum gegnum neðri deildina og var samþykkt þar af öllum þorra atkæða. En er málið kom fyrir efri deildina, þar sem Jón A. Hjaltalín var framsögumaður þess, urðu eptir allmikið þras á því gagngerðar breytingar. Hin sjerstaklegu málefni landsins skulu vera þau, sem nefnd eru í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Ísland í ríkinu 2. jan. 1871., 3. gr. Hinn æðsti valdsmaður hjer á landi skal heita jarl, og getur konungur látið hann framkvæma allar stjórnarathafnir í hinum sjerstöku málefnum landsins í sínu nafni og umboði. Jarlinn er ábyrgðarlaus og tekur sjer 3 ráðgjafa, er bera ábyrgð á öllum stjórnarathöfnum þeim, er þeir, einn eða fleiri, skrifa undir með jarli; skal jarl lýsa yfir því, innan mánaðar, hvort hann staðfesti lög, sem lögð hafa verið fyrir hann til staðfestingar, eða vilji leita vilja konungs í því efni, og getur konungur þá synjað þeim staðfestingar, hvort sem jarl hefir staðfest þau eða ekki. Landsyfirdómurinn er æðsti dómstóll í öllum málum, er varða stjórn landsins eða ábyrgð á hendur ráðgjöfunum. Á alþingi sitja 36 þingmenn: 24 í neðri deild, allir þjóðkjörnir, en í efri deild 12, er kosnir skulu 4 af jarlinum í nafni konungs, en 8 af amtsráðunum, og skal kjörgengi til þeirrar deildar bundið við 35 ára aldur, og eiga þar setu æfilangt. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum, o. s. frv. Þá er breytingar þessar og undirtektir hinna konungkjörnu urðu kunnar, varð uppi fótur og fit á meiri hluta neðri deildar og gripu þessari miðlun eða tilraun til samkomulags fegins hendi, enda hafði málið aldrei komizt jafnlangt áleiðis áður. En minni hlutin dró sig í hlje og þótti ískyggilegar breytingarnar og sumar herfilegar. En tíma brast til þess að málið yrði rætt í neðri deildinni og varð því að falla niður við svo búið að sinni. Þótti meiri hlutanum sem

hinir hefði af ásettu ráði og ólögum eytt málinu og spunnust af því snarpar skærur í þinglokin og eptir þing í blöðunum, og mundi margur hafa viljað koma sínum mótstöðumönnum fyrir kattarnef, ef þess hefði verið kostur.

Þess skal getið, að um veturinn fyrir þing kom Jón Ólafsson upp með þá tillögu (í Fjallkonunni), að fá slitið sambandi Íslands við Danmörk á friðsamlegan hátt með lögum, en því var mjög lítill gaumur gefinn og urðu fáir til að styðja það mál, enda kom það alls eigi fyrir á þingi.

Alþingi var slitið 26. ágúst. Hafði þingið haft til meðferðar 106 lagafrumvörp; af þeim náðu 41 fram að ganga (17 stjórnarfrumvörp og 24 þingmannafrumvörp), hin voru ýmist felld (51), tekin aptur (8) eða óútrædd (5), og eitt komst aldrei á dagskrá; þingsályktunartillögur komu alls 16 fram, en 11 einar voru samþykktar.

Hjer skal geta þeirra laga, er náðu staðfesting konungs fyrir árslokin:

3. maí voru staðfest:

1. Lög (frá alþingi 1887) um brúargerð á Ölvesá.

9. ágúst voru staðfest:

2. Lög um aðflutningsgjald á kaffi og sykri.
3. Lög um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki.
4. Lög um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.
5. Lög um bann gegn botnvörpuveiðum.
6. Lög um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla og fl.

28. október voru staðfest:

7. Fjárlög fyrir árin 1890—91.
8. Fjáraukalög fyrir árin 1886—87.
9. Fjáraukalög fyrir árin 1888—89.

9. desember voru staðfest:

10. Lög um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna.
11. Lög um sölu nokkurra þjóðjarða.

12. Lög um varúðarreglur til að forðast ásiglingar.

Af lagafrumvörpum, sem eigi náðu staðfesting fyrir árslokin, má nefna frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla, til farmannalaga, um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum, um styrktarsjóði handa alþýðufólki, um meðferð á kirkjufje, um tollgreiðslu, um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis, um amtsráð í austuramtinu, um eignarrjett á sömdu máli, löggilding verzlunarstaða, o. fl.

Á Fensmarksmálinu urðu nú þær lyktir, að Octavius Hansen, hæstarjettarmálfærslumaður, sem Jón Sigurðsson, forseti neðri deildar á þinginu 1887, hafði leitað til og fengið til að höfða mál á hendur ráðgjafanum, kom sjálfur hingað um þingtímann, og taldi í álitsskjali sínu til þingsins ýms tormerki á því, að nokkur árangur hefðist af málssókn í því eða jafnvel nokkru öðru formi, sem þingið hafði ætlazt til að beitt yrði, því að samkvæmt stjórnarskránni yrði eigi ábyrgð komið á hendur ráðgjafa nema fyrir bersýnileg stjórnarskrárbrot, því að þótt ráðgjafinn hafi eflaust rofið stjórnarskrána með því að láta engan landhöfðingja vera hjer heilt ár (1882—83), þá sje mjög hæpið, hvort það atferli verði talið hafa valdið vægð þeirri, er Fensmark var sýnd. Rjeð hann því frá málssókn og þar með var það mál fallið úr sögunni.

Af þingsályktunartillögum þeim, sem þingið samþykkti, má nefna tillöguna um ítrekaðan Spánarsamning, er enn hefir eigi komizt á, og um að einungis hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur af konungi.

Um ferðakostnað alþingismanna varð all-tíðrætt eptir þing. Þótti flestum sem þar á væri mikill ójöfnuður, er sumir þingmenn ætluðu sjer miklu meiri borgun fyrir líka vegalengd en aðrir. Voru menn helzt á því, að fulla nauðsyn bæri til, að ákveða ferðakostnað þingmanna með lögum.

Deilur um fyrirkomulag landsbankans hjeldu áfram þetta árið; var Eiríkur Magnússon, er mest ritaði um málið í blöðum Íslendinga í Vesturheimi og í sjerstökum ritlingi, svo að kalla einn síns liðs um að telja öll tormerki á að bankinn geti orðið landsmönnum að gagni, og sje eintóm »svikamilla« af landsstjórnarinnar hálfu til þess að fjefletta landssjóð. Var lítill trúnaður lagður á orð hans hjer á landi, enda fóru við-

skipti bankans vaxandi. Undir árslokin var sú breyting gerð á vöxtum bankans, að útlánsvextir voru færðir niður í 4⅓ % og vextir af sparisjóðsinnlögum niður 3⅓ % frá nýári 1890.

Málaferli urðu nokkur á þessu ári og skal geta hinna helztu. Landsyfirdómurinn dæmdi Jón Ólafsson fyrir að hafa vaðið upp á dómara, bæjarfógetann í Reykjavík, fyrir rjetti, í 100 kr. sekt og málskostnað, og var sá dómur síðan staðfestur fyrir hæstarétti. Landsyfirdómurinn dæmdi og hinn sama í máli því, er Gröndal hafði hafið gegn honum fyrir ritling hans: Eitt orð af viti um Vesturfara o. s. frv., í 400 kr. sekt í landssjóð, auk annara minni sekta, og orð hans dæmd ómerk. Þá dæmdi landsyfirrjettur mál, er risið hafði út af notkun Eyrarbakka hafnar milli kaupmanna þar; skyldi höfnin vera þeim öllum jafnfrjáls og enginn geta meinað hinum að tryggja skip sín með festum eða öðrum nauðsynlegum tilfærum. Var áfrýjandinn, P. Nielsen fyrir hönd Lefolii kaupm., dæmdur til að greiða hinum stefndu 120 kr. í málskostnuð. Þá voru og dæmd ýms önnur einkamál, er eigi þykir hjer þörf um að ræða.

Meðalverð allra meðalverða eptir verðlagsskránum 1889—90 var þetta:

	Ær	Sauður veturg.	Hvít ull	Smjör	Tólg	Saltfiskur	Harðfiskur	Dagsverk	Lambsfóður	Meðalalin
Austurskaptafellssýsla	9,91	6,58	59	55	20	»	12,00	2,35	3,31	*45*
Vesturskaptafellssýsla	8,48	5,87	54	55	30	10,00	10,44	2,03	3,19	*46*
Rangárvallasýsla	7,95	6,27	59	54	*34*	8,91	13,80	2,11	3,08	*45*
Vestmannaeyjasýsla	9,00	7,00	55	55	35	9,50	12,50	2,50	3,50	*43*
Árnessýsla	10,33	8,54	60	61	35	9,36	13,78	2,20	3,73	*51*
Gbr. og K.sýsla og Rvík	13,26	9,10	61	67	39	9,78	15,04	2,77	4,01	*54*
Borgarfjarðarsýsla	11,68	9,48	61	63	37	9,22	13,48	2,34	3,87	*54*
Mýrasýsla	10,77	8,63	59	61	37	9,31	12,28	2,47	4,22	*53*
Snæf.n. og Hnappad.s.	11,42	8,80	60	58	40	8,72	14,08	2,72	4,60	*52*
Dalasýsla	11,79	9,11	59	59	38	8,26	11,13	2,66	4,66	*51*
Barðastrandarsýsla	13,25	10,28	60	65	49	9,82	11,81	2,09	4,63	*55*
Ísafj.sýsla og kaupst.	14,26	10,89	59	72	47	10,00	13,35	2,34	5,17	*55*
Strandasýsla	12,82	10,18	60	65	35	9,38	11,86	2,26	5,52	*53*
Húnavatnssýsla	11,17½	9,11	60	61	34½	7,27½	11,39	2,15½	4,25	*50*
Skagafjarðarsýsla	11,95	8,63	62	56	33	8,80	10,35½	2,30	4,13	*47*
Eyjafjarðars. og kaupst.	11,37	7,60	60	47	25	8,23½	9,04½	2,03	4,15½	*44*
Þingeyjarsýsla	12,26	8,08½	62	49	23½	8,92	9,46	2,24	4,21½	*47*
Norðurmúlasýsla	13,38	9,55½	63½	63½	29	9,07½	11,32	2,65½	4,20	*54½*
Suðurmúlasýsla	12,85	9,07½	63	68½	25½	9,58½	12,14½	2,83	4,27	*52½*

Á skipun embættismanna urðu allmiklar breytingar á þessu ári.

Pjetur biskup *Pjetursson* fjekk 16. apríl lausn frá 25. maí. en í hans stað var *Hallgrímur* dómkirkjuprestur *Sveinsson* sama dag og frá sama tíma skipaður biskup landsins.

Jón Pjetursson, yfirdómsforseti, fjekk 16. apríl lausn frá 1. maí; í hans stað var *Lárus E. Sveinbjörnson*, 1. yfirdómari, s. d. og frá sama tíma skipaður yfirdómsforseti, og *Kristján Jónsson*, 2. yfirdómari og dómsmálaritari, skipaður 1. yfirdómari sömuleiðis frá 1. maí. En *Jón* landritari *Jensson* var 9. ágúst skipaður 2. yfirdómari í sama dómi.

Anders Dybdal, skrifstofustjóri í hinu íslenzka ráðaneyti í Khöfn, var 20. maí skipaður stjórnardeildarforstjóri, og *Ólafur Halldórsson*, cand. jur. og aðstoðarmaður í sama ráðaneyti, skipaður skrifstofustjóri.

Hannesi Hafstein var veitt landritaraembættið 3. nóv.

Prófastur var skipaður 24. jan. *Bjarni Þórarinsson*, á Prestbakka, í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi.

Prestaköll voru þessi *veitt* á árinu: *Einari Jónssyni*, á Miklabæ, Kirkjubæjar prestakall í Hróarstungu, 24. jan.; *Ólafi Petersen*, prestaskólakandídat, Svalbarðs prestakall í Þistilfirði, 1. febr.; *Bjarna Þorsteinssyni*, settum presti í Hvanneyrar og Kvíabekkjar prestakalli, Hvanneyrar prestakall, 18. marz; *Birni Jónssyni*, á Bergstöðum, Miklabæjar prestakall í Skagafirði 24. maí; *Jóni Jónssyni*, fyrrum presti að Kvíabekk, Hofs prestakall á Skagaströnd, 24. júní; *Eggert Pálsyni*, prestaskólakandídat, Breiðabólstaðar prestakall í Fljótshlíð, 6. júlí; *Oddgeiri Guðmundsson*, í Kálfholti, Vestmannaeyja prestakall, 29. ágúst; *Sigfúsi Jónssyni*, prestaskólakandídat, Hvamms prestakall í Skagafirði, 9. sept.; *Arnljóti Ólafssyni*, að Bægisá, Sauðaness prestakall á Langanesi, 26. sept.; *Guðmundi Helgasyni*, prestaskólakandídat, Bergstaða prestakall í Húnavatnssýslu, og *Einari Þ. Thorlacius*, prestaskólakandídat, Stóruvalla prestakall í Rangárvallasýslu, 27. sept.; *Guðmundi Guðmundssyni*, prestaskólakandídat, Gufudals prestakall í Barðastrandarsýslu.

Prestvígslu tóku á þessu ári: *Ólafur Petersen* 5. maí; *Eggert Pálsson* 11. ágúst; *Einar Þ. Thorlacius*, *Guðmundur*

Guðmundsson, *Guðmundur Helgason*, *Sigfús Jónsson* og *Ólafur Sæmundsson*, er varð aðstoðarprestur föður síns, sjera Sæmundar Jónssonar í Hraungerði, 29. sept.

En *lausn* frá prestskap fengu: *Benidikt Kristjánsson*, í Múla, sakir heilsubrests, 11. júlí; *Magnús Bergsson*, í Heydölum, fyrir elli sakir, 18. sept.; *Þorkell Eyjólfsson*, á Staðarstað, 26. sept.

Heiðursgjafir af styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda fengu Einar bóndi Guðmundsson á Hraunum í Skagafjarðarsýslu og Guðmundur Ingimundarson á Bergstöðum í Árnessýslu, 140 kr. hvor, fyrir framkvæmdir í búnaði.

Heiðursmerki. *Pjetur* biskup *Pjetursson* fjekk 16. apríl stórkross dannebrogsorðunnar, og *Jón Pjetursson*, yfirdómsforseti, heiðursmerki dannebrogsmanna.

Kirkjumál.

Biskupaskipti urðu hjer landi á þessu ári. Beiddist *Pjetur* biskup *Pjetursson* lausnar og var honum 16. apríl veitt hún af konungi frá 25. maí; s. d. var dómkirkjuprestur *Hallgrímur Sveinsson* skipaður biskup, fór þegar utan og var vígður af Fog, Sjálandsbiskupi, 30. maím.; kom hann aptur frá vígslu 21. júlím.

Hin venjulega prestastefna var haldin í Reykjavík 4. júlím. Voru þar samankomnir 23 prófastar og prestar. Var þar úthlutað fjárstyrk handa 9 uppgjafaprestum og 52 prestaekkjum; var prestaekknasjóðurinn þá orðinn 17,479 kr. 59 a. Sjera Þórarinn Böðvarsson bar upp frumvarp um tekjur kirkna, er breytt var í ýmsum atriðum frá því, sem hann hafði meðferðis árið áður (sbr. Fr. f. á. 11. bls.), og var samþykkt að það skyldi lagt fyrir alþingi. Þá var og samþykkt að leggja fyrir alþingi lög um laun handa organleikurum og um annan kostnað til þess að halda uppi söng í kirkjunum. Hafði sjer Arnljótur Ólafsson þegar samið frumvarp um það efni.

Misklíð sú, sem risið hafði í Mosfellsprestakalli út af flutningi kirkjunnar að Lágafelli, rjenaði stórum, og voru flestir undir árslokin orðnir ánægðir með breytinguna, enda varð

lítið úr þjónustu hins ráðna kjörprests. — Til kirkjubyggingar var Holts prestakalli undir Eyjafjöllum veitt 2000 kr. lán úr landssjóði, en flutningi kirkjunnar frá Holti að Ásólfsskála synjað að svo stöddu. — Reykjavíkur söfnuður, er landsstjórnin hafði boðið að taka að sjer fjárhald dómkirkjunnar, hafnaði því boði samkvæmt tillögum nefndar þeirrar, er sett hafði verið í því máli. — Mál það, er risið hafði út af vanskilum sjera Tómasar Hallgrímssonar á árgjaldi af Valla prestakalli í Svarfaðardal, var dæmt í landsyfirrjetti, og skyldi presturinn þar greiða alla skuldina, 500 kr., og málskostnað. Sömuleiðis var sjera Magnús Jónsson í Laufási dæmdur til að greiða alla þá skuld, sem hann var kominn í við landssjóð, 2000 kr., og málskostnað; en alþingi gaf honum síðan fyrir ýmsra hluta sakir upp þá skuld.

Árferð.

Veðrátta. Grasvöxtur og nýting. Skepnuhöld.

Veðrátta. Þá er alls er gætt má þetta ár eflaust teljast eitt með hinum beztu, er komið hafa á síðara hlut þessarar aldar, bæði til lands og sjávar. Að vísu byrjaði árið með ákafri snjókomu og fannfergi því nær um land allt, einkum sunnan og vestan, og sást varla nokkurs staðar í dökkvan díla. Ófærð var svo mikil, að við sjálft lá, að póstferðir og aðrar samgöngur heptust með öllu; en víða í sveitum voru þó blotar öðru hvoru, einkum norðan og austan, enda fannkoma þar minni að jafnaði og hagar allgóðir, frost jafnan lítil, því að útsynningar voru tíðastir. 21. jan. gerði hláku með 6—8° hita á R. um land allt, er stóð 2 daga eða 3; tók þá mjög upp snjó í sveitum, en frysti jafnharðan upp aptur og dembdi niður snjó miklum um suðurland og vesturland. Voru hagleysur fyrir allar skepnur fram á þorrapræl. Þá, 23. febr., gerði nokkra hláku og brá þegar bæði sunnan og vestan til stöðugra góðviðra, hlýinda með hitaskúrum, þótt stundum frysti dag og dag í bili. Var þess nú ekki langt að bíða, að snöp kæmi upp í sveitum (nema í Flóa, þar sem Ölvusá hafði farið yfir um veturinn) og enda til dala, og komu aldrei harðviðri eptir þetta

og mátti vorið heita hið ákjósanlegasta. En á austurlandi og útkjálkasveitum norðan og vestan hjeldust hagleysur nokkru lengur, þó að tíðin væri þar og fremur mild, eða fram í góulok, mest sökum sífelldra áfreða og skakviðra. Á Gvöndardag, 16. marz, gerði t. d. svo mikla ísing í Skaptafellssýslu, að menn þóttust eigi muna aðra slíka. En með einmánaðar komu skipti um í tvö horn og kom öndvegistíð einnig í þessar sveitir landsins; á Ströndum kom t. d. aldrei frost eptir 23. apríl. Mátti veturinn því heita góður yfir höfuð; frost voru jafnan lítil, einna mestur kuldi varð 16° R. Þó urðu innistöður fjár eigi alllitlar, þar sem lömbum og ám sumstaðar var gefið fullar 22 vikur alls á vetrinum, enda var almenningur víða á austurlandi og útkjálkum landsins orðinn gjörsamlega heylaus, er batinn kom, og eigi annað sýnilegra, en að fellir hefði orðið. Sumstaðar á Mýrum og í Borgarfirði var mönnum ekki farið að lítast á blikuna þegar um nýársleytið og fækkuðu á fóðrum hjá sjer. Í Suðurmúlasýslu sunnan Breiðdalsheiðar og í Skaptafellssýslu var allur þorri bænda alveg heylaus orðinn um og fyrir sumarmál og höfðu skorið af heyjum, t. d. Álptfirðingar, þegar í lok febrúarm., en fellir varð þó enginn, svo að orð sje á gerandi. Vorið var hið bezta um land allt, hitar miklir (15—20° R.) og sífelldir sunnanvindar og blíðviðri með skúrum svo miklum og tíðum fram yfir messur, einkum á vesturlandi og austurlandi, að vandkvæði nokkur urðu á þurkun eldiviðar, fiskjar og öðrum vorverkum fyrir þá sök. Um miðjan júlím. brá aptur til þurrviðra og hjelzt nú hjer bezta heyskapartíð um land allt fram í miðjan septemberm.; gerði þá (17. sept.) enn snjóhret nokkurt með allmiklu frosti, er náði að kalla um land allt og stóð nokkra daga; snjóaði þá ofan í sjó, en tók bráðum upp aptur og komu nú blíðviðri með köflum og drjúgar rigningar, en snjó festi ekki í sveitum að kalla fyr en um miðjan nóvemberm., en tíð fremur óstöðug, optast suðvestan, hvassviðri stundum mikil og var ekki laust við að tjón hlytist af. Lömb voru víðast hvar ekki tekin á gjöf fyr en um miðjan þenna mánuð og sumstaðar síðar; var snjór lítill til ársloka, einkum í vestursveitum norðanlands, þar sem optar var alauð jörð í byggðum; en sunnanlands og vestan var veðrátta undir árslokin allt stirðari, sífelld-

ir umhleypingar, fannkoma og bleytukafold af útsnðri hvað ofan í samt.

Hafíss varð varla vart þetta árið. Í byrjun ársins sást að eins lítils háttar hroði stöku sinnum fyrir Hornströndum og var á leið austur með landi, og sást frá Skildi við Siglufjörð snemma í febr. og kom nokkru síðar við Melrakkasjettu og Langanes; en varð eigi landfastur og rak austur fyrir; bárust þá einstakir jakar að landi í Múlasýslum, en hurfu jafnharðan aptur, og varð hvergi íss vart eptir góulok.

Landskjálftakippi urðu menn varir við víða um suðurland 19. og 30. apríl, en mest urðu brögð að þeim 13. okt. og nóttina fyrir. Mestur var sá kippur, er kom ½ stundu eptir hádegi, og ljeku þá hús á reiðiskjálfi, en skemmdir urðu þó mjög svo litlar.

Grasvöxtur varð því, eins og að líkindum lætur eptir tíðarfarinu, með langbezta móti víðast hvar, einkum á harðvelli og túnum, en mýrar voru einkum sunnanlands ekki sprottnar betur en í meðallagi. Sökum hlýindanna greri jörð svo fljótt og vel, að kýr voru hvervetna teknar af gjöf 3 vikum af sumri, enda þótt næg hey væri til; en sláttur byrjaði almennt í sveitum í 11. og 12. viku og sumstaðar fyr (t. d. í Reykjavík og Ísafirði í 8. viku, og á Akureyri var ½ kýrfóður af töðu hirt 20. júní), enda bægði mönnum eigi grasleysi frá að byrja enn þá fyr, heldur votviðri miklu fremur, er hjeldust fram yfir miðjan júlím.; stytti þá upp og hjeldust þurkar öðru hvoru, út heyskapartímann, og varð *nýting* hin bezta víðast hvar og hey mikil og góð. Garðrækt heppnaðist og alstaðar með bezta móti.

Skepnuhöld urðu góð víðast hvar og gekk fje vel fram, nema þar, sem menn urðu heylausir fyrir sumarmál; þar varð lambadauði nokkur og þó minni en ella fyrir þá sök, að tíðarfar var milt um sauðburðinn. Um sumarið varð hið bezta gagn að öllum málnytupeningi, en fjallfje var um haustið með vænsta móti. En er á leið haustið hrakaðist fje mjög af sífelldum umhleypingum, svo sem áður er á vikið. — Miltisbruna varð vart á nokkrum stöðum sunnanlands, einkum í Árnessýslu og Gullbringusýslu; drápust af þeirri sýki nær 20 nautgripir alls; var því um kennt, að þeir hefðu drukkið vatn,

er í höfðu verið bleyttar útlendar húðir. Bráðapest gerði og töluverðan usla um haustið sunnanlands, einkum í Gullbringusýslu; drapst nálega hver kind á sumum bæjum suður á Vatnsleysuströnd og varð engum vörnum við komið.

Atvinnuvegir.

Landbúnaður. Þar er árferðið var svo gott, sem sagt hefir verið, má af því ráða, að bændum muni hafa leikið flest í lyndi; varð arður af búpeningi með mesta móti og sláturfje í háu verði um haustið. Búnaðarfjelag suðuramtsins ljet búfræðinga fara um sveitir og leiðbeina bændum og segja fyrir um jarðabætur sem að undanförnu. Í ýmsum sveitum voru stofnuð ný búnaðarfjelög eða framfarafjelög, en meðal hinna gömlu fjelaga var útbýtt af landsfje 6000 kr. styrk. Var víða gert meira að jarðabótum þetta eina ár, en mörg undanfarin, einkum túnasljettur, og garðrækt eptir leiðbeiningum formanns hins ísl. garðyrkjufjelags.

Fiskiveiðar heppnuðust með bezta móti víðast hvar. Sunnanlands, við Faxaflóa og á Vestfjörðum, einkum við Ísafjarðardjúp, varð þorskafli ágætur bæði á bátum og þilskipum, enda þótt haustvertíð yrði fremur rýr. Hákarlsafli var og allgóður hjá þeim, sem hann stunda. Aptur á móti brást afli norðanlands og austan að miklum mun, nema í Suður-Múlasýslu, þar mátti víða heita mokfiski um sumarið; var þó síldarafli nokkur með köflum á Eyjafirði; þóttu Færeyingar þeir, er til Austfjarða eru nú teknir að flykkjast hvert sumar, spilla mjög veiðum landsmanna með alls konar yfirgangi. Þá þóttu og þungar þær búsifjar, er enskir fiskimenn veittu Austfirðingum; voru þeir síðari hlut sumars þar um slóðir á 16 gufuskipum litlum, girtu með lóðum fyrir alla firði og opt í landhelgi. Af landsmanna hálfu var ýmislegt gert til þess að efla sjávarútveginn; sjera Oddur V. Gíslason ferðaðist um fiskiverin við Faxaflóa og austanfjalls til þess að brýna fyrir mönnum, að vanda betur verkun fiskjarins, bæta aga meðal sjómanna bæði á sjó og á landi, og nota lýsi eða olíu og önnur ráð til þess að forðast slys á sjó. Efldust fiskimannasjóðir Kjalarnesþings og Ísafirð-

inga að góðum mun af samskotum og frjálsum gjöfum; var í orði víðar að stofna slíka sjóði.

Fischer kaupmaður, er andaðist í fyrra, mælti svo um fyrir dauða sinn, að stofna skyldi sjóð, er bera skyldi hans nafn, 20,000 kr., er verja skyldi af $^2/_3$ vöxtum til þess að styrkja ekkjur fátækra sjómanna í Gullbringusýslu og Reykjavík, en $^1/_3$ til þess að styrkja efnilega sjómenn að nema sjómannafræði.

Tilraun var gerð í Reykjavík af Sigurði Eiríkssyni að bæta skipalag það, er þar tíðkast og allmikil vandkvæði hafa þótt á vera; tókst honum að ná betra lagi á skipum bæði til gangs og stöðugleika í sjó en áður hefir fengizt.

Æðarræktarfjelagið hjelt áfram ótrauðlega að vinna að drápi flugvarga á því svæði, er það nær yfir, og varð allmikið ágengt. Alþingi samþykkti og lög um friðun æðarfugla, er voru nokkru strangari en hin eldri lög um sama efni.

Verzlun var í ýmsum greinum heldur hagstæðari en að undanförnu. Hvít ull norðlenzk seldist í Kmh. á 72—75 a., sunnlenzk á 68—70 a., svört á 65 a. og mislit á 60—62 a. Verð á saltfiski nr. 1 í Kmh. um tíma 55—60 kr. skipd., á Spáni 43—48 kr., í Genúa 50 kr. Harðfiskur komst í Kmh. upp í 90 kr. Hákarlalýsi komst í Kmh. upp í 38 kr. Sundmagar á 30—55 a. Æðardúnn á 11—15 kr. Sauðakjöt 35—50 kr. tunnan, og gærur 4—5 kr. vöndullinn. Á öllum þessum vörum var verðið nokkru lægra hjer á landi. Verð á lifandi peningi, einkum fje, er út var flutt með langmesta móti þetta ár, þar sem fjárkaupmenn voru nú 3 og pöntunarfjelögin að auki, varð nokkru hærra en í fyrra; taldist svo til, að út hefði verið flutt um 60,000 fjár; var verðið eptir gæðum 12—15 kr. fyrir veturgamalt, 15—18 kr. fyrir tvævett og 17—20 kr. fyrir eldra. Pöntunarfjelögin fengu 18—20 kr. fyrir fullorðna sauði og útlendar vörur heldur ódýrari en hjá kaupmönnum að kostnaði frádregnum. Eitt nýtt pöntunarfjelag var stofnað að minnsta kosti, pöntunarfjelag Rosmhvalaneshrepps. Verð á útlendum vörum var hjer líkt og árið áður, nema hvað verðið hækkaði að mun víðast hvar við verzlanir jafnskjótt sem tolllögin nýju náðu staðfestingu, en samkvæmt þeim verður að gjalda af hverju pundi af kaffi og kaffibæti 10 a. og sykri og

sírópi 5 a., af alls konar tóbaki 35 a. af hverju pundi, nema vindlum 1 kr. af hundraði hverju.

Fyrir bindindismálum landsins gengust Góðtemplarar enn sem áður og mun hafa orðið heldur minna ágengt en að undanförnu, nema á stöku stöðum, Reykjavík og Seyðisfirði, þar sem fjelagatalan jókst að mun. Þótti drykkjuskapur heldur fara í vöxt, einkum í kaupstöðum. Framkvæmdarnefnd stórstúku Íslands sendi út í ársbyrjun áskorun til landsmanna um að skora á alþingi að banna tilbúning, aðflutning og verzlun með áfengisdrykki hjer á landi og nema úr gildi lög um toll á áfengisdrykkjum. Var því máli lítið sinnt yfir höfuð; þó fjekk ein stúkan, «Ísafold» á Akureyri, safnað 9 hundruð undirskriptum, en málið var þó aldrei borið upp á þingi. Fjelagsmenn voru 1. febr. 1402, en stúkur samtals 15 á landinu.

Samgöngur.

Brúargerðinni á Ölvusá þokaði það áfram þetta árið, að lög þau, er þingið hafði samið, og ætlazt svo til að landssjóður legði af mörkum 40,000 kr. með því skilyrði, að sýslufjelög Árness- og Rangárvalla-sýslu og jafnaðarsjóður suðuramtsins legði til fyrirtækisins allt að 20,000 kr. í viðbót, voru staðfest af konungi 3. maí. Hafði Tryggvi Gunnarsson tekið að sjer brúarsmíðið og ljet þegar um haustið fara að afla grjóts til stöplanna, sem hlaðnir verða að sumri, en brúin skal verða fullgjör 1891. — Til vegagerða bæði á póstleiðum og öðrum vegum var úr landssjóði varið rúmum 20,000 kr.; var lokið við Svínahraunsveginn niður til Reykjavíkur, haldið áfram að leggja veginn yfir Mosfellsheiði og aðrir vegir bættir víðsvegar um land. Að öðru leyti munu Skagfirðingar hafa unnið mest landsmanna að brúargerðum í sínu hjeraði á þessu ári. — Póstafgreiðslan á Breiðabólstað í Fljótshlíð var eptir skipun landshöfðingja, 19. jan., flutt að Odda á Rangárvöllum. — Við hið sameinaða gufuskipafjelag gerði ráðgjafi Íslands nýjan samning 2. nóv. og skyldu nú farnar 11 ferðir fram og aptur milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, en 10 ferðir alls umhverfis landið, enda jók alþingi tillagið úr landssjóði til strandferða

upp í 18,000 kr. Fyrir meðalgöngu Bjarnar ritstjóra Jónssonar og sjera Jens Pálssonar og nokkurra annara var tilraun gerð til þess að stofna fjelag, er halda skyldi uppi flutningum á sjó hafna á milli um Faxaflóa og Vestfirði og til útlanda við og við. Var hinn fyrsti fundur í því máli haldinn 6. maí og þar ákveðið að stofna fjelagið, bráðabyrgðarstjórn kosin og mönnum boðið að kaupa hlutabrjef, er skyldu vera með 100 kr. ákvæðisverði, en lög fjelagsins voru síðar samin og samþykkt. Urðu undirtektir manna góðar í orði, en fjárframlög lítil, enda vildu allflestir ísl. kaupmenn því engu sinna; við árslokin voru við Faxaflóa komin loforð fyrir rúmum 10,000 kr. í hlutabrjefum, sýslunefnd Ísfirðinga, er alþingi veitti 3000 kr. styrk til þess að halda uppi gufubátsferðum um Vestfirði, hafði boðið 12,000 kr., en alþingi veitti 7000 kr., «til umráða landshöfðingja, til þess að styrkja innlent gufuskipafjelag», og L. Zöllner, kaupmaður í Newcastle, 40,000 kr., eða $^1/_3$ alls stofnfjársins, er á endanum var ákveðið 120,000 kr. Fyrir árslokin voru þó eigi komin svo mikil loforð í hlutabrjefum að sýnilegt væri, að fjelagið gæti tekið til starfa í bráð.

Menntun og menning.

Skólar. Menntafjelög. Nýjar bækur. Rannsóknarferðir. Tölur og skemmtanir.

Fáar breytingar gerðust þetta ár á hinum æðri skólum landsins og kennslu, sem vert sje um að geta, en á alþýðukennsluna skal vikið síðar.

Við *háskólann* tóku 2 Íslendingar embættispróf á þessu ári: Sigurður Eggertsson Briem í stjórnfræði með 2. einkunn, 26. jan., og Jón Stefánsson í enskri tungu og bókmenntum, 25. marz.

Við *prestaskólann* luku embættisprófi 23. ágúst 9 stúdentar: Guðmundur Guðmundsson (I, 47), Guðmundur Helgason (I, 47), Jón Finnson (I, 47), Kjartan Helgason (I, 47), Magnús Blöndal Jónsson (I, 45), Ólafur Helgason (I, 45), Ólafur Sæmundsson (II, 37), Benidikt Eyjólfsson (II, 27), og

Einar Þorsteinsson Thorlacíus (II, 27). Í byrjun skólaársins 1889—90 voru þar 15 nemendur.

Við *læknaskólann* luku embættisprófi 28. júní þessir 2: Sigurður Sigurðsson (II, 66) og Björn G. Blöndal (III, 58). Í byrjun skólaársins 1889—90 voru 7 nemendur.

Frá *latínuskólanum* útskrifuðust 18 stúdentar alls á skólaárinu 1888—89 og fengu 9 fyrstu einkunn, 6 aðra eink. og 3 þriðju eink. Af þeim fóru 10 til háskólans, 6 á prestaskólann, 1 á læknaskólann, 1 fór til Vesturheims. Í lok skólaársins 1888—89 voru lærisveinar 84, en í byrjun skólaársins 1889—90 voru þeir 88.

Í *forspjallsvísindum* við prestaskólann tóku 13 presta- og læknaskólastúdentar próf 26. og 27. júní.

Í gagnfræðaskólanum á *Möðruvöllum* voru 9 nemendur í byrjun skólaársins 1888–89, allir nýsveinar. Til þessa skóla lagði þingið 1889 500 kr. í ölmusur handa lærisveinum á ári um fjárhagstímabilið, svo sem áður er á vikið, enda jókst nú að mun aðsókn að skólanum og voru lærisveinar í byrjun skólaársins 1889—90 orðir 28, og komu þó ekki allir, sem um hann höfðu sótt; virtust nú allir eða flestir vera ánægðir með skólann og þeim gauragangi slotað, er komið hafði á suma þingvallarfundarmenn 1888 og einstakir þingmenn síðan börðust fyrir með hnúum og hnefum, að fá skólann lagðan niður eða fluttan til Reykjavíkur að minnsta kosti.

Í *alþýðu*skólanum í *Flensborg* voru á skólaárinu 1888—89 alls 17 nemendur reglulegir og 4 ruglingar, eða þeir, sem ekki stunda allar námsgreinir þær, sem kenndar eru. Höfðu 6 heimavist í skólahúsinu. Þar var og fjölsóttur barnaskóli. Í byrjun skólaársins 1889—90 voru allar 12 heimavistir fullskipaðar og aðsókn að öðru leyti mikil.

Jafnframt því sem lifna tók yfir þessum 2 skólum færðist svo mikill doði yfir *Hljeskógaskólann*, að hans var nú varla getið; í byrjun skólaársins 1888–89 var þar að sögn 1 lærisveinn, en síðan á nýári 2. Mun sá skóli nú vera með öllu niður lagður.

Kvennaskólarnir munu hafa verið sóttir með bezta móti þetta árið og dafnað heldur vel að öðru leyti. Kvennaskólanum í Rvík var þegar á öndverðu skólaárinu 1888—89 skipt í

3 bekki, sem eigi hafði áður verið, og þótti vel fara; voru námsmeyjar með flesta móti í byrjun þessa skólaárs eða 31, en í byrjun skólaársins 1889 - 90 voru þær 28. Í byrjun skóla ársins 1889—90 munu hafa verið 37 námsmeyjar í skólanum í Ytri-Ey og í skólanum á Laugalandi voru rúmar 20.

Við *sjómannaskólann* í Rvík tóku 1.–2. marz 4 lærisveinar próf. Höfðu 7 nemendur verið í skólanum frá nýári.

Í *búnaðarskólamálum* landsins gerðist sú nýlunda á þessu ári, að *Hvanneyrarskólinn* (sbr. Fr. 1888) komst fyrir fullt og allt á laggirnar með vorinu og tók til starfa; bústofninn var 10 kýr, 40 ær og 6 hestar og auk þess nauðsynleg akuryrkjutól og mjólkuráhöld; voru þar þá þegar um sumarið gerðar miklar jarðabætur, sljettaðir 250 □ faðmað í túninu, pæld niður stór flæmi (um 850 □ faðmar) í túni og utan, og sáð í höfrum, rófum og kartöflum o. s. frv.; þá var og reist þar skólahús 12 álnir að lengd og aðrar 12 að breidd úr timbri. Segir skólastjóri jörðina ágætlega fallna til þess að hafa þar stórt fyrirmyndarbú. Í byrjun skólaársins 1889—90 voru þar 3 nemendur; geta þar þó komizt fyrir 6—8 nú þegar. — Á búnaðarskólanum á *Hólum* varð sú breyting til batnaðar, að samkomulag komst á við Eyfirðinga og Suður-Þingeyinga um að ganga í skólasamband við vesturs*ý*slurnar og að leggja þangað sinn hluta úr búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins til skólans og hið árlega búnaðarskólagjald úr báðum sýslum; staðfesti landshöfðingi það skipulag síðan (1. sept). En Norður-Þingeyingum var gefinn kostur á að velja um, með hvorum þeir vildu heldur vera í búnaðarskólasambandi, Norðlendingum eða Austfirðingum. Frá Hólum útskrifuðust í maím. 4 lærisveinar og í byrjun skólaársins 1889—90 voru þar 10 lærisveinar. — Á *Eiðum* voru 6 nemendur í byrjun skólaársins 1888—89 og búizt við að fleiri yrðu teknir síðar; að öðru leyti er ekkert kunnugt um hag þessara skóla, nje heldur *Ólafsdalsskólans*, því að ekki hafa komið greinilegar árlegar skýrslur um þá fyrir sjónir almennings.

Af nýstofnuðum fjelögum til eflingar menntun hjer á landi skal getið «hins íslenzka kennarafjelags», er stofnað var 16.

febrúarm. fyrir hvatir og milligöngu Dr. Bjarnar M. Ólsens, skólakennara í Reykjavík, Jóns A. Hjaltalíns, skólastjóra á Möðruvöllum, og Jóns Þórarinssonar, skólastj. í Flensborg. — Tilgangur fjelagsins er, samkvæmt lögum þess, sá, «að koma sem beztu og haganlegustu skipulagi á alla kennslu og skóla í landinu, æðri sem lægri, og efla þekking ísl. kennara og þjóðarinnar yfir höfuð í öllu því, er lýtur að uppeldi og kennslu;» fjelagið skal, ef auðir er, gefa út rit um uppeldis- og kennslumál og halda málfundi til þess að ræða um þau mál, er hjer að lúta, svo opt sem því verður við komið. «Rjett til inngöngu í fjelagið hefir hver sá maður, karl eða kona, sem hefir stöðugt atvinnu við kennslu»; en um aðra menn ráða atkvæði á fundi. Ástillag er 2 kr., æfitillag 25 kr. Stjórnendur fjelagsins eru: forseti og 6 fulltrúar, og 2 endurskoðunarmenn; skal forseti halda ársfund um miðsumarsskeið ár hvert, en aðalfund um sama leyti annaðhvort ár, er alþingi er saman komið. Fyrir aðalfund, er haldinn var 3. júlí, var lagt frumvarp til laga um menntun alþýðu, er nefnd nokkur meðal fjelagsmanna hafði samið og rætt hafði verið á málfundum fjelagsmanna. Á fundinum urðu þau úrslit þess máls, að skorað var á alþingi að semja lög um alþýðumenntun, þannig, að prestar haldi ár hvert í maímán. opinbert próf í skript, reikningi og rjetttritun yfir öllum þeim börnum, sem $13^1/_2$ árs eru þá orðin, með prófdómendum völdum af sýslunefnd eða bæjarfógeta, og ýmislegt var þar fleira samþykkt, sem hjer yrði of langt upp að telja.

Íslenzkt náttúrufræðisfjelag var stofnað í Reykjavík 16. júlí fyrir milligöngu Stefáns kennara Stefánssonar. Á það að taka við af sams konar fjelagi, er stofnað var af honum og Birni cand. jur. Bjarnarsyni í Kmh. 1887. Tilgangur fjelags þessa er sá, að safna alls konar íslenzkum og útlendum náttúrugripum: dýrum, jurtum og steinum, er síðan skulu hafðir til sýnis í Rvík. Mætti þetta verða vísir til náttúrugripasafns hjer á landi, ef almenningur vildi styðja það og styrkja.

Þá stofnuðu 3 helztu bóksalar landsins (Björn Jónsson, Sigfús Eymundarson, Sig. Kristjánsson) fjelag með sjer 12. jan. til þess að koma bókverzluninni í fastara og skipulegra horf

en áður hefir verið og tryggja sjer skilríka skiptavini út um land.

Á Ísafirði var stofnað *bókasafn* fyrir meðalgöngu nokkurra menntavina. Tillagið er 2 kr. fyrir kaupstaðarbúa á Ísafirði, en 4 kr. fyrir sveitamenn. Það var þegar tekið til starfa og voru fjelagsmenn orðnir 60 í árslok.

Af ritum þeim, sem prentuð hafa verið á árinu, skal að eins fárra getið. *Bókmenntafjelagið* gaf út sín venjulegu rit: Skírni, Tímarit, Skýrslur, Frjettir og Ísl. fornbrjefasafn, 3. hepti 2. bindis. — Á stórn *Þjóðvinafjelagsins* varð sú breyting á þinginu, að öll hin gamla forstöðunefnd fór frá, en kosnir voru aptur Jón Jensson yfirdómari, sjera Benidikt Kristjánsson og sjera Þórarinn Böðvarsson. Frá fjelaginu kom út Andvari, Dýravinurinn, 3. hepti, Barnfóstran, eptir Dr. J. Jónassen, og Almanak. — Meðal annara fræðirita má nefna *Iðunni* 7. bindi, *Tímarit um uppeldi* frá kennurum Flensborgarskólans, 2. árg., *Sameiningin*, útg. af sjera Jóni Bjarnasyni, *Hvernig er oss stjórnað?* eptir Jón A. Hjaltalín, *Sjálfsfræðarinn 1—2. hepti* (stjörnufræði og jarðfræði), *Kvennafræðarinn*, eptir El. Briem. — Af kennslubókum komu út: *Kennslubók í flatarmálsfræði*, eptir Halld. Briem, *Ný kennslubók í ensku*, eptir sama, *Enskunámsbók* eptir Geir T. Zoëga. — Af vísindalegum ritum má nefna doktorsdispútazíu Valtýs Guðmundssonar, «Privatboligen på Island i sagatiden,» er hann varði 9. febrúarm., og rit Þorvalds Thoroddsens, er sæmt var verðlaunum af «Gjöf Jóns Sigurðssonar,» um «þekking manna og hugmynd um Ísland frá elztu tímum fram að siðabót». (Útdráttur af ritgjörð þessari er prentaður á dönsku í Geograf. Tidsskrift). Aptan við skólaskýrslu kom út framhald ritgjörðar Jóns Þorkelssonar: Beyging sterkra sagnorða í íslenzku, 2. hepti. — Af skáldskaparritum þeim, sem út komu, má helzt nefna *Kvæði* eptir Brynjólf Jónsson frá Minna-Núpi, *Elding*, og *Högna og Ingibjörgu* (skáldsögur hvortteggja) eptir Torfh. Þ. Holm. Af ritum útlendinga um Ísland má nefna ferðasögu eptir Eugène de Groote, Island, Paris, og aðra eptir V. Meignan, Pauvre Islande (vesla Ísland), Paris.

Rannsóknarferðir. Þorvaldur Thoroddsen var tæpan mánaðartíma að rannsaka þann hluta landsins, er liggur milli

Þjórsár að norðan og Skaptárjökuls að austan, frá Torfajökli að sunnan norður í Köldukvíslarbotna. Skoðaði hann afrjettarlönd Rangvellinga og fann, að Hrafntinnuhraun og önnur fleiri, er áður voru ókunn, er runnið undan Torfajökli vestanverðum: hvít vikurlög í jörð á suðurlandi segir hann vera og komin úr þessum jökli. Fiskivötn eða Veiðivötn skoðaði hann síðan nákvæmlega, og er landið þar eldbrunnið allt umhverfis og hið einkennilegasta; liggja vötnin í fornum eldopum eða skálum, sem komið hafa í eldsumbrotum, og eru lukt hömrum og móbergstindum og allmikill gróður innan um. Vötnin eru sum afarstór, svo sem Þórisvatn, er gengur næst Þingvallavatni að stærð, og fiskisæl. Með þessari ferð er það sannað, að ein eldæð gengur í boga um þvert landið, norðan úr Þingeyjarsýslu um Ódáðahraun og Heklu suður á Reykjanes.

Dr. Björn M. Ólsen ferðaðist þetta sumar um Strandasýslu og Barðastrandarsýslu sunnanverða til þess að kynna sjer málýzkur í þeim sveitum.

Sigurður fornfræðingur Vigfússon ferðaðist um Breiðafjörð og rannsakaði sögustaði í Gísla sögu Súrssonar, Eyrbyggju og fl. sögum. Hann fjekk og rúma 100 forngripi handa forngripasafninu, sumt kjörgripi.

Af ræðum, sem haldnar voru um ýmisleg málefni til fróðleiks og skemmtunar, má helzt nefna þá, er Gestur Pálsson hjelt í Rvík 12. jan.; talaði hann um *skáld vor og skáldskap á þessari öld* og sagðist margt vel. — Þá talaði sjera Jón Bjarnason langt erindi 4. sept. um *íslenzkan nihilismus*, eða gjörsamlegan doða, hugsunarleysi og afskiptaleysi Íslendinga hjer og vestra um öll mál; kenndi hann einkum skólunum í Rvík, þótt undarlegt megi virðast, og svo prestastjettinni, um allan þann ófögnuð: sagði hann, að allur hugsunarháttur Íslendinga þyrfti að taka stakkaskiptum, til þess, að hjer gæti nokkrar framfarar orðið. Ræða þessi hafði áður verið haldin á 5. kirkjuþingi Íslendinga í Vesturheimi og prentuð þar síðan með öðrum «fyrirlestrum,» sem þar voru haldnir. — Nokkru síðar eða 9. nóv. talaði Gestur Pálsson um *menntunarástandið á Íslandi;* var það nokkurs konar heimsádeila, fyndin og fjörug og þó í ýmsum atriðummiður sönn lýsing á menntun landsmanna nú á tímum. Þessar 2 ræður urðu þó tilefni til þess,

að mikill þorri menntamanna í höfuðstaðnum fór að gefa þessum málum meiri gaum en áður og var almennur málfundur haldinn 23. nóv. til þess að ræða um þessi mál, einkum ræðu G. P., er þá var prentuð; umræðurnar voru og prentaðar skömmu síðar. — 13. apríl sagði Klemens Jónsson sögu «Jörundar hundadagakonungs.» — 13. júlí talaði Hafsteinn Pjetursson langt erindi um danska skáldið Oehlenschläger. — 21. des. talaði W. G. S. Paterson um efnasamsetning loptsins og gerði áheyrendunum um leið málið ljóst með efnafræðislegum tilraunum.

Fyrir ýmsum *skemmtunum* í Rvík gekkst sem fyrri Þorlákur O. Johnson, kaupmaður og hrókur alls fagnaðar «fyrir fólkið» í höfuðborginni; þess skal og getið honum til lofs, að hann gaf tvívegis fátæku fólki kost á að vera við myndasýningar sínar, söguupplestur o. s. frv., í fyrra skiptið nær 250 fullorðnum mönnum, og síðara skiptið nálægt 400 börnum. — Í Reykjavík voru og leiknir í febr. og marz nokkrum sinnum 4 gamanleikir: «Kox og Box,» «Sá er ekki feiminn.» «Þá er jeg næstur» (allir úr ensku), og «Sambýlisfólkið» (úr dönsku). Á Sauðárkrók var og um sama leyti leikinn «Skugga-Sveinn» og nokkrir gamanleikar eptir útlenda höfunda.

Slysfarir.

Skipbrot og fjártjón. Manntjón af slysum. Sjálfsmorð.

Skipbrot og fjártjón. Sökum þess, að tíð var venjulega hagstæð þetta árið og sjaldan kom aftakaveður, urðu skipreikar og fjemissur á sjó og landi með minnsta móti. Skal hjer getið þeirra slysa, sem helzt eru kunn orðin.

Í *jan.* týndist smáskúta ein, *Sæfari*, frá Stykkishólmi, eign H. A. Clausens, á leið frá Reykjavík með matvöru til Ólafsvíkur, lagði út frá Rvík 21. jan. og hreppti hörð veður; rak flak af skipinu skömmu síðar undir Jökli og skutinn í Bjarneyjum; formaður var Guðjón Jónsson frá Hergilsey, en einn hinna var Jón, elzti sonur Bjarna bónda Þórðarsonar á Reykhólum. Farþegi var á skipinu, er Lárus hjet, á heimleið úr þetrunarhúsinu í Rvík; 5 menn ljetust alls. Í ofsaveðrinu

aðfaranótt hins 23. s. m. urðu skemmdir allmiklar á húsum og skipum í Fljótum og Siglufirði. — Eitt háharlaskip Geirs kaupm. Zoëga, «Reykjavíkin,» týndist, svo sem ætlað var, á siglingu í Faxaflóa í útsynningsbyl 31. *marz;* bátur þess fannst nokkru síðar á Bollasviði; þar fórust 10 manns, sumir frá mikilli ómegð; formaður var Einar Sigurðsson frá Bræðraborg í Rvík. — 15. *apríl* brann íbúðarhús stórt úr timbri, nýlegt og vandað, í Nesi í Höfðahverfi. Sex vetra barn hafði kveykt eldinn, kastaði logandi eldspýtu í hefilspæni, en ekki haft vit á að segja til þess í tíma. Veður var hvasst og brann þetta hús og 3 önnur bæjarhús til kaldra kola og heystakkur við sauðahús, 150 faðma frá bænum; brann og mestur hluti þeirra muna, sem í húsunum voru, því að liðfátt var í fyrstu, en eldurinn læsti sig fljótt um húsin. Húsbóndinn, Einar umboðsmaður Ásmundsson, fjekk þó bjargað flestum skjölum þeim, er umboð hans varða, en meiri hluti bóka hans sjálfs og skjala fór í eldinn. Skaðinn metinn 15—16 þús. kr. og var ekkert vátryggt af því, sem þar brann. — 14. *maí* braut kaupskip í blíðviðri á útsigling í utanverðum Hornafjarðarós, rak fyrir straumi upp á sker eitt lítið; enginn var hafnsögumaður á skipinu og skipverjar ókunnugir; skipið sökk með öllum farmi, en menn allir björguðust. — 19. *sept.* braut skipið «Lauvain», eign Amlies, hvalveiðamanns á Langeyri, hlaðið hvallýsi og hvalskíði o. fl., við Rifstanga á Melrakkasljettu; farmur allur var óskemmdur; menn allir hjeldu lífi. — Snemma í *nóv.* hlekktist vöruskipinu «Patreksfirði» svo á undir Flatey á Breiðafirði, að það varð að selja það og allar vörur, sem í því voru, við uppboð (hljóp á 9000 kr.). Í s. m. urðu á sumum stöðum nokkrar skemmdir á heyjum og bátum sökum hvassviðra; þannig fuku (7. þ. m.) 80—90 hestar af heyi á Hraukbæ í Kræklingahlíð, og á vesturlandi urðu og nokkur brögð að slíku, einkum í Barðastrandarsýslu. 15. s. m. urðu skemmdir miklar af skriðuhlaupum og árennsli á tún og engjar á eitthvað 9 jörðum í Fljótshlíð, einkum í Eyvindarmúla, Múlakoti og Fljótsdal. Þá fennti víða fje í norðursýslum landsins, einkum Þingeyjarsýslu, eða rak í ár og vötn. Mest urðu brögð að því í hríðarbyl með fannkomu 23.—25. s. m., 2—10 kindur á bæ; mestur varð fjármissirinn í Núpasveit á Snartarstöð-

um og Brekku (60 fjár), í Þistilfirði á Flutningsfelli (40 fjár) og Ytra-Ábandi (25 fjár). — 27. s. m. braut skonnortuna «Holger», eign H. A. Clausens í Khm., í spón við Gullskriðubala á Stigahlíð við Ísafjarðardjúp; mestur hluti farmsins, 650 skpd. af saltfiski, ónýttist. Skipstjóri H. P. N. Ibsen og unglingur fórust við skipið, en 5 skipverjar komust á land og dóu 2 þeirra síðar. — 8. *des.* sleit upp á Reykjavíkurhöfn kaupskipið «Maríu» frá Flatey, eign verzlunar Jóns sál. Guðmundssonar, og braut við Eiðsgranda á Seltjarnarnesi; beið hjer byrjar til Noregs; skipstjóri var Bjarni Vigfús Thorarensen og skipverjar allir íslenzkir; manntjón varð ekki. 17. s. m. um morguninn, er bjart var orðið, braut meir eða minna að minnsta kosti 9 hús á Búðareyri og Fjarðaröldu á Seyðisfirði, öll norsk; 2 húsin sópuðust í sjó fram með öllu, sem í var. Engin þessara húsa voru íbúðarhús. — Á Þorláksmessu 23. s. m. um miðjan dag brann allur bærinn á Hjaltabakka í Húnavatnssýslu til kaldra kola á tæpum 2 klukkustundum; eldurinn hafði kviknað í ofnpípu og læst sig í þak yfir bæjardyrum, svo að eigi varð við ráðið. Rúmfatnaði, klæðum og reiðskap mestöllum varð bjargað.

Manntjón. 23. *jan.* varð bráðkvaddur í rúmi sínu Eggert verzlunarmaður Snorrason, heitins verzlunarstjóra á Siglufirði, Pálssonar, rúmlega tvítugur. 24. s. m. drukknuðu 3 menn á Kólkuósi í Skagafirði, Magnús Gíslason, bóndi, og Þorleifur húsmaður, frá Grafargerði, og Guðmundur nokkur frá Grafarósi. Náðist 1 þeirra með lífsmarki á kili, en dó síðan. S. d. varð úti í hríðarbyl kvennmaður, Ólöf Jónsdóttir, í Berserkjahrauni milli Bjarnarhafnar og Kóngsbakka; fór ölvuð, að sögn, af stað frá Kóngsbakka, og hafði með sjer brennivínsflösku. — 23. *febr.* hrapaði Finnur nokkur Jónsson frá Hamarsseli í Hamarsdal í Álptafirði og beið bana af; fannst síðar. Síðast í s. m. drukknaði kona í læk í Landeyjum. — 28. *marz* drukknuðu 2 menn í Haukadalsvatni í Dölum, Jón bóndi Benediktsson frá Vörðufelli og Jónas Jónasson bóndi frá Ketilsstöðum í Hörðudal. — 17. *apríl* drukknaði í Ögurhreppi Þórður nokkur Örnólfsson, vinnumaður frá Garðsstöðum; var við kúfiskstöku með öðrum manni; hinum varð bjargað. 30. s. m. varð Finnbogi nokkur Finnbogason (ættaður úr Húnavatnssýslu) úti

á fjallinu milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar; átti heima á Seyðisfirði. — Snemma í *maí* drukknaði 4—5 vetra gamalt barn á Húsavík; datt niður um snjóhuldu á læk við bæinn. 3. s. m. drukknaði annað barn, 4 vetra gamalt, á Geirseyri við Patreksfjörð; náðist með lífsmarki. 4. s. m. drukknaði eða dó af innkulsi á Mýrum í Skaptafellssýslu Páll nokkur Bjarnason frá Holtum. 10. s. m. ljezt Guðmundur nokkur Jónsson frá Hvilft í Önundarfirði og var til sjóróðra í Seljadal; drakk kveldið áður á að gizka pott af rommi í einum teig og missti þegar ráð og rænu. 17. s. m. drukknaði unglingur ósyndur, Jón Einarsson í Garði í Aðal-Reykjadal, í tjörn skammt frá bænum; var með fleirum að vaða í tjörninni, sem eigi var alstaðar stæð, þótt örlítil væri. — 8. *júlí* hrapaði vinnumaður frá Miðvík í Sljettuhreppi, Brynjólfur Guðmundsson, úr festi við eggjatöku í Hólmsbergi á Ströndum. 10. s. m. datt maður útbyrðis af bát hjá Einarsnesi á Mýrum, er Sigurður hjet Jónsson frá Knararnesi á Vatnsleysuströnd; náðist lifandi, en dó degi síðar. 11. s. m. drukknaði á Hafnarfjarðarhöfn Þormóður Gíslason, skipstjóri á fiskiskútunni »Hebrides«; var einn í skipinu, er slysið vildi til og mun hafa fallið útbyrðis; fannst nokkrum dögum síðar. — Síðla í *ágúst* drukknaði drengur frá Hvammi í Höfðahverfi í á skammt frá bænum. — Snemma í *september* drukknaði maður í Hjeraðsvötnum hinum vestari, Sigurður Sigurðsson frá Utanverðunesi, bróðir Ólafs í Ási í Hegranesi. — 18. *okt.* fórust 4 menn í fiskiróðri frá Veiðileysu á Ströndum. 30. s. m. drukknuðu 2 menn á heimleið frá Bíldudal út í Bakkadal í Arnarfirði, Sumarliði Magnússon og Pjetur Þórðarson, dugnaðarmenn. Síðast í s. m. varð úti á Grafningshálsi Ásmundur nokkur Ólafsson frá Suðurkoti, aldraður. — 13. *nóv.* drukknuðu 6 menn af þilskipinu »Olavia«, eign H. A. Clausens í Kmh., við Sandeyri á Snæfjallaströnd; skipstjóri var Þorleifur Jóhannsson, prests Bjarnasonar († í Jónsnesi 1873); höfðu farið frá skipinu, þar sem það lá í góðri höfn og var alls óhætt, þótt ofsarok væri, og hvolfdi bátnum undir þeim á leið til lands. S. d. dó maður af voðaskoti á rjúpnaveiðum, Jón Sigurðsson, Vigfússonar, frá Efstabæ í Skoradal, hálfþrítugur. — Í hríðarbylnum 23. s. m. og næstu daga urðu 6 menn úti í Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu;

á Melrakkasléttu 2, Ludvig Lund, sonur C. G. P. Lunds bónda á Raufarhöfn, um tvítugt ókvæntur, og Stefán nokkur Halldórsson, ungur maður ókvæntur. Á Hóli á Langanesi varð úti Eiríkur nokkur Stefánsson, stóð yfir fje. Á Skriðuhálsi varð úti Sigurpáll bóndi Árnason frá Snögum í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu. Á leið af Hólsfjöllum til Axárfjarðar varð úti maður frá Hafursstöðum í Axarfirði. Þá varð og úti í Jökulsárhlíð í Norður-Múlasýslu, skammt frá Sleðbrjót, maður, sem Helgi hjet Stefánsson frá Hallgeirsstöðum á leið frá Vopnafirði um Lambadal; samferðamenn hans 2 komust til bæja. Í s. m. snemma hrapaði maður í fjallinu upp af Nesi í Norðfirði, Eyjólfur Eyjólfsson, vinnumaður frá Hleiðargarði í Eiðaþinghá; lifði við verstu harmkvæli 11 daga á eptir; en í lok mánaðarins drukknaði af skautum niður um ís á Lagarfljóti unglingur frá Stórasteinsvaði í sömu sveit, er Jakob Hjörleifsson hjet. — 3. eða 4. *des.* fórst bátur í lendingu í Dölum í Mjóafirði og 2 menn með, en hinum 3. varð bjargað. 12. s. m. dó Gísli nokkur Magnússon í Vestmanneyjum af voðaskoti. S. d. varð úti maður, Bjarni Hinriksson, á heimleið frá Hafnarfirði suður að Vatnsleysu; hafði verið ölvaður. 23. s. m. varð úti á Skorarheiði, milli Furufjarðar og Hrafnsfjarðar, vinnumaður frá Furufirði, er Haraldur hjet Guðmundsson.

Sjálfsmorð. Hjer skulu taldir nokkrir þeir menn, er vitanlega hafa ráðið sjer bana sjálfir eða dáið síðar af þeim meiðslum, er þeir við slík banaráð hafa fengið. Hjer að ofan er þegar talað um dauða 2 manna að minnsta kosti, er eigi þótti með öllu einleikið um; varð eigi með sannindum vitað, hvort þeir hefðu stytt sjer aldur eður eigi. — Síðla í *maí* drekkti sjer maður nokkur, er ordinn var geðveikur, Brandur Sigurðsson á Mýrum í Skaptafellssýslu. — 20. *júlí* hvarf um nótt maður, er Árni hjet, á Vestmannaeyjum, um sjötugt; fannst drukknaður daginn eptir nærri landi. — 4. *ágúst* ætlaði vinnukona á Ægissíðu í Rangárvallasýslu, er Guðrún hjet, að hengja sig, en varð ekki af; dó þó af tilræði þessu 7. s. m. — 1. *nóv.* rjeð Kristján Pálsson, beykir við verzlun Magnúsar Jochumssonar á Ísafirði, sjer bana með byssuskoti, rúmlega hálfþrítugur. — Síðast í *nóv.* skaut sig á Gufuskálum í Leiru maður nokkur norðlenzkur, er Halldór hjet; hafði verir geðveikur.

Mannalát.

Heilsufar manna mátti heita mjög gott á þessu ári um land allt, og varð að eins lítið eitt vart þeirra kvilla, sem hjer eru tíðastir og opt verða mörgum manni að bana, enda eru menn víða farnir að gjalda meiri varhuga við sjúkdómum og kunna betur að stunda sjúklinga en áður gerðist. Landfarsóttir gengu engar, svo að teljandi sje; á Kjaranstöðum í Dýrafirði kom upp í febrúarmán. hálsveiki allskæð og ljezt þar konan og 6 börn, en sýkin breiddist eigi út þaðan; síðari hluta marzmán. og fyrri hluta aprílmán. gekk lungnabólga með taksótt í verstöðunum við sunnanverðan Faxaflóa og urðu töluverð verkföll fyrir þá sök meðal sjómanna, en eigi varð sóttin skæð og dóu fáir. Sömu sýki varð og vart á nokkrum öðrum stöðum, einkum í Árnessýslu í nóv. og des., og voru þó engin brögð að.

Getið skal hjer hinna helztu merkismanna, karla og kvenna, er ljetust á árinu.

Af prestvígðum mönnum dóu þessir:

Vigfús prófastur *Sigurðsson* á Sauðanesi, Þorsteinssonar sterka, Guðmundssonar ríka, sýslumanns í Krossavík í Vopnafirði, Pjeturssonar, andaðist 7. janúarm. Hann var fæddur á Valþjófsstað 13. júlím. 1811, útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1837, vígðist 1839 aðstoðarprestur til sjera Stefáns Einarssonar á Sauðanesi, varð prestur á Svalbarði í Þistilfirði 1847—69 og síðan prestur á Sauðanesi til dauðadags og prófastur í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi frá 1875. Kona hans, er lifir hann, er Sigríður Guttormsdóttir prófasts Pálssonar í Vallanesi. Sjera Vigfús var fríður maður sýnum, hár og grannur og limaður vel, heilsulinur alla æfi, en reglumaður hinn mesti, greindur maður og gætinn; á Sauðanesi reisti hann stórt og vandað íbúðarhús úr steini og kirkju fagra úr timbri.

Guðbrandur Vigfússon, Gíslasonar, stúdents á Ökrum, Vigfússonar, sýslumanns í Þingeyjarsýslu, og Halldóru Gísladóttur, prests á Breiðabólsstað á Skógarströnd, Ólafssonar biskups í Skálholti, andaðis 31. janúarm. í Öxnafurðu. Hann var að langfeðgatali kominn af Bustfellingum eystra og frá Guðbrandi biskupi Þorlákssyni í níunda lið. Afasystir hans, Katrín Vig-

fúsdóttir, tók hann að sjer í æsku og var hann lengstum á fóstri hjá Jóni bónda Þorleifssyni á Kleifum; nam undir skóla hjá syni hans, Halldóri, er síðar var prestur í Tröllatungu, og síðan hjá frænda sínum, Þorkeli Eyjólfssyni, er síðast var prestur á Staðarstað; árið 1844 fór hann í Bessastaðaskóla og útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1849 með bezta vitnisburði, fór því næst til háskólans, tók þar 2 hin fyrstu lærdómspróf bæði með bezta vitnisburði; fór hann nú að leggja stund á málfræði, einkum íslenzkar bókmenntir og sögu, en engin önnur próf tók hann en nú voru talin. Hin fyrsta ritgjörð hans er um tímatal í Íslendingasögum (Safn til sögu Íslands I.), hið fróðlegasta rit, er kom út 1855; ýmislegar ritgjörðir í Nýjum fjelagsritum; hann gaf út megnið af 1. bindi og 1. hepti af 2. bindi Biskupasagnanna, Bárðarsögu, Víglundarsögu o. fl. (Kmh. 1860), Fornsögur (Vatnsdælu, Hallfreðarsögu, Flóamannnasögu; Leipz. 1860) og Eyrbyggju með Th. Möbius (Leipz. 1864), starfaði með öðrum að útgáfu skáldamálsorðabókar Sveinbjarnar Egilsonar. Árið 1854 ferðaðist hann um Noreg og ritaði ferðasögu sína í Ný fjelagsrit. Hér á landi dvaldist hann 1858 og árið eptir ferðaðist hann um Þýzkaland og dvaldi um hríð hjá Maurer í München; voru þá Íslenzkar þjóðsögur Jóns Árnasonar í undirbúningi, og ritaði hann formála fyrir þeim. Árið 1864 fjekk Dasent hann til að ljúka við og búa undir prentun safn það til íslenzkrar orðabókar, sem Cleasby hafði byrjað á og ýmsir Íslendingar höfðu unnið að áður; fluttist hann þá til Lundúna og var þar 2 ár; síðan settist hann að í Öxnafurðu og lauk við orðabókina eptir 10 ár, 1874. Sturlungu gaf hann út 1878, íslenzka lestrarbók (Icelandic reader) 1879, norrænt kvæðasafns (Corpus poëticum boreale) 1883, Orkneyingasögur (Icelandic sagas etc.) 1887, og var að starfa að útgáfu allra ísl. fornsagna, er hann lèzt. Sumt af þessu gaf hann út í fjelagi við vin sinn F. York Powell. Hann var manna lærðastur í íslenzkum fræðum, enda var hann »flugnæmur og stálminnugur« og iðjumaður hinn mesti, og sjón hans og glöggskyggni hefir opt verið viðbrugðið. Hann var gerður að heiðursdoktor á háskólahátíðinni í Uppsölum 1877 (sbr. æfiminning hans eptir Jón Þorkelsson í Arkiv för nord. filologi VI. og Ísafold 1889, nr. 25).

Stefán prestur *Helgason* biskups *Thordersens* og Ragnheiðar Stefánsdóttur amtmanns Stephensens andaðist í Vestmannaeyjum 3. apríl. Hann var fæddur 5. júním. 1829 í Odda á Rangárvöllum, útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1846, stundaði síðan lög við háskólann, þar til er hann var settur sýslumaður í Rangárvallasýslu 1858—61 og síðar um tíma í Vestmannaeyjum, vígðist 5. júním. að Kálfholti í Holtum og var þar prestur frá 1864—76, er hann fjekk lausn frá prestskap sakir heilsubrests, enda hafði hann aðstoðarprest, sjera Jón Brynjólfsson, hin síðari árin, sótti um og fjekk Vestmannaeyjar 1885 og þjónaði því brauði til dauðadags. Á alþingi sat hann 1865—1867 fyrir Vestmannaeyjar. Hann þótti vel að sjer gjör um flest það, er honum var ósjálfrátt, manna vinsælastur og góður kennimaður. Hann kvæntist 1864 Sigríði Ólafsdóttur, sekretera Stephensens, er lifir hann ásamt einni dóttur og 2 sonum.

Árni prófastur *Böðvarsson* á Ísafirði, Þorvaldssonar, Böðvarssonar, og Þóru Bjarnardóttur frá Bólstaðarhlíð, andaðist 25. aprílm. Hann var fæddur á Görðum í Önundarfirði 24. okt. 1818, útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1843, var 2 ár við barnakennslu í Reykjavík og 4 ár skrifari Helga biskups Thordersens, var prestur í Ingjaldshólsþingum í Snæfellsnessýslu 1849—61, á Setbergi 1861—66 og Eyri við Skutulsfjörð 1867—81, er hann fjekk lausn frá prestskap sakir vanheilsu; prófastur var hann í Snæfellsnessprófastsdæmi 1856—66 og í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi 1868—81. Hann »var þrekmaður mikill til lífs og sálar og talinn dável gáfaður, röggsamur embættismaður og klerkur allgóður«. Hann var fulltrúi Snæfellinga á Þjóðfundinum 1851. Kona hans var Helga Árnadóttir og er sonur þeirra meðal annara barna sjera Helgi Árnason í Nesþingum.

Magnús prestur *Jónsson* andaðist að Garði í Aðalreykjadal 18. maím. Hann var fæddur á Auðbrekku 6. janúarm. 1809 og voru foreldrar hans sjera Jón Jónsson, prestur að Möðruvallaklaustri († 1866), og Þorgerður Runólfsdóttir; kom í Bessastaðaskóla 1826, útskrifaðist þaðan 1832, var síðan 1 ár við verzlun hjá Sigurði kaupm. Sívertsen í Reykjavík og 3 ár kennari á Eskifirði, vígðist til Grímseyjar 1838 og var þar

prestur frá 1838—41, á Garði í Kelduhverfi frá 1841—51, á Ási í Fellum frá 1851-59, og gerðist þá aðstoðarprestur hjá föður sínum á Grenjaðarstað og fjekk það brauð eptir dauða hans 1867, en þjónaði því einn til 1875, er hann sagði af sjer prestsskap. Hann var mikilhæfur maður og hinn vinsælasti, lagði mikla stund á lækningar, einkum smáskammtalækningar, og þótti heppinn læknir; hann átti allharðar deilur við Jón landlækni Hjaltalín um þau efni og gaf út á íslenzku með sjera Jóni Austmann smáskammta-lækningabók eptir Bernh. Hirschel (Ak. 1882). Kona hans var Þórvör Skúladóttir, prests í Múla, og eru börn þeirra Jón kaupm. á Eskifirði, Ingibjörg kona Júlíusar læknis Halldórssonar, og Sigfús bóndi í Nebraska í Ameríku o. fl.

Bjarni uppgjafaprestur *Sveinsson*, Eyjólfssonar, og Ragnhildar Stefánsdóttur, andaðist 3. ágústmánaðar að Volaseli í Lóni. Hann var fæddur á Búðum í Fáskrúðsfirði 9. desember 1813, útskrifaðist úr skóla 1841, vígðist prestur að Kálfafelli á Síðu 1847 og var þar prestur frá 1847-51, í Þingmúla frá 1851—62, á Stafafelli í Lóni frá 1862-77, er hann fjekk lausn frá prestsskap. Hann var gáfumaður og kjarkmaður, en heilsulinur, einkum síðari hluta ævi sinnar. Kona hans var Rósa Brynjólfsdóttir, prófasts Gíslasonar í Heydölum, ekkja sjera Jóns Bergssonar á Hofi í Álptafirði; eitt af börnum þeirra er sjera Jón Bjarnason í Winnipeg.

Guðmundur uppgjafaprestur *Jónsson*, timburmanns Illugason (frá Bóndhól á Mýrum) og Helgu Guðmundsdóttur, andaðist 5. ágústm. að Þúfu á Landi. Hann var fæddur í Reykjavík 21. ágúst 1810, kom í Bessastaðaskóla haustið 1834, útskrifaðist þaðan 1840, vígðist til Grímseyjar 1843 og var þar prestur frá 1843—46, á Stóruvöllum á Landi frá 1846—83, er hann sagði af sjer prestsskap; árið 1876 fjekk hann að vísu veiting fyrir Kálfholti, en fór þangað aldrei og hafði brauðaskipti við sjera Jón Brynjólfsson, er fengið hafði Stóruvelli. Kona hans var Ingibjörg Jónsdóttir prófasts Halldórssonar á Breiðabólsstað í Fljótshlíð og er einn barna þeirra Guðmundur læknir í Laugardælum.

Þórður uppgjafaprestur *Thorgrimsen*, sonur Þorgríms Guðmundssonar Thorgrimsens í Saurbæ og Ingibjargar Guð-

mundsdóttur Thordersens, systur Helga biskups, andaðist 25. ágústm. Hann var fæddur 6. febrúarm. 1821, útskrifaðitt úr skóla 1845, vígðist að Otrardal 1849 og var þar prestur frá 1849—64 og á Brjámslæk frá 1864—77, er hann fjekk lausn frá prestsskap; síðan sótti hann um og fjekk aptur Otrardal og var þá 1 ár prestur, 1883—84; þá sagði hann af sjer prestsskap, en átti heima í Otrardal til dauðadags. Kona hans var Guðrún Sveinbjarnardóttir rektors Egilssonar og varð þeim eigi barna auðið.

Páll uppgjafaprestur *Jónsson* andaðist að Viðvík 8. desemberm. eptir 3 daga legu. Hann var fæddur í Hvítadal í Dalasýslu 23. ágústm. 1813 eða að sögn sjálfs hans 27. ágústm. 1812, útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1837, vígðist 1841 aðstoðarprestur að Myrká í Hörgárdal og var þar einn prestur frá 1846—58, á Völlum í Svarfaðardal frá 1858—78 og að Viðvík frá 1878—86, er hann fjekk lausn frá prestskap. Hann var vandaður maður og vinsæll, þrekmikill og þjettur í lund, gáfumaður mikill og fróður um margt, góður kennimaður og sálmaskáld gott og eru margir sálmar hans í sálmabókunum; til eru og eptir hann 2 bænakver (Ak. 1871, önnur útg. aukin s. st. 1878, og Rvík 1889). Hann var tvíkvæntur; með fyrri konu sinni Kristínu Þorsteinsdóttur, stúdents, átti hann 6 syni þar á meðal Snorra sál. alþingismann og verzlunarstjóra á Siglufirði og Einar bókhaldara (á Oddeyri) og 1 dóttur, Kristínu sál. konu Einars Guðmundssonar á Hraunum. Með síðari konu sinni, Önnu Sigr. Jónsdóttur, sem lifir hann, átti hann 9 börn, og lifa að eins 2 dætur þeirra.

Af læknum ljezt á þessu ári:

Bogi Pjetur hjeraðslæknir *Pjetursson*, biskups Pjeturssonar og Sigríðar Bogadóttur, að Kirkjubæ 22. desemberm. Hann var fæddur 19. júlím. 1849, útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1869, tók heimspekispróf við háskólann og embættispróf við læknaskólann í Reykjavík 1874, varð hjeraðslæknir í Skagafjarðarsýslu 1876 og Rangárvallasýslu 1878. Hann var talinn góður læknir; framkvæmdarmaður var hann og búhöldur mikill og vinsæll af allri alþýðu. Hann var kvæntur Kristínu Skúladóttur Thorarensens frá Móeiðarhvoli og lifa 2 synir þeirra.

Af lögfræðingum andaðist á þessu ári:

John Hilmar Stephensen, sonur Ólafs Stephensens, yfirauditörs og síðast bæjarfógeta í Varde á Jótlandi, Stefánssonar amtmanns á Hvítárvöllum, 11. maímán. í Kaupmannahöfn ókvæntur. Hann var fæddur 1846, tók embættispróf í lögum 1870, varð síðan yfirrjettarmálfærslumaður, 1880 varð hann skrifstofustjóri og 1885 forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar eptir dauða Oddgeirs Stephensens. Hann var greindur vel, gegn og góður; var mjög heilsulítill mörg hin síðustu ár ævi sinnar.

Af öðrum lærðum mönnum, er önduðust á þessu ári, má nefna Jón stúdent Jónsson, prófasts Jónssonar frá Steinnesi; hann andaðist á Ingunnarstöðum í Geiradal 22. des., nær fimmtugur.

Af merkisbændum skal getið þessara:

Pjetur Gestsson, Einarssonar hins auðga í Rauðseyjum, andaðist á Hríshóli í Reykhólasveit 1. janúarm., hálfsjötugur. Hann bjó allan sinn búskap eða 33 ár á Hríshóli og var hreppstjóri 15 ár, sáttasemjari og sýslunefndarmaður; þótti vandaður maður og nokkuð forn í skapi, stjórnsamur á sínu heimili. Fyrri kona hans var Ástríður Magnúsdóttir frá Skáleyjum Einarssonar, en síðari Guðlaug Jónsdóttir frá Höllustöðum.

Eyjólfur Jónsson, Andrjessonar og Kristínar Jónsdóttur, á Vöðlum í Reyðarfirði, andaðist 13. febrúarm. Hann var fæddur 14. sept. 1820 á Vöðlum og var þar alla ævi, kvæntist 15. okt. 1848 Mekkínu Eyjólfsdóttur, Pjeturssonar í Karlsskála, og Margrjetar Ásbjartsdóttur. Hann var «siðprýðis-, sóma- og dugnaðarmaður.»

Þórður Þorsteinsson á Leirá í Borgarfirði, Þiðrikssonar, og Steinunnar Ásmundsdóttur, andaðist 2. marz. Hann var fæddur á Brennistöðum 1830, kvæntist 1854 Rannveigu Kolbeinsdóttur á Hofstöðum, fluttist 1868 að Leirá og bjó þar við mikla rausn til dauðadags. Hann var hinn mesti dugnaðarmaður, gerði stórkostlegar jarðabætur, einkum á Leirá, reisti bæinn þar allan af nýju úr timbri og kirkju vandaða, ljet grafa 1400 faðma langa skurði til vatnsveitinga, hlaða túngarð 200 faðma langan og brýr út frá bænum 200 faðma langar, stofnaði bún-

aðarfjelag í Leirársveit 1874 og var helzti stuðningsmaður að stofnun Hvanneyrarskólans. Hann var maður gestrisinn og hinn raunbezti, ef hans var leitað. (Sbr. Ísafold, 1889 nr. 88).

Ólafur Gíslason á Kolbeinsá í Strandasýslu andaðist 17. marzm., á níræðisaldri, röskleikamaður til elli, góður sjómaður og var lengi hafnsögumaður í Hrútafirði.

Egill Guðmundsson, alþingismanns Brandsonar, á Þórustöðum á Vatnsleysuströnd andaðist 1. apríl. Hann var fæddur 16. desemberm. 1849, giptist 1877 Ólöfu Þosteinsdóttur, Bjarnasonar að Ytrinjarðvík. Var smiður mikill, góður bóndi og vel að sjer um flest.

Magnús Árnason í Vatnsdal í Fljótshlíð, bróðir Jóns kaupm. Árnasonar í Þorlákshöfn, andaðist 4. apríl. Hann var dugnaðarmaður og vel metinn. Fyrri kona hans var Anna Valgerður Pálsdóttir, alþingismanns í Árkvörn, en síðari Helga Guðmundsdóttir, prests Jónssonar, á Stóruvöllum.

Narfi Þorsteinsson á Klafastöðum í Skilmannahreppi andaðist 13. maím., hátt á sextugsaldri. Hann var fæddur og uppalinn í Þingvallasveit og bjó lengi í Stíflisdal og fór þaðan 1879 að Klafastöðum. Hann var «mesti búhöldur, stjórnsamur og ráðdeildarsamur.»

Magnús Jónsson, dannebrogsmaður í Bráðræði við Reykjavík, bróðir Þorsteins sýslumanns á Kiðjabergi og Jóns assessors Johnsens, andaðist 28. maí. Hann var fæddur 2. ágústm. 1807 að Drumboddsstöðum í Biskupstungum, kvæntist 6. júním. 1833 Guðrúnu Jónsdóttur, prests Hjaltalíns, bjó síðan í Felli í Biskupstungum til 1835, í Austurhlíð til 1861 og síðan alla tíð í Bráðræði, sat á alþingi fyrir Reykvíkinga 1865 og 1867. Hann var búhöldur mikill og atorkumaður á yngri árum, gerði miklar jarðabætur þar sem hann bjó, einkum í Bráðræði, var formaður verzlunarfjelags Seltirninga og rak síðan verzlun sjálfur í Reykjavík. Synir þeirra hjóna eru þeir Jón, bóndi í Bráðræði, og Sigurður, verzlunarmaður í Reykjavík.

Jón Sigurðsson alþingismaður á Gautlöndum andaðist í Bakkaseli í Öxnadal 26. júním. Hann hafði fallið af hestbaki á Öxnadalsheiði 21. s. m., er hann var á suðurleið til alþingis, orðið fastur í ístaði og hesturinn dregið hann um 100 faðma

eptir vondum vegi; urðu þau meiðsli, er hann þá fjekk, eða afleiðingar þeirra honum að bana. Hann var fæddur að Gautlöndum 12. maí 1828, kvæntist tvítugur Solveigu Jónsdóttur prests Þorsteinssonar í Reykjahlíð; hann sat á alþingi frá 1859 eða 16 þingum alls og var fulltrúi Þingeyinga frá 1859—85, en varð þingmaður Eyfirðinga 1886 út úr stjórnarbaráttunni og var þeirra fulltrúi á þingunum 1886 og 1887; hann var forseti neðri deildar á þingunum 1879—1881, 1883, 1885 og 1887; á alþingi var hann jafnan kosinn til hinna vandasömustu starfa og sat í fjölmörgum nefndum, svo sem í landbúnarnefndinni 1870 og skattanefndinni 1876 milli þinga, og í hjeraði var hann sjálfkjörinn forkólfur allra fyrirtæka, er horfa máttu til þjóðþrifa. Hreppstjóri var hann um 30 ár; hreppsnefndaroddviti, sýslunefndarmaður og amtsráðsmaður; sýslumaður var hann settur 1861 og 1868. Hann var meðalmaður vexti, fríður sýnum, gáfulegur og skörulegur í öllu, vel máli farinn og tillögugóður, enda var máðurinn mikilhæfur á marga grein og var heimili hans jafnan eitt hið mesta rausnarheimili norðanlands; «forsetastörf á alþingi ljetu honum einkar-vel, var röggsamur, glöggur og úrskurðargóður.» Var lík hans flutt með mikilli viðhöfn norður að Gautlöndum og jarðað að Skútustöðum 11. júlím. Af 11 börnum þeirra hjóna eru 9 á lífi; þar á meðal Kristján yfirdómari og Sigurður kaupm. á Vestdalseyri.

Jökkum Magnússon andaðist í Mýrartungu 4. júní (fæddur á útmánuðum 1806). Kona hans var Þóra Einarsdóttir († 1872); bjuggu þau hjón lengst í Skógum í Þorskafirði, þar sem hann var fæddur, en síðast á Grónesi. Hann var «eljumaður, vitur og góðgjarn.» Eitt af börnum þeirra hjóna er sjera Matthías Jochumsson.

Helgi Sigurðsson, prests Brynjólfssonar Sivertsens á Útskálum, andaðist í Kirkjuvogi í Höfnum 26. júlím., nær fimmtugsaldri; hann var búmaður mikill.

Kristján Matthiesen, sonur sjera Jóns Matthíassonar frá Arnarbæli, varð bráðkvaddur á Hliði á Álptanesi 12. ágústm., hátt á sjötugsaldri. Hann var búhöldur mikill, stjórnsamur og höfðinglyndur; gaf t. d. skömmu fyrir dauða sinn 1000 kr. til

þess að kaupa jörð, hentuga til þess að reisa á barnaskóla handa Bessastaðahreppi.

Guðmundur Magnússon í Varðgjá í Eyjafirði andaðist í septemberm. Hann var góður bóndi á sínum yngri árum, harðger og óvæginn, og ekki all skostar við alþýðu skap, vinur vina sinna; var blindur hin síðustu ár ævi sinnar.

Jón Árnason á Skarði í Landmannahreppi andaðist 4. októberm. rúmlega sjötugur, atorkumaður, flutti bæ sinn og kirkju 1877 undan sandfoki og ræktaði nýtt tún og girti á öðrum stað.

Gísli Þórðarson á Óseyri við Hafnafjörð andaðist 11. nóv. tæplega fertugur, skipstjóri, «valinkunnur dugnaðar- og ráðdeildarmaður.»

Guðmundur Ólafsson jarðyrkjumaður á Fitjum í Skoradal andaðist í nóvemberm. hálfsjötugur. Hann hafði numið búfræði erlendis og hefir ritað ýmislegt þess efnis í Ný fjelagsrit. Hann var nýtur maður, greindur og gætinn, gerði miklar jarðabætur á bújörð sinni. Hann sat á alþingi 1875—1879.

Sveinn Sigurðsson á Brekkuborg í Mjóafirði eystra andaðist 4. desemberm., á áttræðisaldri. Hann var gildur bóndi, fróðleiksmaður og góður drengur. Sonur hans er Sveinn búfræðingur á Hvanneyri.

Guðmundur Jónsson, skipasmiður á Ísafirði, andaðist 21. desemberm., um sjötugt. Hann var «forn í skapi og vinfastur;» á dánardegi ánafnaði hann styrktarsjóði handa ekkjum og börnum sjódrukknaðra Ísfirðinga 20 kr.

Skúli bóndi *Kristjánsson*, kammerráðs Magnússonar, andaðist á Skarði 24. des.

Þá andaðist um haustið *Niels* póstur, er var «einhver hinn harðvítugasti maður til ferðalags» og var póstur yfir 20 ár og gerður dannibrogsmaður fyrir þá sök.

Af kaupmönnum andaðist:

Jón Otti Vigfús Jónsson, 30. septemberm., 41 árs. Hann stýrði lengi verzlun konsúls M. Smiths og varð eigandi hennar eptir dauða hans. Hann var dugnaðarmaður, en vanheill mjög hin síðustu árin. — *Ludvig J. Chr. Schou*, fyrrum verzlunarstjóri á Húsavík, andaðist á Torfastöðum í Vopnafirði

26. nóvember. Hann var faðir Emils H. L. Schou's, cand. philos. í Ameríku, og Bjargar, konu sjera Halldórs Þorsteinssonar á Bergþórshvoli.

Af merkiskonum má geta þessara:

Sigríður Bjarnardóttir, sýslumanns Blöndals, ekkja sjera Sigfúsar Jónssonar að Undirfelli († 1876), andaðist í Hafnarfirði 23. janúarm., á sjötugsaldri.

Sigríður Ólafsdóttir, Þorbergssonar, Einarssonar prests á Eyri við Skutulsfjörð, andaðist í Svefneyjum 5. febr. (fædd 24. maí 1799). Hún var móðir yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar.

Olavía Thorarensen, kona Stefáns sýslumanns Thorarensens á Akureyri, andaðist 9. febr.

Sigríður Magnúsdóttir, frá Leirum undir Eyjafjöllum, ekkja síra Ólafs Þorvaldssonar frá Viðvík († 1879), andaðist í Reykjavík 20. febr., á öðru ári um áttrætt, «kona guðhrædd og göfuglynd.»

Sigríður Einarsdóttir, ekkja sjera Bjarnar prófasts Halldórssonar frá Laufási, andaðist í Kaupangi 19. marz (fædd 25. júlí 1819). Hún var fríð kona sýnum og skörulog og þótti hin mesta sæmdarkona.

Sigríður Stefánsdóttir, prests Stefánssonar Stephensens († 1857), ekkja sjera Guðjóns Hálfdánarsonar frá Saurbæ, andaðist að Goddölum 18. maí., hin mesta rausnarkona og vinsæl.

Hólmfríður Baldvinsdóttir, prests að Upsum í Svarfaðdal, föðurbróður Jónasar Hallgrímssonar skálds, andaðist á Ísafirði 4. júlí. Hún var fædd að Grenjaðarstað 15. jan. 1813, giptist 1839 Þorláki Hallgrímssyni († 1863), Þorlákssonar frá Skriðu, og bjó allan sinn búskap á Norðurlandi, en dvaldist síðan hjá tengdasyni sínum, Símoni kaupm. Alexíussyni á Ísafirði. Hún var «fríð kona, sívinnandi, forsöngvari, læknir og yfirsetukona í sinni sveit.»

Solveig Jónsdóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, audaðist 17. ágúst.

Guðrún Sveinsdóttir andaðist í Reykjavík 19. sept. Hún var fædd á Ægissíðu í Húnavatnssýslu 1830, ólst fyrst upp hjá foreldrum sínum og síðan hjá móðurbróður sínum, Jóni landlækni Thorsteinsen í Rvík, þar til er hún giptist fyrri manni sínum Kristjáni kaupm. Þorsteinssyni; árið 1860 giptist hún í

annað sinn Geir kaupm. Zoëga. Hún var «dugnaðarkona, vel gáfuð, trygglynd og guðrækin.»

Hildur Thorsteinsson, dóttir Guðmundur agents Schevings og Halldóru Benidiktsdóttur frá Staðarfelli, andaðist að Brjámslæk 27. nóv. (fædd í Flatey 28. júlí 1818).

Ólöf Einarsdóttir, ekkja sjera Finns Þorsteinssonar frá Klyppstað, andaðist á Seljamýri í Loðmundarfirði 15. des.

Frá Íslendingum í Vesturheimi.

Sökum árgæzkunnar hjer á landi petta árið urðu vesturfarir heldur með minna móti. Taldist mönnum svo til, að 625 manns hefðu alls flutzt vestur á árinu til þess að taka sjer þar bólfestu víðs vegar í byggðum Íslendinga. Munu Íslendingar þar vestra nú vera nær 12 þúsundir, að börnum þeim meðtöldum, sem þar hafa fæðzt. Mun hagur þeirra víðast hvar vera í betra lagi og urðu árið, sem leið, litlar sem engar misfellur á uppskeru hjá þeim, sem akuryrkju stunda, enda er velmegun þeirra tíðast meiri, sem búa á landsbyggðinni, en hinna, sem hafast við í borgunum og lifa af handafla sínum, þar sem opt fæst enginn vinna á veturna um marga mánuði, en allar nauðsynjavörur í háu verði.

Svo virðist nú komið, sem Íslendingum muni ætla að takast að halda tungu sinni og þjóðerni þar vestra og hverfa ekki með öllu inn í hinn mikla þjóðasæg, sem þar er saman kominn, og detta þannig úr sögunni sem þáttur hinnar íslenzku þjóðar. Getur slíkt, þegar fram líða stundir, orðið til hins mesta gagns og hagræðis Íslendingum, einkum þeim sem vestur flytjast, er þeir hitta þar fyrir landa sína og geta notið aðstoðar þeirra. Í þessari baráttu sinni fyrir viðhaldi þjóðernis síns og annars þrifnaðar í andlegum og líkamlegum efnum njóta þeir liðsinnis margra góðra manna og dugandi, er leggja allt í sölurnar fyrir sinn málstað, svo sem eru þeir prestarnir sjera Jón Bjarnason og Friðrik Bergmann.

Þótt borið hafi ef til vill meira á flokkadrætti og skærum meðal Íslendinga vestra þetta árið, og það opt út af litlu efni, þá má þó eflaust fullyrða, að meiri hlutinn fylgist að þeim

málum, sem hið evangeliska, lúterska kirkjufjelag hefir sett sjer fyrir mark og mið að fá framgengt, en það er viðhald hinnar lútersku trúar meðal Íslendinga í hinum nýja heimi, og samheldni, menning og framfarir í öðrum efnum, undir ægishjálmi kirkjunnar. Kirkjufjelagið hjelt hinn 5. ársfund sinn 19.—24. júní. Voru þá söfnuðir, sem í kirkjufjelaginu eru og hafa komið á hjá sjer reglulegri safnaðarstjórn með skólum, orðnir 22 talsins; en hinir nokkrir enn, sem ógengnir voru í kirkjufjelagið Á þinginu var meðal annars rætt um «almennt guðsþjónustuform» fyrir alla söfnuðina í heild sinni, en varð eigi útkljáð og bíður það mál næsta ársþings; á sömu leið fór og málið um «form fyrir sunnudagaskólahald í lúterskum söfnuðum.» Nefnd sú, sem sett hafði verið til þess að fjalla um skólamál Íslendinga, lagði það til, að kirkjufjelagið reyndi af fremsta megni að koma upp lærðum skóla hjá sjer, «svo að það standi jafnfætis hinum öðrum kirkjudeildum þessa lands, sem flestar eða allar hafa slíka skóla,» og leita liðs hjá hinum öðrum lútersku kirkjufjelögum til þessa. Þingið mótmælti og trúboðatilraunum þeirra Lárusar og Jónasar Jóhannssonar af hendi presbyteríönsku kirkjunnar og þótti einna tiltækilegast að reyna að fá fleiri ísl. presta vestur, einkum til Winnipeg, þar sem flestir landar eru saman komnir, og var forseta kirkjufjelagsins, sjera Jóni Bjarnasyni, falið á hendur að reyna til þess að fá 3—5 presta hjeðan að heiman. — Þó að þing þessi fjalli að vísu mest um kirkju- og kennslumál, þá ber þó mörg önnur mál á góma, sem miklu varðar, og stuðla að því, að Íslendingar haldi sem bezt hóp; þau eru nokkurs konar alþingi, þar sem rætt er um landsins gagn og nauðsynjar, og allt það bezta, sem þar vestra er hugsað, er látið koma fram, þótt ekki sje það kirkjulegs efnis. Á þessu þingi voru haldnir 4 fyrirlestrar, er síðar voru prentaðir; sjera Jón Bjarnason talaði um «íslenzkan nihilismus,» sem áður hefir verið á minnzt; sjera Friðrik Bergmann um «vorn kirkjulega arf,» kenndi ástandi kirkjunnar hjer heima um þær misfellur, sem á eru trúlífi landa þar vestra, og fór hörðum orðum um kirkjustjórn vora og prestastjett, og trúarástandið hjer á landi; sjera Steingrímur Þorlákssson talaði um «biblíuna» og Einar Hjörleifsson um það, «hversvegna svo fáir væru með» í framfarabaráttunni á þessu

landi, og gaf skilningsleysi og svefnmóki því, sem væri á þjóðinni heima á Íslandi, einkum sök á því.

Sjera Jón Bjarnason kom hingað til lands með konu sinni í ágústmánuði; ferðaðist síðan austur um land til Húsavíkur og kom aptur til Rvíkur og dvaldist þar fram í desember. Presta fjekk hann enga til að fara vestur, nema ef telja skyldi prestaskólakandídat Hafstein Pjetursson, er þegar áður hafði heitið honum að gerast prestur Íslendinga þar í landi; varð hann síðan prestur safnaðarins í Argyle-byggð í Manitoba. Tók hann, þegar er hann var vestur kominn, að rita fremur hvatvíslegar árásir gegn kirkjustjórninni og trúarlífinu hjer á landi; komu þær greinir út í Sameiningunni og Lögbergi. — Í Vesturheimi eru nú alls 5 ísl. prestar.

Hin helztu rit, sem út voru gefin þar vestra þetta árið, voru dagblöðin «Lögberg» og «Heimskringla,» kirkjutímaritið «Sameiningin,» «Um þrenningarlærdóminn og guðdóm Krists», eptir Kr. Janson, þýtt af Birni Pjeturssyni, Páls saga biskups Jónssonar, og Hellismanna saga, og ýmsir aðrir smáritlingar.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI

1890

EPTIR

PÁLMA PÁLSSON

CAND. MAG.

REYKJAVÍK.
PRENTAÐAR Í ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU.
1891.

Löggjöf og landsstjórn.

Um ekkert mál var öllum þorra manna jafntíðrætt þetta árið sem stjórnarskrármál landsins og afdrif þess á síðasta þingi; skiptust skoðanir manna þar í tvö horn; vildu sumir og jafnvel meiri hluti þeirra manna, er skyn báru á alla málavöxtu, í fyrstu hallast að þeirri samkomulagsstefnu, málamiðlun, er fram kom af hálfu efri deildar þingsins, og þótt mörgum þætti ýms ákvæði frumvarps deildarinnar varhugaverð, þá ætluðu þeir þó, að þeim vandkvæðum mætti kippa í lag með góðum vilja af beggja hálfu; en er fram í sótti, þá snerist sumum þessara manna hugur og hurfu aptur að stefnu hinna eldri frumvarpa frá þingunum 1885 og 1886; mun það hughvarf einna helzt eiga rót sína að rekja til ötulla og óvægilegra málsemda minni hlutans á þinginu, þeirra Benidikts Sveinssonar og fylgismanna hans. Í þeim fjórum kjördæmum, er þingmenn varð að kjósa til næsta þings, fóru kosningar víðast svo, að minni hluta menn urðu yfirsterkari og báru sigur úr býtum. Nýjar kosningar til þessa eina þings, sem eptir er af kjörtímanum, fóru fram í þessum kjördæmum: Í *Suður-Múlasýslu* var valinn 14. maí síra Sigurður Gunnarsson á Valþjófsstað (í stað Jóns Ólafssonar), í *Eyjafjarðarsýslu* Skúli Thoroddsen, sýslum. á Ísafirði, 19. júní (í stað Jóns Sigurðssonar), í *Vestmannaeyjum* Indriði Einarsson, endurskoðari, 22. sept. (í stað Þorsteins Jónssonar) og í *Dalasýslu* síra Jens Pálsson á Útskálum, 25. s. m. (í stað síra Jakobs Guðmundssonar).

Hjer skal getið þeirra laga, er voru óstaðfest við síðustu árslok og náð hafa staðfesting konungs á þessu ári:

3. jan. voru staðfest:

13. Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.
14. Lög um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun.
15.—19. Lög um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp, við Hólmavík í Steingrímsfirði, að Stapa í Snæfellsnessýslu, á Búðareyri við Reyðarfjörð og að Múlahöfn við Hjeraðsflóa.

24 s. m. voru staðfest:

20. Lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum.

7. febr. voru staðfest:

21. Lög um vexti.
22. Lög um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887.
23. Lög um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu.

22. marz voru staðfest:

24. Farmannalög. Þar eru mörg mikilsverð og næsta þörf ákvæði um dagbókahald á skipum, vistráð, lögskráning og aga bæði hjer við land og erlendis.
25. Lög um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda.
26. Viðaukalög við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849.
27. Lög um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala- og Barðastrandar prófastsdæmum.
28. Lög um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880.

22. maí voru staðfest:

29. Lög um hundaskatt og fleira. Skatturinn er 2 kr. ár hvert af hverjum búhundi húsráðanda, þess «er býr á meira en 1 hundraði úr jörð utan kaupstaða»: en 10 kr. af öðrum.
30. Lög um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi. «Í Reykjavík skal stofna stýrimannaskóla til þess að gefa mönnum kost á kennslu í siglingafræði» og skal þar vera 1 fastur kennari með 1500 kr. launum.
31. Lög um innheimtu og meðferð á kirknafje. Eindagi á kirkjugjöldum er 31. des. og skal reikningsár kirkna vera frá nýári til nýárs. Tekjur kirkna skulu renna í almenn-

an kirknasjóð, er stofna skal, nema þær þurfi til viðhalds kirkjunum og skal hver kirkja hafa sína viðskiptabók við sjóðinn; undanþegnar eru bændakirkjur, nema kirkjuráðandi vilji svo vera láta.

32. Viðaukalög við lög nr. 5, 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.
33. Lög um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis.
34. Lög um tollgreiðslu.

11. júlí voru staðfest:

35. Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki. Öll hjú, börn hjá foreldrum og lausamenn og lausakonur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, skulu greiða ár hvert, karlmaður 1 kr. og kvenmaður 80 a.
36. Lög um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Voru þá við árslokin enn óstaðfest 4 lög auk þeirra, er synjað hafði verið staðfestingar.

Reglugjörðir voru þetta ár staðfestar fyrir búnaðarskólann á Hvanneyri og á Hólum.

Samkvæmt landsreikningnum 1890 varð tekjuafgangur 102,254 kr. og hefir hann aldrei verið svo mikill síðan 1883, er afgangs urðu útgjöldum 108,200 kr., er það einkum að þakka kaffi- og sykurtollinum (þetta ár 120,226 kr.) og hækkuðum tóbakstolli (nær 44,000 kr.); tekjur af póstferðum urðu og með mesta móti eða full 30,000 kr.

Deilurnar um landsbankann rjenuðu nokkuð þetta árið, er á leið, enda þykir nú og fullsannað, að landinu sje af þeirri stofnun engin hætta búin — síður en svo. Veltufje bankans var um árslokin orðið töluvert á aðra miljón króna og varasjóður hans 120,800 kr. Í sjóði voru um árslokin vaxtalausar um 179,000 kr., í útlánum um 680,000 kr. og í konunglegum skuldabrjefum 253,000 kr.

Í söfnunarsjóð Íslands voru í árslokin komnar rúmar 50,000 kr.

Af dómum skal hjer að eins fátt eitt greint. Landsyfirdómurinn dæmdi (10. febr.) Jóhannes nokkurn Magnússon úr

Skaðafirði í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir skjalafölsun. Frú Jóhanna Bjarnason var (24. marz) af landsyfirdómi sýknuð um 9265 kr. 20 a. kröfu frá verzlunarfjelagi einu í Skotlandi sökum fyrningar þeirrar skuldar. Þá var og (14. apr.) af sama dómi dæmdur ógildur landamerkjadómur milli Skóga og Skarða í Reykjahverfi í Þingeyjarsýslu fyrir þá sök, að merkjadómendur höfðu eigi tekið til greina framlagt og þinglesið skjal, þar sem merkin voru greind. Þá dæmdi landsyfirdómurinn (23. júní) ómerkan hjeraðsdóm úr Rangárvallasýslu um skipti milli erfingja Filippusar heitins Þorsteinssonar frá Bjólu. — Alls voru í landsyfirdómi dæmd 41 mál: 26 einkamál og 15 sakamál. Í hæstarjetti voru dæmd hæstarjettarárið 1890—91 4 mál: 2 sakamál og 2 einkamál.

Meðalverð allra meðalverða eptir verðlagsskránum frá miðju maímán. 1890 til jafnlengdar 1891 var þetta:

	Ær	Sauður veturg.	Hvít ull	Smjör	Tólg	Salt-fiskur	Harð-fiskur	Dags-verk	Lamba-fóður	Með-alalin
Austurskaptafellssýsla	10,25	7,58	65	58	20	»	»	2,36	8,43	46
Vesturskaptafellssýsla	8,80	7,19	57	54	29	»	9,66	2,11	8,15	50½
Rangárvallasýsla	8,46	7,86	64	56	34	10,06	13,50	2,14	8,09	48
Vestmannaeyjasýsla	9,00	7,00	65	55	35	10,00	15,00	2,50	8,50	45
Árnessýsla	10,53	9,68	67	63	36	10,60	14,43	2,90	4,08	63
Gullbringu- og Kjósars. og Hvík	13,63	11,53	68	66	40	11,38	15,51	2,61	4,23	56
Borgarfjarðarsýsla	12,83	12,70	68	68	37	11,30	14,29	2,35	3,94	57
Mýrasýsla	11,98	12,02	69	62	39	10,06	12,42	2,60	4,13	57
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	12,19	9,81	69	60	42	10,22	14,35	2,74	4,59	55
Dalasýsla	12,45	11,31	66	59	36	9,12	11,44	2,64	4,68	53
»	13,50	10,66	66	67	49	11,24	10,20	2,15	4,87	56
kaupstaðar	14,70	11,83	66	72	47	12,90	13,72	2,47	5,19	63
Strandasýsla	14,39	12,19	64	63	36	11,04	12,00	2,43	5,50	55
Húnavatnssýsla	12,91½	12,39½	69	58½	34	5,57½	11,43½	2,23	4,14	63
Skagafjarðarsýsla	13,55	12,93	70	55	33½	9,40	10,42½	2,32	4,03	61
Eyjafjarðars. og Akureyrarkaupst.	12,96	10,49½	68½	48½	27	9,23	9,33	2,14½	4,00	47
Þingeyjarsýsla	13,52	9,64	69	49	24	9,26	9,55	2,44½	4,23	48
Norðurmúlasýsla	13,83	11,07	70	65½	31½	10,16½	11,47	2,77	4,28	67½
Suðurmúlasýsla	13,15	9,95	69½	67	26	9,61	12,07	2,75	4,31½	63

Á skipun embættismanna urðu þessar breytingar o. fl.

Veitt *sýslumannsembætti:*

Páli Briem, málfærslumanni, var 21. júní veitt Rangárvallasýsla frá 1. sept.

Veitt *læknisembætti:*

Ólafi Guðmundssyni, aukalækni á Skipaskaga, var 2. júní veitt hjeraðslæknisembættið í Rangárvallasýslu. 21. s. m. voru skipaðir þessir aukalæknar: Læknaskólakand. *Björn G. Blöndal* í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá og læknaskólakand. *Sigurður Sigurðsson* í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu, hvortveggi frá 1. júlí. 9. júlí var læknaskólakand. *Björn Ólafsson* skipaður aukalæknir á Skipaskaga og 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu frá 1. júlí.

Prófastar voru skipaðir:

30. ág. skipaði biskup þessa presta til að vera þófasta í prófastsdæmum þeim, sem hjer segir:

síra Sigurð Gunnarsson að Valþjófsstað í *Norður-Múlaprófastsdæmi*, síra Zophonías Halldórsson að Viðvík í *Skagafjarðarprófastsdæmi*, síra Kjartan Einarsson að Holti í *Rangárvallaprófastsdæmi*, síra Árna Jónsson að Skútustöðum í *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi*, og 4. nóv. síra Halldór Bjarnarson á Presthólum í *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi*.

Veitt *prestaköll:* *Jóhanni Þorkelssyni*, á Lágafelli í Mosfellssveit, veitt Reykjavíkur prestakall 2. jan.; *Ólafi Finnssyni*, aðstoðarpresti á Reynivöllum, veitt Kálfholts prestakall 14. s. m.; *Þorsteini Þórarinssyni*, að Berufirði, veitt Heydala prestakall 2. apr.; *Eiríki Gíslasyni*, á Breiðabólstað á Skógarströnd, veitt Staðarstaðar prestakall 16. s. m.; *Ólafi Stephensen*, í Mýrdalsþingum, veitt Mosfellsprestakall í Mosfellssveit 29. maí.; *Jakobi Benidiktssyni*, uppgjafapresti á Víðimýri, veitt Glaumbæjar prestakall 12. júní; *Theódór Jónssyni*, prestaskólakand., veitt Bægisár prestakall s. d.; *Jósep Kr. Hjörleifssyni*, að Otrardal, veitt Breiðabólstaðar prestakall á Skógarströnd 18. ág.; *Benidikt Eyjólfssyni*, prestaskólakand., veitt Berufjarðar prestakall í Suður-Múlapróf. 1. sept.; *Eyjólfi Kolbeins Eyjólfssyni*, prestaskólakand., veitt Staðarbakka prestakall í Húnavatnssýslu 22. s. m.; *Þórarni Þórarinssyni*, prestaskólakand., veitt Mýr-

dalsþinga prestakall í Vestur-Skaptafellsþróf. s. d.; *Kjartani Helgasyni*, prestaskólakand., veitt Hvamms prestakall í Dölum 6. nóv. og *Jóhannesi L. L. Jóhannessyni*, aðstoðarpresti á Sauðafelli, veitt Suðurdalaþinga prestakall s. d.

Prestvígðir voru: Theódór Jónsson 29. júní; Benidikt Eyjólfsson, Eyjólfur Kolbeins Eyjólfsson, Jón Finnsson (settur prestur að Hofi í Álptafirði), Ólafur Helgason (aðstoðarprestur síra Jóns Björnssonar á Stokkseyri) og Þórarinn Þórarinsson 28. sept.; Kjartan Helgason 9. nóv.

Lausn frá sýslumannsembætti fjekk Hermann E. Jónsson í Rangárvallasýslu 2. jan. (frá 1. maí) og Stefán Bjarnarson í Árnessýslu 10. sept. (frá 1. nóv.).

Lausn frá prestskap fengu: Jón Hallsson í Glaumbæ 30. jan.; Stefán Sigfússon að Hofi í Álptafirði 9. okt. (frá 15. s. m. án eptirlauna); Stefán Halldórsson að Hofteigi 16. ág. (frá 1. sept. án eptirlauna); Eggert Ó. Briem að Höskuldsstöðum 1. apríl; Jónas Guðmundsson að Staðarbrauni 2. júní.

Heiðursgjafir úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. fengu *Hjálmar Hermannsson*, dannebrogsm. á Brekku í Suður-Múlasýslu, og *Guðrún Sigurðardóttir*, ekkja í Eyvík í Árnessýslu, 140 kr. hvort »fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum og öðrum búnaðarframkvæmdum«.

Heiðursmerki. H. J. G. Schierbeck, landlæknir, fjekk 11. apríl riddarakross dannebrogsorðunnar.

Samgöngumál.

Þess var getið í síðustu »Frjettum« (1889), að gerð hafi verið tilraun til þess að stofna hlutafjelag með því marki að halda uppi hjerlendum gufuskipaferðum fyrir suður og vesturströnd landsins og til útlanda, ef svo sýndist; en þótt nokkur loforð fengjust fyrir hlutum, þá nægði það fje hvergi nærri til þess, að tiltækilegt þætti að leggja út í slíkt fyrirtæki að svo stöddu, og var þeirri fyrirætlan á þann hátt þar með að sjálfsögðu lokið. Að öðru leyti kom fram ný skoðun á samgöngumálum vorum, borin fram af síra Jens Pálssyni á Útskálum,

er líkur eru til að magnist, er fram líða stundir, sú skoðun, að fyrst af öllu beri að aptra farartálma þar, sem mest er umferðin og mestir flutningar, landssjóður eigi einna helzt að kosta landvegi um fjölbyggð hjeruð og auðsælar sveitir, en síður fjallvegi og aðra vegi um þær byggðir, er lítil umferð er um, og greiða enn fremur af alefli fyrir samgöngum á sjó milli þeirra staða, er mundu hafa þeirra mest og bezt not.

Til endurbóta á aðalpóstleið um Kambshóla í Barðastrandarsýslu var varið 3373 kr. 85 a. og til framhalds vegagerðar á Mosfellsheiði 7165 kr. 95 a., en þar að auki var og nær jafnmiklu fje samtals varið til endurbóta á öðrum vegum, þótt minna færi í hvern stað. Ölfusárbrúnni miðaði það áfram þetta árið, að steinlím (400 smálestir) kom til Eyrarbakka í júnímm. og var þegar flutt upp á brúarstæðið, en stöplarnir hlaðnir um sumarið; nokkru síðar (í ágústm.) kom efnið í sjálfa brúna og var það dregið á sleðum af Eyrarbakka upp á brúarstæðið og var því verki að mestu lokið fyrir árslokin; var það hinn þyngsti og að sumu leyti hinn erfiðasti flutningur, sem farið hefir verið með hjer á landi; aðalbrúarstrengurinn var t. d. fluttur á 18 sleðum, er festir voru hver aptan í annan, og gengu 2 menn með hverjum, en 4 með hinum fremsta; álíka mannafla þurfti og til að færa úr stað ýmsa aðra hluta brúarefnisins.

Um Ísafjarðardjúp og nokkurn hluta Vestfjarða gekk í fyrsta sinn mikinn hlut sumarsins og fram á haust nýr gufubátur, er Ásgeir kaupmaður Ásgeirsson hafði keypt, og fjekk til þeirra ferða styrk af sýslusjóði (600 kr.) og landssjóði (3000 kr.).

Kirkjumál.

Prestastefna var haldin í Reykjavík 30. júnímm. og voru þar saman komnir 15 prestar og prófastar, auk biskupanna. Þeim 3000 kr., er síðasta alþingi veitti til styrktar uppgjafaprestum og prestaekkjum, var útbýtt og enn fremur vöxtum af prestaekknasjóðinum, er nú var orðinn 18,149 kr. 15 a. og var

meiri hluti hans fyrir áramótin lagður í Söfnunarsjóð Íslands. Hlutu 23 uppgjafaprestar og 75 prestaekkjur styrk af þessu fje. Á fundinum var og rætt um að koma á fót kirkjulegu tímariti, en eigi voru gerð nein ákvæði um, hvernig stofnun þess skyldi hagað eður hverjir skyldu gangast fyrir því, enda mun sú fyrirætlun hafa dottið niður.

Hallgrímur Sveinsson, biskup, fór í júnímánuði vísitazíuferð um Dalaprófastsdæmi og í júlímánuði um Múlasýslur og kom heim úr þeirri ferð 12. ágústm. Samdist þá svo um með biskupi og prestum þeim tveimur, sira Stefáni Sigfússyni og sira Stefáni Halldórssyni, er vikið hafði verið frá embættum 8. febr. og 22. marz »um stundarsakir vegna drykkjuskapar og annars hneykslanlegs athæfis«, að þeir skyldu eigi hætta á málssókn og heldur afsala sjer prestsembætti. Var þeim síðan veitt lausn af landshöfðingja án eptirlauna.

Í einu prófastsdæmi, Húnavatnssýslu, var um haustið haldinn hjeraðsfundur 7. og 8. sept, meiri og með margvíslegra verkefni fyrir höndum en tíðkazt hefir bæði þar og annars staðar allt til þessa. Fundinum var í mörgu hagað á líkan hátt sem ársþingum kirkjufjelags Íslendinga fyrir vestan haf. Auk annara venjulegra mála, er rædd eru á slíkum fundum, hjeldu 2 prestar allskörulegar tölur um kirkjulíf Íslendinga nú á tímum og báru flest af því til baka, er íslenzku prestarnir í Vesturheimi höfðu borið prestastjettinni og söfnuðunum hjer á landi á brýn, kváðu sumar sakargiptir þeirra vera ýkjur einar eða heldur ósannindi, sumt aptur, er þeir hefðu um vandað, væri þess eðlis, að eigi yrði bót á því ráðin að svo komnu, enda þótt þess gerðist full þörf; en allir luku upp sama munni, »að æskilegt væri, að meir væri rætt opinberlega um kristindóms- og kirkjumál þjóðar vorrar en hingað til hefði verið« (Ísaf. nr. 89).

Kirkjurnar að Steinum og Skógum í Rangárvallaprófastsdæmi voru eptir ósk þeirra, er hlut áttu að máli, lagðar niður (12. marz), og sóknirnar sameinaðar Eyvindarhólasókn; þar skyldi og reisa nýja kirkju fyrir allar þrjár sóknirnar af efnum hinna fyrri kirkna. Þá voru og höfð makaskipti á kirkjujörðinni Höfða í Höfðahverfi og bændaeigninni Grenivík og skal

þar síðan reisa kirkju og sameina þannig þær 2 sóknir, sem nú eru í prestakallinu, Höfðasókn og Grýtubakkasókn. Enn fremur var og nokkrum prestaköllum veitt lán til húsagerða á prestsetrunum.

Ein kirkja var vígð af biskupi 14. des., Eyrarbakkakirkja, er reist hafði verið af samskotum tómum og gjöfum, veglegt hús og vandað að öllu; var vígsluathöfn öll með meiri dýrð en títt hefir verið hjer á landi um langan aldur.

Með nýung má það telja í kirkjusögu lands vors, er leikmaður einn af vesturlandi, Einar Jochumsson, fór víða um land og prjedikaði fyrir mönnum um trúarefni og var næsta berorður um prestastjett vora í mörgum greinum og kvað ýmisleg atriði í kenningum lútersku kirkjunnar vera fals og ósanninda, t. d. kenninguna um eilífa útskúfun. Hann ljet og prenta nokkra ritlinga trúarlegs efnis, er hann nefndi einu nafni »Hrópandans rödd í eyðimörku«. Í líka átt fer ritlingur eptir annan leikmann, Bergvin Einarsson frá Gautsstöðum (d. 1890), er hann nefnir »Nokkur orð um trúarmál« (Ak. 1890).

Árferð.

Veðrátta. Grasvöxtur og nýting. Skepnuhöld. Landskjálptar og jökulhlaup.

Veðrátta. Þegar með byrjun þessa árs tók sú öndvegistíð að spillast, er áður hafði verið víðast hvar; urðu fannkomur miklar og jarðleysur um allt suður- og vesturland og snjóaði mest af útsuðri, en fyrir norðan og austan voru áfreðar miklir; var tíðarfar þó milt, að heita mátti, og blotar og hlákur öðru hvoru með rosum og hrakviðri; varð jörð alauð og örísa í sumum lágsveitum á norðurlandi og austurlandi þegar í febrúar, en hart var mjög til fjalla og hlupu hreindýr mörg ofan í byggðir á austurlandi og voru nokkur skotin, enda þótt griðum sje heitið; í janúar og febrúar flýðu einnig rjúpur mjög niður í byggðirnar, allt til sjávar, og voru drepnar þúsundum saman. Með einmánuði gjörði öndveigis tíð um allt land, með

sífelldum hlýindum af suðri, nema ef telja skyldi dag og dag í bili, er frost gerði og snjó á suðurlandi og vesturlandi einkum. Frost urðu á þessum vetri mest 16° R. og stóðu 2 eða 3 daga. Var vorið eitt hið bezta og svo sýndist sem grasvöxtur mundi verða mikill; á austurlandi var t. d. í miðjum maí (3 vikur af sumri) kominn svo mikill gróður sem opt 10 vikur af sumri og í Rvík var tún eitt (Austurvöllur) slegið í lok þessa mánaðar; en í byrjun júnímán. gerði íhlaup ákaft um land allt með fannkomu og harðviðri af norðri: gerði hnjesnjó jafnvel niður við sjó í lágsveitum á norðurlandi og austurlandi og fje fennti á afrjettum; en með því að fardagahret þetta stóð að eins fáa daga (frá 1—7. júní) og þegar á eptir brá til hlýinda og hita, þá varð það eigi að svo miklu tjóni sem við mátti búast; þó mun það hafa kippt að mun úr grasvexti, sem áður var í bezta horfi. Úr því kom þurviðri og blíðviðri, er hjelzt út júlímánuð; en með ágústm. brá aptur til votviðra og rigninga, er hjeldust út allan heyskapartímann með uppskotum og þerridögum við og við; ágerðist úrkoman því meir sem á sumarið leið, einkum sunnan lands; með nóvemberm. tók veturinn að ganga í garð með hríðum og bleytukaföldum annað veifið, en tíðarfarið var frámunalega milt og frost mjög lítil, einkum á norðurlandi og austurlandi, enda sást þar sumstaðar nýútsprunginn grávíðir um jólaleytið.

Í febrúarm. varð vart við hafíshroða fyrir Horni og skömmu síðar (6. marz) rak nokkurt hrafl af honum inn á Ísafjörð, en hann hvarf þaðan aptur áður langt um liði, austur með landi, enda varð hann hvergi landfastur úr því, en fram í lok ágústmánaðar voru þó við og við ísspengur á reki fyrir norðan land, eigi meir en 3—6 mílur undan yztu annesjum.

Eins og áður er ávikið kom kyrkingur í allan *grasvöxt*, er fardagahretið dundi yfir, og varð grasspretta varla meiri en í meðallagi á túnum og í löku meðallagi á engjum víða, einkum harðvelli. Sláttur byrjaði víða nokkuð í 11. viku sumars og þó miklu síðar sumstaðar og bægði kvefsóttin mönnum einkum frá verkum. Í Rvík var farið að slá tún úr því 5 vikur voru af. Varð nýting góð út allan júlímánuð, en síður úr því,

hröktust hey víða eptir höfuðdag af of miklum votviðrum og sumstaðar, einkum sunnan lands, urðu mikil hey úti um haustið og náðust aldrei. Mátti þó heita, að heyskapur yrði í meðallagi víðast hvar og á norðurlandi og austurlandi varð heyskapur í góðu meðallagi. Garðrækt heppnaðist í góðu meðallagi.

Fje gekk vel fram um vorið og urðu *skepnuhöld* góð; gekk fje um vorið kaupum og sölum hærra verði, en menn vita nokkurn tíma dæmi til áður, einkum á norðurlandi: þar var algengt verð á lembdum ám framgengnum 15—20 kr. og jafnvel þar yfir. En um haustið var fjallfje vænt, enda í háu verði, en fjárheimtur urðu um land allt með versta móti. Þegar á leið haustið, hrakaðist fje mjög á suðurlandi sökum rninganna og þar (í Árness- og Rangárvallasýslum) gerði bráðapest bændum víða stórmikinn skaða.

Landskjálpta varð vart á nokkrum stöðum 2. og 7. marz, 4., 26. og 28. maí, 28. okt. og 22. nóv., allsnarpir kippir sumir hverjir og hlauzt þó hvergi tjón af, svo að kunnugt sje orðið.

Jökulhlaup. Um og fyrir áramótin varð á ýmsum stöðum í Norður Múlasýslu vart við umbrot nokkur norðan í Vatnajökli og um sama leyti tóku ár þær, er þaðan falla, Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal, að verða jökullitaðar og bera með sjer meiri leir en venja er til um það leyti, og er á leið veturinn tóku að heyrast dunur og dynkir inn til jökulsins og í 14. viku sumars gerði jakaferð mikla í Jökulsá á Dal. Þá er að var gáð, sást að jökullinn hafði sprungið fram á 6 mílna löngu svæði og enn austar á 1 mílu svæði og jökulfyturnar hrapað niður á láglendið fyrir neðan jökulinn; en jökulröndin að framan var á að gizka 30 faðma há. Það eru nær 80 ár síðan jökullinn hefir hlaupið á þessu svæði (Ísaf.).

Atvinnuvegir.

Til eflingar *landbúnaði* voru þetta árið stofnuð nokkur fjelög í ýmsum sveitum og búnaðarfjelög þau, sem áður voru

komin á fót, ljetu vinna ýmislegt til hagsælda; er svo að sjá af skýrslum þeim, sem birzt hafa, að einna mest hafi unnið verið að túnasljettun, enda mun sú grein jarðræktarinnar víðast reynast óbrigðulust. Til eflingar landbúnaðinum var varið 18,500 kr. af landsfje. Búnaðarfjelag suðuramtsins hjelt og á sinn kostnað nokkra búfræðinga til að ferðast um sveitir sunnan lands og leiðbeina bændum, lagði enda nokkurt fje fram þar að auki til ýmissa fyrirtækja, svo sem vatnsveitinga á sanda milli Skaptár og Geirlandsár í Skaptafellssýslu. Af fjenaðarsýningum þeim, sem í ráði var að halda sunnan lands um sama leyti sem markaðir stæðu um haustið, varð eigi sökum ónógs undirbúnings og óhentugs tíðarfars. Fjársala varð með langmesta móti um haustið; var gizkað á, að um 75,000 fjár hefði verið sent lifandi af landi burt, til Englands; voru fjárkaupmenn 3 eins og að undanförnu og pöntunarfjelögin að auki; aptur á móti var mjög fáu fje slátrað við verzlanir hjer á landi, varla öðru en úrgangi, er hinir vildu eigi hafa.

Fiskiveiðar heppnuðust hvergi nærri vel, urðu mjög svo misjafnar sem opt vill við brenna. Aflinn á vetrarvertíðinni við Faxaflóa var mjög rýr, 2—300 hlutir á Suðurnesjum og enn minni á Innnesjum, en vorvertíðarafli því nær enginn; um haustið varð sjaldan róið fyrir gæftaleysi, enda lítill fiskur fyrir. Þessu líkur var aflinn undir Jökli og á Vestfjörðum, á norðurlandi aflalaust að kalla mátti allt árið, nema lítilsháttar hlaup af síld á Eyjafirði um vorið og síðar um sumarið fiskafli nokkur á Skagafirði lítinn tíma og í Þingeyjarsýslu. Á Austfjörðum mátti heita góður afli meiri hluta ársins; á Vopnafirði var mokfiski allt sumarið, bæði af síld og þorski. Í verstöðunum í Árnessýslu varð og dágóður afli samtals: á Loptsstöðum 437 –827, Stokkseyri 138—896 og á Eyrarbakka 254—890 í hlut á vetrarvertíðinni og á vorvertíðinni var þar líkur afli, en haustafli mjög rýr. Þilskipaafli varð mikill hjá þeim, sem hann stunda: við Faxaflóa 20—40 þúsundir og á Vestfjörðum 14—30 þúsundir af þorski á skip og 2—300 tunnur á skip af hákarlslifur; á norðurlandi varð og þilskipaaflinn þessu svipaður og þó heldur minni.

Hvalveiðamennirnir 3 á Vestfjörðum veiddu samtals 200 hvali.

Laxveiðar þrugðust gjörsamlega víðast hvar.

Við Faxaflóa voru með nýrri fiskiveiðasamþykkt lögð enn meiri höpt á fiskiveiðar á opnum skipum en áður höfðu verið: bannað að leggja ýsulóð frá nýári til 11. maí og þorskanetjalagning bönnuð fyrir 7. apríl; þykir mörgum slíkt við of.

Æðarræktarfjelagið hjelt fram störfum sínum og kvað hafa orðið mikið ágengt, þar sem sagt er, að sumar tegundir flugvarga sjeu nú nær horfnar á mörgum stöðum. Aptur kenndi hins mesta fárs í æðarfugli um land allt um veturinn og vorið; lá hann hrönnum saman dauður út um allan sjó og í fjörum; vita menn enn þá eigi, hvað þessu hefir valdið.

Verzlun var landsmönnum að mörgu leyti fremur hagstæð þetta árið, samkeppni mikil og verð á útlendum varningi fremur lágt. Hjer skal greina verð á helztu vörutegundum íslenzkum á erlendum mörkuðum. Hvít ull, norðlenzk, hin bezta, seldist í Kmh. á 77—82½ eyri, lakari á 74—79½ e., sunnlenzk og vestfirzk á 69—75 a., mislit á 50—51 e. og svört á 51 e. Hvít haustull, óþvegin, seldist á 56 a. og þvegin á 64½—65 a. Á Englandi seldist hvít ull, sunnlenzk, á 62—67 a. Lambskinn, einlit, seldust á 100 kr., mislit á 50 kr. hundraðið. Í Kmh. seldist vestfirzkur saltfiskur, hnakkakýldur, nr. 1., á 58—62 eða jafnvel á 65 kr. skp., óhnakkakýldur á 54—56 kr., austfirzkur og norðlenzkur saltfiskur, stór, óhnakkakýldur á 52—55 kr.; smáfiskur seldist á 38—45 kr. eptir gæðum, ýsa 26½—33 kr. og langa 50 kr., allt eptir gæðum. Harðfiskur komst um sumarið í afar hátt verð, 130—200 kr. skp., en venjulegast verð mun hafa verið 80—90 kr. Sundmagar seldust á 22-30 a. pundið. Á Spáni seldist vestfirzkur og sunnlenzkur saltfiskur, stór, á 50—56 kr., í Genúa 47½—50 kr. Á Englandi fengust 17—18 pd. sterl. fyrir smálest af stórum fiski, 15—17½ fyrir smáfisk, 12—14¾ fyrir ýsu og 14—15½ fyrir löngu. Hákarlslýsi, ljóst, gufubrætt, grómlaust seldist í Kmh. á 33—34 kr., pottbrætt á 33¼ kr., dökkt á 23—29 kr. Þorskalýsi, ljóst á 27—33 kr. dökkt á 25-30 kr. Sellýsi seldist á 30—34 kr. Æðardúnn seldist á 9—10½ kr. eptir gæð-

um. Sauðakjöt seldist á 48—60 kr. tunnan, tólg á 30¼—32 a. pundið. Á sumum þessum vörum var verðið nokkru lægra hjer á landi. Fyrir fje á fæti, er selt var hjer á landi, var verðið líkt því, er var í fyrra: 17—20 eða jafnvel 22 kr. og þaðan af minna fyrir fullorðna sauði, 16—18 kr. fyrir tvævetra sauði, 11—15 kr. fyrir veturgamalt, 12—14 kr. fyrir geldar ær o. s. frv. Pöntunarfjelögin sendu eigi annað en úrvalsfje og fengu 18—19 kr. fyrir fullorðna sauði og tvævetra, 14—16 kr. fyrir ær og veturgamalt; kaupfjelag Þingeyinga fjekk 78½ eyri fyrir ull, en verðið á útlendri vöru var að jafnaði lægra hjá kaupfjelögunum en hjá kaupmönnum.

Menntun og menning.

Skólar. Menntafjelög. Nýjar bækur. Rannsóknarferðir. Tölur og skemmtanir.

Við *háskólann* tóku 5 Íslendingar próf á þessu ári. Í læknisfræði: Guðmundur Magnússon frá Holti á Ásum með 1. einkunn, Gísli Brynjólfsson úr Vestmannaeyjum með 2. einkunn og Niels R. Finsen, sonur Hannesar Finsens, stiptamtmanns í Rípum, með annari einkunn. Í sagnafræði: Bogi Th. Melsteð, og í fjölfræði: Nikulás Runólfsson úr Rangárvallasýslu; hann hefir numið skólalærdóm og tekið stúdentspróf í Kmhöfn.

Við *prestaskólann* luku 5 stúdentar prófi: Einar Þórðarson (I, 45), Hans Jónsson (I, 43), Eyjólfur Kolbeins Eyjólfsson (II, 37), Þórarinn Þórarinsson (II, 33) og Jón Árnason (III, 15). En 4 gengu frá prófi áður því væri lokið.

Við *læknaskólann* luku 2 stúdentar prófi: Gísli Pjetursson úr Reykjavík (I, 104) og Ólafur Stephensen frá Vatnsfirði (III, 58).

Frá *latínuskólanum* útskrifuðust 19 skólasveinar, en 1 lauk eigi prófi; af þeim, sem útskrifuðust, höfðu tveir lesið utan skóla tvö síðustu árin; 8 fengu fyrstu einkunn, 7 fengu

aðra einkunn og 4 fengu þriðju einkunn. Af þeim fóru 8 til háskólans, 8 á prestaskólann og 3 á læknaskólann. Í byrjun skólaársins 1890—91 voru lærisveinar 87. Sökum veikinda þeirra, kvefsóttarinnar, er geisaði í skólanum meðan vorpróf stóð, voru lærisveinar í 1.—3. og 5. bekk, er kennararnir töldu hæfa, fluttir upp, enda þótt þeir hefðu ekki lokið prófi í öllum námsgreinum, hinir urðu að ljúka við prófið um haustið.

Í *forspjallsvísindum* við prestaskólann luku 6 presta- og læknaskólastúdentar prófi. Einn gekk eigi undir próf sökum veikinda.

Úr *Möðruvallaskólanum* útskrifuðust 4. Í byrjun skólaársins 1890—91 voru nemendur þar samtals 36; fleiri höfðu sótt um inntöku í skólann, en var vísað frá sökum rúmleysis.

Í *Flensborgarskóla* voru í byrjun skólaársins 1890—91 21 nemendur. Barnaskólinn var og vel sóttur, 55 börn samtals.

Kvennaskólarnir voru mjög vel sóttir þetta ár eins og að undanförnu. Í byrjun skólaársins 1890—91 voru í Reykjavíkur kvennaskóla 42 námsmeyjar í 3 bekkjum, í Laugalandskvennaskóla um 30 og í Ytri-Eyjarkvennaskóla voru 39 í 3 deildum; var við þann skóla aukið einni deild og þurftu þær stúlkur, er þar voru, eigi að taka þátt í öllum námsgreinum.

Við *sjómannaskólann* í Rvík stunduðu stýrimannafræði 7 nemendur, allt nýsveinar nema einn, og varð því eigi af prófi um vorið fyrir þá sök. Í byrjun skólaársins 1890—91 voru þar 7 nemendur og bættust 2 við síðar.

Svo virðist sem *búnaðarskólar* landsins hafi verið allvel sóttir þetta árið, enda heyrðust engar eða litlar kvartanir um ólag það, sem við þá hefir þótt loða suma hverja, og er vonandi, að þeir nái fylgi landsmanna, er fram í sækir og þeir hafa staðizt nokkur ár og bændur þykist ekki upp úr því vaxnir að afla sjer svo lítillar kunnáttu í frumfræðum atvinnugreinar sinnar. Úr Hólaskóla útskrifuðust 4, en í byrjun skólaársins 1890—91 voru þar 14 nemendur; úr Eiðaskóla útskrifuðust 6, en 4 voru þar í byrjun skólaársins 1890—91, á Hvanneyrarskólanum voru í byrjun skólaársins 1890—91 6 nemendur og úr Ólafsdalsskóla útskrifuðust 8, en 8 voru þar í byrjun skólaársins 1890—91.

Af nýjum stofnunum, er vænlegar eru til nytsemdar og þjóðþrifa, er fram líða stundir, má nefna «Nemendasjóð Möðruvallaskóla». Stofnuðu lærisveinar skólans sjóð þenna með ráði kennaranna, seldu bækur lestrarfjelags síns, hjeldu hlutaveltu og fengu þar á ofan nokkrar gjafir frá einstökum mönnum. Varð stofnfjeð alls 439 kr. 72 a., er síðan var sett á vöxtu. Framvegis skal leggja tillög öll frá kennurum og lærisveinum og aðrar gjafir við höfuðstólinn og eigi eyða vöxtunum fyr en þeir eru orðnir 40 kr. á ári; úr því skal vöxtum öllum varið til þess að styrkja fátæka og efnilega nemendur við skólann. — Í Reykjavík var stofnaður sjóður, er nefnist «Ekknasjóður Reykjavíkurbæjar» til styrktar ekkjum og börnum fátækra þurrabúðarmanna í bænum, þeirra er greitt hafa að minnsta kosti tvö ár fast tillag, 2 kr., til sjóðsins. — Þá var og stofnaður þar í höfuðborginni (3. marz) annar sjóður, nokkuð einkennilegur, «Tvö þúsund ára afmælissjóður Íslands», stofnfjeð 4 kr., er ávaxtast skulu í Söfnunarsjóði Íslands þar til árið 2874 á 2000 ára afmæli byggingar landsins, er sjóðurinn verður algerleg eign þess. Þriðji sjóðurinn, er stofnaður var í Reykjavík þetta árið, er «Systrasjóðurinn», er kvennaskólinn í Rvík á og ætlaður er til styrktar námsmeyjum þar; stofnfjeð var um 200 kr. — Auk þessa voru nokkrir sparisjóðir stofnaðir út um land, t. d. á Vopnafirði, og ýmisleg önnur menningarfjelög.

Búnaðarstyrkur af landsfje var veittur 84 búnaðarfjelögum að upphæð samtals 8000 kr. Auk þessara búnaðarfjelaga risu og upp nokkur ný, er engan styrk hafa enn fengið.

Málþráður, hinn fyrsti hjer á landi, var lagður milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, fyrir forgöngu Jóns Þórarinssonar, skólastjóra í Hafnarfirði, kostaði alls rúmar 3000 kr. Málþráðurinn var vígður af landshöfðingja 16. okt.

Annað helzta mannvirki, sem unnið hefir verið hjer á þessu ári, er *hafnarbryggja* á Akureyri, öll úr grjóti og bundin steinlími, 18 álna breið og verður nær 150 álna löng, er hún er fullger; geta þá seglskip öll og velflest gufuskip legið við hana; eptir bryggjunni liggja sporbrautir upp til verzlunar-

húsa kaupmanna; við hana verður lokið að ári, ef fje eigi brestur; eptir voru ógerðar nær 25 álnir við árslokin.

Hjer skal stuttlega minnzt á hin helztu rit, er út komu þetta árið. *Bókmenntafjelagið* gaf út eins og að undanförnu Skírni og Skýrslur, en bæði þau rit voru nú í fyrsta sinn kostuð af Reykjavíkurdeildinni og prentuð hjer eptir samkomulagi við Hafnardeildina, er afsalaði sjer öllum tekjum frá fjelagsmönnum á Íslandi móti því að losast við útgáfu þessara rita og fá 500 kr. frá Rvíkurdeildinni fyrst um sinn, Íslenzkt fornbrjefasafn (framhald), Ísl. gátur, þulur og skemmtanir III og Frjettir. *Þjóðvinafjelagið* gaf út Andvara og Almanak sitt. Af öðrum fræðiritum má nefna: Búnaðarrit, 3.—4. árg., Tímarit um uppeldi og menntamál, 3. árg. og Sameininguna 5. árg., Huld, safn alþýðlegra fræða íslenzkra, 1. hepti, Samtíning, 1. hepti eptir Jóhannes Sigfússon. Af kennslubókum nýjum skal getið einnar: Reikningsbók handa alþýðuskólum eptir Morten Hansen, er þar kennd ný aðferð til þess að gera börnum skiljanlegt gildi talna o. fl. Af vísindalegum ritum má nefna Beygingar sterkra sagnorða í íslenzku og Supplement til isl. Ordböger, 3. Saml. 1. Hefte, eptir Jón Þorkelsson. Af skáldskaparritum var fátt prentað frumsamið á íslenzku, er vert sje að nefna, nema Helgi hinn magri, eptir Matth. Jochumsson, og Vonir, eptir Einar Hjörleifsson.

Rannsóknarferðir. Þetta ár ferðaðist Þorvaldur Thoroddsen til jarðfræðislegra rannsókna um Snæfellsnes og Breiðafjarðardali á kostnað Dicksons, auðmanns í Gautaborg, þess er lagði stórfje af mörkum til heimskautsferðar Nordenskiölds um árið; hafði hann boðizt til að kosta þessa ferð Þ. Th., er hann frjetti, að alþingi hafði synjað honum styrks til þess. — Björn Ólsen ferðaðist um Skaptafellssýslur til að kynna sjer málfýzkur þar. — Sigurður Vigfússon fór um nokkurn hluta Múlasýslna til þess að rannsaka sögustaði í Austfirðingasögum og afla forngripa til forngripasafnsins.

Þess má og hjer geta, að síra Oddur V. Gíslason ferðaðist um sumarið umhverfis land allt til þess að kynna sjer sjávarútveg manna og tilfæringar og koma á sjósókn alla betra skipulagi en verið hefir með stofnun bjargráðanefnda og til að kenna

sjómönnum ráð til að forðast slys í sjávarháska með því að nota olíu eða lýsi og margt fleira. Eru þessi og önnur ráð hans svo þjóðnýt og ugglaus, að allar líkur eru til, að þeim verði fyllilega gaumur gefinn.

Af ræðum um almenn málefni, er haldnar voru á þessu ári, má nefna sögukorn það, er Gísli Jónasson frá Svínárnesi sagði (í Rvík 15. júlí), um för sína til Vesturheims og veru sína þar í landi nærfellt eitt ár og skal þess síðar getið, hvernig hann bar löndum þar vestra söguna. Hinn 6. des. flutti Bjarni Jónsson, austfirzkur að ætt og uppruna, skáldmæltur allvel, langa tölu um sveitalífið á Íslandi, talaði mest um ókostina: leti og iðjuleysi, óþrifnað og agaleysi, nurlunarsemi og nánasarskap, drykkjuskap og úlfúð milli húsbænda og hjúa o. s. frv., þó ljet hann og getið kostanna, er sjá má á hverju góðu heimili, þar sem húsbændur láta nokkuð til sín taka og eru menn með mönnum.

Sjónleikafjelag Akureyringa ljet leika Hrekkjabrögð Scapins eptir Molière, Æfintýri á gönguför eptir Hostrup og smáleik einn á dönsku og um vorið á hátíðinni var leikinn þar sjónleikurinn Helgi hinn magri eptir Matth. Jochumsson. Á Möðruvöllum var á jólunum leikið «Ölnbogabarnið», frumsaminn gamanleikur. Í Reykjavík gekkst Þorl. Johnson enn sem fyr fyrir «skemmtunum fyrir fólkið», myndasýningum og söguupplestri.

Minningarhátíð um 1000 ára bygging Eyjafjarðar.

Síra Matthías Jochumsson hóf máls á því í blaði sínu, «Lýð», þegar fyrir áramótin, að heppilegt væri, ef Eyfirðingar gætu orðið samtaka um að minnast þess á einhvern hátt, að þá væru 1000 ár liðin frá því, er Helgi hinn magri Eyvindarson nam fjörðinn og skipaði þar byggð frændum sínum og venzlamönnum. Lagði hann það til, að haldin yrði hjeraðshátíð svo vegleg sem föng væru á og sýning, ef þess væri kostur. Var gerður góður rómur að tillögu þessari og á fundi, er haldinn var á Akureyri 5. marz og til voru kjörnir 2 menn

úr hverjum hreppi Eyjafjarðarsýslu, var síðan afráðið að halda hátíð þessa, er byrja skyldi 20. júní; 5 manna nefnd er þá var kosin, átti að annast hátíðarhaldið og sýninguna; var hinum öðrum sýslum í Norðlendingafjórðungi boðið að taka þátt í hátíðinni og senda muni til sýningarinnar; var svo til ætlazt, að þar skyldi sýndur verða búpeningur alls konar, smíðisgripir og hvers konar iðnaðarmunir.

Til hátíðarhaldsins var valinn víður völlur á Oddeyri miðri; var þar reist tjaldbúð afar mikil eða skáli, 30 álnir að lengd og 10 álnir að breidd, og vissi framhlið hans í suður, en út frá endum hans voru tjöld mörg og minni byrgi; fóru þar fram veitingar; fyrir framan skálann var ræðustóll og enn lengra í burtu danspallur mikill; en í öðrum stað var sýningartjaldið, allmikið hús, og mesti aragrúi af tjöldum, er hátíðargestirnir áttu. En öll voru tjöldin og ræðupallurinn prýddur fánum og skógarhríslur settar niður allt umhverfis. Á höfninni lágu 4 gufuskip og var eitt þeirra frakkneskt herskip, «Le Chateau Renault».

Hátíðin hófst 20. júní eins og ákveðið hafði verið. Var fólkinu, körlum og konum, skipað niður eigi allskammt frá tjöldunum í raðir til skrúðgöngu; voru Akureyrarbúar í fararbroddi og með þeim utanfjórðungsmenn og útlendingar; þá komu aðrir hjeraðsmenn, er skipað var niður í flokka eptir hreppum; var hlutkesti látið ráða, í hverri röð þeir flokkar skyldu ganga; en síðastir voru utanhjeraðsmenn úr Norðlendingafjórðungi og aðrir gestir. Ljet hver allra þessara flokka bera merki fyrir sjer, og var hver fáni með sínu móti. Varð þetta allt afar mikil sveit, um 2000 manns, og byrjaði skrúðgangan laust fyrir hádegi og var gengið umhverfis hátíðatjöldin og sungið á meðan kvæði eptir síra Matthías Jochumsson, er byrjar svo,

Sveinar og fögur fljóð,
fram, fram og kveðum ljóð!
Vöknum af deyfð og af dvala!
Hlustum og hefjum brár,
hjeraðs vors þúsund ár
farandi fram hjá oss tala.

En er göngunni var lokið á hádegi og menn höfðu skipað sjer fyrir framan ræðustólinn, helgaði formaður nefndarinnar, Matth. Jochumsson, hátíðina og þá dundi stórskotahríð mikil frá herskinu; var því næst sungið: «Ó, guð vors lands! Ó,

lands vors guð!» Þá stje Davíð prófessor Guðmundsson í stólinn og hjelt fagra og hjartnæma prjedikun. Að því búnu var sungið kvæði eptir Matth. Jochumsson, og er þetta upphaf að:

Hlusta, hlusta, heilög fósturjörð,
haldið anda, lopt og vindar svalir!
Sól í heiði, signdu Eyjafjörð,
sofi bára, þegi strönd og dalir!
Lofi drottin fold og himinn hár,
hef þú, maður, gleðiklökkvar brár,
guð er þinn í gegnum bros og tár,
guð er guð í þúsund-þúsund ár — í þúsund ár.

Og enn þetta:

Hef þig andi, horf á þessi fjöll,
há og stór sem fyrir þúsund árum,
lít þú yfir liljum grćinn völl,
ljómar hann ei enn af vonartárum?
Ekkert glatast utan fals og lygð,
allt hið góða sigrar böl og hryggð.
Enn þá lifir Eyjafjarðarbyggð,
enn er hreystin hreysti, dyggðin dyggð — og dyggðin dyggð!

Þá stje Júlíus amtm. Havsteen í stólinn og mælti fyrir minni konungs og var þá og sungið kvæði; síðan mælti Jón skólastjóri Hjaltalín, á Möðruvöllum, fyrir minni Íslands og kvæði sungið á eptir; að lokum mælti Matth. Jochumsson fyrir minni Eyjafjarðar, langt erindi og snjallt, minntist helztu atriða í sögu hjeraðsins og þess, hverja von menn gætu gert sjer um viðreisn hjeraðsins og umbætur á ókomnum öldum. Þá var sungið kvæði eptir hann, er byrjar svo:

Svo margs er að minnast, þú himinn guðs hár,
vjer horfum í dag yfir þúshundruð ár,
ó, sveit vor hin sviphýra, bjarta,
svo friðsæl og hlý við hin frostköldu höf,
ó, framtíðarvagga hjá timanna gröf!
Nú hitnar vort angurblítt hjarta.

Þar í er og þetta:

Hve margt hefir kætt, ó hve margt hefir grætt,
um margt hefir reynslan í þúsund ár frætt
og neytt þig, ó lýður, að læra.
Þín fávizka vakti þjer fjöldamörg tár,
þín fávizka hjó þjer hin skæðustu sár
og þó skal þjer þakklæti færa.

Þitt stríð hefir kennt oss að standast það vel,
er sterkustu köppum jók þrautir og hel;
hver villa þín veginn oss kenndi.
En jafnframt vjer minnumst, að listin er löng,
en lífið svo fljótt og svo torveld og ströng
vor farleið und forlaga hendi.

Að því búnu var hinum ákveðnu ræðum lokið (um nónbil) og skemmtu menn sjer síðan eptir því sem hver vildi og kostur var, við ræðuhöld, dans, sýningu og margt fleira. Tvo hina næstu daga, 21. og 22. júní, stóð hátíðin með líkum hætti: tölur taldar fyrir minni fornmanna (síra Jónas Jónasson), fyrir framtíð Eyjafjarðar (Skúli sýslum. Thoroddsen), o. s. frv., dansað og drukkið. Tvo fyrri dagana fóru og auk þess, sem nú var getið, fram kappreiðir lítilsháttar, kappróður, glímur og knattleikar og aðrir fimleikar sýndir, en síðasta daginn var kappsigling. Öll kvöldin var og sýndur sjónleikurinn «Helgi hinn magri», er Matth. Jochumsson hafði samið og þótti að góð skemmtun. En sýningin varð eigi svo fullkomin sem til var ætlazt og varð tíminn of naumur til þess viðbúnaðar, sem þurfti, enda ljetu sumir hjeraðsbúar sjer hægt, þótti hún hafa of mikið umstang í för með sjer, en lítil von verulegs ávaxtar. Tvo fyrri daga hátíðarinnar stóð sýningin. Fyrri daginn var sýndur kvikfjenaður allskonar, nema hestar, en síðari daginn voru sýndir smíðisgripir, prjónles, vefnaður og aðrar hannyrðir; verðlaun voru veitt fyrir það, er bezt þótti vera.

Þegar í byrjun hátíðarinnar var þar saman kominn múgur og margmenni; fjölmenntu þó einkum Eyfirðingar, enda hafði þar sig nálega hver maður á kreik, sem vetlingi gat valdið, og var það að vonum; Suðurþingeyingar voru þar og allfjölmennir og eigi allfáir Skagfirðingar og Húnvetningar. Nokkrir menn voru þar og staddir af austurlandi og vesturlandi. Taldist mönnum svo til, að hátt á 4. þúsund manna muni hafa komið til hátíðarinnar og mun hún fyrir margra hluta sakir hafa verið önnur hin mesta, er haldin hefir verið hjer á landi á þessari öld, og þótti, er alls er gætt, hafa farið svo vel sem vænta mátti. Heillaóskir bárust til hátíðarinnar úr ýmsum áttum, þar á meðal ein frá landshöfðingja og önnur frá allmörgum (50—60) Reykvíkingum,

En eigi er þess getið, að nokkur Eyfirðingur hafi að fornum sið stigið á stokk og strengt þess heit að vinna neina þá hjeraðsbót, er minnileg mætti vera öldum og óbornum á síðan.

Fólgið fje.

Bóndi einn á Eyrarbakka, Vigfús Halldórsson í Simbakoti, fann 15. marz peninga í leynihólfi í gafli á gamalli kistu, er hann átti og var að rífa sundur; voru það alls 79 spesíus, 42 ríkisdalir, 1 fírskildingur og 1 túskildingur; voru peningarnir alls 6 pd. að þyngd; elzta spesían var mótuð 1787, hin yngsta 1840, yngsti ríkisdalurinn var mótaður 1842, fírskildingurinn 1836 og túskildingurinn 1654. Kom það síðar upp, að kistan hafði verið í eigu Hafliða Kolbeinssonar, þess er viðriðinn var Kambsmálið á öndverðri þessari öld (sbr. Ný Félagsrit V.) og mundi hann hafa fólgið fje þetta (Ísaf. 1890, XVII, nr. 28 og 31—32).

Slysfarir.

Skipbrot og fjártjón. Manntjón af slysum. Sjálfsmorð.

Skipbrot og fjártjón. Með því að tíðarfar var venjulegast hagstætt, urðu slysfarir eigi miklar, hvorki á sjó nje á landi. en aptur á móti brunnu fleiri bæir og hús en að undanförnu.

Hinn 29. *jan.* braut kaupskip, »Málfríði«, í spón í Keflavík, menn allir komust af. 23. *maí* fannst kaupskip brotið við Meðalland, norskt, hlaðið kolum, menn allir dauðir. Í *júní* fórst kaupskip, er O. Wathne átti, í Lagarfljótsósi utanverðum. 21. *júlí* rak upp norskt timburskip, »Amalie«, í Höfn í Borgarfirði og brotnaði í spón; menn allir komust af. 13. *ágúst* sleit upp kaupskip, »Ástu«, í Keflavík og rak á land, brotnaði í spón; menn allir björguðust. 8. *sept.* braut norsk kaupskip, »Draupner«, á Skipaskaga á Akranesi.

Hinn 2. *jan.* brann allur bærinn í Árbót í Aðalreykjadal

í Þingeyjarsýslu til kaldra kola; þar brann inni móðir húsbóndans, Páls Jóakimssonar, öldruð kona, er ætladi að ná út úr brunanum kú, er var undir baðstofupalli. 30. *maí* brann bærinn á Grímsstöðum á Mýrum til kaldra kola, um hábjartan dag, með nær öllu því lausafje, er var í bænum; enginn karlmaður var heima, og bærinn allur fallinn, er mannhjálp kom af öðrum bæjum. 19. *júlí* brann allur bærinn að Auðshaugi á Barðaströnd til kaldra kola með öllu, sem í honum var. Í *sept.* brann á Ketilsstöðum á Völlum búr og eldhús með öllu, sem í var. Í *okt.* brann á Hallbjarnareyri íbúðarhús úr timbri, er fyrverandi umboðsmaður Ásm. Sveinsson hafði gera látið og var hans eign, og allur bærinn; engu varð bjargað, nema litlu einu af sængurfatnaði. Flestir þessir brunar stöfuðu, að ætlun manna, frá óvarlegri og hirðulausri umbúð eldavjela, sem nú eru víða farnar að tíðkast á bæjum, og reykháfa frá þeim.

Mannfjón. Aðfaranótt 30. *jan.* varð úti á Hánefsstaðadal kvenmaður frá Seyðisfirði. 1. *apr.* fórst bátur með 5 mönnum úr Borgarfirði eystra. 2. s. m. drukknuðu 2 menn af bát hjá Engey á leið þaðan til Viðeyjar. 12. s. m. drukknuðu 2 menn af bát á Eyrarbakka, 1 dó síðar af því vosi. 19. *maí* drukknuðu 9 menn af bát í lending undir Eyjafjöllum. 3. *júní* drukknaði í Arnarvatni vinnumaður frá Kalmannstungu. 5. s. m. fórust 4 menn af Akranesi í beitusókn ofan af Mýrum. 9. *júlí* drukknaði maður í Ölfusá, er ætlaði að sundríða hana til að sækja ferju. 19. s. m. drukknaði í baði í Ljósavatni maður, er Guðjón hjet Einarsson. 23. *ág.* drukknuðu 4 menn af bát frá Flatey á Skjálfanda. 26. s. m. hrapaði maður til bana í Vestmannaeyjum. 31. s. m. fórst skip með 5 mönnum um nótt í blíðviðri á kaupstaðarferð; skip og menn flestir voru frá Lokinhömrum við Arnarfjörð. Um sumarið drukknaði maður sunnlenzkur á Skriðuvaði í Vatnsdal og annar af bát í Loðmundarfirði eystra, þá datt og maður, Þorlákur Bergvinsson, prests á Eiðum, inn um þak á hlöðu, er hann var að rífa, og beið bana af. 2. *sept.* drukknuðu 2 menn af bát frá Staðarfelli á Fellsströnd á heimleið úr kaupstað (2 varð bjargað). 7. s. m. drukknaði maður af bryggju á Seyðisfirði. 5. *nóv.* drukknuðu 2 menn af bát á Húnaflóa, Sigurður bóndi

Jónsson frá Hindisvík á Vatnsnesi og unglingur, er með honum var. 8. s. m. drukknuðu 2 menn í Króksós. S. d. drukknuðu 2 menn af bát í Garði. 4. *des.* drukknuðu 3 menn af bát á Jökulfjörðum. Fyrir jólin varð úti maður á Svínadal í Dalasýslu.

Sjálfsmorð. 1. apríl rjeð sjer bana með bissuskoti smalapiltur frá Vatnsfirði, er Magnús Benjamínsson hjet, og 5. s. m. skar sig á háls sjötugur maður á Snæfjallaströnd, er hjet Jónatan Jónasson. Á hvítasunnu drekkti sjer öldruð kona frá Villingadal í Ísafjarðarsýslu í á nálægt bænum. 13. des. drekkti sjer gömul kona frá Hvammi í Dýrafirði, er Kristín hjet Sigurðardóttir, í lítilli á eða læk við bæinn.

Heilsufar og mannalát.

Framan af árinu mátti heilsufar manna gott heita og bar eigi á neinum sjerlegum kvillum, þar til er kvefsótt (»influenza«) sú, er gengið hafði um alla Norðurálfu og Vesturálfu um veturinn, barst hingað til landsins í byrjun maímánaðar; fluttist hún fyrst til Vestmannaeyja með kaupmanni þar, er kom með póstskipinu frá Englandi, en þar gekk sóttin þá sem hæst, og í annan stað barst hún hingað með Færeyingum til Austfjarða skömmu síðar. Í Vestmannaeyjum lagðist nálega hvert mannsbarn, en fáir dóu; úr eyjunum fluttist hún skömmu síðar til lands og um miðjan júnímánuð var hún kominn um allt suðurland og úr því færðist hún með kaupafólki og ferðamönnum um allar sveitir fyrir vestan og norðan land. Á suðurlandi var sóttin einna skæðust, slóst upp í lungnabólgu og allskonar aðra kvilla og varð fjölda manns að bana, einkum gamalmennum, en börn fengu kíghósta og hrundu niður unnvörpum, einkum ungbörn; gengu þessar afleiðingar sóttarinnar um land allt og stóðu sem hæst í sumum sveitum við árslokin. Auk þess sem manndauðinn var mikill, þótt sumar sveitir, einkum norðan lands, slyppu því nær algerlega, þá varð að sóttinni verkatjón mjög mikið, þar sem hún gekk yfir um vorið og í byrjun heyskapartímans.

Almennt manntal var haldið 1. nóv. Taldist svo til eptir fljótlegri yfirsýn skýrslnanna, að hjer hafi þá verið alls 70,240 manns, og ef sú tala er nokkurn veginn rjett, sem varla mun þurfa að efa, þá hefir fólkinu fækkað um rúmar 2,000 á hinu síðasta 10 ára tímabili (frá 1880), en mannfækkunin mun einna helzt stafa af fólksflutningum til Vesturheims, en aðalundirrót þeirra var harðærið 1882--87, mislingunum 1882 og kvefsóttinni 1890. Fólkstala í Reykjavík einni var þá 3711.

Hjer skal getið helztu merkismanna, karla og kvenna, er ljetust þetta árið.

Af prestvígðum mönnum dóu:

Jón Bjarnason Straumfjörð, prestur í Meðallandsþingum, andaðist 28. jan. (f. 30. apr. 1840). Hann var nokkur ár í latínuskólanum (frá 1867), en lauk eigi stúdentsprófi, var síðan mörg ár við verzlun í Rvík. Hann hafði mikla löngun til prestskapar og sótti þrisvar (1871, 1873 og 1877) um að mega taka vígslu, þótt eigi hefði hann lokið prófi við latínuskóla eða prestaskóla, en var synjað þess; löngu síðar (1882) fjekk hann konungsleyfi til að stunda nám við prestaskólann og útskrifaðist þaðan 1887 og varð vorið eptir prestur í Meðallandsþingum. Hann gaf út nokkrar af ræðum Jóns biskups Vídalíns, er honum þótti bera langt af öðrum kennimönnum þessa lands. Hann var vandaður maður og vel látinn, trúmaður mikill.

Lárus Eysteinsson, bónda á Orrastöðum, Jónssonar, prestur að Staðarbakka, andaðist 5. maí. Hann var fæddur á Refsstöðum í Laxárdal í Húnavatnssýslu 4. marz 1853, útskrifaðist úr latínuskólanum 1879 og úr prestaskólanum 1881 með 1. einkunn í báðum prófum og vígðist samsumars prestur að Helgastöðum í Þingeyjarsýslu, en fjekk Staðarbakka 1884. Hann var beztu hæfileikum búinn, en lagðist snemma í drykkjuskap og var fyrir þá sök þrotinn að heilsu. Kona hans var Sigríður Metúsalemsdóttir frá Einarsstöðum í Reyjadal.

Jakob Guðmundsson, prestur að Sauðafelli, andaðist 7. maí. (f. 10. júní 1819). Hann var sonur Guðmundar bónda Jónssonar á Reynistað og Guðrúnar Ólafsdóttur. Fór í Bessastaðaskóla 1844 og útskrifaðist úr Reyjavíkur latínuskóla 1847 og úr prestaskólanum 1849 með 1. einkunn. Hann vígðist til

Kálfatjarnar 1851, fjekk Ríp 1857 og Kvennabrekku með Miðdalaþingum 1868. Hann var fulltrúi Reykvíkinga á þjóðfundinum 1851 og alþingismaður Dalamanna síðan 1883. Kona hans var Steinunn Guðmundsdóttir verzlunarmanns, Pjeturssonar, og Ragnheiðar systur Helga biskups. Hann var maður ör í lund og ljet allmikið til sín taka og fór snemma að hafa hug á allsherjarmálum og var jafnan frjálslyndur. Honum var einkar ljett um mál og einarður vel; hann gerðist forkólfur ýmissa framfarafyrirtækja heima í hjeraði og lagði töluverða stund á lækningar, enda hafði hann fengið leyfi til þess. Hann gaf út 1850--51 Undirbúningsblað undir þjóðfundinn með Halldóri Friðrikssyni og búnaðarritið Bónda 1851 og ritaði þar að auki smágreinir margar í blöðunum og nokkra aðra bæklinga (um lækningar, búnað o. fl.).

Stefán Árnason, Halldórssonar, uppgjafaprestur í Fagraskógi, andaðist 17. júní, 83 ára gamall (f. 15. júlí 1807). Lærði í heimaskóla hjá síra Hálfdáni Einarssyni og síra Búa Jónssyni og útskrifaðist á Bessastöðum 1838. Hann var vígður aðstoðarprestur föður síns að Tjörn í Svarfaðardal 1840, fjekk Fell í Sljettuhlíð 1847, Kvíabekk 1860, Háls í Fnjóskadal 1873, en lausn frá prestskap 1883. Hann var búhöldur góður og fróður um margt, tvíkvæntur og eru mörg börn hans og stjúpbörn á lífi.

Finnbogi Rútur Magnússon, prestur í Húsavík, andaðist 28. júní. Hann var fæddur á Brekku í Ísafjarðarsýslu 23. febr. 1858, útskrifaðist af latínuskólanum 1880 og af prestaskólanum 1882, var s. á. vígður til Kirkjubólsþinga í Ísafjarðarsýslu, fjekk Otrardal í Barðastrandarsýslu 1884 og Húsavík 1886. Kona hans var Jónína Markúsdóttir, kaupmanns á Geirseyri, Snæbjörnssonar. Hann var maður vinsæll, gleðimaður mikill og góður drengur.

Jón Sveinsson, landlæknis Pálssonar, og Þórunnar Bjarnadóttur, uppgjafaprestur á Nautabúi í Skagafirði, andaðist 8. ágústm. (f. 23. okt. 1820 eða að sjálfs hans sögn 20. nóv. 1815). Útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1839, skipaður prestur til Grímseyjar 1841, vígðist þangað 1842, og fór þaðan aptur 1843, fjekk Hvanneyri 1844 og Mælifell 1866 og þjónaði því

brauði þar til er hann fjekk lausn frá prestskap 1887; eptir það dvaldist hann hjá Steinunni dóttur sinni, konu Árna bónda Eiríkssonar frá Skatastöðum. Hann var kvæntur (8. maí 1845) Hólmfríði Jónsdóttur, prests Þorsteinssonar frá Reykjahlíð, er lifir hann. Einn af sonum þeirra var Stefán prestur Jónsson, er síðast var prestur að Þóroddsstöðum (d. 1888).

Páll Pálsson, prestur í Þingmúla, drukknaði 4. okt. í Grímsá hjá Ketilsstöðum á Völlum, 54 ára, (f. 4. okt. 1836). Faðir hans var síra Páll Pálsson í Hörgsdal á Síðu; hann tók stúdentspróf 1858, útskrifaðist úr prestaskóla 1860 og vígðist árið eptir aðstoðarprestur föður síns, fjekk Meðallandsþing 1862, Kálfafell á Síðu 1863, Kirkjubæjarklaustur 1869, Stafafell 1877 og Þingmúla 1881. Var þingmaður Vestur-Skaptfellinga 1871 og 1875—79. Hann hafði rúm 20 ár (frá 1868) á hendi kennslu heyrnar- og málleysingja, hafði lært það erlendis (í Kmhöfn) og ritaði kennslubækur í þeirri grein á íslenzku. Hann var tvíkvæntur; fyrri kona hans var Guðrún Þorsteinsdóttir, lögregluþjóns í Reykjavík, Bjarnasonar; þau skildu; en síðari kona hans var Steinunn Eiríksdóttir frá Hlíð í Skaptártungu; þær lifa hann báðar. Hann var gáfumaður mikill og flest til lista lagt, þótti við margt brugðinn.

Markús Gíslason, prestur að Stafafelli í Lóni, andist 15. okt., 53 ára (f. 30. okt. 1837), Hann var sonur Gísla bónda Magnússonar á Hafþórsstöðum á Mýrum, útskrifaðist úr latínuskólanum 1860, úr prestaskólanum 1862 og vígðist s. á. aðstoðarprestur Einars prófs. Sæmundssonar í Stafholti, fjekk Bergsstaði í Húnavatnssýslu 1866, Blöndudalshóla 1869 og Stafafell 1881. Hann var kvæntur Mettu, dóttur Einars prófs. Sæmundssonar. Hann var »gáfumaður, góður ræðumaður og lipurmenni«.

Uppgjafaprestur *Stefán Jónsson* andaðist að Dölum í Fáskrúðsfirði 29. okt. Hann var fæddur á Skeggjastöðum í Norður-Múlasýslu 23. apr. 1818, vígðist 1844 aðstoðarprestur til föður síns síra Jóns Guðmundssonar á Hjaltastað, fjekk Garð í Keldnhverfi 1855, Presthóla 1862 og Kolfreyjustað 1874, en lausn frá prestskap 1887.

Af öðrum lærðum mönnum ljetust:

Helgi Einarsson Helgesen andaðist í Reykjavík 1. apríl, 58 ára (f. 15. okt. 1832). Hann var sonur Einars trjesmiðs Helgasonar, bróður Árna biskups í Görðum. Útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1853, sigldi til háskólans, en varð að hætta þar námi sökum vanheilsu, útskrifaðist úr prestaskólanum 1858 með 1. einkunn. Árið 1863 gerðist hann forstöðumaður barnaskóla Reykjavíkur jafnskjótt sem hann var stofnaður og gegndi því starfi alla æfi upp frá því og þótti það vel farast. Um tíma var hann umsjónarmaður við latínuskólann og sat í skólanefndinni 1876. Hann hefir samið kirkjusöguágripið aptan við Biflíusögur Balslevs og ýmsar smágreinir í blöðum og tímaritum. Hann var kvæntur Magdalenu Jóhannesdóttur Zoëga, ekkju Lichtenbergs skipstjóra í Khöfn.

Bertel E. Ó. Þorleifsson hvarf í Kaupmannahöfn 9. sept. og fannst 23. s. m. rekinn af sjó við Kastrupsströnd á Amager; var talið víst, að hann hefði drekkt sjer. Hann var fæddur í Rvík 1856, útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla 1879 og stundaði eptir það um tíma læknisfræði við háskólann, en varð lítið ágengt, hneigðist hugur hans meir að skáldskap og öðrum fræðum, enda var hann allvel hagorður og eru sum kvæði hans snotur. Hann var einn af útgeföndum »Verðandi« og í »Heimdalli« og öðrum ísl. blöðum er ýmislegt frá hans hendi komið.

Af merkisbændum, er ljetust á árinu, má nefna:

Daníel Jónsson, Brandssonar, bóndi á Fróðastöðum í Hvítársíðu, andaðist 20. jan. (f. 13. ág. 1802). Hann var fæddur og uppalinn á Fróðastöðum og bjó þar allan sinn búskap góðu búi og var hreppstjóri 26 ár í Hvítársíðuhreppi; fjekk heiðursmerki dannebrogsmanna 2. ág. 1874. Hann var maður gáfaður vel, naut að vísu lítillar menntunar í æsku, en las síðar mikið og veitti athygli því, er gerðist um hans daga og varð þannig fróðari í mörgum greinum, en almennt gerist. Hann ritaði eins konar árbækur, sem ná yfir meiri hlut æfi hans og skýra frá mönnum, ættum og atburðum um Borgarfjörð og víðar og eru að mörgu leyti merkilegar. Hann var fastheldinn

við fornar venjur sínar; vinfastur og viðskiptagóður og mjög gestrisinn.

Hafliði Markússon, prests Sigurðssonar að Mosfelli, andaðist í Jaðarkoti í Flóa 4. marz. (f. 17. nóv. 1808). Hann var bróðir Jóns kaupmanns Markússonar, þess er fórst undir Svörtuloptum á póstskipinu 1857, lærði skólanám hjá Árna biskupi Helgasyni og útskrifaðist af honum 1833, var síðan við verzlun í Keflavík 6 ár og fór þá að búa og bjó lengst í Torfustaðakoti í Biskupstungum. Kona hans var Sigurlaug Sigurðardóttir stúdents frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum (d. 1878).

Guðmundur Jónatansson, bóndi á Brettingsstöðum á Flateyjardal, andaðist 27. apríl (f. 18. des. 1829), búhöldur góður; elzta dóttir hans, Valgerður Karólína, er gipt sira Árna Jóhannessyni á Þönglabakka.

Hannes Þorvarðarson, bóndi á Haukagili í Vatnsdal, andaðist í maí, »einn af gildari búhöldum þar nyrðra«.

Magnús Magnússon, dannebrogsmaður í Skaptárdal á Síðu, andaðist í júní á níræðisaldri, »efnaðastur bóndi í Skaptafellssýslu og hafði sjálfur grætt eigur sínar«.

Árni Þorleifsson, hreppstjóri á Yzta-Mói í Skagafirði, andaðist 5. sept., 66 ára, »mesti dugnaðar- og atorkumaður og efnaður í betra lagi«.

Jón Benidiktsson, bóndi að Stóruvöllum í Bárðardal, andaðist 28. sept., um sextugt, »rausnarbóndi og þjóðhagi«.

Guðmundur Arason, bóndi í Eyrardal, andaðist 30. sept. (f. 27. nóv. 1822), merkisbóndi og dugnaðarmaður.

Stefán Jónsson á Steinsstöðum í Öxnadal andaðist 11. okt. Hann var fæddur að Hlöðum á Þelamörk 30. sept. 1802. Vorið 1809 fluttist hann með foreldrum sínum, Jóni hreppstjóra Jónssyni og Þóreyju Stefánsdóttur, að Espihóli og 1812 að Lögmannshlíð, dvaldist þar með foreldrum sínum 17 ár og fluttist vorið 1829 að Syðri-Reistará til Árna umboðsmanns Árnasonar og gekk að eiga Sigríði, dóttur hans, 10. okt. s. á. Vorið 1833 hóf hann búskap þar að Reistará eptir tengdaföður sinn látinn og bjó þar til 1856. Hann missti Sigríði, konu sína, 30. sept. 1851; varð þeim 3 barna auðið; eitt þeirra var Þórey, kona Árna Hallgrímssonar, trjesmiðs, er síðan bjó

að Reistará. Vorið 1856 fluttist Stefán heitinn að Steinsstöðum og gekk að eiga Rannveigu Hallgrímsdóttur (d. 15. des. 1874), ekkju Tómasar bónda Ásmundssonar, en systur Jónasar skálds. Hann var hreppstjóri í Arnarneshreppi frá 1840—55, alþingismaður Eyfirðinga frá 1843—1874 og sat þannig á öllum ráðgjafarþingunum; mæltist hann þá undan kosningu framvegis; hann sat á þjóðfundinum 1851, fyrir hönd Skagfirðinga, og á amtsfundinum á Akureyri 1858, er fjallaði um fjárkláðamálið. Árið 1844 var hann skipaður umboðsmaður stærri og minni Eyjafjarðarsýslu jarða og hafði þann starfa á hendi til 1887 eða rúm 40 ár. Sættamaður var hann frá 1861—83 og sýslunefndarmaður nær 6 ár, og sat tvisvar í amtsráði sem varamaður. Hann var sæmdur heiðurskrossi dannebrogsmanna 2. ágúst 1874. Hann var maður vitur, stilltur og hógvær í lund, þrekmaður mikill og hinn bezti drengur og hófsmaður um allt, búhöldur góður, enda var heimili hans hið mesta rausnarheimili; hann var því jafnan mikils metinn bæði heima í hjeraði og á þingi og einkar vinsæll.

Einar Bjarnason, bóndi að Hrísnesi í Vestur-Skaptafellssýslu, andaðist 25. nóv., á öðru ári um áttrætt, faðir síra Bjarna Einarssonar á Mýrum í Álptaveri og Jóns á Hemru í Skaptártungu. Hann bjó allan sinn búskap, 49 ár, á Hrísnesi góðu búi.

Af merkiskonum, er önduðust á þessu ári, skal þessara getið:

Sophia Dorothea Jónassen, ekkja Þórðar háyfirdómara Jónassens (d. 1880), andaðist í Reyjavík 26. jan. (f. 4. júlí 1808). Hún var dóttir Rasmus Lynge, kaupmanns á Akureyri, og Rannveigar Ólafsdóttur. Hún ólst upp norður í Eyjafirði, fluttist suður til Reykjavíkur 1837 og giptist sama ár og dvaldist þar upp frá því.

Guðrún Brynjúlfsson, ekkja dr. philos. síra Gísla Brynjúlfssonar á Hólmum í Reyðarfirði, er drukknaði 1827, andaðist í Kaupmannahöfn 8. marz á fyrsta ári um nírætt (f. 15. júní 1799). Hún var dóttir Stefáns amtmanns Þórarinssonar (d. 1823) og tvíburi við Lárus sýslumann Thorarensen á Enni (d.

1864); hún var ekkja 63 ár og blind síðustu ár ævi sinnar; einkabarn þeirra hjóna var Gísli (Gíslason) Brynjúlfsson, kennari við háskólann í Kmhöfn (d. 1888). Hún var gáfukona og svo fróð um margt, að hún mun hafa átt fáa sína líka.

Halldóra Ásmundsdóttir á Einarsstöðum í Reykjadal, kona Jóns bónda Ólafssonar, andaðist 17. marz. Höfðu þau hjón lengi búið góðu búi að Rifkelsstöðum í Eyjafirði. Hún var systir Einars umboðsmanns Ásmundssonar í Nesi.

Kristín Gunnarsdóttir, ekkja síra Snorra Sæmundssonar á Desjarmýri, andaðist á Seyðisfirði 11. apr. (f. 24. ág. 1801), móðir Lárusar kaupm. Snorrasonar á Ísafirði og þeirra systkina.

Ingibjörg Bergþórsdóttir, ekkja Jóns heitins Finnssonar að Langárfossi á Mýrum, andaðist 13. júlí (f. 1829), rausnarkona.

Sesselja Árnadóttir, ekkja Þorsteins bónda Þorsteinssonar frá Úthlíð (d. 1875), andaðist að Mælifelli í Skagafirði 6. ágúst, rúmlega hálfsjötug, rausnarkona.

Anna Guðmundsdóttir, ekkja síra Jóns Guðmundssonar á Helgafelli (d. 1814), andaðist í Reykjavík 5. sept., rúmlega áttræð. Hún var systir Sveins heitins Guðmundssonar kaupmanns frá Búðum og þeirra bræðra.

Ingibjörg Briem, kona Eggerts sýslumanns Briems, andaðist í Reykjavík 15. sept., 63 ára (f. 16. sept. 1827). Hún var dóttir Eiríks sýslumanns Sverrissonar. Þeim hjónum varð 19 barna auðið og lifa 11 þeirra.

Elín Þorleifsdóttir (frá Háeyri), kona síra Jóhanns Þorsteinssonar í Stafholti, andaðist í Rvík 24. sept., 24 ára.

Ólöf Margrjet Blöndal, kona Benidikts Blöndals í Hvammi í Vatnsdal, andaðist 3. okt. (f. 1830). Faðir hennar var Sigvaldi prestur Snæbjörnsson í Grímstungum, Halldórssonar biskups Bynjólfssonar; hún var hin mesta rausnarkona.

Margrjet Jónsdóttir í Arnarnesi við Eyjafjörð andaðist 12. okt. 69 ára. Hún var dóttir Jóns bónda Jónssonar og Kristínar Þorleifsdóttur á Siglunesi og gipt Antoni bónda Sigurðssyni í Arnarnesi, dugnaðarkona og skörungur mikill.

Sigríður Jóhannesdóttir, kona Árna hjeraðslæknis Jónssonar, í Glæsibæ í Skagafirði, andaðist 26. okt. (f. 23. jan. 1851).

Hún var dóttir Jóhannesar bónda Jónssonar og Þorgerðar Kristjánsdóttur á Hranastöðum í Eyjafirði, »vönduð kona og vel að sjer«.

Kristín Ólafsdóttir, er fyrst giptist síra Stefáni Stefánssyni að Felli í Mýrdal (d. 1847) og síðar Ófeigi hreppstjóra Vigfússyni að Fjalli á Skeiðum (d. 1858), andaðist að Arnarbæli í Grímsnesi 18. nóv. (f. að Brekkum í Mýrdal 1800). Foreldrar hennar voru síra Ólafur Árnason, bróðir Páls Árnasonar, orðbókahöfundar, og Valgerður Þórðardóttir.

Kristjana Jónassen, ekkja Jónasar kaupmanns Jónassens í Rvík, andaðist 22. nóv. (f. 6. maí 1828), dóttir Jóhannesar Zoëga og alsystir Geirs kaupm. Zoëga og þeirra systkina, mesta sómakona og kvenskörungur.

Sigríður Ingimundardóttir, ekkja síra Ólafs Pálssonar í Otrardal, andaðist í Saurbæ á Rauðasandi 17. des., 83 ára.

Frá Íslendingum í Vesturheimi.

Fólksflutningar hjeðan af landi urðu stórum mun minni nú en mörg ár undanfarin. Eptir því sem útflutningsstjórar hafa frá skýrt, munu tæp 200 manns hafa farið vestur til þess að setjast þar að. Meðal þeirra, er fóru, voru Hermann stúdent Hjálmarsson frá Húsavík með konu og börnum, alþingismaður Jón Ólafsson og Gestur Pálsson. Fór Jón Ólafsson vestur að undirlagi útgefenda Lögbergs og tók þar þegar við ritstjórn þess blaðs með Einari Hjörleifssyni, en Gestur Pálsson var kvaddur til þess að takast á hendur ritstjórn Heimskringlu með Eggert Jóhannssyni. Aptur á móti komu hingað alfarnir þaðan um 20 manns; einn meðal þeirra var Gísli Jónasson, bóndi á Svínárnesi í Höfðahverfi; hafði hann farið þangað í þeim vændum að setjast þar að, en leizt ekki á blikuna, er þangað var komið, og hvarf því heim aptur; hann sagði að vísu kost og löst á landinu, en löndum þar vestra bar hann eigi svo vel sögunna sem þeir þóttust eiga skilið og kvað hag þeirra

að öllu samtöldu fremur bágborinn og latti menn mjög að fara þangað; ágrip af skýrslu hans var prentað í Ísafold, en blöðin vestra, einkum Lögberg, báru það allt til baka, er hann hafði sagt, og lofuðu vistina þar í landi á hvert reipi svo sem þeim er títt.

Tíðarfarið varð bændum víða hvar næsta hvimleitt, kuldar miklir og þurrviðri fram eptir öllu vori, batnaði þó vel og sýndist svo sem uppskera mundi verða í góðu lagi og grasspretta mikil, en er á leið sumarið, komu óþerrar svo miklir með frostum, að hveiti skemmdist víða, einkum í Dakota, og og varð því uppskera langt um rýrari og sumstaðar því nær engin og afurðir allar ljelegri en við mátti búast í fyrstu. Að öðru leyti sýnist svo sem hagur landa þar í mörgum byggðarlögum sje í góðu lagi, en löndin eru næsta misjöfn að gæðum og misfelli eru þar eigi ótíðari eða minni en annars staðar; en svo er að sjá sem landar þar samir sjeu ærið lausir við jarðir sínar, dveljast eigi nema fá ár í suma stað og fara iðulega búferlum úr einni sveit í aðra.

Tveir Íslendingar náðu kosningu á fylkisþingið í Dakota, Skapti Brynjólfsson, úr Húnavatnssýslu, og Árni Þorláksson, frá Fornhaga; eru þeir fyrstir Íslendinga þar í landi, er til þess vegs hafa komizt; situr sá, er fyr var nefndur, í efri málstofunni, en hinn í hinni neðri.

Hið 6. ársþing hins evangeliska, lúterska kirkjufjelags var haldið í Lundi við Íslendingafljót í Nýja-Íslandi 27. júní—3. júlí. Að eins einn söfnuður, Fljótshlíðarsöfnuður í Nýja-Íslandi, hafði gengið í kirkjufjelagið síðan á síðasta ársþingi og engir nýir söfnuðir myndazt þar vestra á þessu ári. En í söfnuðum kirkjufjelagsins voru þá alls 5224 manns og er þar við er bætt ýmsum öðrum söfnuðum, sem ekki eru í kirkjufjelaginu, má óhætt telja, að 6000 Íslendingar þar í landi hafi 1890 notið reglulegrar prestþjónustu af íslenzkum prestum og í íslenzkum safnaðafjelögum; verður það þá nær helmingur Íslendinga þar vestra, sem annaðhvort hafa snúizt til annarar trúar eða engrar prestþjónustu notið. Nefnd sú, sem sett hafði verið til að íhuga skólamálið, lagði það til að reynt væri að koma á lítilsháttar kennslu í bráðina, ráðast að svo komnu eigi í meiri kostnað,

en sýnilegt væri, að kirkjufjelagið gæti klofið, og var sampykkt að byrja skólann um haustið með tímakennslu í nokkrum námsgreinum, ef um 10 nemendur gæfu sig fram fyrir þann tíma. Af ýmsum orsökum varð þó ekki neitt af kennslu þar að sinni, en samskotum til þessarar stofnunar, er heita skal «Lutheran Academy», er haldið áfram engu að síður. Á þessu þingi var og Runólfi nokkrum Runólfssyni, frá Vestmannaeyjum, falið á hendur kristniboð meðal Íslendinga í Spanish Fork í Utah og veitt leyfi til að fremja þar öll venjuleg prestsverk að lúterskum sið, því að Íslendingar þeir, er þar eru og flestir eru mormónatrúar, höfðu látið í veðri vaka, að þeir vildu nú fúsir kasta þeirri trú og hverfa aptur til sinnar fyrri trúar. Að öðru leyti hefir hin lúterska kirkja átt í nokkurri vök að verjast meðal Íslendinga vestra, þar sem mjög margir hafa algerlega gerzt henni fráhverfir og gengið í lið með öðrum trúarbragðaflokkum, svo sem presbyteriönum og únitörum. Jónas Jóhannsson var um sumarið vígður til þess að vera prestur íslenzkra presbyteriana í Winnipeg og eptir það skyldu þeir fjelagsskapinn bræðurnir, hann og Lárus; þeir höfðu áður í sameiningu gefið út sálmabók. En af annari hálfu flutti Björn Pjetursson, erindreki únitara, trúboð sitt af meira kappi en áður og gaf nú út ýmsa smáritlinga þess efnis, alla þýdda. Undir áramótin var enda eigi laust við, að rígur nokkur kæmi upp meðal ýmsra hinna helztu forkólfa fyrir velferðarmálum Íslenginga þar vestra og munu misjafnar skoðanir í trúarbragðaefnum hafa þar mestu um valdið.

Þess má hjer maklega vera getið löndum vorum hinu megin hafsins til lofs, að þeir hjeldu einskonar þjóðhátíð 2. ágúst, sama dag sem þjóðhátíðardaginn íslenzka, að dæmi margra annara þjóða, er einhvers hafa að minnast. Samkoman var haldin í skemmtigarði einum stórum í Winnipeg og gengu Íslendingar þangað í skrúðgöngu, alls um 1500 manns, og báru merki fyrir sjer; höfðu Íslendingar þar gert sjer nýtt merki, þjóðareinkunn, til hátíðarinnar: hvíta stjörnu fimmblaðaða í heiðbláum feldi (blástjarnan, sem kölluð er, á blárri himinhvelf-

ingunni) og hvítan kross í rauðum feldi í efra horninu við stöngina (danska merkið). Á samkomustaðnum voru ræður fluttar og kvæði sungin og þótti öll hátíðin hafa farið mjög vel fram, en vegur Íslendinga þar um slóðir vaxið í augum annara þjóða, er þar búa.

Efnisskrá.

	Bls.
Löggjöf og landsstjórn	2
Samgöngumál	9
Kirkjumál	10
Árferð	12
Atvinnuvegir	14
Menntun og menning	17
Minningarhátíð um 1000 ára bygging Eyjafjarðar	21
Fólgið fje	25
Slysfarir	25
Heilsufar og mannalát	27
Frá Íslendingum í Vesturheimi	35